

Ársskýrsla 2014

Ársskýrsla 2014



Persónuvernd

Umbrot: Persónuvernd

ISSN 1670-378

Formáli forstjóra



Á undanförunum árum hefur flæði upplýsinga stóraukist hér á landi sem og annars staðar í heiminum. Óumdeilt er að slíkri aukningu upplýsinga fylgja sívaxandi ógnir við persónuupplýsingar og verndun þeirra. Allt undirstrikar þetta mikilvægi þess að starfsemi Persónuverndar verði í takt við þróunina sem á sér stað hér á landi sem og erlendis. Persónuvernd hefur leitast við að vera forystuaðili í þessum málaflokki og byggja upp skýra ímynd í samfélaginu en naumar fjárheimildir setja stofnuninni miklar skorður. Ljóst er að á tímum alþjóðavæðingar persónuupplýsinga þarf að stórauka það frumkvæði og svigrúm sem stofnunin hefur til þess að fræða, kenna, miðla og mennta ólíka aðila hvað varðar hlutverk þeirra og meðferð upplýsinga.

Persónuvernd hefur gengið í gegnum miklar þrengingar á síðustu árum og í dag hefur stofnunin hvorki mannskap né fjármuni til þess að sinna öllum þeim lögbundnu verkefnum sem henni eru falin, en þess má geta að 89 lagabálkar kveða á um lögbundin verkefni stofnunarinnar auk laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000. Þá er endurskoðun Evrópulöggjafarinnar um persónuvernd rétt handan við hornið og er það vöktun og verkefni sem stofnunin þarf að sinna. Hvernig það verkefni þróast liggur ekki fyrir á þessum tímapunkti, en eins og tillögurnar liggja fyrir í dag er ljóst að verið er að leggja mun meiri skyldur á persónuverndarstofnanir og getur Persónuvernd ekki vikið sér undan því að sinna þeim auknu skyldum.

Samkvæmt greiningu á mannaflaþörf stofnunarinnar, sem gerð var árið 2013, má áætla að 13 stöðugildi séu henni nauðsynleg, þar af 9 störf sérfræðinga, þ.e.a.s. ef stofnunin á að geta sinnt flestum lögboðnum verkefnum sínum. Virk stöðugildi á árinu 2014 voru hins vegar einungis 5,9, þar af 4 störf sérfræðinga. Þá fer málafjöldi stofnunarinnar ört vaxandi og fjölgaði nýskráðum málum um 8,5% á milli árána 2013 og 2014. Málafjöldi hefur nærri þrefaldast frá árinu 2002, en starfsmannafjöldi í dag er svipaður og það ár. Afar brýnt er að stofnuninni séu sköpuð skilyrði til þess að sinna þeim verkefnum sem löggjafinn hefur falið henni. Verður það ekki gert nema með auknum fjárheimildum, að öðrum kosti er einsýnt að persónuvernd á Íslandi mun ekki geta tekist á við þá þróun sem nú er að eiga sér stað í heiminum.

Í mars 2015
Hjördís Stefánsdóttir

Efnisyfirlit

<i>Formáli forstjóra</i>	5
Efnisyfirlit	6
1. Almenn	10
1.1. Persónuvernd	10
1.2. Um stjórn og starfsfólk á árinu 2014	10
1.3. Um starfið árið 2014.....	10
1.4. Um fjárreiður 2014.....	12
1.5. Stjórnendavottun úttekta á upplýsingaöryggiskerfum	13
2. Hlutverk Persónuverndar	14
2.1. Um ýmis verkefni Persónuverndar	14
2.2. Um leyfisveitingar og tilkynningar.....	14
2.3. Um úttektir	15
3. Nánari umfjöllun um ýmis mál	16
3.1. Veitt leyfi 2014	16
3.1.1. Starfsleyfi Creditinfo Lánstrausts hf.	16
3.1.1.1.....	16
3.1.2. Leyfi vegna vísindarannsókna á heilbrigðissviði.....	16
3.1.3. Önnur leyfi vegna rannsóknarverkefna.....	27
3.2. Nánar um ýmis mál.....	28
3.2.1. Krafa félagsmálanefndar um þvagsýni í tilefni af ósk um fjárhagsaðstoð – mál nr. 2013/1131	28
3.2.2. Rafræn vöktun Isavia ohf. á Keflavíkurflugvelli – mál nr. 2013/670	32
3.2.3. Ósannað að leynileg, rafræn vöktun hafi farið fram – mál nr. 2013/662	41
3.2.4. Ekki unnt að leysa úr ágreiningi um töku ljósmynda – mál nr. 2013/666.....	43
3.2.5. Uppflettingar læknis í sjúkraskrá fyrrum sjúklings – mál nr. 2013/1085	45
3.2.6. Beiðni um endurupptöku máls nr. 2012/1091 – mál nr. 2013/1397	49
3.2.7. Varðveisla Landsbankans hf. á upplýsingum um afskriftir – mál nr. 2013/413	51
3.2.8. Birting upplýsinga í fasteignaskrá um kaupmála – mál 2013/407.....	55
3.2.9. Vinnsla upplýsinga um starfsumsækjendur hjá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins – mál nr. 2013/1014	57
3.2.10. Persónuleikapróf sem hluti af framhaldsskólaskírteini – mál nr. 2013/1192	60
3.2.11. Lending.is, innsláttur nafna á undirskriftalista á Netinu – mál nr. 3.2.11	63
3.2.12. Dagbók skólastjóra – mál nr. 2013/626	65
3.2.13. Afhending kjörskrárstofna til stjórn málaflokka – mál nr. 2013/828.....	71

3.2.14 Miðlun sálfræðings á upplýsingum til lögreglu um meint kynferðisbrot gegn börnum – mál nr. 2013/1225	75
3.2.15. Úrskurður um miðlun netfangalista frá Hópkaupum – mál nr. 2013/1111	80
3.2.16. Umfjöllun heilbrigðisstarfsmanns um sjúkling í blaðagrein – mál nr. 2013/1262	82
3.2.17. Krafa um endurupptöku í máli um persónuleikapróf sem hluta af framhaldsskólapróf-skrírteini – mál nr. 2013/1192	87
3.2.18. Bréf Persónuverndar til Íslenskrar erfðagreiningar af tilefni söfnunar lífsýna vegna erfðarannsóknna – mál nr. 2014/768.....	91
3.2.19. Bein markaðssetning frá Skjánum og miðlun persónuupplýsinga – mál nr. 2013/1216 ..	92
3.2.20. Varðveisla persónuupplýsinga, þ.m.t. sms-skeyta, á Mínum síðum hjá Fjarskiptum hf. – mál nr. 2013/1509, 1510 og 1607 og 2014/373,376,377 og 378.....	98
3.2.21. Birting úrskurða Innanríkisráðuneytis varðandi réttarstöðu samkvæmt útlendingalögum nr. 96/2002 – mál nr. 2014/432	102
3.2.22. Aðild Öldrunarheimila Akureyrar að sameiginlegu sjúkraskrárkerfi fyrir heilbrigðisstofnanir á Norðurlandi – mál nr. 2014/575.....	104
3.2.23. Beiðni um lífsýni úr látnum manni – mál nr. 2014/398.....	105
3.2.24. Beiðni um að mál verði tekið upp að nýju hafnað – mál 2014/952	106
3.2.25. Miðlun Landspítala til landlæknis vegna rannsóknar á læknamistöfum – mál nr. 2014/564	110
3.2.25. Beiðni um aðgang að upplýsingum hjá skiptinemasamtökum – mál nr. 2014/656.....	114
3.2.26. Miðlun persónuupplýsinga úr eineltisskýrslu – mál nr. 2014/511.....	118
3.2.27. Notkun áhættumats hjá banka – mál nr. 2014/888.....	121
3.2.28. Birting kjörskrár vegna prestskosninga – mál nr. 2014/1120	125
3.2.29. Vinnsla persónuupplýsinga hjá Tryggingastofnun í tilefni af gerð örorkumats – mál nr. 2014/307	126
3.2.30. Heimild til miðlunar upplýsinga frá Landspítala til Leitarstöðvarinnar – mál nr. 2014/1249	129
3.2.31. Vinnsla Landsbankans á upplýsingum frá Spkef sparisjóði – mál nr. 2014/283.....	132
3.2.32. Óskað skýringa vegna sendingar á greinargerð um málefni hælisleitanda – mál nr. 2013/1625	137
3.2.33. Gagnaafhending til barnaverndarnefndar - mál nr. 2014/756.....	138
3.2.34. Beiðni leigusala um persónuupplýsingar – mál nr. 2014/1134	141
3.2.35. Miðlun upplýsinga um fyrndar kröfur – mál nr. 2014/753	143
3.2.36. Krafa Blands ehf. um reikningsnúmer – mál nr. 2014/471	145
3.2.37. Upplýsingar í rannsóknarskýrslu fyrir tryggingafélag – mál nr. 2014/472	148
3.2.38. Afskiptum af máli vegna vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsókna Íslenskrar erfðagreiningar lokið þar sem fyrir liggur fyrri ákvörðun – mál nr. 2014/60	152

3.2.39. Lífsýnasöfnun Íslenskrar erfðagreiningar ehf. – mál 2014/796.....	153
3.2.40. Lífsýnasöfnun Íslenskrar erfðagreiningar ehf. – mál 2014/882.....	157
3.2.41. Lífsýnasöfnun Íslenskrar erfðagreiningar ehf. – mál 2014/992.....	160
3.2.42. Varðveisla upplýsinga hjá Vodafone – mál nr. 2014/374 og 375.....	166
3.2.43. Listi yfir meðmælendur framboða til sveitarstjórnarkosninga – mál nr. 2014/898.....	171
3.2.44. Listi yfir meðmælendur framboða til sveitarstjórnarkosninga – mál nr. 2014/ 911.....	177
3.2.45. Ljósmyndir á vefsíðu verði fjarlægðar	182
3.2.46. Viðbótarumsögn um frumvarp til laga um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði – mál nr. 2013/1421	183
3.2.47. Umsögn um frumvarp til laga um opinber skjalasöfn – mál nr. 2014/163	185
3.2.48. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á meðal annars lögum um siglingavernd, loftferðalögum og lögreglulögum (ákvæði um bakgrunnsathuganir) – mál nr. 2014/261	189
3.2.49. Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögreglulögum – mál nr. 2014/106	193
3.2.50. Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 96/2002, um útlendinga – mál nr. 2014/108.....	194
4. Erlent samstarf	198
4.1. Samstarf norrænna persónuverndarstofnana	198
4.2. Samstarf evrópskra persónuverndarstofnana.....	198
4.3. Alþjóðlegt samstarf	199
4.4. Starf vinnuhóps samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/E.....	199
5. Ýmislegt fréttæmt.....	200
5.1. Evrópudómstóllinn staðfestir rétt manna „til að gleymast“	200
5.2. Leiðbeiningar um notkun tölvuskýja hjá hinu opinbera.....	200
5.3. Hvernig komið er í veg fyrir að Facebook deili upplýsingum um sögu netvafurs í auglýsingaskyni - leiðbeiningar.....	200
5.4. Myndbirtingar úr eftirlitsmyndavélum.....	201
5.5. Innleiðing staðla hjá Evrópuráðinu vegna dróna.....	201
5.6. Notkun dróna og persónuvernd	202
6. Lög og reglur.....	204
6.1. Lög nr. 77/2000	204
6.2. Breyting á reglum um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga.....	219
6.3. Breyting á reglum um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem til verða við rafræna vöktun.....	223



Persónuvernd

1. Almennt

1.1. Persónuvernd

Persónuvernd er opinber stofnun sem annast eftirlit með framkvæmd laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og reglna sem settar hafa verið samkvæmt þeim. Markmið laganna er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

1.2. Um stjórn og starfsfólk á árinu 2014

Formaður stjórnar var Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands. Auk hennar sátu í stjórn stofnunarinnar: Haraldur Briem, sóttvarnalæknir, Aðalsteinn E. Jónasson, hæstaréttarlögmaður og dósent, Ólafur Garðarsson, hæstaréttarlögmaður og Sigrún Gunnarsdóttir formaður Skýrslutæknifélagsins. Varamenn voru Kristín Edwald, hæstaréttarlögmaður, Tryggvi Viggósson, héraðsdómslögmaður, Vilhelmina Haraldsdóttir, læknir, Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari og Þorvarður Kári Ólafsson, gæða- og öryggisstjóri frá Skýrslutæknifélagi Íslands.

Skipaður forstjóri stofnunarinnar var Sigrún Jóhannesdóttir, (í leyfi frá 1. apríl 2013). Hörður Helgi Helgason, var settur forstjóri til 1. apríl 2014 og lét þá af störfum.


Innanríkisráðherra setti Hjördís Stefánsdóttur forstjóra til eins árs frá 1. apríl 2014. Skrifstofustjóri var Kolbrún B. Bjarnadóttir.

Starfandi lögfræðingar voru Alma Tryggvadóttir, Helga Grethe Kjartansdóttir (í leyfi frá apríl), Vigdís Eva Línal (kom úr leyfi í ágúst), Teitur Skúlason, og Þórður Sveinsson. Þorsteinn Arnalds var ráðinn í starf sérfræðings í upplýsingaöryggi í maímánuði. Ragna Sigrún Kristjónsdóttir, laganemi var ráðinn til sumarafleysinga, en hún starfaði jafnframt í skertu starfshlutfalli til áramóta.

1.3. Um starfið árið 2014

Skýrsla þessi, sem birt er samkvæmt 7. tölulið. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000, er fjórtánda ársskýrsla Persónuverndar.


Árið 2014 var ekki frábrugðið fyrri árum að því er varðaði innsend erindi en stöðug aukning hefur verið síðust ár. Aukning nýskráðra mála á árinu 2014 var 8,5% frá árinu áður. Ný skráð mál á árinu 2014 voru samtals 1.778 en á árinu voru einnig til afgreiðslu 230 óafgreidd erindi frá fyrra ári. Alls hafði stofnunin því til meðferðar 2.008 mál. Við árslok höfðu 1.801 mál verið afgreidd.



Á árinu 2014 bárust Persónuvernd 613 tilkynningar um vinnslu persónuupplýsinga. Eru þær allar birtar á heimasíðu stofnunarinnar. Eftirfarandi tafla sýnir tegundir nýskráðra mála 2014 og fjölda þeirra:

Tegundir	Fjöldi
Erlent samstarf	92
Frumkvæðismál	15
Fyrirspurnir/umsagnir/álit	573
Innri mál	30
Kvartanir/kærur/úrskurðir	87
Kynningar/námskeið/fyrirlestrar	30
Leyfisumsóknir	121
Mál vegna tilkynninga	613
Smíði stjórnvaldsreglna	56
Úttektarmál	2
Veitt leyfi	139
Annað	20
Samtals	1778

Tegundir mála árið 2014



1.4. Um fjárreiður 2014

Fjárveitingar á fjárlögum til Persónuverndar námu samtals 89,7 millj. kr. Rekstrarafgangur frá árinu 2013 var rúmar 1,2 millj. kr. Sértekjur ársins námu tæpum 10 millj.kr., sem komu til vegna vistaskiptasamninga við forsætisráðuneyti um forstjóra stofnunarinnar. Gjöld stofnunarinnar námu 96,7 millj.kr. Rekstrarafgangur í lok árs var 4,6 millj. kr.

Rekstrarreikningur ársins 2014

Helstu stærðir ársreikningsins eru þessar:

	<u>2014</u>	<u>2013</u>	<u>Fjárheimild</u>
Rekstrarreikningur			
Tekjur samtals.....	10.383.204	15.826.238	3.000.000
Gjöld samtals.....	96.690.701	74.567.580	92.700.000
Framlag úr ríkissjóði.....	89.700.000	66.600.000	89.700.000
Hagnaður/tap ársins.....	3.392.503	7.858.658	0
Efnahagsreikningur			
Eignir samtals.....	9.696.631	1.419.718	
Skuldir samtals.....	5.074.313	189.903	
Höfuðstóll í árslok.....	4.622.318	1.229.815	
Greiðslustaða við ríkissjóð.....	9.696.631	1.419.718	

1.5. Stjórnendavottun úttekta á upplýsingaöryggiskerfum

Eitt af hlutverkum Persónuverndar er að gera úttektir á öryggi persónuupplýsinga hjá þeim sem vinna með slíkar upplýsingar. Til þess að vera betur í stakk búin til að sinna þessu hlutverki sóttu fjórir starfsmenn á vegum stofnunarinnar námskeið til að fá vottun sem stjórnendur úttekta á upplýsingaöryggiskerfum sem byggð eru upp samkvæmt ÍST/ISO 27001:2013. Vottunin, sem starfsmennirnir fengu, er viðurkennt af IRCA sem er alþjóðaskrá viðurkenndra úttektaraðila.

2. Hlutverk Persónuverndar

2.1. Um ýmis verkefni Persónuverndar

Helstu verkefni Persónuverndar eru að afgreiða leyfisumsóknir, taka við tilkynningum og gefa fyrirmæli varðandi tækni, öryggi og skipulag vinnslu persónuupplýsinga. Enn fremur er Persónuvernd ætlað að hafa eftirlit með því að farið sé að lögum og öðrum reglum um vinnslu persónuupplýsinga, fylgjast með þróun á sviði persónuupplýsingaverndar, jafnt á erlendum vettvangi sem innlendum, aðstoða við gerð starfs- og siðareglna og leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar og þróa kerfi fyrir slíka vinnslu.

Persónuvernd úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp koma um vinnslu persónuupplýsinga. Hún getur fjallað um einstök mál að eigin frumkvæði eða samkvæmt erindi þess sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar um hann í samræmi við lög nr. 77/2000, reglur settar samkvæmt þeim eða einstök fyrirmæli. Persónuvernd getur tjáð sig um álitamál varðandi meðferð persónuupplýsinga og veitt umsagnir við setningu laga og reglna er þýðingu hafa fyrir einkalífsrétt manna. Ef kostnaður hlýst af eftirliti Persónuverndar með því að ábyrgðaraðili uppfylli skilyrði laga nr. 77/2000 og reglna sem settar eru samkvæmt þeim, eða ef kostnaður hlýst af úttekt á öryggi vinnslu persónuupplýsinga, getur Persónuvernd ákveðið að ábyrgðaraðili greiði þann kostnað.

Persónuvernd hefur í eftirlitsstörfum sínum án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram eða gögn eru varðveitt. Hún getur óskað liðveislu lögreglu ef einhver leitast við að hindra hana í eftirlitsstörfum sínum. Stofnunin getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, að persónuupplýsingar verði afmáðar eða skráðar eytt, í heild eða að hluta, bannað frekari notkun upplýsinga eða lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar.

Ef fram fer vinnsla persónuupplýsinga, sem brýtur í bága við ákvæði laganna eða reglna settra samkvæmt þeim, getur Persónuvernd falið lögreglustjóra að stöðva til bráðabirgða starfsemi viðkomandi aðila og innsigla starfsstöð hans þegar í stað.

Persónuvernd getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, bann við notkun þeirra, eyðingu þeirra og ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslu þeirra. Hún getur ákveðið að leggja dagsektir á þann sem ekki sinnir fyrirmælum hennar.

Brot á ákvæðum laga nr. 77/2000 og reglugerða settra samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Sama refsing liggur við ef ekki er farið að fyrirmælum Persónuverndar. Ef brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðilanum fésekt samkvæmt II. kafla A almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Persónuvernd hefur skrifstofu að Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík. Símanúmer er: 510-9600. Faxnúmer er: 510-9606. Netfang er: postur@personuvernd.is.

Á heimasíðu stofnunarinnar, www.personuvernd.is, er m.a. að finna lög nr. 77/2000, upplýsingar um Persónuvernd, tilkynningareyðublað sem senda má beint af heimasíðunni, reglur sem stofnunin hefur sett, auk ýmislegs er lýtur að starfsemi hennar.

2.2. Um leyfisveitingar og tilkynningar.

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að styðjast við einhverja þeirra heimilda sem taldar eru upp í 8. gr. laga nr. 77/2000, sem og 9. gr. laganna sé unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar.

Meðal þessara heimilda má nefna að hinn skráði hafi sjálfur samþykkt vinnsluna eða að sérstök lagaheimild sé fyrir vinnslunni. Ekki er gert ráð fyrir að Persónuvernd meti vinnslu í hverju, einstöku tilviki til þess að skera úr um hvort heimildir séu fyrir henni. Slíkt mat liggur alla jafna hjá ábyrgðaraðilum upplýsinganna en rísi ágreiningur milli aðila um vinnsluna verður sá ágreiningur borinn undir Persónuvernd.

Á ábyrgðaraðila hvílir skylda til að tilkynna Persónuvernd um vinnslu persónuupplýsinga. Tilkynningar eru flestar sendar rafrænt beint af heimasíðu Persónuverndar, www.personuvernd.is. Þær vistast sjálfkrafa í opinberri skrá á vefsíðunni sem almenningur getur skoðað og leitað í.

Feli vinnsla í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi manna getur Persónuvernd ákveðið að hún skuli vera leyfisskyld, sbr. 33. gr. laga nr. 77/2000. Það hefur hún gert með setningu reglna. Núgildandi reglur um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga eru nr. 712/2008. Í 4. gr. reglnanna eru tæmandi taldar þær tegundir vinnslu sem eru leyfisskyldar samkvæmt ákvæðinu. Þá getur vinnsla verið háð leyfi sé mælt fyrir um það í öðrum lögum, sbr. til dæmis ákvæði í lífsýnalögum nr. 110/2000 og lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997.

Umsókn um leyfi Persónuverndar þarf að vera rökstudd. Í henni skal m.a. tilgreina hvernig öryggi persónuupplýsinganna verði tryggt. Þá skal rökstyðja sérstaklega hvers vegna nauðsynlegt sé að vinna með upplýsingarnar á persónugreinanlegu formi. Umsókn má skila á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem finna má á vefsíðu stofnunarinnar, www.personuvernd.is.

Við afgreiðslu umsókna um aðgang að sjúkraskráum vegna aftursýnna vísindarannsókna fer Persónuvernd að verklagsreglum nr. 340/2003.

2.3. Um úttektir

Samkvæmt 2. tl. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 er það eitt af hlutverkum Persónuverndar að hafa eftirlit með því að aðilar, sem bera ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga, fari að lögum og öðrum reglum sem um vinnsluna gilda og tryggja eiga að fyllsta öryggis sé gætt.

Til að Persónuvernd geti rækt það eftirlitshlutverk, sem á stofnuninni hvílir lögum samkvæmt, getur verið nauðsynlegt að gera úttekt á fyrirkomulagi öryggismála hjá ábyrgðaraðilum persónuupplýsinga. Ákvörðun um úttekt þarf þó ekki að fela í sér að Persónuvernd telji að öryggiskerfi viðkomandi ábyrgðaraðila sé að einhverju leyti ábótavant. Gert er ráð fyrir að úttektir af þessu tagi fari fram í góðri samvinnu Persónuverndar og ábyrgðaraðila. Markmiðið er að sannreyna að öryggiskerfi ábyrgðaraðila sé í samræmi við þær öryggiskröfur sem Persónuvernd gerir til vinnslu viðkomandi persónuupplýsinga.

Úttektir eru oftast framkvæmdar í tveimur áföngum. Fyrri hlutinn felst í því að kalla eftir og yfirfara skrifleg gögn frá ábyrgðaraðila, sbr. 11. gr. fyrrgreindra laga. Seinni hlutinn er skoðun á þeim stað eða stöðum þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram á vegum ábyrgðaraðila. Það er gert í þeim tilgangi að bera fyrirkomulag og ástand öryggiskerfis saman við framlögð gögn ábyrgðaraðila þar að lútandi. Persónuvernd lýkur svo úttektinni með ákvörðun um hvort öryggiskerfið standist þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglum um öryggi persónuupplýsinga og gefur ábyrgðaraðila fyrirmæli um úrbætur ef ástæða þykir til.

Við úttektir hefur Persónuvernd fyrst og fremst beint sjónum sínum að þeim sem vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar. Vinnsla slíkra upplýsinga er oft á tíðum ekki nema hluti af starfsemi ábyrgðaraðila og getur því úttekt Persónuverndar oft takmarkast við afmarkaðan þátt starfseminnar. Í þeim tilgangi að öðlast raunhæfan samanburð milli ábyrgðaraðila og til að gæta jafnræðis framkvæmir Persónuvernd yfirleitt úttektir hjá þremur til fimm aðilum í sambærilegri starfsemi. Jafnan er reynt að velja umsvifamestu ábyrgðaraðilana í greininni þannig að ætla megi að úttektin spanni stóran hluta af þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á ákveðnu sviði.

3. Nánari umfjöllun um ýmis mál

Hér að neðan er gerð grein fyrir ýmsum málum sem Persónuvernd fjallaði um á árinu 2014. Fyrst er gerð grein fyrir starfsleyfum samkvæmt 45. gr. laganna, en síðan er gerð grein fyrir leyfum vegna ýmissa vísindarannsókna.

3.1. Veitt leyfi 2014

3.1.1. Starfsleyfi Creditinfo Lánstrausts hf.

Persónuvernd gaf út ný starfsleyfi handa Creditinfo Lánstrausti hf., annars vegar til vinnslu fjárhagsupplýsinga um einstaklinga og hins vegar til vinnslu fjárhagsupplýsinga um lögaðila. Starfsleyfi til vinnslu fjárhagsupplýsinga um einstaklinga gildir út árið 2015 en starfsleyfi vegna lögaðila gildir til loka árs 2016.

3.1.1.1. Starfsleyfi fyrir einstaklinga.

Persónuvernd veitti Creditinfo Lánstrausti hf. þann 29. desember 2014 nýtt starfsleyfi til vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga. Gerð var tiltekin breyting frá fyrra leyfi, þ.e. á a-lið 1. mgr. greinar 2.8. Grundvallaðist sú breyting á ósk Creditinfo Lánstrausts hf. sem fram kom í bréfi fyrirtækisins til Persónuverndar, dags. 12. desember 2014, en fallist var á þann rökstuðning sem þar kom fram. Í þessu fólst nánar tiltekið að orðunum „lánaviðskipta- eða greiðslukortþjónustu“ var breytt í „lána- og reikningsviðskipta“.

3.1.1.2. Starfsleyfi til vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust lögaðila í því skyni að miðla þeim til annarra

Samkvæmt 2. mgr. 45. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga þarf leyfi Persónuverndar til söfnunar og skráningar upplýsinga, sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust fyrirtækja, svo og annarra lögaðila, í því skyni að miðla til annarra upplýsingum um það efni. Með stöð í ákvæðinu hefur verið sett reglugerð nr. 246/2001 um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust sem hefur að geyma nánari reglur um það hvernig slíkri upplýsingavinnslu skuli hagað.

Fyrir lá beiðni Creditinfo Lánstrausts hf. frá 4. desember 2014 um endurnýjun starfsleyfis samkvæmt framangreindum ákvæðum til vinnslu fjárhagsupplýsinga um lögaðila, enum þá vinnslu gildi leyfi, dags. 20. desember 2012 (mál nr. 2012/1321).

Ákvað Persónuvernd að veita Creditinfo-Lánstrausti hf. nýtt starfsleyfi til söfnunar og skráningar upplýsinga, sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust fyrirtækja, svo og annarra lögaðila, í því skyni að miðla til annarra upplýsingum um það efni. Leyfið, sem gildir til 19. desember 2016, er bundið því skilyrði að við meðferð upplýsinganna sé í einu og öllu farið að ákvæðum reglugerðar nr. 246/2001.

3.1.2. Leyfi vegna vísindarannsókna á heilbrigðissviði

Veitt voru eftirtalin leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við gerð ýmissa vísindarannsókna á heilbrigðissviði. Leyfin eru birt í þeirri röð sem þau voru gefin út í.

2012/1242 - Rósu Björk Barkadóttur var veitt leyfi til aðgangs að lífsýnum frá lífsýnasafni Hjartaverndar, í þágu rannsóknarinnar „Leit að erfðavísimum tengdum brjóstakrabbameini“.

2012/1499 – Embætti landlæknis var veitt leyfi til vinnslu upplýsinga úr fæðingarskrá og

lyfjagagnagrunni landlæknis, samkeyrslu og miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga. Þá var Unni Önnu Valdimarsdóttur, prófessor og forstöðumanni Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands, og Védísi Helgu Eiríksdóttur, doktorsnema í lýðheilsuvísindum, veitt leyfi til vinnslu viðkvæmra upplýsinga vegna rannsóknarinnar „Áhrif íslenska efnahagshrunsins á heilsu barnshafandi kvenna og fæðingarútkomur“.

2013/684 – Landlækni var veitt leyfi til miðlunar upplýsinga úr lyfjagagnagrunni til Íslenskrar erfðagreiningar ehf. (ÍE). Þá var ÍE veitt leyfi til aðgangs að upplýsingum úr lyfjagagnagrunni. Var leyfið veitt í þágu „Rannsóknar á erfðum fullorðinssykursýki“.

2013/900 – Rósu Björk Barkardóttur var veitt leyfi til flutnings lífsýna til Englands vegna rannsóknarinnar „Leit að fleiri erfðavísimum tengdum brjóstakrabbameini“.

2013/987 – Einari Stefáni Björnssyni, yfirlækni á Landspítala og Sigríði Sigurgísladóttur, læknanema við HÍ, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskráum vegna rannsóknarinnar „Munur á áhættu við notkun bólgueyðandi gigtarlyfja og hjartamagnyls hjá mismunandi aldurshópum“.

2013/1017 - Þórdísi Katrínu Þorsteinsdóttur, verkefnastjóra og lektor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, Brynjólfi Mogensen, yfirlækni á bráðasviði Landspítala, Örnú Hauksdóttur, dósent við Miðstöð í lýðheilsuvísindum og Steinunni Önnu Eiríksdóttur, meistaranema í lýðheilsuvísindum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskráum Landspítala, dánarmeinaskrá landlæknis, gögnum Hagstofu Íslands og Ríkislögreglustjóra og til samkeyrslu viðkvæmra persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Faraldsfræði áverkadauða hjá börnum á Íslandi frá 1980-2010“.

2013/1040 - Laufeyju Tryggvadóttur, framkvæmdastjóra Krabbameinsskrár, var veitt leyfi til að samkeyra skrár sem hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar. í þágu rannsóknarinnar „Rannsókn á uppsöfnuðum áhrifum ofþyngdar á krabbameinsbyrði, byggð á ferilhóp Leitarstöðvar og Krabbameinsskrá, þar sem beitt er aldurs-tímabils-fæðingarhóps (age period cohort) nálgun - (Measuring the cumulative impact of excess weight on the burden of cancer with an age-period-cohort approach (using a Cancer Detection Clinic cohort and Cancer Registry of Iceland linkage)“.

2013/1082 - Laufeyju Tryggvadóttur, framkvæmdastjóra Krabbameinsskrár Íslands, Óskari Þóri Jóhannssyni, lækni á Landspítala, Helga Sigurðssyni, lækni á Landspítala, Jórinni Erlu Eyfjörð, prófessor hjá HÍ, Rósu Björk Barkardóttur, sameindalíffræðingi hjá Landspítala, Jóni Gunnlaugi Jónassyni, yfirlækni Krabbameinsskrár Íslands, Ólafi Andra Stefánssyni, nýdكتور við Háskóla Íslands, Þórarni Guðjónssyni, prófessor við Háskóla Íslands, og Bjarna A. Agnarssyni, meinafræðingi á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskráum, Krabbameinsskrá, lífsýnasöfnum og til samkeyrslu viðkvæmra persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Áhrif æxliseiginleika og meðferðar á horfur brjóstakrabbameinssjúklinga með BRCA2 stökkbreytingar“.

2013/1163 - Bárði Sigurgeirssyni, lækni á Húðlæknastöðinni, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskráum vegna rannsóknarinnar „Samanburður á sveppadrepani virkni 5% Loceryl lyfjalakks a neglur, þegar það er notað eitt og sér eða samhliða snyrtivörunaglalakki til meðferðar við naglasvepp fremst undir tánögglum“.

2013/1226 – Dagmar Kr. Hannesdóttur sálfræðingi, var veitt heimild til aðgangs að sjúkraskrá í þágu rannsóknarinnar „Tengsl milli svefnvanda og óvæðar á fyrstu æviárum við ADHD í bernsku“.

2013/1287 - Sigurði Guðmundssyni, smitsjúkdómalækni á Landspítala, Jóhönnu Hildi Jónsdóttur, deildarlækni á Landspítala og Helgu Erlendsdóttur, lífeindafræðingi, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskráum vegna rannsóknarinnar „Vertebral osteomyelitis á Íslandi 1984-2013“.

2013/1292 - Ástu Thoroddsen, prófessor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og hjúkrunarfræðingi á Landspítala, Aðalbjörgu Sigurjónsdóttur, nemandi í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands, og Láru Guðríði Guðgeirsdóttur, nemandi í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Verkir og húðvandamál hjá Íslendingum sem misstu fót/fætur á árunum 2000-2013“.

2013/1313 - Brynjólfur Mogensen, yfirlæknis á bráðadeild Landspítala, var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Sjúkraflug þyrlu Landhelgisgæslu Íslands 2001–2012“.

2013/1347 – Ástu Steinunni Thoroddsen, prófessor við hjúkrunarfræðideild HÍ, og Guðnýju Einarsdóttur, hjúkrunarfræðingi og meistaranema við HÍ, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Lýsandi rannsókn á algengi sára, sárameðferð og kostnaði sárameðferðar“.

2013/1365 - Sigurveigu Þ. Sigurðardóttur, lækni á Landspítala, og Michael Clausen, barnalækni á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „iFAAM EuroPrevall - eftirfylgnirannsóknin (Integrated Approaches to Food Allergen and Allergy Risk Management)“.

2013/1371 - Bergþóru Baldursdóttur, var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Jafnvægisstjórnun hjá einstaklingum sem hlotið hafa úlnliðsbrot í kjölfar byltu og áhrif skynþjálfunar“.

2013/1383 - Þórunni Kristínu Guðmundsdóttur, lyfjafræðingi á Landspítala, Karen Birnu Guðjónsdóttur, háskólanema í lyfjafræði við Háskóla Íslands og Önnu I. Gunnarsdóttur, lyfjafræðingi á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Ánægjukönnun meðal lækna með útskriftarferli aldraðra einstaklinga. Samantekt og samanburður á lyfjaávisanavillum við útskrift aldraðra einstaklinga af sjúkrahúsi með eða án sérstakrar lyfjaskýrslu“.

2013/1389 - Kristínu Huld Haraldsdóttur, skurðlækni á Landspítala, Mörtu Rós Berndsen, deildarlækni á Landspítala, Sigurði Blöndal, sérfræðilækni á Landspítala og Guðjóni Birgissyni, yfirlækni á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár, sem og aðgangs að Krabbameinsskrá, vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Árangur bris- og skeifugarnar brottnáms og hlutabrottnáms á brisi á LSH 2003-2012“.

2013/1392 - Ölmu D. Möller, yfirlækni gjörgæsludeildar Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Lyfjameðferð til varnar magasári hjá gjörgæslusjúklingum. Fljölþjóðleg athugun (Stress ulcer prophylaxis in the intensive care unit. A multicentre 7-day inception cohort study)“.

2013/1400 - Önnu Margréti Halldórsdóttur, sérfræðilækni í Blóðbankanum hjá Landspítala, Hlíf Steingrímsdóttur, yfirlækni blóðlækninga á Landspítala, Helgu Ögmundsdóttur, prófessor við læknaeild HÍ, og Brynjari Viðarssyni, sérfræðilækni í blóðmeinafræði við Landspítala var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Langvinnt eitelfrumuhvítblæði: Algengi, aðdragandi greiningar og undanfari“.

2013/1419 - Elíasi Ólafssyni, yfirlækni, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Flogaveiki á meðgöngu, tíðni og fylgikvillar móður og barns“.

2013/1428 - Arnari Rafnssyni, var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Flutningstími og gæði meðferðar við bráðu hjartadrepum utan höfuðborgarsvæðisins“.

2013/1436 - Páli Helga Möller var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Volvulus á LSH 2000-2014“.

2013/1437 – Íslenskri erfðagreiningu ehf. og Elíasi Ólafssyni, yfirlækni og taugalækni á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrárupplýsingum, lífsýnum látinna í lífsýnasöfnum, vinnslu upplýsinga um erfðaeiginleika látinna manna og samkeyrslu skráa með viðkvæmum persónuupplýsingum vegna rannsóknarinnar „Kortlagning og einangrun áhættugena flogaveiki (epilepsy)“.

2013/1440 – Íslenskri erfðagreiningu og Jóni Snædal, yfirlækni á minnismóttöku öldrunarsviðs Landspítalans, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrárupplýsingum, lífsýnum látinna í lífsýnasöfnum, vinnslu upplýsinga um erfðaeiginleika látinna manna og samkeyrslu skráa með viðkvæmum persónuupplýsingum í þágu rannsóknarinnar „Erfðir Alzheimerssjúkdóms“

2013/1441 – Íslenskri erfðagreiningu ehf. og Kristjáni Steinssyni, sérfræðingi í lyf- og gigtarsjúkdómum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrárupplýsingum, lífsýnum látinna í lífsýnasöfnum, vinnslu upplýsinga um erfðaeiginleika látinna manna og samkeyrslu skráa með viðkvæmum persónuupplýsingum í þágu „Rannsóknar á erfðum sjálfsöfnæmissjúkdóma“.

2013/1442 – Íslenskri erfðagreiningu ehf. og Óskari Þór Jóhannessyni, lækni, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrárupplýsingum, lífsýnum látinna í lífsýnasöfnum, vinnslu upplýsinga um erfðaeiginleika látinna manna og samkeyrslu skráa með viðkvæmum persónuupplýsingum í þágu rannsóknarinnar „Rannsóknar á erfðum geislanæmis og brjóstakrabbameins“.

2013/1443 - Íslenskri erfðagreiningu ehf. og Pálma V. Jónssyni, lækni, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrárupplýsingum, lífsýnum látinna í lífsýnasöfnum, vinnslu upplýsinga um erfðaeiginleika látinna manna og samkeyrslu skráa með viðkvæmum persónuupplýsingum vegna rannsóknarinnar „Erfðir langlífis“.

2013/1444 - Íslenskri erfðagreiningu ehf. og Þórarni Tyrtingssyni, yfirlækni SÁÁ, var veitt leyfi til samkeyrslu skráa með viðkvæmum persónuupplýsingum og aðgangs að sjúkraskrárum í þágu „Rannsóknar á erfðum fíknsjúkdóma“.

2013/1445 - Íslenskri erfðagreiningu ehf. og Davíð O. Arnar yfirlækni, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrárupplýsingum, lífsýnum í lífsýnasöfnum og samkeyrslu skráa með viðkvæmum persónuupplýsingum vegna rannsóknarinnar „Kortlagning og einangrun meingena hjartsláttartruflana“.

2013/1446 – Íslenskri erfðagreiningu ehf. og Bjarna Þjóðleifssyni, lækni, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrárupplýsingum og samkeyrslu skráa með viðkvæmum persónuupplýsingum í þágu rannsóknarinnar „Erfðarannsóknar á gallsteinum og tengslum við hjarta- og æðasjúkdóma“.

2013/1447 – Íslenskri erfðagreiningu ehf. og Davíð O. Arnar, yfirlækni, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrárupplýsingum og samkeyrslu skráa með viðkvæmum persónuupplýsingum í þágu rannsóknarinnar „Kortlagning erfðabreytileika og gena sem tengjast ósæðarlokukölkun og ósæðarlokuprenslum“.

2013/1454 - Pálma V. Jónssyni, yfirlækni á Landspítala og Berglindi Magnúsdóttur, forstöðumanns Heimaþjónustu Reykjavíkur, var veitt leyfi til aðgangs að RAI-gagnagrunni landlæknis vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Greining hagnýtra viðmiða við umönnun eldra fólks í heimahúsum“.

2013/1459 – Hjartavernd veitt leyfi til flutnings lífsýna úr landi vegna Öldrunarrannsóknar Hjartaverndar.

2013/1472 - Einari Stefáni Björnssyni, yfirlækni á Landspítala og Jóhanni Páli Hreinssyni,

læknanema, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Blæðingar í meltingarvegi - orsakir og horfur“.

2013/1478 - Ólafí Skúla Indriðasyni, sérfræðilækni á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Langvinnur nýrnasjúkdómur á Íslandi 2008-2013“.

2013/1513 - Helgu Erlendsdóttur, lífeindafræðingi á Landspítala og klínískum prófessor, Sigurði Guðmundssyni, sérfræðingi í smitsjúkdómum á Landspítala og prófessor, Ásgeir Haraldssyni, yfirlækni á Barnspítala Hringins, Magnús Gottfreðssyni, yfirlækni á Landspítala, Karli G. Kristinssyni, yfirlækni á Landspítala og Erlu Soffíu Björnsdóttur, lífeindafræðingi á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Ífarandi sýkingar síðastliðinn áratug á Landspítala af völdum *Bacillus sp.*“.

2013/1516 – Önnu Birnu Almarsdóttur, prófessor, var veitt leyfi til aðgangs að upplýsingum í lyfjagagnagrunni Landlæknisembættisins vegna rannsóknarinnar „Áhrif greiðsluþáttókubreytinga á notkunarmynstur statína og þunglyndislyfja“.

2013/1519 - Óskari Þór Jóhannssyni, Ásgerði Sverrisdóttur og Helga Sigurðssyni, sérfræðingum í krabbameinlækningum á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Fasa III, slembiröðuð, opin, fjölsetra rannsókn á árangri meðferðar með nírparíbi samanborið við meðferð að vali læknis hjá sjúklingum með arfgenga kímlínu stökkbreytingu í BRCA erfðavísunum, sem hafa áður fengið meðferð vegna HER2 neikvæðs brjóstakrabbameins - Rannsóknaráætlun: Intergroup Study (EORTC-1307-BCG), (BIG-13), (TESARO PR-30-5010-C), útgáfa 2, frá 28. ágúst 2013“.

2013/1555 - Dagbjörtu B. Sigurðardóttur, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Helstu sjúkdómsgreiningar og fylgiraskanir þeirra sem hlutu meðferð í átröskunarteymi BUGL á árunum 2008-2013“.

2013/1561 – Íslenskri erfðagreiningu ehf., Ingibjörgu Hinriksdóttur, yfirlæknis Heyrnar- og talmeinaíðstöðvar Íslands, og Hannesi Petersen, yfirlækni á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá og samkeyrslu skráa með viðkvæmum persónuupplýsingum „Rannsóknar á erfðum heyrnarskerðingar og otosclerosis“.

2013/1565 - Gísla Heimi Sigurðssyni, yfirlækni á svæfinga- og gjörgæsludeild Landspítala, Páli H. Möller, yfirlækni á Landspítala, Ásdísi Egilsdóttur, deildarlækni á Landspítala, og Elvu Dögg Brynjarsdóttur, læknanema við HÍ, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Afdrif sjúklinga eftir kviðarholsskurðaðgerðir á LSH. Framsýn klínísk rannsókn“.

2013/1571 – Gísla Heimi Sigurðssyni, yfirlækni á svæfinga- og gjörgæsludeild Landspítala, Sigurbergi Kárasyni, yfirlækni á Landspítala, Aðalsteini Hjörleifssyni, læknanema við HÍ, og Arnari Frey Óskarssyni, læknanema við HÍ, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Bráðir verkir og ógleði eftir svæfingu og skurðaðgerðir á Landspítala“.

2013/1575 - Gunnari Sigurðssyni, sérfræðingi á Landspítala, Brynjólfi Mogensen, yfirlækni á bráðadeild Landspítala og Unni Lilju Úlfarsdóttur, læknanema við HÍ, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Mjadmagrindarbrot á Landspítala háskólasjúkrahúsi 2008-2012; umfang og afleiðingar“.

2013/1578 – Sigurveigu Pétursdóttur, bæklunarskurðlækni á Landspítala, og Halldóri Jónssyni, bæklunarskurðlækni á Landspítala, dags. 13. desember 2013, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Nýgengi vaxtarlínuskriðs í mjöðm á Íslandi frá 2008 til 2014“.

2013/1581 - Bryndísi Benediktsdóttur, lækni og prófessor, var veitt leyfi til aðgangs að lyfjagagnagrunni landlæknis í þágu rannsóknarinnar „RHINESSA – kynslóðarannsókn á ofnæmi, astma og lungnasjúkdómum (Respiratory Health in Northern Europe, Switzerland, Spain and Australia“.

2013/1591 - Albert Páli Sigurðssyni, sérfræðingi á Landspítala, Jóni Þóri Sverrissyni, sérfræðilækni á Sjúkrahúsinu á Akureyri, Girish Heklar, sérfræðilækni á Sjúkrahúsinu á Akureyri, Elísabetu Benedikz, yfirlækni á Landspítala og Hrafnhildi Gunnarsdóttur, læknanema við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Gjöf t-PA við bráða blóðþurrðarslagi á LSH 2006-2013 og gjöf þess á FSA“.

2013/1594 - Brynjólfi Mogensen, yfirlækni á slysa- og bráðasviði Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Tíðni og orsakir rákvöðvalýsu greininga á LSH árin 2001-2012“.

2013/1593- Friðberti Jónassyni, prófessor og lækni á Landspítala, og Gunnari Má Zoega, sérfræðilækni á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Hornhimnuígræðslur á Íslandi frá 1996 til 2013“.

2013/1612- Brynjólfi Mogensen, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Slasaðir í vélhjólaskýsum árin 2001-2012“.

2013/1629 - Ragnheiði I. Bjarnadóttur, sérfræðilækni í fæðinga- og kvensjúkdómum á kvennadeild Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Eru tengsl milli tíðni keisaraskurða og fósturköfnunar á Íslandi undanfarnin 30 ár?“.

2013/1633 - Sigurveigu Pétursdóttur, sérfræðilækni á Landspítalanum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Nýgengi og meðferð meðfæddis mjaðmarliðhlaups (e. Developmental Dysplasia of the Hip, DDH) á Íslandi frá 2008-2014“.

2013/1639 - Þórði Þorkelssyni, yfirlækni á Landspítalanum, dags. 18. desember 2013, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Steramedferð á fyrirburum með erfiðan lungnasjúkdóm - árangur og aukaverkanir“.

2014/1 - Brynjólfi Mogensen, yfirlækni á Landspítalanum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Komur ferðamanna á bráðamóttökur Landspítala vegna afleiðinga áverka og veikinda árin 2001-2012“.

2014/20- Sigurveigu Þ. Sigurðardóttur, sérfræðilækni við ónæmisfræðideild Landspítalans, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Greining jarðhnetuofnæmis eða jarðhnetunæmis. Hverjir eru með hættulegt jarðhnetuofnæmi“.

2014/28 - Birni Gunnarssyni, sérfræðilækni á svæfinga- og gjörgæsludeild St. Olavs Hospital í Þrándheimi, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Breytast fæðingarrit með aldri?“.

2014/51 - Eiríki Orra Guðmundssyni, sérfræðilækni á þvagfæraskurðdeild Landspítalanum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár og dánarmeinaskrá landlæknis vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Afturskyggn samantekt á brottnámi þvagblöðru 2003-2012“.

2014/75 - Helgu Bogadóttur, sjúkraþjálfara á Landspítala, Steinunni Unnsteinsdóttur sjúkraþjálfara á Landspítala og Maríu Ragnarsdóttur rannsóknarsjúkraþjálfara á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Hreyfiproski fyrirbura sem vísað var til sjúkraþjálfara á Barnaspítala Hringins 1995-2013“.

2014/76 - Þórdísi Katrínu Þorsteinsdóttur, verkefnastjóra rannsóknarstofu Landspítalans og

Háskóla Íslands í bráðafræðum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Lyfjasaga við innlögn: mat á ávinningi þess að lyfjafræðingar taki lyfjasögu“.

2014/94 - Michael Clausen, sérfræðingi á Barnaspítala Hringins, dags. 27. janúar 2014, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Hiti hjá börnum 3 mánaða og yngri sem koma á bráðamóttöku barna árið 2013, orsök og afdrif“.

2014/113 - Maríu Heimisdóttur, framkvæmdastjóra Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Endurinnlagnir eftir útskrift frá Bráðalyflækningadeild LSH“.

2014/116 – Jóni Friðriki Sigurðssyni, sálfræðingi á Landspítala og prófessor við læknadeild Háskóla Íslands, og Magnúsi Blöndahl Sighvatssyni, sálfræðingi á Landspítala og doktorsnema í sálfræði við sama skóla, var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Mat á árangri og virkum þáttum ósértækrar hugrænnar atferlismeðferðar með einliðasniði (single case experimental design)“.

2014/122 - Magnúsi Gottfreðssyni var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Rannsóknir á ífarandi sýkingum af völdum Streptococcus pyogenes á Íslandi“.

2014/128 - Sigríði Magnúsdóttur, talmeinafræðingi á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Kortlagning framburðar MND-veikra á íslenskum máhljóðum“.

2014/161 - Garðari Mýrdal, forstöðumanni Geislæðlisfræðideildar Landspítala, Jaroslava Baumruk, geislafræðingi á geislæðlisfræðideild Landspítala, og Ingibjörgu Stefaníu Eidsdóttur, nema í geislafræði við HÍ var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Samiburður á geislaáætlanakerfunum Oncentra MasterPlan og Eclipse“.

2014/169 - Einari Stefáni Björnssyni, yfirlækni á meltingarlækningadeild Landspítalans, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Tíðni, horfur og áhættuþættir fyrir blóðþurrð í ristli (ischemic colitis)“.

2014/189 - Má Kristjánssyni, yfirlækni á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Efnaskiptavandamál hjá HIV-sýktum einstaklingum á Íslandi: gæðaverkefni og íhlutun“.

2014/192 - Halldóri Jónssyni jr., prófessor og yfirlækni á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Meðferð með læstri úlnliðsplötu og ytri ramma á brotum á fjærenda sveifarbeins á Landspítala, Fossvogi“.

2014/214 - Páli Helga Möller var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Garnastífla af völdum gallsteina á LSH 2000-2014“.

2014/305 - Tryggva Helgasyni, barnalækni á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Kæfisvefn og svefngæði barna í Heilsuskóla Barnaspítalans“.

2014/310 - Eyjólfur Þorkelssyni, lækni á Heilbrigðisstofnun Austurlands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Ómskoðanir á meðgöngu í heilsugæslu í dreifbýli á 15 ára tímabili - eru tengsl við val á fæðingarstað?“.

2014/311 - Guðrúnu Kristjánisdóttur, prófessor í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Forprófun og þýðing á

verkjamatskvarðanum CPO^T (Critical Care Observational Tool) og kerfisbundin fræðileg samantekt“.

2014/320 - Guðrúnu Kristjánsdóttur, prófessor við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Þýðing og forprófun á verkjamatskvarðanum COMFORTneo“.

2014/356 - Kristjáni Skúla Ásgeirssyni, skurðlækni við Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár á spítalanum í þágu rannsóknarinnar „Snemmkominn árangur og val sjúklinga í onkoplastíska fleygskurði 2008–2013 og áhrif á starfsemi brjóstaskurðeildar Landspítala“.

2014/431 - Árónu K. Sigurðardóttur, prófessor við Háskólann á Akureyri, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Nauðsynleg þekking og færni heilbrigðisstarfsfólks í sjúklingafræðslu einstaklinga með kransæðasjúkdóm“.

2014/457– Íslenskri erfðagreiningu ehf. og Bjarna Torfasyni, hjartaskurðlækni og yfirlækni hjartaskurðeildar Landspítala var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrárupplýsingum, lífsýnum látinna í lífsýnasöfnum, vinnslu upplýsinga um erfðaeiginleika látinna manna og samkeyrslu skráa með viðkvæmum persónuupplýsingum.

2014/475 - Þóru Steingrímsdóttur, fæðingarlækni, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Grindarbotnsáverkar og einkenni eftir fæðingu og snemmíhlutun með sjúkraþjálfun“.

2014/486 - Helgu Gottfreðsdóttur, dósent við Hjúkrunarfræðdeild Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Útkoma úr meðgöngu og fæðingu meðal erlendra kvenna á Íslandi“.

2014/489 - Halldóri Jónssyni Jr., prófessor við læknadeild Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Barnabeinbrot við íþróttir“.

2014/491 - Brynjólfi Mogensen, dósent og yfirlækni á Landspítalanum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár og dánarmeinaskrá landlæknis vegna rannsóknarinnar „Faraldsfræði látinna í umferðarslysum á Íslandi“.

2014/494 - Hjalta Má Björnssyni, sérfræðilækni á bráðadeild Landspítalans, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Áhrif innleiðslu Cunningham meðferðarinnar á árangur réttingar fremra liðhlaups í öxl“.

2014/541 - Raket Björgu Jónsdóttur, sérfræðingi í hjúkrun á Vökudeild Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Næring, svefn og grátur síðfyrirbura og fullburða barna fyrstu 2 1/2 árin“.

2014/569 - Bjarna Torfasyni, yfirlækni á Landspítalanum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Skurðaðgerðir við holubringu (pectus excavatum) á Íslandi 1991-2013“.

2014/571 – Íslenskri erfðagreiningu var veitt leyfi til samkeyrslu skráa sem innihalda viðkvæmar persónuupplýsingar í þágu rannsóknarinnar „Erfðir dyslexíu á Íslandi“. Menntaskólanum í Reykjavík og Fjölbrautaskólanum við Ármúla var veitt leyfi til miðlunar upplýsinga um tiltekin einkalífisatriði til Íslenskrar erfðagreiningar í þágu framangreindrar rannsóknar.

2014/573 - Árónu Kristínu Sigurðardóttur, prófessors við heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Skráning upplýsinga um umönnun fólks með sykursýki á hjúkrunarheimilum á Íslandi: Þekking starfsfólks á

sykursýki“.

2014/597 - Elísabetu Arnardóttur, yfirtalmeinafræðings Landspítala á Grensási, var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Kyngingartregða hjá börnum með CP hreyfihömlun“.

2014/635 - Einari Stefáni Björnssyni, yfirlækni á meltingalækningadeild Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Áhættuþættir fyrir blæðingu úr neðri hluta meltingarvegjar í tengslum við blóðþurrð í ristli og diverticulosis: lýðgrunduð, framsýn tilfella- viðmiðunar rannsókn“.

2014/651 - Auði Ketilsdóttur, sérfræðingi í hjúkrun hjartasjúklinga, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Sjálfsómönnun, heilsutengd lífsgæði og einkenni sjúklinga með hjartabilun: Lýsandi og framsýn rannsókn“.

2014/679 – Rósu Björk Barkardóttur var veitt leyfi til flutnings lífsýna úr landi í þágu rannsóknarinnar „Leit að erfðavísimum tengdum brjóstakrabbameini“

2014/719 - Sigríði Zoëga, sérfræðingi í hjúkrun á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Verkina burtu (Pain Out). Þátttaka í Pain Out, fjölþjóðlegu verkefni til að bæta gæði verkjameðferðar eftir skurðaðgerð“.

2014/741 - Bryndísi Evu Birgisdóttur, dósent í næringarfræði við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Áhrif mismunandi mataræðisíhlutana á einkenni ADHD í börnum – forrannsókn“.

2014/799 – Ingu Þórsdóttur, prófessor í næringarfræði við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Næring ungbarna og heilsa barna 0-12 ára: vöxtur, sýkingar, astmi og ADHD“. Þá var landlækni veitt leyfi til samkeyrslu persónuupplýsinga í þágu sömu rannsóknar.

2014/845 - Laufeyju Tryggvadóttur, framkvæmdastjóra Krabbameinsskrár, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Norraen lýðgrunduð ferilrannsókn á tíðni sjúkdóma, dauðsfalla og krabbameinsáhættu í kjölfar skurðaðgerðar gegn bakflæði“. Þá var Hagstofu Íslands veitt leyfi til miðlunar upplýsinga um aðflotta og brottflutta einstaklinga til leyfishafa, í þágu framangreindrar rannsóknar.

2014/864 - Ólafi Ingimarssyni, bæklunarlækni á Landspítalanum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Faraldsfræði, fylgikvillar og árangur líðskiptaaðgerða á Landspítalanum“. Þá var Hagstofu Íslands veitt heimild til miðlunar upplýsinga um dánardægur til leyfishafa, í þágu framangreindrar rannsóknar.

2014/874 - Þorvaldi Ingvarssyni, lækni og framkvæmdastjóra þróunasviðs Össurar, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Árangur hnéspelkumeðferðar til verkjastillingar og aukinnar hreyfigetu einstaklinga með slitgigt í hné“.

2014/893 - Þjóðbjörgu Guðjónsdóttur, lektor við Háskóla Íslands var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Hrygggrauf á Íslandi: heilsa og líðan meðal fullorðinna og faraldsfræði“.

2014/908 - Ingibjörgu Gunnarsdóttur, prófessor, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Áhrif næringardrykkja í samanburði við orku- og próteinríkar millimáltíða á lífsgæði, líkamsþyngd og hreyfifærni hjá sjúklingum með langvinna lungnaþembu: slembidreifð íhlutunarrannsókn“.

2014/930 - Guðbjörgu Gardarsdóttur, var veitt leyfi til aðgangs að upplýsingum færni- og

heilsuáttarnefndar höfuðborgarsvæðisins, nánar tiltekið, allra einstaklinga, 67 ára og eldri, sem fengið hafa synjun á færni- og heilsuáttari á árinu 2013, í þágu rannsóknarinnar „Meistararitgerð í félagsráðgjöf: Aldraðir sem fá synjun á færni- og heilsuáttari fyrir búsetu á hjúkrunar- og dvalarheimilum í Reykjavík árið 2013“

2014/945 - Óskari Þór Jóhannssyni, sérfræðingi í krabbameinslækningum á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Fasa III, slembiröðuð, tvíblind, fjölsetra rannsókn með samhlíða hópum til að meta verkun og öryggi olaparib samanborið við lyfleysu, sem viðbótarmeðferð hjá sjúklingum með BRCA1/2 kímlínustökkbreytingar og hááhættu HER2 neikvætt frumkrabbamein í brjósti sem hafa lokið endanlegri staðbundinni meðferð og for- eða viðbótarmeðferð með krabbameinslyfjum“.

2014/962 - Guðlaugu M. Júlíusdóttur, verkefnastjóra félagsráðgjafarþjónustu BUGL veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknarinnar „Tilvísanir á göngudeild Barna- og unglingsgeðdeildar LSH (BUGL). Tilvísunarástæður, sálfélagslegar aðstæður og þjónusta í nærumhverfi þeirra barna sem vísað er í þjónustu á BUGL“.

2014/966 - Unni Önnu Valdimarsdóttur, prófessor við læknaeild Háskóla Íslands, var veitt leyfi til vinnslu upplýsinga frá Landspítala í þágu rannsóknarinnar „Er röskun á dægursveiflu mæðra áhættuþáttur fyrirburafæðinga? *Disruption of Circadian Rhythms of Spontaneous Preterm Deleveries.*“ Þá var landlækni veitt leyfi til vinnslu upplýsinga úr fæðingarskrá og miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga til heilbrigðis- og upplýsingateknideildar Landspítala í þágu sömu rannsóknar. Enn fremur var heilbrigðis- og upplýsingateknideild Landspítala veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá og samkeyslu viðkvæmra persónuupplýsinga úr mæðraskrá og fæðingarskrá í þágu sömu rannsóknar.

2014/1028 - Freydísi Jónu Freysteinsdóttur, dósent í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, og Ólafíu Helgadóttur, meistaraneima í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands var veittur aðgangur að gögnum hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkur vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Samvinna barnaverndaryfirvalda og ungbarnaverndar innan heilsugæslu“. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur var enn fremur veitt leyfi til miðlunar upplýsinga til rannsakenda í þágu sömu rannsóknar.

2014/1038 - Ingibjörgu Hjaltadóttur, dósent við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknarinnar „Heilsufar, færni og þjónustupörf einstaklinga sem njóta heimahjúkrunar.“

2014/1045 - Jóni Snorrassyni, sérfræðingi í geðhjúkrun var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknarinnar „Aðferðir varnarteymis við að róa sjúklinga“.

2013/1093 - Tinnu Laufeyju Ásgeirsdóttur var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknarinnar „Áhrif síðbúinna fyrirburafæðinga á námsárangur“. Þá var landlækni veitt heimild til samkeyrslu upplýsinga í þágu sömu rannsóknar.

2014/1112 - Ólafi Guðlaugssyni, sérfræðingi í smitsjúkdómum á Landspítalanum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknarinnar „Sameindafræðileg faraldsfræði MÓSA (Methicillin ónæmra Staphylococcus aureus) á Norðurlöndum“.

2014/1141 - Hildigunni Svavarsdóttur, framkvæmdastjóra hjúkrunar á Sjúkrahúsinu á Akureyri, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknarinnar „European Registry of Cardiac Arrest - Study One“.

2014/1149 - Bertrand Lauth, sérfræðilækni á BUGL, Guðrínu Bryndísi Guðmundsdóttur, yfirlækni á BUGL, Ellen Sif Sævarsdóttur, sálfræðinema við Háskóla Íslands og Urði Njarðvík, dósent við sálfræðideild Háskóla Íslands var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknarinnar „Tilvísanir í Bráðaþjónustu BUGL“.

2014/1185 - Ingibjörgu Hilmarsdóttur, sérfræðilækni við sýklafræðideild Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „ESBL-myndandi Escherichia coli: faraldur á Barnspítala Hringins árið 2014“.

2014/1212 – Hjartavernd var veitt leyfi til flutnings lífsýna úr landi í þágu Öldrunarrannsóknar Hjartaverndar.

2014/1247 - Sigrúnu Eddu Reykdal var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „DCML skortur; Rannsókn á erfðapáttum, klínískri sjúkdómsmynd og ónæmissvörun“.

2014/1299 - Þórdísi Katrínu Þorsteinsdóttur, lektor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Næringarmedferð gjörgæslusjúklinga fyrir og eftir fræðslu og innleiðslu endurskoðaðra vinnuleiðbeininga“.

2014/1302 - Birni Rúnari Lúðvíkssyni var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Notkun GigtRáðar og IceBio við eftirlit og meðferð iktsýki með TNFa hemli (Remsima) og samspil þeirra við lífvísa.“

2014/1323 - Rio Tinto Alcan á Íslandi hf., sem er hluti af Rio Tinto (Rio Tinto plc. og Rio Tinto Group), var veitt heimild til miðlunar persónuupplýsinga frá Íslandi til Filippseyja, Indlands og Brasilú.

2014/1337 – Þjóðskjalasafni Íslands var veitt heimild til að veita Ingólfi Vilhjálmí Gíslasyni fræðimannsaðgang að gögnum á safninu úr skjalasafni Ungmennaeftirlits ríkisins. Aðgangurinn tengdist vinnu við langtímarannsókn á barnavændi á Íslandi.

2014/1363 - Birni Guðbjörnssyni, sérfræðilækni á Landspítalanum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Berklasmit og líftæknilýfjameðferð (TNF- α) vegna gigtarsjúkdóma“.

2014/1373 - Brynjólfi Árna Mogensen var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Árangur af endurlífgunum utan spítala á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2008 til og með 2014“.

2014/1381 - Ragnheiði Hörpu Arnarsdóttur, dósent við Heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Óformleg skimun ristilkrabbameins á Suðurnesjum: Fjöldi, orsök og niðurstöður ristilspeglana á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja árin 2012 og 2013“.

2014/1401 - Sveinbirni Gizurasyni, prófessor á lyfjafræðideild Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Samvinna heimilislækna og lyfjafræðinga við umsýslu lyfja hjá eldri einstaklingum á Íslandi“.

2014/1531 - Arnari Þór Guðmundssyni, yfirlækni á Heilsugæslunni á Selfossi, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Sýklalyf fyrir öndunarvegs sýkingum á heilsugæslustöðvar – samanburður milli heilsugæslustöðvar á Íslandi og í Svíþjóð“.

2014/1434 – Hjartavernd var veitt leyfi til flutnings lífsýna úr landi í þágu „Öldrunarrannsóknar Hjartaverndar“.

2014/1476 - Brynjólfí Árna Mogensen, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Höfuðáverkar meðhöndlaðir á Landspítala árin 1998-2014“.

2014/1547 - Bárði Sigurgeirssyni, sérfræðingi í húðsjúkdómalækningum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Slembiröðuð samhliða rannsókn þar sem borin eru saman burðarefni, virkt samanburðarlyf og LFX453 til að meta öryggi, þol og verkun LFX453 lyfjaforma til útvortis notkunar hjá sjúklingum með geislunarhyrningu (acitinic keratosis)“.

2014/1560 - Elíasi Ólafssyni, yfirlækni á Landspítalanum var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Algengi og nýgengi Idiopathic Intracranial Hypertension (IIH) á Íslandi á árunum 2003-2013“.

2014/1563 - Brynjólfí Árna Mogensen, yfirlækni á Landspítalanum var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár og dánarmeinaskrá landlæknis vegna rannsóknarinnar „Sár vetrarins. Faraldsfræði áverka á norrænum slóðum“.

2014/1581 - Ástu Steinunni Thoroddsen, prófessor við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Fylgikvillar skurðaðgerða vegna krabbameins í ristli og endaparmi“.

2014/1598 - Hildi Harðardóttur, yfirlækni á kvennadeild Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Misodel® til framköllunar fæðinga á LSH“.

2014/1619 - Jónínu Guðjónsdóttur, lektor í geislafræði við Háskóla Íslands var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Geislaskammtur fósturs í tölvusneiðmynd“.

2014/1634 - Óskari Þór Jóhannssyni, sérfræðingi í krabbameinslækningum við Landspítalann, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „AURORA“.

2014/1708 - Guðrúnu Kristjánsdóttur, prófessor í hjúkrunarfræði, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Upplifun barns við ísetningu nálar í lyfjabrunn“.

2014/1716 - Brynjólfí Árna Mogensen, yfirlækni á Landspítalanum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Faraldsfræði barnaslýsa í Reykjavík í 40 ár. Tíðni, orsakir og alvarleiki“.

3.1.3. Önnur leyfi vegna rannsóknarverkefna

Veitt voru eftirtalin leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna annarra rannsóknarverkefna en þeirra sem voru á heilbrigðissviði. Leyfin eru birt í þeirri röð sem þau voru gefin út í.

2014/86 - Bjartmari Steini Guðjónssyni, laganema, var veitt leyfi til aðgangs að gögnum um agaviðurlög vegna brota á reglum fangelsa á árunum 2003 - 2013 hjá Fangelsismálastofnun vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Brot fanga, annars vegar þau sem sæta ákærumeðferð og meðferð dómstóla og hins vegar þau sem sæta agaviðurlögum vegna brota á reglum fangelsis“ en rannsóknin er meistaraverkefni Bjartmars Steinars við lagadeild Háskóla Íslands.

2014/188 - Kristjönu Sigríði Skúladóttur var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Rannsókn á námsárangri þriggja árganga í Fjölbrotaskóla Suðurlands“.

2014/965 – Þjóðskjalasafni Íslands var veitt leyfi til að veita Hafdís Erlu Hafsteinsdóttur aðgang að tilteknum gögnum safnsins í þágu námsritgerðar í sagnfræði við Vínarháskóla.

2014/1028 - Freydísi Jónu Freysteinsdóttur, dósents í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, og Ólafíu

Helgadóttur, meistaranema í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands var veittur aðgangur að gögnum hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkur vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Samvinna barnaverndaryfirvalda og ungbarnaverndar innan heilsugæslu“. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur var enn fremur veitt leyfi til miðlunar upplýsinga til rannsakenda í þágu sömu rannsóknar.

2014/1176 - Sigurveigu H. Sigurðardóttur, dósents í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, og Sírý Sif Sigurlaugadóttur, meistaranema í félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að gögnum hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Gagnreynðar aðferðir við félagslega ráðgjöf í málefnum aldraðra“ í þágu sömu rannsóknar.

2014/1223 - Ásu Margréti Helgadóttur, nema í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að gögnum hjá barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Börn vímuefnaneytenda: Barnaverndartilkynningar í Reykjanesbæ“. Þá var barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar veitt leyfi til miðlunar persónuupplýsinga til rannsakanda í þágu sömu rannsóknar.

2014/1213 – Björgvini Heiðari Björgvinssyni var veitt leyfi til aðgangs að gögnum hjá Fangelsismálastofnun ríkisins í þágu rannsóknarinnar „Félagslegar aðstæður og bakgrunnur fanga“. Fangelsismálastofnun ríkisins var enn fremur veitt leyfi til miðlunar upplýsinga til rannsakanda.

2014/1323 - Rio Tinto Alcan á Íslandi hf., sem er hluti af Rio Tinto (Rio Tinto plc. og Rio Tinto Group), var veitt heimild til miðlunar persónuupplýsinga frá Íslandi til Filippseyja, Indlands og Brasilú.

2014/1337 – Þjóðskjalasafni Íslands var veitt heimild til að veita Ingólfi Vilhjálmí Gíslasyni fræðimannaáðgang að gögnum á safninu úr skjalasafni Ungmennaeftirlits ríkisins. Aðgangurinn tengdist vinnu við langtímarannsókn á barnavændi á Íslandi.

2014/1546 - Innanríkisráðuneytinu var veitt leyfi til aðgangs að gögnum ráðuneytisins og Útlendingastofnun í þágu rannsóknarinnar „Áhrif kynferðis við ákvarðanir í hælisleitendamálum á Íslandi“.

3.2. Nánar um ýmis mál

3.2.1. Krafa félagsmálanefndar um þvagsýni í tilefni af ósk um fjárhagsaðstoð – mál nr. 2013/1131

Persónuvernd úrskurðaði þann 16. janúar 2014 um að krafa félagsmálanefndar Fljótaldalshéraðs, þess efnis að kvartandi skyldi afhenda þvagsýni í tengslum við umsókn sína um fjárhagsaðstoð, hafi ekki verið í samræmi við lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Úrskurðurinn er svohljóðandi:

I.
Grundvöllur máls
Málavextir og bréfaskipti

1.
Tildrög máls

Þann 7. september 2013 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] (hér eftir nefndur kvartandi), vegna kröfu félagsþjónustu Fljótaldalshéraðs um þvagsýni frá kvartanda í tengslum við umsókn hans um fjárhagsaðstoð. Þar kemur m.a. fram að kvartað sé yfir kröfu félagsþjónustunnar um þvagsýni frá kvartanda í hvert skipti sem hann sækti um fjárhagsaðstoð.

Með bréfi, dags. 25. september sl., óskaði Persónuvernd eftir nánari skýringum frá kvartanda um erindi hans. Hann kom frekari skýringum á framfæri munnlega með símtali við starfsmann

Persónuverndar þann 30. september sl. Í símtalinu kom fram að hann teldi að vinnsla persónuupplýsinga um hann hefði átt sér stað þegar hann var beðinn um þvagsýni í tengslum við umsókn hans um fjárhagsaðstoð. Þann 15. nóvember sl. var bréf Persónuverndar, dags. 25. september sl., sent kvartanda á nýjan leik á annað heimilisfang en hann hafði gefið upp í kvörtun sinni, þar sem það hafði ekki borist honum. Þann 21. nóvember kom kvartandi á framfæri frekari skýringum á málinu nánar tiltekið að hann hefði verið beðinn um að skila þvagsýni til félagsþjónustu Fljótshéraðs [á árinu 2013]. Hefði hann orðið við því í fyrsta skiptið [...] en síðan þá hefði hann neitað að gefa þvagsýni og hefði af þeim sökum verið synjað um fjárhagsaðstoð frá þeim tíma.

2.

Bréfaskipti

Með bréfi, dags. 21. nóvember sl., var félagsþjónustu Fljótshéraðs boðið að koma á framfæri skýringum vegna kvörtunarinnar til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Var sérstaklega óskað eftir skýringum um það á hvaða heimild í 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, umrædd vinnsla persónuupplýsinga byggðist.

Svarbréf [B f.h. félagsþjónustu] Fljótshéraðs, dags. 5. desember 2013, barst stofnuninni þann 6. s.m. Þar kemur fram [að á árinu] 2013 hafði félagsþjónustan ástæðu til að ætla að mögulegt væri að kvartandi væri í neyslu fíkniefna. Í tilefni af umsókn hans um fjárhagsaðstoð til framfærslu í [...] og [...] 2013 hefði verið óskað eftir að kvartandi skilaði inn þvagsýni. Samkvæmt [bréfinu] var sú ósk borin fram í símtali til samræmis við 8. gr. reglna félagsmálanefndar Fljótshéraðs um fjárhagsaðstoð en þar væri heimild til að synja umsækjendum um fjárhagsaðstoð væru þeir í neyslu áfengis eða annarra vímuefna. Þá kemur fram í bréfinu að í umrætt sinn hafi ekki mælst fíkniefni í sýni kvartanda og hefði hann því fengið greidda fjárhagsaðstoð [fyrir tiltekið tímabil]. Í [bréfinu] kom einnig fram að kvartandi hefði óskað munnlega eftir fjárhagsaðstoð þann [...] og að félagsþjónustan hefði óskað eftir þvagsýni frá kvartanda í tengslum við hana en kvartanda var boðið að hitta ráðgjafa á heilsugæslu [...] næsta dag ef hann vildi skila inn þvagsýni en kvartandi hefði ekki mætt. Þá sagði að þann [...] hefði kvartandi óskað eftir fjárhagsaðstoð fyrir tímabilið [...] til og með [...] 2013 en ákveðið hefði verið að synja um umsóknina varðandi [...] -mánuð þar sem kvartandi hefði „ekki verið tilbúinn til að afsanna að hann væri í neyslu fíkniefna með því að skila inn þvagsýni“. Þá sagði að vegna umsóknar kvartanda um fjárhagsaðstoð fyrir [...] -mánuð hefði félagsþjónustan farið fram á að kvartandi skilaði inn vottorði frá Vinnuálastofnun um virka atvinnuleit og staðfestingu á því að hann ætti ekki rétt á atvinnuleysisbótum sbr. 10. gr. reglna félagsþjónustu Fljótshéraðs um fjárhagsaðstoð. Í kjölfarið hefði borist veikindavottorð um óvinnufærni kvartanda frá því í byrjun [...] 2013 og hefði félagsþjónustan kannað rétt kvartanda til sjúkradagpeninga fyrir framangreint tímabil og var ákvörðun um greiðslu framfærslustyrks fyrir [...] -mánuð frestað af þeim sökum, þar til niðurstaða Sjúkratrygginga Íslands um sjúkradagpeninga lægi fyrir. Þá sagði í bréfinu að í umsókn kvartanda fyrir tímabilið [...] hefði einnig verið óskað eftir greiðslu vasapeninga á meðan kvartandi væri í meðferð á sjúkrahúsinu Vog. Eftir að staðfesting hafði borist frá Vog voru kvartanda greiddar 10.000 krónur í vasapening á meðferðartímanum [...] á árinu 2013. Þá hafi flugfargjald fyrir kvartanda frá Reykjavík til [...] verið greitt að meðferð lokinni ásamt hálfri framfærslu fyrir tímabilið [...] þar sem kvartandi var á þessum tíma búsettur hjá foreldrum sínum sbr. 6. gr. reglna félagsþjónustu Fljótshéraðs.

Um heimild til vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt 1. mgr. 8. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 [var af hálfu félagsþjónustu] Fljótshéraðs [vísað] til 1. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, en ákvæðið kveður á um markmið laganna sem sé m.a. að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa sveitarfélags á grundvelli samhjálpur en þess skuli gætt við framkvæmd félagsþjónustunnar að hvetja einstakling til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum, virða sjálfsákvörðunarrétt hans og styrkja hann til sjálfshjálpur. Þá var einnig vísað til 2. gr.

laganna um inntak félagsþjónustu og 11. gr. um hlutverk félagsmálanefnda og var hlutverk félagsmálanefnda samkvæmt greininni tíundað. Einnig [var vakin] athygli á 12. gr. laganna en samkvæmt ákvæðinu skuli sveitarfélag sjá um að veita íbúum þjónustu og aðstoð samkvæmt lögnum og tryggja að þeir geti séð fyrir sér og sínum. Þá segir einnig í ákvæðinu að aðstoð og þjónusta skuli jöfnum höndum vera til þess fallin að bæta úr vanda og koma í veg fyrir að einstaklingar og fjölskyldur komist í þá aðstöðu að geta ekki ráðið fram úr málum sínum sjálf. Loks var vísað [...] til 20. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu, en þar segir að um skyldur sveitarfélags til að veita fjárhagsaðstoð gildi almenn ákvæði um félagsþjónustu samkvæmt IV. kafla laganna.

Í ljósi framangreinds [var af hálfu félagsþjónustu] Fljótshéraðs [bent] á að vinnsla persónuupplýsinga um kvartanda byggðist á 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, þar sem sérstök heimild stæði til hennar samkvæmt lögum og að fyrrnefnd ákvæði laga nr. 40/1991 geri ráð fyrir að upplýsingar um félagslega stöðu skjólstaðinga væru til hjá félagsþjónustum sveitarfélaga. Að lokum [var vakin] athygli á lögbundnu hlutverki félagsþjónustustofnana um aðstoð til áfengissjúkra og vegna vímuefnavarna og bendir á að 20. gr. laga nr. 40/1991, sbr. 12. gr. þeirra, geri beinlínis ráð fyrir að reglur um fjárhagsaðstoð bæti m.a. úr vanda fólks t.d. varðandi úrræði um vímuefnaeðferð sbr. XIII. kafla laganna og á grundvelli framangreinda ákvæði [teldi félagsþjónusta Fljótshérað] eðlilegt að afla sem traustastra gagna um félagslega stöðu skjólstaðinga stofnunarinnar.

Með bréfi, dags. 17. desember sl., var kvartanda boðið að koma á framfæri athugasemdum sínum við framkomnar skýringar félagsþjónustu Fljótshéraðs til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Var svarfrestur veittur til 8. janúar 2014. Þann 3. janúar 2014 hringdi kvartandi á skrifstofu Persónuverndar og kom á framfæri athugasemdum við svarbréf félagsþjónustu Fljótshéraðs. Kvartandi lýsti þeirri afstöðu sinni að í bréfinu viðurkenni félagsþjónustan að hún sé að brjóta lög með því að setja sér sínar eigin reglur um fjárhagsaðstoð og telur kvartandi að um persónunjósnið sé að ræða. Kvartandi lýsti því enn fremur yfir að hann hefði orðið fyrir verulegum fjárhagslegum skaða vegna málsins og synjunar félagsþjónustu Fljótshéraðs á fjárhagsaðstoð til hans og hann væri af þeim sökum orðinn gjaldþrota.

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000

Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Af framangreindu er ljóst að öflun upplýsinga, sem unnar eru úr þvagsýni kvartanda, um meinta vímuefnanotkun hans, í tengslum við umsókn hans um fjárhagsaðstoð, fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000.

2.

Lögmæti vinnslu

Samkvæmt lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga verður vinnsla almennra persónuupplýsinga, þ.á m. öflun og varðveisla slíkra upplýsinga, ávallt að falla undir einhverja af heimildum 1. mgr. 8. gr. laganna. Þegar um ræðir vinnslu persónuupplýsinga, sem

fram fer á vegum stjórnvalda, geta einkum átt við 3. og 6. tölul. 1. mgr. ákvæðisins, þess efnis að vinnsla persónuupplýsinga er heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu eða við beitingu opinbers valds. Sé um viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða verður einnig að uppfylla eitthvert af skilyrðum 9. gr. sömu laga. Upplýsingar um heilsuhagi, þ. á. m. áfengis- og vímuefnanotkun, teljast viðkvæmar persónuupplýsingar sbr. 8. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna.

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að eiga sér stoð í lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þar er greint á milli almennra persónuupplýsinga og viðkvæmra. Talsvert strangari kröfur eru gerðar til lögmætis vinnslu persónuupplýsinga sem teljast viðkvæmar í skilningi laga nr. 77/2000 en til vinnslu annarra persónuupplýsinga. Upplýsingar um heilsuhagi, þ. á. m. áfengis- og vímuefnanotkun, teljast viðkvæmar persónuupplýsingar sbr. 8. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna. Til að vinnsla þeirra teljist heimil þarf hún að uppfylla eitthvert skilyrði 1. mgr. 8. gr. sem og eitthvert skilyrði 1. mgr. 9. gr. laganna.

Að auki verður, eins og ávallt við vinnslu persónuupplýsinga, að vera fullnægt öllum grunnkröfum 7. gr. laga nr. 77/2000, m.a. að þess skuli gætt að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandada vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); og að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.).

Þegar stjórnvöld afla upplýsinga í tengslum við meðferð stjórnsýslumála verður einkum talið að 3. og 6. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 geti átt við um upplýsingaöflunina og eftirfarandi vinnslu upplýsinganna sbr. einnig 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna. Samkvæmt 3. tölul. 8. gr. og 2. tölul. 9. gr. er vinnsla heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila. Hefur félagsmálastofnun Fljótaldalshéraðs vísað til framangreindar tölulíða sem heimildar fyrir umræddri vinnslu um kvartanda, n.t.t. kröfu um þvagsýni kvartanda í tengslum við umsókn hans um fjárhagsaðstoð. Við mat á því hvort slík skylda sé hér til staðar verður að líta til þeirra lagareglna sem félagsmálastofnun Fljótaldalshéraðs starfar eftir. Þá verður einnig að líta til þess að samkvæmt hinni almennu lögmætisreglu stjórnsýsluréttarins ber stjórnvöldum að starfa innan þess ramma sem lög setja þeim. Eins og hér háttar til reynir einkum á ákvæði laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu.

Í IV. kafla laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu, er að finna almenn ákvæði um rétt íbúa til félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga. VI. kafla sömu laga fjallar um rétt til fjárhagsaðstoðar og skyldu sveitarfélags til að veita slíka fjárhagsaðstoð en um skyldur sveitarfélagsins fari samkvæmt IV. kafla laganna. Þá segir í 21. gr. laganna að sveitarstjórn skuli setja reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar að fengnum tillögum félagsmálanefndar.

Félagsmálastofnun Fljótaldalshéraðs hefur vísað til 8. gr. reglna um fjárhagsaðstoð hjá félagsþjónustu Fljótaldalshéraðs en þar segir:

„Heimilt er að synja umsækjendum um fjárhagsaðstoð séu þeir í neyslu áfengis- eða annarra vímuefna, en bjóða aðstoð til að fara í áfengis/vímuefnamedferð s.s. með greiðslu ferðakostnaðar og vasapeninga til einstaklinga sem eru að fara í áfengismedferð og/eða aðra vímuefnamedferð og aðstoð vegna dvalargjalds á áfangaheimili“

Ekki kemur fram í reglum þessum á hvaða lagastof þær eru byggðar en gera má ráð fyrir að þá stoð sé að finna í 1. mgr. 21. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu, þar sem sveitarstjórn er boðið að setja reglur „um framkvæmd fjárhagsaðstoðar [...] að fengnum tillögum félagsmálanefndar“.

Í 24. gr. laganna segir hins vegar:

„Skylt er að veita félagsmálanefndum hverjar þær upplýsingar úr skattskýrslum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar eða hafa fengið hana. Sama gildir um upplýsingar úr skattskýrslum lögskylds framfæranda.

Atvinnurekendum er skylt að láta félagsmálanefndum í té upplýsingar um laun þess sem fjárhagsaðstoðar leitar og framfæranda hans.“

Í XIII. kafla laganna er fjallað um aðstoð við áfengissjúka og vímugjafavarnir m.a. um að félagsmálanefndir skuli stuðla að forvörnum í áfengis- og vímugjafamálum sbr. 49. gr., að þær skuli hlutast til um að áfengissjúkir og þeir sem misnoti áfengi eða aðra vímugjafa fái viðeigandi meðferð og aðstoð ásamt því sem veita skuli aðstandendum og fjölskyldum áfengissjúkra ráðgjöf og aðstoð sbr. 50. gr. og að þær skuli stuðla að því að áfengissjúkir og misnotendur vímugjafa, sem fengið hafi meðferð og læknishjálp, fái nauðsynlegan stuðning og aðstoð til að lifa eðlilegu lífi að meðferð lokinni.

Hvorki er í framangreindum ákvæðum né öðrum ákvæðum laganna að finna heimild til öflunar viðkvæmra persónuupplýsinga um íbúa í tengslum við fjárhagsaðstoð sem félagsmálanefnd veitir þeim á grundvelli VI. sbr. IV. kafla laga nr. 40/1991. Þvert á móti kemur fram í 24. gr. laganna hvaða upplýsingar félagsmálanefndir geti aflað um einstaklinga sem leita fjárhagsaðstoðar eða hafa fengið hana en það eru annars vegar upplýsingar úr skattskýrslum viðkomandi umsækjanda og lögskylds framfæranda hans og hins vegar upplýsingar frá atvinnurekendum um laun umsækjandans „og framfæranda hans“, eins og segir í ákvæðinu.

Í ljósi framangreinds og með vísan til lögætisreglu stjórnisýsluréttarins, sem felur í sér að íþyngjandi ákvarðanir stjórnvalds skuli reistar á skýrri lagaheimild og þess að félagsmálanefnd Fljótshéraðs hefur ekki bent á aðra heimild fyrir umræddri vinnslu í 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er það mat Persónuverndar að umrædd vinnsla persónuupplýsinga um kvartanda, og öflun þvagsýnis frá honum í tengslum við umsókn hans um fjárhagsaðstoð, hafi ekki verið í samræmi við lög nr. 77/2000.

Úrskurðarorð:

Krafa félagsmálanefndar Fljótshéraðs um afhendingu þvagsýnis frá kvartanda í tengslum við umsókn hans um fjárhagsaðstoð, var ekki í samræmi við lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

3.2.2. Rafræn vöktun Isavia ohf. á Keflavíkurlflugvelli – mál nr. 2013/670

Persónuvernd úrskurðaði þann 16. janúar 2014 um að rafræn vöktun á vegum Isavia ohf. annars vegar og vinnsla Icelandair á upplýsingum um inn- og útskráningu aðfanga félagsins hjá starfsmönnum hins vegar samrýmist ákvæðum laga nr. 77/2000. Hins vegar var lagt fyrir Isavia ohf. að fræða hina skráðu um vöktunina í samræmi við 10. gr. reglna nr. 837/2006, sbr. 20. gr. laga nr. 77/2000.

Úrskurðurinn er svohljóðandi:

I.
Grundvöllur máls
Málavextir og bréfaskipti
1.
Tildrög máls

Þann 24. maí 2013 barst Persónuvernd kvörtun frá [Flugvirkjafélagi Íslands] (hér eftir nefnt kvartandi), vegna rafrænnar vöktunar. Beindist kvörtunin annars vegar að Icelandair ehf. og hins vegar að Isavia ohf. Í kvörtuninni segir m.a.:

„Kvartandi fer fram á að Persónuvernd taki til skoðunar og leggi mat á hvort að Icelandair og Isavia brjóti gegn lögum og reglum, m.a. lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og afleiddum

reglum, með myndbandsupptökubúnaði sem settur hefur verið upp á svonefndu airside svæði í austurenda skýlis 8 á Keflavíkurlugvelli. Umræddur búnaður er staðsettur á starfssvæði flugvirkja Icelandair, sem eru félagsmenn kvartanda, Flugvirkjafélags Íslands.

Kvartandi telur ljóst að þeir aðilar sem kvörtun beinist að og eiga aðkomu og standa að uppsetningu eftirlitsbúnaðar hafi í engu uppfyllt þau skilyrði reglna og laga, sem og þau viðmið sem Persónuvernd hefur sett, um uppsetningu slíks búnaðar og framkvæmd eftirlits sem byggist á þeim búnaði.

Komist Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að uppsetning myndbandsupptökubúnaðarins sé ólögmæt eða að brotið hafi verið gegn reglum við uppsetningu hans, gerir kvartandi þá kröfu að Persónuvernd beiti viðeigandi viðurlagaúrræðum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir áframhaldandi brot. [...].“

Þá kemur fram í kvörtuninni að óljóst sé hvort tilskilin leyfi fyrir rafrænni vöktun séu til staðar eða hvort tilkynningarskylda gagnvart Persónuvernd hafi verið uppfyllt. Þá segir að hvorugur þeirra aðila sem kvartað er yfir hafi formlega tilkynnt kvartanda um uppsetningu myndbandsupptökubúnaðar. Kvartandi hafi, eftir ítrekaðar beiðnir um svör, fengið óformleg svör frá Icelandair um fyrirhugaða uppsetningu myndbandsupptökubúnaðar. Engin formleg svör hefðu þó verið veitt um tilgang vöktunarinnar eða hvort að sá tilgangur sé málefnalegur, hversu langt verði gengið í notkun myndbandsupptökubúnaðarinnar, hvort rafræn vöktun verði einungis viðhöfð við öryggiseftirlit eða hvort vinnuskil starfsmanna verði jafnframt vöktuð með búnaðinum. Þar sem félagsmenn kvartanda hafi þurft að undirgangast öryggisskoðun, í því rými sem hin rafræna vöktun nær til og hafi fengið aðgangsskilríki inn á flugverndarsvæði, að undangenginni bakgrunnsathugun lögregluþyrvalda, sjái kvartandi ekki í hvaða tilgangi myndbandsupptaka eigi að fara fram, til viðbótar þeim ströngu aðgangstakmörkunum sem þegar eru til staðar á umræddu svæði. Þá telur kvartandi að gengið sé lengra en nauðsynlegt sé til þess að tryggja öryggi og því sé meðalhóf brotið og með því gengið gegn stjórnarskrárvarinni friðhelgi einkalífs sem starfsmenn njóti. Einnig hafi fræðslu-, upplýsinga- og leiðbeiningaskylda samkvæmt 10. gr. reglna nr. 837/2006, um rafræna vöktun, ekki verið fullnægt og loks hafi andmælaréttur félagsmanna kvartanda verið brotinn þar sem þeim hafi ekki verið veittur andmælaréttur vegna uppsetningu búnaðarinnar til samræmis við 10. gr. reglna nr. 837/2006.

2.

Bréfaskipti

Með bréfi, dags. 4. júní 2013, var Isavia ohf. og Icelandair ehf. tilkynnt um kvörtunina og boðið að koma á framfæri skýringum sínum til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Persónuvernd óskaði sérstaklega eftir upplýsingum um það hver teldist ábyrgðaraðili umræddrar vöktunar, á hvaða heimild í 8., og eftir atvikum 9., gr. laga nr. 77/2000 umrædd vinnsla byggðist, hvernig fræðsluskylda gagnvart hinum skráðu, samkvæmt 20. gr. laga nr. 77/2000, hefði verið virt og hvernig ákvæði reglna nr. 837/2006, um rafræna vöktun, einkum ákvæði 4.-7. og 10. gr., hefðu verið uppfyllt.

Svarbréf Icelandair, dags. 19. júní 2013, barst stofnuninni þann 20. s.m. Þar kom fram að samkvæmt 1. másl. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 985/2011 um flugvernd væri rekstraraðili flugvallar ábyrgur fyrir flugverndarráðstöfunum á og við flugvöll. Isavia væri rekstraraðili Keflavíkurlugvallar og því sé það Isavia sem ákveði tilgang vöktunarinnar, þann búnað sem notaður væri, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna sbr. 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Því væri Isavia ábyrgðaraðili umræddrar vöktunar og hún væri á vegum Isavia en ekki Icelandair. Loks kom fram að Icelandair telji sig ekki eiga aðild að umræddu máli.

Svarbréf Isavia, dags. 19. júní 2013, barst stofnuninni þann 21. s.m. Þar var almennt farið yfir alþjóðlegar og innlendar kröfur um eftirlit með flugi og flugvöllum og skuldbindingar íslenskra stjórnvalda þar að lútandi. Þá kom fram að Flugmálastjórn Íslands, [nú Samgöngustofa], væri það

stjórnvald sem bæri ábyrgð á að innlendir aðilar, t.d. rekstraraðilar flugvalla og flugstöðva, færu að alþjóðlegum skuldbindingum er varða flugvernd. Markmið flugverndar væri að koma í veg fyrir að aðilar sem ekki hafi lögmætt erindi komist inn á haftasvæði flugvalla og um borð í loftför og að koma í veg fyrir að tæki eða efni, sem nota mætti til að valda spjöllum á mannvirki flugvalla eða granda loftförum, kæmst inn á haftasvæði flugvalla og um borð í loftfar.

Þá kom fram að Isavia ohf. væri rekstraraðili Keflavíkurflugvallar og bæri ábyrgð á framkvæmd flugverndar þar, sbr. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 985/2011 um flugvernd, þ.m.t. aðgangsstýringu og eftirliti á skilgreindum svæðum sbr. 2. mgr. 7. gr. og 8. gr. reglugerðarinnar. Þá sagði að allar gátstöðvar Isavia á flugvellingum væru með myndavélavöktun og rafrænum aðgangslesurum en tilgangur eftirlitsins væri að fylgjast með framkvæmd flugverndar, þ.e. aðgangsstjórnun og skimun starfsmanna og hluta sem þeir bæru með sér. Einnig segir að nokkrar byggingar séu á svæðamörkum haftasvæðis flugverndar, þ.e. flugverndargirðing liggja að byggingunum en starfsmenn geti gengið í gegnum þær, inn og út af haftasvæði flugverndar, í samræmi við reglur þar um. Isavia bæri ábyrgð á aðgangsstjórnun og vopnaleit í gegnum þessar byggingar en starfsmenn fyrirtækjanna „sæju um framkvæmdina“, eins og það er orðað í bréfinu. Eftirliti Isavia hafi verið þannig háttað að flugöryggisverðir félagsins hafi farið reglulega í heimsókn og fylgst með framkvæmdinni en ekki hafi verið um stöðugt eftirlit að ræða.

Bréfi Isavia fylgdu afrit af bréfum Flugmálastjórnar Íslands (hér eftir FMS nú Samgöngustofu) til félagsins, dags. 10. ágúst 2007, 8. ágúst 2012 og 21. september 2012, en í þeim segir m.a. að aðgangsstýringu í gegnum byggingarnar hafi verið ábótavant og hafi FMS gert Isavia að setja upp myndavélavöktun á tilgreindum stöðum, n.t.t. á gátstöðvum í þeim byggingum sem liggja á mörkum haftasvæðis flugverndar og almennings, þ.m.t. í þeirri byggingu sem kvörtunin lýtur að. Því næst segir í bréfi Isavia til Persónuverndar að hin rafræna vöktun miði að eftirliti með framkvæmd flugverndar en upptökur væru notaðar til að staðfesta ef um frávik væri að ræða sem kæmi í ljós við vöktunina. Isavia hafi haldið fund þann 29. nóvember 2012 með flugverndarfulltrúum fyrirtækja í byggingum þar sem fyrirhuguð vöktun að kröfu FMS var kynnt. Á fundinum hefði verið minnst á að kynning fyrir starfsmönnum væri nauðsynleg þar sem gerð yrði grein fyrir ástæðum eftirlitsins. Gerði Isavia ráð fyrir að flugverndarfulltrúar sæju um slíka kynningu hver hjá sínu fyrirtæki. Þá hafi merkingar vegna myndavélavöktunar verið hengdar upp jafnóðum og tæknimenn félagsins tilkynntu vöktunina til flugverndardeildar Keflavíkurflugvallar um að myndavélar væru tengdar við upptökudiska. Þá segir að Isavia líti á þetta úrræði sem vægari kost en að loka aðgangi að haftasvæði flugverndar í gegnum þessar byggingar á svæðamörkum haftasvæðis og gera starfsmönnum skylt að fara í gegnum aðgangsstýrð hlið og leit annars staðar á flugvellingum.

Varðandi þær spurningar Persónuverndar sem settar voru fram í bréfi stofnunarinnar frá 4. júní sl. segir í svarbréfi Isavia að Flugmálastjórn Íslands teldist ábyrgðaraðili að hinni rafrænu vöktun í skilningi 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 en [A], væri yfirmaður flugverndar á Keflavíkurflugvelli og bæri ábyrgð á framkvæmd hennar. Vöktunin væri liður í framkvæmd lögmæltis eftirlits sem grundvallaðist á 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna. Þá hafi Isavia haldið fundi með flugverndarfulltrúum fyrirtækjanna sem sæju um að upplýsa framkvæmdastjóra og starfsmenn um vöktunina auk þess sem merkingar hefðu verið settar upp. Loks kom fram að upptökur úr eftirlitsmyndavélum væru einungis notaðar í samræmi við tilgang eftirlitsins og ekki notaðar til annarrar vinnslu eða miðlunar og að trúnaður gildi um meðferð gagnanna samkvæmt 52. gr. reglugerðar nr. 985/2011. Þá væru gögnum sem safnað væri við rafræna vöktun eytt með reglubundnum hætti þegar ekki væri talin þörf fyrir þau.

Með bréfi, dags. 16. júlí 2013, var kvartanda boðið að koma á framfæri athugasemdum sínum við framkomnar skýringar Icelandair og Isavia til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Í svarbréfi kvartanda, dags. 7. ágúst sl., var það áréttað sem fram kom í kvörtun að hún beindist hvort tveggja til þess eftirlits sem fram færi með myndbandsupptöku og sem framkvæmt væri með leit og upplýsingasöfnun af hálfu starfsmanna Icelandair á staðnum. Um eftirlit starfsmanna Icelandair sagði að starfsmenn Icelandair framkvæmi handleit á starfsmönnum gefi vopnaleitartæki frá sér hljóð en umrædd eftirlitsmyndavél fylgist með þessu og fjölmörg dæmi væru um að hringt væri strax í starfsmann Icelandair, sem annist eftirlitið, ef þeim sem að með upptökunni fylgist finnst leitin ekki framkvæmd nægilega vel. Þá sagði kvartandi það ekki vera Isavia sem annist eftirlit á því svæði þar sem starfsmenn komi inn og út af flugverndarsvæði í þessu tilviki heldur starfsmenn Icelandair. Snúi eftirlitið ekki eingöngu að aðgangsstjórnun og öryggi heldur gangi það lengra en það enda safni Icelandair upplýsingum sem snerti vinnuskil og hvernig starfsmenn framkvæmi vinnu sína á svæðinu en þeim upplýsingum væri ekki safnað fyrir Isavia ohf. eða í tengslum við öryggi á flughaftasvæði. Þessu til stuðnings fylgdi bréfi kvartanda afrit af lista yfir skráningu eftirlitsmanns Icelandair á umferð flugvirkja þann 4. og 5. júlí sl., um tilgang ferða hans og hvaða búnað hann hafi með sér inn og út af haftasvæði. Eru flugvirkjar og eftirlitsmaður í hverju tilviki nafngreindir í slíkri dagbók en nöfn þeirra hefðu verið hreinsuð í afriti til Persónuverndar. Þá ítrekaði kvartandi að hann hefði ekki upplýsingar um hverjir hefðu aðgang að myndbandsupptökubúnaði og upptökum úr honum og að starfsmönnum hefði ekki verið tilkynnt formlega um uppsetningu búnaðarins auk þess sem engar reglur hefðu verið settar af ábyrgðaraðila um búnaðinn og það eftirlit sem framkvæmt væri. Þá mótmælti kvartandi því sjónarmiði Icelandair og Isavia að Icelandair gæti ekki verið aðili að kvörtunarmálinu. Fyrrgreint eftirlit Icelandair færi fram í byggingu Icelandair á Keflavíkurflugvelli, hvar upptökubúnaður væri einnig staðsettur og taldi kvartandi engan vafa leika á því að Icelandair safni á staðnum persónugreinanlegum upplýsingum um starfsmenn. Sé Icelandair þannig sjálfstæður vinnsluaðili persónuupplýsinga og hljóti að teljast ábyrgðaraðili í skilningi laga um persónuvernd. Sú kynning sem Isavia vísaði til í bréfi sínu, og gerði ráð fyrir að flugverndarfulltrúar sæju um, hefði ekki átt sér stað. Þá sjái starfsmenn Icelandair um að framkvæma eftirlit á staðnum en slíkt sé á skjön við venjubundna framkvæmd slíks eftirlits t.d. vopna- og öryggisleit farþega og áhafna í Leifsstöð. Loks segir að kvartandi fái ekki séð af hvaða ástæðu einkaaðila, þ.e. Icelandair, sé falið að framkvæma slíkar skoðanir í stað þess að sá aðili er annist öryggiseftirlit á flugvellingum framkvæmi eftirlitið.

Þann 8. nóvember sl. óskaði Persónuvernd frekari skýringa frá Icelandair ehf. um það hvort félagið framkvæmdi eftirlit með starfsmönnum í skýli 8 á Keflavíkurflugvelli og ef svo væri, í hverju slíkt eftirlit fælist, á grundvelli hvaða heimildar í 8. gr., og eftir atvikum 9. gr., laga nr. 77/2000 slík vinnsla byggðist, hvernig skilyrðum 6. gr. reglna nr. 837/2006 um rafræna vöktun hefði verið fullnægt ef umrætt eftirlit færi fram í þeim tilgangi að vakta vinnuskil starfsmanna, hvernig fræðslu- og upplýsingaskylda samkvæmt 10. gr. reglna 837/2006 hefði verið fullnægt og hvort Icelandair hefði aðgang að því myndefni úr eftirlitsmyndavél þeirri sem kvörtun þessi lyti að, og ef svo væri með hvað hætti sá aðgangur væri veittur og nýttur og í hvaða tilgangi. Loks óskaði Persónuvernd eftir afriti af vinnslusamningi hefði Isavia falið Icelandair að framkvæma rafræna vöktun fyrir sína hönd.

Félagið skráði hins vegar verkfæri og önnur aðföng í eigu félagsins sem starfsmenn færu með inn og út af svæðinu í þeim tilgangi að hvetja til agaðrar og skipulagðrar umgengni um verkfæri en slíkt sé alvanalegt á lagerum og vinnustöðum þar sem dýr aðföng fara um hendur starfsmanna. Sá listi sem fylgdi bréfi kvartanda frá 7. ágúst 2013 væri aðeins yfirlit yfir inn- og útskráningu aðfanga og annað markvert sem gerðist á vakt hvers öryggisvarðar. Ekki væri um eftirlit með starfsmönnum að ræða heldur með aðföngum félagsins. Slíkt félli ekki undir hugtökin persónuupplýsingar eða vinnsla samkvæmt 1. og 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Ekki sé um vinnslu persónuupplýsinga að ræða en þótt svo væri teldist hún heimil á grundvelli 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. enda væri tilgangur hennar að gæta lögmætra fjárhagslegra hagsmuna Icelandair sem felist í verðmæti þeirra hluta sem skráðir væru en slíkt skerti ekki frelsi hins skráða. Ekki sé um

vöktun með vinnuskilum að ræða enda ekki skráð hvernig aðföng eru nýtt, hvaða verk starfsmaður vinni, hvað það taki langi tíma eða hvert starfsmaður fari o.s.frv. Þá kom einnig fram að engin fræðslu- eða upplýsingaskylda hvíli á Icelandair þar sem ekki sé um eftirlit með starfsmönnum að ræða. Þá benti Icelandair á að allir starfsmenn fengju útgefinn flugvallarpassa og þurfi að undirgangast svokallað flugverndarvitundarnámskeið en þar sé m.a. farið yfir tilhögun flugverndar á flugvælinum, m.a. myndavélaeftirlit. Loks kom fram að Icelandair hefði ekki aðgang að því myndefni sem safnaðist við rafræna vöktun með notkun eftirlitsmyndavélar, Icelandair óskaði ekki eftir að umrædd vöktun færi fram og „hefur ekki falið Isavia að framkvæma hana“ svo sem segir í svarbréfinu. Því næst segir: „Isavia gerði það að skilyrði fyrir starfsemi Icelandair á svæðinu að Isavia væri með myndavélavöktun. Icelandair hefur því engin úrræði til að hafna því eða banna að vöktunin fari fram. Isavia lætur Icelandair ekki í té afrit af myndefni og félagið hefur ekki aðgang að því með öðrum hætti.“

Með bréfi, dags. 12. desember 2013 bauð Persónuvernd Isavia ohf. að tjá sig um framkomin svör kvartanda, sbr. bréf hans dags. 7. ágúst 2013, og Icelandair, sbr. bréf dags. 21. nóvember sl. Jafnframt óskaði Persónuvernd eftir frekari skýringum varðandi þá vöktun sem framkvæmd væri af Isavia, n.t.t. hvort fram færi upptaka með eftirlitsmyndavél þeirri sem kvörtunin lúti að, hver framkvæmdi þá vöktun, hefði aðgang að myndefninu og í hvaða tilgangi sá aðgangur væri veittur. Jafnframt óskaði Persónuvernd upplýsinga um það hvort starfsmenn Icelandair hefðu aðgang að því myndefni sem safnaðist við hina rafrænu vöktun og ef svo væri, í hvaða tilgangi. Loks var óskað eftir upplýsingum um það hvort Isavia hefði samið við annan aðila um að annast vinnslu persónuupplýsinga, sem fælist í umræddri vöktun, fyrir félagið og ef svo væri hvort gerður hefði verið vinnslusamningur þess efnis til samræmis við ákvæði 13. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Svarbréf Isavia, dags. 6. janúar 2014, barst þann 9. s.m. Þar kemur m.a. fram að tilgangur eftirlits á Keflavíkurflugvelli, sem fari m.a. fram með myndavélavöktun, sé að fylgjast með framkvæmd flugverndar þ.e. aðgangsstjórnun og skimun starfsmanna og hluta sem þeir bæru með sér en reglur um aðgang að viðkæmasta haftasvæði flugverndar geri ráð fyrir „100% skimun þeirra sem fara inn á svæðið“. Einnig sagði í bréfinu að hver og einn rekstraradili á flugvælinum hefði sérstakt hlutverk og bæri ábyrgð á ákveðnum þáttum hennar við framkvæmd starfsemi sinnar. Þá kom fram að Isavia bæri ábyrgð á aðgangsstjórnun og vopnaleyti í gegnum byggingar sem eru á svæðamörkum, þ.e. að hluta til innan haftasvæðis og að hluta til utan, en starfsmenn fyrirtækja sjái um framkvæmdina í samræmi við flugverndaráætlun Íslands enda hafi þau viðurkenningu Samgöngustofu (áður Flugmálastjórnar Íslands). Þá segir að eftirliti félagsins með framkvæmd flugverndar sé þannig háttað að flugöryggisverðir þess hafi farið í heimsókn til að fylgjast með framkvæmd aðgangsstjórnunar og vopnaleyta auk þess sem eftirlit fari fram með myndavélavöktun að kröfu Samgöngustofu en upptökur séu notaðar til að „fylgjast með framkvæmdinni og staðfesta frávik, ef um þau er að ræða.“. Að lokum kom fram að eftirlitsmyndavél í skýli 8, sem kvörtun beinist að, sé á stöðugri upptöku og starfsmenn stjórnstöðvar flugverndar á Keflavíkurflugvell, eftirlitsmenn flugverndardeildar, aðalvarðstjórar og varðstjórar hefðu aðgang að upptökunum. Tilgangur skoðunar á upptökum væri að staðreyna hvort framkvæmd vopnaleyta og aðgangsstjórnunar hefði verið í samræmi við kröfur ef ábending bærist um að framkvæmd væri ekki í takt við kröfur. Þá sagði að upptaka gæti verið notuð til að sýna flugverndarfulltrúa viðkomandi fyrirtækis atvik eða aðstæður þar sem ekki hefði verið farið að reglum um flugvernd. Einnig kom fram að starfsmenn Icelandair hefðu ekki aðgang að upptökunum en óskuðu þeir eftir að fá að sjá upptöku til að staðreyna frávik þá hefði verið á það fallist. Þá kom að lokum fram að ekki hefði verið gerður vinnslusamningur við þriðja aðila um vinnslu persónuupplýsinga fyrir hönd Isavia.

Með bréfi, dags. 12. desember 2013 bauð Persónuvernd kvartanda að koma á framfæri athugasemdum við svarbréf Icelandair frá 21. nóvember sl. auk þess sem stofnunin óskaði eftir nánari skýringum frá kvartanda um það hvaða upplýsingar, sem finna mætti í lista yfir skráningu

verkfæra og aðfanga sem kvartanda hefði sent stofnuninni afrit af með bréfi sínu frá 7. ágúst sl., kvartandi teldi varða annað en inn- og útskráningu verkfæra og fæli þar af leiðandi í sér vöktun með vinnuskilum kvartanda, eins og hann hafði áður haldið fram.

Í svarbréfi kvartanda, dags. 9. janúar 2014, var því mótmælt að listi yfir skráningu verkfæra og aðfanga sem Icelandair innihéldi einungis yfirlit yfir inn- og útskráningu verkfæra og annarra aðfanga. Fæli hann í sér eftirlit með athöfnum og ferðum kvartanda innan vinnustaðar. Þá kom einnig fram að kvartandi teldi Icelandair vakta vinnuskil kvartanda með framangreindri skráningu og með vopnaleyti. Jafnframt kom fram í bréfinu að kvartandi mótmælti því sem Icelandair hefði haldið fram, að engin fræðslu- og upplýsingaskylda hvíldi á félaginu að því er varðaði rafræna vöktun en Icelandair annaðist eftirlit með vopnaleyti í öryggishliði. Þá benti kvartanda einnig á að listi yfir inn- og útskráningu verkfæra færi fram á sama tíma og för kvartanda inn og úr út vopnaleyti ætti sér stað og því væru ferðir og viðvera á einstökum stöðum vinnustaðarins skráðar og tímasettar undir nafni í fyrirnefndri eftirlitsskrá. Af þeirri ástæðu væri hægt að fylgjast með ferðum kvartanda og hvort hann sinnti vinnu á tilteknum stöðum á vinnustaðnum á hverjum tíma en slíkt fæli í sér vöktun með vinnuskilum. Sem dæmi um slíkt benti kvartandi á eftirfarandi færslu úr lista yfir inn- og útskráningar verkfæra frá 4. júlí 2013, en þar sagði:

„kl. 11:01, 4. júlí 2013 - „Flugvirki frá [Keili] kemur í skýli, að tala við [...] á mótör verkstæði og [...]“.

Loks kom fram í bréfi kvartanda að unnið væri með persónuupplýsingar kvartanda í vopnaleyti með stöðugri myndbandsupptöku auk þess sem skráð væri hvort kvarandi færi í handleit og skráðar upplýsingar í „eftirlitsskrá“, n.t.t. lista yfir inn- og útskráningar verkfæra. Þá tók kvartandi fram að hann vissi til þess að Isavia hefði veitt yfirmönnum flugvirkja hjá Icelandair persónugreinanlegar upplýsingar úr vopnaleyti um kvartanda.

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Afmörkun úrlausnarefnis

Kvörtun Flugvirkjafélags Íslands beinist jöfnum höndum að Icelandair ehf. og Isavia ohf. Nánar tiltekið snýr kvörtunin annars vegar að rafrænni vöktun með eftirlitsmyndavél í skýli 8 á Keflavíkflugvelli á vegum Isavia og því eftirliti sem framkvæmt er með vopnaleyti og eftir atvikum handleit. Hins vegar snýr kvörtunin að inn- og útskráningum öryggisvarðar Icelandair í sama skýli á þeim verkfærum og aðföngum félagsins sem félagsmenn kvartanda nota við vinnu sína.

Í kvörtun er vísað til þess að ekki liggi fyrir hvort tilskilinna leyfa til myndbandsupptöku hafi verið aflað eða hvort tilkynningarskylda gagnvart Persónuvernd hafi verið uppfyllt. Í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, er veitt heimild til rafrænnar vöktunar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum m.a. því að hún fari fram í öryggis- og eignavörsluskyni sbr. 1. tölul. 2. mgr. 9. gr. Fram hefur komið að sú rafræna vöktun sem kvörtun þessi lýtur að, af hálfu Isavia, fari fram í slíkum tilgangi. Ekki þarf því að afla sérstaks leyfis Persónuverndar fyrir henni. Þá segir í 7. gr. reglna nr. 712/2008, um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga, að ekki þurfi að senda Persónuvernd tilkynningu um vöktun sé hún nauðsynleg og fari einungis fram í öryggis- og eignavörsluskyni, hafi þeir sem henni sæta fengið fræðslu um hana til samræmis við 20. gr. laga nr. 77/2000 og aðrir fengið viðvaranir til samræmis við 24. gr. sömu laga.

Einnig er vísað til þess í kvörtun, með vísan til upplýsingaskorts um tilgang og afmörkun hinnar rafrænu vöktunar, að með eftirlitsbúnaðinum sé farið á svig við stjórnarskrárvarða friðhelgi einkalífs félagsmanna kvartanda samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar.

Þá er ágreiningur um að hvaða marki Isavia annars vegar og Icelandair hins vegar hafi verið heimil vinnsla persónuupplýsinga um félagsmenn kvartanda, m.a. með rafrænni vöktun, og hvort sú vinnsla hafi verið í samræmi við ákvæði laga nr. 77/2000 ásamt því hvort fræðsluskyldu samkvæmt 20. gr. hafi verið fullnægt.

2.

Gildissvið laga nr. 77/2000

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Rafræn vöktun er vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði og fer fram á almannafæri eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði, sbr. 6. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Hugtakið tekur til vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga og sjónvarpsvöktunar sem fram fer með notkun sjónvarpsmyndavéla, vefmyndavéla eða annars samsvarandi búnaðar, án þess að fram fari söfnun myndefnis eða aðrar aðgerðir sem jafngilda vinnslu persónuupplýsinga.

Af framangreindu er ljóst að hér ræðir um meðferð persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

3.

Lögmæti vinnslu

3.1.

Lögmæti vinnslu hjá Isavia ohf.

Til að rafræn vöktun sé heimil verður að vera fullnægt skilyrðum 1. mgr. 4. gr. laga nr. 77/2000. Þar er kveðið á um að rafræn vöktun sé ávallt háð því skilyrði að hún fari fram í málefnalegum tilgangi. Rafræn vöktun svæðis, þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði, er jafnframt háð því skilyrði að hennar sé sérstök þörf vegna eðlis þeirrar starfsemi sem þar fer fram. Einnig verður m.a. að gæta að því við rafræna vöktun að með merki eða á annan áberandi hátt sé gert glögglega viðvart um vöktunina og hver sé ábyrgðaraðili, sbr. 24. gr. laganna.

Eins og fram hefur komið er hér um að ræða rafræna vöktun sem leiðir til vinnslu persónuupplýsinga. Svo að vinnsla slíkra upplýsinga sé heimil verður einhverju þeirra skilyrða, sem kveðið er á um í 8. gr. laga nr. 77/2000, að vera fullnægt. Að því marki sem hér kann að vera um viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða, s.s. um grun um refsiverða háttsemi, sbr. a-lið 8. tölul. 2. gr. sömu laga, verður einnig að líta til 9. gr. laganna, en þar er mælt fyrir um viðbótarskilyrði fyrir vinnslu slíkra upplýsinga. Þarf vinnslan þá að fullnægja einhverju þeirra skilyrða, auk einhvers skilyrðanna í 8. gr.

Það ákvæði 8. gr., sem hér kemur einkum til álita, er 3. tölul. 1. mgr. 8. gr., þess efnis að vinna megi með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að fullnægja lagaskyldu. Af ákvæðum 9. gr. kemur einkum til álita 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. um heimild til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga standi sérstök heimild til vinnslunnar samkvæmt öðrum lögum.

Isavia ohf. hefur m.a. það hlutverk að annast rekstur og uppbyggingu flugvalla sbr. 5. gr. laga nr. 102/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands. Í 7. gr. reglugerðar nr. 985/2011 um flugvernd segir að rekstraraðili flugvallar sé ábyrgur fyrir flugverndarráðstöfunum á og við flugvöll, aðgangsstýringu inn á flugvöllinn, eftirliti og eftirlitsferðum á skilgreindum svæðum sem eru hluti af flugvellinum. Þá hefur fram komið af hálfu Isavia, sbr. bréf félagsins dags. 19. júní sl., að félagið sé rekstraraðili Keflavíkurflugvallar og beri ábyrgð á framkvæmd flugverndar þar, þ.m.t. aðgangsstýringu og eftirliti á skilgreindum svæðum m.a. í gegnum byggingar á svæðamörkum haftasvæðis flugverndar Keflavíkurflugvallar.

Einnig hefur komið fram af hálfu Isavia að rafræn vöktun sé viðhöfð á öllum gátstöðvum félagsins á Keflavíkurflugvelli og að hún miði að eftirliti með framkvæmd flugverndar, þ.e. aðgangsstjórnun og skimun starfsmanna og hluta sem þeir bera með sér. Þá hafi Flugmálastjórn Íslands, nú Samgöngustofa, talið að aðgangsstýring í gegnum byggingar Isavia á svæðamörkum haftasvæðis Keflavíkurflugvallar hefði verið ábótavant og af þeirri ástæðu gert Isavia að setja upp myndavélavöktun á gátstöðvum í umræddum byggingum, m.a. í þeirri byggingu sem kvörtunin lýtur að sbr. afrit af bréfi Flugmálastjórnar Íslands frá 8. ágúst 2012 (tilvísunarnr. FMS12070285). Myndefni sem safnast við rafræna vöktun er einungis notað til staðfestingar ef frávik koma í ljós við vöktunina.

Í reglugerð nr. 125/2006 um innleiðingu reglugerða á sviði flugverndar, sbr. reglugerð framkvæmdastjórnar EB nr. 1138/2004 um sameiginlega skilgreiningu á viðkvæmustu hlutum haftasvæða flugverndar á flugvöllum, sbr. og 70. og 145. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir, hvílir sú skylda á Samgöngustofu og Isavia ohf. að hafa eftirlit með aðgangi að tilteknum svæðum á flugvellinum. Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 er heimilt að vinna með persónuupplýsingar sé vinnslan nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila. Samkvæmt 6. tölul. sömu málsgreinar er vinnsla auk þess heimil sé hún nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili, eða þriðji maður, sem upplýsingum er miðlað til, fer með.

Persónuvernd gerir ekki athugasemdir við framangreindan tilgang vöktunarinnar til að hafa eftirlit með framkvæmd flugverndar á og við flugvöll og með aðgangsstýringu inn á flugvöllinn, eftirliti og eftirlitsferðum á skilgreindum svæðum sem eru hluti af flugvellinum og verndun mannvirkja í ljósi ákvæða reglugerðar nr. 125/2006 sbr. og 7. gr. reglugerðar nr. 985/2011. Í ljósi þess og alls framangreinds telur Persónuvernd umrædda vinnslu Isavia ohf. samrýmast lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þar sem vöktunin hvílir á lagaheimild og hún hefur lögmætan tilgang, auk þess sem ekki verður séð að hún gangi of langt til að ná markmiði sínu, verður ekki fallist á að hún sé í andstöðu við 71. gr. stjórnarskrárinnar.

3.2.

Fræðsluskylda til hins skráða

Í kvörtuninni er einnig vikið að því að ábyrgðaraðili hafi ekki rækt fræðsluskyldu sína samkvæmt 20. gr. laga nr. 77/2000. Þar segir m.a. að þegar ábyrgðaraðili afli persónuupplýsinga hjá hinum skráða sjálfum skuli hann fræða hinn skráða um þau atriði sem hann þarf að vita, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna. Í 10. gr. reglna nr. 837/2006 um rafræna vöktun er sömuleiðis að finna ákvæði um fræðslu sem veita ber þeim sem sæta rafrænni vöktun. Segir þar m.a. að þeim skuli veitt fræðsla um tilgang vöktunar, hverjir hafi eða kunni að fá aðgang að þeim upplýsingum sem safnast og hversu lengi þær verði varðveittar.

Í máli þessu hefur komið fram af hálfu kvartanda að fræðsla hafi ekki verið veitt. Sönnunarbyrði um það hvort fræðsla hafi verið veitt með fullægjandi hætti hvílir á ábyrgðaraðila. Af hans hálfu hefur komið fram að hin rafræna vöktun sem kvörtun þessi lýtur að miði að eftirliti með framkvæmd flugverndar og að upptökur séu notaðar til að staðfesta frávik sem komi í ljós við

vöktunina. Hafi Isavia hafi haldið fund þann 29. nóvember 2012 með flugverndarfulltrúum fyrirtækja í flugrekstri í umræddum byggingum, á svæðamörkum haftasvæða, þar sem umrædd vöktun var kynnt. Þá hefur jafnframt komið fram af hálfu Isavia að á umræddum fundi hefði verið minnst á að kynning fyrir starfsmönnum væri nauðsynleg þar sem gerð yrði grein fyrir ástæðum eftirlitsins og að Isavia „hafi gert ráð fyrir að flugverndarfulltrúar sæju um slíka kynningu hver hjá sínu fyrirtæki.“ Að öðru leyti hefur Isavia ekki sýnt fram á að fræðsluskyldu samkvæmt 20. gr. laga nr. 77/2000, sbr. einnig 10. gr. reglna nr. 837/2006, hafi verið fullnægt.

Liggur því ekki fyrir að félagsmönnum kvartanda hafi verið veitt fræðsla svo sem skylt er samkvæmt 20. gr. laga nr. 77/2000. Ábyrgðaraðila ber að veita hinum skráðu, sem sæta hinni rafrænu vöktun, fræðslu, t.a.m. með útgáfu starfsmannahandbókar sem kynnt verði starfsmönnum sérstaklega, þar sem fram komi þau atriði sem talin eru upp í 10. gr. reglna nr. 837/2006, sbr. 20. gr. laga nr. 77/2000.

3.3.

Lögmæti vinnslu hjá Icelandair ehf.

Svo að vinna megi með persónuupplýsingar þarf ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. er vinnsla persónuupplýsinga heimil sé hún nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra.

Að auki verður vinnsla persónuupplýsinga að samrýmast öllum grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000. Þar er mælt fyrir um að þess skuli gætt við meðferð persónuupplýsinga að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.) og að þær séu nægilegar og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.).

Af hálfu kvartanda er því haldið fram að vinnsla persónuupplýsinga á vegum Icelandair, n.t.t. leit og upplýsingasöfnun af hálfu öryggisvarðar Icelandair í skýli 8, fari fram í þeim tilgangi að vakta vinnuskil og meta hvernig félagsmenn kvartanda framkvæma vinnu sína á svæðinu. Af hálfu Icelandair ehf. hefur þeirri fullyrðingu verið mótmælt og því haldið fram að Icelandair skrái eingöngu þau verkfæri og aðföng í eigu félagsins sem starfsmenn fari með inn og út af umræddu svæði í þeim tilgangi að gæta lögmætra fjárhagslegra hagsmuna félagsins og telji Icelandair umrædda vinnslu heimila á grundvelli 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Í umrædda skrá sem Persónuvernd hefur borist sýnishorn af eru einungis skráðar tímasetningar og inn- og útskráning tiltekinna verkfæra. Í einstaka tilvikum er tiltekið nafn þess starfsmanns sem fær tiltekið verkfæri. Persónuvernd fær ekki séð að þar séu skráðar upplýsingar um tilgang ferða félagsmanna kvartanda.

Þá er markmið flugverndar að stuðla að auknu öryggi í flugi með bættri flugvernd og viðeigandi ráðstöfunum til að koma í veg fyrir ólöglegar aðgerðir sem beinast gegn almenningsflugi sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 985/2011 m.a. að koma í vef fyrir að aðilar sem ekki hafi lögmætt erindi komist inn á haftasvæði flugvalla og um borð í loftör og að koma í veg fyrir að tæki eða efni, sem nota megi til að valda spjöllum á mannvirkjum flugvalla eða granda loftförum, komist inn á haftasvæði flugvalla og um borð í loftför eins og fram kemur í bréfi Isavia, dags. 19. júní 2013.

Með vísan til framangreinds telur Persónuvernd vinnslu Icelandair á upplýsingum um inn- og útskráningar aðfanga Icelandair fara fram í málefnalegum tilgangi og að þær séu ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar og samrýmist hún því 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

3.4.

Framsal Isavia á eftirlitsheimild til þriðja aðila

Í máli þessu liggur ekki fyrir að Isavia hafi falið Icelandair að framkvæma vinnslu persónuupplýsinga fyrir sig, með rafrænni vöktun eða á annan hátt. Engu að síður kemur fram í bréfi Isavia, dags. 19. júní 2013, að Isavia beri ábyrgð á aðgangsstjórnun og vopnaleit í gegnum byggingar á haftasvæði flugverndar en „starfsmenn fyrirtækja sjái um framkvæmdina“. Af því tilefni skal bent á að af þeim lagaheimildum sem Isavia hefur vísað til, sem heimild fyrir umræddri vinnslu persónuupplýsinga, verður ekki ráðið að Isavia, sem opinberum eftirlitsaðila, sé heimilt að framselja tilteknum samkeppnisaðilum í flugrekstri að framkvæma eftirlit fyrir sína hönd án skýrrar lagaheimildar.

Úrskurðarorð:

Isavia ohf. er heimilt að viðhafa rafræna vöktun í skýli 8 á Keflavíkurflugvelli í þeim tilgangi að tryggja flugverndarráðstafanir á og við flugvöll og hafa eftirlit á skilgreindum svæðum. Lagt er fyrir Isavia ohf. að fræða hina skráðu um vöktunina í samræmi við 10. gr. reglna nr. 837/2006, sbr. 20. gr. laga nr. 77/2000. Fyrir 1. mars 2014 skal Persónuvernd berast staðfesting frá Isavia á því að slík fræðsla hafi verið veitt.

Vinnsla Icelandair hf. á upplýsingum um inn- og útskráningu aðfanga félagsins hjá starfsmönnum þess samrýmist lögum nr. 77/2000.

3.2.3. Ósannað að leynileg, rafræn vöktun hafi farið fram – mál nr. 2013/662

Í samræmi við niðurstöðu á fundi stjórnar Persónuverndar hinn 16. janúar 2014 var tekin eftirfarandi ákvörðun í máli nr. 2013/662:

I.

Málavextir og bréfaskipti

Hinn 22. maí 2013 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] (hér eftir nefndur „kvartandi“), dags. s.d., yfir að [B], nágranni hans, tæki upp bæði hljóð og mynd í garði hans. Samhliða afhendingu kvörtunarinnar sendi kvartandi stofnuninni ljósmynd af myndavélinni í tölvupósti. Í kvörtun segir:

„Kvartað er yfir örsmárri felumyndavél sem tekur upp hljóð og mynd sem [B] hefur beint út í garð sem einungis íbúar efri hæðar nota, í þeim augljósa tilgangi að njósna um íbúa og þar með valda miklum óhug á heimili okkar.“

Þá kemur fram að kvartandi hafi aflað sér upplýsinga um eiginleika umræddrar myndavélar. Um þá segir:

„– Mini DV 1280x960, 5,0 mega-pixla-vél, video-upptaka 85 mín, hljódupptaka 3 tímar, myndavél, video, hljódupptaka og vefmyndavél.

– Hreyfiskynjari sem tekur upp ef einhver hreyfing er við myndavélina.

– HD-video-upptaka.“

Með bréfi, dags. 4. júní 2013, var [B] veitt færi á að tjá sig um framangreinda kvörtun, en hjálögð var útprentun af fyrrnefndri ljósmynd. Hinn 6. s.m. barst tölvubréf frá honum þar sem hann óskaði eftir að fá ljósmyndina á stafrænu formi. Sú beiðni var ítrekuð með tölvubréfi hinn 17. s.m., en auk þess tekur [B] þar meðal annars fram að kvartandi hafi aldrei haft samband við sig vegna umræddrar myndavélar. Að öðru leyti taldi [B] sér ekki fært að tjá sig efnislega um málið þar eð hann hefði ekki fengið fyrrnefnda ljósmynd í hendur á stafrænu formi. Með tölvubréfi hinn 26. júní 2013 varð Persónuvernd við beiðni hans þar að lútandi og veitti honum jafnframt viðbótarfrest til 4. júlí s.á. til að koma á framfæri efnislegum athugasemdum.

Hinn 28. júní 2013 hafði kvartandi samband við Persónuvernd símleiðis og spurði hvort svör hefðu borist frá [B]. Greindi Persónuvernd þá kvartanda frá framangreindum tölvupóstsamskiptum 6., 17. og 26. júní 2013. Síðar um daginn kom eiginkona hans á skrifstofu stofnunarinnar og sótti afrit af þeim.

Með bréfi til [B], dags. 24. júlí 2013, minnti Persónuvernd á að ekki hefði borist efnislegt svar við fyrrnefndu bréfi stofnunarinnar til hans, dags. 4. júní s.á. Var honum ítrekað veitt færi á athugasemdum og bárust þær hinn 8. ágúst 2013. Þar kemur fram af hans hálfu að ljósmynd af myndavél á glugga á heimili hans, sem fylgt hafi kvörtun, hafi verið tekin í óleyfi. Þá segir meðal annars að kvörtunin sé byggð á röklausum forsendum.

Hinn 8. ágúst 2013 hafði kvartandi samband við skrifstofu Persónuverndar símleiðis og spurði hvort stofnuninni hefði borist svar frá [B]. Starfsmaður, sem var með málið, var í sumarleyfi en sendi kvartanda texta svars [B] í tölvupósti að leyfinu loknu, þ.e. hinn 4. september 2013. Þá var kvartanda veitt færi á að tjá sig um svarið. Hann gerði það með bréfi, dags. 17. september 2013. Þar segir meðal annars:

„Mál þetta á sér nokkra forsögu en í október 2012 ræða [A] og móðir hans [C], við [B] meðal annars vegna stórs myndavélaþrífótar sem við íbúar efri hæðar sáum að búið var að koma fyrir úti glugga og honum þar beint úti garð okkar.

[B] brást ókvæða við spurningum þess efnis hvort hann væri að taka okkur íbúa efri hæðar upp í garðinum eða í hvaða tilgangi þessum búnaði væri beint úti garð okkar.

Það mátti því vera [B] fullljóst að við mundum ekki setta okkur við slíka háttsemi, því lítum við svo á að um mjög skýran brotavilja sé að ræða, þ.e.a.s að verða sér útum búnað sem samkvæmt upplýsingum okkar fæst ekki á landinu og gengur undir nafninu spycam og nýta í tilgangi sem okkur er hulin ráðgáta.

Við undirrituð getum ekki vitað hvenær [B] kom búnaðinum fyrir, okkur varð það aftur á móti ljóst 22. maí 2013 og leitum þá strax með málið til Persónuverndar, að sama skapi vitum við ekki hvar hann er niðurkominn í dag en ekki er hægt að sjá þann upptökubúnað sem um ræðir í þeim sama glugga og þegar kvörtun okkar var lögð fram þegar þetta er ritað.

Einsog fram hefur komið þá fylgdi stafræn mynd kvörtun okkar til staðfestingar, hafi það aftur á móti ekki verið fullnægjandi þá hefur á annan tug vitna skrifað undir að hafa séð upptökubúnaðinn máli okkar til enn frekari staðfestingar.“

Framangreindu svari kvartanda fylgdi skjal með framangreindum undirskriftum, alls tólf talsins.

Með bréfi, dags. 20. september 2013, var [B] boðið að tjá sig um umrætt svar kvartanda, en ljósrít af áðurnefndum undirskriftum var hjálagað. Hann svaraði með tölvubrési hinn 2. október 2013. Þar er meðal annars áréttuð sú afstaða hans að rökstuðning vanti fyrir ásökun um uppsetningu felumyndavélar. Þá kemur fram að hann telur ekki nógu skýrt í hverju meintar njósnir eigi að felast eða að hverju myndavélinni hafi verið beint.

Með bréfi, dags. 30. október 2013, óskaði Persónuvernd þess af [B] að hann svaraði til um (a) hvort hann hefði tekið upp hljóð og mynd í garði kvartanda, (b) í hvaða mæli slíkar mynda- og upptökur hefðu þá verið (t.d. hvort þær hefðu verið reglubundnar eða viðvarandi) og (c) hvaða rök hann teldi þær þá styðjast við. [B] svaraði með tölvubrési hinn 11. nóvember 2013. Þar er rakin saga deilna hans og kvartanda í allitarlegu máli. Þá kemur fram sú afstaða að kvartandi fari ekki með rétt mál, sbr. eftirfarandi orð:

„Einnig skal kvartari bara gjöra svo vel að framreiða hver önnur gögn sem styðja fullyrðingar hans um aðrar meintar „njósnir“ og vera ekki að láta ímyndunaraflið hlaupa með sig í gönur og ljúga öllu illu uppá kvörtunarþola.“

II.

Niðurstæða

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga og handvirka vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru skilgreindar í 1. tölul. 2. gr. laganna sem sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi. Hugtakið vinnsla er skilgreint sem sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laganna. Í athugasemdum við það ákvæði í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Rafræn vöktun er vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði og fer fram á almannafæri eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði, sbr. 6. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Hugtakið tekur til vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga og sjónvarpsvöktunar sem fram fer með notkun sjónvarpsmyndavéla, vefmyndavéla eða annars samsvarandi búnaðar, án þess að fram fari söfnun myndefnis eða aðrar aðgerðir sem jafngilda vinnslu persónuupplýsinga.

Eins og rakið hefur verið lýtur kvörtun að því að sett hafi verið upp leynileg niðurnamyndavél sem taki upp hljóð og mynd í garði kvartanda. Í notkun slíkrar myndavélar fælist vinnsla persónuupplýsinga um hann, sem og rafræn vöktun í framangreindum skilningi.

Í máli þessu liggur ekki fyrir sönnun um að sú myndavél, sem kvörtun tilgreinir, hafi í raun verið nýtt til leynilegrar, rafrænnar vöktunar og söfnunar persónuupplýsinga í tengslum við hana. Ekki er því staðreynt að [B] hafi viðhaft slíka vöktun í garði [A] og safnað persónuupplýsingum í tengslum við hana þannig að fari í bága við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í samræmi við það er niðurstæða stofnunarinnar sú að ekki sé unnt að skera úr um hvort brotið hafi verið gegn lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

3.2.4. Ekki unnt að leysa úr ágreiningi um töku ljósmynda – mál nr. 2013/666

Persónuvernd lauk afskiptum af máli þar sem kvartað var yfir töku ljósmynda af sameign fjöleignarhúss í þeim tilgangi að lýsa umgengni kvartanda. Ágreiningur var uppi um staðreyndir máls, m.a. hvort brýnt og málefnalegt tilefni hefði verið til að taka umræddar ljósmyndir, sem og hverjar kringumstæður hefðu verið að öðru leyti. Taldi Persónuvernd sig ekki hafa úrræði að lögum til að greiða úr þeim ágreiningi.

Ákvörðun Persónuverndar í máli nr. 2013/666:

I.

Málavextir og bréfaskipti

Hinn 23. maí 2013 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] (hér eftir nefnd „kvartandi“), dags. s.d., yfir að [B], nágrenni hennar og íbúi í sama húsi, hafi tekið ljósmyndir af henni og börnum hennar úti í garði við heimili þeirra, sett í möppu og farið með á fund Húseigendafélagsins. Ítrekað hafi kvartandi óskað eftir að [B] léti af þessari háttsemi en árangurslaust.

Með bréfi, dags. 10. september 2013, var [B] veitt færi á að tjá sig um framangreinda kvörtun. Hún svaraði með tölvubrési hinn 24. s.m. þar sem fram kemur að á árinu 2007 hafi verið tekin ljósmynd af trampólíni sem komið hafi verið fyrir við svefnherbergisglugga íbúðar hennar en síðar fært til. Á ljósmyndinni, sem sé í möppu sem farið hafi verið með á aðalfund Húseigendafélagsins árið 2012, megi sjá dóttur kvartanda og tvær aðrar stúlkur. Aðrar myndir í möppunni sýni óviðunandi umgengnishætti kvartanda innanhúss sem utan.

Með bréfi, dags. 14. október 2013, var kvartanda veitt færi á að tjá sig um framangreint svar [B]. Kvartandi svaraði með tölvubréfi hinn 27. október 2013. Þar segir að í umræddu albúmi hafi verið alls kyns myndir, s.s. af hlutum í eigu kvartanda sem hún hafi talið í lagi að leggja frá sér um stundarsakir í sameiginlegu þvottahúsi. Þá hafi hún orðið vör við að ljósmyndir væru teknar í laumi, en þegar hún hafi verið að færa til framangreint trampólín árið 2007 hafi hún tekið eftir flassi út um svefnherbergisglugga efri hæðar, litið upp og séð [B] loka glugganum með myndavél í hendi. Með vísan til þessa spyr kvartandi hvort einhver lög nái yfir umræddar myndatökur sem fari fram í laumi og án nokkurs leyfis á hennar eigin heimili í því skyni að sverta persónu hennar. Þá er þess krafist að [B] verði látin afhenda Persónuvernd albúmið til vörslu hjá stofnuninni.

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga og handvirka vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru skilgreindar í 1. tölul. 2. gr. laganna sem sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi. Hugtakið vinnsla er skilgreint sem sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laganna. Í athugasemdum við það ákvæði í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Óumdeilt er að tekin hefur verið ljósmynd af dóttur kvartanda, sem og að teknar hafa verið ljósmyndir af munum í eigu kvartanda í þeim tilgangi að lýsa umgengni hennar um sameign. Í þessu felst vinnsla persónuupplýsinga í framangreindum skilningi.

2.

Til að vinna megi með persónuupplýsingar þarf ávallt að vera fullnægt einhverju þeirra skilyrða fyrir vinnslu slíkra upplýsinga sem mælt er fyrir um í 8. gr. laga nr. 77/2000 nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögnum. Í 2. mgr. 3. gr. laganna er að finna slíkt undanþáguákvæði, þess efnis að lögin gilda ekki um meðferð einstaklings á persónuupplýsingum sem einvörðungu eru ætlaðar til persónulegra nota. Ljóst er að ef upplýsingar eru gerðar aðgengilegar þriðja aðila getur undanþága samkvæmt þessu ákvæði ekki átt við. Svo háttar til í máli þessu og þarf því umrædd vinnsla að samrýmast einhverju framangreindra skilyrða 8. gr.

Það ákvæði 8. gr. laga nr. 77/2000, sem einkum getur reynt á í máli þessu, er 7. tölul. 1. mgr., en þar er mælt fyrir um heimild til vinnslu persónuupplýsinga sem nauðsynleg er til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra. Ekki er hægt að útiloka að taka á ljósmyndum, sem sýna umgengni tiltekins íbúa í sameign fjöleignarhúss, geti samrýmst þessu ákvæði. Sé íbúi úr húsinu á meðal myndefnis þarf strangari skilyrðum en ella að vera fullnægt. Í því felst þó ekki að taka ljósmynda, þar sem einstaklingur kemur fyrir án hans samþykkis, sé með öllu óheimil heldur getur það farið eftir aðstæðum, m.a. hvort ljósmyndin sé viðkomandi á einhvern hátt til hnjóðs, hvort viðkomandi hafi verið fylgt eftir í því skyni að taka ljósmyndir af honum leynilega eða hvort viðkomandi birtist aðeins á ljósmynd af tilviljun.

Í gögnum málsins kemur fram að ágreiningur er um hvort brýnt og málefnalegt tilefni hafi verið til að taka umræddar ljósmyndir, sem og hverjar kringumstæður hafi verið að öðru leyti. Þar er um að ræða ágreining um staðreyndir máls sem Persónuvernd hefur ekki úrræði að lögum til að greiða úr. Í samræmi við það er niðurstaða stofnunarinnar sú að ekki sé unnt að skera úr um hvort brotið hafi verið gegn lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

3.2.5. Uppflettingar læknis í sjúkraskrá fyrrum sjúklings – mál nr. 2013/1085

Persónuvernd úrskurðaði þann 13. febrúar 2014 um að tilteknar uppflettingar læknis í sjúkraskrá kvartanda hafi, eins og á stóð, verið óheimilar.

Úrskurður Persónuverndar í máli nr. 2013/1085:

I.
Grundvöllur máls
Málavextir og bréfaskipti
1.
Tildrög máls

Þann 13. september 2013 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] (hér eftir nefndur kvartandi), vegna meintra óeðlilegra uppflettinga í sjúkraskrá hans hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU). Í kvörtuninni segir m.a.:

„Þann 17.12.2012 sendi ég formlega kvörtun til [B] hjá HSU vegna ófagmannlegrar framkomu og hegðunar [[C], læknis á HSU] í minn garð dagana [...]2012 og aftur [...]2012 þegar ég var í afplánun í stuttan tíma [í fangelsinu X].[...]

Mér barst svo svarbréf frá [C] í byrjun feb. 2013 sem var skrifað þann 31.01.2013 þar sem hann leitast við að svara athugasemdum mínum og lýsir sinni hlið á málinu sem honum er að sjálfsögðu frjálst og eðlilegt að gera. Það sem ég vill kvarta hér [yfir] er að þann 05.01.2013 og nokkrum sinnum eftir það þá fer [C] inn á mína sjúkraskrá og nýtir sér upplýsingar sem ég gaf [K] geðlækni til að svara ágreiningi okkar á milli.[...]

Ég hef útprentun þar sem [C] fer inn í mína sjúkraskrá þann 05.01.2013[,] tvisvar sinnum þann 03.02.2013[,] aftur þann 08.02.2013[,] fjórum sinnum þann 11.02.2013 og svo aftur þann 16.02.2013[. Þetta eru alls 9 sinnum og allt án þess að ég hafði hugmynd um það og ekki í neinum læknisfræðilegum tilgangi.“

Í kvörtuninni er einnig tiltekið að framkvæmdastjóri lækninga á HSU hafi með bréfi þann 19. apríl 2013 vísað kvörtun [A] til HSU til landlæknis. Með kvörtun [A] til Persónuverndar fylgdi afrit af framangreindu bréfi framkvæmdastjóra lækninga á HSU til landlæknis, en þar segir m.a.:

„1. [A]kvartar undan því að [C], sérfræðingur í heimilislækningum, hafi verið æstur og ekki sinnt sér vel þegar hann leitaði til hans í fyrsta viðtal og það er viðtal sem vísað er í. Um er að ræða viðtal [í apríl] 2012. [A] lýsir því að hann hafi, út af sjúkdómi sínum, ætlað að ræða við [C] um ýmiss vandamál m.a. að hann taki lyf sem hann þarf nauðsynlega á að halda.[...] Kvartað er um ótilhlýðilega hegðun læknis.[...]

2. Hann gerir athugasemd við svarbréf [C].[...] Hann bendir á að [C] hafi enga heimild til þess að fletta upp í sjúkraskrá til þess að svara þessu og allra síst að skoða viðtal geðlæknis. Ég mun þó hafa tjáð [A]að [C] eigi erfitt með að svara ásökunum hans nema skoða sjúkraskrána. Ég er sammála því að það sé umdeilanlegt hvort þessar upplýsingar eigi erindi í þetta svarbréf.[...]

3. [A] telur að um ósannindi sé að ræða.[...]

[C] er nú í löngu leyfi [og] hefur klárað málið frá sínum bæjardýrum sé[ð], ég hef beðist afsökunar f.h. stofnunarinnar á misheppnuðum samskiptum. Það sem eftir stendur er að svara því hvort [C] hafi haft heimild til þess að skoða sjúkraskrána og hvort upplýsingarnar í því bréfi sem hann sendi séu eðlilegar.“

Með kvörtuninni fylgdi einnig afrit af svarbréfi landlæknis til framkvæmdastjóra lækninga á HSU, dags. 28. júní 2013, en þar segir m.a.:

„[A] hefur beint erindi sínu til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands sem athugasemd vegna þjónustu, svo sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 28. gr. laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997 og hefur erindið fengið umfjöllun og afgreiðslu í samræmi við það.

Vilji sjúklingur hins vegar kvarta yfir meðferð getur hann beint kvörtun til landlæknis, sbr. 2. mgr. 28. gr. laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997 og 2. mgr. 12. gr. laga um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007. Þarf sjúklingur þá að senda landlækni kvörtun og gera skýra grein fyrir því í hverju hann telur meinta vanrækslu, mistök eða ótilhlýðilega framkomu hafa verið fólgin. Ennfremur hvar og hvenær slíkt hafi átt sér stað. Embætti landlæknis hefur ekki borist kvörtun vegna heilbrigðisþjónustu frá [A].

Í bréfi þínu segir að þú hafir farið yfir nokkur mál með honum og vísir máli sem nánar er tilgreint til landlæknis til skoðunar. Ekki verður séð að málið heyri undir embætti landlæknis til skoðunar og því verður erindi þitt með bréfi dags. 19. apríl 2013 því ekki tekið til efnislegrar umfjöllunar hjá landlækni.“

Með tölvupósti, móttæknum þann 24. september 2013, staðfesti kvartandi að engin kvörtun væri til meðferðar hjá embætti landlæknis varðandi uppflettingar [C] í sjúkraskrá hans.

2.

Bréfaskipti

Með bréfi, dags. 25. september 2014, var HSU boðið að koma á framfæri skýringum vegna kvörtunarinnar til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Persónuvernd barst ódagsett svarbréf [B], þann 18. október 2013. Í því er einkum vísað til bréfs frá [C] til HSU, dags. 31. janúar 2013, þar sem hann skýrir út hvers vegna hann taldi sig þurfa að skoða sjúkraskrá kvartanda en HSU hafði óskað skýringa frá honum þann 17. desember 2012 vegna erindis kvartanda til HSU um framkomu og hegðun [C] gagnvart kvartanda vorið 2012. Hafði kvartandi áður haft samskipti við [B] af sama tilefni, 7. og 26. október 2012. Í bréfi [C] til HSU sagði frá komum kvartanda til hans dagana [...] og [...] 2012 þegar kvartandi var í afplánun í fangelsinu [í fangelsinu X], en [C] sinnti einnig störfum sem læknir í fangelsinu á þeim tíma. Lauk kvartandi afplánun sinni þann 30. september 2012 og mun ekki hafa leitað lækni meðferðar hjá [C] eða HSU eftir það.

Persónuvernd óskaði eftir frekari upplýsingum frá framkvæmdastjóra lækninga á HSU með bréfi, dags. 24. október 2013. Nánar tiltekið benti stofnunin á að kvörtunin lúti að óeðlilegum uppflettingum [C] í sjúkraskrá kvartanda á tímabilinu október 2012 til febrúar 2013, en kvartandi tilgreini m.a. sérstaklega uppflettingar sem áttu sér stað eftir ritun áður nefnds bréfs [C] til HSU, dags. 31. janúar 2013. Þá fjallaði bréf [C] einnig einungis um samskipti hans og kvartanda [í apríl] og [maí] 2012. Af þeim sökum skýrði bréf [C] ekki meintar uppflettingar hans í sjúkraskrá kvartanda á tímabilinu október 2012 til febrúar 2013 og þess vegna hefði framkvæmdastjóri lækninga ekki veitt fullnægjandi skýringar á því hvort uppflettingarnar væru lögmætari að mati HSU, enda væri HSU ábyrgðaraðili þeirra sjúkraskráa sem hér um ræðir í skilningi laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár. Óskaði Persónuvernd því eftir nánari skýringum frá HSU um þær uppflettingar sem kvörtunin lúti að, í hvaða tilgangi þær voru gerðar og hvort [C] hafi verið starfsmaður HSU á þeim tíma sem þær voru gerðar.

Í svarbréfi framkvæmdastjóra lækninga á HSU, dags. 6. nóvember 2013, er barst Persónuvernd þann 14. nóvember 2013, segir að litið sé svo á að beiðni kvartanda um skýringu [C] á athæfi sínu og hegðun krefðist þess að hann liti í sjúkraskrá kvartanda og því hefði slík beiðni falið í sér leyfi til handa viðkomandi lækni fyrir uppflettingu í sjúkraskrá kvartanda. Þá segir í bréfinu að tilgangurinn með uppflettingunum hafi verið sá að svara fyrir umrædda kvörtun á hendur [C]. Loks staðfesti framkvæmdastjóri lækninga að [C] væri starfsmaður HSU og hefði enn aðgang að sjúkraskrá til þess að sinna þeim sjúklingum sem á þurfi að halda.

Með tölvupósti 18. nóvember 2013 óskaði Persónuvernd aftur eftir frekari upplýsingum frá framkvæmdastjóra lækninga á HSU um þær uppflettingar sem kvörtunin varðar, einkum í hvaða tilgangi uppflettingar voru gerðar í sjúkraskrá kvartanda eftir þann 31. janúar 2013, þegar bréf [C] til HSU er ritað, og hvaða heimild var fyrir þeim. Benti stofnunin sérstaklega á það sem sagði í kvörtuninni, um að sjúkraskrá kvartanda hafi verið skoðuð alls átta sinnum eftir þann dag.

Bárust Persónuvernd eftirfarandi skýringar frá framkvæmdastjóra lækninga með tölvupósti þann 3. desember 2013:

„1) Í fyrsta lagi var [C] að lesa svarbréfið sem hann skrifaði, vegna athugasemda viðkomandi skjólstæðings, til að kanna hvort gleymst hefði að koma einhverju marktæku á framfæri í svarbréfinu. [C] hafði ekki annan aðgang að bréfi sínu nema í gegnum Sögu, undir kennitölu viðkomandi skjólstæðings.

2) Í annan stað var læknirinn að fylgjast með vegferð viðkomandi skjólstæðings, hvort hann hefði hitt geðlækni, hvaða lyf hann hefði fengið o.s.v.frv. Á þessum tíma og allt frá árinu [...] var [C] sá heilsugæslulæknir sem sinnti skjólstæðingum [í fangelsinu X]. Í tilviki tédís einstaklings man [C] ekki betur en að sér hafi verið annt um að sjá hvort hann hefði fylgt ráðleggingum sínum um að fækka lyfjainntöku sinni, hvort hann hefði fengið ný lyf hjá öðrum læknum, hvort einhver önnur meðferð hafi verið sett í gang o.s.v.frv. Á þessum tíma var þessi skjólstæðingur eins og aðrir [í fangelsinu X] skilgreindir sem „[C]“-skjólstæðingar, allt til 28.02.2013 en [í kjölfarið] fór hann í [langt] leyfi.“

Með bréfi, dags. 4. desember 2013, var kvartanda boðið að koma á framfæri athugasemdum sínum við framangreind svör framkvæmdastjóra lækninga á HSU, móttokin 18. október, 14. nóvember og 3. desember 2013, til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Var svara óskað fyrir 19. desember 2013, en með tölvupósti móttæknum þann 10. desember s.á. óskaði kvartandi eftir viðbótarfresti til 2. janúar sl. Var sá frestur veittur með tölvupósti samdægurs.

Í svarbréfi kvartanda, dags. 2. janúar 2013, sem móttekið var með tölvupósti þann sama dag ítrekar kvartandi það sem sagði í upphaflegri kvörtun hans, þ.e. að honum þyki óeðlilegar uppflettingar [C] í sjúkraskrá hans í febrúar 2013, enda telji hann að hann hafi ekki verið skjólstæðingur [C], eins og haldið sé fram í bréfi framkvæmdastjóra lækninga á HSU, eftir að hann lauk afplánun [í fangelsinu X] þann [í] september 2013. Að mati kvartanda hafi [C] því ekki átt að vera unnt að fletta upp í sjúkraskrá hans í meðferðartilgangi eftir þann tíma. Telur kvartandi því að skýringar HSU séu ófullnægjandi.

Með símtali þann 27. janúar 2014 staðfesti framkvæmdastjóri lækninga á HSU við starfsmann Persónuverndar að sérstök Öryggisnefnd hefur verið starfandi á HSU frá árinu 2012. Að sögn framkvæmdastjóra lækninga á HSU hefur nefndin m.a. það hlutverk að yfirfara atburðaskráningar og notkun starfsmanna á upplýsingatæknikerfum stofnunarinnar, þ. á m. meta hvort uppflettingar í sjúkraskrárkerfi HSU hafi verið eðlilegar og málefnalegar. Öryggisnefnd HSU hefur ekki fjallað um þær uppflettingar er mál þetta lýtur að, enda hafði framkvæmdastjóri lækninga sjálfur þegar farið yfir uppflettingarnar áður en Öryggisnefndin tók til starfa, í þeim tilgangi að meta hvort þær væru málefnalegar og lögmætar.

II.

Forsendur og niðurstæða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000

Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Af framangreindu leiðir að uppflettingar í sjúkraskrá kvartanda á HSU fela í sér vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000.

2.

Um lögmæti vinnslu persónuupplýsinga og öryggisráðstafanir

Upplýsingar um heilsuhagi teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að eiga sér stöð í lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Svo að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil þarf hún að uppfylla eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. sem og eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 9. gr. laganna.

Jafnframt verður öll vinnsla persónuupplýsinga að samrýmast öllum skilyrðum 7. gr. laga nr. 77/2000. Þar er meðal annars mælt fyrir um að þess skuli gætt við vinnslu persónuupplýsinga að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.). Liður í því að tryggja vandaða vinnsluhætti er að uppfylla kröfur um upplýsingaöryggi.

Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár skulu heilbrigðisstarfsmenn, sem koma að meðferð sjúklings og þurfa á sjúkraskrárupplýsingum hans að halda vegna meðferðarinnar, hafa aðgang að sjúkraskrá sjúklings með þeim takmörkunum sem leiðir af ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim. Þá segir í 4. mgr. ákvæðisins að sjúklingur geti lagt bann við því að tiltekinn starfsmaður hafi aðgang að sjúkraskrá hans.

Einnig segir í 4. mgr. 14. gr. laganna að sjúklingur eigi rétt á því að fá upplýsingar frá umsjónaraðila sjúkraskráa um það hverjir hafi aflað upplýsinga úr sjúkraskrá hans, hvar og hvenær upplýsinga var aflað og í hvaða tilgangi. Þá ber ábyrgðar- og umsjónaraðila sjúkraskráa að hafa eftirlit með því að framfylgt sé ákvæðum laga nr. 55/2009, sbr. 1. mgr. 22. gr. laganna. Hefur Persónuvernd eftirlit með öryggi og vinnslu persónuupplýsinga í sjúkraskrá í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. ákvæði 3. mgr. 22. gr. um sjúkraskrár.

3.

Niðurstaða

Í því tilviki sem hér um ræðir er óumdeilt að [C], lækni á HSU og [í fangelsinu X], fletti upp í sjúkraskrá kvartanda í þau skipti sem kvartað er yfir. Lýtur ágreiningur aðila að því hvort [C] hafi verið heimilt að fletta upp í sjúkraskrá kvartanda á tímabilinu október 2012 til febrúar 2013.

Í tilvikum þar sem sjúklingur kvartar yfir framkomu læknis við veitingu heilbrigðisþjónustu telur Persónuvernd að málefnalegt og nauðsynlegt geti verið fyrir viðkomandi lækni að fletta upp í sjúkraskrá sjúklingsins þegar framkvæmdastjóri lækninga á viðkomandi heilbrigðisstofnun óskar skýringa frá honum um meðferð sjúklingsins og samskipti læknisins við hann, líkt og gerðist í því tilviki sem hér um ræðir. Þá geti einnig verið lögmæt ástæða fyrir lækni að fletta upp í sjúkraskrá sjúklings eftir ritun slíkra skýringa til þess að ganga úr skugga um að öll nauðsynleg atriði hafi komið fram við meðferð kvörtunar sem beinist að lækni tiltekinnar heilbrigðisstofnunar. Getu uppflettingar í sjúkraskrá í framangreindum tilgangi verið talinn málefnalegur og heimill á grundvelli 1. mgr. 7. gr., 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 8. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000.

Þá getur verið málefnaleg og lögmæt ástæða fyrir uppflettingu í sjúkraskrá sjúklings ef ljóst er að hún fer fram í þágu meðferðar viðkomandi sjúklings hjá tilteknum lækni. Getur slíkur aðgangur verið heimill á grundvelli 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 2. og 8. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, sbr. ákvæði 1. mgr. 13. gr. laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár. Hefur framkvæmdastjóri lækninga á HSU vísað til þess að uppflettingar [C] í sjúkraskrá kvartanda hafi að hluta til átt sér stað í framangreindum tilgangi, þ.e. í þágu lækni meðferðar sem [C] veitti kvartanda þegar hann var í afplánun [í fangelsinu X].

Persónuvernd telur að málefnaleg ástæða hafi legið að baki uppflettingum í sjúkraskrá kvartanda þegar þær voru gerðar í þeim tilgangi að veita framkvæmdastjóra lækninga á HSU skýringar um samskipti hans við kvartanda, sbr. 1. mgr. 7. gr., 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 8. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Framkvæmdastjóri lækninga á HSU hefur aftur á móti einnig bent á að uppflettingarnar hafi jafnframt verið gerðar í þágu lækni meðferðar, eins og áður segir. Af gögnum málsins liggur ljóst fyrir að kvartandi lauk lækni meðferð hjá [C] þegar hann lauk afplánun [í fangelsinu X] í september 2012 og hafði hann ekki önnur samskipti við [C] eftir þann tíma. Auk þess sótti kvartandi þjónustu heimilislæknis í Reykjavík eftir að hann lauk afplánun [í fangelsinu X], en ekki á HSU. Þá liggur fyrir að í október 2012 kvartaði [A] yfir framkomu [C] við framkvæmdastjóra lækninga á HSU, n.t.t. yfir framkomu [C] í apríl og maí 2012 þegar kvartandi var í afplánun. Verður því að ætla eins og atvikum er háttáð í málinu að [C] hafi mátt vita, eftir að honum var kunnugt um framkomna kvörtun [A] til framkvæmdastjóra lækninga á HSU um afskipti [C] af honum, að kvartandi óskaði ekki eftir frekari samskiptum við [C] í tengslum við þá lækniþjónustu er hann hlaut á meðan hann var í afplánun [í fangelsinu X]. Með vísan til þeirra sérstöku aðstæðna sem uppi eru í málinu, sem og þess að framkvæmdastjóri lækninga á HSU hefur ekki bent á að aðrar brýnar eða málefnalegar ástæður hafi legið að baki uppflettingum á umræddum tímabili, verður að ætla að rík ástæða hafi verið fyrir [C] til að ætla að kvartandi óskaði þess að hann hefði ekki aðgang að sjúkraskrá kvartanda í þágu lækni meðferðar, sbr. ákvæði 4. mgr. 13. gr. laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár, enda hefur ekki verið sýnt fram á að [C] hafi verið nauðsynlegt að fletta upp í sjúkraskrá kvartanda vegna meðferðar hans. Telur Persónuvernd því að uppflettingar [C] í sjúkraskrá kvartanda í þágu meðferðar á tímabilinu janúar til febrúar 2013 hafi ekki verið gerðar í málefnalegum tilgangi, sbr. 1. tölul. 7. gr. laga nr. 77/2000, og samrýmdust þær því ekki ákvæðum 1. mgr. 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000.

Úrskurðarorð:

[C] lækni á Heilbrigðisstofnun Suðurlands var heimilt að fletta upp í sjúkraskrá [A] á HSU á tímabilinu október 2012 til febrúar 2013, vegna reksturs ágreiningsmáls hjá HSU um samskipti hans við kvartanda. Aðrar uppflettingar [C] á tímabilinu, sem gerðar voru í þágu lækni meðferðar kvartanda, samrýmdust ekki lögum nr. 77/2000.

3.2.6. Beiðni um endurupptöku máls nr. 2012/1091 – mál nr. 2013/1397

Persónuvernd synjaði þann 13. febrúar 2014 beiðni um að ákvörðun Persónuverndar, dags. 4. mars 2013 (mál nr. 2012/1091), verði endurskoðuð.

I.

Fyrirliggjandi erindi

Persónuvernd hefur borist bréf [A] hdl., dags. 8. nóvember 2013, fyrir hönd umbjóðenda hennar, þ.e. sálfræðinganna [B] og [C]. Bréfið varðar mál af tilefni kvörtunar [D] yfir vinnslu persónuupplýsinga á vegum þeirra, dags. 20. febrúar 2009 (mál nr. 172/2009), en málinu lauk með úrskurði stofnunarinnar, dags. 10. júní s.á. Með ákvörðun, dags. 4. mars 2013 (mál nr. 2012/1091), synjaði Persónuvernd þeim um endurupptöku málsins. Með framangreindu bréfi óskar nú fyrrnefndur lögmaður endurskoðunar á þeirri ákvörðun.

Fyrrgreind kvörtun varðaði aðkomu umræddra sálfræðinga að rannsókn á því hvort framangreindur kvartandi hefði sætt einelti á vinnustað sínum, þ.e. [Z]. Í úrskurðinum frá 10. júní

2009 var komist að þeirri niðurstöðu að þeir hefðu ekki unnið í samræmi við 20. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, en í því ákvæði er fjallað um þá fræðslu sem veita ber hinum skráða þegar persónuupplýsinga er aflað frá honum sjálfum. Nánar tiltekið taldi Persónuvernd ekki hafa komið fram að í tengslum við viðtal, sem sálfræðingarnir tóku við kvartanda, hefði verið greint nægilega vel frá atriðum sem kvartanda voru nauðsynleg til að gæta hagsmuna sinna, sbr. 3. tölul. 1. mgr. ákvæðisins.

Í kjölfar framangreinds úrskurðar kvörtuðu sálfræðingarnir til umboðsmanns Alþingis sem gaf út álit, dags. 5. september 2012, þess efnis að úrskurður Persónuverndar hefði ekki verið í samræmi við lög þar sem ranglega hefði verið byggt á því að þeir hefðu stöðu ábyrgðaraðila að þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fram fór við umrædda rannsókn. Í álitinu er mælt til þess að Persónuvernd endurupptaki málið ef ósk þar að lútandi berist frá þeim. Slík ósk barst með bréfi til Persónuverndar, dags. 28. september 2012, en var synjað eins og fyrr greinir.

Í bréfi áður nefnds lögmanns, dags. 8. nóvember 2013, segir að í álitum umboðsmanns Alþingis komi fram eindregin og skýr afstaða til málefnisins og að ekki séu forsendur til þess að hafna endurupptökubeiðni sálfræðinganna. Þá segir að niðurstaða Persónuverndar í fyrrgreindum úrskurði sé röng þar sem sönnunarbyrði hafi verið snúid við með ólögmatum hætti. Er þar vísað til þeirra orða í úrskurðinum að það að veita nauðsynlega fræðslu sé lagaskylda sem hvíli á ábyrgðaraðila. Hann beri sönnunarbyrði um að hann hafi uppfyllt hana. Af hálfu ábyrgðaraðila, þ.e. sálfræðinganna, hafi engin fræðslufirlýsing verið lögð fram eða sambærileg sönnun um veitta fræðslu. Verði þar af leiðandi ekki á því byggt að lögboðin fræðsla hafi verið veitt.

II.

Svar Persónuverndar

Fyrrgreind ákvörðun, dags. 4. mars 2013, var tekin að fenginni endurupptökubeiðni [E], dags. 28. september 2012. Við meðferð á beiðninni var litið til þess sem fram kemur í álitum umboðsmanns Alþingis, dags. 5. september 2012[2], að í gögnum þess máls, sem lauk með úrskurðinum hinn 10. júní 2009, hafi ekki verið að finna skriflegan vinnslusamning milli vinnuveitanda fyrrnefnds kvartanda og umræddra sálfræðinga, sbr. 13. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Má af þessu álykta að umboðsmaður Alþingis hafi talið mikilvægt að við meðferð málsins væri kannað hvort fyrir lægi samningur þar sem fram kæmi að vinnuveitandi væri ábyrgðaraðili að umræddri vinnslu, sbr. 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, en umræddir sálfræðingar vinnsluaðilar, sbr. 5. tölul. sömu greinar. Í aðdraganda álitsins hafði hann og innt Persónuvernd sérstaklega eftir því hvort framangreint hefði verið gert og, ef svo væri ekki, hvort stofnunin teldi nægilega vel hafa verið gætt að ákvæði 10. gr. stjórnsýslulaga um rannsóknarskyldu stjórnvalda, sbr. bréf til stofnunarinnar, dags. 13. september 2010.

Í samræmi við framangreint óskaði Persónuvernd þess af umræddum lögmanni að hún upplýsti hvort gerður hefði verið slíkur samningur sem að framan greinir, þ.e. með bréfi, dags. 8. október 2012, ítrekuðu með bréfum, dags. 23. október 2012, 26. nóvember s.á. og 3. janúar 2013. Í síðastnefnda bréfinu greindi stofnunin frá því að ef ekki bærst svar innan tiltekins tíma yrði litið svo á að fallið hefði verið frá ósk um endurupptöku. Barst þá svar frá lögmanninum, dags. 14. s.m., þar sem ósk þar að lútandi er ítrekuð. Í svarinu kemur fram að enginn vinnslusamningur var gerður. Meðal annars með vísan til þess segir í niðurlagi ákvörðunar Persónuverndar um synjun um endurupptöku:

„Öll rök hníga að því að í ljósi sérfræðipækkingar sinnar hafi sálfræðingarnir ráðið mestu um það hvernig verkið var unnið. Þá bendir skortur á vinnslusamningi til þess að [Z] hafi talið þá ábyrga fyrir þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem þeir höfðu með höndum. Þegar litið er til þessa telur Persónuvernd ekkert hafa komið fram sem gefur tilefni til að ætla að niðurstaða stofnunarinnar í úrskurði frá 10. júní 2009 þarfnist endurskoðunar við. Er því synjað um endurupptöku málsins.“

Stjórnvaldi er skylt að taka tilmæli Umboðsmanns Alþingis um endurupptöku máls til vandlegrar skoðunar og rökstyðja sérstaklega ef synjað er um endurupptöku. Þar vegur einnig þungt ef gögn, sem umboðsmaður taldi skorta á að kallað hefði verið eftir og væru til þess fallin að hafa áhrif á efni stjórnvaldsákvörðunar, eru í reynd ekki til. Af framangreindri tilvitnun í ákvörðun Persónuverndar, efni hennar að öðru leyti, sem og þeirri ósk stofnunarinnar um frekari gögn sem fyrir er lýst, er ljóst að byggt var á lögmætum og málefnalegum sjónarmiðum sem rökstudd voru ítarlega. Telur Persónuvernd því ekki tilefni til að endurskoða ákvörðun sína um að synja um endurupptöku málsins.

Hvað varðar sönnunarbyrði sérstaklega skal bent á að á umræddum sálfræðingum sem ábyrgðaraðila að vinnslu persónuupplýsinga hvíldu ríkar skyldur. Þegar litið er til þeirrar áherslu, sem lög nr. 77/2000 leggja á hlutverk ábyrgðaraðila, verður að telja þá kröfu málefnalega og að það standi honum nær að tryggja með einhverjum hætti sönnun um það að hann farið að þeim skyldum, sérstaklega þegar vinnsla persónuupplýsinga varðar ríka hagsmuni einstaklinga eins og var í tilviki kvartanda.

Með vísan til alls framangreinds er synjað beiðni um að ákvörðun Persónuverndar, dags. 4. mars 2013 (mál nr. 2012/1091), sé endurskoðuð.

3.2.7. Varðveisla Landsbankans hf. á upplýsingum um afskriftir – mál nr. 2013/413

Persónuvernd úrskurðaði þann 13. febrúar 2014 um að Landsbankanum hf. hafi verið heimilt að varðveita upplýsingar um afskriftir sínar á kröfum á hendur kvartanda.

Úrskurðurinn er svohljóðandi:

I.

Málavextir og bréfaskipti

1.

Hinn 14. mars 2013 barst Persónuvernd erindi frá [A] (hér eftir nefndur „kvartandi“) varðandi vinnslu persónuupplýsinga um hann í Landsbankanum hf. Upphaflega var litið á erindið sem almenna fyrirspurn, en í tölvupóstsamskiptum milli kvartanda og Persónuverndar hinn 6. og 7. maí s.á. kom fram að líta bæri á erindið sem kvörtun. Sú kvörtun lýtur annars vegar að því að varðveisla tiltekinna upplýsinga um kvartanda í tölvukerfum bankans sé komin fram úr meðalhófskröfum og því beri að eyða upplýsingunum. Hins vegar lýtur kvörtunin að sérstakri merkingu við nafn hans í tölvukerfum bankans, en þá merkingu telur hann ólögmeta. Nánar tiltekið segir í erindinu að [á árinu] 2013 hafi hann rætt við þjónustufulltrúa hjá bankanum með það í huga að yfirtaka lán sem hvílir á fasteign sem hann hafði hug á að kaupa. Þá kemur fram að kvartandi hafi verið búsettur erlendis [...] og hafi ekki verið viðskiptamaður bankans þann tíma. Þjónustufulltrúinn hafi tjáð honum að hann gæti ekki yfirtekið lánið þar sem hann væri með svo „ljóta merkingu“ í tölvukerfinu, en hún væri tilkomin vegna afskrifta. Segir í kvörtun að þær afskriftir tengist atvinnurekstri kvartanda fyrir aldamótin, en enn séu upplýsingarnar skráðar í tölvukerfi bankans.

2.

Í kjölfar fyrrnefndra tölvupóstsamskipta sendi Persónuvernd Landsbankanum bréf, dags. 21. júní 2013, þar sem honum var veitt færi á að tjá sig um framangreinda kvörtun. Svarað var með bréfi, dags. 3. júlí 2013, þar sem fram kemur að bankinn telur varðveislunni umræddra upplýsinga, nánar tiltekið á afskriftum sem áttu sér stað [á árinu] 2001, styðjast við m.a. 3. og 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þess efnis að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu og til að gæta lögmætra hagsmuna sem veða þyngra en grundvallarréttindi og frelsi hins skráða. Þá segir m.a. varðandi varðveislunni upplýsinga um afskriftir:

„Landsbankinn lítur svo á að fjármálafyrirtæki hafi bæði lagaskyldu og samningsskyldu til að skrá og varðveita slíkar upplýsingar í kerfum sínum. Í 1. másl. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, kemur fram að fjármálafyrirtæki skuli á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við starfsemi sína. Slíkt eftirlitskerfi byggir eðli máls samkvæmt á nákvæmri skráningu á viðskiptaupplýsingum sem skipta máli fyrir áhættur og áhættumat. Umræddar viðskiptaupplýsingar varða lánsviðskipti og tengjast því útlánaáhættu. Því er ljóst að fjármálafyrirtæki ber að skrá slíkar upplýsingar.“

Einnig segir að viðskipti, sem umræddar upplýsingar lúta að, byggji á tvíhliða samningssambandi fjármálafyrirtækis og viðskiptavinar. Auk framangreindrar lagaskyldu hafi fjármálafyrirtæki samningsskyldu til að skrá og varðveita slíkar upplýsingar, enda verði að telja að skráning og varðveisla upplýsinganna sé í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði. Í þessu sambandi vísar Landsbankinn til 1. mgr. 26. laga nr. 77/2000, þess efnis að þegar ekki sé lengur málefnaleg ástæða til að varðveita persónuupplýsingar skuli eyða þeim, en málefnaleg ástæða til varðveislu geti m.a. byggst á fyrirmælum í lögum eða á því að enn sé unnið með upplýsingar í samræmi við upphaflegan tilgang með öflun þeirra. Þá segir:

„Landsbankinn telur ríka hagsmuni og málefnalegar ástæður standa til þess að varðveita upplýsingar um öll lánsviðskipti sem viðskiptavinur hefur átt við bankann óháð því hvort umræddum viðskiptum sé lokið, sem og tímamörkum frá lokum þeirra. Þá telur Landsbankinn bæði eðlilegt og nauðsynlegt að varðveita slíkar upplýsingar. Bankanum er þá enda kleift að leggja heildstætt og nákvæmt mat á forsendur hugsanlegra viðskipta sem viðskiptavinur kann síðar að óska eftir gagnvart bankanum. Slíkt er jafnframt nauðsynlegt til að meta áhættu af væntanlegum viðskiptum og viðkomandi viðskiptavinum. Að þessu leyti er bankinn því enn að vinna með slíkar upplýsingar í samræmi við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra. Hins vegar er engan veginn öruggt að byggt verði á slíkum upplýsingum þegar tekin er ákvörðun um hugsanleg ný viðskipti. Komi til mats á hugsanlegum nýjum viðskiptum verður í samræmi við reglur bankans leitað eftir nýjum upplýsingum sem gefa munu uppfærða mynd af forsendum hugsanlegra viðskipta. Í ljósi framangreinds eru ekki forsendur fyrir hendi til að skylda bankann til að eyða umræddum upplýsingum.“

3.

Með tölvubréfi hinn 10. júlí 2013, var kvartanda veitt færi á að tjá sig um framangreint svar Landsbankans hf. Send var ítrekun hinn 30. október s.á. og barst svar frá kvartanda samdægurs. Þar segir m.a. að hann sé ekki í vafa um að umrædd vinnsla persónuupplýsinga fari ekki fram með sanngjörnum, málefnalegum eða lögmætum hætti né heldur í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga. Þá segir m.a.: „Er jafnræðisregla virt (hafa allir fyrrverandi starfsmenn bankans sem höfðu víkjandi lán í bankanum við hrun og hafa fengið afskriftir verið merktir og meðhöndlaðir á sama hátt?)“.

4.

Persónuvernd taldi þörf á frekari skýringum frá Landsbankanum hf. varðandi þann þátt kvörtunar sem snýr að merkingu í tölvukerfum bankans. Með bréfi, dags. 31. október 2013, var þess því óskað af bankanum að hann upplýsti (a) hvort kvartandi væri auðkenndur með sérstakri merkingu og, (b) ef svo væri, greindi frá því hver sú merking væri og á hvaða lagagrundvelli bankinn teldi hana byggjast. Svarað var með bréfi, dags. 20. nóvember 2013. Þar segir m.a.:

„Hvað a-lið fyrirspurnar Persónuverndar varðar skal það tekið fram að kvartandi er ekki auðkenndur með sérstakri merkingu sem viðskiptavinur. Þegar kvartanda er hins vegar flett upp í viðskiptakerfi bankans koma upp tvö rauð stopp merki. Við merkin stendur: „Afskrift“. Þar við hliðina á kemur fram í athugasemdum að afskrifað hafi verið hjá kvartanda annars vegar vegna skulda kvartanda sjálfs og hins vegar vegna skulda sem hann var í ábyrgð fyrir. Í athugasemdunum koma jafnframt fram dagsetningar og fjárhæðir umræddra afskrifta.“

Einnig segir m.a.:

„Landsbankinn telur ríka hagsmuni og málefnalegar ástæður standa til þess að hafa umræddar skráningar. Þá telur Landsbankinn bæði eðlilegt og nauðsynlegt að varðveita slíkar skráningar, óháð tímamörkunum frá því að umræddar afskriftir áttu sér stað. Bankanum er þá enda kleift að leggja heildstætt og nákvæmt mat á forsendur hugsanlegra viðskipta sem viðskiptavinur kann síðar að óska eftir gagnvart bankanum. Slíkt er jafnframt nauðsynlegt til að meta áhættu af væntanlegum viðskiptum og viðkomandi viðskiptavinum. Að þessu leyti er bankinn því enn að vinna með slíkar merkingar í samræmi við upphaflegan tilgang með vinnslunni. Þá er augljóst hagræði fyrir bankann að hafa afskriftarmerkingar. Slíkar merkingar spara tíma og koma í veg fyrir óæskilegar áhættur við ákvarðanir um lánaþingreiðslur. Hins vegar er engann veginn öruggt að byggt verði á slíkum merkingum þegar tekin er ákvörðun um hugsanleg ný viðskipti. Merkingarnar útiloka þannig viðskiptavinum ekki fyrirfram frá því að geta átt í síðari viðskiptum við bankann. Komi til mats á hugsanlegum nýjum viðskiptum er í samræmi við reglur bankans ávallt leitað eftir nýjum upplýsingum sem gefa uppfærða mynd af forsendum hugsanlegra viðskipta.“

Í símtali starfsmanns Persónuverndar við starfsmann Landsbankans hf. hinn 21. nóvember 2013 var bent á þversögn í bréfi bankans, þ.e. að tekið sé þar fram að kvartandi sé ekki auðkenndur með sérstakri merkingu sem viðskiptavinur en jafnframt að þegar honum sé flett upp í viðskiptakerfi bankans komi upp tiltekin merki. Samdægurs var Landsbankanum hf. sent tölvubréf þar sem þetta var rakið, auk þess sem óskað var eftir að greint yrði frá því (a) hvort aðgangsstýringar væru að umræddum merkjum og (b) hverjar þær þá væru. Svarað var með tölvubréfi hinn 29. nóvember 2013, en þar segir:

„Hvað a-lið fyrirspurnar þinnar varðar skal það tekið fram að umrædd merki koma fram í viðskiptamannakerfi innan bankans sem nefnist Lísu. Merkin eru aðgengileg öllum sem hafa aðgang að umræddu kerfi. Hins vegar hafa ekki allir starfsmenn bankans aðgang að kerfinu heldur einungis þeir sem þurfa að nota kerfið.“

Þrátt fyrir að ekki sé um aðgangsstýringar að ræða sem slíkar er brýnt fyrir starfsmönnum að fletta ekki upp í umræddu kerfi að óþörfu. Landsbankinn hefur í því sambandi reglulega haldið námskeið fyrir starfsfólk þar sem farið er yfir ákveðnar vinnureglur og menn áminntir um að fletta ekki upp viðskiptamönnum í Lísu nema óskað sé eftir fyrirgreiðslu. Auk þess er notkun starfsmanna á kerfinu skráð og hægt að fylgjast með hverjum er flett upp í kerfinu. Verði starfsmenn uppvísir að óþarfa uppflettingum eru þeir áminntir og eftir atvikum beittir viðurlögum í samræmi við starfsreglur bankans.

Þá er rétt að geta þess að allir gjaldkerar bankans vinna með svokallað AKLÍ kerfi, þar sem umræddar merkingar koma ekki fram. Gjaldkerar bankans vinna þannig að öllu jöfnu ekki með Lísu.“

Einnig segir að bankinn vinni að því að taka upp nýtt viðskiptamannakerfi og hafi samhliða því tekið til skoðunar að hætta notkun á umræddum merkjum eða, eftir atvikum, að stýra aðgangi að þeim þannig að þau birtist eingöngu starfsmönnum sem starfs síns vegna þurfa nauðsynlega aðgang að þeim upplýsingum sem merkin standa fyrir, s.s. starfsmönnum með útlánaheimildir, í lögfræðiinnheimtu og álíka.

5.

Með tölvubréfi hinn 24. desember 2013 veitti Persónuvernd kvartanda færi á að tjá sig um fyrrgreint bréf Landsbankans hf. til stofnunarinnar, dags. 20. nóvember s.á. Hann svaraði með tölvubréfi hinn 27. desember 2013 þar sem fram kemur að hann er ósammála niðurstöðu Landsbankans og óskar úrskurðar um það. Hinn 2. janúar 2014 sendi Persónuvernd kvartanda tölvubréf þar sem stofnunin vísaði til þess að fyrrgreind samskipti stofnunarinnar og bankans

hinn 21. og 29. nóvember 2013 hefðu ekki verið send honum eins og þó hefði átt að gera. Var kvartanda veitt færi á að tjá sig um þau innan tiltekins frests. Ekki barst svar frá kvartanda.

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við það ákvæði í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að hér ræðir um meðferð persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

2.

Í máli þessu er ekki deilt um hvort skráning umræddra upplýsinga hafi verið lögmat í upphafi heldur hvort varðveisla á þeim sé lögmat. Sú varðveisla þarf, eins og öll vinnsla almennra persónuupplýsinga, að fullnægja einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000.

Að auki verður, eins og ávallt þegar unnið er með persónuupplýsingar, að fara að öllum grunnkröfum 7. gr. laga nr. 77/2000, þ. á m. að persónuupplýsingar skulu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmatum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti slíkra upplýsinga (1. tölul.); að persónuupplýsingar skulu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að persónuupplýsingar skulu vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); og að þær skulu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hina skráðu lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 er vinnsla persónuupplýsinga heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila. Þá er í 7. tölul. sömu málsgreinar mælt fyrir um að slík vinnsla sé heimil sé hún nauðsynleg til að gæta lögmatra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra. Í 1. mgr. 17. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki er mælt fyrir um skyldu slíkra fyrirtækja til að hafa á hverjum tíma yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við alla starfsemi sína, en ætla verður að upplýsingar um viðskiptasögu geti haft þýðingu í því samhengi. Einnig er til þess að líta að af vinnslu einstaklinga og lögaðila á upplýsingum varðandi löggæringu og viðskipti, sem þeir hafa sjálfir átt aðild að, geta verið lögmatir hagsmunir, m.a. af því að hafa yfirsýn yfir eigin fjármál og viðskiptasögu og geta litið til hennar þegar ákveðið er hvort stofnað skuli til viðskipta og á hvaða kjörum. Af því leiðir jafnframt að viðkomandi aðila verður þá talið heimilt að varðveita slíkar upplýsingar sem hér um ræðir nema eitthvað sérstakt komi til, s.s. lagaákvæði um eyðingu, en í máli þessu verður ekki séð að um slíkt sé að ræða.

Þegar litið er til framangreinds telur Persónuvernd varðveislu Landsbankans hf. á umræddum upplýsingum um kvartanda styðjast við fullnægjandi heimild í 8. gr. laga nr. 77/2000. Í ljósi skýringa bankans verður og talið að sérstök merking, sem gefur til kynna afskriftir, geti talist málefnaleg og samrýmst framangreindum ákvæðum. Jafnframt má hins vegar telja ljóst, m.a. þegar litið er skýringa bankans, að aðgangur að slíkri merkingu eigi að vera þröngur, enda sé rúmur aðgangur ekki nauðsynlegur í starfsemi bankans. Af hálfu hans hefur komið fram að til skoðunar sé að breyta fyrirkomulagi varðandi merkingar af umræddu tagi þannig að eingöngu þeir

sem þess nauðsynlega þurfa hafi aðgang að þeim. Samkvæmt þessu hefur aðgangurinn verið umfram nauðsyn og því ekki samrýmt fyrrgreindum ákvæðum 1. og 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000. Með vísan til þess er lagt fyrir bankann, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 77/2000, að senda Persónuvernd eigi síðar en 1. apríl nk. lýsingu á því hvernig úr framangreindu hafi verið bætt.

Að lokum skal tekið fram að eins og mál þetta liggur fyrir afmarkast úrlausn Persónuverndar alfarið við vinnslu upplýsinga um kvartanda sjálfan. Ekki er því tekin afstaða varðandi vinnslu persónuupplýsinga um aðra sem afskrifað hefur verið hjá, þ. á m. hvort jafnræðis hafi verið gætt í samanburði við kvartanda.

Úrskurðarorð:

Landsbankanum hf. er heimilt að varðveita upplýsingar um afskriftir sínar á kröfum á hendur [A].

Landsbankanum ber að tryggja að aðgangur að upplýsingum um afskriftir takmarkist við þá sem þarfnast hans vegna starfa sinna við bankann. Skal bankinn eigi síðar en 1. apríl nk. senda Persónuvernd lýsingu á því hvernig hafi verið bætt úr því.

3.2.8. Birting upplýsinga í fasteignaskrá um kaupmála – mál 2013/407

Persónuvernd úrskurðaði þann 13. febrúar 2014 í máli um að Þjóðskrá Íslands hafi verið heimilt að gera kaupmála kvartanda og eiginkonu hans aðgengilegan í fasteignaskrá.

Úrskurðurinn er eftirfarandi:

I.

Málavextir og bréfaskipti

1.

Hinn 14. mars 2013 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] (hér eftir nefndur „kvartandi“) yfir birtingu Þjóðskrár Íslands á kaupmála hans og eiginkonu hans í fasteignaskrá. Í kvörtuninni segir meðal annars:

„Undirritaður fær ekki skilið hvernig slík birting fær staðist lög um persónuvernd þar sem þessi kaupmáli fjallar um að sú fasteign sem eiginkona mín átti fyrir hjúskap sé í okkar hjúskap hennar séreign ásamt þeim ágóða sem hlýst af henni verði hún seld.“

Einnig segir að eftir því sem kvartandi hafi kannað séu kaupmálar milli tveggja einstaklinga ekki á meðal þeirra skjala sem heimilt sé að birta. Líklegt megi telja að Þjóðskrá telji sér heimilt að birta kaupmálann þar sem hann feli í sér eignaskiptayfirlýsingu, en ekki sé um slíkt að ræða þar sem kvartandi hafi aldrei verið skráður eigandi framangreindrar fasteignar né komið að fjármögnun hennar. Þá segir:

„Ekki fæ ég séð að birting þessa kaupmála samræmist 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd þar sem innihald þessa kaupmála varðar ekki almannahagsmuni, er ekki til þess að vernda hagsmuni okkar hjóna ásamt því að við höfum ekki veitt ótvírætt samþykki okkar fyrir þessari birtingu.“

Í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað segir að í Lögbirtingablaði skuli birta auglýsingar um kaupmála hjóna, ekkert kemur fram um að birta skuli kaupmálann í heild sinni.“

Einnig vísar kvartandi til grunnreglu 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs og fer fram á að Persónuvernd kanni lögmati umræddrar birtingar.

Með bréfi, dags. 24. apríl 2013, ítrekuðu með bréfi, dags. 18. júní s.á., var Þjóðskrá veitt færi á að tjá sig um framangreinda kvörtun. Hún svaraði með tölvubréfi hinn 24. s.m. Þar segir:

„Ekki kemur fram í fyrirspurninni hvernig aðgengi að kaupmálanum er háttáð en talið er víst að átt sé við aðgang viðskiptavina Creditinfo Lánstrausts að skönnuðum skjölum í þinglýsingarhluta fasteignaskrár. Ef upplýsingar um kaupmála eru sóttar annað en úr þinglýsingarhluta fasteignaskrár eru þær upplýsingar ekki fengnar frá Þjóðskrá Íslands.

Þinglýsing felur í sér opinbera skráningu réttinda yfir tilteknum eignum til þess að þau njóti réttarverndar gagnvart þriðja manni.

Um upplýsingagjöf úr þinglýsingarbók er fjallað í III. kafla reglugerðar um þinglýsingar nr. 405/2008, en reglugerðin er sett með heimild í 53. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978.

Aðgang að upplýsingum úr þinglýsingarbók má skv. ofangreindri reglugerð bæði fá hjá sýslumannsembættum landsins og með rafrænum hætti. Bæði er um að ræða þinglýsingarvottorð sem staðfest er af embættunum og svokallað rafrænt veðbandayfirlit sem ekki er staðfest af embætti. Auk þess má fá ljósrit af þinglýstum skjölum eða rafræn endurrit þeirra (skönnuð eintök).

Aðgangur að þinglýstum skjölum er eingöngu með þeim hætti að leitað er eftir auðkenni eða heiti eignar. Ekki er hægt finna þinglýst skjal í þinglýsingarhluta með því að leita eftir málsaðilum skjalsins. Í ofangreindu tilviki er því gert ráð fyrir að kaupmálann hafi verið að finna í þinglýstum skjölum tiltekinnar fasteignar.

Creditinfo Lánstraust fékk þann 30. júní 2003 leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis til miðlunar á upplýsingum úr tölvufærðum þinglýsingarbókum.

Um framkvæmd skráningar í kaupmálabók og þinglýsingar kaupmála í þinglýsingarbók er vísað til viðkomandi sýslumannsembættis.“

Með tölvubréfi hinn 30. október 2013, ítrekuðu með tölvubréfi hinn 23. janúar 2014, var kvartanda veitt færi á að tjá sig um framangreint svar Þjóðskrár. Hann svaraði með tölvubréfi hinn 25. s.m. þar sem ekki koma fram efnislegar athugasemdir.

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við það ákvæði í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að hér ræðir um meðferð persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

2.

Fyrir liggur að umræddar upplýsingar eru veittar með milligöngu Creditinfo Lánstrausts hf., þ.e. á þann hátt að finna má umræddan kaupmála með leit eftir auðkenni eða heiti eignar. Af 13. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga leiðir að ábyrgðaraðila að vinnslu persónuupplýsinga er heimilt að láta annan aðila, þ.e. svonefndan vinnsluadila, vinna með persónuupplýsingar fyrir sína hönd í samræmi við tiltekin skilyrði. Eins og hér háttar til ber að láta svo á að til staðar sé réttarsamband samkvæmt þessu ákvæði milli Þjóðskrár og Creditinfo Lánstrausts hf. þar sem Þjóðskrá telst vera ábyrgðaraðili en fyrirtækið vinnsluadili.

Af framangreindu leiðir að Þjóðskrá ber ábyrgð á því að upplýsingagjöfin styðjist við viðhlítandi lagaheimildir, en í því felst nánar tiltekið að eins og ávallt við vinnslu persónuupplýsinga þarf að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000. Þau ákvæði þeirrar greinar, sem einkum reynir á þegar um ræðir vinnslu persónuupplýsinga á vegum stjórnvalda, eru 3., 5. og 6. tölul. 1. mgr., þess efnis að vinna má með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila, vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds.

Við mat á heimildum samkvæmt framangreindum ákvæðum ber að líta til ákvæða í öðrum lögum eftir því sem við á hverju sinni. Um kaupmála er fjallað í hjúskaparlögum nr. 31/1993, sem og ýmsum öðrum lögum. Eins og fram kemur í 74. gr. hjúskaparlaga geta hjón eða hjónaefni með kaupmála ákveðið að tiltekin verðmæti skuli verða séreign annars þeirra en ekki hjúskapareign, en af því leiðir að verðmætin koma ekki til skipta við skilnað eða andlát nema sérstakar heimildir leiði til annars. Þá fela 67. og 68. gr. hjúskaparlaga í sér þá meginreglu að kröfuhafar annars hjóna geta ekki gengið að séreign hins með sama hætti og ef um hjúskapareign væri að ræða. Frá því eru hins vegar undantekningar, t.d. við gjaldprotaskipti þegar ákvörðun um séreign í kaupmála getur talist til riftanlegrar gjafar nema tiltekinn tími sé liðinn frá slíkri ákvörðun, sbr. 131. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti o.fl.

Samkvæmt 82. gr. hjúskaparlaga er kaupmáli ekki gildur milli hjóna og gagnvart þriðja manni nema hann sé skráður, sbr. nánari ákvæði í 83.–86. gr. laganna þar sem fram kemur að kaupmálar skuli færðir í sérstakar kaupmálabækur, sem og allsherjarskrá yfir alla kaupmála. Þá er í 2. mgr. 85. gr. mælt fyrir um að kaupmálar skuli auglýstir í Lögbirtingablaði, sbr. og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, en auk þess á hver sem þess óskar rétt á upplýsingum um tilvist kaupmála og efni hans, sbr. 90. gr. hjúskaparlaga.

Lúti kaupmáli að fasteign öðlast hann ekki gildi nema honum sé þinglýst, sbr. 1. mgr. 29. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 þar sem segir að réttindum yfir fasteign skuli þinglýsa til þess að þau haldi gildi gegn þeim sem reisa rétt sinn á samningum um eignina og gegn skuldheimtumönnum eiganda eða annars rétthafa að eign. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. þinglýsingalaga og 4. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna skulu upplýsingar um þinglýsingu réttinda yfir fasteignum skráðar í fasteignaskrá, en hún er haldin af Þjóðskrá, sbr. 1. mgr. 1. gr. síðarnefndu laganna. Þá er í 1. mgr. 24. gr. þeirra laga mælt fyrir um heimild Þjóðskrár til að láta í té upplýsingar úr fasteignaskrá.

Af framangreindu verður ráðinn sá vilji löggjafans að í ljósi réttaráhrifa kaupmála – ekki aðeins gagnvart hjónum heldur einnig kröfuhöfum – skuli almenningur hafa rétt til aðgangs að upplýsingum um þá. Í ljósi 3., 5. og 6. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 og ákvæða í öðrum lögum, sem varða kaupmála og birtingu þeirra, telur Persónuvernd því upplýsingagjöfina samrýmast lögum.

Úrskurðarorð:

Þjóðskrá Íslands er heimilt að gera kaupmála [A] og eiginkonu hans aðgengilegan í fasteignaskrá, nánar tiltekið á þann hátt að finna megi kaupmálann með leit eftir auðkenni eða heiti eignar.

3.2.9. Vinnsla upplýsinga um starfsumsækjendur hjá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins – mál nr. 2013/1014

Á fundi stjórnar Persónuverndar þann 13. febrúar 2014 var kveðinn upp svohljóðandi úrskurður í máli nr. 2013/1014:

I.

Málavextir og bréfaskipti

Hinn 2. september 2013 barst Persónuvernd erindi frá Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, dags. 30. ágúst s.á., þar sem kvartað er undan því að Slökkvilið

höfuðborgarsvæðisins afli tiltekinna persónuupplýsinga um starfsumsækjendur, þ.e. um neyslu á ólöglegum vímu- eða fíkniefnum og úr ökuferilsskrá. Nánar tiltekið gerir Landssambandið athugasemdir við eftirfarandi spurningar á starfsumsóknareyðublaði:

„Ég hef ekki neytt ólöglegra fíkni- eða vímuefna um ævina.“

„Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins er heimilt að óska eftir ökuferilsskrá minni, bæði í upphafi ráðningar og eftir því sem þurfa þykir á meðan á ráðningarsambandi stendur.“

Einnig segir í erindinu:

„Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna telur að framangreindar spurningar brjóti í bága við 3. tölulið 1. mgr. 7. gr. [laga nr. 77/2000] þar sem með þeim sé brotið gegn meðalhófi. Þó vissulega geti skipt máli hvort starfsmaður eigi við áfengis- eða fíkniefnavanda að stríða er með öllu óljóst af hverju starfsmanni er gert að upplýsa um það hvort hann hafi á einhverjum tímavarki ævi sinnar prófað vímuefni. Enn fremur er erfitt að sjá af hverju Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins vill geta óskað eftir ökuferilsskrá allra nýrra starfsmanna þar sem einungis ákveðinn hluti þeirra sér um akstur.

Má í þessu samhengi einnig nefna að óljóst er hver sé málefnalegur tilgangur framangreindra spurninga en slíkur tilgangur er áskilinn í 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. [laga nr. 77/2000].“

Með bréfi, dags. 15. nóvember 2013, var Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins veitt færi á að tjá sig um framangreint erindi. Svarað var með bréfi, dags. 11. desember 2013. Þar segir að við gerð umrædds eyðublaðs hafi verið haft samráð við trúnaðarmenn á vinnustað sem ekki hafi hreyft andmælum en lýst sig sammála inntaki umsóknareyðublaðsins. Jafnframt hafi þeir lýst því að þeir hygðust bera efni þess undir Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Engar ábendingar hafi borist frá framangreindum aðilum og sé því um stefnubreytingu að ræða.

Í bréfinu er lögð áhersla á það hlutverk slökkviliðsins að veita bráðaþjónustu, oft og tíðum við erfiðar aðstæður, þ. á m. þegar bráð hætta stöðjar að eða alvarleg slys hafa orðið. Við slíkar aðstæður sé brýnt að slökkviliðið njóti óskoraðs trausts og trúnaðar almennings. Þá sé mikilvægt að þeir liðsmenn, sem eru á vakt hverju sinni, séu tilbúnir, jafnt líkamlega sem andlega, til að takast á við mjög krefjandi verkefni á orlagastundu og undir miklu álagi. Því verði aldrei liðið að starfsmaður sé undir áhrifum áfengis eða vímuefna við vinnu sína. Eina leiðin til að koma í veg fyrir slíkt séu fyrirbyggjandi aðgerðir og eftirlit. Upplýsingar sem starfsmaður gefi og varða persónu hans, hvort sem þær eru almenns eðlis eða teljast viðkvæmar, s.s. upplýsingar um vímuefnavanda, gegni afar mikilvægu hlutverki í því sambandi. Þó megi fallast á með Landssambandi slökkviliðsmanna að sá tími, sem tilgreindur sé á umræddu eyðublaði, sé of langur. Um það segir nánar:

„Þá er vandséð að vímuefnanotkun starfsmanns einhvern tímann á lífsleiðinni sé næg átylla til að útiloka hann frá starfi eða ráðningu hans í það. Getur þetta atriði, óbreytt, orkað tvímælis og verið til þess fallið að skapa réttaróvissu. Til að eyða allri slíkri óvissu mun upplýsingagjöf varðandi þetta atriði framvegis miðast við 36 mánuði aftur í tímann og/eða hvort viðkomandi hafi átt við vímuefnavanda að etja.“

Einnig segir í bréfi Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins að rangt sé að einungis tiltekinn hluti starfsmanna sinni akstri. Hið rétta sé að allir starfsmenn varðliðsins, án nokkurra undantekninga, verði að vera undir það búnir, hvort sem um sé að ræða sjúkraflutninga- eða slökkvibifreiðar. Þá segir meðal annars:

„Ljóst er að upplýsingar sem starfsmaður samþykkir að veita úr ökuferilsskrá eru því afar þýðingarmiklar, ekki síst út frá almannahagsmunum. Þá skiptir ásýnd og trúverðugleiki slökkviliðsins ekki síður máli í þessu sambandi. Telur slökkviliðið í raun ástæðulaust að útskýra

nánar hversu skelfilegar afleiðingar það myndi hafa í för með sér ef starfsmenn yrðu uppvísir að því að valda líkams- eða eignatjóni, eða eftir atvikum alvarlegri skaða, sem rekja mætti beint til óvarlegs eða gáleysislegs aksturlags og í ljós kæmi að viðkomandi hefði ekki gilt ökuskríteini af einhverjum ástæðum, t.d. láðst að endurnýja það eða verið sviptur því. Á því er byggt að við mat á upplýsingagjöf varðandi þetta atriði vegi það sjónarmið þyngra á vogarskálunum að enginn vafi eða óvissa leiki á því hvort starfsmaður sé með gilt ökuskríteini í starfi sínu heldur en réttur starfsmanns til að halda upplýsingunum út af fyrir sig.“

Með bréfi, dags. 18. desember 2013, var Landssambandi slökkviliðsmanna veitt færi á að tjá sig um framangreint bréf Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Svareð var með bréfi, dags. 7. janúar 2014. Þar segir:

„Í bréfi SHS dagsettu 11.12.2013 kemur fram eftirfarandi fullyrðing: „Hér er því um afstöðubreytingu að ræða“.

LSS mótmælir þessari fullyrðingu, og tekur fram að hér er fyrst og fremst verið að óska eftir afstöðu Persónuverndar í málinu, um hvað sé heimilt í umræddu ráðningarkerfi.“

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við það ákvæði í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að hér ræðir um meðferð persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

2.

Svo að heimilt sé að vinna með persónuupplýsingar verður ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Svo að heimilt sé að vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar verður að auki að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 9. gr. sömu laga. Upplýsingar um vímuefnanotkun eru viðkvæmar, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laganna. Hinu sama gegnir um upplýsingar um refsiverða háttsemi, sbr. b-lið sama tölulíðar, en ljóst er að slíkar upplýsingar er að finna í ökuferilsskrá.

Samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 er vinnsla persónuupplýsinga heimil sé hún nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna sem vega þyngra en grundvallarréttindi og frelsi hins skráða, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. Þá segir í 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. að vinna megi með viðkvæmar persónuupplýsingar sé vinnslan nauðsynleg til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja. Samkvæmt athugasemdum við ákvæðið í greinargerð með því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, getur vinnuveitanda t.d. verið nauðsynlegt að vinna með upplýsingar um heilsufar starfsmanns til að geta sýnt fram á lögmætar forsendur fyrir uppsögn. Segir að ekki sé gert að skilyrði að mál verði lagt fyrir dómstóla heldur nægi að vinnslan sé nauðsynleg til að styðja kröfu fullnægjandi rökum, enda verði krafa hvorki afmörkuð né staðreynd með öðrum hætti.

Í ljósi eðlis þess starfs, sem slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn sinna, má telja ljóst að öflun upplýsinga um vímuefnanotkun og úr ökuferilsskrá geti talist nauðsynleg upp að tilteknu marki

vegna sambærilegra aðstæðna og lýst er í framangreindum frumvarpsathugasemdom. Af því leiðir jafnframt að vinnslan stýðst við fyrrnefnt ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, en auk þess fellur vinnslan undir 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. sömu laga.

Auk þess sem heimild verður að vera til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 verður, eins og endranær við vinnslu persónuupplýsinga, að vera fullnægt öllum skilyrðum 1. mgr. 7. gr. laganna. Þar er meðal annars mælt fyrir um að við vinnslu persónuupplýsinga skuli þess gætt að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); og að þær séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hina skráðu lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

Ef ekki er sanngjarnt, málefnalegt og nauðsynlegt að afla tiltekinna upplýsinga í ljósi eðlis þess starfs, sem um ræðir, fær öflun upplýsinganna ekki samrýmst fyrrgreindum ákvæðum 7. gr. laga nr. 77/2000. Fyrir liggur að Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hefur afmarkað nánar yfirlýsingu starfsumsækjenda um notkun á ólöglegum vímuefnum, þ.e. á þann veg að óskað er staðfestingar á að viðkomandi hafi ekki átt við vímuefnavanda að etja og að slíkra efna hafi ekki verið neytt síðustu 36 mánuði, en áður var miðað við alla ævi umsækjanda. Þegar litið er til þessa og röksemda um sérstakt eðli starfa slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, sem fram hafa komið af hálfu Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, telur Persónuvernd ekki að farið sé gegn kröfum um meðalhóf þanning að brotið sé í bága við ákvæði 7. gr. með umræddri öflun upplýsinga um annars vegar vímuefnanotkun og hins vegar úr ökuferilsskrá. Þá liggur ekki fyrir, af því sem fram kemur í gögnum málsins, að brotið hafi verið gegn öðrum ákvæðum laga nr. 77/2000.

Úrskurðarorð:

Öflun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins á staðfestingu starfsumsækjenda á annars vegar því að þeir hafi ekki átt við vímuefnavanda að etja og hafi ekki á undanliðnum 36 mánuðum neytt slíkra efna, og hins vegar á að afla megi um þá upplýsinga úr ökuferilsskrá, er heimil samkvæmt lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

3.2.10. Persónuleikapróf sem hluti af framhaldsskólaskírteini – mál nr. 2013/1192

Persónuvernd tók þann 13. mars 2014 ákvörðun þess efnis að framhaldsskólalög teljist ekki fela í sér heimild til vinnslu persónuupplýsinga um annað en námsmat og vitnisburð nemenda í umsögn á prófskírteini þeirra.

Ákvörðunin er svohljóðandi:

1.

Málavextir og bréfaskipti

Persónuvernd barst, með bréfi dags. 7. október 2013, erindi [A], skólameistara [Z]. Í því kom fram að mennta- og menningarmálaráðuneytið hefði kynnt stjórnendum framhaldsskólans kröfur um að nemendur sem lykju framhaldsskólaprófi fengju prófskírteini sem innihéldi upplýsingar um almenna þekkingu, leikni og hæfni viðkomandi nemanda og að umræddar kröfur styddust við blaðsíður 48 og 59 í almennum hluta Aðalnámskrár framhaldsskóla 2011. Í bréfi skólameistarans kom einnig fram að hann teldi erfitt að greina þá hæfni, sem hér væri um rætt, frá lífsskoðunum, gildismati og þankagangi einstaklings sem erfitt væri að veita án þess að safna viðkvæmum persónuupplýsingum, sbr. 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, um lífsskoðanir nemenda. Teldi [...]skólinn sér ekki heimilt að vinna með slíkar upplýsingar nema á grundvelli heimildar í 9. gr. sömu laga.

Bréfi skólameistarans fylgdi afrit af svarbréfi mennta- og menningarmálaráðuneytisins til hans, dags. 8. ágúst 2013, um sama efni. Af því bréfi virðist mega ráða að aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 kveði á um markmið og fyrirkomulag skólastarfs á framhaldsskólastigi, sbr. 21. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla, en í henni komi fram að framhaldsskólaprófum ljúki með „útgáfu prófskírteinis þar sem kemur fram hæfniprep námsloka, umsögn um almenna þekkingu, leikni og hæfni nemandans, upptalningu áfanga, einkunnir eftir því sem við á og skrá um þátttöku nemandans í viðfangsefnum tengdum framhaldsskólaprófinu“.

Loks fylgdi bréfi skólameistarans jafnframt sýnishorn af tillögum, frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, um umsagnir sem geti fylgt framhaldsskólaprófsskírteini af fyrsta hæfniprepi.

Með bréfi, dags. 12. desember 2013, óskaði Persónuvernd skýringa frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu um það á hvaða heimild í 8. gr., og eftir atvikum 9. gr., laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, það teldi standa fyrir umræddri vinnslu auk þess sem stofnunin bauð ráðuneytinu að tjá sig um vinnsluna að öðru leyti. Var ósk Persónuverndar ítrekuð með bréfi, dags. 13. janúar sl., en í bréfinu kom fram að hefðu engin svör borist fyrir 27. janúar 2014 yrði málið tekið til efnislegrar meðferðar hjá stofnuninni.

Með bréfi, dags. 22. janúar sl., óskaði mennta- og menningarmálaráðuneytið eftir fresti til að svara bréfi Persónuverndar. Í bréfi ráðuneytisins kom fram að ráðuneytið teldi sér fært að svara stofnuninni innan tveggja vikna. Með bréfi dags. 24. janúar sl., sem jafnframt var sent með tölvubréfi þann sama dag, veitt Persónuvernd umbeðinn frest til 5. febrúar 2014 og tilkynnti jafnframt að málið yrði þá tekið til ákvörðunar.

Engin frekari svör bárust.

2.

Forsendur og niðurstæða

2.1.

Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Með vísan til framangreinds er ljóst að veiting umsagnar um almenna þekkingu, leikni og hæfni nemenda á skírteini um framhaldsskólapróf er vinnsla persónuupplýsinga sem fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000.

2.2.

Sérhver vinnsla almennra persónuupplýsinga um einstaklinga verður að samrýmast einhverju af skilyrðum 8. gr. laga nr. 77/2000. Ef vinna á með viðkvæmar persónuupplýsingar verður að auki að vera fullnægt einhverju af skilyrðum 9. gr. sömu laga. Af sýnishorni af drögum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu að tillögum um umsagnir sem gætu fylgt framhaldsskólaprófsskírteinum af fyrsta hæfniprepi, sem fylgdi erindi skólameistarans, má ráða að ætlast sé til þess að slíkar umsagnir skuli taka til þess hvort nemendur geti „tjáð hugsanir sínar og tilfinningar í rökréttu samhengi“, hafi tileinkað sér „jákvætt viðhorf til náms“, hafi „skýra sjálfsmynd“ og taki „ábyrga afstöðu til eigin velferðar - líkamlegrar og andlegrar“. Þrátt fyrir að með fyrirhugaðri vinnslu virðist ekki ætlunin að vinna með lífsskoðanir viðkomandi nemenda

mun vera fyrirhugað að leggja mat á þær skoðanir. Slíkt mat getur því tekið til viðkvæmra persónuupplýsinga um nemendur í skilningi 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Að auki verður öll vinnsla persónuupplýsinga að fullnægja grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um gæði gagna og vinnslu. Þar er mælt fyrir um að persónuupplýsingar skuli unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær skuli fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær skuli vera nægilegar og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); að þær skuli vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, en persónuupplýsingar, sem séu óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skuli afmá eða leiðrétta (4. tölul.); og að þær skuli varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hina skráðu lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

2.3.

Þegar metið er hvort lagaheimild fyrir umræddri vinnslu sé til staðar samkvæmt 8. og eftir atvikum 9. gr. laga nr. 77/2000 og hvort hún samrýmist að öðru leyti grunnkröfum 7. gr. laga nr. 77/2000, þarf meðal annars að líta til þess að [...]skólar eru stjórnvöld og lúta því lögmætisreglu stjórnvöldaráttarins. Það, hversu skýr slík lagaheimild þarf að vera, ræðst af eðli persónuupplýsinga hverju sinni. Í lögum nr. 77/2000 er mælt fyrir um heimild til að vinna með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila, vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds, sbr. 3., 5. og 6. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna og um heimild til að vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar ef sérstök heimild stendur til vinnslunnar samkvæmt öðrum lögum, sbr. 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laganna. Vinnsla stjórnvalda á persónuupplýsingum getur talist heimil samkvæmt þessum ákvæðum – en þó ávallt að því gefnu að hún samrýmist hlutverki viðkomandi stjórnvalds eins og það er skilgreint í lögum.

Í 21. gr. laga nr. 92/2008, um framhaldsskóla, er fjallað um aðalnámskrá framhaldsskóla. Þar segir að ráðherra setji aðalnámskrá framhaldsskóla sem kveði á um markmið og fyrirkomulag skólastarfs á framhaldsskólastigi. Í 2. mgr. 21. gr. segir að í almennum hluta aðalnámsskrár séu útfærðir starfshættir og markmið framhaldsskóla. Þá er talið upp í 10 staflaðum hvað almennur hluti aðalnámsskrár skuli meðal annars innihalda en það er eftirfarandi:

- a. ákvæði um uppbyggingu námsbrautarlýsinga og um vægi kjarnagreina framhaldsskóla,
- b. skilyrði um hvernig markmið einstakra áfanga og námsbrauta og lokamarkmið náms skulu skilgreind,
- c. viðmið um námskröfur og námsframvindu,
- d. reglur um námsmat og vitnisburð,
- e. skilgreining á vinnustaðanámi og reglur um fyrirkomulag vinnustaðanáms,
- f. reglur um mat á starfsnámi og skilgreiningu færnimarkmiða,
- g. reglur um raunfærnimat, jafngildingu náms og mat á námi þegar nemendur flytjast milli skóla eða námsbrauta,
- h. almennar reglur um skólanámskrár,
- i. ákvæði um mat á skólastarfi,
- j. almennar reglur um réttindi og skyldur nemenda og meðferð ágreiningsmála.

Í d-lið 2. mgr. 21. gr. laganna kemur fram að almenni hluti aðalnámsskrár skuli innihalda reglur um *námsmat og vitnisburð*. Í athugasemdum með því ákvæði frumvarps til laga um framhaldsskóla er varð óbreytt að d-lið 2. mgr. 21. gr. laganna kemur fram að greinin svari til 21. gr. í þágildandi lögum en í 1. ml. 3. mgr. 21. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla var kveðið á um að í aðalnámsskrá skyldi „mælt fyrir um námsmat, þar með talin próf og vitnisburð“. Í athugasemdum með 21. gr. frumvarps til laga nr. 80/1996 kom fram að í aðalnámsskrá skyldu vera „ákvæði um

námsmat í framhaldsskólum, almennt námsmat og lokamat. Hvers konar mati skuli beitt og hvaða námskröfur skuli gera til nemenda til að geta lokið tilteknum áföngum náms eða til lokaprófa“.

Í 30. gr. sömu laga segir að almennt námsmat í framhaldsskóla sé í höndum kennara, undir umsjón skólameistara og að slíkt mat byggist á markmiðum skólastarfs sem kveðið er á um í aðalnámskrá og skólanámskrá. Í athugasemdum við 30. gr. í frumvarpi sem varð að lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla segir nýmæli sé í lögunum um að skólameistari hafi umsjón með námsmati.

Í því tilviki sem erindi skólameistarans lýtur að mun ætlunin að vinnsla persónuupplýsinga um almenna þekkingu, leikni þeirra og hæfni nemenda skuli meðal annars felast í því að lagt verði mat á hvort nemandi geti „tjáð hugsanir sínar og tilfinningar í rökréttu samhengi“, hafi tileinkað sér „jákvætt viðhorf til náms“, hafi „skýra sjálfsmynd“ og taki „ábyrga afstöðu til eigin velferðar - líkamlegrar og andlegrar“. Slíkt mat er eðlisólíkt hefðbundnu námsmati og vitnisburði samkvæmt d-lið 2. mgr. 21. gr. laga nr. 92/2008, áður 3. mgr. 21. gr. laga nr. 80/1996 og tekur til annarra persónuupplýsinga en virðist mega ráða af því lagaákvæði að vinna skuli með.

Ætla má að þær upplýsingar sem hér um ræðir og mennta- og menningarmálaráðuneytið krefst að fylgi prófskírteinum nemenda við brautskráningu úr framhaldsskóla geti falið í sér einhvers konar persónuleikapróf. Sé litið til eðlis upplýsinganna geta þær, að einhverju marki, talist viðkvæms eðlis, en vinnsla slíkra upplýsinga gæti falið í sér talsverða íhlutun í einkalíf hins skráða sem varið er í 71. gr. stjórnarskrárinnar.

Er það mat Persónuverndar í ljósi framangreinds og með vísan til lögmatísreglu stjórnsluréttarins að ákvæði laga nr. 92/2008 hafi ekki að geyma heimild nægilega skýra heimild fyrir vinnslu annarra persónuupplýsinga nemenda, sem brautskráðir eru með framhaldsskólapróf, um annað en námsmat og vitnisburð þeirra.

Ákvörðunarráð:

Ákvæði laga nr. 92/2008, um framhaldsskóla, fela ekki í sér heimild til vinnslu persónuupplýsinga um annað en námsmat og vitnisburð þeirra nemenda, sem brautskráðir eru með framhaldsskólapróf, í umsögn á prófskírteini þeirra.

3.2.11. Lending.is, innsláttur nafna á undirskriftalista á Netinu – mál nr. 3.2.11

Persónuvernd tók þann 13. mars 2014 ákvörðun um að aðhafast ekki frekar af tilefni erindis kvartanda varðandi undirskriftasöfnun á vefsíðunni lending.is þar sem hann taldist ekki aðili máls og hafði ekki lögvarinna hagsmuna að gæta en ekki varð ráðið af fyrirbyggjandi upplýsingum að alvarlegur misbrestur sé á umræddri vinnslu persónuupplýsinga.

Ákvörðunin er svohljóðandi:

I.

Bréfaskipti

Persónuvernd hefur borist kvörtun, dags. 31. ágúst 2013, frá [A] (hér eftir nefndur „kvartandi“) yfir undirskriftasöfnun á vefsíðunni lending.is. Í kvörtuninni kemur fram að hann telur þörf á að sannreyna hvort undirskriftunum sé safnað samkvæmt sannanlegum gögnum, s.s. þannig að ekki séu skráðar kennitölur og undirskriftir án vitundar eða samþykkis skráðra einstaklinga. Þá segir:

„Samkvæmt upplýsingum í fjölmiðlum er aðgangsslyklum úthlutað til að geta skráð sig inn á söfnunarlistann.

Þar með getur hver og einn farið inn á heimabankann sinn og sótt kennitölur allra Íslendinga og skráð þá á listann.“

Einnig segir að um grundvallarmál sé að ræða þar sem á vinnslu umrædds undirskriftalista velti hvort hægt sé að taka mark á slíkum undirskriftalistum.

Með bréfi, dags. 25. september 2013, ítrekuðu með bréfi, dags. 15. nóvember s.á., var [B], sem er á meðal forsvarsmanna umræddrar undirskriftasöfnunar, veitt færi á að tjá sig um hana fyrir hönd þeirra. Hann svaraði með bréfi hinn 9. desember 2013. Þar segir meðal annars:

„Upplýsingar um aðferðafræði hafa verið á lending.is frá því að söfnun undirskrifta hófst. [...]Þar kemur glögglega fram hvernig að málum er staðið.

1. Kennitala er prófuð stærðfræðilega. Ef hún stenst vartölupróf er undirskriftin móttækin.
2. Kennitala er könnuð í þjóðskrá og staðfest að hún sé til.
3. Slembiúrtak tekið úr undirskriftasafni og hringt í einstaklinga og réttmæti undirskrifta kannað.
4. Fylgst er með hópskráningum og haft samband við slembivalda einstaklinga úr þeim og réttmæti undirskrifta kannað.
5. Undirskriftir lögaðila eru ekki taldar með.

Við þessa aðferðafræði bætist að allan þann tíma sem undirskriftum var safnað var fylgst náið með því hvaðan þær væru að koma. Hver sá sem skrifar undir skilur eftir sig IP tölu sem geymd er með undirskriftinni. Um leið og margar undirskriftir bárust frá stökum aðila (stakri IP tölu) var haft samband við slembieinstaklinga í þeim skráningum og kannað hvort skráningarnar væru réttmætar. Skemmst er frá því að segja að þær athuganir leiddu ekkert varhugavert í ljós og að í öllum tilvikum voru skráningarnar réttmætar.

Að framangreindu virtu má ljóst vera að það tilvik sem nefnt er í kvörtun [A] átti sér ekki stað í tilviki lendingar.is.

Því má svo við bæta að fyllstu varúðar var gætt við alla vinnslu gagna. Undirskrifendum var heimilt að skrifa undir án þess að nafn þeirra birtist á netinu heldur aðeins í útprentuðum eintökum listans. Þá var leitað til Þjóðskrár sem annaðist ákveðna vinnu við undirbúning listans til afhendingar til opinberra aðila. Að lokum má nefna að listinn var og er birtur á vefsíðunni lending.is þar sem allir geta séð þau nöfn sem á honum eru.“

Með bréfi, dags. 23. desember 2013, var kvartanda veitt færi á að tjá sig um framangreint bréf. Hann svaraði með bréfi, dags. 9. janúar 2014. Þar segir:

„1. tilvitnun

- „3. Slembiúrtak tekið úr undirskriftasafni og hringt í einstaklinga og réttmæti undirskrifta kannað.
4. Fylgst er með hópskráningum og haft samband við slembivalda einstaklinga úr þeim og réttmæti undirskrifta kannað.“

Athugasemd:

Ekki kemur fram hvert var hlutfall slembiúrtaksins af skráðum undirskriftum.

2. tilvitnun:

„Hver sá sem skrifar undir skilur eftir sig IP tölu sem geymd er með undirskriftinni.“

Athugasemd:

Ekkert er því til fyrirstöðu að skráning sé framkvæmd án vitundar og vilja eiganda kennitölu á tölvu sem ekki hefur verið notuð áður til skráningar í sömu könnun.

3. tilvitnun

„Skemmst er frá því að segja að þær athuganir leiddu ekkert varhugavert í ljós og að í öllum tilvikum voru skráningarnar réttmætar.“

Athugasemd:

Aðeins fullyrðing framkvæmdaaðilans

4. tilvitnun

„Því má svo við bæta að fyllstu varúðar var gætt við alla vinnslu gagna.“

Athugasemd:

Persónuvernd verður að skera úr um hvort þessi orð standist eða hvort hverjum sem er sé heimilt að framkvæma skoðanakönnun sem þessa og birta niðurstöður hennar án þess að geta auðsjáanlegra ágalla á framkvæmd hennar.

Einnig þarf Persónuvernd að skera úr um hvort framkvæmdaraðila slíkra skoðanakannana sé treystandi til að varðveita gögn og að misnota ekki niðurstöðu þeirra í þágu tilgreinds málefnis eða annars.

Niðurstaða:

Eftir stendur að hægt var skrá kennitölu í óleyfi, hafi skráning ekki þegar verið gerð með sömu tölvu (IP númeri), án þess að tryggt væri að viðkomandi skráningu yrði eytt af listanum.“

Í símtali hinn 22. janúar 2014 spurði starfsmaður Persónuverndar kvartanda að því hvort hann hefði kannað hvort hann væri á meðal þeirra sem skráðir væru á umræddan undirskriftalista. Svaraði hann því til að svo væri ekki.

II.

Ákvörðun Persónuverndar

Eins og fyrr segir hefur kvartandi ekki farið fram á það við aðstandendur umræddrar undirskriftasöfnunar að fá að vita hvort nafn hans hafi verið fært á umræddan undirskriftalista. Liggur því ekki fyrir að hann hafi einstaklingsbundinna hagsmuna að gæta af úrlausn máls þessa, s.s. vegna ágreinings varðandi vinnslu persónuupplýsinga um sig.

Í því felst jafnframt að hann telst ekki vera aðili máls í skilningi stjórnisýslulaga nr. 37/1993, eins og það hugtak hefur verið skilgreint í stjórnisýslurétti, en þar er meðal annars byggt á því að um slíka hagsmuni sé að ræða sem að framan greinir.

Persónuvernd getur tekið mál til meðferðar að eigin frumkvæði, sbr. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000. Ef grunur leikur til dæmis á um að alvarlegur misbrestur sé á tiltekinni vinnslu persónuupplýsinga kann að koma til slíks. Af þeim svörum, sem borist hafa fyrir hönd forsvarsmanna umræddrar undirskriftasöfnunar, verður ekki ráðið að svo sé. Hefur Persónuvernd því ekki, að svo komnu máli, sérstakt tilefni til að kanna framkvæmd söfnunarinnar að eigin frumkvæði.

Með vísan til framangreinds var ákveðið á fundi stjórnar Persónuverndar í dag að aðhafast ekki frekar af tilefni erindis [A], dags. 31. ágúst 2013. Stofnunin þakkar hins vegar ábendingar hans.

3.2.12. Dagbók skólastjóra – mál nr. 2013/626

Persónuvernd úrskurðaði þann 13. mars 2014 um að meðferð skólastjóra á persónuupplýsingum um kvartanda og barn hennar hafi ekki samrýmst lögum nr. 77/2000.

Úrskurðurinn er svohljóðandi:

I.

Grundvöllur máls

Málavextir og bréfaskipti

1.

Tildrög máls

Þann 10. maí 2013 barst Persónuvernd kvörtun frá [M] (hér eftir nefnd kvartandi), dags. 8. s.m., vegna meðferðar skólastjóra [B], [K], á persónuupplýsingum um sig og [barn] hennar. Nánar tiltekið laut kvörtunin að því að skólastjóranum hefði verið óheimilt að skrá og varðveita persónuupplýsingar um kvartanda og [barn] hennar, sem er fyrrum nemandi skólans, í einkadagbók í tölvu í [B].

Í kvörtuninni segir m.a. að í máli kvartanda sem var til meðferðar hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu á tímabilinu [...] hafi skólastjórinn lagt fram skráningar úr dagbók sinni til skýringar á máli sínu í svarbréfum til ráðuneytisins. Kvartandi telur að skráning skólastjóra á viðkvæmum persónuupplýsingum um hana og [barn] hennar, [A], í dagbók sé ómálefnaleg og tilefnislaus og öryggis sé ekki gætt við skráninguna því að verið sé að skrá viðkvæmar persónuupplýsingar um hana og [barn] hennar að tilefnislausu. Auk þess hafi skráning þessara upplýsinga farið fram með leynd án þess að hún hafi átt kost á því að leiðrétta rangar færslur.

Með erindi kvartanda fylgdi útprentun af þeim hluta kvörtunar hennar sem áður hafði verið send til mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem laut að persónuverndarsjónarmiðum, en kvörtun hennar til ráðuneytisins varðaði skólavist [barns] hennar í skólanum [...]. Þá fylgdi einnig með kvörtun [M] afrit af bréfi skólastjórans til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. [...] (ár kemur ekki fram), ásamt fylgiskjölum með því bréfi þar sem annars vegar er vitnað til færslna úr dagbók skólastjóra [B], frá tímabilinu [...] til [...], og hins vegar hluta af texta úr tölvupósti sem skólastjórinn sendi foreldrum skólans um atvik er kom upp í skólanum og tengdist [barni] kvartanda.

Meðal þeirra færslna sem koma fram í dagbók skólastjórans:

„[...]“

[A] varð [ótt] í lok útivistartíma hjá [Z]. [...]

[...]

[...] Mataræði [A] er út í hött, hamborgarar á kvöldin, franskar í morgunmat. Mætir alltaf of seint.

[...]

[A] var illa [stemmt] í dag, viðurkennir að [það] sé of [feitt]. Fundur með mömmu [þess] og sálfræðingi á fimmtudag. Var hjá sálfræðingi í dag, fer til fótalæknis innan tíðar.

[...]

Nemendaverndarráðsfundur eftir hádegi. Ekkert breytist hjá [A]. [M] móðir [þess] var marin á vanga á fundi hér. Nauðsynlegt að hafa fullt samráð við BUGL a.m.k. tvisvar á misseri vegna lyfja o.fl.“

Sama dag afhenti kvartandi einnig Persónuvernd ódagsett afrit af síðustu blaðsíðu ákvörðunar mennta- og menningarmálaráðuneytisins í máli hennar, en þar segir m.a.:

„Loks farið þér fram á það að ráðuneytið vísi dagbókarskráningum skólastjóra [B], sem bárust ráðuneytinu með bréfi hans, dags. [...], til Persónuverndar vegna gruns um að lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, hafi verið brotin. Í dagbókarfærslum skólastjóra er að finna skráningar um persónulegar upplýsingar. Sumar þeirra upplýsinga sem þar eru skráðar teljast viðkvæmar í skilningi laga nr. 77/2000 og vandséð að mati ráðuneytisins að þær tengist allar skólagöngu [A] með málefnalegum hætti. Ráðuneytið telur hins vegar rétt að þér beinið þessum hluta erindis yðar beint til Persónuverndar, sem hefur það lögbundna hlutverk að annast framkvæmd þeirra laga.“

2.

Bréfaskipti

Með bréfi, dags. 4. júní 2013, var [K], skólastjóra [B], boðið að koma á framfæri skýringum vegna kvörtunarinnar og meðfylgjandi fylgigagna til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Einkum var þess óskað að fram kæmi hvort hann hefði skráð persónuupplýsingar um

kvartanda og/eða barn hennar í einkadagbók í tölvu og hver tilgangurinn væri með slíkum skráningum. Einnig var óskað upplýsinga um hvort viðkvæmar persónuupplýsingar um kvartanda væru skráðar í meintum dagbókarskráningum, í skilningi 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Hefði hann skráð persónuupplýsingar þyrfti að koma fram hvaða heimild hann byggði vinnsluna á, skv. ákvæði 8. gr. laga nr. 77/2000, sem og 9. gr. laganna, ef um viðkvæmar persónuupplýsingar væru að ræða. Var svars óskað eigi síðar en 25. júní 2013, en engin svör bárust. Var erindið því ítrekað með bréfi, dags. 16. júlí 2013 og svarfrestur veittur á ný til 8. ágúst sl.

Persónuvernd barst svarbréf [K], dags. 6. ágúst sl., þann 12. s.m. Þar segir að hann hafi í raun engu við að bæta við þau gögn sem lögju fyrir í málinu og hann hefði áður sent mennta- og menningarmálaráðuneytinu og hann vænti að kvartandi hefði sent Persónuvernd. Varðandi dagbók hans segir:

„Ég held dagbók um eitt og annað sem situr mér í kolla í dagslok, kannski ekki upp á hvern dag, en býsna marga. Dagbókin er mér til upprifjunar og áminningar. Ég kannast ekki við að hafa skráð þar neitt sem er á nokkurn hátt meiðandi eða í bága við lög.“

Með bréfi, dags. 16. ágúst sl., var kvartanda boðið að koma á framfæri athugasemdum sínum við fram komnar skýringar [K] til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Í svarbréfi kvartanda, dags. 21. ágúst sl. segir m.a. að með svarbréfi sínu hafi [K] viðurkennt að hafa skráð þessar færslur í dagbók og því eigi lög nr. 77/2000 við um þær. Þá telur hún að svar hans leiði að því líkur að skráningar í dagbók skólastjóra varðandi [A] séu ekki einsdæmi og að svipaðar skráningar séu til um önnur börn án þess að foreldrar viti af þeim. Telur hún hættulegt að skrá viðkvæmar persónuupplýsingar um mörg börn í einu skjali og að mikil hætta sé á að upplýsingarnar verði afritaðar og afhentar öðrum, líkt og gerðist í bréfi skólastjórans til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Þá geti foreldrar ekki leiðrétt villur og rangfærslur ef þeir vita ekki af skráningum. Loks er hún ósammála þeirri fullyrðingu skólastjórans að skráningarnar séu ekki meiðandi, en einnig telur hún að sumar séu sumar rangar.

Óskaði Persónuvernd eftir nánari upplýsingum frá skólastjóra [B] með bréfi, dags. 24. september sl. Meðal annars benti Persónuvernd á að stofnunin yrði að meta hvort meðferð upplýsinga um kvartanda og [A] hefði verið í samræmi við lög nr. 77/2000, ákvæði 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og reglugerð nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín.

Áður en Persónuvernd barst svarbréf frá [K] barst stofnuninni annað bréf frá kvartanda, dags. 30. september sl., þar sem bent er á gögnin geti ekki verið talin einvörðungu til persónulegra nota skólastjórans þar sem hann sendi þau óumbeðinn til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Þá kom jafnframt fram í bréfi kvartanda að skólastjórinn hefði, í svarbréfi sínu til Persónuverndar, vísað til þess að þetta væru minnisþing hans, en svo notaði hann þau sem sönnunargögn við meðferð máls hjá ráðuneytinu. Loks benti kvartandi á að umrædd gögn hefðu ekki verið notuð til að taka neinar ákvarðanir um [A]. Því væri hér um vinnslu persónuupplýsinga að ræða að mati kvartanda.

Þann 11. október sl. barst Persónuvernd svarbréf [K], dags. 8. s.m. Í því segir að ákveðnar skyldur hvíli á honum sem ómögulegt væri að uppfylla nema með ritun minnisþingna í formi dagbókar og væru minnisþingarnir í dagbókinni einkum ritaðir honum til upprifjunar og áminningar auk þess sem þeir gætu mögulega skipt miklu máli við töku ákvarðana. Væru minnisþingarnir, og þar með dagbókin, ekki ætlaðir öðrum til aflestrar enda hefði hann einn aðgang að þeim.

Með bréfi, dags. 17. október sl. var kvartanda gefinn kostur á að koma á framfæri frekari athugasemdum til Persónuverndar, m.t.t. framangreinds svarbréfs skólastjórans, dags. 8. s.m. Í svarbréfi hennar, dags. 23. október sl., ítrekar hún þau sjónarmið er komu fram í fyrra svarbréfi hennar frá 30. september 2013.

Með bréfi, dags. 29. október sl., óskaði Persónuvernd aftur eftir frekari upplýsingum frá [K] um umræddar skráningar, n.t.t. um það hvernig skráningin hefði verið í samræmi við ákvæði 7. gr. laga nr. 77/2000, einkum 1., 3. og 4. tölul. ákvæðisins, en einnig var áréttuð fyrri beiðni stofnunarinnar um að fram kæmi hvaða heimild hann byggði umrædda vinnslu persónuupplýsinga á, sbr. 1. mgr. 8., og e.t.v. 9., gr. laga nr. 77/2000.

Í svarbréfi [K], dags. 19. nóvember sl., áréttaði hann fyrri svör sín um að umræddar dagbókarfærslur væru eingöngu ritaðar til persónulegra afnota og að hann einn hefði aðgang að þeim og þær væru ekki ætlaðar öðrum til yfirlestrar. Þá ítrekaði [K] að á honum hvíldu ákveðnar skyldu samkvæmt lögum nr. 91/2008 um grunnskóla sem honum væri ómögulegt að uppfylla nema með ritun minnispunkta. Dagbókarfærslurnar væru með öðrum orðum persónulegt vinnugagn sem [K] teldi ekki falla undir lög nr. 77/2000, sbr. 2. mgr. 3. gr. þeirra. Þá kom fram í bréfinu að [K] hefði talið sér skylt að senda menntamálaráðuneytinu umrædda punkta í ljósi eftirlits ráðuneytisins með störfum skólustjóra samkvæmt lögum um grunnskóla. Þá vísaði [K] til ábyrgðar hans sem skólustjóra gagnvart eftirlitsaðilum eins og menntamálaráðuneytinu samkvæmt 14., 17. og 19. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og tók fram að hann teldi það ábyrgðarleysi ef skólustjóri ritaði ekki persónulega punkta sér til áminningar og upprifjunar. Loks tók [K] fram að ef Persónuvernd teldi minnispunktana falla undir lög nr. 77/2000 þá teldi hann þá hafa verið í samræmi við 7.-9. gr. laganna og að ekki hefði verið gengið lengra með ritun þeirra en efni stóðu til í ljósi þeirra hagsmuna sem um ræddi, n.t.t. hagsmuni nemanda, foreldris og skólans.

Var kvartanda gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við framangreint svarbréf með bréfi, dags. 25. nóvember sl. Í svarbréfi kvartanda, dags. 28. nóvember sl., kom fram að hún teldi engin lög kveða á um skyldu skólustjóra til að halda persónulega minnispunkta. Hins vegar mæltu mörg lög fyrir um skyldu fólks til að skrá gögn vegna starfa sinna. Slík skráning væri hins vegar vegna starfsskyldu viðkomandi starfsmanns en væru ekki persónulegar. Sagði kvartandi að skylda skólustjóra til þess að halda utan um mál barna væri ekki persónubundin heldur embættisskylda hans. Þá benti kvartandi á að skráning persónuupplýsinga þyrfti að fara fram í skýrum tilgangi og að persónulegar færslur skráningaraðila gætu ekki verið persónulegar heldur ættu ætíð að fara fram í tengslum við störf eða skyldu viðkomandi. Vandséð væri hvernig ráðuneytinu væri skylt að hafa eftirlit með persónulegum gögnum fólks og telur ósamræmi vera í svörum skólustjórans um það að dagbókarfærslurnar séu persónulegs eðlis annars vegar og falli undir eftirlitsskyldu menntamálaráðuneytisins hins vegar. Að lokum sagðist kvartandi aldrei hafa mótmælt því að skólustjóri héldi utan um gögn og atriði varðandi [A] enda væri það lögbundið. Hins vegar teldi hún ekki mikið öryggi felast í því að haldið væri utan um mál margra barna í sama skjalinu jafnvel þótt skólustjóri hefði slíkt skjal í tölvu sinni.

Persónuvernd óskaði loks eftir frekari upplýsingum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu með bréfi, dags. 14. janúar 2014, um mál kvartanda sem var til meðferðar hjá ráðuneytinu. Nánar tiltekið óskaði Persónuvernd eftir upplýsingum um efni þess máls, málavexti þess ásamt upplýsingum um hvenær það hófst og hvenær því lauk sem og upplýsingum um hvort ráðuneytið hefði óskað eftir því að fá send gögn frá skólustjóra [B] úr umræddri dagbók hans um kvartanda og/eða barn hennar við meðferð málsins hjá ráðuneytinu.

Persónuvernd barst svarbréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 4. febrúar sl., þann 5. s.m. Í því kom fram að ráðuneytið hefði ekki óskað eftir því að fá send gögn frá skólustjóra [B] úr umræddri dagbók hans um kvartanda og/eða barn hennar við meðferð málsins hjá ráðuneytinu. Með svarbréfi ráðuneytisins fylgdi afrit af bréfi ráðuneytisins til kvartanda, dags. [...], en ráðuneytið hafði fengið samþykki kvartanda fyrir afhendingu þess til Persónuverndar. Í umræddu fylgiskjali kom fram að ráðuneytinu hefði borist upphaflegt erindi kvartanda í [á árinu 2011] þar sem óskað væri eftir álitum ráðuneytisins á því hvort kennsla [barns] kvartanda í [B] [...] hefði verið

í samræmi við lög nr. 91/2008 um grunnskóla, reglugerð nr. 585/2011 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla og reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Sér í lagi hefði kvartandi leitað eftir álitu ráðuneytisins á því hvort kennsla [barns] hennar hefði samræmst þeim rétti nemenda að komið væri til móts við námsþarfir þeirra, sem og hvort löglega hefði verið staðið að [töku stjórnvaldsákvörðunar B um A].

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000

Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Skólástjóri [B] hefur m.a. vísað til þess að umræddar skráningar í dagbók hans hafi einungis verið persónulegir punktar hans og ætlaðir til persónulegra nota fyrir hann, og því félli umrædd skráning ekki undir gildissvið laga nr. 77/2000, sbr. ákvæði 2. mgr. 3. gr. þeirra laga. Samkvæmt ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000 gilda löggin ekki um meðferð einstaklings á persónuupplýsingum sem eingöngu varða einkahagi hans eða eru einvörðungu ætlaðar til persónulegra nota. Með framangreindu ákvæði er t.d. átt við einkabréfaskipti, færslu dagbókar og meðferð upplýsinga sem tengjast tómsbundnum, sbr. það sem segir í athugasemdum með ákvæðinu í frumvarpi er varð að lögum nr. 77/2000. Einnig segir í athugasemdum með ákvæðinu að það sem ráði úrslitum um það hvort persónuupplýsingar varði eingöngu einkahagi einstaklings eða séu ætlaðar til persónulegra nota, sé hvort vinnslan varði aðeins hreina einkahagi eða ekki.

Í ljósi framangreinds falla skráningar í dagbók skólástjóra [B] um kvartanda og [barn] hennar ekki undir ákvæði 2. mgr. 3. gr. laganna, enda voru ekki eingöngu skráðar þar upplýsingar sem vörðuðu einkahagi skólástjórans. Þá hefur heldur ekki komið fram að umræddar upplýsingar hafi eingöngu verið ætlaðar til persónulegra nota, sbr. 2. mgr. 3. gr., heldur þvert á móti til upprifjunar við störf hans sem skólástjóri auk þess sem hann teldi að punktar hans gætu skipt máli við töku ákvarðana í starfi, eins og skólástjórinn hefur sjálfur bent á með bréfi sínu, dags. 8. október sl., auk þess sem hann sendi mennta- og menningarmálaráðuneytinu skráningar úr dagbókinni við meðferð máls er varðaði [barn] kvartanda. Er því ljóst að sú vinnsla persónuupplýsinga sem mál þetta varðar er ekki undanþegin gildissviði laga nr. 77/2000.

Af framangreindu leiðir að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000, enda skráði skólástjóri [B] persónuupplýsingar um kvartanda og [barn] hennar í dagbók sem hann hélt í tölvu sinni við skólann.

2.

Lögmæti vinnslu

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að fullnægja einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, og 1. mgr. 9. gr. laganna ef um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða, svo hún teljist heimil. Þá verð[ur] öll vinnsla einnig að samrýmast öllum skilyrðum 7. gr. laga nr. 77/2000. Þar er meðal annars mælt fyrir um að þess skuli gætt við vinnslu persónuupplýsinga að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum,

skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); auk þess að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.). Í þessum kröfum felst m.a. að aldrei megi ganga lengra við skráningu upplýsinga um einstaklinga en nauðsynlegt er og að vinnsla persónuupplýsinga skuli vera gagnsæ gagnvart hinum skráða.

Samkvæmt lögum nr. 91/2008 um grunnskóla, m.a. ákvæðum 6., 14., 15. og 19. gr., ber skólastjóri, sem forstöðumaður grunnskóla, ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Auk þess er honum falið að taka ýmsar stjórnisýsluákvæðanir um skólavist nemenda, t.d. varðandi skólaskyldu eða brottvikningu nemenda úr skóla samkvæmt lögnum. Þá skal grunnskóli stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda skv. 2. gr. laganna.

Þá segir einnig í ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 897/2009, um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín, að til nauðsynlegra upplýsinga *um nemanda* teljast m.a. persónuupplýsingar um heilsufar, sérþarfir, líkamlega og andlega getu til náms eða annars skólastarfs sem afla þarf við undirbúning ákvarðana um réttindi og skyldur nemenda samkvæmt lögum um grunnskóla eða til að sveitarstjórn, eða skólanefnd í umboði hennar og eftir atvikum skólastjórnendur, geti sinnt skyldum sínum samkvæmt þeim lögum. Þá segir einnig í sama ákvæði að persónuupplýsingar geti verið hvers konar skrifleg gögn svo sem skýrslur, greinargerðir og umsagnir eða gögn sem vistuð eru í tölvu og varða velferð og skólagöngu barns. Samkvæmt ákvæði 7. gr. reglugerðarinnar skal þess gætt við meðferð og öflun persónuupplýsinga að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga samkvæmt fyrirmælum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og lögum um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985. Þá skuli þess gætt að upplýsinga sem aflað er séu viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang þeirra, og að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum. Þá ber skólastjóri ábyrgð á meðferð og vörslu upplýsinga og að uppfylltar séu þær kröfur sem gerðar eru til ábyrgðaraðila samkvæmt lögum nr. 77/2000, sbr. ákvæði 9. gr. reglugerðarinnar.

Með hliðsjón af framangreindri ábyrgð sem skólastjóra grunnskóla er falið verður að telja málefnalegt að rita persónulega minnispunkta um ýmis atvik er koma upp í skólanum og varða nemendur skólans, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 897/2009, í skilningi 1. tölul. 7. gr., 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Af framangreindu leiðir að skráning tiltekinna persónuupplýsinga, í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 897/2009, er talin lögmæt og málefnaleg. Engu að síður liggur fyrir í þessu máli að umrædd dagbókarskráning um kvartanda og barn hennar var umfram það sem lög nr. 91/2008 um grunnskóla og 5. gr. reglugerðar nr. 897/2009 gera ráð fyrir, t.d. skráning upplýsinga um meint mar á kinn kvartanda, og því verður að telja að slíkar skráningar í dagbók skólastjóra hafi ekki verið sanngjarnar eða málefnalegar í skilningi 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000.

Þá afhenti skólastjóri [B] mennta- og menningarmálaráðuneytinu útprentaðar skráningar úr umræddri dagbók við meðferð máls kvartanda hjá ráðuneytinu án þess að ráðuneytið hefði óskað eftir þeim eða séð verði að þær hafi haft nokkra þýðingu fyrir meðferð málsins í ráðuneytinu. Af framangreindu leiðir að miðlun persónuupplýsinga úr dagbók skólastjórans hafi farið fram í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi en upphaflega stóð til með skráningu upplýsinga í hana, og var því meðferð hans á persónuupplýsingum um kvartanda og [barn] hennar úr umræddri dagbók ekki í samræmi við ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000.

Úrskurðarorð:

Skráning skólastjóra [B] á persónuupplýsingum um kvartanda og afhending á persónuupplýsingum um kvartanda og [barn] hennar til menntamálaráðuneytis samrýmdist ekki lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

3.2.13. Afhending kjörskrárstofna til stjórnmalaflokka – mál nr. 2013/828

Persónuvernd veitti þann 13. mars 2014 álit sitt um að vafi leiki á heimild Þjóðskrár til að afhenda afrit kjörskrárstofna til stjórnmalaflokka eða til annarra aðila en sveitarstjórna.

Álitið er svohljóðandi:

I.

Erindi Þjóðskrár Íslands

og frekari bréfaskipti

Persónuvernd vísar til bréfs Þjóðskrár Íslands, dags. 2. júlí 2013, þar sem óskað er eftir áliti stofnunarinnar á því hvort Þjóðskrá Íslands sé heimilt að afhenda afrit kjörskrárstofna til stjórnmalaflokka eða til annarra aðila en sveitarstjórna. Þá er þess einnig óskað að Persónuvernd veiti álit sitt á því hvort önnur sjónarmið eigi við eftir því hvort gögnin séu afhent á pappír eða á pdf-skjali.

Í fyrrnefndu bréfi Þjóðskrár segir að Þjóðskrá hafi verið falið af innanríkisráðuneytinu að afhenda stjórnmalaflokkum í aðdraganda alþingiskosninga afrit af kjörskrárstofnum, sem og lista og límmiða um tiltekna hópa kjósenda, t.d. þá sem eru að kjósa í fyrsta sinn. Í kjörskrárstofni koma fram upplýsingar um lögheimili, kyn, nafn og kennitala einstaklinga með kosningarrétt.

Í bréfinu segir einnig að ekki sé að finna ákvæði í lögum sem heimili Þjóðskrár að afhenda kjörskrárstofna öðrum aðilum en sveitarstjórnnum. Byggist miðlunin, síðast í apríl 2013 í aðdraganda alþingiskosninga, á hefð sem hafi verið útfærð með þeim hætti að forsætisráðuneytið beini því til innanríkisráðuneytisins að farið sé fram á að Þjóðskrá verði falið að afhenda hverjum stjórnmalaflokki umræddar upplýsingar.

Um framangreint, þ.e. afhendingu afrita kjörskrárstofna til stjórnmalaflokka, segir eftirfarandi í bréfi Þjóðskrár:

„Hjá Þjóðskrá Íslands (áður Þjóðskrá) hefur tíðkast í aðdraganda alþingiskosninga að afhenda stjórnmalaflokkum afrit af kjörskrárstofnum, en auk þess lista og límmiða ýmis konar[...]. Þetta hefur gengið þannig fyrir sig að forsætisráðuneytið hefur beint því til innanríkisráðuneytisins að fela Þjóðskrár að afhenda hverjum stjórnmalaflokki um sig umrædd gögn endurgjaldslaust. Í kjölfarið hefur Þjóðskrá afhent framkvæmdastjórn stjórnmalaflokkanna gögnin.“

Um meðferð kjörskrárstofna og útgáfu kjörskrár er fjallað í VI. kafla laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.[...] Í lögum er ekki að finna ákvæði sem heimilar Þjóðskrár Íslands að afhenda kjörskrárstofna öðrum aðilum en sveitarstjórnnum.

Fyrir alþingiskosningarnar í apríl sl. var sem fyrr farið fram á að Þjóðskrár Íslands afhenti umrædd gögn til þeirra stjórnmalaflokkanna sem eftir því leituðu. Innanríkisráðuneytið féllst á tillögur Þjóðskrár Íslands um að afhenda önnur gögn en límmiða á pdf-formi, óskuðu stjórnmalaflokkanna eftir því, en ella á pappírformi eins og tíðkast hefði.[...]"

Með bréfi, dags. 14. ágúst sl., óskaði Persónuvernd eftir nánari upplýsingum frá Þjóðskrár Íslands um hvaða heimild í 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga stofnunarinnar styðji umrædda miðlun við sem þegar hefur farið fram til stjórnmalaflokka, síðast í apríl 2013. Var þess óskað að það kæmi skýrt fram ef miðlunin styðjist við fyrirmæli í settum lögum

eða reglugerðum. Ef svo væri ekki, var þess óskað að fram kæmi hvort Þjóðskrá telji miðlunina samræmast lögætisreglu stjórnsýslulaga, sem og hvort miðlunin samræmist tilgangi kjörskrárstofna, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000.

Barst Persónuvernd svarbréf Þjóðskrár Íslands, dags. 26. ágúst 2013, þann 3. september s.á. Í bréfinu sagði m.a. að stofnunin telji umrædda afhendingu á kjörskrárstofni ekki eiga sér lagastoð, hvorki í lögum nr. 24/2000 né í lögum nr. 77/2000. Þá telji stofnunin einnig að afhendingin samræmist ekki tilgangi kjörskrárstofna, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000. Auk þess benti Þjóðskrá á að mögulega hefðu kjósendur ekki notið verndar samkvæmt reglum nr. 36/2005 um bannskrá Þjóðskrár, sbr. 28. gr. laga nr. 77/2000, í þeim tilvikum sem stjórnmalaflokkarnir hefðu notað kjörskrárstofnana sem úthringilista í aðdraganda alþingiskosninga. Vísaði Þjóðskrá loks til þess að á árinu 2013 hefði afhendingin farið fram á grundvelli fyriræla innanríkisráðuneytisins sem komu fram í bréfi ráðuneytisins, dags. 9. apríl 2013. Fylgdi afrit af bréfinu með erindi Þjóðskrár, en í því segir m.a.:

„Í minnisblaði forsætisráðuneytisins til innanríkisráðuneytisins, dags. 11. mars 2013, er þess farið á leit að innanríkisráðuneytið feli Þjóðskrár Íslands, samkvæmt hefð, að afhenda stjórnmalasamtökum er hyggjast bjóða fram við alþingiskosningarnar 27. apríl 2013, og þess óska, eftirfarandi gögn án endurgjalds[...].“

Með bréfi, dags. 19. september 2013, óskaði Persónuvernd eftir upplýsingum frá innanríkisráðuneytinu, nánar tiltekið um hvaða lagaheimild ráðuneytið stýðji framangreind fyriræli sín við, sbr. bréf ráðuneytisins til Þjóðskrár, dags. 9. apríl 2013.

Í svarbréfi innanríkisráðuneytisins, dags. 27. janúar 2014, segir m.a. um meðferð kjörskrárstofna:

„Um meðferð kjörskrárstofna og útgáfu kjörskrár er fjallað í VI. kafla laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis. Í lögnum er mælt fyrir um að sveitarstjórnir skuli gera kjörskrár á grundvelli kjörskrárstofna og birta opinberlega 10 dögum fyrir kosningar. Sambærilegt ákvæði er í III. kafla laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna. Skýr lagaheimild er því fyrir opinberri birtingu kjörskrár.“

Um afhendingu kjörskrárstofna og lögæti slíkrar afhendingar segir eftirfarandi í bréfi innanríkisráðuneytisins:

„Auk framangreindrar birtingar [kjörskrár] hefur áratugum saman tíðkast að afhenda þeim stjórnmalasamtökum sem hyggjast bjóða fram í viðkomandi kosningum og sem hafa leitað eftir því, afrit kjörskrárstofna eins og þeir eru sendir sveitarfélögum. Þó ekki sé kveðið á um þessa afhendingu með skýrum hætti í kosningalöggjöfinni byggir hún á langri og ríkrí hefð í samskiptum stjórnarráðsins og stjórnmalasamtaka sem hyggjast bjóða fram og hefur þar verið gætt fyllsta jafnræðis milli framboðsaðila.“

Þessi afhending kjörskrárstofnsins er grundvölluð á því að það sé í þágu lýðræðisins að auðvelda þeim sem bjóða sig fram í kosningum að ná eyrum kjósenda. Þá stuðli þessi framkvæmd af gagnsæi við gerð kjörskrár, en afar mikilvægt er að bæði kjósendum og framboðum sé kleift að sannreyna hverjir séu skráðir á kjörskrá og koma að athugasemdum, telji þeir þörf á, sbr. 27. gr. laga um kosningar til Alþingis. Koma þessi sjónarmið m.a. fram í kosningaefirlitshandbókum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE).

Undanfarnar kosningar hefur kjósendum verið boðið upp á að fletta sér upp í kjörskrá með rafrænum hætti til að kana hvort og þá hvar þeir séu skráðir á kjörskrá, þó ekki sé fyrir því sérstök lagaheimild. Ráðuneytinu er ekki kunnugt um að Persónuvernd hafi gert athugasemdir við þá framkvæmd. Afhending kjörskrárstofnsins til framboðsaðila byggir á þessum sömu sjónarmiðum.“

Loks segir eftirfarandi í bréfi ráðuneytisins:

„Í ljósi þeirra efasemda sem fram hafa komið af hálfu Þjóðskrár Íslands um lagastoð þessarar framkvæmdar mun ráðuneytið kanna það við endurskoðun kosningalöggjafarinnar hvort þörf sé á að kveða á um það með skýrum hætti að afhending umræddra gagna til framboðsaðila sé heimil. Ljóst er þó að slíkri endurskoðun verður ekki lokið fyrir sveitarstjórnarkosningar sem fram fara 31. maí nk. Ráðuneytið gerir því ráð fyrir því að framboðsaðilum við sveitarstjórnarkosningar verði að öllu óbreyttu afhent umrædd gögn með sama hætti og verið hefur, komi fram beiðni um slíkt.“

II.

Álit Persónuverndar

1.

Eins og að framan greinir hefur Þjóðskrár Íslands óskað eftir álit Persónuverndar um eftirtalin atriði:

- a) hvort Þjóðskrár sé heimilt að afhenda afrit kjörskrárstofna til stjórnmalaflokka eða til annarra aðila en sveitarstjórna og
- b) hvort önnur sjónarmið eigi við eftir því hvort kjörskrárstofnar séu afhentir á pappír eða á pdf-skjali.

Með vísun til 6. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga veitir Persónuvernd eftirfarandi álit um framangreindar spurningar.

2.

Þau lög, sem Persónuvernd framfylgir og starfar eftir, þ.e. lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Með vísan til framangreinds er ljóst að miðlun kjörskrárstofna, þar sem fram koma upplýsingar um kyn, nafn, kennit[ölu] og lögheimili einstaklinga með kosningarrétt, frá Þjóðskrár Íslands til þriðja aðila fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000.

3.

Að því marki sem um er að ræða vinnslu almennra persónuupplýsinga um einstaklinga, þ. á m. miðlun slíkra upplýsinga til þriðja aðila, er tekið fram að hún verður að samrýmast einhverju af skilyrðum 8. gr. laga nr. 77/2000 svo hún sé heimil. Þegar um ræðir vinnslu persónuupplýsinga, sem fram fer á vegum stjórnvalda, geta einkum átt við 3., 5. og 6. tölul. 1. mgr., þess efnis að vinnsla persónuupplýsinga er heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu, vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds.

Að auki verður öll vinnsla persónuupplýsinga að fullnægja grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um gæði gagna og vinnslu. Þar er mælt fyrir um að persónuupplýsingar skuli unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær skuli fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær skuli vera nægilegar og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); að þær skuli vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, en persónuupplýsingar, sem séu óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skuli afmá eða leiðréttá (4. tölul.); og að þær skuli

varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hina skráðu lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

4.

Í VI. kafla laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis er fjallað um kjörskrár, gerð þeirra og birtingu. Samkvæmt 22. gr. laganna skulu sveitarstjórnir gera kjörskrár á grundvelli kjörskrárstofna, sem Þjóðskrá Íslands lætur þeim í té, þegar boðað hefur verið til almennra alþingiskosninga. Er sambærilegt ákvæði að finna í lögum nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna, sbr. ákvæði 4. gr. þeirra laga. Þá skal innanríkisráðuneytið eigi síðar en 12 dögum fyrir kjördag birta í útvarpi og dagblöðum auglýsingu um framlagningu þjóðskrár, sbr. 25. gr. laga nr. 54/2006 og 8. gr. laga nr. 5/1998, og einnig skal kjörskrá liggja frammi almenningi til sýnis á skrifstofu sveitarstjórnar eða öðrum hentugum stað eigi síðar en tíu dögum fyrir kjördag, sbr. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 54/2006 og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 5/1998. Loks segir í 1. gr. laga nr. 36/1945 um framboð og kjör forseta Íslands að um kjörskrár til afnota við kjör forseta Íslands fari á sama hátt og við alþingiskosningar.

Samkvæmt 2. tölul. 3. gr. laga nr. 54/1962 um þjóðskrá og almannaskráningu lætur Þjóðskrá Íslands sveitarstjórnnum í té stofn að kjörskrá, þá er forsetakosningar, alþingiskosninga eða sveitarstjórnarkosningar eiga að fara fram. Þá segir í 2. mgr. 21. gr. laganna að sveitarfélög eigi, án þess að sérstök greiðsla komi fyrir, rétt á árlegum íbúaskráum samkvæmt 9. gr. laganna og kjörskrárstofni samkvæmt 2. tölul. 3. gr. og auk þess njóta þau upplýsingaþjónustu Þjóðskrár Íslands samkvæmt 18. gr. laganna. Þá lætur Þjóðskrá Íslands opinberum aðilum og öðrum í té aðrar skrár en þær sem um ræðir í 1. og 2. tölul. 3. gr. laga nr. 54/1962, endurgjaldslaust eða gegn greiðslu, hvort tveggja samkvæmt nánari ákvörðunum innanríkisráðuneytisins, sbr. 3. tölul. 3. gr. laganna.

5.

Af framangreindum ákvæðum í lögum nr. 54/2006 um kosningar til Alþingis, nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna og 54/1962 um þjóðskrá og almannaskráningu liggur ljóst fyrir að Þjóðskrá Íslands er skylt að afhenda sveitarstjórnnum kjörskrárstofna í aðdraganda forseta-, alþingis- og sveitarstjórnarkosningar, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000.

Aftur á móti er hvergi í framangreindum lagabálkum vikið að afhendingu kjörskrárstofna til handa öðrum en sveitarstjórnnum, hvorki stjórnsmálaflokkum né öðrum aðilum. Þess í stað hefur Þjóðskrá Íslands skv. nánari ákvörðunum innanríkisráðuneytisins verið falið það hlutverk að láta opinberum aðilum og öðrum í té aðrar skrár en kjörskrárstofna, sbr. 3. tölul. 3. gr. laga nr. 54/1962. Af framangreindu, sem og í ljósi gagnályktunar frá 2. tölul. 3. gr. laga nr. 54/1962, sbr. 3. tölul. sama ákvæðis, verður ekki séð að Þjóðskrá Íslands sé heimilt að afhenda umrædda kjörskrárstofna á grundvelli 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000.

Í ljósi lögmætisreglu stjórnisýsluréttarins, þ.e. þeirrar reglu að athafnir stjórnvalda skulu eiga sér stoð í lögum, verður að líta svo á setja verði víðtækri vinnslu persónuupplýsinga á vegum stjórnvalds, líkt og um ræðir í þessu máli, skýran lagaramma. Við mat á því hvort fyrrgreind ákvæði 8. gr. laga nr. 77/2000 renni stoðum undir vinnslu persónuupplýsinga á vegum stjórnvalda er m.a. litið til þess hvort slíkur lagarammi sé til staðar.

Hafa ber í huga að sú löggjöf sem Þjóðskrá Íslands starfar eftir er komin til ára sinna og hafa þau meðal annars ekki að geyma tæmandi lýsingu á hlutverkum og verkefnum Þjóðskrár Íslands eins og hún er nú starfrækt. Má því telja æskilegt að sú löggjöf verði uppfærð þannig að hún kveði með skýrum hætti á um þau verkefni sem Þjóðskrá er ætlað að sinna. Sé það ætlun löggjafans að umrædd miðlun sé heimil væri eðlilegt að ákvæði þar að lútandi yrði fært í slíka löggjöf. Í ljósi þess að slíkt ákvæði skortir telur Persónuvernd vafa leika á um að miðlunin sé heimil.

6.

Að því er varðar síðari spurningu Þjóðskrár Íslands er því til að svara að sé heimild til staðar skv. 8. gr. laga nr. 77/2000 fyrir miðlun persónuupplýsinga af þessum toga ber ábyrgðaraðila að gæta að kröfum 11. gr. sömu laga þar sem fjallað er um áhættumat, öryggi og gæði persónuupplýsinga. Í ákvæðinu segir að ábyrgðaraðili skuli gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glattist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi. Telji Þjóðskrár Íslands að unnt sé að gera viðeigandi öryggisráðstafanir til að tryggja framangreint við afhendingu upplýsinganna, annað hvort með pappír eða pdf-skjali, gerir Persónuvernd ekki athugasemdir þar að lútandi, að því gefnu að farið sé einnig að öðrum ákvæðum laganna, þ. á m. ákvæði 28. gr. um andmælarétt hins skráða og bannskrár Þjóðskrár.

3.2.14 Miðlun sálfræðings á upplýsingum til lögreglu um meint kynferðisbrot gegn börnum – mál nr. 2013/1225

Persónuvernd úskurðaði um að sálfræðingi hafi verið heimilt að afhenda lögreglu og sérstökum fjárhaldsmanni barna kvartenda greinargerð um börnin vegna rannsóknar á sakamáli og framlagningar einkaréttarkröfu í sama sakamáli.

Úrskurðurinn er svohljóðandi:

I.
Grundvöllur máls
Málavextir og bréfaskipti
1.
Tildrög máls

Þann 15. október 2013 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] og [B] (hér eftir nefndir kvartendur), dags. þann 14. s.m., vegna meðferðar [C], sálfræðings hjá [Z] sálfræðistofu, á persónuupplýsingum um [börn] þeirra. Nánar tiltekið laut kvörtunin að meintri miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga um [börn] kvartenda í greinargerð sálfræðingsins til þriðja aðila, nánar tiltekið til skipaðs fjárhaldsmanns [barna] þeirra og til lögreglunnar auk þess sem kvartendur voru ósáttir við að hafa ekki fengið sent afrit af umræddri greinargerð hennar, sbr. einnig tölvupóst kvartenda til Persónuverndar frá 19. nóvember 2013.

Með erindi kvartenda fylgdu afrit af bréfi sálfræðingsins til [B], dags. 10. júlí 2013, bréfi [D], hrl., skipaðs fjárhaldsmanns [barna] kvartenda, til sálfræðingsins, dags. 26. júní 2013, og skipunarbréfi [D], hrl., frá sýslumanninum [...], dags. [...].

Í bréfi sálfræðingsins til [B], dags. 10. júlí 2013, segir:

„Eins og þér er kunnugt um hefur Lögregluembættið [...] sem fer með rannsókn máls á meintum brotum [X] gegn [börnum] þínum, óskað eftir gögnum frá mér um málið. Skipaður réttargæslumaður [barnanna] hefur einnig farið fram á slíkt hið sama. Þegar þessir opinberu aðilar fara fram á að unnin sé greinargerð sem liður í lögreglurannsókn og væntanlegu dómsmáli, verð ég sem sálfræðingur að sinna þeirri beiðni. Meðfylgjandi er beiðni [D] hrl. vegna þessa og skipunarbréf hennar frá Sýslumanni.

Greinargerð þessi snýr að mati á líðan hjá [börnum] þínum, mati á afleiðingum meintra brota gerandans og hvaða afleiðingar ég telji að þetta hafi til framtíðar hjá [þeim]. Í síðasta viðtali hjá mér varstu skýr með það viðhorf að mæta ekki með [þau] til slíks mats til mín. Ég hef ekki miklar forsendur til að meta ástand [eldra barns þíns] m.t.t. til þessa, en hef nægar upplýsingar til að skila greinargerð vegna afleiðinga háttsemi [X] á líðan [yngra barns þíns]. Krafa um miskabætur [því] til handa, tekur að einhverju leyti mið af þessu mati.

Ég vil taka fram að þegar beiðni berst frá fyrrnefndum aðilum, undir þessum kringumstæðum, þá er það í forgangi ofar þeim trúnaði sem annars ríkir í allri vinnu sálfræðinga.“

Í bréfi [D], hrl., skipaðs fjárhaldsmanns [barna] kvartenda, til sálfræðingsins, dags. 26. júní 2013, segir m.a.:

„Samkvæmt skipunarbréfi [sýslumannsins [...]] hef ég heimild til að setja fram einkaréttarkröfu skv. XXVI. kafla laga nr. 88/2008 og fylgja þeirri kröfu eftir fyrir dómi ef ákært verður í málinu. Ég hef nú þegar sett fram miskabótakröfur í málinu fyrir hönd beggja [barnanna], en bótakröfurnar eru dagsettar 28. maí 2013. Ekki liggur enn fyrir hvort ákæra verður gefin út í málinu.

Sem sérstakur fjárhaldsmaður [barnanna] tek ég hér með undir kröfur lögreglustjórans [...], sem fer með rannsókn málsins, um að þú látir í té vottorð/greinargerð um þá meðferð sem þú hefur haft [börnin] í, að svo miklu leyti sem sú meðferð lýtur að meintu broti sakborningsins [X] gegn þeim, enda tel ég slíkt vottorð nauðsynlegt til að fylgja bótakröfunum eftir fyrir dómi.“

Loks segir í skipunarbréfi sérstaks fjárhaldsmanns [barna] kvartenda, dags. 24. apríl 2013, að [D], hrl., sé skipaður sérstakur fjárhaldsmaður beggja ólöggráða [barna] kvartenda með vísan til 6. mgr. 51. gr. lögræðis laga nr. 71/1997. Þá segir að [D] hafi samkvæmt skipunarbréfinu heimild til þess að setja fram einkaréttarkröfu skv. XXVI. kafla laga nr. 88/2008, enda muni það liggja fyrir að fastir lögráðamenn hinna ólöggráða munu hafa eigin hagsmuna að gæta við slíkan erindisrekstur.

2.

Bréfaskipti

Með bréfi, dags. 26. nóvember 2013, var [C], sálfræðingi, boðið að koma á framfæri skýringum vegna kvörtunarinnar og meðfylgjandi fylgigagna til samræmi við 10. og 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Einkum var þess óskað að fram kæmi hvort hún hefði sent greinargerð sína, sem kvörtunin laut að, til þriðja aðila, og ef svo væri, hvert var hún send og í hvaða tilgangi. Hefði greinargerðin verið send þriðja aðila var þess einnig óskað að hún tilgreindi hvaða heimild hún byggði þá miðlun persónuupplýsinga á skv. ákvæði 8. laga nr. 77/2000, sem og ákvæði 9. gr. sömu laga ef um viðkvæmar persónuupplýsingar væru að ræða.

Áður en Persónuvernd barst svarbréf frá sálfræðingnum barst stofnuninni tölvupóstur frá kvartendum þann 8. desember 2013 þar sem stofnuninni var bent á að innanríkisráðuneytið hefði ógilt skipun [D], hrl., sem sérstaks fjárhaldsmanns [barna] þeirra. Með tölvupóstinum fylgdi afrit af umræddum úrskurði innanríkisráðuneytisins, dags. 28. nóvember 2013.

Í svarbréfi sálfræðingsins til Persónuverndar, dags. 11. desember 2013, segir að hún sé sjálfstætt starfandi sálfræðingur og sinni málefnum barna og unglunga á sálfræðistofu sinni, [Z], í Reykjavík. Afskiptum hennar af [börnum] kvartenda hófst í nóvember 2012, en tilvísunarástæða beggja [barnanna] var vanlíðan vegna langvarandi eineltis. Í mars 2013 hafi yngri [barnið] skýrt frá meintu [öfbeldi] þar sem [X] hafði ítrekað brotið gegn sér. Umræddur [aðili] væri [...] og hafði því verið tíður gestur á heimili þeirra. Bendir sálfræðingurinn á að málið hafi verið tilkynnt til Barnaverndar og vinnsluferli þess hafist. Voru [bæði börnin boðuð] í viðtal í Barnahúsi, en móðirin var afar ósátt við að málið hefði verið tilkynnt og sýndi enga samvinnu á rannsóknarstigi.

Um miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga til þriðja aðila segir sálfræðingurinn:

„Eftir viðtalið í Barnahúsi fór málið úr höndum Barnaverndar og áfram til lögreglu. Um miðjan maí [2013] barst mér beiðni frá Lögregluembættinu [...] um mat á afleiðingum háttsemi [X] gagnvart [börnunum], mati á sálrænu ástandi þeirra, framtíðarhorfum, trúverðugleika þeirra og atvikalýsingu eins og kostur er. *Embættið lagði áherslu á að ég myndi verða við þeirri beiðni, vegna rannsóknarhagsmuna og hagsmuna [barnanna]. Ljóst var að ég sem sálfræðingur þeirra sem hafði haft [þau] í meðferð, hafði yfir greinargóðum upplýsingum að ráða sem gagnast gæti rannsókninni.* Þar sem málið var komið á borð lögreglu, er hér um að ræða mál sem fellur undir lög um meðferð sakamála og lögin

kveða jafnframt á um að mönnum sé skylt, ef þeir eru kvaddir til þess, að veita lögreglu lið í þágu rannsóknar. *Samblíða þessu barst mér beiðni frá [D] hrl. og taldi hún greinargerð mína forsendu fyrir þeirri miskabótakröfu sem hún svo setti fram.*

Þessir aðilar eru málinu ekki óviðkomandi að mati undirritaðrar.

Í síðasta viðtali sem [yngra barn kvartanda] sótti, upplýsti ég [B] undir lok viðtals um þessa beiðni og að ég teldi mér skylt að verða við henni. Ég óskaði eftir því að hún kæmi með [bæði börnin] til mín til athugunar, en hún tók mjög illa í það og reiddist mjög.“

Varðandi þann lið kvörtunarinnar sem varðar að kvartendur hafi ekki fengið afrit af greinargerð hennar segir í svarbréfinu:

„Greinargerð mín var send Lögregluembættinu [...] eins og að ofan greinir. Fljótlega eftir það barst mér erindi frá Embætti landlæknis þar sem [kvartendur] höfðu sent embættinu formlega kvörtun þess eðlis að ég hafi rofið trúnað og þyrfti leiðsögn um rétta starfshætti. Í svari mínu til Landlæknis lét ég greinargerðina fylgja með.

Þessi greinargerð inniheldur sálfræðilegt mat á líðan, ástandi og aðstæðum [yngra barns kvartanda] auk þess sem hún inniheldur mikilvægar upplýsingar sem falla undir tilkynningaskyldu til Barnaverndar. Óskaði ég eftir því að Landlæknisembættið kæmi þeirri tilkynningu í réttan farveg. Ég tel það ekki þjóna hagsmunum [barnanna] að foreldrar þeirra fái afrit af greinargerðinni. Get ég rökstutt það betur, sé þess krafist.“

Loks byggir sálfræðingurinn umrædda miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga á ákvæðum 3., 4., 6. og 7. tölul. 1. mgr. 8. gr., 4., 7. og 8. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 og ákvæðum 17. og 18. gr. laga nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn, þar sem fjallað er um undantekningar frá meginreglunni um trúnaðar- og þagnarskyldu heilbrigðisstarfsmanna.

Með bréfi, dags. 7. janúar 2014, var kvartendum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við framkomið svarbréf sálfræðingsins. Í svarbréfi kvartanda, dags. þann 15. s.m., segir m.a. að þau telji svarbréf sálfræðingsins vera fullt af staðreyndavillum og útrúningum. Benda kvartendur á að þeir leituðu að eigin frumkvæði til sálfræðingsins sem sjálfstætt starfandi sálfræðings, en ekki sem fulltrúa Barnaverndarnefndar, lögreglu eða ríkissaksóknara. Þá fengu [börn] kvartanda þjónustu sálfræðingsins [á árunum 2012 og 2013]. Var málið kært til Barnaverndarnefndar [...] og til lögreglu [á árinu 2013]. Þann [...] 2013 hafði ákvörðun verið tekin af héraðsdómara um skýrslutöku fyrir dómi í Barnahúsi og réttargæslumaður, [D] hrl., jafnframt skipaður. Barst málið til ríkissaksóknara í [...] 2013.

Benda kvartendur sérstaklega á að engin skrifleg gögn styðji þá fullyrðingu sálfræðingsins að lögreglan hafi óskað eftir greinargerð frá henni um [börn] þeirra. Ekki sé heldur vitað hvaðan lögreglan hafi fengið upplýsingar um að þessi sálfræðingur væri með upplýsingar um [börn] þeirra eða hvaða upplýsingar sálfræðingurinn afhenti lögreglu. Þá telji kvartendur að það geti ekki verið að lögreglan eða sýslumaður hafi þurft sérstakan fjárhaldsmann til þess að biðja um þessar upplýsingar. Af framangreindum sökum fara kvartendur fram á að Persónuvernd kalli eftir frekari upplýsingum frá lögreglu eða sýslumanninum [...], en þá hljóti að koma fram hvort beiðnin til sálfræðingsins hafi verið skrifleg og á hvaða lagagrundvelli hún hafi verið sett fram. Einnig fara kvartendur fram á að Persónuvernd afli frekari upplýsinga frá sálfræðingnum um hvaða aðilum hún hafi afhent upplýsingar um [börn] þeirra. Á rétta kvartendur að afhending greinargerðarinnar hafi ekki einungis brotið gegn lögum nr. 77/2000, heldur einnig 71. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

Telja kvartendur að tilvísun sálfræðingsins til laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála standist ekki, enda sé í þeim lögum einungis fjallað um þá sem undanþegnir eru vitnaskyldu, skv. ákvæði b-liðar 2. mgr. 119. gr. laganna. Vísa kvartendur einnig til dóms Hæstaréttar nr. 408/2013, frá 8.

október 2013, þar sem reyndi m.a. á hvort ákærvaldinu hefði verið heimilt að leggja fram tiltekin skjöl á grundvelli 4. mgr. 134. gr. sakamálalaga, sbr. 2. mgr. 119. gr. sömu laga. Í málinu taldi Hæstiréttur að skjölin fælu ekki í sér trúnaðarupplýsingar í merkingu b-liðar 2. mgr. 119. gr.

Þá telja kvartendur að sálfræðingnum hafi verið óheimilt að afhenda greinargerð sína til sérstaks fjárhaldsmanns [barna] þeirra þar sem innanríkisráðuneytið ógilti skipun fjárhaldsmannsins með úrskurði [á árinu] 2013. Þá séu auk þess litlar líkur á því að bótakrafa verði lögð fram í málinu, enda þurfi að nást sakfelling í málinu til að svo sé heimilt, og geti því slíkar ástæður ekki réttlætt þau mannréttindabrot sem foreldrarnir hafa þurft að sæta í máli þessu.

Loks telja kvartendur að þeir eigi rétt á aðgangi að greinargerðinni, m.a. á grundvelli 4. og 45. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, enda virðist sálfræðingurinn líta á sig sem „bæði sjálfstætt starfandi sálfræðing og sjálfskipaða Barnaverndarnefnd“.

Með tölvupósti, móttæknum þann 19. febrúar 2014, upplýstu kvartendur Persónuvernd um að umrætt mál hefði verið sent aftur til lögreglunnar [...] frá embætti ríkissaksóknara til frekari rannsóknar.

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Afmörkun úrlausnarefnis

Kvörtunin lýtur annars vegar að því hvort [C], sálfræðingi, var heimilt að afhenda greinargerð um [börn] kvartenda til lögreglunnar [...] og sérstaks fjárhaldsmanns [barna] þeirra. Hins vegar lýtur kvörtunin að því hvort kvartendur eigi rétt á að fá afrit eða aðgang að umræddri greinargerð.

2.

Gildissvið o.fl.

Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Af framangreindu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000, enda lýtur málið að greinargerð sálfræðings um [börn] kvartenda.

3.

Lögmæti vinnslu

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að samrýmast einhverri af kröfum 8. gr. laga nr. 77/2000. Þá verður vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga, s.s. upplýsingar um heilsuhagi, kynlíf manna eða kynhegðan og upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður um refsiverðan verknað, sbr. 8. tölul. 2. gr. sömu laga, að samrýmast einhverju af viðbótarskilyrðum 9. gr. laganna.

Að auki verður öll vinnsla persónuupplýsinga að fullnægja grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um gæði gagna og vinnslu. Þar er mælt fyrir um að persónuupplýsingar skuli unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær skuli fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og

ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.) og að þær skuli vera nægilegar og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.).

Í VII. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála er fjallað um almennar reglur um rannsókn sakamála. Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 52. gr. laganna er rannsókn sakamála í höndum lögreglu nema öðruvísi sé mælt fyrir í lögum. Markmið rannsóknar er að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til sakar, svo og að afla gagna til undirbúnings málsmeðferð fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 53. gr. laganna. Þá segir í 54. gr. að rannsaka skuli og afla allra tiltækra gagna um verknað þann sem um er að ræða, svo sem stað og stund og öll nánari atvik, sem ætla má að skipt geti máli. Er mönnum jafnframt skylt að veita lögreglu lið í þágu rannsóknar, ef þeir eru kvaddir til þess, skv. 1. mgr. 55. gr. Þá er það hlutverk dómara að meta sönnunargildi þeirra gagna sem ákærvaldið hefur aflað á grundvelli framangreindra ákvæða, sbr. ákvæði 109. gr. sakamálalaga.

Hlutverk réttargæslumanns er m.a. að setja fram einkaréttarkröfu fyrir hönd brotþola, skv. XXVI. kafla sakamálalaga nr. 88/2008, sbr. 6. mgr. 51. gr. lögræðislaga nr. 71/1997. Ber honum, sem réttargæslumanni þess einstaklings, að koma á framfæri einkaréttarkröfu skv. 172. gr. sakamálalaga til lögreglu meðan á rannsókn máls stendur eða við ákæranda áður en ákæra er gefin út. Nánar tiltekið skal hann láta af hendi skriflega greinargerð um kröfu sína sem og þau gögn sem varða málátílu kröfuhafa og ekki liggja þegar fyrir í sakamálinu, sbr. 173. gr. laganna. Eru t.d. skýrslur sálfræðinga gjarnan lagðar fram til stuðnings slíkum bótakröfum og eru þær því meðal þeirra gagna sem lagðar eru fram í dómi. Í því samhengi ber að benda á að Hæstiréttur hefur m.a.s. lækkað bótafjárhæð til handa brotþola á grundvelli þess að ekki lágu fyrir sérfræðileg gögn um afleiðingar brota ákærða á ólögráða þolendum kynferðisbrota hans, sbr. mál nr. 19/2009 frá 17. september 2009.

Samkvæmt ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 er vinnsla persónuupplýsinga, þ. á m. miðlun þeirra til þriðja aðila, heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila. Einnig getur vinnsla verið heimil sé hún nauðsynleg til að verja brýna hagsmuni hins skráða eða við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili, eða þriðji maður sem upplýsingum er miðlað til, fer með, sbr. 4. og 6. tölul. sama ákvæðis.

Þá er vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga heimil standi sérstök heimild til hennar samkvæmt öðrum lögum en lögum nr. 77/2000, sé hún nauðsynleg til að verja verulega hagsmuni hins skráða eða annars aðila sem ekki er sjálfur fær um að gefa samþykki sitt, sbr. 2. og 4. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Jafnframt getur slík vinnsla verið heimil sé hún nauðsynleg til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja. Þá segir í athugasemdum um 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000 að það sé ekki skilyrði að málið verði lagt fyrir dómstóla heldur nægi að vinnslan sé nauðsynleg til að styðja kröfu fullnægjandi rökum, en vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga í þessum tilgangi teljist hins vegar því aðeins vera lögleg að krafan verði hvorki afmörkuð né staðreynd með öðrum hætti.

Eins og mál þetta hefur verið rakið telur Persónuvernd að [C], sálfræðingi, hafi verið heimilt að afhenda greinargerð sína um [börn] kvartenda til lögreglunnar [...] vegna rannsóknar embættisins á meintu kynferðisbroti gegn [börnunum] á grundvelli 3. og 6. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000.

Jafnframt telur Persónuvernd að sálfræðingnum hafi verið heimilt að afhenda sömu greinargerð til [D], hrl., sem skipaður var sérstakur fjárhaldsmaður [barnanna] á þeim tíma sem greinargerðin var afhent, til stuðnings bótakröfu fjárhaldsmannsins fyrir hönd [barnanna] í umræddu sakamáli, sbr. ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 4. og 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000.

4.

Um aðgang að kvartanda að greinargerð sálfræðingsins

Um upplýsingarétt hins skráða, og undantekningar frá þeim rétti, er fjallað í ákvæðum 18. og 19. gr. laga nr. 77/2000. Aftur á móti segir í 2. mgr. 3. gr. laganna að umrædd ákvæði gildi ekki um vinnslu persónuupplýsinga sem varði t.d. starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu.

Í máli þessu er sú greinargerð, sem kvörtun þessi lýtur að, nú meðal rannsóknargagna í sakamáli sem er til meðferðar hjá ákærvaldinu. Í ljósi þessa telur Persónuvernd að hér eigi við framangreint ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000 og því eigi framangreind ákvæði 18. og 19. gr. laganna ekki við. Aftur á móti er í öðrum lögum og reglugerðum fjallað um aðgang að slíkum gögnum, s.s. lögum nr. 88/2008, en mat á aðgangi að slíkum gögnum heyrir ekki undir valdsvið Persónuverndar.

Úrskurðarorð:

[C], sálfræðingi, var heimilt að afhenda lögreglu og sérstökum fjárhaldsmanni [barna] kvartanda greinargerð um [börnin] vegna rannsóknar á sakamáli og framlagningu einkaréttarkröfu í sama sakamáli.

3.2.15. Úrskurður um miðlun netfangalista frá Hópkaupum – mál nr. 2013/1111

Persónuvernd úrskurðaði þann 13. mars 2014 um að afhending Hópkaupa ehf. á netfangi kvartanda til Heimkaupa ehf. hafi ekki verið í samræmi við lög nr. 77/2000.

I.

Grundvöllur máls

Málavextir og bréfaskipti

1.

Tildrög máls

Með bréfi, dags. 17. september 2013, framsendi Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir PFS) erindi til Persónuverndar til stjórnarsýslulegrar meðferðar með vísun til 2. mgr. 7. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Varðaði erindið kvörtun [AB] (hér eftir nefndur kvartandi), dags. [á árinu] 2013, nánar tiltekið þann þátt kvörtunarinnar um meinta miðlun persónuupplýsinga um sig frá Hópkaupum ehf. til Heimkaupa ehf.

Í upphaflegu erindi kvartanda til PFS, dags. [á árinu] 2013, segir m.a.:

„[...É]g gaf ekki Hópkaupum leyfi til þess að miðla netfangi mínu til Heimkaupa né nota það á annan hátt en að miðla þeirra eigin tilboðum.

Samkvæmt fyrirtækjaskrá er rekstur Heimkaupa á annarri kennitölu en Hópkaup og því um tvo aðskilda lögaðila að ræða.“

Nánar tiltekið varðar kvörtunin tölvupóst sem kvartanda barst frá Hópkaupum ehf. [á árinu] 2013, en þar segir m.a.:

„Hópkaup hafa eignast „systur“ og bjóða Heimkaup velkomin í fjölskylduna. Hópkaupsnotendum býðst gjöf í formi inneignar hjá Heimkaupum að verðmæti 500 kr. og meðfylgjandi er inneignarkóðinn þinn, sem þú getur nýtt þér þegar þú verklar á Heimkaup.is.[...]

Hafir þú ekki áhuga á að fá tölvupóst frá Heimkaup.is - smelltu hér.[...]

Þessi póstur er sendur til þeirra sem hafa skráð sig á póstlista Hópkaupa á www.hopkaup.is.“

2.

Bréfaskipti

Með bréfi, dags. 8. nóvember 2013, var Hópkaupum ehf. boðið að koma á framfæri skýringum vegna kvörtunarinnar til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Í svarbréfi [D], hdl., f.h. Hópkaupa ehf., dags. 13. desember 2013, segir m.a.:

„Umbjóðandi minn telur að netfangið sem um ræðir teljist ekki persónuupplýsingar þar sem netfangið eitt og sér er ekki rekjanlegt til að bera kennsl á viðkomandi einstakling, t.d. engin tilvísun í kennitölu eða þess háttar. Þá þegar af þeirri ástæðu telur umbj. minn ekki tilefni fyrir Persónuvernd að athafnast í málinu.

Jafnvel þótt netfangið teljist til persónuupplýsinga bendir umbjóðandi minn á að í umræddum tölvupósti [...] kemur skýrt fram að ef móttakandi hafi ekki áhuga á að fá tölvupóst frá Heimkaup.is var honum veittur kostur á að smella á tilgreindan stað („smelltu hér“). Á það skal sérstaklega bent í þessu samhengi að kvartandi las tölvupóstinn, skildi innihald hans og vissi jafnframt að mögulegt var að smella á hnapp til þess að afþakka tölvupósta frá Heimkaupum, eins og fram kemur í tölvupósti kvartanda [...] til Póst- og fjarskiptastofnunar. Þrátt fyrir það, og að hafa verið meðvitaður um efni tölvupóstsins og fyrirkomulagið (svokallað „opt-out“), smellti kvartandi ekki á hnappinn og leit umbjóðandi minn því svo á að kvartandinn vissi hvað hann var að samþykkja og hvaða afleiðingar það hafði fyrir hann.

Þá bendir umbj. minn á að þar sem um eru að ræða almennar persónuupplýsingar, en ekki viðkvæmar persónuupplýsingar, telur umbj. minn að nægilegt sé að einstaklingar veiti samþykki sitt í verki með því að smella ekki á umræddan hnapp, enda var það á valdi kvartanda að hafna tölvupóstum frá Heimkaup.is. Mismiklar kröfur eru gerðar til samþykkis eftir eðli þeirra persónuupplýsinga sem á að vinna með. Þegar um er að ræða almennar persónuupplýsingar, t.d. upplýsingar um nöfn og kennitölur, er stundum hægt að veita samþykki í verki. Í ljósi þess að hér var um að ræða netfang, sem innihélt engar upplýsingar um kennitölu né fullt nafn kvartanda, telur umbj. minn ljóst að fullnægjandi var að afla samþykkis með þeim hætti sem gert var.“

Með bréfi, dags. 9. janúar 2014, og tölvupósti sendum þann sama dag, var kvartanda boðið að koma á framfæri athugasemdum sínum við framkomnar skýringar Hópkaupa ehf. til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Persónuvernd barst svarbréf kvartanda þann 3. febrúar 2014. Í því segir m.a. að kvartandi telji að tvennt komi til greina í málinu. Annað hvort hafi Hópkaup ehf. sent tölvupóst til hans fyrir hönd Heimkaupa ehf. eða miðlað netfangi hans til Heimkaupa ehf. sem síðarnefnda fyrirtækið noti síðan við útsendingu á markpósti. Hafi báðum möguleikum verið hafnað í svörum Hópkaupa ehf. að mati kvartanda. Þá bendir kvartandi á að í þessu tilviki séu um almennar persónuupplýsingar að ræða enda geti netföng borið með sér nöfn eða einkenni sem gefa til kynna handhafa netfangsins. Þar sem netfang kvartanda væri [A]@[B].is telji kvartandi að um persónuupplýsingar séu að ræða. Loks áréttar kvartandi [...] að hann veitti Hópkaupum ehf. aldrei samþykki fyrir því að mega miðla netfangi sínu til Heimkaupa ehf. og því ætti ekki að fallast á að það hafi verið nóg að afþakka umræddar póstsendingar með þeim hætti sem hér um ræðir.

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000

Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Af framangreindu er ljóst að miðlun upplýsinga um netfang kvartanda frá Hópkaupum ehf. til Heimkaupa ehf. fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000.

2.

Lögmæti vinnslu

Öll vinnsla persónuupplýsinga þarf að uppfylla eitthvert af skilyrðum 8. gr. laga nr. 77/2000 svo hún sé heimil. Getur þar einkum átt við 7. tl. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 þar sem segir að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra.

Að auki verður, eins og ávallt þegar unnið er með persónuupplýsingar, að fara að öllum grunnkröfum 7. gr. laga nr. 77/2000, þ. á m. að persónuupplýsingar skulu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti slíkra upplýsinga (1. tölul.). Þá verður þegar unnið er með persónuupplýsingar í markaðssetningarstarfsemi að fara að sérákvæði 28. gr. laganna. Ákvæðið gerir ráð fyrir sérstökum og ríkum andmælarétti hins skráða að því er varðar notkun persónuupplýsinga um hann í tengslum við markaðssetningarstarfsemi.

Þá er í 5. mgr. 28. gr. að finna sérstaka reglu um það hvenær heimilt sé að afhenda féлага-, starfsmanna- og viðskiptamannaskrár þriðja aðila til nota í tengslum við markaðssetningu. Þar segir að slíkt sé heimilt að því gefnu að:

1. ekki séu afhentar viðkvæmar persónuupplýsingar;
2. hinum skráðu sé veittur kostur á að andmæla því fyrir afhendinguna, hverjum fyrir sitt leyti, að upplýsingar um þá birtist á hinni afhentu skrá;
3. slíkt fari ekki gegn reglum eða samþykktum viðkomandi félags; og
4. kannað sé hvort einhver hinna skráðu hafi látið færa nafn sitt á bannskrá, en upplýsingum um viðkomandi skuli þá eytt áður en skráin er látin af hendi.

Í þessu tilviki var netfang kvartanda á lista yfir viðskiptamenn Hópkaupa ehf. sem afhentur var Heimkaupum ehf. Var listinn afhentur í þeim tilgangi að Heimkaup ehf. gæti notað netföngin til beinnar markaðssetningar gagnvart viðkomandi viðskiptavinum Hópkaupa ehf. Af hálfu ábyrgðaraðila, Hópkaupa ehf., hefur komið fram að kvartanda hafi verið gefinn kostur á að andmæla móttöku tölvupósta í framtíðinni frá Heimkaupum ehf. með því að smella á hlekk neðarlega í tölvupósti frá Hópkaupum ehf. þann 14. mars 2013.

Þegar hinum skráðu er gefinn kostur á að andmæla því að upplýsingar um þá verði á afhentri skrá í þágu markaðssetningarstarfsemi til þriðja aðila skal gera það með skýrum hætti. Af umræddum tölvupósti og svörum Hópkaupa ehf. verður ekki ráðið að viðskiptamönnum Hópkaupa ehf., þ. á m. kvartanda, hafi verið veittur kostur á að andmæla sérstaklega umrædda afhendingu á netfangi í skilningi 2. tölul. 5. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki talið að afhending Hópkaupa ehf. á netfangi kvartanda til Heimkaupa ehf. hafi verið í samræmi við 5. mgr. 28. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000.

Úrskurðarorð:

Afhending Hópkaupa ehf. á netfangi [AB] til Heimkaupa ehf. var ekki í samræmi við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

3.2.16. Umfjöllun heilbrigðisstarfsmanns um sjúkling í blaðagrein – mál nr. 2013/1262

Persónuvernd úrskurðaði þann 11. apríl 2014 um að birting persónuupplýsinga um fyrrum sjúkling í blaðagrein heilbrigðisstarfsmanns í Morgunblaðinu árið 2013, hafi ekki verið í samræmi við lög nr. 77/2000.

Úrskurðurinn er svohljóðandi:

I.
Grundvöllur máls
Málavextir og bréfaskipti
1.
Tildrög máls og
afmörkun kvörtunarefnis

Þann 22. október 2013 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] (hér eftir nefndur kvartandi), yfir birtingu persónuupplýsinga um hann í innsendri grein [B] í Morgunblaðinu. Í kvörtuninni segir m.a. að [á árinu] 2013 hafi birst grein í Morgunblaðinu eftir [B], heilbrigðisstarfsmann, undir yfirskriftinni [...]. Kvartandi tekur fram að greinin hafi verið skrifuð án hans vitundar eða samþykkis en þar sé vitnað til niðurstaðna rannsókna, sem kvartandi hafði sýnt [B], tölvupósts frá lækni kvartanda, sem hann hafði afhent [B] auk þess sem rakin var hluti sjúkrasögu hans en kvartandi hafði hætt meðferð hjá [B] tæpum tveimur árum fyrir vegna meints brots [B] gegn trúnaðar- og þagnarskyldu hans. Tiltók kvartandi að hann biði nú niðurstöðu landlæknis hvað trúnaðar- og þagnarskyldubrot [B] varðaði. Þá sagði jafnframt í kvörtuninni:

„[...] Mér finnst engu breyta um að trúnaður hafi verið brotinn þótt [B]nafngreini mig ekki í blaðagreininni. Fólk sem ég þekki áttaði sig á því að hann væri að fjalla um mig og ég frétti af þessari grein nokkrum dögum eftir birtingu hennar í gegnum annan mann. Ef farið er inn í greinasafn Morgunblaðsins og eldri grein eftir [B]lesin þar sem hann nafngreindir mig er auk þess augljóst að [B] er að fjalla um sama manninn í seinni greininni, þ.e. [A].“

Þá kemur einnig fram í kvörtun kvartanda að í eldri grein [B], sem birst hafði í Morgunblaðinu [á árinu] 2012, hafi [B] haldið sig við að vitna í blaðagrein sem kvartandi hefði sjálfur birt í Morgunblaðinu þann [á árinu] 2011. Í þeirri grein sé þ.a.l. aðeins að finna upplýsingar um kvartanda sem hann hafði sjálfur látið frá sér fara. Í síðari blaðagrein [B], sem birtist [á árinu] 2013, væri hann hins vegar að vitna í trúnaðarupplýsingar, röntgenbréf, tölvupóst læknis, tiltekna sjúkdómsgreiningu o.fl. atriði. Kvartandi heldur því fram að augljóst sé af fyrri grein [B], þar sem kvartandi er nafngreindur, og hinni síðari að í þeim sé fjallað um einn og sama manninn, þ.e. kvartanda.

Þann 2. desember 2013 barst Persónuvernd tölvubréf frá kvartanda með upplýsingum um trúnaðar- og þagnarskyldubrot annarra aðila en fyrrgreinds [B]. Annars vegar spurði kvartandi hvort Persónuvernd myndi vilja „kíkja á“ meint trúnaðar- og þagnarskyldubrot [D], formanns [F], en kvartandi hafði einnig kvartað yfir trúnaðar- og þagnarskyldubroti [B] til [F]. Hins vegar tiltók kvartandi sem „hugsanlegt þriðja mál“ miðlun persónuupplýsinga um kvartanda frá [B] til lögreglu en tölvubréfinu fylgdu sjö handskrifuð bréf [B] til lögreglu er vörðuðu kvartanda og deilur hans við tiltekinn þriðja aðila.

Með tölvubréfi þann 10. desember 2013 óskaði Persónuvernd eftir nánari afmörkun kvartanda á kvörtunarefni hans. Af svarbréfi kvartanda, sem barst með tölvubréfi þann 11. desember sl., mátti ráða að kvörtun hans laut *í fyrsta lagi* að birtingu persónuupplýsinga um hann í grein [B] í Morgunblaðinu þann [á árinu] 2013, *í öðru lagi* laut kvörtun hans að trúnaðar- og þagnarskyldubroti [D], formanns [F] og *í þriðja lagi* laut hún að miðlun persónuupplýsinga um kvartanda frá [B] til lögreglunnar. Þá fylgdu tölvupósti kvartanda afrit af frekari tölvupóstsamskiptum milli hans og [D], formanns [F] auk þess sem kvartandi afhenti, á skrifstofu Persónuverndar, þann 12. desember sl., umfangsmikil gögn á pappírformi og geisladiski sem vörðuðu meint trúnaðar- og þagnarskyldubrot [B] en ekki er ástæða til að rekja frekar.

Með tölvubréfi þann 21. janúar 2014 tilkynnti Persónuvernd kvartanda um þann skilning sem stofnunin hefði á efni kvörtunar hans eftir fyrrnefnd bréfaskipti. Með tölvubréfi þann 11. febrúar sl. tilkynnti Persónuvernd kvartanda um að hún hefði tekið til meðferðar þann þátt kvörtunar

hans sem laut að greinaskrifum [B] í Morgunblaðinu þann [á árinu] 2013. Jafnframt tilkynnti Persónuverndar kvartanda að samkvæmt lögum nr. 47/2007 hefði landlæknir eftirlit með heilbrigðisstarfsmönnum, þ.á.m. hvort trúnaðar- og þagnarskyldu hafi verið gætt. Það félli ekki undir verksvið Persónuverndar að skera úr um hvort eða með hvaða hætti önnur stjórnvöld rækja það hlutverk sem þeim hefur verið falið með lögum. Af þeirri ástæðu myndi Persónuvernd ekki aðhafast frekar vegna þess þáttar kvörtunarinnar sem laut að meintu trúnaðar- og/eða þagnarskyldubroti [B] og [D], sem heilbrigðisstarfsmanna.

2.

Bréfaskipti

Með bréfi, 11. febrúar 2014, var [B] tilkynnt um fram komna kvörtun og boðið að koma á framfæri andmælum sínum vegna hennar til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Óskaði Persónuvernd sérstaklega eftir upplýsingum um það á hvaða heimild í 1. mgr. 8., og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, umrædd vinnsla persónuupplýsinga um kvartanda byggðist.

Í svarbréfi [B], dags. 13. febrúar sl., kom m.a. fram að kvartandi hefði ekki verið nafngreindur í grein hans frá [árinu] 2013, né nokkur annar einstaklingur. Telur [B] að ekki sé unnt að ráða af greininni um hvern sé að ræða, hvorki beint né óbeint. Þá staðfestir [B] að hann hafi nafngreint kvartanda í eldri grein sem hann skrifaði, og birtist í Morgunblaðinu [á árinu] 2012 og að hún hafi verið skrifuð sem svar við eigin blaðagrein kvartanda frá [árinu] 2011. Hin síðari grein hafi hins vegar fjallað um ónafngreint tilvik um tiltekna sjúkdómsgreiningu með samanburði á gögnum sem [B] hafði í fórum sínum. Þá bendir [B] á að í kvörtuninni komi fram að fyrri grein [B] varði einungis upplýsingar sem kvartanda sjálfur hefði látið frá sér fara til fjölmiðla og að það hafi verið hans val að gera slíkt. Bendir [B] á að með því að óska birtingar á grein eftir sig í Morgunblaðinu sé hún komin fyrir almenningssjónir og þar með í opinbera umræðu. Hefði kvartandi því átt eða mátt búast við að einhver myndi svara greininni. Loks kom fram að [B] hefði kynnt sér ákvæði laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og hygðist gæta þess í framtíðinni að fara að þeim ef um frekari vinnslu yrði að ræða.

Með tölvubrési þann 27. febrúar sl. ítrekaði Persónuvernd ósk sína um svör frá [B], nánar til tekið um það á hvaða heimild, ef einhverri, í 1. mgr. 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 umrædd vinnsla byggðist. Í svarbréfi [B], sem barst sama dag, kom fram að [B] hefði ekki haft vitund um að hann þyrfti að gæta að heimildaákvæðum í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 þar sem hann teldi nægilegt að fara eftir ríkum hefðum innan heilbrigðiskerfisins og fjalla um tilfelli, svo lengi sem þau væru ekki nafngreind. Þá hafði hann einnig gætt þess að lesandi gæti ekki giskað á með óbeinum hætti hver persónan væri á bak við tilfellið sem umfjöllun hans lyti að. Síðar sama dag sendi [B] frekari svör til Persónuverndar með tölvubrési en þar kom m.a. fram að við skoðun á lögum nr. 77/2000 gæti [B] ekki séð að hann þyrfti að óska skriflegs leyfis fyrirfram frá þeim sem fjallað væri um ónafngreint til að fá grein birta í dagblaði. Þá benti [B] á ákvæði 5. gr. laga nr. 77/2000 sem fjallaði um tengsl við tjáningarfrelsi og tók fram að hann hefði verið að nýta rétt sinn til tjáningarfrelsis í þágu fjölmiðlunar, varðandi umrætt tilvik, og túlkun á gögnum þar að lútandi. Grein hans varðaði ekki persónu kvartanda heldur fyrst og fremst vinnu heilbrigðisstarfsmanna við að komast að niðurstöðu í mjög þröngu tilfelli. Loks kom fram að [B] teldi að blaðagrein hans innihéldi varla viðkvæmar persónuupplýsingar um heilsuhagi þar sem slíkar viðkvæmar upplýsingar væru yfirleitt tengdar við geðsjúkdóm, kynsjúkdóm eða innvortis mein sem gæti leitt til örkuðlunar. Tók [B] fram að alkunna væri að fólk fengi verki í [...] og að um slík mál væri rétt meðal manna án allrar viðkvæmni.

Með bréfi, dags. 28. febrúar 2014, var kvartanda boðið að koma á framfæri athugasemdum sínum við framkomnar skýringar [B] til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Í svarbréfi kvartanda, sem barst með tölvubrési þann 7. mars sl., kom fram að hann teldi að það hlyti að koma fram í lögum um persónuvernd að óheimilt væri að rita grein um heilsufar

fyrirverandi sjúklings, þar sem m.a. væri vitnað í tölvupóst læknis og rannsókn viðkomandi, án hans samþykkis. Þá heldur kvartandi því fram að grein [B] sé efnislega röng auk þess sem um hana sagði:

„Fleiri en einn se m ég þekki og fleiri en tveir sem ég þekki áttuðu sig á því að [B]var að fjalla um mig í þessari grein. Þeim þótti hún óþægileg. Verst kom þetta þó við mig. Ef farið er inn í greinasafn Morgunblaðsins þá er hægt að lesa eldri grein [B] um mig þar sem hann nafngreindir mig og þá er lesandinn kominn með nafnið á mér enda augljóst að í seinni grein [B] er hann að fjalla um sama manninn.

Ef úrskurður Persónuverndar fellur með mér, sem hann hlýtur að gera getur þá Persónuvernd farið fram á það við Morgunblaðið að það fjarlægji þessar tvær greinar úr greinasafni sínu?“

Þann 7. mars sl. barst Persónuvernd einnig svarbréf [B] í tilefni af afriti, af bréfi Persónuverndar til kvartanda, dags. 28. febrúar sl., sem honum var sent. Í bréfinu kom fram gagnrýni á málsmeðferð Persónuverndar, aðallega á þá leið að IV. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 heimili Persónuvernd ekki að óska eftir tilteknum skýringum frá aðilum máls s.s. um það á grundvelli hvaða heimildar í 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 umrædd vinnsla hans hefði byggst. Af þeirri ástæðu krafist [B] þess að Persónuvernd drægi til baka, og afturkallaði skriflega, bréf stofnunarinnar til hans, dags. 11. febrúar sl., og dags. 27. febrúar sl. Þá lýsti [B] því jafnframt yfir að svör hans, sem send voru stofnuninni með tveimur tölvubréfum þann 27. febrúar sl., væru dregin til baka og lýst dauð og ómerk, líkt og þau hefðu aldrei komið fram. Loks gagnrýndi [B] að skýringar hans hefðu verið bornar undir kvartanda og krafðist hann af þeirri ástæðu að bréf Persónuverndar til kvartanda frá 28. febrúar sl. yrði einnig dregið til baka ásamt þeim gögnum sem því fylgdu.

Þá bárust Persónuvernd einnig þrjú tölvubréf frá [B] þann 7. mars sl. Ekki er þörf á að rekja efni þeirra sérstaklega að öðru leyti en því að [B] spyr m.a. að því hvort Morgunblaðið væri einnig aðili að máli þessu og hvort því hafi verið gefinn kostur á að tjá sig um málið. Einnig tók [B] fram að kvartandi missti rétt sinn til að svara stofnuninni ef hann hefði ekki svarað bréfi Persónuverndar, dags. 14. febrúar sl. annars vegar og 28. febrúar sl. hins vegar, þar sem kvartanda var gefinn kostur á að tjá sig um fram komnar skýringar [B], innan þess svarfrests sem stofnunin veitti honum.

II.

Forsendur og niðurstæða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000

Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

[B] ritaði blaðagrein í Morgunblaðið [á árinu] 2013. Umrædda blaðagrein verður að skoða í ljósi fyrri greinar [B], sem birtist í Morgunblaðinu [á árinu] 2012, sem áður hefur verið minnst á. Í grein [B] frá [árinu] 2012 er kvartandi nafngreindur og er sú grein andsvar við blaðagrein kvartanda sjálfs, sem upphaflega birtist í Morgunblaðinu [á árinu] 2011. Þrátt fyrir að kvartandi sé ekki nafngreindur í grein [B] frá [árinu] 2013 má engu að síður ráða, þegar umrædd blaðagrein er skoðuð í samhengi við hina fyrri grein frá [árinu] 2012, að báðar greinarnar séu ritaðar um sama einstaklinginn, þ.e. kvartanda.

Í 5. gr. laga nr. 77/2000 er að finna sérreglu þess efnis að víkja megi frá ákvæðum laganna í þágu fjölmiðlunar, lista eða bókmennta, að því marki sem það sé nauðsynlegt til að samræma sjónarmið um rétt til einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar. Þegar persónuupplýsingar eru einvörðungu unnar í þágu fréttamennsku gilda aðeins tiltekin ákvæði laganna. Sé atvikum svo háttað að vinnsla persónuupplýsinga byggist á 5. gr. gilda t.d. ekki heimildarákvæði 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000.

Ákvæði 5. gr. er ætlað að koma í veg fyrir að lögum nr. 77/2000 verði beitt á þann veg að rétturinn til tjáningarfrelsis, sbr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, víki fyrir einkalífsákvæði 71. gr. stjórnarskrárinnar þegar mál eru þannig vaxin að tjáningarfrelsið ætti að ganga fram. Það hvernig þeim ber að beita fer eftir atvikum hverju sinni. Ber m.a. við slíkt mat að huga að þeim tilgangi sem býr að baki birtingunni. Í því tilviki sem hér um ræðir getur ákvæði 5. gr. laganna ekki heimilað heilbrigðisstarfsmanni að fjalla um einkahagi fyrrum sjúklings, í ljósi lögbundinnar þagnarskyldu sem á viðkomandi hvílir. Séu persónuupplýsinga birtar í fjölmiðli eins og hér um ræðir, án tengsla við fréttamennsku og af einstaklingi sem er ótengdur þeim fjölmiðli sem birtir persónuupplýsingar er ekki unnt að telja að umrædd vinnsla hafi farið fram í þágu fjölmiðlunar í skilningi 5. gr. laganna. Kallar því vinnsla persónuupplýsinga, í því tilviki sem hér um ræðir, ekki á að vikið verði frá ákvæðum laga nr. 77/2000 á grundvelli heimildar í 5. gr. þeirra.

Af framangreindu leiðir að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000, enda birti [B] persónuupplýsingar um kvartanda í blaðagrein sinni í Morgunblaðinu [á árinu] 2013 en sú vinnsla fór ekki fram í þágu fjölmiðlunar.

2.

2.1.

Ábyrgðaraðili vinnslu

Samkvæmt ákvæði 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 er ábyrgðaraðili sá aðili sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna. Eins og áður hefur komið fram ritaði [B] blaðagrein sem hann óskaði eftir birtingu á, og sem í kjölfarið var birt í Morgunblaðinu [á árinu] 2013. Af framangreindu leiðir að [B] hafi í umrætt sinn ákveðið tilgang, aðferð og aðra ráðstöfun þeirra persónuupplýsinga sem kvörtun þessi lýtur að og birtust í blaðagrein hans. Þrátt fyrir að Morgunblaðið taki ákvörðun um birtingu aðsendra greina til blaðsins hefur Morgunblaðið ekki ákvörðunarvald um efnislegt innihald aðsendra greina einstaklinga í skilningi 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Er því [B] talin vera ábyrgðaraðili þeirrar vinnslu sem hér um ræðir í skilningi laga nr. 77/2000.

2.2

Lögmæti vinnslu

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að fullnægja einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, og 1. mgr. 9. gr. laganna ef um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða, svo hún teljist heimil. Upplýsingar um heilsuhagi teljast viðkvæmar persónuupplýsingar samkvæmt c-lið 8. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna. Ekki er gerð krafa um að öllum skilyrðum framangreindra ákvæða sé fullnægt heldur telst vinnsla persónuupplýsinga hafa fullnægjandi heimild ef einhver skilyrði þeirra tölulíða sem talin eru upp í 8. og 9. gr. laganna séu fyrir hendi.

Samkvæmt 6. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, er vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga heimil taki hún einungis til upplýsinga sem hinn skráði hefur sjálfur gert opinberar. Við túlkun þessara ákvæða þarf að hafa hliðsjón af athugasemdum með 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs, eins og henni var breytt með 9. gr. laga nr. 97/1995. Þar segir að í friðhelgi einkalífsins felist m.a. réttur manns til að njóta friðar um lífshætti sína og einkahagi. Fram kemur að mjög raunhæft dæmi um svið, þar sem álitæfni vakni um hvort brotið er gegn friðhelgi einkalífs, sé skráning persónuupplýsinga um einstaklinga, en þó segir að ýmsar almennar skrár af opinberum toga falli utan verndar ákvæðisins.

Í máli þessu liggur fyrir að kvartandi hafi sjálfur birt grein sem ber yfirskriftina „[...]“, í Morgunblaðinu [á árinu] 2011, þar sem fram komu m.a. upplýsingar um heilsufar kvartanda ásamt gagnrýni á heilbrigðiskerfið sem og þá meðferð sem kvartanda var veitt í tengslum við og í kjölfar lækniáðgerðar sem hann gekkst undir. Í umfjöllunum [B], sem birtust í Morgunblaðinu [á árinu] 2012 og [á árinu] 2013, er hins vegar að finna ítarlegri upplýsingar en upphafleg blaðgrein kvartanda tekur til, t.d. um að sjúklingur, í þessu tilviki kvartandi, hefði farið á fund tiltekins [heilbrigðisstarfsmanns] í [Z], hvaða dag vitjunin átti sér stað ásamt ítarlegri umfjöllun um heilsufar og sjúkdómsgreiningu kvartanda byggða á gögnum sem kvartandi hafði afhent honum. Fær framangreindur skilningur stoð í svarbréfi [B] til Persónuverndar, dags. 13. febrúar sl., þar sem segir að blaðgrein hans frá [árinu] 2011 hafi m.a. byggst á samanburði á gögnum sem hann hafði í fórum sínum. Af þeirri ástæðu á 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 ekki við í umræddu tilviki.

Þá hefur [B] ekki sýnt fram á að umrædd vinnsla hafi verið honum heimil með stoð í einhverju öðru ákvæði 1. mgr. 9. gr. laganna né 1. mgr. 8. gr. laganna heldur hefur þvert á móti komið fram, sbr. bréf [B] frá 27. febrúar sl. að hann hefði ekki haft vitneskju um að hann þyrfti að gæta að heimildarákvæðum í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 þar sem hann teldi nægilegt að fara eftir ríkum hefðum innan heilbrigðiskerfisins sem heimiluðu umfjöllun um sjúklingatilfelli, svo lengi sem þau væru ekki nafngreind.

Í bréfi kvartanda, dags. 7. mars sl., er óskað eftir því að Persónuvernd fari fram á það við Morgunblaðið að umræddar greinar verði fjarlægðar úr greinasafni blaðsins falli úrskurður stofnunarinnar honum í hag. Vegna þess er rétt að taka fram, með vísan til 71. gr. stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi, að stjórnvöld geta almennt ekki mælt fyrir um að greinaskrif einstaklinga séu fjarlægð úr fjölmiðlum. Telji kvartandi sig hafa orðið fyrir tjóni, s.s. varanlegum miska, vegna umfjöllunar um sig er unnt að krefjast skaðabóta á grundvelli skaðabotalaga nr. 50/1993.

[B] hefur gert ýmsar aðfinnslur við málsmeðferð Persónuverndar sem lýst var í 2. kafla. Því er til að svara að við meðferð máls þessa hefur Persónuvernd sinnt þeirri skyldu sinni að upplýsa mál á grundvelli rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, með því að óska eftir upplýsingum og skýringum frá kvartanda annars vegar og [B] hins vegar og sinna jafnframt leiðbeiningarskyldu sinni gagnvart báðum aðilum samkvæmt 7. gr. sömu laga.

Úrskurðarorð:

Vinnsla [B] á persónuupplýsingum um [A] í blaðgrein sem birtist í Morgunblaðinu [á árinu] 2013 var ekki í samræmi við ákvæði laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

3.2.17. Krafa um endurupptöku í máli um persónuleikapróf sem hluta af framhaldsskólaprófskírteini – mál nr. 2013/1192

Persónuvernd synjaði þann 11. apríl 2014 mennta- og menningarmálaráðuneytinu um endurupptöku ákvörðunar í máli nr. 2013/1192.

Ákvörðunin er svohljóðandi:

I.

Tildrög málsins og bréfaskipti

1.

Þann 26. mars 2014 barst Persónuvernd bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins dags. 18. mars s.á. þar sem þess var krafist að ákvörðun stjórnar Persónuverndar frá 13. mars 2014 yrði endurupptekin. Ákvörðunin var tekin í tilefni af erindi [A], skólameistara [Z] og í henni kom fram að ákvæði laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla fælu ekki í sér heimild til vinnslu persónuupplýsinga um annað en námsmat og vitnisburð þeirra nemenda, sem brautskráðir væru

með framhaldsskólapróf, í umsögn á prófskírteini þeirra. Fyrirgreint erindi skólameistara [Z] barst Persónuvernd 7. október 2013. Í því kom fram að mennta- og menningarmálaráðuneytið hefði kynnt stjórnendum framhaldsskólans kröfur um að nemendur sem lykju framhaldsskólaprófi fengju prófskírteini sem innihéldi upplýsingar um almenna þekkingu, leikni og hæfni viðkomandi nemanda og að umræddar kröfur styddust við blaðsíður 48 og 59 í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla 2011. Í bréfi skólameistarans kom einnig fram að hann teldi erfitt að greina þá hæfni, sem hér væri um rætt, frá lífsskoðunum, gildismati og þankagangi einstaklings sem erfitt væri að veita án þess að safna viðkvæmum persónuupplýsingum, sbr. 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, um lífsskoðanir nemenda. Teldi fjölbrautaskólinn sér ekki heimilt að vinna með slíkar upplýsingar nema á grundvelli heimildar í 9. gr. sömu laga.

Bréfi skólameistarans fylgdi afrit af svarbréfi mennta- og menningarmálaráðuneytisins til hans, dags. 8. ágúst 2013, um sama efni. Af því bréfi virðist mega ráða að aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 kveði á um markmið og fyrirkomulag skólastarfs á framhaldsskólastigi, sbr. 21. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla, en í henni komi fram að framhaldsskólaprófum ljúki með „*útgáfu prófskírteinis þar sem kemur fram hæfniprep námsloka, umsögn um almenna þekkingu, leikni og hæfni nemandans, upptalningu áfanga, einkunnir eftir því sem við á og skrá um þátttöku nemandans í viðfangsefnum tengdum framhaldsskólaprófinu*“.

Loks fylgdi bréfi skólameistarans jafnframt sýnishorn af tillögum, frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, um umsagnir sem geti fylgt framhaldsskólaprófskírteini af fyrsta hæfniprepi.

Með bréfi, dags. 13. desember 2013, óskaði Persónuvernd skýringa frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu um það á hvaða heimild í 8. gr., og eftir atvikum 9. gr., laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, það teldi standa fyrir umræddri vinnslu auk þess sem stofnunin bauð ráðuneytinu að tjá sig um vinnsluna að öðru leyti. Var ósk Persónuverndar ítrekuð með bréfi, dags. 13. janúar sl., en í bréfinu kom fram að hefðu engin svör borist fyrir 27. janúar 2014 yrði málið tekið til efnislegrar meðferðar hjá stofnuninni.

Með bréfi, dags. 22. janúar sl., óskaði mennta- og menningarmálaráðuneytið eftir fresti til að svara bréfi Persónuverndar. Í bréfi ráðuneytisins kom fram að ráðuneytið teldi sér fært að svara stofnuninni innan tveggja vikna. Með bréfi dags. 24. janúar sl., sem jafnframt var sent með tölvubréfi þann sama dag, veitt Persónuvernd umbeðinn frest til 5. febrúar 2014 og tilkynnti jafnframt að málið yrði þá tekið til ákvörðunar. Engin frekari svör bárust innan umbeðins frests frá ráðuneytinu.

Sem fyrr segir tók stjórn Persónuverndar ákvörðun í málinu þann 13. mars 2014.

2.

Ósk um endurupptöku

Með bréfi, dags. 18. mars 2014, sem barst þann 26. s.m., krafðist mennta- og menningarmálaráðuneytið þess að ákvörðun Persónuverndar yrði endurupptekin á grundvelli 1. mgr. 24. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Í bréfi ráðuneytisins segir m.a.:

„[...] Í erindi Persónuverndar virðist gengið út frá því að tiltekin söfnun persónuupplýsinga frá nemendum sé forsenda fyrir því að veitt sé umsögn um stöðu nemenda með tilliti til lokamarkmiða í námsáfangi. Hér virðist vera um að ræða einhvern misskilning að ræða af hálfu stofnunarinnar, því slík umsögn byggist á námsmati sem fer fram á grundvelli þeirra þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiða sem tilgreind eru í lýsingu á hverjum og einum námsáfangi. Í aðalnámskrá framhaldsskóla er þannig kveðið á um að námsmat skuli byggja á margvíslegum námsmatsaðferðum og fela í sér traustar heimildir um hæfni nemenda, sbr. bls. 58. Þá segir jafnframt í námskránni að þess skuli gætt að námsmatið taki til allra þátta námsins þannig að

þekking nemenda, leikni og hæfni auk framfara sé metin. Námsmatsaðferðir sem liggja til grundvallar umsögn um almenna þekkingu, leikni og hæfni nemenda geta því verið verklegar, munnlegar eða skriflegar, falið í sér sjálfsmat, jafningjamat, símat og lokamat. Um lagaheimild framhaldsskóla til að safna þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna námsmatsins vísast til 30. gr. laga nr. 92/2008, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000.

Áður en ráðuneytið sendi framangreindar athugasemdir til Persónuverndar tók stjórn Persónuverndar málið til úrskurðar og kvað upp þann úrskurð í málinu 13. mars 2014 að framhaldsskólum væri óheimilt að vinna með persónuupplýsingar um annað en námsmat og vitnisburð þeirra nemenda sem brautskráðir eru með framhaldsskólapróf í umsögn á prófskírteini þeirra.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerir alvarlegar athugasemdir við þá greiningu sem fram kemur í forsendum úrskurðar stjórnar Persónuverndar. Eins og að framan greinir leggur Persónuvernd til grundvallar þann málatilbúnað skólameistara [Z] að sýnishorn þau eru fylgdu erindi hans til Persónuverndar hafi falið í sér endanlega útfærslu af hálfu ráðuneytisins á umræddum fyrirmælum í aðalnámskrá framhaldsskóla 2011. Hið rétta er að þau sýnishorn sem fylgdu með erindi skólameistarans voru vinnuskjöl sem send höfðu verið takmörkuðum hópi kennara til nánari rýni. Ráðuneytið hefur ekki ennþá gefið út neinar fyrirmyndir eða eyðublöð um hvað tilgreina skuli í umsögn framhaldsskóla um almenna þekkingu, leikni og hæfni á prófskírteinum nemanda. Afgreiðsla stjórnar Persónuverndar byggist að þessu leyti á einhliða málflutningi skólameistarans og samræmist ekki rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Þannig er því ranglega haldið fram af hálfu stjórnar Persónuverndar að mennta- og menningarmálaráðuneytið ráðgeri að leggja einhvers konar persónuleikapróf fyrir nemendur í framhaldsskólum. Ráðuneytið hefur engin slík áform og hefur aldrei haft.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er þess krafist á grundvelli 1. mgr. 24. gr. stjórnsýslulaga að úrskurður stjórnar Persónuverndar frá 13. mars 2014 verði endurupptekinn.“

II.

Ákvörðun Persónuverndar

1.

Skilyrði fyrir endurupptöku

Um endurupptöku mála er fjallað í 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Samkvæmt henni má, að beiðni málsaðila, endurupptaka mál ef :

1. ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða
2. íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

Í athugasemdum við 24. gr. í því frumvarpi, sem varð að stjórnsýslulögum (hér eftir ssl.), kemur fram að stjórnvald geti í fleiri tilvikum endurupptekið mál, s.s. ef ákvörðun hefur verið tekin á ófullnægjandi lagagrundvelli eða ef ekki hefur verið gætt nægilega vel að málsmeðferðarreglum og slíkt hefur haft áhrif á efni ákvörðunar. Þá ber að líta svo á að stjórnvald hafi heimild til endurupptöku þegar umboðsmaður Alþingis hefur gefið tilmæli þess efnis, sbr. b-lið 2. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997 um umboðsmann Alþingis.

2.

Forsendur

2.1.

Í bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 18. mars sl., kemur fram að í erindi Persónuverndar virðist gengið út frá því að tiltekin söfnun persónuupplýsinga frá nemendum sé forsenda fyrir því að veitt sé umsögn um stöðu þeirra með tilliti til lokamarkmiða í námsáfangi.

Því virðist vera um einhvern misskilning að ræða af hálfu stofnunarinnar því slík umsögn byggist á námsmati sem fer fram á grundvelli þeirra þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiða sem tilgreind eru í lýsingu á hverjum og einum námsáfangi.

Í ákvörðun Persónuverndar, dags. 13. mars 2014, kemur fram að samkvæmt c-lið 2. mgr. 21. gr. laga nr. 92/2008, um framhaldsskóla, skuli almennur hluti aðalnámskrár innihalda viðmið um námskröfur og námsframvindu og að svo virtist sem ætlunin væri að vinnsla persónuupplýsinga um almenna þekkingu, leikni þeirra og hæfni nemenda fælist m.a. í því að lagt yrði mat á hvort nemandi gæti „tjáð hugsanir sínar og tilfinningar í rökréttu samhengi“, hefði tileinkað sér „jákvætt viðhorf til náms“, hefði „skýra sjálfsmynd“ og tæki „ábyrga afstöðu til eigin velferðar líkamlegrar og andlegrar“ en framangreind atriði væru eðlisólík hefðbundnu námsmati og vitnisburði sem ákvæði laga nr. 92/2008, sbr. d-lið 2. mgr. 21. gr. laganna, gera ráð fyrir að mat verði lagt á við námslok. Hvergi er í ákvörðun Persónuverndar vikið að því að söfnun tiltekinna persónuupplýsinga sé forsenda þess að veitt sé umsögn um stöðu nemenda með tilliti til lokamarkamið í námsáfangi. Er því ekki unnt að fallast á þá túlkun, sem fram kemur í erindi mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 18. mars sl., að ákvörðun Persónuverndar frá 13. mars sl. grundvallist á þeirri forsendu að aflað sé tiltekinna viðbótarupplýsinga frá nemendum sem umsögn um þekkingu, leikni og hæfni þeirra byggir á. Þá er rétt að taka fram að ákvörðunin felur í sér almenna skýringu á því að hvaða marki lög nr. 92/2008 heimila vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við námsmat og vitnisburð nemenda.

2.2.

Í bréfi ráðuneytisins er jafnframt gerð athugasemd við það að stjórn Persónuverndar hafi tekið mál þetta til úrskurðar áður en ráðuneytið hafði sent athugasemdir sínar til stofnunarinnar vegna þess. Fyrst er áréttað að ákvörðun Persónuverndar fól ekki í sér úrskurð byggðan á þeirri forsendu að tiltekinna persónuupplýsinga væri aflað frá nemendum. Ljóst er að Persónuvernd upplýsti ráðuneytið ítrekað um fram komið erindi skólameistara [Z], fyrst með bréfi, dags. 13. desember 2013 og óskaði þá skýringa þess sbr. 1. mgr. 38. gr. og 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000. Var erindi stofnunarinnar ítrekað með bréfi, dags. 13. janúar 2014 og svarfrestur veittur til 27. janúar 2013. Jafnframt var tekið fram að málið yrði tekið til efnislegrar meðferðar að þeim fresti loknum. Með bréfi, dags. 22. janúar 2014 óskaði ráðuneytið eftir tveggja vikna framlengingu á áður nefndum svarfresti sem stofnunin hafði veitt, en ráðuneytið tók fram að það teldi sér fært að svara erindi stofnunarinnar innan þess tímafrests. Með bréfi, sem jafnframt var staðfest með tölvubréfi, þann 24. janúar sl., féllst Persónuvernd á framlengingu umrædds svarfrests til 5. febrúar sl. og tók fram að málið yrði tekið til ákvörðunar þann dag. Engin frekari svör bárust. Var mál þetta tekið fyrir á fundi stjórnar Persónuverndar þann 13. mars sl., tæpum 6 vikum eftir að stofnunin hafði tilkynnt ráðuneytinu um að það yrði tekið til ákvörðunar, en engin frekari svör höfðu borist þann dag. Af framangreindu má ráða að stofnunin tilkynnti ráðuneytinu um umrætt erindi og bauð því að koma á framfæri sjónarmiðum sínum vegna þess. Þá tilkynnti stofnunin jafnframt um að málið yrði tekið til efnislegrar afgreiðslu í tvígang, sbr. bréf stofnunarinnar frá 13. janúar og 24. janúar sl. Er því ekki unnt að fallast á þá umkvörtun að ákvörðun hafi verið tekin í málinu áður en ráðuneytið kom á framfæri athugasemdum sínum.

2.3.

Í bréfi ráðuneytisins er kvartað undan því að Persónuvernd leggi til grundvallar þann málalíbúnað skólameistara [Z], sem fram kom í upphaflegu erindi hans til stofnunarinnar vegna málsins, að sýnishorn af tillögum frá ráðuneytinu, um umsagnir sem geti fylgt framhaldsskólaprófsskírteini af fyrsta hæfniprepi, hafi falið í sér endanlega útfærslu af hálfu ráðuneytisins á umræddum fyrirmælum í aðalnámskrá framhaldsskóla 2011. Í ákvörðun Persónuverndar frá 13. mars sl. er einmitt vísað til þess að umrætt sýnishorn, er fylgdi upphaflegu erindi skólameistara [Z], teljist drög að tillögum um umsögn sem gæti fylgt framhaldsskólaprófsskírteinum. Er því ekki gengið út frá, eins og haldið er fram í bréfi ráðuneytisins, að umrædd drög feli í sér endanlega útfærslu ráðuneytisins á fyrirmælum í

aðalnámskrá framhaldsskóla 2011. Þá var ráðuneytinu sem fyrr segir í lófa lagið að koma á framfæri athugasemdum sínum um þetta. Af sömu ástæðu er hafnað umkvörtunum ráðuneytisins að afgreiðsla stjórnar Persónuverndar byggist á einhliða málflutningi skólameistara [Z] og samræmist ekki rannsóknarreglu 10. gr. ssl. nr. 37/1993. Sem fyrr segir leitaðist stofnunin við að upplýsa mál þetta eftir bestu getu og á grundvelli þeirra heimilda sem henni eru búnar til samræmis við 10. gr. ssl. nr. 37/1993, sbr. einnig 13. og 9. gr. laganna, án árangurs. Stjórnvöld geta ekki komið í veg fyrir að Persónuvernd taki ákvörðun í tilteknum málum sem til meðferðar eru hjá stofnuninni með því að svara ekki fyrirspurnum hennar eða óskum um skýringar. Þær lagaheimildir sem liggja ákvörðun Persónuverndar frá 13. mars sl. til grundvallar voru metnar hlutlægt eftir þeim heimildum, og í samræmi við þau rannsóknarræði, sem stofnuninni eru veitt.

2.4.

Loks kemur fram í bréfi ráðuneytisins að því sé ranglega haldið fram af hálfu stjórnar Persónuverndar að ráðuneytið ráðgeri að „leggja einhvers konar persónuleikapróf fyrir nemendur í framhaldsskólum“. Umrædd fullyrðing ráðuneytisins er ekki í samræmi við ákvörðun Persónuverndar, frá 13. mars sl., enda segir þar einungis að ætla megi að þær upplýsingar, sem krafist er að fylgi prófskírteinum nemenda við brautskráningu úr framhaldsskóla, *geti falið í sér* einhvers konar persónuleikapróf. Í ákvörðun Persónuverndar er ekki að finna staðhæfingar þess efnis að ráðuneytið ráðgeri að leggja slík próf fyrir nemendur eins og haldið er fram í bréfi ráðuneytisins, dags. 18. mars sl.

3.

Niðurstæða

Með vísan til framangreinds verður ekki séð að ákvörðun Persónuverndar hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik sbr. 1. tölul. 1. mgr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að um íþyngjandi ákvörðun sé að ræða um boð eða bann byggt á atvikum sem breyst hafi verulega frá því að ákvörðun var tekin sbr. 2. tölul. 1. mgr. 24. gr. laganna.

Synjað er um ósk um endurupptöku, á grundvelli 1. mgr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, á máli sem lokið var með ákvörðun Persónuverndar hinn 13. mars 2014 (mál nr. 2013/1192).

3.2.18. Bréf Persónuverndar til Íslenskrar erfðagreiningar af tilefni söfnunar lífsýna vegna erfðarannsóknna – mál nr. 2014/768

Persónuvernd sendi Íslenskri erfðagreiningu ehf. (ÍE) bréf af tilefni söfnunar á lífsýnum frá einstaklingum sem boðin er þátttaka í samanburðarhópi vegna erfðarannsóknna á vegum fyrirtækisins. Í bréfinu er óskað tillagna ÍE um hvernig gætt verði að því að einstaklingar fái lágmarksumþóttunartíma þegar leitað er samþykkis þeirra til þátttöku í vísindaverkefnum.

Úr bréfi Persónuverndar:

Persónuvernd vísar til fundar stofnunarinnar með fulltrúum Íslenskrar erfðagreiningar ehf. 13. maí sl. þar sem rædd var framkvæmd við söfnun lífssýna frá einstaklingum sem boðin er þátttaka í samanburðarhópi vegna erfðarannsóknna á vegum fyrirtækisins. Þá var málið rætt á fundi stjórnar Persónuverndar sem haldinn var sama dag.

Fyrir liggur að kynningarbæklingur var sendur stórum hluta landsmanna ásamt samþykkisyfirlýsingu og búnaði til sýnatöku. Þá liggur fyrir að í beinu framhaldi af því gengu björgunarsveitarmenn í hús til að safna sýnum frá einstaklingum sem veitt höfðu samþykki sitt.

Á bls. 1 í kynningarbæklingnum segir að umrædd söfnun lífsýna „hafi hlotið leyfi Vísindasiðanefndar og Persónuverndar“. Af því tilefni skal tekið fram að söfnunin sem slík hefur ekki hlotið sérstakt leyfi frá Persónuvernd, enda er hún ekki háð slíku leyfi frá stofnuninni ef hún byggist á upplýstu samþykki þátttakenda, sbr. 7. tölul. 4. gr. reglna nr. 712/2008 um

tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga. Á hinn bóginn hefur Persónuvernd eftirlit með því samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga hvernig framkvæmd er háttað við öflun lífsýna og upplýsts samþykkis fyrir vinnslu persónuupplýsinga vegna vísindarannsókna.

Komið hefur fram að mjög skammur tími leið, jafnvel örfáir dagar, frá því að umræddur kynningarbæklingur barst einstaklingi á heimili hans þar til komið var að sækja samþykkisyfirlýsingu og lífsýni. Stofnunin bendir á að við öflun upplýsts samþykkis til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í þágu vísindastarfs verður að huga að því að viðkomandi einstaklingar hafi nægt ráðrúm til að kynna sér vandlega samþykkisgögn sem í þessu tilviki eru mjög ítarleg. Í þessu sambandi má benda á 3. gr. reglna nr. 170/2001 um það hvernig afla skal upplýsts samþykkis fyrir vinnslu persónuupplýsinga í vísindarannsókn á heilbrigðissviði. Segir þar að þegar vilji þátttakenda í vísindarannsókn sem hafa verið valdir úr Þjóðskrá er kannaður bréflaga og viðeigandi upplýsingar hafa verið sendar um rannsóknina, skuli að minnsta kosti ein vika líða þar til sent er annað bréf eða haft samband símleiðis til að ítreka boð um þátttöku.

Persónuvernd bendir á að æskilegt hefði verið að lengri tími liði frá sendingu samþykkisgagna þar til söfnun lífsýna hófst. Hins vegar telur stofnunin að einnig verða að líta til þess að óvenjumikil þjóðfélagsumræða hefur átt sér stað um þessa lífsýnasöfnun. Ætla verður í ljósi þeirrar umræðu að þeim sem rituðu undir samþykki við framkvæmd söfnunarinnar hafi gefist sérstakt tilefni til að íhuga hvort þeir vilji að samþykkið standi eða vilji nýta sér rétt sinn til að draga það til baka, en ítarlegar leiðbeiningar fylgdu bæklingnum um afturköllun samþykkis. Í ljósi þess telur Persónuvernd, eins og á stendur, að ekki sé tilefni til sérstakra aðgerða í tengslum við umþóttunartíma umræddra einstaklinga.

Að lokum skal tekið fram að hér er um ábendingu að ræða varðandi framkvæmd söfnunarinnar en ekki endanlega úrlausn um öll þau álitafæni sem á getur reynt í tengslum við gildi umræddra yfirlýsinga um samþykki, en þau geta eftir atvikum fremur heyrt undir vísindasiðanefnd en Persónuvernd. Þá er mælt til þess að framvegis verði þess gætt að einstaklingum, sem boðin er þátttaka í vísindarannsóknum á vegum Íslenskrar erfðagreiningar ehf. og samstarfsaðila, verði ávallt með skýrum hætti veittur kostur á lágmarks umþóttunartíma. Er þess óskað að félagið sendi Persónuvernd tillögur þar að lútandi eigi síðar en 11. júní nk.

3.2.19. Bein markaðssetning frá Skjánum og miðlun persónuupplýsinga – mál nr. 2013/1216

Persónuvernd úrskurðaði þann 13. maí 2014 um að símhringing frá Skjánum til kvartanda, í þágu beinnar markaðssetningar, hafi ekki verið í samræmi við lög nr. 77/2000. Varðveisla Skjásins á viðskiptaupplýsingum um kvartanda var þó talin heimil.

Úrskurðurinn er svohljóðandi:

I.
Grundvöllur máls
Málavextir og bréfaskipti
1.
Tildrög máls

Þann 12. október 2013 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] (hér eftir nefndur kvartandi), vegna símtals starfsmanns Skjásins ehf. frá 10. október 2013, þar sem honum var boðin áskrift að sjónvarpsefni þrátt fyrir að vera bannmerktur í þjóðskrá. Kvartað er yfir trekuðum símtölum með beinni markaðssetningu (tilboðum vegna áskrifta). Jafnframt segir:

„Hringt hefur verið ítrekað í bannmerkt símanúmer þrátt fyrir að strax við fyrstu hringingu var starfsmanni sem hringdi bent á bannmerkingu og þess krafist að öllum upplýsingum um undirritaðan yrði eytt úr tölvukerfum hringjanda.

Þess skal einnig getið að undirritaður hefur verið á svokallaðri „bannskrá þjóðskrár“ frá ofanverðri síðustu öld.

Nánari upplýsingar um síðasta símtal:

Klukkan 17:58 hringdi starfsmaður á vegum Skjásins úr símanúmeri [xxxxxxx] í símanúmerið [xxxxxxx] til að bjóða undirrituðum einhverja áskrift að sjónvarpsefni í vetur. Nafn starfsmanns var gefið upp sem [B] og hann sagði nafn yfirmanns vera [C]. Hvorugur finnst á starfsmannalista Skjásins. Tekið skal fram að [B] sýndi fulla kurteisi og baðst afsökunar fyrir hönd Skjásins, ásamt því að hann tók að sér að koma kvörtun á framfæri til yfirmanna ásamt kröfu þess efnis að upplýsingum um undirritaðan yrði eytt úr skráum hjá Skjánum. [...]"

Þar sem einnig kom fram í kvörtuninni að símanúmer kvartanda, sem Skjárinn ehf. hringdi í, var bannmerkt í símaskrá benti Persónuvernd kvartanda á með bréfi, dags. 12. nóvember 2013, að samkvæmt ákvæði 5. mgr. 46. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti bæri þeim sem nota almenna tal- og farsímaþjónustu sem lið í markaðssetningu að virða merkingu í símaskrá sem gefur til kynna að viðkomandi áskrifandi vilji ekki slíkar símhringingar í símanúmer sitt. Þá hefði Póst- og fjarskiptastofnun eftirlit með lögum nr. 81/2003 um fjarskipti. Var kvartanda leiðbeint um að beina þeim hluta erindisins til Póst- og fjarskiptastofnunar óskaði hann þess að fá úr því skorið hvort Skjánum ehf. var heimilt að hringja í hann m.t.t. framangreinds ákvæðis fjarskiptalaga.

2.

Bréfaskipti

Með bréfi, dags. 12. nóvember 2013, var Skjánum ehf. boðið að koma á framfæri skýringum vegna kvörtunarinnar til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Var þess einkum óskað að fram kæmi hvort Skjárinn ehf. hefði við úthringingu símtals til kvartanda gætt að ákvæði 2. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Einnig var óskað eftir nánari upplýsingum um hvort sá starfsmaður Skjásins ehf., sem vísað væri til í kvörtuninni, væri starfsmaður Skjásins ehf., og loks hver afstaða fyrirtækisins væri til beiðni kvartanda um að öllum upplýsingum um hann yrði eytt úr kerfum fyrirtækisins.

Með tölvupósti, mótteknum þann 27. nóvember 2013, óskaði [D], hdl., starfsmaður Skipta hf., eftir að svarfrestur til handa Skjánum ehf. yrði framlengdur vegna mikilla anna. Benti hann einnig á að Skipti hf. væri móðurfélag Skjásins ehf. og annaðist því alla lögfræðiþjónustu fyrir Skjáinn ehf.

Í svari Skipta hf., f.h. Skjásins ehf., er barst með tölvupósti þann 11. desember 2013, kemur m.a. fram að Skjárinn hafi hringt í kvartanda fyrir mistök, þar sem hann hafi verið fyrrverandi viðskiptavinur Skjásins, en með símtalinu var fyrirhugað að bjóða honum að koma aftur í viðskipti við félagið. Hins vegar hafi láðst að merkja við hann í samræmi við bannskráningu í símaskrá og baðst Skjárinn afsökunar á því. Þá kom fram að símanúmeri kvartanda hefði verið eytt úr skráum félagsins í samræmi við ósk hans þar um. Loks tók Skjárinn fram að félaginu væri bæði heimilt og skylt að varðveita upplýsingar um viðskiptasögu einstaklinga samkvæmt lögum um bókhald nr. 145/1994.

Með bréfi, dags. 12. desember 2013, var kvartanda boðið að koma á framfæri athugasemdum sínum við framkomnar skýringar Skipta hf. til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Óskaði Persónuvernd einkum eftir afstöðu kvartanda til þess hvort hann teldi enn ágreining vera til staðar milli hans og Skjásins ehf., og ef svo væri, í hverju hann felist.

Í svarbréfi kvartanda, er barst með tölvupósti þann 16. desember 2013, mótmælir kvartandi því að hann sé fyrrverandi viðskiptavinur Skjásins. Í bréfinu kemur m.a. fram að kvartandi hafi hvorki verið áskrifandi að Skjánum né verið í öðrum viðskiptum við félagið. Þvert á móti hafi hann einungis orðið fyrir áreiti af hálfu félagsins. Þá tekur kvartandi fram að Skjárinn hafi reynt að þröngva upp á hann viðskiptum með því að senda honum reikning fyrir sjónvarpsáskrift en

kvartandi hafði áður hafnað öllum tilboðum um ókeypis prufuáskriftir frá Skjánum. Af hálfu kvartanda kemur fram að af þeim sökum kynni að vera til reikningur og kreditreikningur vegna hans í bókhaldi Skjásins og ef sú væri raunin þá væru persónuupplýsingar kvartanda skráðar hjá félaginu þvert gegn óskum hans. Kvartandi tekur einnig fram að ágreiningur sé enn uppi um skráningu persónulegra upplýsinga um hann hjá Skjánum sem félagið neitaði að eyða. Þá mótmælir kvartandi því einnig að persónulegar deilur hans við Skjáinn séu komnar til umfjöllunar hjá móðurfélagi Símans, Skiptum hf., þar sem hann telur slíkt geta skaðað hagsmuni hans sem viðskiptavinar Símans. Loks óskar kvartandi eftir því að Persónuvernd taki til skoðunar hvort Síminn, Skipti og Skjárinn dreifi persónulegum upplýsingum allra viðskiptavina hvers félags, milli félaganna án heimildar.

Með bréfi, dags. 16. janúar 2014, óskaði Persónuvernd eftir nánari upplýsingum frá Skiptum hf. m.t.t. framangreinds svarbréfs kvartanda. Nánar tiltekið benti Persónuvernd á að kvartandi teldi nú að umrætt símtal mætti rekja til þess að Síminn hf. hefði miðlað persónuupplýsingum um hann til Skjásins ehf. án heimildar, enda var hann aldrei viðskiptavinur Skjásins ehf. Óskaði Persónuvernd eftir nánari upplýsingum um hvort, og þá hvenær, Síminn hf. miðlaði persónuupplýsingum um kvartanda til Skjásins ehf. Hefði slíkum upplýsingum verið miðlað um kvartanda var þess óskað að fram kæmi í hvaða tilgangi það var og hvaða heimild væri fyrir þeirri miðlun, sbr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Í svarbréfi Skipta hf., f.h. Skjásins ehf., er barst með tölvupósti þann 7. febrúar sl., segir m.a. að samkvæmt upplýsingum Skjásins þá hafi kvartandi notað þjónustu Skjásins og því hafi kvartandi verið viðskiptavinur félagsins. Þá kom fram að Síminn hf., samkvæmt samningi við Skjáinn ehf., selji þjónustu Skjásins, þ.m.t. bjóði viðskiptavinum sínum sem nota sjónvarpsþjónustu Símans, þjónustu Skjásins. Samkvæmt skráningu Skjásins hefði kvartandi fengið svokallaðan „Allt Pakka“, þ.e. allar erlendar rásir sem Skjárinn býður upp á í einum pakka. Þá sagði:

„Nýir viðskiptavinir geta fengið pakkann án endurgjalds fyrsta mánuðinn en þurfa að segja upp þjónustunni eftir það ella verður greitt samkvæmt verðskrá Skjásins. Á grundvelli samnings Símans og Skjásins þá getur Síminn boðið viðskiptavinum sínum að fá slíkan pakka og þeir sem það þiggja verða viðskiptavinir Skjásins, enda samþykkja þeir að fá þjónustuna. Þetta er eftir sem áður þjónusta Skjásins en ekki Símans og því verða þeir viðskiptavinir sem þiggja þjónustuna, viðskiptavinir Skjásins eðli málsins samkvæmt.

Þá er einnig rétt að geta þess að Skjárinn selur efni í sjónvarpsviðmóti Símans, t.d. SkjárBíó. Þegar viðskiptavinurinn kaupir efni og greiðir fyrir það, þegar Skjárinn er söluaðili, þá kaupir viðkomandi þjónustu af Skjánum og sendir Skjárinn reikning fyrir þjónustunni.“

Með bréfi, dags. 17. febrúar sl., var kvartanda boðið að koma á framfæri athugasemdum sínum við framkomið svarbréf Skipta hf. Í svarbréfi kvartanda, er barst með tölvupósti þann 21. s.m., ítrekar hann kvörtun sína yfir því að Skjárinn hafi upplýst Skipti hf., móðurfélag Skjásins og Símans, um persónuleg málefni hans með því að fela lögfræðingi Skipta hf. að svara fyrir áreiti Skjásins, þar sem slíkt geti skaðað viðskipti kvartanda við Símann. Þá mótmælir kvartandi því að hann hafi notað þjónustu og verið viðskiptavinur Skjásins enda hefði hann hafnað öllum áskriftarleiðum og tilboðum frá Skjánum sem honum hefðu verið boðin þegar hann gerðist áskrifandi að Sjónvarpi Símans. Tekur kvartandi fram að hann hafi hafnað fyrrnefndum „Allt pakka“ sem og öðrum tilboðum. Hafi skráning hans sem notanda þess pakka því verið þvert gegn vilja hans. Telur kvartandi að slík skráning hafi eingöngu verið möguleg vegna þess að Síminn sendi Skjánum persónulegar upplýsingar um hann í heimildarleysi. Þá hafi brot Skjásins falist í því að hringja í bannmerkt símanúmer hans, þrátt fyrir ábendingu um að númer kvartanda væri bannmerkt og þess óskað að því yrði eytt úr skrá félagsins. Þá tekur kvartandi fram að hann hafi ekkert efni keypt í sjónvarpsviðmóti Símans. Loks tekur kvartandi fram að svarbréf lögmanns Skjásins byggji á röngum upplýsingum frá Skjánum, rangri forsendu um að kvartandi

hafi samþykkt að fá þjónustu frá Skjánum og feli í sér ósanna aðdróttun um að hann hafi keypt annað efni í sjónvarpsviðmóti Símans.

Með bréfi, dags. 5. mars 2014, benti Persónuvernd Skiptum hf. sérstaklega á að í mótteknum athugasemdum kvartanda frá 21. febrúar sl. væri áréttað að hann hefði aldrei verið viðskiptavinur Skjásins þar sem hann hefði hafnað öllum tilboðum frá Skjánum ehf. Af þeim sökum hefði hann bent á að Síminn hf. hlyti að hafa miðlað persónuupplýsingum um hann til Skjásins ehf. án heimildar. Þá hefði kvartandi tekið fram að hann hefði auk þess aldrei keypt efni í sjónvarpsviðmóti Símans hf. Í ljósi framangreindra athugasemda óskaði Persónuvernd eftir frekari upplýsingum og/eða gögnum frá Skiptum hf. sem gætu varpað frekara ljósi á þá staðhæfingu Skipta, sbr. tölvubréf félgsins frá 7. febrúar sl., um að kvartandi væri viðskiptavinur Skjásins. Hefði persónuupplýsingum um kvartanda verið miðlað frá Símanum hf. til Skjásins ehf. var þess óskað að fram kæmi hvenær þeim var miðlað og á grundvelli hvaða heimildar í 8. gr. laga nr. 77/2000.

Í svarbréfum Skipta hf., f.h. Skjásins ehf., sem bárust með tölvupósti dagana 24. og 26. mars 2014, segir m.a. að samkvæmt upplýsingum frá Símanum séu ekki til gögn um samskipti Símans og þegar viðskiptavinur fær grunnþjónustu frá Símanum þ.e. hvort hann hafi hafnað því að fá „Allt pakkann“ frá Skjánum í einn mánuð eða ekki. Hafi verið gerð mistök í tilviki kvartanda biðst Skjárinn velvirðingar á því. Þá segir að hins vegar liggi fyrir að kvartandi hafi leigt mynd í gegnum Sjónvarp Símans árið 2013 og fyrir þá leigu var greitt til Skjásins. Um það sagði frekar að þær kvikmyndir sem leigðar væru í gegnum Sjónvarp Símans væru hluti af þjónustu Skjásins (SkjásBíó) en Skjárinn væri söluaðili þeirra. Þá tekur Skjárinn fram að á grundvelli ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 10/2005 þá beri Símanum hf. og Skjánum ehf. að senda út sér reikninga vegna þeirrar þjónustu sem félögin veita. Því væri óhjákvæmilegt fyrir Skjáinn að geyma upplýsingar um viðskiptasögu kvartanda en hann hafi sannarlega keypt þjónustu af Skjánum. Þá segir jafnframt í svarbréfi Skjásins:

„[...]Þegar viðskiptavinurinn kaupir sjónvarpsþjónustu Símans þá hefur hann samhliða möguleika á því að leigja myndefni í gegnum þjónustuna. Sú þjónusta er veitt af Skjánum. Almennt ætti viðskiptavinurinn að vera upplýstur um þessa staðreynd þegar hann fær Sjónvarpsþjónustu Símans. Þá skal einnig vakin athygli á því að þegar viðskiptavinurinn leigir myndefni þá kemur sértaklega fram hver sé söluaðili, þ.e. Skjárinn, RÚV eða 365. Með því að panta mynd, sem viðskiptavinurinn gerir með handvirkum [h]ætti þá gerir hann samning um að kaupa þjónustu af þeim aðila sem selur hana og þar er einnig tilgreint verð sem myndefnið kostar. Eins og staðan er í dag þá er það aðeins Skjárinn sem leigir efni gegn endurgjaldi og þar af leiðandi eina fyrirtækið sem þarf að senda reikning á viðskiptavininn fyrir keyptri þjónustu. Vinnslan er því á þeim grundvelli að viðskiptavinurinn velur að kaupa þjónustuna, í öllum tilfellum þarf hann að framkvæma aðgerð til þess að kaupa þjónustuna, og því er hún nauðsynleg til þess að efna samning við hann. Viðskiptavinurinn ætti því að vera strax í upphafi meðvitaður um að það er Skjárinn sem leigir myndefnið og innheimtir fyrir það sérstaklega. Þar fyrir utan kemur það fram við hverja mynd hver sé söluaðili og því er viðskiptavinurinn einnig upplýstur um hver það er sem selur honum þjónustuna og má því gera ráð fyrir því að viðkomandi aðili muni senda honum reikning fyrir þjónustunni. Hann samþykkir að kaupa þjónustuna af Skjánum. Vinnslan er því nauðsynleg til þess að efna samning, sbr. 2. og 7. tl. 1. mgr. 8. gr. persónuverndarlaga.

Það má hugsanlega taka þetta betur fram í skilmálum um Sjónvarpsþjónustu Símans, þ.e. að Síminn verði að miðla upplýsingum til þessara efnisveitna til þess að þau geti klárað reikningagerð með fullnægjandi hætti. Mun þeim skilaboðum verða komið áfram.“

Með bréfi, dags. 26. mars 2014, var kvartanda boðið að koma á framfæri athugasemdum við framangreind svarbréf Skipta hf. Var svarfrestur veittur til 9. apríl 2014. Í svarbréfi kvartanda, sem barst með tölvubréfi þann 7. apríl sl., segir m.a. að Skjárinn hafi reynt að rukka kvartanda

fyrir 9.310 kr. í apríl 2012 vegna meintrar áskriftar að tilteknum áskriftarpakka hjá Skjánum sem kvartanda hafði áður hafnað þegar hann tók í notkun Sjónvarp Símans í febrúar eða mars 2012. Skjárinn hafi síðar bakfært reikninginn og staðfesti þar með að hann hefði verið sendur í heimildarleysi. Því staðfesti viðskiptayfirlit kvartanda hjá Skjánum að hann hefði ekki átt nein viðskipti við Skjáinn áður og staðfesti því einnig að Síminn hefði lekið persónulegum upplýsingum um kvartand og ný viðskipti hans við Símans, til Skjásins. Loks segir í svarbréfi kvartanda:

„Að síðustu tel ég að þó ég hefði óskað eftir þjónustu Skjásins; jafnvel strax og ég gerðist áskrifandi að sjónvarpi Símans; þá hefði Símanum ekki verið heimilt að miðla upplýsingum um bannmerkt símanúmer mitt til Skjásins.

Sama tel ég gilda vegna leigu þessarar einu myndar sem leigð hefur verið af Skjánum; leiga þeirrar myndar er ekki löggilt ástæða fyrir því að skrá bannmerkt símanúmer mitt í gagnagrunn Skjásins.“

Með tölvubréfi, dags. 25. apríl sl., óskaði Persónuvernd eftir frekari skýringum frá Skiptum hf., nánar til tekið um staðfestingu á því hvers konar fræðslu kvartanda hefði verið veitt, um að hann væri að leigja sjónvarpsefni af Skjánum en ekki Símanum, þegar hann leigði sjónvarpsefni í gegnum Sjónvarp Símans t.d. með skjáskoti af viðmóti því sem birtist kvartanda og öðrum notendum við leigu á sjónvarpsefni.

Svarbréf Skipta hf., barst Persónuvernd með tölvubréfi þann 25. apríl sl. en því fylgdi sýnishorn, s.k. skjáskot, af því viðmóti sem birtist notendum Sjónvarps Símans við leigu á sjónvarpsefni. Af umræddu sýnishorni má ráða að við leigu á sjónvarpsefni, í þessu tilviki kvikmynd, er tilgreint hver sé söluaðili þess ásamt upplýsingum um útgáfuár og lengd sjónvarpsefnis með orðunum „Söluaðili: Skjárinn“.

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000

Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Kvörtun þessi lýtur annars vegar að símtali frá Skjánum ehf. til kvartanda í markaðssetningarskyni en hann var bannmerktur í Þjóðskrá. Hins vegar lýtur kvörtun þessi að miðlun persónuupplýsinga um kvartanda frá Símanum hf. til Skjásins án samþykkis kvartanda. Af framangreindu er ljóst að vinnsla Skjásins fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000.

2.

Lögmæti vinnslu

2.1.

Lagaákvæði um andmali og bannskrá

Svo að vinna megi með persónuupplýsingar verður ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Í 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. segir að sú vinnsla sé heimil sem sé nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda ber samkvæmt lögum vegi þyngra. Vinnsla í þágu markaðssetningar hefur verið talin geta þjónað

lögmætum hagsmunum, og þá geta samrýmst þessu ákvæði, enda hafi verið gætt hagsmuna þeirra sem hlut eiga að máli. Til þess þarf m.a. að virða ákvæði um andmælarétt.

Um andmæli gegn vinnslu persónuupplýsinga í markaðssetningarstarfsemi gildir ákvæði 2. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Samkvæmt henni heldur Þjóðskrá Íslands skrá yfir þá sem ekki vilja að unnið sé með persónuupplýsingar um sig af aðilum sem stunda markaðssetningarstarfsemi. Hefur sú skrá verið kölluð bannskrá. Þeir sem nota skrár með nöfnum, heimilisföngum, netföngum, símanúmerum og þess háttar, eða miðla þeim til þriðja aðila í tengslum við slíka starfsemi, skulu, áður en slík skrá er notuð í slíkum tilgangi, bera hana saman við bannskrá til að koma í veg fyrir að markpóstur verði sendur eða hringt verði til einstaklinga sem hafa andmælt slíku. Fyrir liggur að kvartandi var bannmerktur í þjóðskrá. Hefur Síminn hf., f.h. Skjásins ehf., staðfest að hringt hafi verið í kvartanda fyrir mistök þrátt fyrir að hann hafi verið bannmerktur í Þjóðskrá.

Með vísan til framangreinds var brotið gegn framangreindu ákvæði 2. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000 þegar Skjárinn hringdi í kvartanda og bauð honum áskrift að Skjánum þann 13. október 2013.

2.2.

Miðlun upplýsinga milli Símans hf. og Skjásins ehf.

Kvartandi hefur einnig kvartað yfir því að Síminn hafi miðlað persónuupplýsingum um hann til Skjásins í heimildarleysi, nánar til tekið að kvartandi hefði gerst áskrifandi að Sjóvarpi Símans. Þá hefur kvartandi neitað því í bréfaskiptum sínum vegna málsins að hann hafi nokkurn tíma verið viðskiptavinur Skjásins auk þess sem hann hafi hafnað öllum tilboðum sem honum bárust frá Skjánum sbr. tölvupóst kvartanda frá 16. desember 2013 og 17. febrúar 2014. Af hálfu Skjásins ehf. hefur hins vegar komið fram að Skjárinn selur efni í gegnum sjónvarpsviðmót Símans, t.d. kvikmyndir. Þegar viðskiptavinur kaupir efni og greiðir fyrir það í gegnum sjónvarpsviðmót Símans, í þeim tilvikum þegar Skjárinn er söluaðili, þá kaupir viðkomandi þjónustu af Skjánum en ekki Símanum og sendir Skjárinn reikning fyrir slíkri þjónustu sbr. tölvupóst frá Skjánum þann 7. febrúar sl. Þá er fram komið af hálfu Skjásins að kvartandi hafi leigt kvikmynd í gegnum Sjóvarp Símans á árinu 2013 og greitt fyrir þá leigu til Skjásins og að slík leiga sé hluti af þjónustu Skjásins. Er leigu fyrnefndrar kvikmyndar ekki mótmælt af hálfu kvartanda, sbr. tölvubréf hans frá 7. apríl sl. en þar segir: „Sama tel ég gilda vegna leigu þessarar einu myndar sem leigð hefur verið af Skjánum; leiga þeirrar myndar er ekki löggilt ástæða fyrir því að skrá bannmerkt símanúmer mitt í gagnagrunn Skjásins.“

Í 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, segir að vinnsla sé heimil sé hún nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að hans beiðni áður en samningur er gerður. Hér undir getur m.a. fallið sú vinnsla sem ábyrgðaraðili þarf að framkvæma í þágu viðskipta, þ.e. til að þau geti farið löglega fram. Er þá einkum átt við vinnslu með almennar upplýsingar, s.s. nafn viðsemjanda og kennitölu og önnur þau atriði sem almennt koma fram við reikningagerð. Í málinu liggur fyrir að kvartandi leigði sjónvarpsefni af Skjánum á árinu 2013 og gerðist viðskiptavinur félagsins. Af hálfu Skjásins hefur því verið haldið fram að kvartandi hafi valið að leigja kvikmynd af Skjánum, í gegnum Sjóvarp Símans og með því samþykkt að kaupa þjónustu af Skjánum. Hefur þeirri staðhæfingu ekki verið mótmælt sérstaklega af kvartanda. Óumdeilt er að þær kvikmyndir sem leigðar eru í gegnum sjónvarp Símans eru hluti af þjónustu Skjásins. Skjárinn er söluaðili sjónvarpsefnisins og eru notendur, þ.á m. kvartandi, upplýstir um það við leigu efnisins. Með leigu á fyrnefndri kvikmynd keypti kvartandi þjónustu af Skjánum og gekkst með því í beint viðskiptasamband við Skjáinn.

Með vísan til framangreinds verður umrædd vinnsla Skjásins ehf. á persónuupplýsingum kvartanda vegna viðskipta hans við félagið talin hafa farið fram í málefnalegum tilgangi og

samrýmst að öðru leyti ákvæðum 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000.

Í máli þessu liggur ekki fyrir að persónuupplýsingar um kvartandi hafi verið varðveittar lengur en málefnaleg ástæða er til. Engu að síður bendir Persónuvernd á ákvæði 1. mgr. 26. gr. laga nr. 77/2000 en þar segir að þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita persónuupplýsingar skal ábyrgðaraðili eyða þeim. Samkvæmt 20. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald, skal varðveita bókhaldsgögn og fylgiskjöl á tryggan og öruggan hátt í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Málefnaleg ástæða til varðveislu upplýsinga getur m.a. byggst á fyrirmælum í lögum eða á því að ábyrgðaraðili vinni enn með upplýsingarnar í samræmi við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra.

Úrskurðarorð:

Skjánum var óheimilt að nota nafn og símanúmer [A] við úthringingar sem fram fóru þann 13. október 2013 í þeim tilgangi að bjóða honum áskrift að þjónustu Skjásins. Vinnsla Skjásins ehf. á persónuupplýsingum [A] að öðru leyti samrýmdist lögum nr. 77/2000.

3.2.20. Varðveisla persónuupplýsinga, þ.m.t. sms-skeyta, á Mínum síðum hjá Fjarskiptum hf. – mál nr. 2013/1509, 1510 og 1607 og 2014/373,376,377 og 378

Úrskurðirnir eru allir birtir á heimasíðu Persónuverndar. Hér er úrdráttur úr úrskurði 2014/377:

Persónuvernd hefur úrskurðað í sjö málum um að varðveisla Fjarskipta hf. á persónuupplýsingum, þ.m.t. sms-skeytum, sem kvartendur sendu af vefsíðu fyrirtækisins og birt voru á Netinu í kjölfar innbrots í tölvukerfi þess, samrýmdist ekki lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Í samræmi við niðurstöðu stjórnar Persónuverndar í kjölfar fundar hennar hinn 13. maí 2014 hefur stofnunin kveðið upp svohljóðandi úrskurð í máli nr. 2014/377:

I.

Málavextir og bréfaskipti

1.

Með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 14. febrúar 2014, var Persónuvernd framsend kvörtun lögmannsstofunnar Réttar f.h. [A], dags. 5. desember 2013, í tilefni af innbroti í tölvukerfi Vodafone, sem rekið er af Fjarskiptum hf., og birtingar á gögnum þaðan á Netinu, þ. á m. upplýsinga um [A] (hér eftir nefnd „kvartandi“). Var Persónuvernd framsend kvörtunin í framhaldi af samskiptum stofnananna tveggja um valdmörk þeirra í tengslum við framangreint öryggisatvik. Varð niðurstaðan úr þeim samskiptum sú að Póst- og fjarskiptastofnun fjallaði um öryggi umræddra gagna en að Persónuvernd tæki til umfjöllunar lögmæti varðveislu Fjarskipta hf. á þeim persónuupplýsingum sem þau hafa að geyma.

Með vísan til framangreinds veitti Persónuvernd Fjarskiptum hf. færi á að tjá sig um umrædda kvörtun með bréfi, dags. 21. febrúar 2014, og hvort varðveislutími umræddra persónuupplýsinga um kvartanda, þ.e. sms-skilaboða í farsímanúmer hennar, hafi samrýmst lögum. Að sendu því bréfi barst Persónuvernd erindi frá Rétti, dags. 20. s.m., með viðbót við framangreinda kvörtun. Var Fjarskiptum hf. veitt færi á að tjá sig um það erindi með bréfi, dags. 25. s.m. Advel lögmenn slf. svöruðu f.h. Fjarskipta hf. með bréfi, dags. 7. mars 2014, sem Persónuvernd veitti Rétti færi á að tjá sig um með bréfi, dags. 10. s.m. Svaraði Réttur með bréfi, dags. 21. s.m.

2.

Í kvörtun, dags. 5. desember 2013, segir að vegna framangreinds innbrots í tölvukerfi Vodafone hafi afar viðkvæmar persónulegar upplýsingar um einkamálefni kvartanda komist í umferð, sem og rangar ásakanir um háttsemi sem hún hafi hvergi viðhaft. Þá segir:

„Umrædd gögn hafa nú komist í stórfellda dreifingu til almennings, þar sem þau eru aðgengileg á veraldarvefnum, hafa verið birt á heimasíðum og umbj. minn hefur fregnir af því að gögnin sem

varða hana gangi nú manna á milli með tölvupóstum.“

Einnig segir meðal annars í kvörtun:

„Í fyrsta lagi er þar um að ræða [smáskilaboð] frá [X], um einkalíf hennar [...]. Allt voru þetta gögn varðandi einkalíf umbj. míns sem skyldi njóta friðhelgis, meðal annars samkvæmt 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944, og 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Umbj. minn bendir í þessu samhengi á að upplýsingarnar sem gögnin innihéldu um hana falla undir skilgreiningu á viðkvæmum persónuupplýsingum í 8. tl., sbr. 1. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Í öðru lagi inniheldur stærstur hluti smáskilaboða þessara afar alvarlegar ásakanir í garð umbj. míns. Ásakanir sem eiga ekki neina stoð í raunveruleikanum, meðal annars um [...]. Eðli málsins samkvæmt eiga þessar röngu ásakanir alls ekkert erindi til almennings, ekki frekar en önnur málefni tengd einkalífi umbj. míns, hvort heldur sem er sönn eða ósönn.

Það sem eykur þó enn á alvarleika málsins að mati umbj. míns er að gögn þessi hefðu alls ekki átt að vera til og var varðveisla þeirra með öllu óheimil samkvæmt fyrirætlum laga nr. 81/2003 um fjarskipti. Í 42. gr. laganna er þar að auki kveðið skýrt á um að fjarskiptafyrirtæki á borð við Vodafone megi einungis varðveita gögn um fjarskiptaumferð notenda og ekki annað. Megi slík varðveisla að hámarki vara í sex mánuði. Gildir þá einu hvort gögn fjarskiptafyrirtækis um þá umferð eru hýst á vefsíðum eða í harðlæstri hvelfingu á starfsstöð þess. Öll þau gögn um einkamálefni umbj. míns sem komust í dreifingu í kjölfar innbrotsins á vefsíðu Vodafone voru eldri en sex mánaða og sum hver meira en þriggja ára gömul.

Þá liggur ekkert fyrir um að Fjarskipti hf. hafi sett verklagsreglur fyrir Vodafone um meðferð persónuupplýsinga og eyðingu gagna á borð við þau sem hefur nú verið dreift til almennings á veraldarvefnum líkt og félaginu var skylt samkvæmt 7. mgr. 42. gr. laga nr. 81/2003.“

Með vísan til framangreinds segir í kvörtuninni að með skráningu og vinnslu umræddra upplýsinga hafi Fjarskipti hf. gerst brotlegt við IX. kafla laga nr. 81/2003 um fjarskipti, einkum 42. og 47. gr., sbr. 1. mgr., sbr. 3. mgr. 74. gr. sömu laga.

Í bréfi Réttar til Persónuverndar, dags. 20. febrúar 2014, þar sem fram kemur viðbót við framangreinda kvörtun, segir meðal annars:

„Umbjóðandi minn telur að sá þáttur í starfsemi Vodafone sem fólst í því að vista innihald smáskilaboða viðskiptavina á vefsíðu fyrirtækisins, þar sem þeim stóð til boða að senda smáskilaboð inni á svokölluðum „Mínum síðum“, hafi farið í bága við ákvæði laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Umbj. minn telur að svo sé einkum vegna þess að umrædd gögn innihéldu gríðarlegt magn af viðkvæmum persónuupplýsingum í skilningi 8. tl., sbr. 1. tl. 1. mgr. 2. gr. laganna. Í þessu tilliti vísar umbj. minn einkum til skyldu Vodafone samkvæmt II. kafla, einkum 7.–13. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.“

Þá segir meðal annars að það auki enn á alvarleika málsins að þjónustuvæðið „Mínar síður“ á vodafone.is gerði sjálfkrafa ráð fyrir því að viðskiptavinir félagsins vildu vista skilaboð sín er þau höfðu verið send, en fyrirfram hafi verið hakað í þar til gerðan reit á vefsvæðinu um vistun gagna. Auk þess segir:

„Það sem gerir málið enn alvarlegra er sú staðreynd að Vodafone gerði aldrei tilraun til þess að upplýsa viðskiptavini sína um það að hætta væri á því að leynd persónugagna þeirra gæti verið rofin með þeim hætti sem raun ber vitni. Þvert á móti gerði Vodafone ráðstafanir til að auka tiltrú viðskiptavina félagsins á því að upplýsingar um þá væru öruggar á hinum svokölluðu „Mínum síðum“ vefsvæðisins vodafone.is.“

Um þetta er í bréfinu vísað til svohljóðandi umfjöllunar á vefsíðu Vodafone um öryggi upplýsinga:

„Mínar síður veita mjög nákvæmar upplýsingar um fjarskiptaþjónustu þína og aðgang að mikilvægum stillingum hennar. Því fylgjum við ítrústu öryggiskröfum til að tryggja að óviðkomandi geti ekki fengið aðgang að Mínnum síðum. Til að fá fullgildan aðgang að Mínnum síðum, þar sem hægt er að nota alla þá þjónustu sem þar er í boði þarf því bæði að staðfesta netfang og fá lykilorð sent í heimabanka.“

3.

Í bréfi Advel lögmannna slf. til Persónuverndar, dags. 7. mars 2014, segir meðal annars að Fjarskipti hf. telji varðveislu umræddra gagna fela í sér vinnslu persónuupplýsinga í skilningi 1. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þar með falli upplýsingarnar undir gildissvið þeirra laga. Þar sem upplýsingarnar lúti meðal annars að heilsuhögum séu þær viðkvæmar, sbr. skilgreiningu 8. tölul. 2. gr. laganna. Vísað er til þess að vinnsla persónuupplýsinga er því aðeins heimil að hún falli undir eitthvert af skilyrðum 8. gr. laganna, sem og að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga þarf einnig að samrýmast einhverju af skilyrðum 9. gr. Lýst er þeirri afstöðu að umrædd varðveisla hafi fallið undir heimildir í hvorum tveggja greinunum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. um heimild til vinnslu á grundvelli samþykkis. Um það segir nánar:

„Í gegnum tíðina hefur Vodafone gert viðskiptavinum sínum kleift að senda vefskilaboð í gegnum umrædda vefsíðu. Um tvær tegundir skilaboða var að ræða. Annars vegar var um að ræða FRÍ-SMS þar sem hægt var að setja 70 stafi í hvert skilaboð, skrá einn móttakanda og ekki birtust upplýsingar um hver var sendandi. Hins vegar var um að ræða vef-SMS, þar sem hægt var að setja allt að 1000 stafi og senda á fleiri en einn móttakanda. Síðarnefndu skilaboðin var hægt að vista í skeytasögu og það eru þau vefskilaboð sem tölvuþrjótnum tókst að stela í innbroti sínu. Skilaboð sem ekki voru vistuð í skeytasögu eyddust jafnóðum af síðunni. Engum notanda þjónustusíðu félagsins gat dulist að ef hakað var við reitinn *vista samskiptasögu* þá sá hann eldri skilaboð sem hann hafði sent. Jafnframt var mjög auðveld aðgerð að eyða þeim skilaboðum sem þegar höfðu vistast stæði vilji notanda til þess.

Samþykki getur talist ótvírætt þótt það sé ekki veitt berum orðum heldur í verki. Ekki eru skilyrði fyrir því í persónuverndarlögum að um skriflegt samþykki sé að ræða. Allri vinnslu upplýsinga á síðunni átti notandi vefgáttarinnar frumkvæði að og stjórnaði notkuninni og varðveislunni. Í boði var að vista samskiptasöguna og kom það bersýnilega í ljós þegar gáttin var opnuð hvort samskiptin voru vistuð í samskiptasögu eða ekki. Með því að stofna persónulega gátt á „Mínnum síðum“ hjá Vodafone og setja tilheyrandi upplýsingar þar inn og notfæra sér þjónustu fyrirtækisins telur Vodafone að nægjanlega ótvírætt og upplýst samþykki hafi legið fyrir um varðveislu þeirra gagna sem notendurnir sjálfir settu þar inn. Þetta á bæði við um varðveislu gagna á vefgáttinni sjálfri sem og vefskilaboðin sem send voru af gáttinni.“

Lýst er þeirri afstöðu í bréfinu að umrædd gögn falli ekki undir 42. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. Í máli þessu beri því ekki að líta til 3. mgr. þeirrar greinar, þess efnis að upplýsingar, sem falla undir svonefnda lágmarksskráningu gagna um fjarskiptaumferð, skulu ekki varðveittar lengur en í sex mánuði. Nánar tiltekið segir meðal annars að samkvæmt greinargerð með því frumvarpi, sem varð að fjarskiptalögum, sé í 42. gr. byggt á tilskipun 2002/58/EB um einkalífsvernd í fjarskiptum, en samkvæmt þeirri tilskipun sé með umferðargögnum átt við „gögn sem unnin eru í þeim tilgangi að flytja fjarskiptasendingu á rafrænu fjarskiptaneti eða til að gefa út reikninga vegna þess“, sbr. b-lið 2. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar. Þá er vísað til þess að í greinargerð með lögum nr. 78/2005, sem bættu fyrrgreindu ákvæði 3. mgr. 42. gr. við fjarskiptalög, er fjallað um hvað felist í áður nefndri lágmarksskráningu samkvæmt ákvæðinu. Segir að samkvæmt greinargerðinni sé þar meðal annars átt við gögn um hver sé notandi tiltekins fjarskiptatækis, hverjum hann tengist,

hvenær sú tenging hafi átt sér stað, hversu lengi tenging vari og hversu mikið af gögnum hafi verið flutt á milli fjarskiptanotenda. Auk þess segir meðal annars varðandi gögn sem vistast á þjónustusíðu Vodafone:

„Mikilvægt er að átta sig á muninum á annars vegar gögnum um fjarskiptaumferð og síðan þeim gögnum (loggar) sem verða til um þær aðgerðir sem gerðar eru á vefsíðunni sjálfri. Þegar vefskilaboð eru send af heimasvæði notenda á vefsíðu félagsins verða til fjarskiptaumferðargögn í fjarskiptakerfum sem eiga uppruna sinn að rekja til vefsins á nákvæmlega sama hátt og þegar smáskilaboð eru send á milli farsíma. Í skjala- og gagnaáætlun Vodafone var sérstaklega tilgreint að eyða ætti persónugreinanlegum fjarskiptaumferðargögnum áskrifenda eftir sex mánuði einnig á „Mínum síðum“. Hefur slíkum verkferlum verið fylgt hjá félaginu og voru engin gögn um fjarskiptaumferð, eldri en sex mánaða, til staðar á „Mínum síðum“ er vefsíða félagsins varð fyrir netárásinni. Þau gögn (loggar) sem stolið var voru ekki fjarskiptaumferðargögn heldur upplýsingar um aðgerðir viðskiptavina á vefnum.“

4.

Í bréfi Réttar til Persónuverndar, dags. 21. mars 2014, segir að það fyrirkomulag að sms-skilaboð send af vefsíðu Vodafone vistuðust þar sjálfkrafa, þ.e. ef sendandinn afþakkaði ekki vistunina sérstaklega, hafi verið gallað, en þetta hafi Fjarskipti hf. þegar viðurkennt, sbr. tilkynningu fyrirtækisins til viðskiptavina hinn 1. desember 2013. Þá segir að engar eða ónógar leiðbeiningar hafi verið veittar um afleiðingar þess að senda skilaboð af vefsíðunni og hafi ekki verið upplýst um það að skilaboð væru þar vistuð, enda sé Fjarskiptum hf. lögum samkvæmt ekki heimilt að geyma annað en upplýsingar um fjarskiptaumferð viðskiptavina, sbr. 42. gr. laga nr. 81/2003, þ.e. hvenær skilaboð eru send og til hvers. Í ljósi skorts á leiðbeiningum sé ekki unnt að líta svo á að vistunin hafi verið samþykkt af sendanda skilaboðanna. Auk þess segir að kvartandi sem viðtakandi hafi ekki samþykkt vistuna, en um það segir nánar:

„Ástæða þess er einfaldlega sú að umbj. minn sendi ekki langflest þau skilaboð með viðkvæmum persónuupplýsingum um hana sem láku á netið þann 30. nóvember 2013 af vefsíðu Vodafone. Um þau skilaboð geta engar röksemdir um samþykki í skilningi 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 átt við.“

Einnig segir í bréfi Réttar að engri af kröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000, þ.e. um meðal annars sanngirni og meðalhóf við vinnslu persónuupplýsinga, hafi verið fullnægt um vinnslu umræddra upplýsinga. Þá segir meðal annars að ekki sé ástæða til að svara þeim sjónarmiðum varðandi 42. gr. fjarskiptalaga sem lýst er í bréfi Advel lögmannna slf., dags. 7. mars 2014, enda eigi slík sjónarmið ekki við í máli þessu, sbr. þá afmörkun á valdmörkum Persónuverndar og Póst- og fjarskiptastofnunar sem lýst er fremst í úrskurði þessum.

II.

Forsendur og niðurstaða

Eins og rakið hefur verið koma umræddar upplýsingar um kvartanda fram í sms-skilaboðum í farsímanúmer hennar sem send voru af vefsíðu Vodafone af viðskiptavini þess fyrirtækis, nánar tiltekið af þjónustusvæðinu „Mínar síður“. Á fundi stjórnar Persónuverndar hinn 13. maí 2014 voru kveðnir upp úrskurðir þess efnis að varðveisla sms-skilaboða, sendra af umræddu þjónustusvæði, hefði einungis getað talist heimil ef aflað hefði verið samþykkis til varðveislunnar, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 7. tölul. 2. gr. sömu laga. Vísað er til þess í úrskurðunum að á þjónustusvæðinu hafi sjálfkrafa verið gert ráð fyrir að viðskiptavinir vildu vista send skilaboð, en fyrirfram hafi verið hakað í þar til gerðan reit á þjónustusvæðinu um vistun gagna. Þá segir í úrskurðunum að það að ekki sé afhakað við reit, þar sem fram kemur að unnið verði með persónuupplýsingar, verði ekki talið fela í sér yfirlýsingu um samþykki. Með vísan til þess er niðurstaða úrskurðanna sú að heimild hafi brostið til varðveislunnar sendra skilaboða.

Slík yfirlýsing um samþykki, sem samkvæmt umræddum úrskurðum Persónuverndar skorti á að aflað hefði verið, væri veitt af viðskiptavini Vodafone í tengslum við sendingu hans á sms-skilaboðum af umræddu þjónustusvæði. Ekki reynir því á hvort afla hefði átt samþykkis frá kvartanda sem viðtakanda skilaboða. Það verklag hjá Vodafone við öflun heimildar til vistunar skilaboða, sem að framan er lýst, fól hins vegar í sér almennan ágalla á vistuninni sem leiddi til þess að hún varð ólögmat í heild sinni, m.a. að því er varðar umræddar persónuupplýsingar um kvartanda. Varðveisla þeirra hjá rekstraraðila Vodafone, þ.e. Fjarskiptum hf., brast því heimild samkvæmt lögum nr. 77/2000.

Úrskurðarorð:

Varðveisla Fjarskipta hf. á sms-skilaboðum með viðkvæmum persónuupplýsingum um [A], sem send voru af vefsíðu fyrirtækisins, samrýmdist ekki lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

3.2.21. Birting úrskurða Innanríkisráðuneytis varðandi réttarstöðu samkvæmt útlendingalögum nr. 96/2002 – mál nr. 2014/432

Innanríkisráðuneytið óskaði álits Persónuverndar á því hvort birta mætti úrskurð í máli tiltekins hælisleitanda ásamt upplýsingum um upprunaland viðkomandi en án annarra persónuauðkenna. Persónuvernd tók ekki bindandi afstöðu til lögmætis birtingarinnar heldur veitti almenna leiðsögn um birtingu úrskurða í umræddum málaflokki.

I.

Erindi innanríkisráðuneytisins

Persónuvernd vísar til tölvubréfs innanríkisráðuneytisins frá 3. mars 2014. Þar segir að ráðuneytið hafi nú ákveðið að birta úrskurði sína í útlendingamálum á vefnum urskurdir.is, en áður verði þeir hreinsaðir af nöfnum og öðrum persónuauðkennum og viðkvæmum upplýsingum. Ráðuneytið hafi nú þegar sett þar inn úrskurði í dvalarleyfismálum. Þá segir:

„Meðfylgjandi eru drög að úrskurði í máli útlendinga sem óskað hefur eftir hæli á Íslandi. Telur ráðuneytið nauðsynlegt að fram komi land það er viðkomandi einstaklingur kemur frá þar sem niðurstaða ráðuneytisins byggir á mati á ástandi mála og stöðu viðkomandi í því landi.

Ráðuneytið óskar álits Persónuverndar á því hvort það gangi gegn persónuverndarsjónarmiðum að birta þær upplýsingar sem fram koma í meðfylgjandi úrskurði.“

II.

Svar Persónuverndar

1.

Álitsbeiðni ráðuneytisins snýr að því hvort birta megi úrskurð í máli tiltekins hælisleitanda. Persónuvernd telur það ekki vera hlutverk sitt að taka bindandi afstöðu fyrirfram til lögmætis birtingar einstakra úrskurða stjórnvalda. Þess í stað álitur stofnunin viðkomandi stjórnvöld sjálf, sem ábyrgðaraðila að þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem í birtingunni kann að felast, verða að meta þau sjónarmið sem á getur reynt í því sambandi og taka afstöðu til lögmætis birtingar á grundvelli þess mats. Í samræmi við það hlutverk Persónuverndar að vera til leiðbeiningar og tjá sig um álitaefni á starfssviði sínu, sbr. 6. og 7. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, hefur stjórn stofnunarinnar hins vegar ákveðið, á fundi sínum í dag, að veita almenna leiðsögn um birtingu úrskurða í umræddum málaflokki.

2.

Svo að vinna megi með persónuupplýsingar þarf ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000. Þegar um ræðir viðkvæmar persónuupplýsingar þarf einnig að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 9. gr. sömu laga. Gera verður ráð fyrir að í úrskurðum á sviði útlendingamála geti komið fyrir slíkar upplýsingar, s.s. um heilsuhagi, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laganna.

Af ákvæðum 8. gr. laga nr. 77/2000 má ætla að einkum 5. og 7. tölul. 1. mgr. geti komið til greina sem heimild til þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem falist getur í birtingu stjórnvaldsúrskurða, en þar er mælt fyrir um að vinna megi með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða til að gæta lögmætra hagsmuna sem vega þyngra en grundvallarréttindi og frelsi hins skráða. Þá kann, eftir atvikum, að hvíla lagaskylda á stjórnvaldi til að birta úrskurði, en samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 er vinnsla persónuupplýsinga heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja slíkri skyldu þess sem ábyrgð ber á vinnslu. Tekið skal fram í því sambandi að skylda stjórnvalds til að verða við beiðni um gögn frá almenningi samkvæmt II. kafla upplýsingalaga nr. 140/2012, sbr. þó takmarkanir á þeirri skyldu í 6.–10. gr. laganna, felur ekki í sér skyldu til birtingar að eigin frumkvæði. Þá skal tekið fram að ekki hefur hvílt lagaskylda á ráðuneytinu til að birta úrskurði sína á sviði útlendingamála. Hinn 1. janúar 2015 mun sérstök kærunefnd taka við úrskurðarhlutverki ráðuneytisins á því málefnaviði, sbr. 1. gr. laga nr. 64/2014 sem bætir við lög nr. 96/2002 um útlendinga tveimur nýjum greinum þar sem fjallað er um umrædda kærunefnd, þ.e. 3. gr. a og 3. gr. b., sbr. og 26. gr. laga nr. 64/2014 um gildistöku þeirra ákvæða. Samkvæmt 7. mgr. 3. gr. a skal kærunefndin að jafnaði birta úrskurði sína eða útdrætti úr þeim, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir.

Af ákvæðum 9. gr. laga nr. 77/2000 um heimildir til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga má ætla að eingöngu 1. og 2. tölul. 1. mgr. geti rennt stöðum undir birtingu slíkra upplýsinga í stjórnvaldsúrskurðum. Í umræddum ákvæðum kemur nánar tiltekið fram að vinna megi með viðkvæmar persónuupplýsingar á grundvelli samþykkis hins skráða eða á grundvelli sérstakrar lagaheimildar. Samþykki þarf þá ávallt að fullnægja kröfum 7. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, þ.e. fela í sér sérstaka, ótvíræða yfirlýsingu sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv. Þá er í lögum nr. 77/2000 gert ráð fyrir að sérstök lagaheimild til vinnslu persónuupplýsinga þurfi að fullnægja ákveðnum lágmarkskröfum, en um það segir í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. laga í því frumvarpi sem varð að lögum:

„Það ræðst af túlkun viðkomandi lagaákvæðis hvort skilyrðinu er fullnægt. Mat á því hvort lagastof er fyrir hendi ræðst hverju sinni af skýringu viðkomandi sérlagaákvæðis, en því meiri íhlutun í einkalíf einstaklingsins sem umrædd vinnsla hefur í för með sér þeim mun ótvíræðari þarf lagaheimildin að vera. Skýring slíks ákvæðis ræðst þá m.a. af því hvort löggjafinn hafi í raun tekið tillit til þeirra almennu persónuverndarsjónarmiða sem á reynir við meðferð viðkvæmra persónuupplýsinga. Verður skilyrði 2. tölul. tæplega talið uppfyllt nema fyrir liggi að löggjafinn hafi skoðað slík sjónarmið en engu síður talið vinnsluna nauðsynlega vegna almannahagsmuna.“

Í tengslum við heimild til birtingar stjórnvaldsúrskurða verður sérstaklega að líta til 9. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012, en þar segir að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að upplýsingum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari nema sá samþykki sem í hlut á. Í athugasemdum við ákvæðið í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 140/2012, segir meðal annars að engum vafa sé undirorpið að viðkvæmar persónuupplýsingar samkvæmt lögum um persónuvernd séu allar undanþegar aðgangi almennings samkvæmt ákvæðinu.

Ekki er í íslenskum lögum að finna lagaheimild sem heimilað getur ráðuneytinu birtingu viðkvæmra persónuupplýsinga í úrskurðum í útlendingamálum og þannig í raun vikið fyrir mælum 9. gr. upplýsingalaga til hliðar. Þá hefur fyrrgreindri kærunefnd ekki verið veitt slík heimild. Í nefndarálitum allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 21. mars 2014 (þskj. 821 í 249. máli á 143. löggjafarþingi) er og tekið fram að gæta verði að 9. gr. upplýsingalaga við birtingu á úrskurðum nefndarinnar.

Í ljósi framangreinds er ljóst að við birtingu úrskurða í útlendingamálum verður ávallt að gæta

Þess að viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, komi þar ekki fyrir. Þá er minnt á að 9. gr. upplýsingalaga bannar ekki aðeins birtingu viðkvæmra persónuupplýsinga í skilningi fyrrgreinds ákvæðis heldur einnig annarra upplýsinga um einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Getur það meðal annars átt við um upplýsingar um félagsleg vandamál og fjölskylduhagi ýmiss konar, t.d. ættleiðingar og hjónaskilnaði. Þá verður ávallt að gæta meðalhófs við birtingu úrskurða þannig að ekki birtist þar frekari persónuupplýsingar en þörf krefur, sbr. grunnkröfur 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000, þ. á m. að persónuupplýsingar skulu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær skulu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); og að þær skulu vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.).

Stjórnvöld hafa almennt við birtingu á úrskurðum sínum meðal annars afmáð persónuauðkenni einstaklinga, en sú framkvæmd er í anda framangreindra ákvæða 7. gr. laga nr. 77/2000. Í samræmi við þessa stjórnsluvenju er í 7. mgr. 3. gr. a í útlendingalögum nr. 96/2002, sbr. 3. gr. laga nr. 64/2014, sérstaklega mælt fyrir um að umrædd kærufnd skuli birta úrskurði sína án nafna, kennitalna eða annarra persónugreinanlegra auðkenna aðila að viðkomandi málum. Að auki kemur fram að eftir atvikum skuli nefndin birta úrdrætti úr úrskurðum sínum, en slíkt gæti átt við ef birting með öðrum hætti veitti almenningi auðveldlega kost á vitneskju um einkahagi viðkomandi einstaklinga. Einnig vísast til 3. mgr. 5. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 þar sem fram kemur að ef eingöngu hluti skjal er undanþeginn aðgangi samkvæmt meðal annars 9. gr. laganna skuli veita aðgang að öðrum hlutum þess. Við birtingu á úrskurðum í útlendingamálum mætti samkvæmt þessu afmá tiltekna hluta skjals en birta það að öðru leyti, með þeim takmörkunum þó sem fyrr er lýst lýsir þannig að persónuauðkenni séu afmáð, sem og aðrar upplýsingar, s.s. um heimaland viðkomandi, sem í ljósi kringumstæðna hverju sinni geta orðið til þess að persónugreina megi einstakling.

3.

Í ljósi framangreinds áréttar Persónuvernd að við birtingu úrskurða í útlendingamálum verður, eins og við birtingu stjórnvaldsúrlausna endranær, að gæta þess að friðhelgi einkalífs sé virt, sbr. meðal annars 9. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 um bann við að veita almenningi aðgang að upplýsingum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Því ber að gæta meðalhófs við birtingu persónuupplýsinga, svo og þess að nöfn, kennitölur og eftir atvikum önnur auðkenni, sem persónugreint geta einstaklinga, birtist ekki.

3.2.22. Aðild Öldrunarheimila Akureyrar að sameiginlegu sjúkraskrárkerfi fyrir heilbrigðisstofnanir á Norðurlandi – mál nr. 2014/575

Sjúkrahúsið á Akureyri, f.h. heilbrigðisstofnana á Norðurlandi, tilkynnti Persónuvernd um að Öldrunarheimili Akureyrar hafi óskað eftir því að rafrænt sjúkraskrárkerfi þeirra yrði hluti af sameiginlegu sjúkraskrárkerfi fyrir heilbrigðisstofnanir á Norðurlandi. Persónuvernd gerði ekki, eins og á stóð, athugasemdir við slíkt, þ.e. að Öldrunarheimili Akureyrar gengu inn í umræddan samning og gerðust þar með aðili að sameiginlegu sjúkraskrárkerfi heilbrigðisstofnana á Norðurlandi.

Svarbréf Persónuverndar í máli nr. 2014/575.

Persónuvernd vísar til bréfs Sjúkrahússins á Akureyri sem sent er fyrir hönd heilbrigðisstofnana á Norðurlandi, dags. 20. mars 2014, varðandi sameiginlegt sjúkraskrárkerfi fyrir slíkar stofnanir í þeim landshluta. Hinn 19. október 2010 tók stjórn Persónuverndar ákvörðun þess efnis að ekki væru gerðar athugasemdir við öryggi í framangreindu kerfi (mál nr. 2010/707). Samkvæmt bréfinu er nú ráðgert að færa skráningu á vegum Öldrunarheimila Akureyrar inn í kerfið. Nánar tiltekið segir:

„Öldrunarheimili Akureyrar hafa ákveðið að innleiða hjá sér rafrænt sjúkraskrárkerfi (Sögu). Þau hafa óskað eftir því að gagnagrunnurinn verði sameiginlegur með þeim gagnagrunni sem Sagan er í, í Heilbrigðisumdæmi Norðurlands. Því hefur verið óskað eftir aðkomu að því, sbr. samning um sameiginlegt rafrænt sjúkraskrárkerfi fyrir heilbrigðisstofnanir á Norðurlandi og afritun sjúkraskrárgagna, 4. gr. Í kjölfar þessa hefur verið gert uppkast að viðauka við samninginn þar sem kemur til viðbót vegna Öldrunarheimila Akureyrar og því munu við undirritun þessa viðauka, Öldrunarheimilin ganga inn í samninginn á sama hátt og aðrar heilbrigðisstofnanir gerðu á sínum tíma þegar samningurinn var gerður. Munu sömu öryggiskröfur um meðferð gagna og eftirlit gilda fyrir Öldrunarheimili Akureyrar sem aðrar heilbrigðisstofnanir samkvæmt skilmálum samningsins.“

Hjálagt með framangreindu bréfi er afrit af samningi um sameiginlegt sjúkraskrárkerfi heilbrigðisstofnana á Norðurlandi, dags. 2. febrúar 2012, sem gerður var í kjölfar fyrrgreindrar ákvörðunar Persónuverndar. Þá er meðal annars hjálagt afrit af drögum að nýjum viðauka 2 við samninginn um viðbót vegna Öldrunarheimila Akureyrar, þess efnis að þau verði fullgildur aðili að samningnum með öllum réttindum og skyldum sem því fylgja.

Stjórn Persónuverndar fjallaði um umrætt bréf á fundi sínum í dag. Í ljósi 2. mgr. 20. gr. laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár var ákveðið að gera ekki, eins og á stendur, athugasemdir við að Öldrunarheimili Akureyrar gangi inn í umræddan samning og gerist þar með aðili að sameiginlegu sjúkraskrárkerfi heilbrigðisstofnana á Norðurlandi, enda verði í einu og öllu farið að þeim reglum sem um meðferð persónuupplýsinga í kerfinu gilda, sbr. meðal annars þau gögn um upplýsingaöryggi sem Persónuvernd bárust frá Heilsugæslunni á Akureyri fyrir hönd heilbrigðisstofnana á Norðurlandi 7. og 8. desember 2010.

Jafnframt skal tekið fram, í ljósi þess sem segir í umræddri ákvörðun um gildistíma hennar, að hún skal teljast vera í gildi að því gefnu að ekki gefist tilefni til endurskoðunar hennar, s.s. í ljósi nýrra upplýsinga varðandi öryggi persónuupplýsinga í framangreindu sjúkraskrárkerfi.

3.2.23. Beiðni um lífsýni úr látnum manni – mál nr. 2014/398

Persónuvernd tók ákvörðun í máli manns varðandi beiðni um lífsýni úr látnum manni vegna faðernisrannsóknar. Í ákvörðuninni kemur fram að það falli utan valdsviðs Persónuverndar að veita slíkt leyfi vegna ákvæða barnalaga. Viðkomandi var því leiðbeint um að leita úrskurðar dómara.

1.

Persónuvernd vísar til erindis X, dags. 24. febrúar 2014, fyrir hönd umbjóðanda þeirra, A. Í bréfinu er óskað eftir leyfi Persónuverndar til að hann fái aðgang að lífsýni úr B til að gera megi erfðafræðirannsókn á sýninu sem skeri úr um hvort B hafi verið faðir hans.

Tafir urðu á meðferð erindisins vegna mikilla anna Persónuverndar. Með bréfi, dags. 28. maí 2014, baðst Persónuvernd velvirðingar á þeirri töf og tilkynnti jafnframt að ráðgert væri að fjalla um erindið í stjórn Persónuverndar.

Nánar segir í erindinu:

„Til lögmannsstofunnar hefur leitað A sökum þess að komið hefur í ljós að hann er ranglega feðraður. Mannerfðafræðileg rannsókn sem gerð var af DNAtest.dk leiddi í ljós að 0% líkur væru á að skráður faðir hans, C, væri líffræðilegur faðir hans.

[...] B lést [dags.] en staðfest hefur verið að lífsýni úr honum er varðveitt á Lífsýnasafni rannsóknarstofu í meinafræði á Landspítala. Hagsmunir umbjóðanda míns af því að þekkja uppruna sinn og ætt eru miklir og lögvarðir sbr. 71. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Jafnframt mæla heilsufarsleg rök með því að umbjóðandi minn fái úr því skorið hver líffræðilegur faðir hans er og

má í því sambandi nefna að umbjóðandi minn hefur aflað sér upplýsinga um það að ætlaður faðir hans B hafi látist úr krabbameini og séu slík mein nokkuð algeng í fjölskyldu hans.

Af framansögðu má ráða að hagsmunir umbjóðanda míns af því að fá aðgang að lífsýni úr B eru miklir og er því hér með, með vísan til 5. mgr. 9. gr. laga nr. 110/2000, óskað eftir því að Persónuvernd heimili að lífsýni úr framangreindum einstaklingi verði afhent umbjóðanda mínum svo hann geti látið fara fram mannerfðafræðilega rannsókn á því hvort hann sé líffræðilegur faðir hans.“

2.

Samkvæmt 5. mgr. 9. gr. laga nr. 110/2000 um lífsýnasöfn getur safnstjórn lífsýnasafns, að fengnu leyfi Persónuverndar og vísindasiðanefndar, heimilað notkun lífsýna í öðrum tilgangi en ætlað var þegar þau voru tekin, enda mæli brýnir hagsmunir með því og ávinningurinn vegi þyngra en hugsanlegt óhagræði fyrir lífsýnisgjafann eða aðra aðila. Meðal þess sem talist getur til nægra hagsmuna er að komist sé að hinu rétta um uppruna einstaklings, en á því hefur verið byggt í framkvæmd Persónuverndar.

Við mat á því hvernig beita skal framangreindu ákvæði ber að líta til ákvæða í öðrum lögum sem við geta átt. Er þá til þess að líta að í barnalögum nr. 76/2003 er að finna ákvæði sem mæla fyrir um tiltekna málsmeðferð þegar faðerni er vefengt og skorið úr um það að nýju. Í því felst að höfðað er vefingingar- og faðernismál, en sá sem telur vafa leika á faðerni sínu eða að tiltekinn maður sé faðir hans getur verið stefnandi í slíku máli, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 21. gr. barnalaga.

Í 15. gr., sbr. 22. gr. barnalaga, er mælt fyrir um heimild dómara til að kveða upp úrskurð þess efnis að fram skuli fara mannerfðafræðileg rannsókn vegna meðferðar slíkra mála sem hér um ræðir, en slík rannsókn fer þá fram stefnanda að kostnaðarlausu, sbr. 11. og 22. gr.

Í framkvæmd hefur verið litið svo á að umrædd ákvæði gangi framur ákvæði 4. mgr. 9. gr. laga um lífsýnasöfn, en af því leiðir að úrskurður dómara nægir til að fram fari erfðarannsókn á sýni úr lífsýnasafni og þarf ekki leyfi Persónuverndar og vísindasiðanefndar til. Á það við hvort sem sýnið er úr lifandi eða látnum einstaklingi.

Þetta verður m.a. ráðið af úrskurði héraðsdóms Reykjaness frá 23. maí 2006 sem vísað er til í dómi Hæstaréttar frá 13. júní 2006 í máli nr. 308/2006, en í úrskurðinum kemur fram að vegna vefingingarmáls hafi farið fram erfðarannsókn á lífsýni úr látnum einstaklingi samkvæmt úrskurði dómara. Persónuvernd hafði ekki atbeina að þeirri rannsókn.

Mál þetta var rætt á fundi stjórnar Persónuverndar í dag. Með vísan til framangreinds var komist að þeirri niðurstöðu að þar sem dómstólum er lögum samkvæmt falið að heimila erfðarannsóknir þegar vafi leikur á um faðerni falli það utan valdsviðs Persónuverndar að veita slíkt leyfi sem hér um ræðir. X er því leiðbeint um að leita úrskurðar dómara fyrir umbjóðanda sinna.

3.2.24. Beiðni um að mál verði tekið upp að nýju hafnað – mál 2014/952

Persónuvernd synjaði þann 17. september 2014 beiðni einstaklings um að mál hans verði tekið upp að nýju hjá stofnuninni þar sem lögmætir hagsmunir hans standi ekki til þess.

Ákvörðunin er svohljóðandi:

I.

*Forsaga málsins og
fyrirliggjandi erindi*

Aðdragandi að ákvörðun þessari er sá að þann 19. september 2011 barst Persónuvernd kvörtun frá A (hér eftir nefndur „kvartandi“). Sú kvörtun var þrjúþætt. Í fyrsta lagi að B, læknir á

Fjórðungssjúkrahúsnu á Neskaupsstað, hefði skoðað sjúkraskrá kvartanda í öðrum tilgangi en vegna meðferðar, í öðru lagi að B hefði miðlað upplýsingum úr sjúkraskránni til þriðja aðila, Siðanefndar Læknafélagsins og í þriðja lagi að siðanefndin hefði birt upplýsingar um kvartanda í úrskurði sínum, sem birtur var á heimasíðu nefndarinnar. Með úrskurði í máli nr. 2012/193, komst stjórn Persónuverndar að þeirri niðurstöðu að birting upplýsinga um kvartanda í úrskurði siðnefndarinnar á heimasíðu hennar hefði verið ólögmat. Ekki var fjallað um þann þátt málsins sem varðaði skoðun B á sjúkraskrá kvartanda né þátt Fjórðungssjúkrahússins á Neskaupsstað í því sambandi, enda taldi landlæknisembættið framangreind álitæfni falla innan sérviðs embættis síns, og hafði umrætt mál þá verið tekið til meðferðar hjá landlæknisembættinu.

Hinn 7. febrúar 2012 kom kvartandi á skrifstofu Persónuverndar og lagði fram afrit af niðurstöðu landlæknis í málinu, dags. 28. nóvember 2011. Hann óskaði þess jafnframt að Persónuvernd endurskoðaði hina efnislegu afstöðu landlæknis og tæki málið til skoðunar á grundvelli laga nr. 77/2000. Var B tilkynnt um það að stofnunin hefði ákveðið að taka til efnislegrar meðferðar þann hluta kvörtunar kvartanda sem varðaði hann og laut að vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga um kvartanda með bréfi, dags. 28. febrúar 2012. Bauð Persónuvernd B jafnframt að koma á framfæri frekari skýringum vegna kvörtunarinnar til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Þá óskaði Persónuvernd jafnframt skýringa frá Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA), n.t.t. Fjórðungssjúkrahúsinnu á Neskaupsstað, varðandi aðgang B að sjúkraskrá kvartanda. Í svarbréfi Fjórðungssjúkrahússins á Neskaupsstað, dags. 7. maí 2012, staðfesti HSA að B hefði tvívegis flett upp í sjúkraskrá kvartanda og að samkvæmt B hefðu þær uppflettingar verið vegna málareksturs hans fyrir siðanefnd Læknafélags Íslands. Niðurstaða ákvörðunar Persónuverndar í máli kvartanda nr. 2012/193, frá 30. maí 2012, var að heilbrigðisstarfsmönnum á HSA, þ.m.t. Fjórðungssjúkrahúsinnu á Neskaupsstað, væri óheimilt að nota þann aðgang sem þeir hefðu að sjúkraskrá HSA vegna ágreiningsmála sem þeir ættu sjálfir persónulega aðild að og vörðuðu ekki starfsemi stofnunarinnar og að HSA bæri að beita þeim ráðstöfunum sem til þyrfti, að því er varðaði tækni, öryggi og skipulag vinnslu sjúkraskráa á stofnuninni, til að tryggja að eftir því yrði farið. Í forsendum ákvörðunarinnar, kafla 3.4., kemur fram að umrædd ákvörðun varði skoðun á sjúkraskrá á HSA í tengslum við tiltekið ágreiningsmál sem sá starfsmaður sem skoðaði skrána átti í persónulega en HSA var ekki aðili að.

Þann 22. október 2012 barst Persónuvernd bréf Umboðsmanns Alþingis en kvartandi hafði kvartað yfir ákvörðun Persónuverndar í máli nr. 2012/193 til hans. Í kvörtuninni til umboðsmanns kom fram að kvartandi væri ósáttur við að Persónuvernd hefði ekki talið unnt að endurskoða efnislega afstöðu landlæknis í máli B og að Persónuvernd hefði verið skylt að kæra málið til lögreglu en það hefði stofnunin ekki gert. Óskaði umboðsmaður eftir afriti af öllum gögnum í máli nr. 2012/193. Þá óskaði hann eftir upplýsingum um það hvort Persónuvernd hefði lagt mat á það hvort tilefni hefði verið fyrir stofnunina til þess að leggja fram kæru til lögreglu, sbr. 4. mgr. 22. gr. laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár, og ef svo væri á hvaða grundvelli og á hvaða sjónarmiðum hefði verið byggt við þá ákvörðun. Loks óskaði umboðsmaður eftir upplýsingum um það hvort Persónuvernd hefði tekið afstöðu til valdmarka Persónuverndar og embættis landlæknis við beitingu 4. mgr. 22. gr. fyrrnefndra laga og ef svo væri, hver niðurstaða Persónuverndar í því efni hefði verið. Umboðsmaður veitti álit sitt þann 5. maí 2014 í máli nr. 7126/2012. Í álití setts umboðsmanns, að því er Persónuverndar varðar, kom m.a. fram að kvartandi hefði ekki fengið skýra úrlausn um þann þátt kvörtunar sinnar er laut að uppflettingum í sjúkraskrá hans. Beindi umboðsmaður því til Persónuverndar að hún tæki afstöðu til þess, kæmi fram beiðni þess efnis frá kvartanda, hvort skilyrðum laga væri fullnægt til að stjórn Persónuverndar leysti úr því ágreiningsmáli sem kvartandi bar upp við stofnunina á grundvelli 2. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000.

Hinn 22. maí 2014 kom kvartandi á skrifstofu Persónuverndar og óskaði þess að stofnunin tæki kvörtun hans gegn B til meðferðar að nýju og að HSA, B og Landlæknisembættið yrðu kærð til lögreglu. Lýtur ákvörðun þessi að umræddri beiðni kvartanda. Var kvartanda gerð grein fyrir því

að stjórn Persónuverndar myndi taka afstöðu til *endurupptöku* málsins og nánar leiðbeint um meðferð málsins.

Með bréfi, dags. 7. júlí 2014, bárust Persónuvernd frekari athugasemdir frá lögmanni kvartanda. Þar kom m.a. fram að kvartandi teldi lagaskilyrðum fullnægt til að Persónuvernd tæki tiltekna þætti erindis hans til athugunar, sem nýja kvörtun, og leysti úr því ágreiningsmáli sem laut að uppflettingum B í sjúkraskrá og miðlun þeirra upplýsinga á grundvelli 2. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000. Þá krafðist kvartandi þess að Persónuvernd afturkallaði ákvörðun sína, sbr. 1. mgr. 25. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, að því er varðaði þann þátt hennar sem laut að uppflettingum B og miðlun þeirra upplýsinga, nánar til tekið þá ákvörðun að kvörtunin hafi að hluta til fallið undir starfssvið landlæknis sbr. ákvörðun Persónuverndar í máli nr. 2013/1085. Loks kemur fram í bréfi kvartanda að hann teldi leiðbeiningar Persónuverndar sem veittar voru á fyrrnefndum fundi, þann 22. maí sl., hafa verið villandi þar sem honum var tilkynnt um að stjórn myndi taka afstöðu til endurupptöku málsins, kæmi fram beiðni um slíkt, en hvergi í álitum umboðsmanns Alþingis, frá 5. maí sl., væri vikið að því að kvartandi skyldi krefjast endurupptöku máls síns.

Með bréfi, dags. 11. júlí 2014, var B tilkynnt að stofnunin hefði tekið beiðni A til meðferðar og honum boðið að koma á framfæri andmælum eða frekari skýringum vegna málsins. Með tölvubréfi þann 4. september barst Persónuvernd svarbréf B. Þar sagði m.a. að hann hefði aldrei átt í ágreiningsmáli við kvartanda, síðanefnd Læknafélags Íslands né nokkurn annan. Einnig kom fram að B hefði flett upp í sjúkraskrá kvartanda af öðrum ástæðum en í þágu meðferðar hans á HSA, þ.e. í tengslum við málarekstur fyrir síðanefnd Læknafélagsins. Að öðru leyti varðaða athugasemdir B ekki þá beiðni kvartanda um að mál hans verði tekið upp að nýju hjá stofnuninni og er því óþarfi að rekja þær frekar.

II.

Ákvörðun Persónuverndar

1.

Forsendur

1.1.

Hugtakið ábyrgðaraðili

Eins og fyrr greinir kom fram í álitum umboðsmanns Alþingis að kvartandi hefði ekki fengið skýra úrlausn um þann þátt kvörtunar sinnar er laut að uppflettingum í sjúkraskrá hans. Þá sagði að kvartandi hefði fengið ákveðna afstöðu Persónuverndar enda kæmi fram í ákvörðun stofnunarinnar að ekki lægi fyrir að tiltekin skilyrði laga hefðu verið uppfyllt í umrætt sinn, þegar sjúkraskrá kvartanda var skoðuð á HSA í tengslum við tiltekið ágreiningsmál sem sá starfsmaður, sem skoðaði skrána, átti í persónulega en HSA var ekki aðili að. Þrátt fyrir það taldi umboðsmaður að málið hefði ekki, gagnvart kvartanda, verið sett í réttan farveg að lögum og þrátt fyrir að vikið hefði verið að umkvörtunarefni kvartanda í ákvörðun Persónuverndar laut hún með almennum hætti að ábyrgðaraðila vinnslunnar, HSA, en hvorki kvartandi né B hefðu verið aðilar að því máli.

Með ábyrgðaraðila er átt við þann sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna, sbr. 4. tölul. 2. gr. laganna, sem byggist á d-lið 2. gr. persónuverndartilskipunarinnar nr. 95/46/EB. Á grundvelli 29. gr. framangreindrar tilskipunar starfar vinnuhópur, skipaður fulltrúum stofnana persónuverndarstofnana í aðildarríkjum, sem þjónar m.a. því hlutverki að stuðla að samræmdri túlkun á lykilhugtökum. Í álitum vinnuhópsins nr. 1/2010 (WP169) um hugtökin „ábyrgðaraðili“ og „vinnsluadili“ er fjallað um ýmis sjónarmið sem líta verður til við afmörkun þeirra. Í umræddu álitum vinnuhópsins kemur m.a. fram að almenn ákvæði í löggjöf, geta gefið vísbendingu um það, hvaða einstaklinga eða lögaðila beri að líta á sem ábyrgðaraðila. Þá kemur einnig fram í álitinu að til að tryggja fyrirsjáanleika og stöðugleika fyrir hinn skráða, ætti fremur að leitast eftir því að beina eftirliti að lögaðila frekar en að tilteknum einstaklingi sem starfar fyrir viðkomandi lögaðila.

Engu að síður segir jafnframt að ef einstaklingur, sem starfar fyrir lögaðila, vinni með persónuupplýsingar í eigin þágu og að sú vinnsla falli utan starfssviðs og ábyrgðar umrædds lögaðila, geti sá einstaklingur talist ábyrgðaraðili. Þrátt fyrir það geti upphaflegur lögaðili einnig borið ábyrgð á hluta vinnslunnar hafi vinnsla persónuupplýsinga komið til vegna skorts á öryggisráðstöfunum.

Í ákvörðun Persónuverndar frá 30. maí 2012, í máli nr. 2012/193, kemur fram að hugtakið ábyrgðaraðili sjúkraskrár er skilgreint í 12. tölul. 3. gr. laga nr. 55/2009 sem heilbrigðisstofnun eða starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna þar sem sjúkraskrár eru færðar. Þótt starfsmenn hans kunni að hafa notað upplýsingar í eigin þágu, og geti þurft að svara til saka fyrir það, breytir það ekki stöðu ábyrgðaraðila að þessu leyti gagnvart hinum skráða. Í því máli sem hér um ræðir hafði ábyrgðaraðili, HSA, lýst því yfir að uppfletting B í sjúkraskrá kvartanda, í þágu persónulegs ágreiningsmáls hans, hefði ekki verið óeðlileg. Taldi Persónuvernd að HSA, með vísan til framangreinds, og álits 29. gr. starfshópsins nr. 1/2010, um hugtökin ábyrgðaraðili og vinnsluáðili, væri ábyrgðaraðili þeirrar vinnslu sem kvörtun kvartanda laut að.

1.2.

Kæra til lögreglu

Kvartandi hefur á fundi með stofnuninni þann 22. maí sl. óskað eftir því að Persónuvernd kæri HSA, B og Landlæknisembættið til lögreglu. Í 4. mgr. 22. gr. laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár kemur fram að leiði eftirlit í ljós að verulegar líkur séu á að brotið hafi verið gegn persónuverndarhagsmunum sjúklings skuli brot kært til lögreglu. Ekki er nánar mælt fyrir um það hver skuli kæra slíkt brot en í öðrum ákvæðum greinarinnar er bæði vísað til eftirlits landlæknis og Persónuverndar, sbr. 2. og 3. mgr. Samkvæmt 2. mgr. þeirrar greinar er það landlæknir sem hefur eftirlit með því að ákvæði laganna séu virt en samkvæmt 3. mgr. hefur Persónuvernd eftirlit með öryggismálum o.þ.h. í samræmi við lög nr. 77/2000. Lög nr. 55/2009, um sjúkraskrár, byggja á þeirri grunnhugsun að tiltekinn aðili beri ábyrgð á því að vinnsla uppfylli skilyrði laganna. Hann er í lögnum nefndur ábyrgðaraðili. Persónuvernd beinir eftirliti sínu og tilmælum til hans en ekki til einstakra starfsmanna hans.

Í fyrsta lagi telst HSA ábyrgðaraðili að sjúkraskrá á stofnuninni eins og áður hefur verið rakið. Af þeirri ástæðu taldi Persónuvernd ekki tilefni til þess að kæra umræddan ábyrgðaraðila til lögreglu, heldur voru lögð fyrir hann tiltekin tilmæli, um að yfirfara tækni-, öryggis- og skipulagslegar ráðstafanir sínar við vinnslu sjúkraskráa svo hún yrði eftirleiddis með lögmætum hætti, svo sem nánar greinir í ákvörðun Persónuverndar frá 30. maí 2012 í máli 2012/193. Í ljósi þess að ábyrgðaraðili sjúkraskráa á HSA hefur tekið tilmæli Persónuverndar til greina, auk þess sem frumkvæðisathugun Persónuverndar á öryggi persónuupplýsinga hjá HSA er á lokastigi, telur Persónuvernd að ekki séu fyrir hendi nægilega ríkir almannahagsmunir af því að kæra brot ábyrgðaraðila til lögreglu. Þá er ljóst að kvartandi hefur nú þegar kært B til lögreglu - fyrir brot á lögum um persónuvernd en með ákvörðun ríkissaksóknara, dags. 20. febrúar 2013, var fallið frá saksókn gegn B, með heimild í d-lið 3. mgr. 146. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Í álitum umboðsmanns Alþingis í máli hans nr. 7126/2012 kemur fram að óvissa sé uppi í framkvæmd milli embættis landlæknis og Persónuverndar um hlutverk stofnananna samkvæmt 4. mgr. 22. gr. laga nr. 55/2009, varðandi það hvaða stjórnvaldi beri að kæra brot gegn ákvæðinu, til lögreglu. Auk þess bendir Persónuvernd á að í álitum umboðsmanns Alþingis nr. 7395/2013, er varðaði niðurfellingu ríkissaksóknara á saksókn gegn B, komi fram að ákvæði d.-liðar 3. mgr. 46. gr. laga nr. 88/2008 setji því skorður að bætt verði úr annmörkum á málsmeðferð ríkissaksóknara með því að hann taki ákvörðun á ný í málinu. Í ljósi framangreinds telur Persónuvernd að lagaskilyrðum sé ekki fullnægt til þess að stofnunin kæri B til lögreglu vegna meðferðar hans á sjúkraskrá kvartanda.

Í þriðja lagi fellur það ekki innan valdsviðs Persónuverndar, eins og það er afmarkað í lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, að kæra hliðsett stjórnvöld til

lögreglu, í þessu tilviki landlæknisembættið, fyrir meintar ávirðingar í störfum þess.

1.3.

*Skilyrði til þess að taka ákvörðun Persónuverndar
í máli nr. 2012/193 til meðferðar á nýjan leik*

Um endurupptöku mála er fjallað í 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Samkvæmt henni má, að beiðni málsaðila, endurupptaka mál ef :

1. ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða
2. íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

Ákvörðun Persónuverndar í máli nr. 2012/193 byggðist ekki á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik né hafa atvik, sem íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggt á, breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Er því hvorugu ofangreindra skilyrða 24. gr. stjórnsýslulaga fullnægt í máli þessu. Í athugasemdum við 24. gr. í því frumvarpi, sem varð að stjórnsýslulögum, kemur fram að stjórnvald geti í fleiri tilvikum endurupptekið mál, s.s. ef ákvörðun hefur verið tekin á ófullnægjandi lagagrundvelli eða ef ekki hefur verið gætt nægilega vel að málsmeðferðarreglum og slíkt hefur haft áhrif á efni ákvörðunar. Þá ber að líta svo á að stjórnvald hafi heimild til endurupptöku þegar umboðsmaður Alþingis hefur gefið tilmæli þess efnis, sbr. b-lið 2. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997 um umboðsmann Alþingis.

Með álitinu sínu frá 5. maí 2014, sbr. mál nr. 7126/2012, beindi umboðsmaður Alþingis ekki þeim tilmælum til Persónuverndar að endurupptaka mál kvartanda nr. 2012/193. Umboðsmaður beindi því hins vegar til stofnunarinnar að taka afstöðu til þess hvort skilyrðum laga væri fullnægt til að stjórnin leysti úr því ágreiningsmáli sem kvartandi bar upp við stofnunina, á grundvelli 2. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000, kæmi fram beiðni þess efnis frá kvartanda.

Þótt skilyrðum 24. gr. stjórnsýslulaga sé ekki fullnægt hafa stjórnvöld heimild til þess að taka mál upp á nýjan leik á grundvelli óskráðra meginreglna stjórnsýsluréttar. Við mat á því, í ólögfestum tilvikum, hvort taka eigi mál upp á nýjan leik er eðlilegt að gera kröfu um að slík beiðni byggji á brýnum, málefnalegum ástæðum, s.s. ef fyrir liggur að niðurstaða stjórnvalds hafi verið efnislega röng eða að ekki hafi verið tekin afstaða til tiltekins álitaefnis. Það að ákvörðun Persónuverndar, dags. 30. maí 2012, sé beint að HSA sem ábyrgðaraðila sjúkraskráa á heilbrigðisstofnuninni samkvæmt lögum nr. 55/2009 en ekki B, lækni, hefur ekki áhrif á efnislega niðurstöðu málsins. Slík nálgun er einnig í samræmi við álit 29. gr. starfshópsins um hugtökin ábyrgðaraðila og vinnsluadila en þar kemur fram að almennt beri að leitast við því að beina eftirliti að lögaðilum frekar en að einstökum starfsmönnum lögaðila. HSA tók undir málstað B með bréfi sínu, dags. 4. október 2011, og taldi uppfléttingar hans í sjúkraskrá kvartanda ekki óeðlilegar. Þrátt fyrir að með ákvörðun Persónuverndar frá 30. maí 2012, í máli nr. 2012/193 hafi beinst að HSA sem ábyrgðaraðila en ekki B var engu að síður komist að efnislegri niðurstöðu um að uppfléttingar hans í sjúkraskrá kvartanda hefðu verið ólögmetar og samrýmdust ekki ákvæðum laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Í ljósi þess sem að framan er rakið telur Persónuvernd að kvartandi hafi ekki nægilega brýna og lögmæta hagsmuni af því að mál nr. 2012/193 um kvörtun vegna vinnslu persónuupplýsinga um hann verði tekið upp á nýjan leik hjá stofnuninni.

Ákvörðunarrorð:

Synjað er um að taka mál A nr. 2012/193 til meðferðar á nýjan leik.

3.2.25. Miðlun Landspítala til landlæknis vegna rannsóknar á læknamistökum – mál nr. 2014/564

Persónuvernd úrskurðaði þann 27. september 2014 um að miðlun Landspítala til landlæknis á upplýsingum um einstakling vegna rannsóknar hans á tilteknum lækniáðgerðum hafi ekki farið í

bága við persónuverndarlög.

Úrskurðurinn er svohljóðandi:

I.

Málavextir og bréfaskipti

1.

Persónuvernd hefur borist kvörtun frá A (hér eftir nefnd „kvartandi“), dags. 24. mars 2014, vegna Landspítalans, B [...], C [...] og D [...]. Í kvörtun er vísað til málshöfðunar kvartanda á hendur C, sem og E skurðlækni, vegna aðgerða þeirra á henni í september 2011 þar sem hún álitur mistök hafa verið gerð sem valdið hafi henni heilsutjóni, en mistökin hafi falist í því [...]. Þá er tekið fram að af þessu tilefni hafi umræddur yfirlæknir ritað greinargerð um umræddar aðgerðir, dags. [...], þar sem sjúkrasaga kvartanda sé rakin langt aftur, [...]. Þessi greinargerð hafi verið send aðstoðarlækningaforstjóra Landspítala, en hann hafi sent hana ríkislögmanni með bréfi, dags. 21. júní 2013, og síðar Embætti landlæknis með bréfi, dags. 27. febrúar 2014. Með þessu bréfi hafi meðal annars fylgt þrjú læknafréttir varðandi kvartanda, dags. [...], en í þeim er fjallað um [...]. Telur kvartandi fyrrnefnda greinargerð og læknafréttir hafa að geyma frekari upplýsingar um heilsufar hennar en nauðsynlegar eru í þágu málsins og óskar úrlausnar Persónuverndar um það álitaefni hvort miðlun þessara gagna hafi verið heimil. Þá gerir hún athugasemdir við að læknafréttunum hafi verið miðlað án samráðs við hana, samþykkis hennar eða vitundar.

Fyrir liggur að með áðurnefndu bréfi Landspítala til Landlæknisembættisins, dags. 27. febrúar 2014, var svarað bréfi embættisins til spítalans, dags. 11. s.m., en það er meðal fylgigagna með áðurnefndri kvörtun. Í þessu bréfi Embættis landlæknis vísar það til erindis, dags. 29. janúar 2014, sem því hafði borist frá lögmanni kvartanda þar sem óskað er rannsóknar embættisins á umræddum aðgerðum, en í því sambandi vísar lögmaðurinn til skyldu þess samkvæmt 10. gr. laga nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu til að rannsaka óvænt atvik við veitingu heilbrigðisþjónustu. Þá óskar embættið eftir greinargerð Landspítalans, sem og afrita gagna sem kunni að hafa þýðingu við meðferð málsins. Í bréfinu er umfjöllunarefni þess afmarkað með tilvitnun í tiltekna efnisgrein í erindi lögmannsins, dags. 29. janúar 2014, þess efnis að gerð hafi verið mistök þegar [...].

Í símtali starfsmanns Persónuverndar við kvartanda hinn 8. apríl 2014 kom fram að við úrlausn um hvaða upplýsingar hefðu vægi í dómsmálum varðandi afleiðingar læknamistaka gæti reynt mjög á lækniþjónu, þ.e. hvort tiltekið heilsufarsástand væri afleiðing mistakanna. Stofnunin liti svo á að almennt þyrftu dómstólar að afmarka hvaða gögn hefðu þýðingu í því sambandi, en það gæti skipt máli í tengslum við umfjöllun Persónuverndar um miðlun upplýsinga frá Landspítalanum til ríkislögmanns af tilefni málshöfðunar. Nokkru síðar, þ.e. í símtali starfsmanns Persónuverndar og kvartanda hinn 26. maí 2014, kom fram af hálfu hennar að kvörtunin afmarkaðist við miðlun til landlæknis. Í samræmi við það afmarkast umfjöllun Persónuverndar við þá miðlun og mótast lýsing á bréfaskiptum hér á eftir af þeirri afmörkun.

2.

Með bréfi Persónuverndar, dags. 14. apríl 2014, var Landspítala og framangreindum yfirlækni veitt færi á að tjá sig um umrædda kvörtun. Svarað var með bréfi Landspítala, dags. 6. maí 2014. Þar segir varðandi fyrrnefnt bréf spítalans til Landlæknisembættisins, dags. 27. febrúar 2014:

„Landspítala barst beiðni dags. 11. febrúar 2014 frá embættinu þar sem óskað var eftir greinargerð spítalans vegna fyrirliggjandi kvörtunar um meinta vanrækslu og mistök við veitingu heilbrigðisþjónustu. Jafnframt var óskað allra gagna sem kunnu að tengjast efni kvörtunarinnar og gætu haft þýðingu við meðferð málsins. Kvartandi sjálfur leitaði til landlæknis með mál sitt á grundvelli 12. gr. laga um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007. Eins og rakið er hér að ofan er nauðsynlegt að skoða alla sjúkrasögu sjúklings þegar sjúkdómur eða sjúkdómseinkenni eru metin þar sem vandamálin eru sjaldnast einangruð. Sjúkdómsferli sjúklings er þar af leiðandi metið í

heild. Landlækni voru send öll þau gögn sem starfsmenn spítalans töldu að kynnu að tengjast efni kvörtunar og hafa þýðingu við úrlausn málsins eins og óskað var eftir af hálfu embættisins. Er afar mikilvægt að landlæknir fái öll þau gögn er máli geta skipt þar sem hann kemst að sjálfstæðri niðurstöðu um hvort vanræksla eða mistök hafi átt sér stað við veitingu heilbrigðisþjónustu. Af þeim sökum á landlæknir samkvæmt 16. gr. laga um sjúkraskrár nr. 55/2009 sama rétt til aðgangs að sjúkraskrá og sjúklingur sjálfur þegar hann hefur til umfjöllunar kvörtun eða kæru hans. Landspítalinn telur því að starfsmenn spítalans hafi ekki farið út fyrir heimildir sínar samkvæmt persónuverndarlögum, lögum um sjúkraskrár eða öðrum lögum þegar gögnin voru afhent.“

Einnig segir meðal annars í bréfi Landspítalans að sjúkdómsferli kvartanda hafi verið metið í heild og hafi þá ekkert verið undanskilið, en [...] í tilviki eins og því sem hér um ræðir. Þá þurfi alltaf að skoða [...]. Við mat á því hvort mistök hafi átt sér stað á spítalanum þurfi að kanna framangreint, þ.e. til að komast að því hvort starfsmenn Landspítala hafi gert mistök við (a) mat á nauðsyn aðgerðar og (b) framkvæmd aðgerðar.

3.

Hinn 12. maí 2014 var kvartanda greint frá framangreindu svári í símtali við starfsmann Persónuverndar. Var henni senti svarið í tölvupósti samdægurs og veitt færi á athugasemdum. Þær bárust fyrir hennar hönd með bréfi X hrl., dags. 14. maí 2014. Kemur þar fram sú afstaða að þær upplýsingar um kvartanda, sem Landspítalinn miðlaði, séu málinu með öllu óviðkomandi.

4.

Með bréfi, dags. 4. september 2014, óskaði Persónuvernd umsagnar Embættis landlæknis. Nánar tiltekið segir í bréfinu:

„Í bréfaskiptum vegna kvörtunarinnar hefur komið fram af hálfu Landspítalans að allar þær heilsufarsupplýsingar, sem fram koma í gögnum sem send voru Landlæknisembættinu, hafi vægi vegna rannsóknar þess, þ.e. við mat á því hvort starfsmenn Landspítala hafi gert mistök við mat á nauðsyn aðgerða og framkvæmd þeirra. Af hálfu kvartanda hefur hins vegar komið fram að þar sem rannsóknin beinist að afmörkuðum atvikum, þ.e. umræddum aðgerðum í september 2011, séu upplýsingar um [...] málinu óviðkomandi.

Þegar litið er til þess að kvörtun varðar mál sem er til meðferðar hjá Landlæknisembættinu þykir rétt að veita því færi á umsögn áður en Persónuvernd tekur afstöðu til kvörtunarinnar, nánar tiltekið um það hvort allra þeirra heilsufarsupplýsinga, sem Landspítalinn sendi vegna umræddrar rannsóknar, sé þörf í þágu hennar eða hvort einhverjar þeirra séu umfram það sem nauðsyn krefur.“

Embætti landlæknis svaraði með bréfi, dags. 19. ágúst 2014. Þar segir meðal annars að umkvörtunarefni kvartanda til embættisins lúti í stuttu máli að [...]verkjum sem eigi sér langa sögu. Allar aðgengilegar upplýsingar um fyrri heilsufars sögu séu forsenda þess að gefið verði álit um málið á grundvelli bestu þekkingar og reynslu. Því sé ljóst að landlæknir geti ekki gefið fullnægjandi álit í málinu án þessu að upplýsingar liggi fyrir um sjúkrasögu, þ. á m. [...]. Slíkar upplýsingar leggi grunn að læknisfræðilegu mati og því sé ekki um meiri upplýsingar að ræða en nauðsynlegar séu til að komast að niðurstöðu í rannsókn málsins.

5.

Með bréfi, dags. 4. september 2014, var kvartanda veitt færi á að tjá sig um framangreint bréf Embættis landlæknis til Persónuverndar. Svarað var með tölvubréfi hinn 15. s.m. Þar segir meðal annars að umfjöllunarefni kvartanda til landlæknis hafi ekki verið [...], eins og segir í bréfi Embættis landlæknis, heldur umræddar læknisaðgerðir. Því hafi meðal annars upplýsingar um [...], verið málinu óviðkomandi. Þá vísar kvartandi til þess að samkvæmt bréfi lögmanns hennar til Embættis landlæknis, dags. 29. janúar 2014, var umkvörtunarefni til embættisins lýst svo að

mistök hefðu verið gerð í umræddum aðgerðum sem hafi verið bein afleiðing gerða viðkomandi lækni og þegar svo háttar til sé sönnunarbyrðin á Landspítalanum um að óhappatilvik hafi verið á ferð.

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við það ákvæði í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að umrædd miðlun persónuupplýsinga um kvartanda frá Landspítalanum til Landlæknisembættisins fól í sér vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

2.

Svo að vinna megi með persónuupplýsingar verður ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000. Sé um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar þarf að auki að vera fullnægt einhverju viðbótarskilyrðanna fyrir vinnslu slíkra upplýsinga sem mælt er fyrir um í 9. gr. sömu laga. Upplýsingar um heilsuhagi eru viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laganna.

Samkvæmt 6. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 er vinnsla persónuupplýsinga heimil sé hún nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem sá fer með sem upplýsingum er miðlað til. Þá kemur fram í 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna að heimilt sé að vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja. Eins og fram kemur í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð með því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, er ekki nauðsynlegt að mál sé lagt fyrir dómstóla til að ákvæðið eigi við heldur nægir að vinnsla sé nauðsynleg til að styðja kröfu fullnægjandi rökum.

Við mat á heimildum til vinnslu samkvæmt framangreindu ber að líta til ákvæða í öðrum lögum eftir því sem við á. Eins og hér háttar til eru það einkum ákvæði í heilbrigðislöggjöf, sbr. meðal annars 12. gr. laga nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu þar sem mælt fyrir um það hlutverk landlækni að skera úr um kvartanir yfir veitingu heilbrigðisþjónustu. Samkvæmt 16. gr. laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár á hann rétt til aðgangs að sjúkraskrá viðkomandi sjúklings við meðferð slíkra mála með sama hætti og sjúklingur sjálfur. Þá er í 10. gr. laga nr. 41/2007 mælt fyrir um skyldu landlækni til að rannsaka óvænt atvik í heilbrigðisþjónustu sem valdið hafa eða hefðu getað valdið sjúklingi alvarlegu tjóni, en tekið er fram í 2. mgr. ákvæðisins að veita skuli landlækni þær upplýsingar og gögn sem hann telur nauðsynleg við rannsókn málsins.

Telja má ljóst að Landspítali hafi mátt miðla heilsufarsupplýsingum um kvartanda til Embættis landlækni með stoð í framangreindum ákvæðum laga nr. 77/2000, sbr. og fyrrgreind ákvæði í heilbrigðislöggjöf, í tengslum við rannsókn þess á umræddum lækniáðgerðum. Við þá miðlun bar hins vegar að gæta að grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laganna, þ. á m. um að persónuupplýsingar skuli unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmatum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); og að þær skuli vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.).

Við mat á því hvort farið hafi verið að framangreindum kröfum ber meðal annars að líta til þess

hvernig Embætti landlæknis afmarkaði umfjöllunarefni sitt í bréfi til Landspítala, dags. 11. febrúar 2014, þ.e. með tilvitnun í tiltekna efnisgrein í erindi frá lögmanni kvartanda til embættisins, þess efnis að gerð hafi verið mistök þegar [...] við lækniáðgerðir á kvartanda. Samkvæmt því sem fram kemur í skýringum Landspítalans þarf meðal annars að kanna hvort rétt hafi verið staðið að mati á nauðsyn áðgerðar þegar kannað er hvort mistök hafi verið gerð, en þær upplýsingar um heilsuhagi kvartanda, sem hér um ræðir, telur spítalinn hafa skipt máli í því sambandi. Þessi afstaða Landspítalans byggist á lækni-fræðilegu mati sem Persónuvernd hefur ekki forsendur til að endurskoða eins og hér háttar til. Telur stofnunin því ekki fram komið að umræddar upplýsingar hafi skort slíka tengingu við framangreint umfjöllunarefni Embættis landlæknis að brotið hafi verið gegn fyrrgreindum ákvæðum 7. gr. laga nr. 77/2000 við miðlun þeirra til embættisins.

Í kvörtun er gerð athugasemd við að læknafrétt með heilsufarsupplýsingum um kvartanda hafi verið send Embætti landlæknis án samráðs við hana, samþykkis hennar eða vitundar. Á meðal heimildanna til vinnslu persónuupplýsinga er að samþykkis hins skráða sé aflað, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Eins og fyrr er rakið telst umrædd miðlun hafa verið heimil á grundvelli annarra ákvæða í 8. og 9. gr., en þau ákvæði áskilja ekki samþykki. Óháð því hvílir hins vegar fræðsluskylda á þeim sem ábyrgð bera á vinnslu persónuupplýsinga. Þegar slíkum upplýsingum er miðlað frá einum aðila til annars hvílir sú fræðsluskylda á viðtakanda upplýsinganna eins og fram kemur í 21. gr. laga nr. 77/2000 en ekki sendanda þeirra. Reynir því hér ekki á hvort á Landspítalanum hafi hvílt fræðsluskylda gagnvart kvartanda samkvæmt lögum nr. 77/2000. Á slíka skyldu gat hins vegar reynt hvað Embætti landlæknis sem viðtakanda upplýsinga varðaði. Þar sem kvörtun beinist ekki að embættinu er ekki tekin afstaða hér til álitaefna í því sambandi.

Þegar litið er til framangreinds telur Persónuvernd ekki fram komið að farið hafi verið í bága við lög nr. 77/2000 við umrædda miðlun.

Úrskurðarorð:

Miðlun Landspítala til Embættis landlæknis á upplýsingum um A vegna rannsóknar þess á tilteknum lækniáðgerðum fór ekki í bága við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

3.2.25. Beiðni um aðgang að upplýsingum hjá skiptinemasamtökum – mál nr. 2014/656

Persónuvernd úrskurðaði þann 17. september 2014 um að verklagsreglur skiptinemasamtaka um afhendingu upplýsinga samrýmist persónuverndarlögum. Þá var það niðurstaða stofnunarinnar að samtökunum bæri að veita ólöggráða einstaklingi aðgang að upplýsingum um sig, óskaði hann þess, en umræddur einstaklingur er á 18. aldursári. Einnig taldi stofnunin að veita bæri foreldrum viðkomandi einstaklings vitneskju um upplýsingar um sig.

Úrskurðurinn er svohljóðandi:

I.

Grundvöllur máls

Málavextir og bréfaskipti

1.

Tildrög máls

Þann 4. apríl 2014 barst Persónuvernd kvörtun frá A (hér eftir nefndur kvartandi), vegna vinnslu persónuupplýsinga um ólöggráða dóttur hans, B, hjá AFS skiptinemasamtökunum á Íslandi (hér eftir AFS). Í kvörtuninni segir m.a. að foreldrar B hafi fyrir hennar hönd óskað eftir því bréflega við AFS, þann 7. mars sl., að fá afrit af bréfum, tölvupóstum og samskiptaskráningum vegna námsdvalar B á Z þá um veturinn sem voru í vörslu samtakanna. Vísaði kvartandi til réttar hins skráða til að fá upplýsingar sem hann varðar sem kveðið er á um í 18. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í kvörtuninni kemur fram að AFS höfnuðu

umræddri ósk um upplýsingar á grundvelli 21. gr. þátttökusamnings sem B og foreldrar hennar hefðu undirritað og að þær upplýsingar, sem óskað hefði verið eftir, teldust trúnaðarupplýsingar samkvæmt fyrrnefndri 21. gr. samningsins og eign AFS sem ekki væru afhentar öðrum. Þá segir í kvörtuninni:

„Foreldrar B og hún sjálf geta ekki séð að 21. gr. í þátttökusamningi fyrirgeri rétti okkar að afla upplýsinga um okkur sjálf og barnið okkar skv. framangreindum lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Það má taka fram að 21. gr. í þátttökusamningi varðar heimild AFS til að afla og vinna með trúnaðarupplýsingar þátttakanda og ábyrgð samtakanna um að þær berist ekki til þriðja aðila.“

2.

Bréfaskipti

Með bréfi, dags. 26. maí sl., var AFS tilkynnt um kvörtunina og boðið að koma á framfæri skýringum vegna kvörtunarinnar til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993. Var svarfrestur veittur til 10. júní 2014. Með tölvupósti þann 4. júní 2014 óskaði framkvæmdastjóri AFS eftir frekari fresti til að svara. Var svarfrestur því framlengdur til 1. júlí s.á.

Svarbréf AFS, dags. 26. júní 2014, barst Persónuvernd sama dag. Hvað varðar rétt foreldra hinnar skráðu til að fá vitneskju um tilteknar upplýsingar, samkvæmt 18. gr. laga nr. 77/2000, segir í bréfinu að ljóst sé að það sé ekki hin skráða, B, sem fljótlega verði lögráða, sem óskað hafi eftir umræddum upplýsingum heldur foreldrar hennar. Þá segir að með undirritun þátttökusamnings við AFS gerði B, sem þá var 16 ára gömul, samning við AFS með samþykki lögráðamanna sinna. Hafi því verið um að ræða löglegan samning ólögráða einstaklings samkvæmt lögræðislögum. Í samningnum sé enn fremur að finna sérstakt ákvæði um trúnaðarupplýsingar sem AFS telji sér skylt að virða og þá sérstaklega gagnvart viðkomandi skiptinema, þó hann sé ólögráða, þar sem hann geti haft sjálfstæða hagsmuni af trúnaði samtakanna.

Um mikilvægi trúnaðar við þá skiptinema sem ganga í samningssamband við AFS segir að mikilvægt sé að 16-18 ára skiptinemar geti átt hreinskiptar umræður í trúnaði við starfsmenn AFS á hverjum tíma um skiptinemadvöl sína, heimilisaðstæður heima sem og erlendis ásamt persónulegri reynslu sinni þegar reynt er að leysa þau mál sem komið geta upp meðan á skiptinemadvöl stendur, án þess að eiga það á hættu að sömu starfsmenn þurfi að upplýsa aðra um þessi samtöl, þ.m.t. foreldra barns. Það sama eigi við um samtöl starfsmanna við foreldra skiptinema.

Þá benda samtökin á að gögn um samskipti á milli systursamtaka AFS erlendis er ekki hægt að afhenda án sérstaks samþykkis þeirra, enda geta samskipti um tiltekin málefni varðað fleiri en viðkomandi einstakling, s.s. sjálfboðaliða samtakanna og aðra þátttakendur, t.a.m. aðra skiptinema. Eigi það við í því tilviki sem hér um ræðir.

Um takmörkun á aðgangi að vinnugögnum starfsmanna AFS segir:

„Með vísan til ofangreinds, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga um persónuvernd telur AFS að hagsmunir annarra svo og hins skráða sjálfs, eigi að takmarka upplýsingarétt hans skv. 18. gr. sömu laga.

Til að auðvelda sér yfirsýn og eftirfylgni við þau mál sem verið er að vinna að á hverjum tíma, getur það gerst að starfsmenn punkti hjá sér efni samtala við foreldra, skiptinema, fósturforeldra, aðra starfsmenn og erlend systursamtök. Um slíkt hafa hingað til ekki gilt aðrar verklagsreglur en þær, að um er að ræða vinnugögn viðkomandi starfsmanns og hafa þau enga aðra þýðingu en að vera ófullkomnir punktar starfsmanna samtakanna. Mun erfiðara væri fyrir starfsmenn AFS að vinna að lausn einstakra mála, ef þeir gætu ekki punktað hjá sér slík atriði, eftir því sem þeir telja auðvelda sér vinnuna á hverjum tíma.

Með vísan til 3. mgr. 19. gr. upplýsingalaga telur AFS að réttur hins skráða skv. 18. gr. takmarkist

í þessu tilviki sem hér um ræðir af því að um er að ræða vinnuskjöl. Ítrekað skal, sbr. svarbréf AFS á Íslandi, dags. 3. apríl 2014 til lögráðamanna B, að snemmbúin heimkoma hennar var eingöngu að hennar eigin ósk.

Ekkert athugasvert er við verkferla AFS í málefnum B og voru þeir í samræmi við þær reglur sem AFS starfar eftir í sambærilegum málum. B fékk stuðning frá AFS í erfiðleikum sínum, reynt var að telja hana af því að snúa heim og henni gefin tímamörk til að hugsa málið til hlítar. Tíð samskipti voru við foreldra B allan tímann meðan á þessu ferli stóð og þeim reglulega tilkynnt um samskipti milli AFS á Z og Íslandi.

Umfram það sem þegar hefur verið rakið hér að ofan um tilurð snemmbúinnar heimkomu B og með vísan til alls ofangreinds telur stjórn AFS á Íslandi sér hvorki ástæðu né tilefni til að afhenda frekari gögn er málið varðar.“

Með bréfi, dags. 11. júlí 2014, var kvartanda boðið að koma á framfæri athugasemdum sínum við framkomnar skýringar AFS til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Var svarfestur veittur til 28. s.m. Með tölvupósti þann 28. júlí 2014 óskaði kvartandi eftir fresti til 6. ágúst s.á. til að svara bréfi Persónuverndar.

Í svarbréfi kvartanda, dags. 5. ágúst 2014, kemur m.a. fram að hann telji ekki rétt að foreldrar B hafi, með undirritun sinni, á viðkomandi þátttökusamningi afsalað hlutverki sínu sem lögráðamenn hennar enda hafi hún verið 16 ára gömul þegar samningurinn var undirritaður og sé enn ólögráða einstaklingur. Engu skipti þótt hún verði fljótlega lögráða heldur sé það hlutverk forráðamanna hennar að gæta lögvarinna hagsmuna hennar þegar á henni er brotið eins og rakið er í atburðalýsingu sem fylgdi erindi kvartanda til Persónuverndar. Til að leiða hið rétta fram í máli þessu telji kvartandi nauðsynlegt að fá umrædd gögn afhent í þeim tilgangi að leggja þau fram til stuðnings málstað sínum fyrir dómstólum.

Þá segir í svarbréfi kvartanda að umbeðin gögn varði ekki aðra en dóttur kvartanda og eigi því takmörkun 2. mgr. 19. gr. ekki við líkt og AFS vilji halda fram. Óskað sé eftir skráðum samskiptum B og foreldra hennar við AFS sem og tölvupóstsamskiptum og bréfum sem hana varðar. Þá bendir kvartandi á að viðkomandi þátttökusamningur gangi ekki framur landslögum. Samkvæmt lögum nr. 77/2000 eigi kvartandi, sem lögráðamenn fyrir hönd B, rétt á að fá umbeðnar upplýsingar samkvæmt 18. gr. laganna. Þær takmarkanir sem taldar séu upp í 19. gr. sömu laga eigi ekki við og ekki sé hægt að sjá að 21. gr. þátttökusamningsins hafi fyrirgert rétti kvartanda til að afla upplýsinga um þau sjálf og barn þeirra samkvæmt framangreindum lögum.

II.

Forsendur og niðurstæða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000

Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Af framangreindu er ljóst að afhending persónuupplýsinga um kvartanda og ólögráða dóttur hans fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000.

Af málsatvikum verður ekki annað ráðið en að ekki sé deilt um lögmæti vinnslunnar, heldur

eingöngu um það hvort AFS sé heimilt að afhenda foreldrum B tiltekna upplýsingar sem varði bæði þau og hana. Afmarkast því úrlausn þessa máls við það álitamál. Samkvæmt gögnum málsins hafa foreldrar B óskað eftir aðgangi að gögnum í þremur liðum: 1. Skráðum samskiptum foreldra B við AFS á Íslandi, 2. Öllum samskiptaskráningum, bréfum og tölvupóstum milli AFS á Íslandi og AFS á Z hvað varðar B, 3. Öllum samskiptaskráningum, bréfum og tölvupóstum sem AFS á Íslandi og/eða Z hefur átt beint við B.

Þá afmarkast úrlausnarefni þetta við vinnslu persónuupplýsinga hjá AFS á Íslandi en samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 77/2000 gilda löggin eingöngu um vinnslu persónuupplýsinga á vegum ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu hér á landi.

2.

Um upplýsingarétt hins skráða að því er varðar þau gögn sem eru hjá AFS á Íslandi fer samkvæmt 18. og 19. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 77/2000 á hinn skráði rétt á að fá frá ábyrgðaraðila *vitneskju* um eftirtalin atriði:

1. hvaða upplýsingar um hann er eða hefur verið unnið með,
2. tilgang vinnslunnar,
3. hver fær, hefur fengið eða mun fá upplýsingar um hann,
4. hvaðan upplýsingarnar koma,
5. hvaða öryggisráðstafanir eru viðhafðar við vinnslu, enda skerði það ekki öryggi vinnslunnar.

Við túlkun 18. gr laga nr. 77/2000 ber að hafa í huga að með ákvæðinu var innleitt í íslenskan rétt sambærlegt ákvæði við það sem er í a.-lið 12. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB um rétt hins skráða til aðgangs að upplýsingum um sig sjálfan. Í formálsorðum tilskipunarinnar, sbr. 41. gr. þeirra, er þessi réttur skýrður nánar. Þar segir m.a.: „hver og einn skal hafa rétt til aðgangs að upplýsingum um sjálfan sig sem eru í vinnslu, einkum til að sannreyna áreiðanleika upplýsinganna og lögmæti vinnslunnar.“ Af þessu má ráða að markmiðið með ákvæði 18. gr. laga nr. 77/2000 er fyrst og fremst að búa hinum skráða úrræði að lögum til að geta sjálfur sannreynt að unnið sé með réttar upplýsingar um hann og að vinnslan sé í samræmi við lög og reglur um vandaða vinnsluhætti, en ekki að takmarka réttmæta leynd, s.s. á viðskiptaupplýsingum.

Framangreindur upplýsingaréttur, sem áskilinn er í 18. gr., er persónubundinn og tekur eingöngu til upplýsinga um hinn skráða sjálfan. Aðrir en hann sjálfur geta ekki farið með hans rétt nema hafa til þess skýrt umboð. Forsjáradilar þeirra sem eru ólöggráða fara þó með lögformlegt fyrirvar barns, þ. á m. beitingu upplýsingaréttar. Samkvæmt 6. mgr. 28. gr. barnalaga nr. 76/2003 skulu foreldrar hafa samráð við barn sitt áður en málefnum þess er ráðið til lykta eftir því sem aldur og þroski barnsins gefur tilefni til. Það á m.a. við í málum sem varða beitingu þessa réttar og skal afstaða barns fá aukið vægi eftir því sem það eldist og þroskast. Það er því ekki afdráttarlaust skilyrði að hinn skráði sé orðinn lögráða til að hann geti farið með sinn upplýsingarétt. Börn og unglingar geta farið með hann hafi þau til þess nægan þroska eða hafi vísa aðstoð í þessum efnum.

Í því máli sem hér er til skoðunar er um að ræða einstakling á átjándi aldursári. Það er því ljóst að afstaða hennar til afhendingarinnar getur haft mikið vægi en hún hefur ekki komið fram við rekstur málsins.

Þá er í 19. gr. laganna er mælt fyrir um takmarkanir á upplýsingarétti hins skráða samkvæmt framangreindu ákvæði. Í 2. mgr. 19. gr. kemur fram að ákvæði 18. gr. eigi ekki við þyki réttur hins skráða eiga að víkja að nokkru eða öllu fyrir hagsmunum annarra eða hans eigin. Þá segir í 3. mgr. ákvæðisins að réttur hins skráða til að fá vitneskju samkvæmt ákvæðum 18. gr. nái ekki til upplýsinga sem eru undanþegnar aðgangi samkvæmt upplýsinga- eða stjórnsýslulögum. Af því leiðir m.a. að þegar um er að ræða gögn í vörslu annarra ábyrgðaraðila en stjórnvalda nær upplýsingaréttur hins skráða t.d. ekki til gagna sem lúta takmökun skv. 17. gr. stjórnsýslulaga, en

þar er fjallað um þau tilvik þegar heimilt er að takmarka aðgang aðila máls að gögnum ef hagsmunir hans af því að notfæra sér vitneskju úr þeim þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum. Upplýsingaréttur hins skráða er þannig ekki skilyrðislaus ef lögmætir og málefnalegir hagsmunir annarra þykja veða þyngra en hagsmunir hans. Enn fremur segir í 4. mgr. að þótt gögn séu undanþegin upplýsingarétti hins skráða skv. 3. mgr. geti hann óskað greinargerðar um efnislegt innihald þeirra, útdráttar eða annars konar samantektar nema hann geti kynnt sér staðreyndir málsins með öðrum hætti.

AFS á Íslandi hefur haldið því fram að ekki sé hægt að afhenda umbeðin gögn, m.a. vegna hagsmuna hinnar skráðu sjálfar og annarra. Fyrir liggur að afstaða hennar til veitingar aðgangs hefur ekki verið könnuð. Þá er ljóst að unnt er að vernda hagsmuni þeirra sem fjallað er um í gögnunum, s.s. sjálfboðaliða og aðra skiptinema, með því að fjarlægja nöfn þeirra og aðrar persónugreinanlegar upplýsingar. Að því gættu að það verði gert telur Persónuvernd að unnt sé að verða við beiðni frá B sjálfri, um aðgang að umræddum gögnum. Í ljósi fyrrgreindra sjónarmiða úr barnarétti telur Persónuvernd hins vegar verklagsreglur AFS, hvað varðar takmörkun á aðgangi foreldra, samrýmast lögum nr. 77/2000.

Einnig hefur AFS á Íslandi haldið því fram að í einhverjum tilvikum sé um að ræða vinnugögn samtakanna, þ.e. starfsmenn punkti hjá sér ýmislegt í samskiptum sínum við foreldra, skiptinema og systursamtök erlendis, sem eingöngu sé ætlað til innanhússnota. Persónuvernd felst á að samskiptaskráningar AFS á Íslandi geti falið í sér vinnugögn, en önnur gögn, s.s. bréf og tölvupóstar, sem farið hafa út úr húsi, geti ekki talist til slíkra gagna. Þá telur Persónuvernd að AFS á Íslandi beri að veita hinni skráðu, og eftir atvikum lögráðamönnum hennar, greinargerð um efnislegt innihald vinnugagnanna, sbr. 4. mgr. 19. gr. laga nr. 77/2000, berist um það sérstök ósk.

Með vísan til þess sem að framan greinir telur Persónuvernd að þær verklagsreglur sem AFS á Íslandi hefur vísað til samræmist persónuverndarlögum, þ.e. að foreldrum B séu ekki afhent gögn er hana varði nema að fyrir liggja skýr vilji hennar sjálfar, að teknu tilliti til grundvallarsjónarmiða í barnarétti. Þá telur Persónuvernd að AFS á Íslandi beri að veita foreldrunum B upplýsingar um þau gögn sem varða þau sjálf, og teljast ekki til vinnugagna.

Úrskurðarorð:

Verklagsreglur AFS á Íslandi eru í samræmi við ákvæði laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í því felst m.a. [að] hægt er að veita B aðgang að umbeðnum upplýsingum, óski hún þess. Þá ber AFS á Íslandi að veita foreldrum B upplýsingar um skráð samskipti þeirra við AFS á Íslandi, að undanskildum þeim gögnum sem teljast til vinnugagna. Hvað vinnugögn varðar skal AFS á Íslandi veita B og/eða foreldrum B skriflega greinargerð um efnislegt innihald vinnugagna.

3.2.26. Miðlun persónuupplýsinga úr eineltisskýrslu – mál nr. 2014/511

Persónuvernd tók þann 17. september 2014 ákvörðun um að miðlun persónuupplýsinga um tiltekna einstaklinga frá móður stúlku, sem varð fyrir einelti af hálfu kennara, til annarra starfsmanna skólans, hafi ekki farið í bága við persónuverndarlög.

Úrskurðurinn er svohljóðandi:

I.

Grundvöllur máls

Málavextir og bréfaskipti

1.

Tildrög máls

Þann 14. mars 2014 barst Persónuvernd kvörtun frá A, B, C og D vegna miðlunar skýrslu til þriðju aðila, sem innihélt vitnisburð kvartenda, í tilefni af rannsókn eineltismáls á vinnustað þeirra. Í kvörtuninni kemur m.a. fram að hún beinist að X, móður nemandar sem kærði tiltekinn kennara fyrir einelti á vinnustað kvartenda. Óháður aðili hefði verið fenginn til að gera skýrslu um málið sem Xáframsendi með tölvupósti á valda samstarfsfélagi kvartenda, til að upplýsa þá um stöðu málsins. Telja kvartendur að X hafi verið bundin trúnaði um efni skýrslunnar og að þeir hefðu átt rétt á því að trúnaður ríkti um nöfn og efni vitnisburðar þeirra. Þá tóku kvartendur fram að yrðu efni og vitnisburður starfsmanna í slíkum viðkvæmum málum gerð opinber gæti slíkt haft þær afleiðingar að starfsmenn veigruðu sér við að veita slíkan vitnisburð.

2.

Bréfaskipti

Með tölvupósti þann 4. apríl 2014 staðfesti Persónuvernd móttöku kvörtunarinnar og óskaði staðfestingar þess efnis, að hún lyti einungis að miðlun X á umræddri skýrslu en ekki að efnislegu innihaldi skýrslunnar. Í tölvupósti frá A kom fram að kvörtunin beindist í fyrsta lagi að því að Z, sálfræðingur, sem vann umrædda skýrslu hefði upplýst kvartendur um að trúnaðar yrði gætt um vitnisburð kvartenda og enginn óháður aðili fengi þær í hendur. Í öðru lagi beindist kvörtunin að X sem hefði brotið trúnað við kvartendur með því að áframsenda skýrsluna til þriðju aðila, sem tengdust ekki málinu, án samþykkis eða vitundar kvartenda, en með því hefði hún vegið að kvartendum sem persónum og fagmönnum. Þá kom fram í svarbréfi A að kvartendur væru bundnir trúnaði og gætu því ekki svarað fyrir vitnisburð sinn né komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Með því væru þeir settir í þá stöðu að þurfa að sætta sig við það umtal, viðhorf og áreiti sem af þessu kynni að verða.

Með bréfi, dags. 10. júní 2014, var X tilkynnt um kvörtunina og boðið að koma á framfæri andmælum sínum til samræmis við 13. og 14. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Í svarbréfi Æ, hdl., fyrir hönd hennar, dags. 24. júní 2014, var tilurð málsins rakin til þess að Z, sálfræðingur, skilaði af sér álitserð um málið. Þá sagði jafnframt í bréfinu að Z hefði tekið viðtöl við kvartendur B, C og D. Ekki hafi verið tekið viðtal við A en nafn hans komi þá fyrir á nokkrum stöðum í álitserðinni, m.a. þar sem hann hefði setið fundi vegna málsins vegna stöðu sinnar sem trúnaðarmaður kennara. Þá bendir X á að fram komi í álitserðinni að fullorðnir viðmælendur hefðu farið yfir sinn hluta og staðfest að rétt væri haft eftir þeim. Þá kemur fram að skólastjóri [...]skóla [...] hafi afhent X eintak af álitserðinni, en það sé skólinn sem sé ábyrgðaraðili vinnslunnar samkvæmt lögum nr. 77/2000. Eintakið hafi ekki verið merkt sérstaklega sem trúnaðarskjal og X hafi ekki verið gerð grein fyrir því sérstaklega. Beri skólinn einn ábyrgð á því hvernig gögnin hafi verið afhent og hvaða tilmæli hafi fylgt þeirri afhendingu. Þá segir í bréfi lögmannsins að X hafi þótt mikilvægt að starfsmenn skólans hafi haft réttar upplýsingar hjá sér varðandi niðurstöðu álitserðarinnar og hafi hún talið sig í fullum rétti til að senda hana áfram.

Einnig kemur fram í svarbréfi X að hún telji að kvörtunin eigi ekki undir persónuverndarlög og því eigi málið ekki undir úrskurðarvald Persónuverndar, þar sem ekki sé um að ræða miðlun persónuupplýsinga um kvartendur í skilningi laganna. Þá segir að nöfn kvartenda komi fram í álitserðinni ásamt upplýsingum um skoðanir þeirra á tilteknum kennara og umfjöllunarefni álitserðarinnar, en þær upplýsingar telur X ekki vera persónuupplýsingar um kvartendur sjálfa. Loks kom fram að ekki væri hægt að telja X ábyrga fyrir umræddri miðlun þar sem hún teldist ekki ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinganna heldur [...]skóli [...], þar sem álitserðin hafi verið unnin að frumkvæði skólastjórans. Þá segir enn fremur að ekki væri hægt að gera þá kröfu til X að hún færi yfir álitserðina og legði mat á hvað teldust persónuupplýsingar í skilningi persónuverndarlaga og sjá til þess að þær yrðu felldar á brott eða yfirstrikaðar, þegar skólinn sjálfur taldi ekki ástæðu til að gera það áður en að álitserðin var afhent X.

Með bréfi, dags. 1. júlí 2014, var kvartendum boðið að tjá sig um svarbréf lögmanns X.

Kvartendur óskuðu eftir fresti til að koma á framfæri frekari athugasemdum og var sá frestur veittur til 15. ágúst sl. Svarbréf kvartanda A, dags. 14. ágúst sl., barst þann 19. s.m. Þar kom m.a. fram að útprentun, fjölföldun og dreifing skjals með persónuupplýsingum teljist vera vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000 og falli mál þetta því undir valdssvið Persónuverndar. Þá kom jafnframt fram að það væri hlutverk skólastjórnenda og fagaðila sem kæmu að málum innan skólakerfisins að meta hverjir færu með, og væru upplýstir um, tiltekin mál hverju sinni. X hafi sent tölvupóst með álitargerðinni á fyrirverandi starfsmann skólans, aðila sem starfaði á annarri starfsstöð en dóttir hennar væri nemandi á sem og starfsmenn sem aldrei höfðu haft afskipti af dóttur hennar í skólastarfinu. Loks kemur fram að í umræddri skýrslu sé að finna umsögn kvartanda í viðkvæmu máli sem hægt sé að rekja beint til þeirra þar sem kvartendur séu nafngreindir. Slíkar umsagnir hljóti að teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga og þeir sem veiti þær ættu að vera verndaðir gegn því að þeim sé dreift.

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000

Efnislegt gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og þar með valdsvið Persónuverndar, nær til vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr.

Af framangreindu er ljóst að í umræddri álitargerð er að finna persónuupplýsingar sem falla undir valdsvið Persónuverndar. Ekki er þar eingöngu að finna upplýsingar um kvartendur heldur einnig aðra einstaklinga. Úrlausn Persónuverndar afmarkast hins vegar við það hvort sú meðferð á upplýsingum um kvartendur, sem fólst í sendingu X á álitargerðinni, hafi samrýmst lögum nr. 77/2000.

2.

Forsendur og niðurstaða

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að fullnægja einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, og einnig 1. mgr. 9. gr. laganna ef um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða, svo hún teljist heimil. Ekki er gerð krafa um að öllum skilyrðum framangreindra ákvæða sé fullnægt heldur telst vinnsla persónuupplýsinga hafa fullnægjandi heimild ef eitthvert skilyrði þeirra tölulíða sem taldir eru upp í 8., og eftir atvikum 9. gr., er fyrir hendi. Í 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. segir að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna. Til að vinnsla geti átt sér stoð í ákvæðinu er skilyrði að grundvallarréttindi og frelsi hinna skráðu vegi ekki þyngra en slíkir hagsmunir. Eins og hér háttar til reynir einkum á sjónarmið tengd þessu ákvæði 8. gr.

Í 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 er talið upp hvaða persónuupplýsingar teljist viðkvæmar persónuupplýsingar. Fram kemur í umræddri álitargerð að viðtöl hafi verið tekin við þrjá af kvartendum, þau B, C og D. Eru kvartendur nafngreindir sem og ástæða þess hvers vegna leitað sé til þeirra um upplýsingar. Þær upplýsingar sem finna má um fyrrnefnda kvartendur eru um nöfn þeirra og stöðu ásamt kynnum þeirra af dóttur X og þeim kennara sem talinn var hafa sýnt framkomu og viðmót sem flokkaðist undir skilgreiningu og birtingarmynd eineltis. Um A kemur það eitt fram að að hann sé trúnaðarmaður kennara í skólanum og hafi sem slíkur sinnt því lögbundna hlutverki við meðferð málsins innan skólans. Teljast framangreindar upplýsingar um kvartendur ekki viðkvæmar í skilningi umrædds ákvæðis.

Auk vinnsluheimildar samkvæmt framangreindu þarf vinnsla persónuupplýsinga að samrýmast

öllum grunnkröfum 7. gr. laga nr. 77/2000, þ. á m. að persónuupplýsingar skulu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti slíkra upplýsinga (1. tölul.); að persónuupplýsingar skulu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að persónuupplýsingar skulu vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); og að þær skulu vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, en persónuupplýsingar, sem séu óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skal afmá eða leiðrétta (4. tölul.).

Í máli þessu liggur fyrir að X hafi miðlað umræddri álitserð í tölvupósti til starfsmanna [...]skóla [...]jenda hafi hvergi komið fram að um trúnaðarupplýsingar væri að ræða. Í svarbréfi X kemur jafnframt fram að hún hafi verið ósátt við það hvernig tekið hafði verið á máli dóttur hennar innan [...]skóla [...], eftir að niðurstaða álitserðarinnar lá fyrir. Taldi hún því mikilvægt að starfsmenn skólans hefðu réttar upplýsingar hjá sér um niðurstöðu álitserðarinnar. Af málsatvikalýsingu kvartenda og X er ljóst að umrædd álitserð er til komin vegna kvörtunar X og dóttur hennar til [...]skóla [...] vegna meints eineltis tiltekins starfsmanns skólans. Var X því aðili að stjórnslumáli í þeim tilgangi að gæta lögmætra hagsmuna dóttur sinnar gagnvart stjórnvöldum, í þessu tilviki [...]skóla [...]. Aðilar stjórnslumála eiga rétt á aðgangi að skjölum og öðrum gögnum er mál þeirra varða samkvæmt 15. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Á X sem málsaðila að stjórnslumáli hvílir ekki sérstök þagnarskylda en þó eru ákveðin gögn undanþegin upplýsingarétti aðila, sbr. 16. gr. stjórnslulaga, auk þess sem stjórnvaldi er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að takmarka aðgang aðila máls að gögnum ef hagsmunir hans af því að notfæra sér vitneskju úr þeim þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum. Slíkar takmarkanir höfðu ekki verið settar á efni þeirrar álitserðar sem kvörtun þessi varðar, hvorki af því stjórnvaldi sem í hlut á né þeim aðila sem útbjó álitserðina. Persónuvernd telur það vera á ábyrgð stjórnvalda, í þessu tilviki [...]skóla [...], að meta hvort, og eftir atvikum hvaða, upplýsingar geti þurft að afmá með vísan til umræddra ákvæða stjórnslulaga.

Persónuvernd hafa borist afrit af tölvupóstum þeim er X sendi starfsmönnum [...]skóla [...]. Hefur hún tekið fram að álitserðin hafi einungis verið send öðrum starfsmönnum en kvartendum í þeim tilgangi að upplýsa þá um niðurstöðu málsins. Þá liggur fyrir að viðtakendur hafa allir netfang hjá sveitarfélaginu [...], þ.e. netföngin enda á [...]. Þrátt fyrir að fram komi í svarbréfi kvartenda, frá 14. ágúst sl., að umræddur tölvupóstur hafi verið sendur á fyrrverandi starfsmann skólans má því telja að X hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla að tölvupóstur hennar bærisk eingöngu starfsmönnum skólans. Teljast viðtakendur tölvupóstsins því ekki, eins og málum er hér háttáð og óháð því hvar þeir höfðu starfsstöð sína, til óviðkomandi aðila. Í því sambandi hefur stofnunin einnig litið til þess að af hálfu kvartenda hefur komið fram að skólastjóri [...]skólans hafi sjálfur miðlað tilteknum upplýsingum um niðurstöðu málsins til annarra starfsmanna og nemenda.

Í ljósi alls sem að framan er rakið er það mat Persónuverndar, eins og hér stendur á, að umrædd sending álitserðarinnar hafi verið X heimil sem liður í að gæta lögmætra hagsmuna dóttur sinnar. Þá liggur ekki fyrir að miðlunin hafi farið í bága við 7. gr. laga nr. 77/2000.

Úrskurðarorð:

Miðlun X á persónuupplýsingum um kvartendur til annarra starfsmanna [...]skóla [...] fór ekki í bága við lög nr. 77/2000.

3.2.27. Notkun áhættumats hjá banka – mál nr. 2014/888

Persónuvernd tók þann 17. september 2014 ákvörðun um að ráðgerðar samkeyrslur hjá lánshæfisfyrirtæki og skráning niðurstaðna úr þeim hjá banka samrýmist ekki persónuverndarlögum.

Ákvörðunin er svohljóðandi:

I.
Bréfaskipti

1.

Persónuvernd barst tilkynning hinn 3. júní 2014 (nr. S6878) frá Arion-banka hf. Þar kemur fram að aflað verði svonefnds CIP-lánshæfismats frá Creditinfo-Lánstrausti hf. um alla viðskiptamenn bankans án þess að samþykkis þeirra sé aflað. Með bréfi til bankans og Creditinfo-Lánstrausts hf., dags. 6. júní 2014, óskaði Persónuvernd þess að:

1. nákvæmlega yrði sundurliðað á hvaða upplýsingum lánshæfismatið myndi byggjast; og
2. upplýst yrði hvers vegna talið væri, í ljósi þeirra upplýsinga sem lánshæfismat styðst við, að ekki þyrfti samþykki til vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við matið.

2.

Arion-banki hf. svaraði með bréfi, dags. 25. júní 2014. Þar segir meðal annars:

„Arion-banki telur ekki þörf á að afla samþykkis fyrir vinnslunni þar sem heimildir laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga („pvl.“) fyrir vinnslu persónuupplýsinga eru fyrir hendi. Nánar tiltekið byggir heimild til vinnslunnar á því að vinnslan sé nauðsynleg annars vegar til að bankinn geti fullnægt lagaskyldu sem á honum hvílir og hins vegar til að bankinn geti gætt lögmætra hagsmuna sinna, sbr. 3. og 7. tl. 1. mgr. 8. gr. pvl.“

Þá segir:

„Hvað varðar heimild á grundvelli 3. tl. 1. mgr. 8. gr. pvl. telur bankinn vinnsluna nauðsynlega m.a. til að uppfylla þau ströngu skilyrði laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki (ffl.) hvað varðar eftirlitskerfi með áhættu. Skulu þar sérstaklega nefnd lagaákvæði og reglur er varða stórar áhættur, lausafjárahættu og rekstraráhættu. Í þeim efnum vísar bankinn m.a. til tilskipunar nr. 2006/48/EB um stofnun og rekstur lánastofnana („bankatilskipunin“), sem lög um fjármálafyrirtæki byggja m.a. á. Bankinn undirbúr nú að auki notkun svokallaðrar „Internal Ratings Based Approach“ („IRB“) í mati á útlánasafni sínu. Í d-lið 2. mgr. 48. gr. bankatilskipunarinnar er kveðið á um að lánastofnanir sem noti þá aðferð þurfi að safna og geyma allar upplýsingar sem skipta máli við mat á útlánasafni sínu [...].“

Að auki segir að Fjármálaeftirlitið geri kröfu til þess að fjármálafyrirtæki búi yfir öflugum eftirlitskerfi með áhættu og framkvæmi reglulega úttektir þar sem áhætta sé könnuð. Séu kröfur til þess að aukast eins og sjá megi af nýrri bankatilskipun ESB nr. 2013/36/ESB sem nú sé verið að innleiða í íslenskan rétt. Önnur ákvæði laga og reglna feli einnig í sér skyldu fjármálafyrirtækja til að fylgjast með áhættu innan þeirra og megi þar meðal annars nefna reglur um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, sbr. reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 625/2013 um áhættuskuldbindingar, sem og reglur þess nr. 1250/2012 um viðbótareiginfjárliði fyrir fjármálafyrirtæki. Til þess að uppfylla þessar lagaskyldur sé bankanum nauðsynlegt að hafa tilteknar upplýsingar um viðskiptavinum sína. Í ljósi þess telji bankinn nauðsynlegt að afla upplýsinga frá þriðja aðila, enda komi slíkt til með að styrkja mat bankans verulega og koma þannig til móts við strangar kröfur löggjafar á fjármálaþjónustumarkaði og eftirlitsaðila.

Einnig segir:

„Jafnframt telur bankinn að vinnslan sé honum nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna sinna og að grundvallarréttindi og frelsi þeirra sem upplýsingarnar varða vegi ekki þyngra, sbr. 7. tl. 1. mgr. 8. gr. pvl. Í þessum efnum vísar bankinn til þess að í 49. mgr. 4. hluta viðauka VII (Minimum requirements for IRP Approach) við bankatilskipunina kemur jafnframt fram að því færri gögn sem mat bankans byggir á, því varfærnara þurfi matið að vera og hefur bankinn því

mikla hagsmuni af því að mat hans sé sem nákvæmast.“

Í þessu sambandi segir einnig að bankinn hafi hagsmuni af því að mat hans sé sem nákvæmast svo að áhættustýring, lánaákvæðanir og framboð á vöruúrvali til tiltekinna viðskiptavina grundvallist á réttum forsendum, en viðskiptavinir bankans hafi sjálfir ríka hagsmuni af slíku. Þá segir að grundvallarréttindi og frelsi viðskiptavina bankans ættu ekki að standa í vegi fyrir vinnslunni þar sem hann framkvæmi nú þegar lánshæfismat á viðskiptavinum sínum og sé einungis einni breytu bætt við það mat. Það verði því nákvæmara en ella, en þeim mun nákvæmara sem áhættumat sé, þeim mun betri verði áhættustýring bankans og ákvarðanataka tengd viðskiptum við viðskiptavinum hans. Með þessu eigi bankinn einnig auðveldara með að greina lánveitingar sem krefjast aukinnar athygli og hversu áhættusamar tilteknar lánveitingar séu.

Tekið er fram í bréfi Arion-banka hf. að hann muni ekki fá afhentar þær upplýsingar sem umrætt áhættumat byggist á. Hann fái aðeins í hendur tölugildi fyrir viðskiptavinum bankans sem eingöngu verði nýtt til að styrkja lánshæfismat bankans og þar með uppfylla lagakröfur til eftirlitskerfa með áhættu.

3.

Creditinfo-Lánstraust hf. svaraði með bréfi, dags. 26. júní 2014. Þar segir meðal annars:

„Lánshæfismat Creditinfo metur líkur á að einstaklingar lendi í alvarlegum vanskilum á næstu 12 mánuðum (Probability of Default) og fullnægir þannig m.a. kröfum laga nr. 32/2013 um neytendalán. Þær breytur sem lánshæfismatið notar eru eftirfarandi:

Aldur (opinberar upplýsingar).

Búseta (póstnúmer).

Hjúskaparstaða.

Uppflettingar í vanskilaskrá síðustu 12 mánuði.

Ástæður uppflettinga.

Fjöldi uppflettinga.

Fjöldi lögheimilisbreytinga.

Hversu margir eru að vakta viðkomandi í vanskilaskrá.

Útsvar.

Auðlegðarskattur.

Vaxtabætur.

Vanskilaskráningar síðustu 48 mánuði.

Vanskilaskráningar tengdra félaga í gegnum stjórnarsetu og framkvæmdastjórn.

Áhættumat tengdra félaga í gegnum stjórnarsetur og framkvæmdastjórn.

Greiðsluhegðun tengdra félaga í gegnum stjórnarsetur og framkvæmdastjórn.

Hver breyta hefur mismikið vægi og kann vægi einstakra þátta að taka breytingum í þeim tilgangi að bæta spágetu matsins. Þær breytur sem tengjast vanskilum og innheimtum hafa langmest áhrif til lækkunar á lánshæfismati.“

Þá segir að samkvæmt áreiðanleikaprófunum sé spágeta umrædds áhættumats mjög góð. Hún sé mæld með svokölluðum GINI-stuðli og fái samkvæmt honum einkunnina 82,2, en algengt sé að spálíkön, sem mæli líkur á vanskilum, fái einkunn á bilinu 40–60. Einnig segir:

„Þróun og prófanir á lánshæfismatinu eru framkvæmdar með ópersónugreinanlegum gögnum sem eru tengd saman með einkvæmu númeri. Þegar viðskiptavinir Creditinfo sækja lánshæfismat á vefsvæði félagsins, á grundvelli upplýsts samþykkis hins skráða, þá er lánshæfismat viðkomandi reiknað á grundvelli ofangreindra breyta.“

Auk þess segir að ofangreindar breytur komi ekki fram í niðurstöðu hjá notanda og verði ekki afhentar Arion-banka hf. Hins vegar fái bankinn í hendur fjölda áhættustiga frá 0–400 fyrir hvern

viðskiptamann, áhættuflokk A, B, C, D eða E ásamt stigi innan þess flokks á bilinu 1–3, sem og prósentulíkur á vanskilum næstu 12 mánuði, reiknaðar út frá fjölda áhættustiga. Þá fái bankinn samanburði við meðaltal fyrir hvern viðskiptamann og dagsetningu mats sem auðkennt sé með nafni og kennitölu viðkomandi. Undir engum kringumstæðum geti bankinn kannað hvaða upplýsingar ráði niðurstöðum matsins sem sé endurskoðað að minnsta kosti einu sinni á ári út frá sögulegum gögnum um vanskil.

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

2.

Vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við gerð áhættumats verður að fullnægja öllum kröfum laga nr. 77/2000. Það felur m.a. í sér að fullnægt þarf að vera einhverju skilyrðanna í 1. mgr. 8. gr. laganna eins og ávallt við vinnslu persónuupplýsinga. Eftir atvikum geta þar átt við ákvæði 1. eða 2. tölul. ákvæðisins, þess efnis að vinna má með persónuupplýsingar á grundvelli samþykkis hins skráða eða þegar vinnsla telst nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður. Eins og hér háttar til er ekki ráðgert að leita til hinna skráðu, en af því leiðir að umrædd vinnsla myndi hvorki grundvallast á samþykki þeirra né beiðni í aðdraganda samnings. Hins vegar reynir á hvort um sé að ræða ráðstöfun sem nauðsynleg er til efnda á samningum við viðskiptavinum bankans. Í því sambandi ber að líta til athugasemda við 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. í greinargerð með því frumvarpi sem varð að lögum nr. 77/2000, en þar segir að í tengslum við efndir samnings við hinn skráða megi viðhafa nauðsynlega vinnslu, s.s. á pöntunum, reikningum og kvittunum. Líta verður svo á að vinnsla verði að hafa nokkuð nán tengsl við tiltekin samning og efndir hans. Hér er hins vegar um að ræða vinnslu í þágu almenns markmiðs, þ.e. að meta áhættu í heildarstarfsemi Arion-banka, sem ekki tengist samningum við einstaka viðskiptamenn með beinum hætti. Verður vinnslan því ekki álitin heimil á þeim grundvelli að hún teljist nauðsynleg vegna samningsefnda.

Af hálfu Arion-banka hf. hefur komið fram að hann álíti vinnsluna styðjast við 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um heimild til vinnslu á grundvelli lögmætra hagsmuna sem vega þyngra en grundvallarréttindi og frelsi hins skráða. Þá telur bankinn vinnsluna einnig styðjast við 3. tölul. sömu málsgreinar, þess efnis að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu. Eins og rakið er í svörum bankans, sem að framan eru rakin, hvíla á honum skyldur að lögum til að meta áhættu, sbr. einkum 17. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki þar sem fjallað er um eftirlitskerfi í því sambandi. Hvorki þar né annars staðar, s.s. í lögum nr. 77/2000, er kveðið á um skyldu til samkeyrslna við gögn úr vanskilaskráningu. Slík skráning fram fer á grundvelli starfsleyfis Persónuverndar samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 246/2001 um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust, sbr. 45. gr. laga nr. 77/2000. Að baki þessum lagaramma um skráninguna, sem í eðli sínu telst vera þýngjandi gagnvart hinum skráðu, býr það mat að vegna þjóðfélagslegra hagsmuna sé nauðsynlegt að unnt sé að meta lánshæfi manna þegar stofnað er til viðskipta þar sem slíkt hefur þýðingu. Eins og fyrr er lýst er hér hins

vegur um að ræða samkeyrslur í þágu almennra markmiða sem fela meðal annars í sér að á grundvelli upplýsinga, sem skráðar eru í vanskilaskráningu, séu mönnum án samþykkis þeirra eða beiðni gefnar einkunnir sem sýna eigi fram á hversu mikið fjárhagslegt traust megi bera til þeirra. Í ljósi grunnreglu 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs ber að líta svo á að sérstaka lagaheimild þurfi til slíkrar vinnslu, en eins og áður hefur verið lýst er slík lagaheimild ekki til staðar, sbr. og ákvörðun Persónuverndar, dags. 12. október 2011, í máli nr. 2011/968, sem og úrskurð stofnunarinnar, dags. 22. júní 2010, í máli nr. 2010/331.

Í ljósi framangreinds teljast fyrirhugaðar samkeyrslur hjá Creditinfo-Lánstrausti hf. og skráning niðurstaðna úr þeim hjá Arion-banka hf. ekki samrýmast lögum nr. 77/2000.

Ákvörðunarorð:

Ráðgerðar samkeyrslur hjá Creditinfo-Lánstrausti hf. og skráning niðurstaðna úr þeim hjá Arion-banka hf. samkvæmt tilkynningu, sem Persónuvernd barst hinn 3. júní 2014 (nr. S6878), samrýmast ekki lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

3.2.28. Birting kjörskrár vegna prestskosninga – mál nr. 2014/1120

Persónuvernd tók þann 17. september 2014 ákvörðun um að birting kjörskrár vegna prestskosninga þjóðkirkjunnar í Seljaprestakalli hafi verið ólögmat.

Ákvörðunin er svohljóðandi:

I.

Málsatvik og bréfaskipti

1.

Þann 15. ágúst 2014 barst Persónuvernd ábending um að kjörskrá vegna prestskosninga í Seljaprestakalli væri aðgengileg á vefsíðu þjóðkirkjunnar, www.kirkjan.is, en viðkomandi aðili vakti athygli á því að í kjörskránni væru upplýsingar um trúarskoðanir þeirra einstaklinga sem væru tilgreindir á skránni.

Forstjóri Persónuverndar ákvað að víkja sæti við frekari meðferð ábendingarinnar vegna starfa sinna fyrir kjörstjórn þjóðkirkjunnar. Hafði formaður stjórnar Persónuverndar umsjón með málinu.

Í tilefni af ábendingunni ákvað Persónuvernd að óska skýringa frá þjóðkirkjunni. Með bréfi, dags. 20. ágúst 2014, vakti Persónuvernd athygli þjóðkirkjunnar á fyrrnefndri ábendingu og var óskað svara við því á grundvelli hvaða heimildar í 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, birting á kjörskránni byggðist.

Með bréfi framkvæmdastjóra kirkjuráðs, dags. 26. ágúst 2014, bárust Persónuvernd skýringar þjóðkirkjunnar. Í bréfinu sagði m.a. að í 18. gr. starfsreglna nr. 1109/2011, um val og veitingu prestsembætta, sem settar væru af kirkjuþingi með heimild í 59. gr. laga nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, segði:

„Kjörstjórn annast gerð kjörskrár í hverri sókn. Skal hún lögð fram til sýnir á biskupsstofu og hjá prófasti eigi síðar en þremur vikum fyrir kjördag. Einnig skal hún birt á vef þjóðkirkjunnar.“

Í bréfinu kom einnig fram að kirkjuráð teldi ljóst að fyrirmæli starfsreglna kirkjuþings um birtingu kjörskrár vegna kosninga á vegum þjóðkirkjunnar samræmdust ekki ákvæðum laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Af þeirri ástæðu hygðist kirkjuráð beita sér fyrir því að starfsreglum um framlagningu kjörskráa á vegum þjóðkirkjunnar, yrði breytt á Kirkjuþingi sem haldið verður í október 2014 til þess að tryggt væri að upplýsingar um trúarskoðanir fólks yrðu ekki aðgengilegar almenningi. Loks kom fram að að kjörskráin hefði verið fjarlægð af heimasíðunni.

II.

Ákvörðun Persónuverndar

1.

Gildissvið o.fl.

Þau lög, sem Persónuvernd framfylgir og starfar eftir, þ.e. lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Kjörskrá til prestskosninga í Seljaprestakalli, sem birt var á vefsíðu Þjóðkirkjunnar, innihélt upplýsingar um nöfn einstaklinga, 18 ára og eldri, sem skráðir voru með lögheimili í Seljasókn og jafnframt skráðir í Þjóðkirkjuna. Af því leiðir að með birtingu fyrrnefndar upplýsingar fór fram vinnsla persónuupplýsinga sem fellur undir lög nr. 77/2000.

2.

Lagaumbverfi og sjónarmið

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að samrýmast einhverri af kröfum 8. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þá verður vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga, sbr. 8. tölul. 2. gr. sömu laga, að samrýmast einhverju af viðbótarskilyrðum 9. gr. laganna. Í a-lið 8. tölul. 2. gr. segir að upplýsingar um trúar- eða aðrar lífsskoðanir teljist viðkvæmar persónuupplýsingar.

3.

Niðurstaða

Í máli þessu liggur ekki fyrir að umrædd vinnsla hafi átt sér stoð í framangreindum ákvæðum. Þvert á móti hefur kirkjuráð í bréfi sínu frá 20. ágúst sl., bent á að starfsreglur kirkjuþings, um birtingu kjörskrár vegna kosninga á vegum Þjóðkirkjunnar, stangist á við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þar sem ábyrgðaraðili hefur ekki bent á fullnægjandi heimild fyrir umræddri vinnslu er það mat Persónuverndar að umrædd birting viðkvæmra persónuupplýsinga í kjörskrá, í tengslum við prestskosningar í Seljaprestakalli, hafi ekki samrýmst lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Í ljósi þess sem fram kemur í bréfi kirkjuráðs, um að ráðið muni beita sér fyrir því að ákvæðum starfsreglna kirkjuþings, um birtingu kjörskrár vegna kosninga á vegum Þjóðkirkjunnar, verði breytt á næsta kirkjuþingi, í október 2014, telur Persónuvernd athugun sinni lokið. Engu að síður beinir stofnunin þeim tilmælum til Þjóðkirkjunnar að stöðva sambærilegar birtingar kjörskráa vegna kosninga á hennar vegum og fjarlægja þær kjörskrár sem nú þegar eru birtar á vefsíðu Þjóðkirkjunnar, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Ákvörðunarorð:

Birting kjörskrár vegna prestskosninga í Seljaprestakalli á vefsíðu Þjóðkirkjunnar samrýmdist ekki lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Persónuvernd beinir þeim tilmælum til Þjóðkirkjunnar að láta af birtingu kjörskráa vegna kosninga á hennar vegum og fjarlægja þær kjörskrár sem nú eru birtar á vefsíðu Þjóðkirkjunnar.

3.2.29. Vinnsla persónuupplýsinga hjá Tryggingastofnun í tilefni af gerð örorkumats – mál nr. 2014/307

Persónuvernd úskurðaði þann 17. september 2014 að vinnsla persónuupplýsinga hjá

Tryggingastofnun ríkisins í tilefni af gerð örorcumats hafi samrýmst persónuverndarlögum.

Úrskurðurinn er svohljóðandi:

I.

Málavextir og bréfaskipti

Hinn 13. febrúar 2014 barst Persónuvernd kvörtun frá A (hér eftir nefnd „kvartandi“), dags. 12. febrúar 2014, yfir meðferð persónuupplýsinga um hana hjá Tryggingastofnun ríkisins. Í kvörtuninni kemur fram að kvartað sé yfir aðgangi B, tryggingalæknis, að persónuupplýsingum og sjúkraskýrslum kvartanda auk þess sem kvartandi telur að upplýsingum hafi verið miðlað frá Tryggingastofnun ríkisins (TR) til Sjóvá-almennra trygginga hf. (Sjóvá) án heimildar. Í kvörtuninni tók kvartandi fram að hún lyti einnig að umboði Sjóvár til gagnaöflunar sem tjónþolar útfylla við umsókn um tryggingabætur og kvartandi hafi neitað að undirrita.

Með bréfi, dags. 25. mars 2014, veitti Persónuvernd TR færi á að tjá sig um framangreinda kvörtun. TR svaraði með bréfi, dags. 2. apríl 2014. Þar kemur m.a. fram að viðkomandi læknir hafi ekki aðgang að þeim upplýsingum hjá stofnuninni sem honum er gefið að sök að hafa miðlað til Sjóvá. Stofnunin hafi ekki samráð við Sjóvá né aðra aðila við gerð örorcumatsgerða. TR hafi gert samning við níu lækna um gerð á mati á færni umsækjenda um örorcubætur lífeyrstrygginga almannatrygginga samkvæmt tilteknum örorcustaðli. Umræddur læknir hafi ekki aðgang að tölvukerfi stofnunarinnar heldur fái lækna gögn varðandi þann einstakling er þeim er falið að meta á pappír. Þess sé gætt að einungis gögn er varða matið séu afhent. Umræddur læknir hafi fengið afhentan spurningalista vegna færnisgerðingar útfyllt af viðkomandi umsækjanda, [...], læknisvottorð vegna umsóknar um endurmat á örorcubótum lífeyrstrygginga, [...], skýrslu vegna umsóknar um örorcubætur skv. skoðun [...]og skýrslu vegna umsóknar um örorcubætur skv. skoðun [...]. Umræddur læknir hafi unnið örorcumatsgerðina fyrir kvartanda skv. tilteknum staðli á grundvelli framangreindra upplýsinga, viðtals og skoðunar en hann hafi hvorki haft aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrá eða bankareikningum kvartanda eins og kvörtunin tilgreinir að hann hafi miðlað til Sjóvár. Þá kemur fram að aðspurður segir umræddur læknir að hann sé hvorki starfsmaður TR né Sjóvár heldur sé hann sjálfstætt starfandi læknisfræðilegur ráðgjafi. Hann ítrekaði jafnframt að engin gögn hefðu farið á milli umræddra aðila fyrir hans tilstilli.

Með bréfi, dags. 16. apríl 2014, veitti Persónuvernd kvartanda færi á að tjá sig um framkomnar skýringar TR. Kvartandi svaraði með bréfi, dags. 28. apríl 2014. Þar voru ítrekaðar fyrri athugasemdir auk þess sem kvartandi kom á framfæri nýjum athugasemdum varðandi heimild Sjóvár til gagnaöflunar sem kvartandi telur ekki vera fyrir hendi. Telur kvartandi jafnramt af þeim sökum hafi B ekki heldur haft heimild til gagnaöflunar vegna örorcumatsins. Loks kom fram að kvartandi telji að umræddur læknir hefði getað ljósritað gögnin og afhent Sjóvá. Þá telji kvartandi að villandi og rangar upplýsingar sé að finna í matinu sem umræddur læknir hafi gert fyrir TR og að þeim upplýsingum beri að eyða.

Með bréfi, dags. 26. maí 2014, óskaði Persónuvernd eftir skýringum frá TR um það á grundvelli hvaða heimildar í 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga framangreind vinnsla persónuupplýsinga hafi byggst. Svarað var með bréfi, dags. 3. júní 2014. Þar segir:

„[...]Umrætt mál snýst um umsókn kæranda til TR um örorculífeyri. Örorculífeyrir er byggður á læknisfræðilegu mati sbr. 2. mgr. 18. gr. almannatryggingalaga nr. 100/2007. Skv. 2. mgr. 53. gr. sömu laga ber umsækjanda að veita Tryggingastofnun allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að hægt sé að taka ákvörðun um bótarétt, fjárhæð og hreiðslur bóta og endurskoðun þeirra. Með umræddum umsóknum kæranda lagði hún fram læknisvottorð og í framhaldi af því fylltu hún út spurningalista vegna færnisgerðingar. Þau gögn eru auk skoðunar og viðtals grundvöllur matsgerða örorcumatslækna TR. Þegar um ítrekaðar örorcumatsbeiðnir er að ræða eins og hér er, fylgja eldri örorcumatsgerðir með enda eru þær eðli máls samkvæmt hlut af máli viðkomandi hjá

stofnuninni. Örorokustyrkur sem kærandi hefur fengið gegnum árin er byggður á umræddum örorokumatsgerðum. TR aflar hins vegar ekki frekari gagna sjálfstætt.

Til þess að TR geti sinnt lögboðnu hlutverki sínu er stofnuninni nauðsyn á umræddum upplýsingum. Heimildin til gagnaöflunar og vinnslu þeirra er skv. almannatryggingalögum og heimfærsla til 8. gr. persónuverndarlaga er skv. 1. tl. 8. gr. Því að með umsókn og tilheyrandi fylgigögnum hefur kærandi samþykkt nauðsynlega skoðun/vinnslu upplýsinga til að meta hvort hún uppfylli skilyrði laga og regl. um örorokulífeyri. Án gagnanna er ekki mögulegt að fá örorokumat.[...]"

Með bréfi, dags. 20. ágúst 2014, veitti Persónuvernd kvartanda færi á að koma með athugasemdir við framkomnar skýringar TR. Svareð var með bréfi, dags. 3. september 2014. Þar segir m.a.:

„[...] Þarna er TR að senda lækni Sjóvá, sem er kolvanhæfur til að vinna fyrir TR gögn um mig sem ég fékk ekki upplýsingar um eða andmælarétt um, eins og lög kveða á. Ég vissi ekki um að trúnaðarlæknir Sjóvá, B, væri með öll þessi ólöglegu persónuverndargögn um mig, fyrr en ég kom í viðtal til hans. Trúnaðarlæknir Sjóvá sem áður hafði komið að mínum málum, væri einnig að vinna fyrir Tryggingastofnun ríkisins í mínu máli er fáránlegt.

[...]Ég hafði neitað að skrifa upp á tjonablað sem tjonabifreið tryggingafélaganna er með og veitir þeim fullan aðgang að gögnum Tryggingastofnunar ríkisins og því fá þeir það ólöglega hjá TR í gegnum vanhæfan trúnaðarlækni Sjóvá upplýsingar um öll persónuverndarleg læknagögn um mig.“

II.

Afmörkun kvörtunarefnis

1.

Í máli þessu er kvartað yfir aðgangi B læknis, að persónuupplýsingum og sjúkraskráupplýsingum kvartanda og miðlun hans á þeim upplýsingum. Þá er kvartað yfir umboði Sjóvár til gagnaöflunar og vísað í fyrra mál kvartanda því tengt. Persónuvernd hefur áður tekið ákvörðun um niðurfellingu máls að svo stöddu í umræddu máli og leiðbeint kvartanda að bera kvörtun yfir umboði tryggingarfélagans undir úrskurðarnefnd um váttryggingarmál. Persónuvernd hefur heimild til að endurupptaka mál ef stofnuninni berst rökstudd beiðni þess efnis.

Í málinu er einnig kvartað yfir meintu vanhæfi B læknis, þar sem hann hafi komið að örorokumati TR og örorokumati Sjóvár. Þá var kvartað yfir því að upplýsingar í örorokumati TR séu rangar eða villandi. Í 1. mgr 3. gr. laga nr. 77/2000 er gildissvið laganna afmarkað, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, og nær það til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að vera hluti af skrá. Persónuvernd bendir á að það fellur ekki innan verksviðs stofnunarinnar að skera úr um hvort heilbrigðisstarfsmenn, eins og B, læknir, hafi verið vanhæfur við mat á umsókn á öroroku kvartanda hjá TR. Af þeirri ástæðu, telur stofnunin sér ekki fært að taka þann þátt kvörtunarinnar til meðferðar. Telji kvartandi að B hafi verið vanhæfur til að taka til meðferðar á umsókn kvartanda hjá TR er bent á að það er hlutverk landlæknis að hafa eftirlit, og eftir atvikum fjalla um kvartanir, því tengdu. Eftirfarandi umfjöllun miðast því við úrlausnarefni sem snúa að heimild B, læknis, til aðgangs og miðlunar á persónuupplýsingum kvartanda.

III.

Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða

persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við það ákvæði í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst meðferð heilsufarsupplýsinga sem eru til umfjöllunar í málinu falla undir valdsvið Persónuverndar.

2.

Svo að heimilt sé að vinna með almennar persónuupplýsingar verður ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Svo að heimilt sé að vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar verður að auki að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 9. gr. sömu laga. Upplýsingar um heilsufar kvartanda eru viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. c-lið 8 tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Þegar stjórnvöld afla upplýsinga í tengslum við lögbundið hlutverk sitt verður einkum talið að 3. og 6. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna geti átt við um upplýsingaöflunina og eftirfarandi vinnslu upplýsinganna. Samkvæmt 3. tölul. er vinnsla heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila og samkvæmt 6. tölul. er vinnsla heimil sé hún nauðsynleg við beitingu opinbers valds. Við mat á því hvort slík skylda sé hér til staðar verður að líta til þeirra lagareglna sem TR starfar eftir. Þá kemur fram í 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 að vinnsla persónuupplýsinga er heimil hafi hinn skráði ótvírætt samþykkt vinnsluna eða veitt samþykki sitt. Þá segir í 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. að vinnsla sé heimil ef sérstök heimild standi til vinnslunnar samkvæmt öðrum lögum.

Af svari TR verður ráðið að stofnunin styðjist við heimildir í 2. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 53. gr laga nr. 100/2007 við vinnslu persónuupplýsingar um kvartanda. Umsækjendum um bætur hjá TR er boðið að leggja fram læknisvottorð og fylla út spurningarlista vegna færniskerðingar. Þá vísar TR til lögboðins hlutverks síns og 2. mgr. 18. gr. laga nr. 100/2007 en þar segir að TR meti örorku þeirra sem sækja um örorkulífeyri samkvæmt sérstökum örorkustaðli, sem ráðherra setji reglugerð um.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að kvartandi hafi lagt fram þau gögn sem nauðsynleg eru til að ákvarða bótarétt á grundvelli upplýsts samþykkis. Þá verður ekki séð af gögnum málsins að miðlun persónuupplýsinga hafi átt sér stað frá TR til Sjóvár. Af svörum TR verður ráðið að B, lækni hjá TR, hafi fengið aðgang að gögnum sem honum voru nauðsynleg svo unnt væri að framkvæma læknisfræðilegt mat á örorku í samræmi við beiðni kvartanda þar um, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 100/2007.

Af framangreindu telur Persónuvernd að aðgangur og miðlun B, lækni, að persónuupplýsingum kvartanda hafi verið í samræmi við lög nr. 77/2000.

Úrskurðarorð:

Vinnsla TR með persónuupplýsingar kvartanda var í samræmi við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

3.2.30. Heimild til miðlunar upplýsinga frá Landspítala til Leitarstöðvarinnar – mál nr. 2014/1249

Persónuvernd veitti þann 22. október 2014 álit um aðgang og miðlun sjúkraskrárupplýsinga um konur sem hafa farið í fullkomið legnám frá Landspítala til Leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands í þeim tilgangi að taka þær konur af lista um boð í krabbameinsskoðun. Persónuvernd taldi að spítalanum væri heimilt að miðla upplýsingunum.

Álitið er svohljóðandi:

1.

Erindi Landspítalans

Persónuvernd vísar til bréfs A, [starfsmanns Landspítalans], dags. 12. september 2014. Í bréfinu sagði m.a.:

„Á Landspítala eru geymdar sjúkraskrár allra sjúklinga sem sótt hafa þjónustu á spítalanum og er framkvæmdastjóri lækninga á spítalanum ábyrgðarmaður þeirra. Eins og gefur að skilja er hér um að ræða mjög viðkvæmar persónuupplýsingar og um þær gilda lög um sjúkraskrár nr. 55/2009. Leitarstöðin ber ábyrgð á eftirliti með konum sem greinast með afbrigðilega niðurstöðu úr leghálsstroki. Þetta eftirlit er óháð því hvar þessu frumustrok eru tekin og hefur Leitarstöðin því um árabil haft rafrænan aðgang að öllum vefjasvörum kvenna á ákveðnum topographíu svæðum sem til eru á Landspítala.

Nú hefur Leitarstöðin óskað eftir að fá sendar upplýsingar frá Landspítala um þær konur sem hafa farið í fullkomið legnám á spítalanum óháð því hvort þær hafi fengið krabbamein eða ekki. Ástæðan er m.a. sú að konur sem hafa farið í fullkomið legnám en aldrei haft breytingar samsvarandi CIN2+ þurfa ekki að fara í reglubundna leghálskrabbameinsleit vegna lítillar áhættu á leghálskrabbameini. Leitarstöðin telur að með þessum upplýsingum mætti koma í veg fyrir sóun opinberra fjármuna og forða þessum hópi kvenna frá óþarfa rannsóknum. Þessari beiðni Leitarstöðvarinnar var hafnað nú í vor að Landspítala á þeim grundvelli að í lögum um sjúkraskrár væri ekki að finna heimild til þess að afhenda slíkar upplýsingar.

Landspítala barst annað erindi frá yfirlækni Leitarstöðvarinnar þar sem réttur til aðgangs að upplýsingunum var rökstuddur með vísan til 7. tölul. 8. gr. og 8. tölul. 9. gr. laga um persónuvernd nr. 77/2000.

Í 3. gr. laga um sjúkraskrár segir að, að svo miklu leyti sem ekki er mælt fyrir um á annan veg í lögum þessum gildi ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga um sjúkraskrárupplýsingar og meðferð þeirra. Í IV. kafla sjúkraskárlaga er svo fjallað um aðgang að sjúkraskrárupplýsingum. Samkvæmt 12. gr. laganna er aðgangur að sjúkraskrárupplýsingum óheimill nema til hans standi lagaheimild samvæmt ákvæðum sjúkraskárlaganna eða öðrum lögum.

Landspítali óskar eftir álit Persónuverndar á því hvort almenn ákvæði persónuverndarlaga geti heimilað aðgang að sjúkraskrárupplýsingum á grundvelli 12. gr. sjúkraskárlaga. Og jafnframt hvort vinnsla sú sem getið er hér að ofan fellur undir 8. tölul. 9. gr. persónuverndarlaga og teljist venjubundin stjórnsýsla á sviði heilbrigðisþjónustu.“

Þá kom fram í símtali starfsmanns Persónuverndar við [starfsmann] Landspítalans, þann 22. september 2014, að Leitarstöðin væri að óska eftir upplýsingum um konur sem hefðu farið í fullkomið legnám óháð því hvort þær hefðu fengið krabbamein eða ekki.

2.

Forsendur og niðurstaða

2.1.

Þau lög, sem Persónuvernd framfylgir og starfar eftir, þ.e. lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Með vísan til framangreinds er ljóst að miðlun sjúkraskrárupplýsinga um konur sem hafa farið í fullkomið legnám á Landspítalanum fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000.

2.2.

Að því marki sem um er að ræða vinnsla almennra persónuupplýsinga um einstaklinga er tekið fram að hún verður að samrýmast einhverju af skilyrðum 8. gr. laga nr. 77/2000 svo hún sé heimil. Ef vinna á með viðkvæmar persónuupplýsingar verður að auki að vera fullnægt einhverju af skilyrðum 9. gr. sömu laga. Upplýsingar um heilsuhagi eru viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laganna. Upplýsingar um það að kona hafi farið í fullkomið legnám teljast upplýsingar um heilsuhagi og því þarf vinnsla slíkra upplýsinga, þ.m.t. miðlun þeirra til þriðja aðila, að byggja á heimild í 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000.

Að auki verður öll vinnsla persónuupplýsinga að fullnægja grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um gæði gagna og vinnslu. Þar er mælt fyrir um að persónuupplýsingar skuli unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær skuli fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær skuli vera nægilegar og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); að þær skuli vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, en persónuupplýsingar, sem séu óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skuli afmá eða leiðrétta (4. tölul.); og að þær skuli varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hina skráðu lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

2.3.

Landspítalinn hefur óskað eftir álitni stofnunarinnar á því hvort ákvæði laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, geti heimilað miðlun upplýsinga, um konur sem hafa farið í fullkomið legnám, frá Landspítalanum til Leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands. Þá hefur Landspítalinn óskað eftir álitni á því hvort fyrrnefnd vinnsla falli undir 8. tölul. 9. gr. laga nr. 77/2000 og teljist til venjubundinnar stjórnsýslu á sviði heilbrigðisþjónustu.

Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands ber ábyrgð á framkvæmd legháls- og brjóstakrabbameinsleitar. Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands starfar eftir þjónustusamningi við heilbrigðisráðuneytið og um leitarstarfið gilda samræmdar starfsreglur sem unnar voru í samráði við Landlæknisembættið, en landlæknir er eftirlitsaðili leitarstarfsins. Tilgangur skipulegrar krabbameinsleitar er m.a. að koma í veg fyrir myndun krabbameina með því að finna þau á forstigi, áður en ífarandi krabbamein hefur myndast, skoðuð öll leghálsstrok sem tekin eru hérlandis. Á Leitarstöðinni eru framkvæmdar legháls- og brjóstaskoðanir, haldin er skrá yfir niðurstöður úr rannsóknum er tengjast leitarstarfinu og konur eru boðaðar í eftirlit og sérskoðanir í samræmi við starfsreglur.

Lög nr. 55/2009, um sjúkraskrár, fjalla m.a. um aðgang að sjúkraskrárupplýsingum. Í 1. mgr. 12. gr. er að finna almennt ákvæðið þess efnis að aðgangur að sjúkraskrárám sé óheimill nema til hans standi lagaheimild samkvæmt sjúkraskrárlögum eða öðrum lögum. Þá segir í 1. mgr. 13. gr. að heilbrigðisstarfsmenn sem komi að meðferð sjúklings og þurfi á sjúkraskrárupplýsingum að halda vegna meðferðarinnar skuli hafa aðgang að sjúkraskrá sjúklings með þeim takmörkunum sem leiða af ákvæðum sjúkraskrárlaga og reglum settum samkvæmt þeim.

Samkvæmt 8. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 er vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga heimil sé hún nauðsynleg vegna læknismeðferðar eða vegna venjubundinnar stjórnsýslu á sviði heilbrigðisþjónustu. Framkvæmd legháls- og brjóstakrabbameinsleitar hefur verið talin hluti af hefðbundinni stjórnsýslu í skilningi 8. tölulíðar. Hugtakið heilbrigðisþjónusta eru skilgreint í 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, sem hvers kyns heilsugæsla,

lækningar, hjúkrun, almenn og sérhæfð sjúkráðgjöf, sjúkraflutningar, hjálpartækjagjöf og gjöf heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma og endurhæfa sjúklinga.

Af erindi Landspítalans má ráða að Leitarstöðin hefur óskað eftir að spítalinn miðli upplýsingum, um konur sem farið hafi í fullkomið legnám, til Leitarstöðvarinnar þar sem umræddar konur þurfi ekki að fara í reglubundna leghálskrabbameinsleit vegna lítillar áhættu á leghálskrabbameini. Þá segir í erindi spítalans að Leitarstöðin telji að með umræddum upplýsingum megi koma í veg fyrir sóun opinberra fjármuna og forða þessum hópi kvenna frá óþarfa rannsóknum. Af framangreindu má ráða að umrædd miðlun frá Landspítala til Leitarstöðvarinnar er liður í veitingu heilbrigðisgjöfu hjá Leitarstöðinni, þ.e. í þeim tilgangi að afmarka þá heilbrigðisgjöfu sem stöðin veitir, í þeirri viðleitni að fyrirbyggja og greina krabbamein, og hverjum nauðsynlegt er að veita slíka gjöfu.

Með vísan til framangreinds telur Persónuvernd að fyrirhuguð miðlun upplýsinga, um þær konur sem farið hafi í fullkomið legnám, til Leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands, fari fram í málefnalegum tilgangi og að hún sé ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar og samrýmist hún því 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þá er það mat stjórnar að vinnslan sé nauðsynleg vegna venjubundinnar stjórnsýslu á sviði heilbrigðisgjöfu og samræmist því 8. tölul. 9. gr. laga nr. 77/2000. Sú vinnsla persónuupplýsinga sem fellur undir 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, hefur lagastöð í fyrrnefndum ákvæðum sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 55/2009, um sjúkraskrár.

Álitsorð

Miðlun upplýsingar um konur sem hafa farið í fullkomið legnám frá Landspítala til Leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands samrýmist 7. tölul. 8. gr. og 8. tölul. 9. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. einnig 1. mgr. 12. gr. laga nr. 55/2009.

3.2.31. Vinnsla Landsbankans á upplýsingum frá SpKef sparisjóði – mál nr. 2014/283

Persónuvernd úrskurðaði þann 22. október 2014 að varðveisla upplýsinga hjá Landsbankanum um viðskipti kvartanda við SpKef sparisjóð, sem færðust yfir í Landsbankann með ákvörðun FME, sé heimil. Miðlun upplýsinga um fyrndar kröfur til Creditinfo-Lánstrausts var hins vegar talin óheimil.

Úrskurðurinn er svohljóðandi:

I.

Málavextir og bréfaskipti

1.

Persónuvernd hefur borist kvörtun, dags. 10. febrúar 2014, frá [A] (hér eftir nefndur „kvartandi“) yfir Creditinfo-Lánstrausti hf. og Landsbankanum hf. Kvartað er yfir að upplýsingar um að hann hafi orðið gjaldþrota fyrir rúmum þremur árum séu enn skráðar í bankanum, sem og að upplýsingunum sé miðlað á milli stofnana fyrir tilstilli Creditinfo-Lánstrausts, þ.e. á lánayfirliti sem fyrirtækið útbýr, en umræddum upplýsingum var miðlað til fyrirtækisins frá Landsbankanum í tengslum við gerð yfirlitsins.

2.

Með bréfi, dags. 25. febrúar 2014, var Creditinfo Lánstrausti og Landsbankanum veitt færi á að tjá sig um þessa kvörtun. Landsbankinn svaraði með bréfi, dags. 4. mars 2014, og Creditinfo Lánstraust með bréfi, dags. 10. s.m. Í svari Landsbankans kemur fram að umræddar upplýsingar um kvartanda lúta að afskriftum á kröfum á hendur honum [...]. Þá kemur fram að bankinn telur varðveislu umræddra upplýsinga meðal annars styðjast við 3. og 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þess efnis að vinnsla

persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu og til að gæta lögmætra hagsmuna sem veða þyngra en grundvallarréttindi og frelsi hins skráða. Auk þess segir:

„Landsbankinn lítur svo á að fjármálafyrirtæki hafi bæði lagaskyldu og samningsskyldu til að skrá og varðveita slíkar upplýsingar í kerfum sínum. Í 1. másl. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, kemur fram að fjármálafyrirtæki skuli á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggju eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við starfsemi sína. Slíkt eftirlitskerfi byggir eðli máls samkvæmt á nákvæmri skráningu á viðskiptaupplýsingum sem skipta máli fyrir áhættur og áhættumat. Umræddar viðskiptaupplýsingar varða lánsviðskipti og tengjast því útlánaáhættu. Því er ljóst að fjármálafyrirtæki ber að skrá slíkar upplýsingar.“

Einnig segir að viðskipti, sem umræddar upplýsingar lúta að, byggi á tvíhliða samningssambandi fjármálafyrirtækis og viðskiptavinar. Auk framangreindrar lagaskyldu hafi fjármálafyrirtæki samningsskyldu til að skrá og varðveita slíkar upplýsingar, enda verði að telja að skráning og varðveisla upplýsinganna sé í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði. Í þessu sambandi vísar Landsbankinn til 1. mgr. 26. laga nr. 77/2000, þess efnis að þegar ekki sé lengur málefnaleg ástæða til að varðveita persónuupplýsingar skuli eyða þeim, en málefnaleg ástæða til varðveislu geti meðal annars byggst á fyrirmælum í lögum eða á því að enn sé unnið með upplýsingar í samræmi við upphaflegan tilgang með öflun þeirra. Þá segir meðal annars:

„Landsbankinn telur ríka hagsmuni og málefnalegar ástæður standa til þess að varðveita upplýsingar um öll lánsviðskipti sem viðskiptavinur hefur átt við bankann óháð því hvort umræddum viðskiptum sé lokið, sem og tímamörkum frá lokum þeirra. Þá telur Landsbankinn bæði eðlilegt og nauðsynlegt að varðveita slíkar upplýsingar. Bankanum er þá enda kleift að leggja heildstætt og nákvæmt mat á forsendur hugsanlegra viðskipta sem viðskiptavinur kann síðar að óska eftir gagnvart bankanum. Slíkt er jafnframt nauðsynlegt til að meta áhættu af væntanlegum viðskiptum og viðkomandi viðskiptavinum. Að þessu leyti er bankinn því enn að vinna með slíkar upplýsingar í samræmi við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra. Hins vegar er engan veginn öruggt að byggt verði á slíkum upplýsingum þegar tekin er ákvörðun um hugsanleg ný viðskipti. Komi til mats á hugsanlegum nýjum viðskiptum verður í samræmi við reglur bankans leitað eftir nýjum upplýsingum sem gefa munu uppfærða mynd af forsendum hugsanlegra viðskipta. Í ljósi framangreinds eru ekki forsendur fyrir hendi til að skylda bankann til að eyða umræddum upplýsingum.“

Varðandi miðlun umræddra upplýsinga frá Landsbankanum til Creditinfo Lánstrausts segir í bréfi bankans:

„Hvað varðar þann hluta kvörtunarinnar er lýtur að miðlun upplýsinganna skal það tekið fram að Landsbankanum barst fyrirspurn frá Creditinfo-Lánstrausti vegna kvörtunar [A]. Af fyrirspurninni sem og kvörtun málsins má ráða að [A] hafi óskað eftir fyrirgreiðslu hjá tilteknum banka og skrifað undir samþykki þess efnis að svokallað skuldastöðuyfirlit yrði sótt til Creditinfo-Lánstrausts áður en fyrirgreiðslan yrði afgreidd.“

Á skuldastöðuyfirliti birtast aðeins kröfur í vanskilum. Þegar kröfur fyrnast afskrifar Landsbankinn þær og samtímis falla þær af skuldastöðuyfirliti. Ástæðan fyrir því að krafan á hendur [A] hafði ekki fallið af skuldastöðuyfirliti var sú að á kröfunni var ábyrgðarmaður sem átti eftir að sækja á til innheimtu skuldarinnar. Þegar hins vegar kvörtun [A] barst Landsbankanum frá Creditinfo-Lánstrausti ákvað bankinn að afskrifa kröfuna.

Landsbankinn hefur í kjölfarið á móttöku framangreindrar kvörtunar ákveðið að breyta verklagi í sambærilegum málum og mun framvegis gæta að því að kröfur verði afskrifaðar í kerfum bankans um leið og þær fyrnast.“

Í fyrirgreindu svari Credinfo Lánstrausts segir:

„Hér er rétt að taka fram að öll miðlun úr skuldastöðukerfi Creditinfo er óheimil án upplýsts samþykkis þess sem flett er upp í kerfinu. Upplýsingum er því einvörðungu miðlað að því gefnu að sannanlegt samþykki liggi fyrir. Allar uppflettingar eru vistaðar (loggaðar) og öllum sem flett er upp í kerfinu er send tilkynning um uppflettinguna, m.a. til málshefjanda.

Creditinfo hafði samband við Landsbankann (og aðra þátttakendur í skuldastöðukerfinu) til að fá upplýsingar um hvort á lánayfirlitum þeirra kæmu almennt fram upplýsingar um fyrndar kröfur. Fram kom í erindi Creditinfo að félagið lítur á slíkar kröfur með sama hætti og lögin, þ.e. að fyrnd krafa er ekki lengur til sem fjárhagsskuldbinding – og því eiga slíkar upplýsingar tæpast heima á yfirliti yfir fjárhagsskuldbindingar. Hér var einnig vísað til samnings Creditinfo við þátttakendur þar sem í eðli máls liggur að kerfið miðli einvörðungu upplýsingum um ófyrndar skuldbindingar.

Sú upplýsingasöfnun er enn í gangi. Þegar þetta er ritað hafa flestir þeirra svarað og staðfest að þeirra yfirlit innihalda ekki upplýsingar um fyrndar kröfur, utan einn sem segir að það taki allt að fimm mánuði að hreinsa út slíkar upplýsingar um fyrndar kröfur. Creditinfo hefur bent viðkomandi á aðferð til að finna slíkt út með mun hraðvirkari hætti, a.m.k. hvað varðar kröfur sem fyrnast vegna gjaldþrotaskipta.

Erindi Persónuverndar var einnig sent til Landsbankans, sem kann best að skýra málið frá sinni hlið hvað bankann varðar. Í svari við fyrirspurn Creditinfo til bankans hefur þó komið fram að bankinn miðlar ekki fyrndum kröfum inn í skuldastöðukerfið. Þó kemur fyrir að tiltekna tryggingar (t.d. veð eða sjálfskuldarábyrgð) tefja stundum fyrir að fyrnd krafa sé afmáð úr kerfum bankans, og gerðist það m.a. í tilviki málshefjanda. Í svarinu kom einnig fram að fyrnd krafa málshefjanda yrði fljótlega afmáð úr kerfum bankans.“

3.

Með bréfi, dags. 25. mars 2014, ítrekuðu með bréfi, dags. 27. maí s.á., veitti Persónuvernd kvartanda færi á að tjá sig um framangreind svör Landsbankans og Creditinfo Lánstrausts. Hann svaraði með bréfi hinn 2. júní 2014. Þar segir að hann sé sáttur við skýringar Creditinfo Lánstrausts en ekki Landsbankans. Þá segir að hann hafi einungis átt skammvinn viðskipti við Landsbanka Íslands [á tilteknu tímabili]. Hins vegar vegar hafi hann átt mikil viðskipti við Sparisjóð [X], þ.e. allt frá árinu [...] þangað til sjóðurinn féll árið 2008. Upplýsingar um viðskipti hans þar hafi ekki átt að berast Landsbankanum þar sem hann var ekki í viðskiptum við þann banka. Í því sambandi vísar kvartandi til 17. gr. a í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki þar sem fram kemur að fjármálafyrirtæki skal halda sérstaka skrá um alla sem njóta lánaþingreiðslu þess, þ.e. svonefnda skuldbindingaskrá, enda nemi brúttóskuld viðkomandi fjármálafyrirtækis að lágmarki 300 milljónum króna.

4.

Að fengnu framangreindu bréfi kvartanda greindi Persónuvernd Creditinfo Lánstrausti frá því, með bréfi, dags. 31. júlí 2014, að í ljósi þess að kvartandi sættist á skýringar fyrirtækisins væri lokið afskiptum stofnunarinnar af þeim þætti málsins. Málinu var hins vegar fram haldið hvað Landsbankann varðaði og með bréfi, dags. s.d., óskaði Persónuvernd þess að hann:

staðfesti hvort þær kröfur á hendur kvartanda, sem hér um ræðir, hefðu orðið til í viðskiptum við aðra fjármálastofnun sem sameinuð var bankanum; og, ef svo væri,

upplýsti hvort viðskiptamönnum þeirrar fjármálastofnunar hefði verið veitt færi á að ráðstafa sínum hagsmunum áður en til yfirfærslu persónuupplýsinga kom, s.s. með því að færa lánaviðskipti, sem þar höfðu verið, til fjármálastofnunar að eigin vali.

Landsbankinn svaraði með bréfi, dags. 5. september 2014, sbr. og tölvubréf hinn 19. s.m. Í þeim svörum segir meðal annars að umræddar kröfur á hendur kvartanda hafi orðið til í viðskiptum

hans við Sparisjód Vestfjarða sem viðskiptum við Sparisjód [X] hafði verið ráðstafað til. Einnig er vísað til þess að Sparisjóður Vestfjarða sameinaðist síðar Sparisjóði Keðjavíkur sem ráðstafað var til Spkef. Kemur fram að sá sparisjóður afskrifaði kröfurnar. Þá segir í tölvubréfinu 19. september 2014:

„Hinn 5. mars 2011 ákvað Fjármálaeftirlitið á grundvelli heimildar í VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. IV. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009, að taka yfir vald stofnfjáreigendafundar Spkef sparisjóðs og ákvað að NBI hf. [nú Landsbankinn] tæki í einu lagi frá og með 7. mars 2011 við rekstri, eignum og skuldbindingum Spkef sparisjóðs B.

Umrædd ákvörðun var tekin af Fjármálaeftirlitinu og hafði mjög stuttan aðdraganda. Landsbankanum gafst því ekki færi á að veita viðskiptamönnum Spkef sparisjóðs kost á að ráðstafa hagsmunum sínum áður en Landsbankinn tók yfir réttindi og skyldur Spkef sparisjóðs.

Landsbankinn hefur þó ekki upplýsingar um hvort Fjármálaeftirlitið greip til slíkra ráðstafana áður en umrædd ákvörðun kom til framkvæmda“.

Með tölvubréfi hinn 31. júlí 2014 óskaði Persónuvernd nánari skýringa frá Landsbankanum varðandi framangreint, þ.e. hvort bankinn hefði, þegar persónuupplýsingar um viðskiptavini sparisjóðs Spkef færðust yfir til hans, veitt viðskiptavininum sjóðsins fræðslu þar að lútandi. Landsbankinn svaraði með tölvubréfi hinn 15. október 2014. Þar segir að um hafi verið að ræða samruna án skuldaskila, þ.e. algera sameiningu með yfirtöku eigna og skulda. Því hafi ekki verið um að ræða öflun upplýsinga frá þriðja aðila heldur að Spkef sparisjóður varð hluti af NBI, nú Landsbankanum. Engu að síður hafi öllum viðskiptavininum sparisjóðsins verið sent bréf hinn 17. mars 2011 þar sem umræddur samruni var kynntur og viðskiptamenn látnir vita hvaða afleiðingar hann hefði, þ.e. að öll útibú sparisjóðsins væru nú orðin útibú NBI og starfsmenn þeirra því starfsmenn hans; viðskiptavinir gætu eftir sem áður leitað til síns þjónustufulltrúa með öll bankaviðskipti; og fyrst um sinn yrði reikningum, reikningsnúmerum og netbönkum haldið óbreyttum, en síðar yrðu viðskiptavinir fluttir yfir í kerfi NBI. Gerð yrði nánari grein fyrir þessu á síðari stigum. Um það segir nánar:

„Síðar voru send sérstök bréf til viðskiptavina eftir útibúum. Hinn 21. mars 2011 voru viðskiptavininum Spkef sparisjóðs í Ólafsvík send bréf vegna flutningsins. Hinn 27. mars 2011 voru viðskiptavininum Spkef í Grindavík og Vestfjarða send bréf vegna flutningsins. Hinn 29. mars 2011 voru viðskiptavininum Spkef á Hvammstanga send bréf vegna flutningsins. Loks voru send bréf 1. apríl 2011 á alla aðra viðskiptavini Spkef. Í bréfunum voru viðskiptavinirnir upplýstir um ný reikningsnúmer og atriði tengd netbanka og fleira.

Eins og sést á meðfylgjandi mynd voru upplýsingar um viðskiptavini Spkef í Ólafsvík ekki færðar yfir í Landsbankann fyrr en 25. mars 2011. Upplýsingar um viðskiptavini Spkef sparisjóðs í Grindavík voru færðar yfir 5. apríl 2011. Upplýsingar um viðskiptavini Spkef sparisjóðs Vestfjarða voru færðar yfir 8. apríl 2011. Upplýsingar um viðskiptavini Spkef sparisjóðs í Njarðvík voru færðar yfir 12. apríl 2011. Upplýsingar um viðskiptavini Spkef sparisjóðs í Keðjavík og Sandgerði voru færðar yfir 15. apríl 2011. Upplýsingar um viðskiptavini Spkef sparisjóðs í Garði voru færðar yfir 18. apríl 2011. Loks voru upplýsingar um viðskiptavini Spkef sparisjóðs á Hvammstanga og Vogum færðar yfir 20. apríl 2011.“

II.

Forsendur og niðurstæða

1.

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um sérhverja rafræna

vinnslu persónuupplýsinga og handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru skilgreindar í 1. tölul. 2. gr. laganna sem sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi. Hugtakið vinnsla er skilgreint sem sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laganna. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

2.

Vinnsla persónuupplýsinga er heimil ef einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er fullnægt. Við mat á heimildum samkvæmt 8. gr. verður að líta til ákvæða í öðrum lögum sem við eiga hverju sinni. Eins og hér háttar til reynir á ákvæði í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki sem fyrst voru felld þar inn með lögum nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., sbr. síðar lög nr. 44/2009.

Hér er nánar tiltekið um að ræða reglur sem nú er mælt fyrir um í VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002. Í 3. mgr. þess ákvæðis er mælt fyrir um að séu aðstæður mjög knýjandi geti Fjármálaeftirlitið tekið yfir vald hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda í því skyni að taka ákvarðanir um nauðsynlegar aðgerðir, m.a. takmarkað ákvörðunarvald stjórnar, vikið stjórn frá að hluta til eða í heild sinni, tekið yfir eignir, réttindi og skyldur fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta eða ráðstafað slíku fyrirtæki í heild eða að hluta. Þá er meðal annars tekið fram að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að framselja öll réttindi að því marki sem nauðsynlegt sé í slíkum tilfellum.

Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 er heimilt að vinna með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að fullnægja lagaskyldu. Þá segir í 7. tölul. sömu málsgreinar að heimilt sé að vinna með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra. Fyrir liggur að hinn 5. mars 2011 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun á grundvelli framangreindra reglna VI. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002, þess efnis að eignum og skuldum Spkef sparisjóðs skyldi ráðstafað til NBI hf., nú Landsbankans. Í 1. tölul. ákvörðunarinnar segir að NBI taki við öllum rekstri, eignum og skuldbindingum Spkef sparisjóðs. Þá segir að um sé að ræða samruna án skuldaskila þannig að Spkef sé algerlega sameinaður NBI með yfirtöku eigna og skulda.

Umrætt ákvæði laga nr. 161/2002 hefur það meðal annars að markmiði að unnt sé að ráðstafa öllum réttindum og skyldum fjármálafyrirtækis til nýs fyrirtækis þegar Fjármálaeftirlitið tekur ákvörðun þar að lútandi. Slíkri ákvörðun er ekki unnt að framfylgja nema upplýsingar um viðskiptamenn flytjist til hins nýja aðila og varðveitist þar með sama hætti og hjá hinum fyrri.

Eins og fyrr greinir lúta umræddar upplýsingar að viðskiptasögu kvartanda hjá Spkef sparisjóði. Í ljósi fyrrnefnds ákvæðis 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 hefur verið á því byggt að einstaklingum og lögaðilum sé heimilt að varðveita upplýsingar um löggæringa og viðskipti sem þeir hafa sjálfir átt aðild að. Kvartandi hefur vísað til 17. gr. a í lögum nr. 161/2002 í því sambandi, sbr. lög nr. 75/2010, þar sem fjallað er um svonefnda uppfærða skuldbindingaskrá sem hverju og einu fjármálafyrirtæki er ætlað að halda „um alla þá sem njóta lánaþyrirgreiðslu þess“. Fram kemur í ákvæðinu að með lánaþyrirgreiðslu sé átt við tilteknar fjármálaráðstafanir, „enda nemi brúttóskuld viðkomandi við fjármálafyrirtækið að lágmarki 300 millj. kr.“ Í athugasemdum við 8. gr. í greinargerð með því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 75/2010 um breytingu á lögum nr. 161/2002, segir að um sé að ræða „sérstaka skrá“ fjármálafyrirtækis yfir viðskiptamenn fjármálafyrirtækja „sem eru það kerfislega mikilvægir, eða stórir, að áföll í rekstri þeirra kunni að

hafa áhrif út fyrir viðskiptasamband þeirra og viðkomandi fjármálaþyrtinga.“ Þrátt fyrir fyrrgreint orðalag um „alla“ sem njóta fyrirgreiðslu verður því ekki séð að með ákvæðinu hafi ætlun löggjafans verið sú að banna hefðbundna skráningu viðskiptaupplýsinga. Í ljósi þessa, sem og fyrrgreinds ákvæðis 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, telur Persónuvernd því Spkef sparísjóði hafa verið varðveisla umræddra upplýsinga heimil. Þegar litið er til VI. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 og framangreindrar ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þess ber að telja þá heimild hafa yfirferst til Landsbankans. Er niðurstaða Persónuverndar því sú að varðveislan sem slík samrýmist lögum nr. 77/2000, en auk þess verður ekki séð að í ljósi þeirra laga sé tilefni til athugasemda við hvernig staðið var að fræðslu til viðskiptavina Spkef sparísjóðs við þá yfirfærslu.

Hvað varðar miðlun Landsbankans á upplýsingum um umræddar kröfur á hendur kvartanda í skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts telur Persónuvernd meðal annars reyna á fyrrgreint ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Í ljósi þess má telja fjármálastofnunum heimilt að miðla upplýsingum inn í kerfið svo að þær megi gera aðgengilegar annarri fjármálastofnun sem hefur til meðferðar umsókn einstaklings um fyrirgreiðslu. Þeirri fjármálastofnun skal þó hafa borist beiðni viðkomandi einstaklings um uppflettingu, en auk þess verður miðlunin að samrýmast grunnreglum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000, þ. á. m. 3. tölul. um að við vinnslu persónuupplýsinga skal þess gætt að upplýsingarnar séu nægilegar, vidoigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar. Það ákvæði hefur í för með sér að fjármálastofnun, sem miðlar upplýsingum inn í umrætt kerfi, ber að gæta þess að um sé að ræða gildar kröfur, en upplýsingum um fyrndar kröfur á því ekki að miðla. Samkvæmt 2. mgr. 165. gr. laga nr. 91/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., sbr. lög nr. 142/2010, fynast kröfur á tveimur árum frá því að gjaldþrotaskiptum lýkur. Ljóst er að kröfur á hendur kvartanda voru fyrndar samkvæmt þessu ákvæði, en af því leiðir jafnframt að Landsbankanum var umrædd miðlun óheimil.

Úrskurðarorð:

Varðveisla Landsbankans hf. á upplýsingum um afskriftir Spkef sparísjóðs á kröfum á hendur [A] samrýmist lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Miðlun bankans á upplýsingum um kröfur sem eru fyrndar í skuldastöðukerfi Creditinfo-Lánstrausts hf. brast hins vegar heimild samkvæmt lögum.

3.2.32. Óskað skýringa vegna sendingar á greinargerð um málefni hælisleitanda – mál nr. 2013/1625

Persónuvernd sendi þann 19. nóvember 2014 lögreglunni á Suðurnesjum bréf þar sem óskað var eftir skýringum varðandi sendingu greinargerðar um málefni hælisleitanda sem send var innanríkisráðuneytinu.

Úr bréfi Persónuverndar:

Persónuvernd vísar til fréttu í fjölmiðlum um samskipti lögreglunnar á Suðurnesjum og annars af aðstoðarmönnum innanríkisráðherra hinn 20. nóvember 2013, þ. á. m. greinargerðar varðandi málefni [hælisleitandi] sem lögreglustjóri sendi umræddum aðstoðarmanni í tölvupósti.

Svo að vinna megi með persónuupplýsingar þarf ávallt að vera fullnægt einhverju af skilyrðum 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Sé um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. 8. tölul. 2. gr. sömu laga, þarf einnig að vera fullnægt einhverju af skilyrðum 9. gr. laganna. Þá verður miðlun persónuupplýsinga frá lögreglu til annarra stjórnvalda að fullnægja kröfum 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 322/2001 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu sem sett er með stöð í meðal annars 3. mgr. 45. gr. laga nr. 77/2000.

Mál þetta var rætt á fundi stjórnar Persónuverndar í dag. Í samræmi við ákvörðun á þeim fundi er

Þess hér með óskað að embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum skýri frá því hvaða upplýsingum var miðlað til innanríkisráðuneytisins með sendingu umræddrar greinargerðar. Þá er þess óskað að fram komi hvernig sú miðlun er talin horfa við ákvæðum 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000, sem og 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 322/2001.

Jafnramt er þess óskað að afrit af umræddri greinargerð verði sent Persónuvernd. Svarfrestur er veittur til 3. desember nk.

3.2.33. Gagnaafhending til barnaverndarnefndar - mál nr. 2014/756

Persónuvernd úrskurðaði þann 22. október 2014 um að vinnsla barnaverndarnefndar á upplýsingum um heilsufar og lögregluafskipti í tengslum við könnun barnaverndarmáls hafi samrýmst lögum nr. 77/2000.

Úrskurðurinn er svohljóðandi:

I.

Grundvöllur máls

1.

Tildrög máls

Þann 30. apríl 2014 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] (hér eftir nefndur kvartandi), vegna miðlunar persónuupplýsinga um hana frá Heilbrigðisstofnun [X] og lögreglufirvöldum til barnaverndarnefndar [Z]. Í kvörtuninni sagði m.a. að upplýsingum úr sjúkraskrá kvartanda, þ.e. úr viðtölum kvartanda við lækna og sálfræðinga, ásamt upplýsingum úr dagbók og málaskrá lögreglu hefði verið miðlað til nefndarinnar. Telur kvartandi að umrædd miðlun hafi farið út fyrir valdheimildir barnaverndarnefndar.

2.

Bréfaskipti

Með bréfi, dags. 26. júní 2014, var barnaverndarnefnd [Z] tilkynnt um kvörtunina og boðið að koma á framfæri skýringum til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Var svarfrestur veittur til 10. júlí 2014 og síðan framlengdur til 18. s.m. að beiðni nefndarinnar.

Svarbréf barnaverndarnefndar [Z], dags. 15. júlí 2014, barst Persónuvernd þann 18. júlí s.á. Í bréfinu segir að til þess að geta rækt lögbundin verkefni sín, samkvæmt 12. gr. barnaverndarlaga nr. 88/2002, sé barnaverndarnefndum veittar rúmar rannsóknarheimildir í lögnum, sbr. 21. og 22. gr. laganna. Þá sé í 44. gr. barnaverndarlaga mælt fyrir um skyldu hinna ýmsu stofnana til að veita barnaverndarnefndum upplýsingar um ýmis atriði. Sú skylda gangi framur lögum og síðareglum um þagnarskyldu einstakra starfsséttu, sbr. 4. mgr. ákvæðisins.

Þá kemur fram að gagnaöflun sú er kvörtun beinist að hafi farið fram í tengslum við vinnslu [tiltekins] máls sem barnaverndarnefnd [Z] höfðaði á hendur kvartanda [...], sbr. dóm [...] þar sem Hæstiréttur féllst á þá kröfu. Hefði nefndin aflað upplýsinga hjá ýmsum aðilum líkt og fylgigögn bréfsins berðu með sér. Er síðan rakið hvaða upplýsinga óskað var eftir í einstökum tilvikum. Meðal annars var um að ræða ósk um upplýsingar frá [Z] um [...] kvartanda og annað sem starfsmenn [Z] vildu koma á framfæri. Þá óskaði nefndin eftir upplýsingum frá Ríkislögreglustjóra, lögreglunni [Æ] og lögreglunni [X] um lögregluafskipti af kvartanda. Einnig óskaði nefndin eftir upplýsingum frá Fangelsismálastofnun ríkisins um [...] kvartanda, hegðun hennar og líðan auk upplýsinga um [...]. Þá óskaði hún eftir upplýsingum frá Landsspítala-Háskólasjúkrahúsi um m.a. ástæður innlagnar, ástand við komu og framvindu mála hjá kvartanda.

Varðandi lagaheimildir fyrir umræddri upplýsingaöflun var vísað til þess að barnaverndarnefndir hefðu lögbundið eftirlitshlutverk, sbr. 1. tölul. 12. gr. laga nr. 88/2002, sem kveður á um að þær skuli kanna aðbúnað, hátterni og uppeldisskilyrði barna og meta sem fyrst þarfir þeirra sem ætla

má að búi við óviðunandi aðstæður, sæti illri meðferð eða eigi í alvarlegum félagslegum erfiðleikum. Hefði sú vinnsla persónuupplýsinga sem fram fór verið nauðsynleg til að sinna lögbundnu eftirlitshlutverki barnaverndarnefndarinnar og hún því heimil á grundvelli 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, sbr. einnig 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. sömu laga, enda væri sérstaka heimild til vinnslunnar að finna í 44. gr. laga nr. 80/2002. Þá segir:

„Varnaraðili telur að þær upplýsingar sem aflað var hafi verið nægilegar, viðeigandi og á engan hátt umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000. Þvert á móti voru umbeðnar upplýsingar nauðsynleg varnaraðila í því skyni að framkvæma heildstætt mat, byggt á málefnalegum forsendum og sinna þannig lögbundnu eftirlitshlutverki sínu, sbr. 3. tölul. 8. gr. laga nr. 77/2000.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er ljóst að umrædd upplýsingaöflun samrýmdist fyrirmælum laga nr. 77/2000 og allra reglna var gætt í hvívetna af hálfu varnaraðila við vinnslu málsins.“

Með bréfi, dags. 19. ágúst 2014, var kvartanda boðið að koma á framfæri athugasemdum sínum við framkomnar skýringar barnaverndarnefndar [Z] til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Var svarfrestur veittur til 2. september s.á.

Í svarbréfi kvartanda, dags. 2. september 2014, kemur fram að hún telji að í bréfi barnaverndarnefndar [Z], dags. 18. júlí 2014, sé ekki að finna svör við þeim spurningum sem óskað hafi verið eftir. Því sé ósvarað af hverju málaskrá lögreglu hafi verið lögð fram sem gögn í málinu. Vísað er til þess að í málaskrá lögreglu megi finna ósannaðar staðhæfingar um einstaklinga og því velt upp hvort umrædd notkun skrárinnar feli í sér dylgjur. Þá er sú spurning orðuð hvort það að leggja tugi blaðsíðna úr sjúkraskrá kvartanda fyrir barnaverndarnefndina rúmist innan ramma laganna, og hvers vegna ekki sé nóg að afla upplýsinga um hvaða lyf kvartandi hafi fengið ávísað eða biðja um læknaþréf. Þá er spurt um ástæður þess að eitt stakt viðtal sálfræðings við kvartanda sé á meðal gagnanna. Í niðurlagi bréfsins er tekið fram að eðlilegt hafi verið að barnaverndarnefndin aflaði upplýsinga um aðbúnað [barns] kvartanda. Hins vegar telji kvartandi að réttur nefndarinnar til upplýsingaöflunar um hana hljóti að vera takmörkunum háður og að kvartandi eigi einhvern rétt til friðhelgi einkalífs þrátt fyrir deilu hennar við barnaverndarnefndina.

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000

Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Kvörtun þessi lýtur að miðlun upplýsinga úr sjúkraskrá kvartanda, þ.e. viðtöl kvartanda við lækna og sálfræðinga, ásamt upplýsingum úr dagbók og málaskrá lögreglu, til barnaverndarnefndar [Z]. Af framangreindu er ljóst að öflun persónuupplýsinga af hálfu barnaverndarnefndar [Z] fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000.

2.

Lögmæti vinnslu

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að samrýmast einhverri af kröfum 8. gr. laga nr. 77/2000. Þá verður vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga, s.s. upplýsingar um heilsuhagi, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun og upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður um refsiverðan verknað, sbr. 8. tölul. 2. gr. sömu laga, að samrýmast einhverju af viðbótarskilyrðum 9. gr. laganna.

Að auki verður öll vinnsla persónuupplýsinga að fullnægja grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um gæði gagna og vinnslu. Þar er mælt fyrir um að persónuupplýsingar skuli unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær skuli fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.) og að þær skuli vera nægilegar og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.).

Samkvæmt 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 gegna barnaverndarnefndir því hlutverki að kanna aðbúnað barna og meta þarfir þeirra sem ætla má að búi við óviðunandi aðstæður. Skulu þær beita þeim úrræðum samkvæmt lögnum sem best þykja eiga við hverju sinni til að tryggja hagsmuni og velferð barna.

Í 44. gr. laga nr. 80/2002 er fjallað um upplýsingaskyldu gagnvart barnaverndarnefnd. Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins er öllum heilbrigðis- og sjúkrastofnunum, sérfræðingum sem veita félagslega þjónustu, geðdeildum, meðferðarheimilum auk annarra aðila skylt, eftir að barnaverndarnefnd hefur tekið ákvörðun um könnun máls, að láta nefndinni í té „upplýsingar og afrit af nauðsynlegum gögnum um heilsu barns, foreldra þess og annarra heimilismanna, þar á meðal upplýsingar um ástand viðkomandi og batahorfur, auk annarra upplýsinga sem nefndin telur að skipt geti máli fyrir úrlausn málsins.“ Í 3. mgr. ákvæðisins segir svo: „Þá skulu lögregla og sakaskrá ríkisins með sama hætti láta nefndinni í té upplýsingar og afrit nauðsynlegra gagna sem þessar stofnanir búa yfir um barn, foreldra þess og aðra heimilismenn sem varðað geta málið.“

Í 22. gr. laga nr. 80/2002 segir að markmið könnunar máls sé að afla upplýsinga um aðstæður barns og meta þörf fyrir úrræði. Í því skyni skuli nefndin kappkosta að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barns, þ.á.m. um hagi foreldra þess. Í athugasemdum við ákvæði 22. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 88/2002, segir að það ráðist af eðli og umfangi hvers máls hversu víðtæk könnun er. Þá segir í 2. mgr. 41. gr. laganna að könnun barnaverndarmáls skuli ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur, sbr. einnig 7. mgr. 4. gr. sömu laga sem kveður á um þá meginreglu barnaverndarstarfs að beita skuli vægustu ráðstöfunum til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt.

Samkvæmt 3. tölul. 8. gr. og 2. tölul. 9. gr. laga nr. 77/2000 er heimilt að vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar ef sérstök heimild stendur til þess samkvæmt lögum. Verður að líta svo á að í 44. gr. laga nr. 80/2002 sé að finna slíka heimild.

Af orðalagi 1. mgr. 44. gr. má ljóst vera að bæði sálfræðingum og læknum getur verið skylt að veita upplýsingar á grundvelli ákvæðisins. Þá er beinlínis tekið fram að upplýsingar um heilsufar og batahorfur foreldris sé á meðal þess sem upplýsingaskyldan tekur til. Í athugasemdum við ákvæði 44. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 88/2002, kemur fram að upplýsingar um heilsufar og batahorfur foreldra geti vissulega skipt miklu máli þegar gera þarf áætlun um framtíð barns og stuðningsaðgerðir í þágu þess. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd meti hvaða upplýsinga er nauðsynlegt að afla í hverju tilviki fyrir sig. Við það mat verður hún þó að gæta þess að ganga ekki lengra en nauðsynlegt er miðað við það markmið sem að er stefnt, sbr. 2. mgr. 41. gr. og 7. mgr. 4. gr. laganna auk 7. gr. laga nr. 77/2000.

Fyrir liggur að þegar beiðnirnar voru settar fram vann barnaverndarnefndin að [...]máli gagnvart

kvartanda. Verður því að telja að mikilvægt hafi verið að málið væri rannsakað vel. Með vísan til framangreinds og þess hvernig einstakar upplýsingabeirniðir barnaverndarnefndarinnar voru settar fram verður að líta svo á að barnaverndarnefnd [Z] hafi verið innan valdheimilda sinna þegar hún aflaði upplýsinga um kvartanda úr sjúkraskrá kvartanda og viðtölum sálfræðinga við hana.

Með sömu rökum verður einnig að telja að barnaverndarnefnd [Z] hafi verið heimilt á grundvelli 3. mgr. 44. gr. laga nr. 80/2002 að afla upplýsinga um lögregluafskipti af kvartanda úr dagbók og málaskrá lögreglu.

Úrskurðarorð:

Vinnsla barnaverndarnefndar [Z] á upplýsingum um heilsufar og lögregluafskipti af [A] í tengslum við könnun máls á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002 samrýmdist lögum nr. 77/2000.

3.2.34. Beiðni leigusala um persónuupplýsingar – mál nr. 2014/1134

Persónuvernd veitti þann 22. október 2014 almennt álit um að leigusölum sé heimilt að óska eftir ýmsum almennum persónuupplýsingum um leigutaka áður en til leigusamnings er stofnað. Þá geti beiðni leigusala um sakavottorð eða aðrar viðkvæmar persónuupplýsingar byggt á samþykki leigutaka. Leigusali verði hins vegar að ganga úr skugga um að öllum kröfum 7. gr. laga nr. 77/2000 sé fullnægt, m.a. um meðalhóf og sanngirni.

Álitið er svohljóðandi:

1.

Erindi Samtaka leigutaka

Persónuvernd vísar til bréfs frá Samtökum leigjenda, dags. 13. ágúst 2014. Í bréfinu óska samtökin eftir áliti Persónuverndar á heimildum leigusala til þess að fara fram á viðkvæmar persónuupplýsingar um þá sem hyggjast leigja af þeim húsnæði, t.a.m. upplýsingar um staðfestingu á atvinnu, launaseðla a.m.k. síðustu þriggja mánuða, sakavottorð, uppfléttingu í lánstrausti, myndir úr vegabréfum og hjúskaparstöðu. Þá óskuðu samtökin eftir áliti Persónuverndar á því hvort um væri að ræða brot á persónuverndarlögum og hvaða úrræði stæðu leigutökum til boða.

2.

Forsendur og niðurstaða

2.1.

Þau lög, sem Persónuvernd framfylgir og starfar eftir, þ.e. lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Með vísan til framangreinds er ljóst að beiðni leigusala um upplýsingar um leigutaka fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000.

2.2.

Öll vinnsla persónuupplýsinga þarf að uppfylla eitthvert þeirra skilyrða sem talin eru upp í 8. gr. laga nr. 77/2000, auk þess sem vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga þarf einnig að uppfylla eitt þeirra skilyrða sem tíunduð eru í 9. gr. sömu laga. Upplýsingar um það hvort maður hafi verið

grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað eru viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. laganna. Upplýsingar úr sakaskrá eða um dóm sem maður hefur hlotið fyrir refsierðan verknað eru því samkvæmt þessu viðkvæmar persónuupplýsingar.

Í 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 segir að vinnsla almennra persónuupplýsinga sé heimil ef hinn skráði hefur ótvírætt samþykkt hana. Við mat á því hvort að hinn skráði hafi gefið fullnægjandi samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga um sig verður fyrst og fremst að líta til þess hvort að umrædd vinnsla þjóni málefnalegum tilgangi. Þá þarf að liggja skýrt fyrir í hverju samþykkið felst, þ.e. hvers konar vinnslu upplýsingar ábyrgðaraðili hyggst vinna með. Þegar um vinnslu almennra persónuupplýsinga er að ræða, getur samþykki verið veitt í verki, t.d. með afhendingu tiltekinna upplýsinga. Einnig getur þurft að líta til þess hvort að umrætt samþykki sé gefið af fúsum og frjálsum vilja.

Þá getur vinnsla persónuupplýsinga einnig stuðst við 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna, ef hún telst nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður. Undir þetta ákvæði getur fallið sú aðstaða þegar vinnsla er nauðsynleg til að undirbúa gerð samnings, s.s. þegar leigusali aflar sér upplýsinga um leigutaka í þeim tilgangi að kanna hvort leigutaki er til þess bær að taka á leigu húsnæði hans.

Ljóst er að í flestum tilvikum er umrædd beiðni leigusala lögð fram í eignarvörslutilgangi og til að koma í veg fyrir að hann verði fyrir tjóni. Í 39. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994 eru leigusala tryggð ákveðin réttindi í þessum efnum. Þar kemur fram að áður en afhending hins leigða húsnæðis fer fram er leigusala rétt að krefjast þess að leigjandi setji honum tryggingu fyrir réttum efndum á leigusamningnum, þ.e. fyrir leigugreiðslum og skaðabótum vegna tjóns á hinu leigða sem að leigjandi ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum laga þessara eða almennum reglum. Í 1. mgr. 40. gr. eru taldar upp þær tryggingar sem að leigutaki getur krafist, s.s. bankaábyrgð, sjálfskuldarábyrgð þriðja aðila, tryggingafé o.fl. Þar kemur einnig fram að aðrar tryggingar sem leigjandi býður fram og leigusali metur gildar og fullnægjandi geti einnig talist til trygginga(r) í skilningi ákvæðisins.

Þá segir eftirfarandi í athugasemdum við 3. mgr. 40. gr. frumvarps þess er varð að húsaleigulögum nr. 36/1994:

Samkvæmt 3. mgr. er gert ráð fyrir því að leigusali eigi val um það í hvaða formi trygging sé. Er það eðlileg og sanngjörn tilhögun. Það eru hagsmunir hans og verðmæti sem í húfi eru og tryggja á. Valfrelsi leigjanda í þessu efni væri öldungis óraunhæft því ef leigusali sættir sig ekki við þá tryggingu sem leigjandi velur eða býður þá er honum í sjálfsvald sett að ganga ekki til samninga við hann.

Af framangreindu verður ekki annað ráðið en að leigusali hefur rúmar heimildir til að óska eftir því við leigutaka að hann leggi fram fullnægjandi tryggingar þegar gengið er til samninga um leiguhúsnæði.

Hvað varðar öflun viðkvæmra persónuupplýsinga, s.s. sakavottorðs, segir í 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil samþykki hinn skráði hana. Þegar um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða eru gerðar strangari kröfur en til samþykkis samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. Með hugtakinu samþykki í framangreindum tölulið er átt við sérstaka, ótvíræða yfirlýsingu sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt, o.s.frv., sbr. 7. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Þá segir í 2. tölul. sömu greinar að vinnsla sé heimil standi sérstök heimild til vinnslunnar samkvæmt öðrum lögum.

Með vísan til framangreinds verður að líta svo á að leigutaki húsnæðis geti gefið samþykki sitt fyrir því að leigusali afli viðkvæmra persónuupplýsinga frá honum sjálfum, s.s. upplýsinga úr

sakavottorði. Þó verður ekki framhjá því litið að í vissum tilvikum geti aðstæður verði með þeim hætti að ekki verði litið svo á að samþykki sé gefið með fúsum og frjálsum vilja hins skráða, s.s. þegar mikill aðstöðumunur er á ábyrgðaraðila og hinum skráða eða ef hinn skráði hefur engin önnur úrræði.

Þegar að ábyrgðaraðili óskar eftir gögnum frá hinum skráða verður hann ganga úr skugga um að hann hafi til þess fullnægjandi heimildir. Niðurstaða mats hans getur hins vegar sætt endurskoðun Persónuverndar.

2.3.

Að auki verður öll vinnsla persónuupplýsinga að fullnægja grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um gæði gagna og vinnslu. Þar er mælt fyrir um að persónuupplýsingar skuli unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær skuli fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær skuli vera nægilegar og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); að þær skuli vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, en persónuupplýsingar, sem séu óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skuli afmá eða leiðrétta (4. tölul.); og að þær skuli varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hina skráðu lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

Þegar að ábyrgðaraðili, í þessu tilviki leigusali, óskar eftir að hinn skráði afhendi tiltekna persónuupplýsingar um sig, áður en hann gengur í samningssamband við hann, ber honum að huga að framangreindum grunnkröfum. Hann má því ekki ganga lengra en nauðsynlegt og sanngjarnt getur talist. Því viðkvæmari sem upplýsingar eru því meiri kröfur verður að gera um meðalhóf og sanngirni. Þá verður hann einnig að gera ráðstafanir varðandi eyðingu upplýsinga, fái hann þær í hendur til varðveislu.

Samkvæmt framangreindu getur leigusali almennt óskað eftir persónuupplýsingum um væntanlegan leigutaka, í öryggis- og eignarvörslutilgangi. Honum ber hins vegar að leggja mat á, áður en óskað er eftir viðkvæmum persónuupplýsingum, hvaða upplýsingar séu honum nauðsynlegar til að hann geti lagt mat á áreiðanleika leigutaka. Í slíkum tilvikum mætti ímynda sér að leigusala væri í ákveðnum tilvikum heimilt að óska eftir umsögn fyrerverandi leigusala sem einstaklingur var áður leigutaki hjá. Á grundvelli þeirra upplýsinga gæti hann síðan tekið ákvörðun um hvort nauðsynlegt sé að óska frekari upplýsinga, t.a.m. með framlagningu sakavottorðs eða staðfestingu atvinnuveitanda, staðfestingu launa eða frekari umsagna.

Þá bendir Persónuvernd á að samkvæmt 7. mgr. 85. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994 getur kærunefnd húsamála tekið fyrir mál að eigin frumkvæði og eftir tilmælum og ábendingum frá öðrum, svo sem velferðarráðuneyti, Íbúðalánasjóði, byggingarfulltrúum, leigumiðlurum, Húseigendafélaginu og Leigjendasamtökunum. Í slíkum málum getur nefndin látið frá sér álit og tilmæli.

Niðurstaða

Beiðni leigusala um almennar persónuupplýsingar, s.s. staðfestingu á atvinnu, launaseðla, vanskilaskráningu, myndir í vegabréfi og hjúskaparstöðu, getur stuðst við 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Beiðni leigusala um viðkvæmar persónuupplýsingar, s.s. sakavottorð, getur stuðst við 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. sömu laga. Þá verður ábyrgðaraðili að ganga úr skugga um að öll vinnsla persónuupplýsinga á hans vegum fullnægi kröfum 7. gr. laganna, m.a. um meðalhóf og sanngirni.

3.2.35. Miðlun upplýsinga um fyrndar kröfur – mál nr. 2014/753

Persónuvernd úrskurðaði þann 19. nóvember 2014 að miðlun upplýsinga um fyrndar kröfur frá

Landsbanka til Creditinfo-Lánstrausts hafi verið óheimil.

Úrskurðurinn er svohljóðandi:

I.

Málavextir og bréfaskipti

Persónuvernd hefur borist kvörtun frá [A], dags. 30. apríl 2014, yfir að Landsbankinn hf. hafi ekki fjarlægt úr lánayfirliti hjá Creditinfo Lánstrausti hf. tiltekna, fyrnda kröfur á hendur honum þrátt fyrir beiðni hans þar að lútandi. Fyrir liggur að kvartandi varð gjaldþrota árið 201[x], en samkvæmt 2. mgr. 165. gr. laga nr. 91/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., sbr. lög nr. 142/2010, fyrnast kröfur á tveimur árum frá því að gjaldþrotaskiptum lýkur. Þá liggur fyrir um að er að ræða upplýsingar sem bankinn miðlaði í skuldastöðukerfi Lánstrausts hf., en slík miðlun á sér stað þegar fyrir liggur beiðni hins skráða þar að lútandi í tengslum við lánafyrirgreiðslu. Verða þá upplýsingar úr kerfinu, sem í það hefur verið miðlað samkvæmt beiðninni, aðgengilegar þeim sem sótt er um lánafyrirgreiðslu hjá.

Með bréfi, dags. 1. júlí 2014, var Landsbankanum veitt færi á að tjá sig um kvörtunina. Hann svaraði með bréfi, dags. 29. s.m. Þar segir meðal annars:

„Í tilefni af ofangreindri kvörtun hafði Landsbankinn samband við Creditinfo Lánstraust og óskaði eftir því að umræddar kröfur yrðu fjarlægðar af lánayfirliti. Samkvæmt upplýsingum þaðan var ekki unnt að verða við þeirri beiðni þar sem Creditinfo Lánstraust sækir umræddar upplýsingar úr kerfum bankans. Landsbankinn hefur því í kjölfarið látið fjarlægja umræddar kröfur á hendur [A] úr kerfum bankans. Kröfurnar ættu því að hverfa úr lánayfirliti Creditinfo Lánstrausts.“

Með bréfi, dags. 21. október 2014, var kvartanda veitt færi á að tjá sig um framangreint svar Landsbankans. Í símtali hinn 18. nóvember s.á. áréttaði hann fyrri afstöðu.

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga og handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru skilgreindar í 1. tölul. 2. gr. laganna sem sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi. Hugtakið vinnsla er skilgreint sem sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laganna. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

2.

Svo að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil verður ávallt að vera fullnægt einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Það ákvæði laganna, sem hér kemur einkum til álita, er 7. tölul. þeirrar málsgreinar, þess efnis að vinna má með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra.

Í ljósi þessa ákvæðis má telja fjármálastofnunum heimilt að miðla upplýsingum í skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf. svo að þær megi gera aðgengilegar annarri fjármálastofnun sem hefur til meðferðar umsókn einstaklings um fyrirgreiðslu. Þeirri fjármálastofnun skal þó hafa borist beiðni viðkomandi einstaklings um uppflettingu, en auk þess verður miðlunin að samrýmast grunnreglum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000, þ. á. m. 3. tölul. um að við vinnslu persónuupplýsinga skal þess gætt að upplýsingarnar séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það

sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar. Það ákvæði hefur í för með sér að fjármálastofnun, sem miðlar upplýsingum inn í umrætt kerfi, ber að gæta þess að um sé að ræða gildar kröfur, en upplýsingum um fyrndar kröfur á því ekki að miðla. Samkvæmt 2. mgr. 165. gr. laga nr. 91/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., sbr. lög nr. 142/2010, fýrnast kröfur á tveimur árum frá því að gjaldþrotaskiptum lýkur. Ljóst er að þegar kröfur eru fyrndar á grundvelli þessa ákvæðis stríðir miðlun þeirra í umrætt skuldastöðukerfi gegn fyrrgreindu ákvæði 7. gr. laga nr. 77/2000.

Fyrir liggur að kröfur Landsbankans hf., sem miðlað var í umrætt skuldastöðukerfi, voru fyrndar samkvæmt framangreindu. Af því leiðir að miðlunin var óheimil.

Úrskurðarorð:

Landsbankanum hf. var óheimilt að miðla upplýsingum um fyrndar kröfur á hendur [A] í skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf.

3.2.36. Krafa Blands ehf. um reikningsnúmer – mál nr. 2014/471

Persónuvernd úrskurðaði um að öflun og notkun Blands ehf. á upplýsingum um reikningsnúmer þeirra sem selja vörur og þjónustu á vefnum bland.is samrýmist ákvæðum persónuverndarlöggjafar. Hins vegar hafi skort á fræðslu til hinna skráðu um rétt þeirra. Var því lagt fyrir Bland ehf. að upplýsa Persónuvernd um hvernig bætt hafi verið úr fræðslu eigi síðar en 3. desember nk.

Úrskurðurinn er svohljóðandi:

I.

Málavextir og bréfaskipti

1.

Persónuvernd hefur borist kvörtun frá [A], dags. 8. apríl 2014, yfir kröfu á vefsíðunni bland.is um að þeir sem bjóða þar vörur til sölu gefi upp reikningsnúmer sitt til auðkenningar, en sú krafa sé mjög óeðlileg. Í kvörtun segir nánar:

„Rökstuðningur fyrir þessari kvörtun minni er þessi

Bankareikningsnúmer eru persónubundnar upplýsingar og bankar ráðleggja viðskiptavinum sínum frá því að gefa upp þessi númer í gegnum netið.

Óvíst er hver hefur aðgang að þessum upplýsingum, hvað verður um þær, og hvernig þessar upplýsingar eru notaðar.

Engin trygging er fyrir því hjá Bland.is hvað verður um þessar upplýsingar, hvort einhver hefur aðgang að þeim, og hvort að trygging sé fyrir því að óviðkomandi geti nálgast þessar upplýsingar og misnotað þær.

Óvíst er hvort að það standist lög að Bland.is geti krafist þess að fá bankareikningsnúmer af notendum síðu þeirra með þessum hætti.

Sæmilega góður hakkari gæti skaffað sér aðgang að heimasíðu Bland.is og nálgast upplýsingar um bankareikninga þá sem notendur síðunnar Bland.is hafa látið Bland.is í té.

Komast óviðkomandi aðili í upplýsingar um bankareikninga sem geymdir eru hjá Bland.is, gæti viðkomandi aflað sér upplýsinga um tekjur viðkomandi reikningseigenda, neyslumynstur, og jafnvel dregið sér fé af bankareikningi viðkomandi aðila og jafnvel notað reikningsupplýsingar til að kaupa sér vörur og þjónustu.“

Með vísan til framangreinds er í kvörtun óskað athugunar Persónuverndar á því hvort (a) umrædd upplýsingaöflun sé lögleg, (b) hvað verði um þær upplýsingar um reikningsnúmer sem

beðið sé um á bland.is, (c) hver hafi aðgang að upplýsingunum, (d) hversu lengi þær séu varðveittar hjá aðstandendum vefsíðunnar og (e) hverjir standi að henni.

2.

Persónuvernd kannaði hver stendur að umræddri vefsíðu, en þar er um að ræða Bland ehf. Var því fyrirtæki sent bréf, dags. 16. apríl 2014, þar sem því var veitt færi á að tjá sig um framangreinda kvörtun. Svarað var með bréfi, dags. 22. maí s.á. Þar segir að umræddra upplýsinga sé aflað til auðkenningar notenda til að fyrirbyggja svik, en eftir að öflun upplýsinganna hófst hafi svikum og svikatilraunum fækkað til muna. Um upplýsingaöflunina sé fjallað í notendaskilmálum á bland.is sem séu hluti af samningi við notanda. Hún eigi sér stoð í 1., 2. og 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, þess efnis að vinnsla persónuupplýsinga er heimil þegar aflað er samþykkis hins skráða, þegar hún er nauðsynleg vegna samningsgerðar í samræmi við tiltekin skilyrði og þegar hún er nauðsynleg í þágu lögmætra hagsmuna sem vegna þyngra en grundvallarréttindi og frelsi hins skráða. Auk þess sé kröfum laga nr. 77/2000 fullnægt að öðru leyti, þ. á m. kröfum 7. gr. laganna, en þar er m.a. mælt fyrir um að vinnsla skuli fara fram í málefnalegum tilgangi og samrýmast meðalhöfðskröfum. Þá segir meðal annars:

„Þegar notandi hefur skráð sig inn á Bland.is og auðkennt sig í fyrsta skipti er bankaupplýsingum eytt um leið og gengið hefur verið úr skugga um að um réttan aðila sé að ræða. Kennitölu er haldið eftir í gagnagrunni, dulkóðaðri, og er einskona öryggisventill ef grunur leikur á að um svik sé að ræða. Hafi notandi ekki verið virkur í sex mánuði er kennitölu einnig eytt úr gagnagrunni.“

Í framhaldi af þessu er tekið fram að eingöngu þjónustustjóri og vefstjóri hafi aðgang að dulkóðuðum upplýsingum.

3.

Með bréfi, dags. 8. apríl 2014, ítrekuðu með bréfum, dags. 3. september og 21. október s.á., var kvartanda veitt færi á að tjá sig um framangreind svör Blands ehf. Tekið var fram í síðara ítrekunarbréfinu að ef engin svör bærust yrði kvörtunin tekin til afgreiðslu á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Ekki hafa borist svör.

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga og handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru skilgreindar í 1. tölul. 2. gr. laganna sem sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi. Hugtakið vinnsla er skilgreint sem sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laganna. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

2.

Vinnsla persónuupplýsinga er heimil ef einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er fullnægt. Af hálfu Blands ehf. hefur í því sambandi meðal annars verið vísað til 2. tölul. ákvæðisins, þess efnis að vinnsla persónuupplýsinga er heimil sé hún nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður. Í athugasemdum við 2. tölul. í greinargerð með því frumvarpi, sem varð að lögnum, segir að í tengslum við efndir samnings við hinn skráða megi viðhafa nauðsynlega vinnslu, s.s. á pöntunum, reikningum og

kvittunum. Undir umræddan tölulið falli að auki sú aðstaða þegar vinnsla er nauðsynleg til að undirbúa gerð samnings.

Persónuvernd telur ekki ótvírætt, m.a. þegar litið er til framangreindrar umfjöllunar í lögskýringargögnum, að umrædd vinnsla teljist nauðsynleg vegna samnings eða samningsgerðar í þeim skilningi sem krafist er samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. Reynir þá á hvort aðrar heimildir samkvæmt ákvæðinu geti átt við, en einkum koma þar til álita 1. og 7. tölul. 1. mgr. Samkvæmt fyrrnefnda ákvæðinu er vinnsla persónuupplýsinga heimil þegar aflað hefur verið samþykkis hins skráða. Þá segir í því síðarnefnda að vinna megi með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að gæta lögmætra hagsmuna, enda vegi þeir þyngra en grundvallarréttindi og frelsi hins skráða.

Í skýringum Blands ehf. kemur fram að með öflun reikningsnúmers þeirra sem nýta vefinn bland.is til sölu á vörum og þjónustu sé leitast við að koma í veg fyrir svik. Persónuvernd telur að skilyrði um lögmæta hagsmuni samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. sé fullnægt eins og hér stendur á. Þá telur stofnunin, eins og hér háttar til, að þeir vegi þyngra en hagsmunir seljenda á vefnum af því að veita ekki umræddar upplýsingar. Á öflun upplýsinganna því stöð í umræddu ákvæði.

Það hvort samþykki í skilningi 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. sé einnig til staðar ræðst meðal annars af því hvort hinum skráðu megi vera nægilega kunnugt um hvers vegna og með hvaða hætti vinnsla fer fram þegar þeir veita upplýsingar um reikningsnúmer sitt. Í því felst að um þarf að vera að ræða ótvírætt samþykki hins skráða eða samþykki í skilningi 7. tölul. 2. gr. laganna eins og tekið er fram í umræddum tölulið. Þar sem vinnsla persónuupplýsinga þarf ekki að samrýmast fleiri en einu af heimildarákvæðum 8. gr. gerist þess ekki þörf að taka hér afstöðu til þess hvort umræddum kröfum til samþykkis sé fullnægt. Hins vegar er ljóst að þegar persónuupplýsinga er aflað frá hinum skráða sjálfum verður, óháð því hvort byggt er á samþykki eða annarri vinnsluheimild, að veita honum fræðslu í samræmi við ákvæði 1. mgr. 20. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt því ákvæði ber að upplýsa um nafn og heimilisfang þess sem ábyrgð ber á vinnslu persónuupplýsinga, sem og tilgang vinnslunnar. Þá ber að veita aðrar upplýsingar, að því marki sem þær eru nauðsynlegar með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna. Nefnd eru dæmi um hvað geti fallið þar undir, þ. á m. fræðsla um viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinga, sbr. a-lið 3. tölul. ákvæðisins, og um ákvæði laga nr. 77/2000 um upplýsingarétt hins skráða, sbr. c-lið sama töluliðar. Nánar tiltekið er þar átt við 18. gr. laganna þar sem mælt er fyrir um nánari fræðslu sem veitt er hinum skráða samkvæmt beiðni hans.

Auk þess sem veita ber hinum skráða fræðslu í samræmi við framangreint ber að fara að öllum grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000, en þar er meðal annars mælt fyrir um að persónuupplýsingar skuli unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra skuli samrýmast vönduðum vinnsluháttum (1. tölul.); að þær skuli fengnar í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær skuli vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); og að þær skuli ekki varðveittar lengur á persónugreinanlegu formi en þörf krefur í ljósi tilgangi vinnslunnar (5. tölul.), en í því felst að þær skulu ekki varðveittar lengur en málefnalegt er og málefnalegan varðveislutíma.

Persónuvernd telur, í ljósi skýringa Blands ehf. á tilgangi umræddrar vinnslu og öðrum atriðum varðandi vinnsluna, að hún samrýmist kröfum 1. mgr. 7. gr. til meðal annars málefnalegs tilgangs, meðalhófs og varðveislutíma. Telur stofnunin því ekki, eins og á stendur, tilefni til sérstakrar umfjöllunar um vinnsluna í ljósi 1. mgr. 7. gr. nema hvað varðar skilyrði 1. tölul. málsgreinarinnar um að vinnsla fari fram með sanngjörnum hætti. Í því skilyrði er meðal annars talin felast gagnsæiskrafa, þ.e. um að hinn skráði fái eða eigi kost á fullnægjandi vitneskju um vinnslu. Umfjöllun um umrætt skilyrði fellur því saman við umfjöllun um fyrrnefnt ákvæði 20. gr. laga nr. 77/2000.

Við athugun Persónuvernd hefur komið í ljós að þegar óskað er eftir reikningsnúmeri hins skráða er hann beðinn um að staðfesta notendaskilmála Blands ehf. Gefinn er upp hlekkur á skilmálanna, en fremst í þeim kemur heiti Blands ehf. fram ásamt heimilisfangi. Þá segir, í því viðmóti þar sem upplýsinganna er óskað, að án þeirra sé ekki hægt að upplýsa hver hinn skráði sé, sem og að upplýsingarnar verði hvorki birtar né þeim deilt með þriðja aðila eða honum heimilað að skrá þær eða nota af vefnum. Auðkenning þjóni þeim tilgangi að gera kaup og sölu öruggari og ábyrgari.

Persónuvernd telur umrædda fræðslu, eins og hér háttar til, fullnægja kröfum 1. mgr. 20. gr. laga nr. 77/2000, sbr. og 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. sömu laga, að öðru leyti en því að eins og á stendur skortir leiðbeiningu um ákvæði laganna um upplýsingarétt hins skráða, þ.e. 18. gr.

Með vísan til alls framangreinds er niðurstaða Persónuverndar sú að umrædd vinnsla persónuupplýsinga samrýmist kröfum laga nr. 77/2000 nema hvað varðar fyrrgreint atriði um veitingu fræðslu. Skal Bland ehf. greina Persónuvernd frá því eigi síðar en 3. desember nk. hvornig bætt hafi verið úr fræðslunni þannig að hinum skráðu sé greint frá áður nefndum rétti sínum til frekari vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga. Þá skal minnt á mikilvægi þess að öryggi umræddra upplýsinga sé nægilega gætt, sbr. 11. og 12. gr. laga nr. 77/2000, sbr. reglur nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga.

Úrskurðarorð:

Öflun og notkun Blands ehf. á upplýsingum um reikningsnúmer þeirra sem selja vörur eða þjónustu á vefnum bland.is samrýmist lögum nr. 77/2000 að öðru leyti en því að fræðslu skortir til hinna skráðu um upplýsingarétt þeirra samkvæmt lögum nr. 77/2000. Skal Bland ehf. greina Persónuvernd frá því eigi síðar en 3. desember nk. hvornig bætt hafi verið úr fræðslunni hvað það varðar.

3.2.37. Upplýsingar í rannsóknarskýrslu fyrir tryggingafélag – mál nr. 2014/472

Persónuvernd úrskurðaði þann 19. nóvember 2014 um að vinnsla persónuupplýsinga í rannsóknarskýrslu í tengslum við tryggingarmál hafi ekki brotið gegn ákvæðum persónuverndarlaga þar sem unnið hafi verið með opinberar upplýsingar og að meðalhófs hafi verið gætt.

Úrskurðurinn er eftirfarandi:

I.

Málavextir og bréfaskipti

Hinn 10. mars 2014 barst Persónuvernd kvörtun frá [X] sf., f.h. umbjóðanda síns [A] (hér eftir nefndur „kvartandi“), dags. 5. mars 2014, yfir vinnslu persónuupplýsinga um hann hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. (hér eftir Sjóvá) og Aðstoð og öryggi ehf. (hér eftir AÖ). Í kvörtuninni kemur fram að kvartandi telji að brotið hafi verið gegn friðhelgi hans, að heilsufarsupplýsingum hafi verið miðlað án heimildar frá Sjóvá til AÖ í kjölfar tilkynningar sem Sjóvá barst um hugsanleg tryggingasvik af hans hálfu, að vinnslan hafi verið ómálefnanleg og að brotið hafi verið gegn 7., 8. gr. og 9. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Með bréfi, dags. 14. mars 2014, óskaði Persónuvernd eftir því að kvartandi afmarkaði kvörtunefni málsins nánar, n.t.t. yfir hvaða vinnslu persónuupplýsinga væri kvartað og hvern hann teldi vera ábyrgðaraðila og vinnsluaðila vinnslunnar.

Lögmaður kvartanda svaraði með bréfi, dags. 4. apríl 2014. Þar segir að kvartandi telji að söfnun, miðlun og meðferð viðkvæmra persónuupplýsinga um hann, milli þeirra aðila sem kvörtunin beinist að og eins og þær koma fram í skýrslu AÖ samræmist ekki ákvæðum laga nr. 77/2000. Munnlegum upplýsingum hafi verið aflað um kvartanda sem séu í öllum meginatriðum rangar, en þessar upplýsingar hafi ekki verið bornar undir hann áður en lokið var við gerð skýrslunnar. Þá

telji kvartandi að AÖ hafi tekið og notað ljósmyndir af kvartanda og fasteign hans í skýrsluna, án hans samþykkis. Sumar þessara mynda hafi verið teknar af lokaðri Facebook síðu kvartanda og aðrar myndir hafi verið fengnar annars staðar frá. Verði þeir aðilar sem kvörtun beinist að, að skýra með hvaða hætti þessara gagna og mynda hafi verið aflað og hvort notkun og miðlun þessara upplýsinga hafi verið kynnt kvartanda eða verið með samþykki hans. Sé svo ekki þá telji kvartandi að í því felist brot gegn lögum nr. 77/2000 og rétti hans til friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Þá er þess óskað í bréfinu að umræddir aðilar leggi fram vinnslusamning sem vinnsla persónuupplýsinga um kvartanda byggir á og upplýsi hvaða persónuupplýsingar um kvartanda hafi verið sendar frá Sjóvá til AÖ.

Með bréfi, dags. 14. apríl 2014, veitti Persónuvernd AÖ færi á að tjá sig um framangreinda kvörtun. Svaramaður var með bréfi, dags. 6. maí 2014. Þar segir að Sjóvá hafi óskað eftir aðkomu AÖ vegna rannsóknar í kjölfar tilkynningar sem þeim barst um meint tryggingasvik kvartanda. Óskað hafi verið eftir því að rætt yrði við vitnið sem kom fram með ábendinguna og leitað yrði staðfestingar jafnt til að sanna eða afsanna ávirðingarnar.

Þá segir í bréfinu að á fundi þann 12. september 2013 hafi starfsmanni AÖ verið tjáð í stuttu máli hvers eðlis slysið var sem kvartandi hafi orðið fyrir og lýsing á meiðslum hans, [...]. Sjóvá hafi sagt að í málinu lægi fyrir matsgerð lækna vegna meiðslanna og að ósamræmi væri á milli þess sem vitnið hafi haldið fram varðandi vinnugetu kvartanda og áður metna óvinnufærni hans. Fram hafi komið á fundinum að metin örorka kvartanda væri [...]. Þá hafi Sjóvá einnig tilgreint dagsetningu slyss og tjónsstað. Engin gögn hafi verið afhent til AÖ frá Sjóvá að undanskildu nafni og símanúmeri tilkynnanda.

Enn fremur segir í bréfi AÖ að í rannsóknarskýrslunni sem AÖ hafi unnið hafi mátt finna tvær myndir í ljósmyndamöppu, sem sta[r]fsmaður AÖ hafi tekið utan við heimili kvartanda [...]. Ekki hafi verið teknar myndir inn í húsið né inn um neina glugga og ekki hafi verið farið inn á lóð kvartanda né á annan hátt brotið gegn friðhelgi einkalífs kvartanda eða fjölskyldu hans. Aðrar ljósmyndir úr rannsóknarskýrslunni séu af Facebooksíðu kvartanda sem hafi verið opin öllum sem fletta upp hans nafni á þeim tíma sem þær hafi verið skoðaðar. Þá hafi tvær myndir úr rannsóknarskýrslunni verið teknar úr [blaðinu X]. Auk þess hafi tvær myndir úr skýrslunni verið teknar af starfsmanni AÖ á [...]. Starfsmaður AÖ hafi gætt þess að tjá viðmælendum sínum ekkert um málið.

Með bréfi, dags. 2. september 2014, veitti Persónuvernd Sjóvá tækifæri á að tjá sig um framangreinda kvörtun. Var sérstaklega óskað eftir upplýsingum um á hvaða heimild í 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 umrædd vinnsla byggðist á og hvernig vinnslan samræmdest 7. gr. sömu laga. Svaramaður var með bréfi, dags. 13. september 2014. Þar segir að eftir að örorkumatgerð kvartanda kom fram hafi Sjóvá borist símtal frá einstaklingi búsettum í heimabæ kvartanda, sem þekkti vel til kvartanda, og vildi upplýsa félagið um meint váttryggingasvik hans. Að mati starfsmanns Sjóvá var frásögn tilkynnanda bæði ítarleg og trúverðug og var því ákveðið að leita til AÖ sem að á þeim tíma hafði í gildi vinnslusamning við Sjóvá vegna tjónarannsóknar. Eigandi AÖ hafi farið til heimabæjar kvartanda í þeim tilgangi að ræða við tilkynnanda og önnur vitni og athuga hvort sæist til kvartanda við vinnu á almannafæri.

Sjóvá segir í bréfi sínu að samkvæmt 6. gr. laga nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi, skuli starfsemi rekin í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur í váttryggingaviðskiptum og með hag váttryggingartaka og váttryggðra fyrir augum. Tjónaafgreiðsla sé órjúfanlegur hluti af váttryggingastarfsemi og viðskiptavinir váttryggingafélaga hafi mikla hagsmuni af því að aðhalds sé gætt í rekstri þeirra og virkt eftirlit sé haft með réttmæti bótagreiðslna. Það sé því skylda váttryggingafélaga gagnvart öðrum viðskiptavinum að bregðast við ábendingum um möguleg bótasvik eða aðra misnotkun og láta slíkt ekki um eyru þjóta án skoðunar. Verði að játa váttryggingafélögum nokkuð svigrúm til eigin rannsókna, formlegra eða óformlegra til þess að

þeim sé unnt að rækja hlutverk sitt og stemma stigum við bótasvikum, þó innan þess ramma að gætt sé meðalhófs og virðingar fyrir persónuréttindum einstaklinga.

Þá segir í bréfinu að félagið telji að fullnægjandi lagaheimild hafi staðið til vinnslunnar samkvæmt 3. og 7. tölul. 1. mgr. 8. gr., sbr. einnig 6. og 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Félagið telji að ekki hafi verið gengið lengra en þörf krafði vegna eðlis þeirra upplýsinga sem því bárust, þeirra hagsmuna sem séu í húfi og þeirra hagsmuna félagsins vegi í þessu tilviki mun þyngra en hagsmunir kvartanda af friðhelgi einkalífs. Rannsóknin hafi verið unnin upp úr gögnum frá þriðja aðila eða gögnum sem tjónþoli hafi sjálfur gert opinber, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna. Skýrsluhöfundur hafi sjálfur tekið ljósmyndir á almannafæri og aðrar myndir hafi verið teknar af opinni Facebook-síðu kvartanda. Aðrar upplýsingar hafi verið fengnar frá vitnum. Vinnslan hafi verið nauðsynleg og ekki umfram það sem nauðsynlegt var til þess að kanna sannleiksgildi ábendingar um möguleg bótasvik. Eðli málsins samkvæmt fari vinnsla að þessu tagi fram án vitneskju eða vilja hins skráða og ekki hafi verið unnt að tilkynna kvartanda eða lögmanni hans um vinnsluna fyrr en að henni yfirstaðinni. Skýrslan hafi verið send lögmanni kvartanda þegar hún hafi legið fyrir og hafi hann komið athugasemdum kvartanda á framfæri við félagið í framhaldi.

Með bréfi, dags. 24. september 2014, veitti Persónuvernd kvartanda tækifæri á að tjá sig um framkomnar skýringar AÖ og Sjóvá. Svarað var með tölvupósti, dags. 3. október 2014. Þar segir að kvartandi telji að gengið hafi verið alltof langt í bersýnilega tilgangslausri viðleitni þessara aðila til að draga úr trúverðugleika fyrirliggjandi upplýsinga um alvarlegar afleiðingar vinnuslyss kvartanda. Hafi Sjóvá og AÖ mátt vera það ljóst frá upphafi, að skýrsla vinnsluaðila hefði enga þýðingu til sönnunar um afleiðingar vinnuslyss kvartanda og þegar af þeim sökum hafi meðferð og vinnsla persónuupplýsinga um kvartanda verið með öllu óþörf í málinu. Fyrstu matsgerð um afleiðingar vinnuslyss kvartanda yrði ekki hnekk nema með því að afla endurmats á afleiðingum slyssins. Hafi því ekki verið gætt hófs eða sanngirni í þeirri leið sem valin var, til þess að freista þess að hnekkja niðurstöðum matsgerðarinnar.

II.

Forsendur og niðurstæða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við það ákvæði í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að öflun upplýsinga um kvartanda og afhending þeirra til ábyrgðaraðila er vinnsla persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

2.

Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. laga nr. 77/2000 er ábyrgðaraðila heimilt að semja við tiltekinn aðila um að annast vinnslu persónuupplýsinga sem hann ber ábyrgð á. Í máli þessu liggur fyrir vinnslusamningur milli Sjóvá og AÖ sem Persónuvernd hefur borist. Þar kemur fram að vinnsla persónuupplýsinga vinnsluaðila skuli fullnægja skilyrðum 8. gr. laga nr. 77/2000. Þá kemur fram að vinnsluaðila sé einungis heimilt að starfa í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila nema lög mæli fyrir á annan veg. Að mati Persónuverndar fullnægir framangreindur samningur þeim skilyrðum sem gerð eru í 13. gr. laga nr. 77/2000.

3.

Svo að heimilt sé að vinna með persónuupplýsingar verður ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Svo að heimilt sé að vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar verður að auki að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 9. gr. sömu laga. Upplýsingar um heilsufar kvartanda eru viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. c-lið 8 tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

3.1

Í svarbréfi Sjóvá kemur fram að félagið telji að fullnægjandi lagaheimild hafi staðið til vinnslunnar samkvæmt 3. og 7. tölul. 1. mgr. 8. gr., sbr. einnig 6. og 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Þá vísar félagið til 6. gr. laga nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi, þar sem segir að starfsemi váttryggingafélaga skuli rekin í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur í váttryggingaviðskiptum og með hag váttryggingataka og váttryggðra fyrir augum.

Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 er vinnsla persónuupplýsinga heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila. Samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 er vinnsla persónuupplýsinga heimil sé hún nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna sem vega þyngra en grundvallarréttindi og frelsi hins skráða, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. Þá segir í 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. að vinnsla sé heimil ef hún taki einungis til upplýsinga sem hinn skráði hefur sjálfur gert opinberar. Enn fremur segir í 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. að vinna megi með viðkvæmar persónuupplýsingar sé vinnslan nauðsynleg til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja.

Í 6. gr. laga nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi, er fjallað um starfsemi váttryggingafélaga. Þar segir í 1. mgr. að váttryggingastarfsemi, sem váttryggingafélögum er heimilt að stunda, skal rekin í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur í váttryggingaviðskiptum og með hag váttryggingataka og váttryggðra fyrir augum. Þá segir jafnframt að váttryggingafélög skuli rekin á heilbrigðan og traustan hátt. Verður því ekki séð að lagaheimild hafi staðið til vinnslu persónuupplýsinga með þeim hætti sem gert var í rannsóknarskýrslu AÖ.

3.2

Í 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. segir að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna ábyrgðaraðila. Í svarbréfi Sjóvá kemur fram að váttryggingafélög og viðskiptavinir þeirra hafi mikla hagsmuni af því að aðhalds sé gætt í rekstri þeirra og virkt eftirlit sé haft með réttmæti bótagreiðslna. Það sé því skylda váttryggingafélaga gagnvart öðrum viðskiptavinum að bregðast við ábendingum um möguleg bótasvik eða aðra misnotkun og láta slíkt ekki um eyru þjóta án skoðunar. Í svarbréfinu segir jafnframt að játa verði váttryggingafélögum nokkuð svigrúm til eigin rannsókna, formlegra eða óformlegra til þess að þeim sé unnt að rækja hlutverk sitt og stemma stigum við bótasvikum, þó innan þess ramma að gætt sé meðalhófs og virðingar fyrir persónuréttindum einstaklinga. Að mati Persónuverndar er hér um að ræða lögmæta hagsmuni í skilningi 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000.

Til að vinnsla geti átt sér stoð í því ákvæði er skilyrði að grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi ekki þyngra en tilgreindir hagsmunir ábyrgðaraðila. Við mat á því í máli þessu skiptir í fyrsta lagi máli að ábyrgðaraðili skráir persónuupplýsingar aðeins til innanhússnota, þ.e. til afgreiðslu bótaeröfu kvartanda. Í öðru lagi að ábyrgðaraðili safnaði aðeins saman upplýsingum sem annars vegar voru opinberar og hins vegar upplýsingum sem var aflað af starfsmanni AÖ með ljósmyndum á almannafæri. Er það því mat Persónuverndar að umrædd vinnsla Sjóvá og AÖ samrýmist 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000.

3.3

Samkvæmt 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 er vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga heimil taki hún aðeins til upplýsinga sem hinn skráði hafi sjálfur gert opinberar. Hvað varðar þau gögn er aflað var af Facebook-síðu kvartanda þá kemur fram í svarbréfi Sjóvá að þeirra gagna hafi

verið aflað af opinni Facebook-síðu kvartanda. Kvartandi hefur hins vegar haldið því fram að Facebook-síða hans hafi verið lokað þegar gagnanna var aflað. Starfsmaður AÖ, sem vann við gerð skýrslunnar, hefur þá bent á að hann hafi engin rannsóknarræði til að afla upplýsinga af lokaðri Facebook-síðu. Ljóst er að Persónuvernd getur ekki, í ljósi þeirra úrræða, sem henni eru búin að lögum, sannreynt hvort Facebook-síða kvartanda var opin á þeim tímapunkti sem upplýsinganna var aflað. Af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu verður því ekki annað ráðið en að unnið hafi verið með upplýsingar sem kvartandi gerði opinberar sjálfur og fellur vinnslan því undir 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000.

Þá segir í 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna að heimilt sé að vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja. Eins og fram kemur í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð með því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, er ekki nauðsynlegt að mál sé lagt fyrir dómstóla til að ákvæðið eigi við heldur nægir að vinnsla sé nauðsynleg til að styðja kröfu fullnægjandi rökum. Af gögnum málsins er ljóst að í máli þessu er um að ræða öflun upplýsinga um kvartanda í þeim tilgangi að kanna réttmæti bótakröfu hans.

3.4

Auk þess sem heimild verður að vera til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 verður, eins og endranær við vinnslu persónuupplýsinga, að vera fullnægt öllum skilyrðum 1. mgr. 7. gr. laganna. Þar er meðal annars mælt fyrir um að við vinnslu persónuupplýsinga skuli þess gætt að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); og að þær séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hina skráðu lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

Fyrir liggur að persónuupplýsinga um kvartanda var aflað með viðtölum við einstaklinga sem þekktu til kvartanda. Þá voru myndir teknar af heimili hans af almannafæri og á vinnusvæði þar sem kvartandi átti að hafa unnið. Ljóst er að veita þarf tryggingarfélögum ákveðið svigrúm við könnun á bótakröfum tryggingartaka. Þegar litið er til þeirra upplýsinga unnið var með í þessu tiltekna máli og þeirra aðferða sem beitt var við öflun þeirra telur Persónuvernd að ekki hafi verið farið gegn kröfum um meðalhóf þannig að brotið hafi verið í bága við ákvæði 7. gr. með umræddri öflun persónuupplýsinga.

Úrskurðarorð:

Vinnsla AÖ fyrir hönd Sjóvá á rannsóknarskýrslu um kvartanda, var heimil samkvæmt lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

3.2.38. Afskiptum af máli vegna vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsókna Íslenskrar erfðagreiningar lokið þar sem fyrir liggur fyrri ákvörðun – mál nr. 2014/60

Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að í máli, þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsókna Íslenskrar erfðagreiningar, sé ekki uppi ágreiningur sem tilefni sé til að úrskurða um, m.a. með vísun til þess að óskað sé úrlausnar um atriði sem þegar hefur verið leyst úr, sbr. ákvörðun Persónuverndar, dags. 28. maí 2013, í máli nr. 2012/1404, sem og að Persónuvernd hafi ekki forsendur til að bera bregður á að kvartendur séu ekki á sjúkdómalistum hjá ÍE. Með vísun til þessa hefur stofnunin sent bréf þess efnis að afskiptum hennar af málinu sé lokið.

1.

Persónuvernd vísar til fyrri bréfaskipta af tilefni kvörtunar frá [A] fyrir hönd barna hans, [B og C]

(hér eftir nefnd „kvartendur“), sem samþykktu með undirritun umboðs að hann færi með mál þeirra gagnvart stofnuninni. Í kvörtuninni segir að telja megi líklegt, í ljósi rannsóknaraðferða sem lýst hefur verið af hálfu Íslenskrar erfðagreiningar ehf. (ÍE) og samstarfsaðila í fræðigreinum, að unnið hafi verið með upplýsingar um þau, þ. á m. áætlaðar arfgerðir, í tilteknum sex rannsóknum fyrirtækisins sem tilgreindar eru sérstaklega í kvörtuninni án þess að fengið hafi verið til þess upplýst samþykki. Hafi því verið um ólögmeða vinnslu að ræða.

Í bréfi, dags. 3. nóvember 2014, sem borist hefur frá ÍE, áréttar fyrirtækið fyrri svör, dags. 22. maí 2014, þess efnis að dulkóðaðar kennitölur kvartenda séu ekki á neinum sjúkdómslistum hjá ÍE. Þá sé ekki að finna áætlanir á arfgerð kvartenda hjá fyrirtækinu, en áætlunum á arfgerðum einstaklinga, sem ekki hafa samþykkt þar rannsóknarþátttöku, hafi verið eytt. Með tölvubrési hinn 26. nóvember 2014 var [A] veitt færi á að koma á framfæri athugasemdum við þessar skýringar. Hann svaraði með tölvubrési hinn 3. desember s.á., en þar segir meðal annars:

„Í ljósi framangreindra staðreynda tel ég mig hafa fullan rétt á að vita hvort ÍE hafi notað upplýsingar um mín börn í þessum rannsóknum og ég hafna alfarið fullyrðingu ÍE þess efnis að um sé að ræða aðildarskort vegna þess að ÍE hafi ekki notað upplýsingar um þessa einstaklinga. Það er ekki staðfest eða sannað að áætlaðar arfgerðir þessara einstaklinga hafi ekki verið notaðar af ÍE. Um einmitt þetta snýst málið og er framangreind fullyrðing ÍE um aðildarskort barna minna algerlega órökstudd og í reynd rökleysa af hálfu ÍE.“

2.

Persónuvernd hefur þegar komist að niðurstöðu um áætlanir á arfgerðum annarra en rannsóknarþátttakenda hjá ÍE sem varðveittar voru hjá fyrirtækinu, sbr. ákvörðun stofnunarinnar, dags. 28. maí 2013, í máli nr. 2012/1404. Var þar komist að þeirri niðurstöðu að slíkum áætluðum arfgerðum bæri að eyða og staðfesti ÍE að orðið hefði verið við fyrirmælum þar að lútandi með bréfi til Persónuverndar, dags. 5. nóvember 2013.

Af þeim skýringum ÍE í aðdraganda fyrrgreindrar ákvörðunar, sem í henni eru raktar, verður ekki annað ráðið en að vistaðar hafi verið áætlanir á arfgerðum allra Íslendinga sem ekki höfðu þegar verið arfgerðargreindir í þágu rannsókna fyrirtækisins. Af því verður dregin sú ályktun að kvartendur hafi verið á meðal hinna skráðu. Til þess er hins vegar að líta að þegar liggur fyrir úrlausn um þá vinnslu sem í framangreindu fólst og tekur sú úrlausn jafnt til þess þegar unnið var með upplýsingar um kvartendur, sem og aðra. Verður ekki séð að tilefni sé til að úrskurða aftur um þau lagalegu álitafni sem þar var tekin afstaða til.

Að auki hefur Persónuvernd ekki forsendur til að vefengja þær skýringar ÍE að í sjúkdómaskráum fyrirtækisins sé ekki að finna upplýsingar um kvartendur. Þegar lítið er til þess, sem og annars framangreinds, verður því ekki séð að í málinu sé uppi ágreiningur sem tilefni sé til að stofnunin úrskurði um. Tilkynnist því hér með að afskiptum stofnunarinnar af málinu er lokið.

3.2.39. Lífsýnasöfnun Íslenskrar erfðagreiningar ehf. – mál 2014/796

Persónuvernd úrskurðaði í janúarmánuði í þremur málum varðandi öflun Íslenskrar erfðagreiningar ehf. á lífsýnum frá einstaklingum sem boðin var þátttaka í samanburðarhópi fyrir rannsóknir fyrirtækisins á sviði mannfæðifræði.

Í máli nr. 2014/796 er niðurstaða Persónuverndar sú að ákvæði 28. gr. laga nr. 77/2000 hafi ekki átt við um umrædda lífsýnasöfnun. Því hafi vinnsla persónuupplýsinga um kvartanda samrýmst lögum nr. 77/2000.

Á fundi stjórnar Persónuverndar þann 17. desember 2014 var kveðinn upp svohljóðandi úrskurður í máli nr. 2014/796:

I.

Grundvöllur máls Málavextir og bréfaskipti

1.

Tildrög máls

Þann 8. maí 2014 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] (hér eftir nefndur kvartandi), vegna framkvæmdar lífsýnasöfnunar Íslenskrar erfðagreiningar (hér eftir ÍE). Í kvörtuninni segir m.a. að kvartandi sé á bannskrá Þjóðskrár Íslands. Þá gerir kvartandi athugasemd við það hvernig leitað var eftir þátttakendum í samanburðarhópi fyrir rannsóknir ÍE, m.a. með aðkomu björgunarsveita að verkefninu, en björgunarsveitir gengu í hús og söfnuðu lífsýnum þeirra sem samþykktu að veita þau, auk þess sem kvartandi telur að söluhvetjandi aðferð hafi verið beitt, þar sem þátttakendum var boðinn kaupauki í formi klæðis.

2.

Bréfaskipti

Með bréfi, dags. 26. maí 2014, var ÍE að boðið að koma á framfæri skýringum vegna kvörtunarinnar til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Var erindi Persónuverndar ítrekað með bréfi, dags. 1. júlí 2014. Óskaði Persónuvernd sérstaklega eftir að upplýst yrði hvort ÍE teldi ákvæði 28. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga eiga við sem og hvort sú aðferð, sem ÍE viðhafði við öflun lífsýna frá þátttakendum, hefði samrýmst ákvæðum reglna nr. 170/2001, sérstaklega 5. gr. þeirra, um hvernig afla skuli upplýsts samþykkis fyrir vinnslu persónuupplýsinga í vísindarannsókn á heilbrigðissviði.

Svarbréf ÍE, dags. 18. júlí 2014, barst Persónuvernd þann 24 s.m. Þar kom m.a. fram að umrædd rannsókn, þ.e. öflun lífsýna í samanburðarhóp fyrir rannsóknir fyrirtækisins á sviði mannerfðafræði (hér eftir „rannsóknin“), hefði verið tilkynnt til Persónuverndar, enda væri ekki um leyfisskylda vinnslu að ræða þar sem hún byggði á upplýstu samþykki þátttakenda. Þá kom fram að ÍE teldi reglur um bannmerkingar ekki eiga við um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Í því sambandi benti ÍE á að ákvæði 28. gr. laga nr. 77/2000 gildi um bannmerkingar í Þjóðskrá en það ákvæði ætti samkvæmt efni sínu við um markaðssetningarstarfsemi, markaðssókn og þess háttáð og ætti að koma í veg fyrir útsendingu s.k. markpósts. Taldi ÍE að póstsendingar í þágu rannsóknarinnar væri ekki markpóstur í skilningi ákvæðisins heldur væri um að ræða boð um þátttöku í vísindarannsókn á heilbrigðissviði samkvæmt 10. gr. laga nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga. Til grundvallar því fyrirkomulagi lægju ríkir einstaklings- og almannahagsmunir sem lýstu sér í því að löggjafinn hefði sett sérstakan lagaramma um slíka vinnslu persónuupplýsinga til að tryggja framgang vísindarannsókna á heilbrigðissviði í samræmi við vísindafræðileg viðmið. Þá tók ÍE fram að ef ákvæði um bannskrár yrðu látnar ná yfir vísindarannsóknir á heilbrigðissviði yrði grundvelli slíkra rannsókna kollvarpað. Þá tók ÍE fram að Þjóðskrá Íslands hefði óskað eftir afstöðu félagsins til þess álitaefnis hvort bannmerkingar í Þjóðskrá gætu átt við um rannsóknina. Hafi ÍE veitt efnislega sambærilegar útskýringar og hér voru raktar sem Þjóðskrá hafi fallist á.

Um öflun upplýsts samþykkis einstaklinga og það hvort söluhvetjandi aðferð hafi verið beitt við öflunina segir m.a. að 5. gr. reglna nr. 170/2001, um öflun upplýsts samþykkis fyrir þátttöku í vísindarannsókn á heilbrigðissviði, eigi ekki við um rannsóknina þar sem hún sé ekki framkvæmd með þátttöku sjúklinga. Þá sagði ÍE að markhópurinn væri þannig til kominn að öllum einstaklingum 18 ára og eldri, sem eru skráðir í Íslendingabók ÍE og hefðu ekki tekið þátt í rannsóknnum ÍE, hafi verið boðin þátttaka, en fylgt hafi verið hefðbundnu verklagi settu af Persónuvernd um þá gagnavinnslu, m.a. hvað afkóðun persónuauðkenna fyrir útsendingu rannsóknargagna og upplýsts samþykkis með bréfpósti. Þá segir að farið hafi verið eftir ákvæði 4. gr. fyrrnefndra reglna.

Loks tekur ÍE fram að rannsóknin hafi verið framkvæmd í samræmi við lög og reglur og samþykkt af Vísindasiðanefnd, sem gætir þess að rannsóknir séu framkvæmdar í samræmi við siðfræðileg viðmið. Hverjum og einum hafi verið frjálst að hafna þátttöku. Þá tók ÍE fram að þakklætisvottur sem ÍE sýndi þátttakendum, þ.e. að gefa þeim stuttermabol, hefði ekki verið talið athugunarvert af hálfu Vísindasiðanefndar og telur ÍE ekki að um kaupauka sé að ræða.

Með bréfi, dags. 21. ágúst 2014, var kvartanda boðið að koma á framfæri athugasemdum sínum við framkomnar skýringar ÍE til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Engin frekari svör bárust.

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000

Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Af framangreindu er ljóst að boð til kvartanda um þátttöku í rannsókn ÍE fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000.

2.

Lögmæti vinnslu

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að eiga sér stoð í lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þar er greint á milli almennra persónuupplýsinga og viðkvæmra. Talsvert strangari kröfur eru gerðar til lögmætis vinnslu persónuupplýsinga sem teljast viðkvæmar í skilningi laga nr. 77/2000 en til vinnslu annarra persónuupplýsinga. Svo að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil þarf hún að uppfylla eitthvert skilyrði 1. mgr. 8. gr. sem og eitthvert skilyrði 1. mgr. 9. gr. laganna.

Í máli því sem hér er til úrlausnar liggur fyrir að vinnsla persónuupplýsinga um einstaklinga grundvallast á upplýstu samþykki þeirra. Kvartandi veitti ekki samþykki sitt fyrir þátttöku í rannsókn ÍE og lýtur kvörtun hans ekki að heimild ÍE til vinnslu persónuupplýsinga um hann. Af þessum sökum þarf ekki að meta lögmæti vinnslunnar í ljósi 8. og 9. gr. laganna. Hins vegar er hér til úrlausnar hvort ÍE hafi borið að fylgja ákvæðum laga nr. 77/2000 um bannskrá þjóðskrár (og mögulega reglum 170/2001).

3.

Lagaákvæði um andmæli og bannskrá

Um andmæli gegn vinnslu persónuupplýsinga í markaðssetningarstarfsemi gildir ákvæði 2. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Samkvæmt henni heldur Þjóðskrár Íslands skrá yfir þá sem ekki vilja að unnið sé með persónuupplýsingar um sig af aðilum sem stunda markaðssetningarstarfsemi. Hefur sú skrá verið kölluð bannskrá. Þeir sem nota skrár með nöfnum, heimilisföngum, netföngum, símanúmerum og þess háttar, eða miðla þeim til þriðja aðila í tengslum við slíka starfsemi, skulu, áður en slík skrá er notuð í slíkum tilgangi, bera hana saman við bannskrá til að koma í veg fyrir að markpóstur verði sendur eða hringt verði til einstaklinga sem hafa andmælt slíku.

Í 7. mgr. 28. gr. segir að ákvæði 1.-5. mgr. gildi einnig, eftir því sem við á, um markaðs-, neyslu- og skoðanakannanir. Persónuvernd sé heimilt að undanþiggja vísindarannsóknir og hliðstæðar rannsóknir slíkum takmörkunum, enda þyki ljóst að slík geti skert til muna áreiðanleika niðurstöðu rannsóknarinnar.

Lög nr. 77/2000 hafa ekki að geyma skilgreiningu á hugtakinu „markaðssetningarstarfsemi“. Í öðrum lögum má þó finna ákvæði sem unnt er að hafa hliðsjón af í því sambandi. Í 6. tölul. 3. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, segir að *viðskiptabattir* séu „markaðssetning eða önnur athöfn, athafnaleysi eða háttarni sem tengist kynningu á vöru eða þjónustu eða viðskiptum með vöru og þjónustu“. Í 2. mgr. 14. gr. laga nr. 46/2000, um húsgöngu- og fjarsölusamninga, vísar orðið „markaðssetning“ til kynningar á vegum seljenda á „vöru og þjónustu“. Að sama skapi segir er í 1. og 2. mgr. 18. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, vísad til kynningar á „söluhlutum“. Loks er fjallað um markaðssetningu í 7. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, að orðið „markaðssetning“ er þar notað samhliða hugtakinu „rafræn þjónusta“ sem í 1. tölul. 2. gr. laganna er skilgreint sem þjónusta „sem almennt er veitt gegn greiðslu, úr fjarlægð, með rafrænum hætti að beiðni þjónustuþega.“

Í 4. mgr. 2. gr. laga nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, er hugtakið vísindarannsókn skilgreint sem rannsókn sem gerð er til að auka við þekkingu sem m.a. gerir kleift að bæta heilsu og lækna sjúkdóma. Auk þess sem mat vísindasiðanefndar eða siðanefndar á rannsókninni verði að hafa leitt í ljós að vísindaleg og siðfræðileg sjónarmið mæli ekki gegn framkvæmd hennar.

Af framangreindu má ráða að með markaðssetningu eða markaðssetningarstarfsemi er fyrst og fremst átt við einhvers konar viðskipti með, eða kynningu á, vörum og/eða þjónustu sem veitt er gegn greiðslu. Ákvæði 28. gr. á einungis við um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði að því marki sem þær fela *jafnframt* í sér markaðs-, neyslu- eða skoðanakönnun. Sú rannsókn sem hér um ræðir fól einungis í sér öflun lífsýna frá einstaklingum á grundvelli upplýsts samþykkis þeirra í þeim tilgangi að notast við lífsýni í vísindarannsóknum á heilbrigðissviði. Af tilgangi vinnslunnar hjá ÍE má ráða að honum sé ætlað að auka við þekkingu sem m.a. geri það kleift að bæta heilsu og lækna sjúkdóma. Persónuvernd telur að í slíkri rannsókn felist hvorki markaðs-, neyslu- eða skoðanakönnun. Af þeirri ástæðu er það mat stofnunarinnar að ákvæði 2. mgr. 28. gr., um að ábyrgðaraðili skuli bera skrá sem hann notar í tengslum við markaðssetningarstarfsemi saman við bannskrá Þjóðskrár Íslands, eigi ekki við um rannsókn ÍE sem fól í sér öflun lífsýna í samanburðarhóp fyrir rannsóknir fyrirtækisins á sviði mannfæðisfræði.

4.

Önnur umkvörtunarefni kvartanda

Í kvörtun kvartanda kemur einnig fram að framkvæmd rannsóknarinnar, og öflun lífsýna frá þátttakendum hafi farið fram með aðstoð björgunarsveita. Telur kvartandi að sú aðferð feli í sér að einstaklingum finnst þeir „svíkja“ björgunarsveitirnar og almannaheill með því að samþykkja ekki þátttöku í umræddri rannsókn, enda hafi mikið verið upp úr því lagt í kynningarherferð fyrir rannsóknina af björgunarsveitin fengi fjárhagslegan styrk frá ÍE fyrir hvern einstakling sem samþykkti þátttöku. Einnig segir kvartandi að annarri söluhvetjandi aðferð hafi verið beitt og loks nefnir kvartandi að það að óska eftir erfðaefnum frá heimilum fólks feli í sér grófa aðför að persónu einstaklinga. Framangreindum fullyrðingum kvartanda var hafnað af ÍE með bréfi félagsins, dags. 18. júlí sl., en þar kom fram að framkvæmd rannsóknarinnar hefði verið samþykkt af Vísindasiðanefnd, sem gætir þess að rannsóknir séu framkvæmdar í samræmi við siðfræðileg viðmið.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 44/2014, um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, er hlutverk Vísindasiðanefndar að meta vísindarannsóknir á heilbrigðissviði í þeim tilgangi að tryggja að þær samrýmist vísindalegum og siðfræðilegum sjónarmiðum. Á hinn bóginn hefur Persónuvernd eftirlit með því samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð

persónuupplýsinga hvernig framkvæmd er háttað við öflun lífsýna og upplýsts samþykkis fyrir vinnslu persónuupplýsinga vegna vísindarannsóknna og hvort rannsakendur fylgi þeim skilyrðum sem stofnunin setur, s.s. um dulkóðun persónuauðkenna og öðrum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni, sbr. 35. gr. laga nr. 77/2000. Það fellur ekki innan valdssviðs stofnunarinnar að meta hvort framkvæmd rannsóknar sé í samræmi við siðfræðileg sjónarmið, heldur er það mat Vísindasiðanefndar eins og áður sagði.

Úrskurðarorð:

Ákvæði 28. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, á ekki við um framkvæmd rannsóknar Íslenskrar erfðagreiningar ehf., um öflun lífsýna í samanburðarhóp fyrir rannsóknir fyrirtækisins á sviði mannfæðifræði. Var vinnsla persónuupplýsinga um [A] í samræmi við ákvæði laga nr. 77/2000.

3.2.40. Lífsýnasöfnun Íslenskrar erfðagreiningar ehf. – mál 2014/882

Á fundi stjórnar Persónuverndar þann 17. desember 2014 var kveðinn upp svohljóðandi úrskurður í máli nr. 2014/882:

I.

Grundvöllur máls

Málavextir og bréfaskipti

1.

Tildrög máls

Þann 23. maí 2014 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] (hér eftir nefndur kvartandi), vegna aðferða Íslenskrar erfðagreiningar hf. (ÍE) við söfnun lífsýna í lífsýnabanka sinn. Þá er kvartandi einnig ósáttur við framsetningu samþykkisyfirlýsingar þar sem gert var ráð fyrir samþykki forráðamanns ef þátttakandi væri ólöggráða. Í kvörtuninni segir m.a.

„Kvartað er yfir aðferðum fyrirtækisins við að safna sýnum í lífsýnabanka sinn, aðferðum sem bera keim af ofsóknum. Hér er átt við útkallið í samkrulli við björgunarsveitirnar.

Einnig er kvartað yfir uppsetningu samþykkisyfirlýsingar þar sem gert er ráð fyrir undirskrift þriðja aðila.“

2.

Bréfaskipti

Með bréfi, 30. júní 2014, var ÍE boðið að koma á framfæri skýringum vegna kvörtunarinnar til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Svarbréf ÍE, dags. 25. júlí 2014, barst Persónuvernd þann 30. s.m. með tölvupósti.

Í bréfi ÍE er m.a. vísað til þess að allar erfðarannsóknir fyrirtækisins byggji á leyfum frá Vísindasiðanefnd og í langflestum tilvikum einnig á leyfum Persónuverndar. Í því tilviki sem hér sé til skoðunar hafi umrædd rannsókn, þ.e. öflun lífsýna í samanburðarhóp fyrir rannsóknir fyrirtækisins á sviði mannfæðifræði, hafi vinnslan hins vegar verið tilkynnt til Persónuverndar enda hafi hún ekki verið leyfis skyld. Þá segir að um þessar rannsóknir og aðrar vísindarannsóknir á heilbrigðissviði gildi margvísleg lög og reglugerðir, m.a. lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, lög nr. 110/2000, um lífsýnasöfn, lög nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, og reglur nr. 170/2001 um það hvernig skuli afla upplýsts samþykkis fyrir vinnslu persónuupplýsinga í vísindarannsókn á heilbrigðissviði. Enn fremur sé það mat ÍE að fullyrðingar kvartanda um að sú aðferð sem hafi verið viðhöfð við framkvæmd rannsóknarinnar beri keim af ofsóknum, séu dylgjur sem vísað sé á bug.

Þá segir í bréfi ÍE að rannsóknin hafi verið framkvæmd í samræmi við lög og reglur og samþykkt af Vísindasiðanefnd, sem hafi það hlutverk að gæta þess að rannsóknir á heilbrigðissviði séu

framkvæmdar í samræmi við siðfræðileg viðmið. Enn fremur hafi hverjum og einum verið frjálst að hafna því að taka þátt í rannsókninni. Það gildi um kvartanda eins og aðra.

Að lokum segir í bréfi ÍE að texti og uppsetning samþykkisyfirlýsingar hafi verið í samræmi við leyfi og fyrirmæli Vísindasiðanefndar, þ.m.t. sá hluti hennar sem geri ráð fyrir að forráðamaður ólögráða einstaklings geti samþykkt þátttöku fyrir hans hönd. Sá hluti yfirlýsingarinnar sé þannig úr garði gerður til að gæta hagsmuna slíkra einstaklinga í samræmi við alþjóðleg og siðferðisleg viðmið.

Með vísan til framangreinds telur ÍE því að framkvæmd rannsóknarinnar hafi verið í samræmi við leyfi, lög og reglur sem settar hafi verið af opinberum aðilum.

Með bréfi, 31. júlí 2014, var kvartanda boðið að koma á framfæri athugasemdum sínum við framkomnar skýringar ÍE til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Svarbréf kvartanda, dags. 12. ágúst 2014, barst Persónuvernd þann 13. s.m.

Kvartandi telur að ÍE hafi borið að taka tillit til upphaflegrar neitunar sinnar þegar hann neitaði þátttöku í gagnagrunni á heilbrigðissviði. Telur hann það fela í sér ofsóknir að ekki sé tekið mark á neitun á þátttöku í lífsýnabanka einkafyrirtækisins.

Þá segir í athugasemdum kvartanda varðandi samþykki forráðamanns fyrir hönd ólögráða einstaklings:

„Ég hefði talið það eðlilegt að hafi maður einu sinni sagt nei við þátttöku í svona lífsýna banka gildi sú neitun um aldur og ævi. Ekki að ef slíkur einstaklingur verður sviptur lögræði þá geti forráðamaður hans skrifað undir þátttöku fyrir hans hönd.

Ég krefst þess að höfnun mín á þátttöku í rannsóknum ÍE gildi um aldur og ævi eða þangað ég sjálfur ákveð annað og fyrirtækið hætti að gera tilraunir til að fá sýni frá mér í lífsýnabanka sinn.“

Með tölvupósti til kvartanda þann 14. nóvember 2014 óskaði Persónuvernd eftir staðfestingu þess efnis að kvartandi væri lögráða og hvort það væri rétt skilið að hann væri ekki að kvarta fyrir hönd ólögráða einstaklings sem hann hefði forræði á. Þann 16. nóvember 2014 staðfesti kvartandi þann skilning Persónuverndar að hann væri sjálfur lögráða og væri ekki að kvarta fyrir hönd ólögráða einstaklings. Hins vegar gætu allir orðið fyrir því að verða ólögráða eftir að þeir kæmust á fullorðinsaldur.

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000

Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Af framangreindu er ljóst að boð til kvartanda um þátttöku í rannsókn ÍE fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000.

2.

Lögmæti vinnslu

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að eiga sér stoð í lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þar er greint á milli almennra persónuupplýsinga og viðkvæmra. Talsvert strangari kröfur eru gerðar til lögmætis vinnslu persónuupplýsinga sem teljast viðkvæmar í skilningi laga nr. 77/2000 en til vinnslu annarra persónuupplýsinga. Svo að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil þarf hún að uppfylla eitthvert skilyrði 1. mgr. 8. gr. sem og eitthvert skilyrði 1. mgr. 9. gr. laganna.

Í máli því sem hér er til úrlausnar liggur fyrir að vinnsla persónuupplýsinga um einstaklinga grundvallast á upplýstu samþykki þeirra. Kvartandi veitti ekki samþykki sitt fyrir þátttöku í rannsókn ÍE og lýtur kvörtun hans ekki að heimild ÍE til vinnslu persónuupplýsinga um hann. Af þessum sökum þarf ekki að meta lögmæti vinnslunnar í ljósi 8. og 9. gr. laganna.

3.

Aðferð ÍE við öflun lífsýna

Í kvörtuninni kemur fram að aðferðir ÍE við að safna lífsýnum í lífsýnabanka sinn beri keim af ofsóknum. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 44/2014, um vísindarannsóknir á heilbrigðisviði, er hlutverk Vísindasiðanefndar að meta vísindarannsóknir á heilbrigðisviði í þeim tilgangi að tryggja að þær samrýmist vísindalegum og siðfræðilegum sjónarmiðum. Á hinn bóginn hefur Persónuvernd eftirlit með því samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga hvernig framkvæmd er háttað við öflun lífsýna og upplýsts samþykkis fyrir vinnslu persónuupplýsinga vegna vísindarannsókna og hvort rannsakendur fylgi þeim skilyrðum sem stofnunin setur, s.s. um dulkóðun persónuauðkenna og öðrum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni, sbr. 35. gr. laga nr. 77/2000. Það fellur ekki innan valdssviðs stofnunarinnar að meta hvort framkvæmd rannsókna sé í samræmi við siðfræðileg sjónarmið, heldur er það mat Vísindasiðanefndar eins og áður sagði.

4.

Úrsögn úr gagnagrunni á heilbrigðisviði

Þá kom fram af hálfu kvartanda að ÍE hafi borið að virða úrsögn hans úr gagnagrunni á heilbrigðisviði þegar honum var boðin þátttaka í lífsýnasöfnun ÍE.

Í því sambandi er tekið fram að ákvæði um gagnagrunn á heilbrigðisviði er að finna í lögum nr. 139/1998 en með gagnagrunni á heilbrigðisviði er átt við safn gagna er hefur að geyma heilsufarsupplýsingar sem skráðar eru á samræmdan kerfisbundinn hátt í einn miðlægan gagnagrunn sem atlaður er til úrvinnslu og upplýsingamiðlunar, sbr. 1. tölul. 3. gr. laganna. Þau lög komust aldrei að fullu til framkvæmda og hefur sá gagnagrunnur, sem þar er fjallað um, aldrei orðið til, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 151/2003. Gert er ráð fyrir að lögin falli úr gildi með gildistöku laga nr. 44/2014, um vísindarannsóknir á heilbrigðisviði þann 1. janúar 2015. Í 8. gr. laganna segir:

„Sjúklingur getur hvenær sem er óskað eftir því að upplýsingar um hann verði ekki fluttar í gagnagrunn á heilbrigðisviði. Beiðni sjúklings getur varðað allar upplýsingar sem þegar liggja fyrir um hann í sjúkraskrá eða kunna að verða skráðar eða nánar tiltekna upplýsingar. Skyld er að verða við slíkri beiðni. Sjúklingur skal tilkynna landlækni um ósk sína. Landlæknir skal annast gerð eyðublaða fyrir slíkar tilkynningar og sjá til þess að þau liggi frammi á heilbrigðisstofnunum og hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum. Landlæknir skal sjá til þess að dulkóðuð skrá yfir viðkomandi sjúklinga sé ávallt aðgengileg þeim sem annast flutning upplýsinga í gagnagrunn á heilbrigðisviði.

Landlæknir skal sjá til þess að upplýsingar um gagnagrunn á heilbrigðissviði og um rétt sjúklings skv. 1. mgr. séu aðgengilegar almenningi. Heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn skulu hafa þessar upplýsingar aðgengilegar sjúklingum í húsakynnum sínum.“

Eins og sjá má af framangreindu ákvæði er þar aðeins fjallað um úrsagnir úr þeim tiltekna gagnagrunni sem mælt er fyrir um í lögum nr. 139/1998. Með öðrum orðum, þá er ekki um að ræða andmæli sem taka til allra vísindarannsókna á heilbrigðissviði og söfnunar lífsýna í þágu slíkra rannsókna. Að mati Persónuverndar grundvallast sú lífsýnasöfnun sem hér er kvartað yfir ekki á því að áður hafi verið unnið með upplýsingar um viðkomandi einstaklinga í vísindarannsókn á vegum ÍE.

Með vísan til framangreinds er það mat Persónuverndar að ÍE hafi ekki borið að bera saman úrsagnarskrá úr gagnagrunni á heilbrigðissviði við nafnalista þann sem notaður var við söfnun lífsýna þessarar rannsóknar.

5.

Samþykki forráðamanns ólögráða einstaklings

Í erindi kvartanda kemur fram að hann telji að ÍE beri að taka mið af upphaflegri neitun einstaklings, jafnvel þótt síðar meir kunni hann að verða ólögráða, t.d. vegna sjúkdóms. Af erindi hans verður ekki annað ráðið en að hann sé sjálfur lögráða. Um aðild að máli hjá Persónuvernd fer samkvæmt almennum aðildarreglum stjórnisýsluréttarins. Samkvæmt þeim getur sá átt aðild að máli sem á beinna, sérstakra og lögvarinna hagsmuna að gæta af úrlausn þess.

Er það því niðurstaða Persónuverndar að í ljósi þess að kvartandi er lögráða hafi hann ekki lögmæta hagsmuni af úrlausn málsins eins og það hefur verið lagt fyrir stofnunina. Er því þessum hluta kvörtunar hans vísað frá.

Úrskurðarorð:

Íslenskrari erfðagreiningu ehf. bar ekki skylda til að bera nafnalista vegna öflunar lífsýna í samanburðarhóp fyrir rannsóknir fyrirtækisins á sviði mannfæðifræði við úrsagnarskrá vegna gagnagrunns á heilbrigðissviði.

3.2.41. Lífsýnasöfnun Íslenskrar erfðagreiningar ehf. – mál 2014/992

Hinn 17. desember 2014 kvað stjórn Persónuverndar upp svohljóðandi úrskurð í máli nr. 2014/992:

I.

Málavextir og bréfaskipti

Persónuvernd hafa borist fjórar samhljóða kvartanir, dags. 22. júní 2014, frá [A, B og C], sem og [D] (hér eftir sameiginlega nefnd „kvartendur“), yfir því með hvaða hætti leitað var til þeirra til að bjóða þeim þátttöku í samanburðarhópi vegna rannsókna Íslenskrar erfðagreiningar ehf. (ÍE) og samstarfsaðila, sem og til að veita heimild til vörslu lífsýna úr þeim í lífsýnasafni ÍE. Fyrir liggur að þeir sem leitað var til fengu send samþykkisgögn í pósti og að oft leið mjög skammur tími, jafnvel örfáir dagar, frá því að gögnin bárust einstaklingi og þangað til komið var á heimili hans til sækja samþykkisyfirlýsingu og lífsýni. Kvartendur vísa til þess að í ljósi þessa hafi umhugsunartími verið skammur. Þá kemur meðal annars fram í kvörtununum sú afstaða að asi hafi verið á framkvæmd söfnunarinnar og að með því að fá björgunarsveitarfólk til að safna sýnum hafi þeir sem leitað var til verið beittir þrýstingi, en auk þess hafi þeir sem söfnuðu sýnunum ekki haft þekkingu til að svara spurningum varðandi þátttöku.

1.

Í kvörtunum segir meðal annars:

„Vísað er til söfnunarátaks ÍE á lífsýnum með aðstoð Slysavarnafélagsins Landsbjargar þar sem 5-10.000 meðlimir í Slysavarnafélaginu Landsbjörg gengu í hús frá fimmtudeginum 8. maí 2014 og átti að standa til sunnudagsins 11. maí 2014 (en hefur haldið áfram) og söfnuðu lífsýnum fólks sem tekur þátt í rannsókn Íslenskrar erfðagreiningar en fyrirtækið sendi ríflega 100 þúsund einstaklingum umslag með munnsaða og beiðni um að gefa lífsýni í samanburðarhóp fyrirtækisins. Landsbjörg mun fá greiddar 2000 kr. fyrir hvert lífsýni. Þannig getur Landsbjörg fengið allt að 200 milljónir fyrir verkefnið.“

Í tengslum við framangreint er í kvörtunum vísað til markmiðsákvæðis 2. gr. reglna nr. 170/2001 um það hvernig afla skal upplýsts samþykkis fyrir vinnslu persónuupplýsinga í vísindarannsókn á heilbrigðissviði. Nánar tiltekið er vísað til þess að samkvæmt ákvæðinu sé reglunum ætlað að tryggja að fylgt sé vandaðri málsmeðferð sem stuðlar að því að vernda friðhelgi einkalífs og virða sjálfsákvörðunarrétt manna þegar aflað er upplýsts samþykkis fyrir vinnslu persónuupplýsinga í vísindarannsókn á heilbrigðissviði. Samkvæmt 7. gr. umræddra reglna skuli auk þess gæta nærfærni þegar vilji manns er kannaður til þátttöku í vísindarannsókn og sé óheimilt að beita sjúkling beinum eða óbeinum þrýstingi. Þá komi fram í 10. tölul. 3. gr. laga nr. 110/2000 um lífsýnasöfn, þar sem er að finna skilgreiningu á samþykki samkvæmt þeim lögum, að samþykki skuli vera upplýst, óþvingað og veitt af fúsum og frjálsum vilja. Einnig sé í 2. mgr. 1. gr. laganna tekið fram að aldrei skuli setja hagsmunum vísinda og samfélags ofar hagsmunum lífsýnisgjafa. Tenging lífsýnasöfnunar við fjársöfnun fyrir Landsbjörgu hafi falið í sér þvingandi aðgerð í andstöðu við framangreind ákvæði. Með óumbeðinni heimsókn á heimili, þar sem höfðað hafi verið verið til samvisku viðkomandi um góðgerðarmálefni, hafi verið rofin friðhelgi einkalífs og sjálfsákvörðunarréttur ekki virtur. Verði ekki litið svo á að um sé ræða þvingað samþykki, þá feli framangreint í sér óbeina þvingun.

Vísað er til þess að samkvæmt fyrrgreindu ákvæði 10. tölul. 3. gr. laga nr. 110/2000 skal lífsýnisgjafi fræddur um markmið með töku sýnis, sbr. og 4. gr. og 1. mgr. 8. gr. reglna nr. 170/2001. Í því sambandi segir nánar að tilgangur, eins og hann var kynntur í samþykkisgögnum, sé með ólíkindum óljós og virðist sem ÍE hyggist nota umrædd lífsýni almennt í starfsemi sinni. Þá segir:

„Lífsýnagjafi á að vera upplýstur um markmið með töku sýnisins. Veruleg hætta er á því að framangreindur valkostur um styrk til góðs málefnis leiði til þess að svo verði ekki og hann gefi lífsýni einungis til að veita góðu málefni lið og kynni sér ekki hvað samþykki felur í raun í sér. Fyrir liggur að ÍE bjó svo um hnútana að skammur tími var til umhugsunar eða kynningar á þeim gögnum sem liggja að baki samþykkinu og lífsýnagjöf. Ekki hefur komið fram ástæða þessa hraða. Slíkur asi á lífsýnagjöf er ekki í anda eða í samræmi við markmið laganna.“

Einnig er vísað til þess að lífsýnagjafar eiga rétt á upplýsingum sem eru réttar og óhlutdrægar þannig að samþykki sé gefið á réttum forsendum og þeir séu upplýstir um alla þætti málsins. Björgunarsveitarfólk, sem safnaði sýnum, hafi ekki haft þekkingu til að upplýsa viðkomandi um atriði varðandi þátttöku. Þá sé ekkert eftirlit haft með því að sá sem undirritar samþykki sé viðkomandi einstaklingur. Þetta sé hægt að misnota fyrir fólk sem ekki hefur getu til að skrifa undir sjálft, t.d. fólk með ýmsa taugahrönnunarsjúkdóma og elliglöp. Í samræmi við þetta sé á hefðbundnum samþykkiseyðublöðum ávallt gert ráð fyrir undirskrift aðila, sem upplýsir einstakling með takmarkaða getu, til staðfestingar því að viðkomandi hafi verið upplýstur og sé sá sem um ræði.

Að auki segir að sú ímynd, sem ÍE hafi dregið upp við umrædda lífsýnasöfnun, þ.e. að hún gagnist landi og þjóð, standist ekki, enda sé ÍE í eigu erlends aðila og engin vísir fyrir því að Íslendingar njóti góðs af starfi fyrirtækisins. Þá er lýst þeirri afstöðu að vegna tiltekinnar vinnslu hjá ÍE sem fram fór án samþykkis, sbr. ákvörðun Persónuverndar, dags. 28. maí 2013 (mál nr. 2012/1404), sé ekki forsendur til að heimila ÍE frekari lífsýnasöfnun. Sé farið fram á við

Persónuvernd að hún skoði það alvarlega að söfnunin verði úrskurðuð ólögleg og öllum gögnum og upplýsingum um hana verði eytt svo upplýsingarnar verði ekki misnotaðar í framtíðinni.

2.

Með bréfi, dags. 9. júlí 2014, sbr. og bréf, dags. 31. s.m. og ítrekun, dags. 7. október 2014, var ÍE veitt færi á að tjá sig um umræddar kvartanir. Svarað var með bréfi, dags. 17. október 2014. Þar segir meðal annars að kvartendur séu ekki á meðal þátttakenda í vísindarannsóknnum á mönnum á vegum ÍE. Þá segir að ganga megi út frá því sem vísu að kvartendur hafi ekki undirritað samþykki til þátttöku, enda finni þeir umræddri lífsýnasöfnun allt til foráttu og starfsemi ÍE almennt séð. Með vísan til þessa segir að kvartendur geti ekki talist aðilar máls um nein þau atvik og álitaefni sem lúta að rannsókninni eftir að þátttakendur hafa gefið upplýst samþykki eða starfsemi ÍE yfirleitt. Þá geti kvartendur ekki haft uppi kröfur um að Persónuvernd grípi til íþyngjandi athafna gegn ÍE og þátttakendum, m.a. því að samþykki þeirra verði metin ógild. Í ljósi almennra reglna stjórnsýsluréttarins um kröfur sem gerðar eru um aðild að stjórnsýslumálum, þ.e. að aðili máls þurfi að eiga beina, verulega, sérstaka og lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins, beri Persónuvernd að vísa kvörtuninum frá.

Því er því vísað á bug að það hafi skapað óeðlilegan þrýsting að björgunarsveitarfólki var falið að safna sýnum. Um það segir nánar:

„Hverjum og einum er eins og ævinlega í sjálfsvald sett hvort hann tekur þátt í vísindarannsókn eða ekki, eða hvort hann ákveður að draga þátttöku til baka á síðari stigum. Hið sama á við um gjöf lífsýnis til vörslu í lífsýnasafni. Eins og rakið er í næsta lið var boðið upp á að taka þátt í rannsókninni og senda rannsóknargögn í pósti síðar. Þar voru ekki sett nein tímamörk og engin kvöð var um að afhenda þau björgunarfólki frekar en hver og einn kaus. Því var einmitt sérstaklega uppálagt að beita engum þrýstingi að þessu leyti.“

Einnig segir að veittar hafi verið ítarlegar upplýsingar í kynningarefni og samþykkisgögnum sem Vísindasíðanefnd hafi farið yfir. Í umræddum gögnum hafi verið að finna leiðbeiningar um það hvernig finna mætti enn frekari upplýsingar um rannsóknina hjá ábyrgðar- og framkvæmdaraðilum hennar, þ.e. hjá Þjónustumiðstöð rannsóknarverkefna, auk þess sem opnuð hafi verið sérstök vefsíða helguð umræddri lífsýnasöfnun þar sem finna megi margvíslegar upplýsingar um rannsóknina, rannsakendur, spurningar og svör o.s.frv. Hafi því verið gengið lengra en samkvæmt ýrústu kröfum 4. gr. og 1. mgr. 8. gr. reglna nr. 170/2001. Þá segir:

„Það má til sanns vegar færa að heppilegra hefði verið í sumum tilfellum ef lengri tími hefði liðið frá því að væntanlegum þátttakendum bárust rannsóknargögn og eyðublað með upplýstu samþykki. Hér skipti mestu að áætlanir sem Íslandspóstur gerði og kynnti fyrir ÍE um dreifingu stóðust ekki að öllu leyti. Voru dæmi þess að gögnin væru borin út nokkrum dögum seinna en gert hafði verið ráð fyrir. Það varð þess valdandi að fyrir kom að væntanlegir þátttakendur fengu þau ekki í hendur nægjanlega tímanlega áður en fulltrúar Landsbjargar knúðu dyra. Þetta var óheppilegt, en minnt er á að þátttakendum gafst eins langur tími og þeir töldu sig þurfa til að kynna sér rannsóknina eins og kom skýrt fram í sendum gögnum og fulltrúum Landsbjargar var uppálagt að ítreka, enda tóku þeir aðeins við tilbúnum gögnum.“

Að auki segir:

„Hér skiptir þó mestu máli að skýrt var tekið fram að hægt væri að setja rannsóknargögnin ófrímerkt í póst hvenær sem er á seinni stigum, væri fólk ekki búið að kynna sér þau og upplýst samþykki til hlítar og enginn þrýstingur var á að skila þeim til fulltrúa Landsbjargar frekar en hver og einn vildi. Mjög margir nýttu sér þessa leið og hafa gögnin verið að skila sér í pósti til Þjónustumiðstöðvar rannsóknarverkefna allt fram á þennan dag frá þeim einstaklingum sem hafa kosið að gefa sér góðan tíma til að kynna sér kosti og galla þess að taka þátt.“

Víðar er til umfjöllunar í kvörtunum um að tryggingu hafi skort fyrir því að þeir sem skiluðu inn

sýnum væru þeir sem undirrituðu samþykkisyfirlýsingu. Um það segir:

„Erfitt er um vik að ráða í hvaða ályktun skal draga af þessari athugasemd kvartanda og í hverju kvörtun hans er fölginn að því leyti. Sérstakir skilmálar gilda um það hvernig farið skuli með tilfelli þegar í ljós kemur að sýni stafar ekki frá þeim sem undirritar samþykki, svo sem vegna ásetnings eða mistaka í meðhöndlun sýna. Eru upplýsingar og rannsóknargögn þá lögð til hliðar, enda nýtast þær ekki til rannsóknar af augljósum ástæðum.“

3.

Með tölvubréfi hinn 3. nóvember 2014 var [C] veitt færi á að tjá sig um framangreint svar ÍE fyrir hönd kvartanda. Þá var þess óskað, með tölvubréfi til [C] hinn 27. nóvember 2013, að [C] upplýsti fyrir hönd kvartanda hversu langur tími hefði liðið frá því að bréf með þátttökuboði frá ÍE barst þeim og þar til björgunarsveitarfólk kom að sækja sýni. [A] svaraði degi síðar fyrir hönd kvartanda. Kemur fram í svari [A] að liðið hafi tveir til þrjú dagar.

Með bréfi, dags. 8. desember 2014, svöruðu kvartendur áður nefndu tölvubréfi Persónuverndar frá 3. nóvember s.á. Í bréfinu er vísað til þess að í samþykkisgögnum hafi bæði verið að finna skjal fyrir yfirlýsingu um samþykki til þátttöku í umræddum samanburðarhópi, sem og skjal fyrir yfirlýsingu um samþykki til vistunar lífsýnis í lífsýnasafni. Hafi mátt skilja af framsetningu gagna að síðarnefnda samþykkið væri liður í þátttöku í samanburðarhópnum, en svo sé ekki. Hafi framsetning því verið villandi.

Einnig segir að þær fullyrðingar í samþykkisgögnum séu rangar að Persónuvernd hafi leyft umrædda lífsýnasöfnun, sem og að stofnunin hafi leyft allar rannsóknir ÍE. Að öðru leyti eru áréttuð þau atriði sem rakin í kvörtun, en auk þess segir:

„Í framangreindu svarbréfi ÍE er helsta málsvörn ÍE aðildarskortur þess sem leggur fram kvörtunina. Fyrirtækið skákar þannig í því skjólinu að enginn geti gert athugasemdir við framferði fyrirtækisins og vakið athygli yfirvalda á ólögmatu athæfi þess. Samkvæmt túlkun fyrirtækisins hefur einungis sá sem samþykkir þátttöku lögvarða hagsmuni af niðurstöðu málsins. Þessi skilningur ÍE myndi í raun þýða að enginn myndi krefjast ógildingar á umræddum samþykkjum enda einungs þeir sem undirrituðu samþykki með málsaðild.“

Með vísan til framangreinds segir í bréfi kvartanda að þeir hafi verið þátttakendur í lífsýnaátaki ÍE og átakið beinst að þeim sem kvartendum. Þeir hafi hagsmuni af því að fá úr því skorið hvort átakið samrýmist lögum. Ekki sé útilokað, þó ólíklegt megi telja á þessu stigi, að kvartendur taki þátt í átakanu ef fyrir liggja með óyggjandi hætti að það samrýmist lögum.

4.

Með tölvubréfi hinn 28. nóvember 2014 var ÍE veitt færi á [að koma á framfæri] athugasemdum við þá lýsingu á málsatvikum sem fram kemur í fyrrgreindum svörum [A] til Persónuverndar frá sama degi, þ.e. um þann tíma sem leið frá sendingu samþykkisgagna í pósti þar til komið var að sækja lífsýni. Einnig var óskað staðfestingar á hvort fallist væri á þann skilning Persónuverndar að nöfn kvartanda hefðu verið á útsendingarlistum sem nýttir voru þegar send voru út boð um þátttöku í samanburðarhópi og sýnum safnað. Þá var þess óskað að ÍE greindi frá því hvort mótað hefði verið verklag sem tryggði að björgunarsveitarfólk, sem kom að sækja sýni, gæti leiðbeint um það munnlega hvernig einstaklingar gætu leitað svara við spurningum sem þeir kynnu að hafa, þ.e. hvert beina mætti nánari fyrirspurnum.

ÍE svaraði með tölvubréfi hinn 8. desember 2014. Þar segir að ÍE hafi enga ástæðu til að vefengja fyrrgreinda lýsinga kvartanda á málsatvikum. Þá segir:

„Varðandi spurningu um það hvort mótað hafi verið verklag sem tryggði að björgunarsveitarfólk sem sótti rannsóknargögn til fólks gæti svarað spurningum um vinnslu persónuupplýsinga, þá byggir sú fyrirspurn á misskilningi.“

Ítrekað skal að björgunarsveitarfólki var ekki ætlað að veita neinar slíkar upplýsingar, sbr. m.a. umfjöllun um það efni í lið 6 c) í bréfi ÍE dags. 17. október sl. þar sem veitt var umsögn um kvörtunina. Umræddar upplýsingar og hvar enn frekari upplýsinga var að leita kom á hinn bóginn rækilega fram í auglýsingum, vefsíðu rannsóknarinnar og rannsóknargögnum sem þeim sem boðin var þátttaka voru send, þ.m.t. á upplýsingablaði því sem hér fylgir í viðhengi. [...]

Skv. framanskráðu hafði björgunarsveitarfólk það hlutverk eitt að sækja rannsóknargögn til þeirra sem ákváðu að taka þátt í rannsókninni og kusu að notfæra sér það hagræði til að koma þeim til skila. Hinn möguleikinn var að senda rannsóknargögnin gjaldfrjálst í pósti, t.d. þegar þátttakendur þurftu meiri tíma til að kynna sér málið.“

Hinn 17. desember 2014 barst tölvubréf frá ÍE með viðbót við framangreint svar, þ.e. staðfestingu á að nöfn kvartenda hefðu verið á útsendingarlistum.

I.

Forsendur og niðurstaða

1.

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga og handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru skilgreindar í 1. tölul. 2. gr. laganna sem sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi. Hugtakið vinnsla er skilgreint sem sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laganna.

Fyrir liggur að við umrædda lífsýnasöfnun var óskað lífsýna úr kvartendum. Þá liggur fyrir að upplýsingar um þau voru á útsendingarlistum sem notast var við vegna lífsýnasöfnunarinnar. Í því fólst vinnsla persónuupplýsinga sem fellur undir lög nr. 77/2000 og þar með valdsvið Persónuverndar. Það að leitað var til kvartenda á grundvelli útsendingarlista, sem og hvernig það var gert, var þáttur í þessari vinnslu. Telur Persónuvernd því skilyrðum um aðild vera fullnægt varðandi þau atriði sem ágreiningur er um í málinu og lúta að vinnslu persónuupplýsinga um kvartendur, þ.e. hvernig staðið var að veitingu fræðslunnar sem slíkrar og hvort þau hafi átt þess kost að kynna sér ráðgerða vinnslu nægilega vel og taka upplýsta ákvörðun á þeim grundvelli.

Skilyrðum um aðild er hins vegar ekki fullnægt varðandi þau atriði sem lúta að vinnslu persónuupplýsinga um aðra en kvartendur. Verður því ekki fjallað hér um það álitafni hvort nægilega hafi verið tryggt að þeir sem gáfu sýni væru þeir sem þeir segðust vera, enda liggur ekki fyrir að á slíkt hafi reynt í tengslum við kvartendur. Hið sama á við um álitafni varðandi einstaklinga með takmarkaða getu til að veita samþykki, sem og athugasemd kvartenda varðandi það hvort úrskurða ætti umrædda lífsýnasöfnun ógilda í heild sinni.

Það hvort í aðkomu björgunarsveita hafi falist óeðlilegur þrýstingur fellur fremur undir svið vísindasiðfræðinnar fremur en lög nr. 77/2000. Fellur það í hlut Vísindasiðanefndar að meta vísindasiðafraðileg álitafni, sbr. 4. mgr. 2. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga. Verður því ekki heldur fjallað um það hér hvort óeðlilegur þrýstingur hafi falist í framangreindu, en auk þess fellur það ekki í verkahring Persónuverndar að taka afstöðu til þess hvort umrædd lífsýnasöfnun gagnist landi og þjóð.

2.

Svo að vinna megi með persónuupplýsingar verður ávallt að vera fullnægt einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt 5. tölul. þeirrar málsgreinar er vinnsla persónuupplýsinga heimil sé hún nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna. Í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð með því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000,

kemur meðal annars fram að undir það geti fallið vinnsla í vísindalegum tilgangi. Í ljósi þessa telur Persónuvernd að umrædd vinnsla persónuupplýsinga um kvartendur, sem fram fór í því skyni að óska lífsýna úr þeim í þágu vísindarannsóknna, hafi átt stoð í umræddu ákvæði.

Við umrædda vinnslu varð að gæta [að] ákvæðum 20. gr. laga nr. 77/2000, en þar kemur fram að þegar persónuupplýsinga er aflað hjá hinum skráða sjálfum skal hann upplýstur um meðal annars tilgang vinnslu, sem og önnur atriði sem honum er nauðsynlegt að fá vitneskju um til að gæta hagsmuna sinna. Frekari kröfur um fræðslu, þegar óskað er eftir samþykki til vinnslu, er að finna í 7. tölul. 2. gr. laganna, en þar segir að með samþykki sé átt við sérstaka, ótvíræða yfirlýsingu sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkur vinnslu tiltekinnar upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv. Í rannsóknnum á vegum ÍE er unnið með upplýsingar um heilsuhagi, þ. á m. upplýsingar um erfðaeiginleika sem unnar eru úr lífsýnum. Slíkar upplýsingar eru viðkvæmar, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, og ber því að gera sérstaklega ríkar kröfur til samþykkis sem óskað er fyrir vinnslu þeirra.

Einnig ber að líta til ákvæða í öðrum lögum sem þýðingu hafa. Má þar nefna 1. mgr. 7. gr. laga nr. 110/2000 um lífsýnasöfn, en samkvæmt því ákvæði skal samþykki fyrir varðveislu lífsýnis í lífsýnasafni vísindasýna veitt skriflega og af fúsum og frjálsum vilja eftir að lífsýnisgjafi hefur verið upplýstur um markmið með töku sýnisins, gagnsemi þess, áhættu samfara tókunni og að lífsýnið verði varðveitt til frambúðar í lífsýnasafni í þágu vísindarannsóknna. Þá ber að líta til 1. mgr. 10. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga, en þar kemur fram að áður en samþykki fyrir þátttöku í vísindarannsókn er gefið skuli veittar ítarlegar upplýsingar um rannsóknina, áhættu sem henni kann að fylgja og hugsanlegan ávinning og í hverju þátttakan er fólgin. Skuli viðkomandi gerð grein fyrir því að hann geti hafnað þátttöku í vísindarannsókn og að hann geti hvenær sem er hætt þátttöku eftir að hún er hafin.

Þá ber að líta til reglna nr. 170/2001 um það hvernig afla skal upplýsts samþykkis fyrir vinnslu persónuupplýsinga í vísindarannsókn á heilbrigðisviði, en þær reglur sækja stoð í meðal annars 4. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Þar er að finna nánari upptalningu á þeim atriðum sem veitt skal fræðsla um þegar leitað er samþykkis fyrir þátttöku í vísindarannsókn. Segir að þessar upplýsingar skuli útskýrðar nánar munnlega miðað við þarfir væntanlegs þátttakanda. Þá segir í 3. gr. reglnanna að þegar vilji þátttakanda í vísindarannsókn sem hafa verið valdir úr Þjóðskrá er kannaður bréflaga og viðeigandi upplýsingar hafa verið sendar um rannsóknina, skuli að minnsta kosti ein vika líða þar til sent er annað bréf eða haft samband símleiðis til að ítreka boð um þátttöku.

Ekki er í 3. gr. reglna nr. 170/2001 fjallað um það þegar komið er heim til einstaklings til að sækja samþykki og lífsýni. Til þess er hins vegar að líta að samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 skal þess meðal annars gætt við vinnslu persónuupplýsinga að þær séu unnar með sanngjörnum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga. Í athugasemdum við ákvæðið í fyrnefndu frumvarpi segir meðal annars að vinnsla persónuupplýsinga geti vart talist sanngjörn nema hinn skráði geti fengið vitneskju um hana og eigi, þegar söfnun upplýsinganna á sér stað, kost á fullnægjandi upplýsingum um vinnubrögð, vinnuferli og annað er lýtur að vinnslunni. Þá hefur verið litið svo á að viðmið um vandaða vinnsluhætti geti mótast af almennri framkvæmd á viðkomandi sviði. Af því leiðir meðal annars að telja má það til vandaðra vinnsluhátta að samskiptum við einstaklinga, sem boðin er þátttaka í vísindarannsókn, sé hagað í samræmi við 3. gr. reglna nr. 170/2001, jafnvel þótt beitt sé öðrum aðferðum við að nálgast þá en ákvæðið tilgreinir sérstaklega. Í því sambandi skal bent á að líta má á heimsókn björgunarsveitarfólks til að sækja samþykki og sýni sem ígildi ítrekunar samkvæmt ákvæðinu í formi bréfs eða símtals.

Fyrir liggur að aðeins tveir til þrjú dagar liðu frá því að kvartendur fengu samþykkisgögn vegna umræddrar lífsýnasöfnunar í pósti þar til björgunarsveitarfólk kom að sækja sýni. Þess var því ekki gætt að vikufrestur liði. Af því leiðir að þess var jafnframt ekki nægilega gætt gagnvart kvartendum að þeir gætu kynnt sér gögnin nægilega vel og, eftir atvikum, óskað frekari fræðslu eftir því sem þeir töldu þörf á. Þá liggur fyrir að það björgunarsveitarfólk, sem safnaði sýnum, fékk mjög takmarkaða vitneskju um vinnsluna og var því illa í stakk búið til að svara spurningum um hana. Að lágmarki hefði þurft að móta verklag sem tryggði að það gæti leiðbeint um það munnlega hvernig einstaklingar gætu leitað svara, þ.e. hvert beina mætti nánari fyrirspurnum. Ekki liggur fyrir að mótað hafi verið slíkt verklag.

Í framangreindum ákvæðum laga og reglna felst að auki að veita ber efnislega rétta fræðslu. Í samþykkisgögnum vegna umræddrar lífsýnasöfnunar er tekið fram að Persónuvernd hafi heimilað umrædda lífsýnasöfnun. Af því tilefni skal tekið fram að söfnunin sem slík hefur ekki hlotið sérstakt leyfi frá Persónuvernd, enda er hún ekki háð slíku leyfi frá stofnuninni ef hún byggist á upplýstu samþykki þátttakenda, sbr. 7. tölul. 4. gr. reglna nr. 712/2008 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga. Að þessu leyti var því ekki farið rétt með í samþykkisgögnum.

Eins og kvartendur benda á er einnig tekið fram í samþykkisgögnum að allar rannsóknir ÍE hafi hlotið samþykki Persónuverndar. Telja kvartendur þá fullyrðingu ranga. Persónuvernd telur hins vegar ljóst að í tengslum við þær einstöku rannsóknir, þar sem sýnin yrðu nýtt til samanburðar, hafi stofnunin ávallt veitt leyfi. Eftir atvikum kunna þó einstakir þættir í framkvæmd þeirra að hafa verið tilkynningarskyldir fremur en leyfisskyldir og því ekki sérstakt leyfi sem býr þeim að baki. Þegar litið er til þess að meginþorri vinnslu í tengslum við rannsóknir ÍE hefur með einum eða öðrum hætti verið leyfisskyldur verður hins vegar ekki talið tilefni til athugasemdar við umrædda fullyrðingu í samþykkisgögnum.

Af öllu framangreindu leiðir að verklag við umrædda söfnun lífsýna frá kvartendum, þ.e. hvað varðaði tíma þeirra til að kynna sér samþykkisgögn og möguleika á að leita sér frekari upplýsinga en þar kom fram, samrýmdist ekki lögum nr. 77/2000. Þá var sú fullyrðing í samþykkisgögnum röng að Persónuvernd hefði heimilað umrædda lífsýnasöfnun. Eins og á stendur, og í ljósi þeirra efnisatriða sem komið hafa fram af hálfu kvartanda, telur stofnunin ekki tilefni til frekari athugasemda, en meðal annars verður ekki talið að ÍE hafi verið óheimilt að óska samþykkis fyrir vistun lífsýnis í lífsýnasafni samhliða boði um þátttöku í umræddum samanburðarhópi. Ekki verður séð að slíkt fyrirkomulag hafi falið í sér villandi framsetningu við öflun samþykkis.

Úrskurðarorð:

Þegar leitað var samþykkis frá [A, B og C], sem og [D], til þátttöku í samanburðarhópi vegna rannsókna Íslenskrar erfðagreiningar ehf. (ÍE) og samstarfsaðila, auk samþykkis til vörslu lífsýna úr þeim í lífsýnasafni ÍE, var þeim ekki veittur nægur tími til að kynna sér samþykkisgögn. Þá var veitingu fræðslu um hvar þau gætu leitað nánari upplýsinga ábótavant.

3.2.42. Varðveisla upplýsinga hjá Vodafone – mál nr. 2014/374 og 375

Persónuvernd úrskurðaði þann 17. desember 2014 í tveimur málum um það hvort Vodafone hafi verið heimil varðveisla tiltekinna upplýsinga. Í öðrum úrskurðinum er komist að þeirri niðurstöðu að varðveisla kennitölu og netfangs kvartanda í málinu hafi verið heimil. Í hinum úrskurðinum er komist að þeirri niðurstöðu að varðveita hafi mátt kenntölu kvartanda en að varðveisla lykilorðs hafi verið óheimil.

Úrskurðurinn er svohljóðandi:

I.

Málavextir og bréfaskipti

Með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 14. febrúar 2014, var Persónuvernd framsend

kvörtun [A], dags. 2. desember 2013, af tilefni innbrots í tölvukerfi Vodafone, sem rekið er af Fjarskiptum hf., og birtingar á gögnum þaðan á Netinu, þ. á m. upplýsinga um [A](hér eftir nefndur „kvartandi“). Var Persónuvernd framsend kvörtunin í framhaldi af samskiptum stofnananna tveggja um valdmörk þeirra í tengslum við framangreint öryggisatvik. Varð niðurstaðan úr þeim samskiptum að Póst- og fjarskiptastofnun fjallaði um öryggi umræddra gagna en að Persónuvernd tæki til umfjöllunar lögmæti varðveislu Fjarskipta hf. á þeim persónuupplýsingum sem þau hafa að geyma.

Í kvörtuninni kemur fram að kennitala og ódulkóðað lykilorð kvartanda hafi verið á meðal þeirra upplýsinga sem komist var yfir í fyrrnefndu innbroti og birtar voru í kjölfarið. Þá kemur fram að einu og hálfu ári áður hafði kvartandi sagt upp viðskiptum við Fjarskipti hf. Með vísan til þess krefst hann eyðingar upplýsinga um sig sem Fjarskipti hf. hafa á skrá.

Með bréfi, dags. 21. febrúar 2014, veitti Persónuvernd Fjarskiptum hf. færi á að tjá sig um umrædda kvörtun. Með bréfum, dags. sama dag, veitti Persónuvernd fyrirtækinu einnig færi á að tjá sig um fleiri kvartanir af tilefni fyrrgreinds öryggisatviks. [X] svöruðu fyrir hönd fyrirtækisins með bréfum, dags. 7. mars s.á. Í kjölfar þess var úrskurðað í sjö kvörtunarmálanna (nr. 1509, 1510 og 1607/2013 og 373 og 376–378/2014) en ekki í máli kvartanda. Í þeim málum, sem úrskurðað var í, var komist að þeirri niðurstöðu að varðveisla sms-skilaboða, sem send höfðu verið af vefsíðu Vodafone og voru á meðal þeirra upplýsinga sem birtar voru í kjölfar framangreinds innbrots, hefði verið óheimil, enda hefði kröfum til samþykkis fyrir varðveislunni ekki verið fullnægt. Þá reyndi í sumum málanna á hvort varðveita hefði mátt upplýsingar eins og þær sem hér um ræðir. Taldi Persónuvernd það heimilt þar sem um væri að ræða viðskiptamannaupplýsingar sem nauðsynlegar væru til að veita viðskiptavinum umsamda þjónustu. Af hálfu kvartanda hefur hins vegar, eins og fyrr er lýst, komið fram að hann hafi ekki lengur verið viðskiptavinur Fjarskipta hf. þegar umrætt öryggisatvik átti sér stað.

Í ljósi framangreinds taldi Persónuvernd þörf á að óska sérstaklega skýringa frá Fjarskiptum hf. varðandi varðveislu kennitölu og lykilorðs kvartanda eftir að hann hafði sagt upp viðskiptum við fyrirtækið. Var það gert með bréfi, dags. 30. maí 2014, ítrekuðu með bréfum, dags. 30. júní og 21. október s.á. Svar barst frá Fjarskiptum hf. með bréfi, dags. 29. október 2014, en þar segir meðal annars:

„Vodafone eyðir ekki gögnum um nafn og kennitölu um leið og viðskiptamenn slíta viðskiptum við félagið. Nauðsynlegt er fyrir félagið að geta haft grunnviðskiptamannaupplýsingar um fyrrverandi viðskiptamenn í ákveðinn tíma eftir að viðskiptum lýkur. Benda má á að þær upplýsingar sem um ræðir eru aðgengilegar í þjóðskrá Íslands. Vodafone telur nauðsynlegt að hafa umræddar upplýsingar á skrá hjá sér ef upp koma fyrirspurnir eða athugasemdir við reikninga eða annað sem snertir viðskiptin í a.m.k. fjögur ár sem er almennur fyrningartími kröfuréttinda, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Allir reikningar viðskiptavina eru útbúnir með því að keyra saman upplýsingar um þjónustur skráðar á nafn, kennitölu og heimilisfang og síðan fjarskiptanotkun. Grundvöllurinn fyrir viðskiptasambandi aðila er samningurinn og undirritun sem liggur þar til grundvallar. Undirritun getur eins og að framan greinir verið rafræn eða hefðbundin.

Þá er þessi varðveislutími einnig rökstuddur með vísan til 20. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald þar sem kveðið er á um að allar bækur, bókhaldsgögn og fylgiskjöl, svo og bréf, myndrit og skeyti eða samrit þeirra, þ.m.t. gögn sem varðveitt eru í tölvutæku formi, á örfilmu eða annan sambærilegan hátt, skuli varðveita í a.m.k. sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Nauðsynlegt er fyrir félagið að geta haft samband við fyrrverandi viðskiptamenn ef eitthvað kemur upp á eftir að viðskiptum er lokið í tengslum við reikningsgerð eða síðar tilkomnar kröfur sem rekja má til viðkomandi viðskiptamanns.

Með vísan til framangreinds telur Vodafone að varðveislutími umræddra

grunnviðskiptamannaupplýsinga hafi samrýmt ákvæðum 5. tölul. 1. mgr. 7. gr. og 26. gr. laga nr. 77/2000.“

Einnig segir meðal annars í bréfi Fjarskipta hf.:

„Hvað varðar geymslu á lykilorði viðskiptavinar þá eru það upplýsingar sem nauðsynlegt er að geyma hafi viðskiptavinur Vodafone stofnað aðgang að þjónustusíðu félagsins „Mínar síður“. Eigi viðskiptavinur að geta nýtt sér síðuna verða upplýsingar að vera geymdar til að tryggja áframhaldandi notkun á þjónustusíðunni. Greina þarf samsvörun milli þess notandanafns og lykilorðs sem aðgangur er stofnaður með og þess notandanafns og lykilorðs sem notað er eftir að aðgangur var stofnaður.“

Með bréfi, dags. 3. nóvember 2014, var kvartanda veitt færi á að tjá sig um framangreind svör Fjarskipta hf. Í símtali hinn 3. desember s.á. áréttaði hann þá afstöðu sína að Fjarskiptum hf. væri óheimil varðveisla umræddra upplýsinga.

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við það ákvæði í greinargerð með því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Varðveisla Fjarskipta hf. á þeim gögnum, sem mál þetta lýtur að, felur því í sér vinnslu persónuupplýsinga um kvartanda sem fellur undir valdsvið Persónuverndar. Ekki verður hins vegar fjallað hér um öryggi upplýsinganna heldur fellur það í hlut Póst- og fjarskiptastofnunar, sbr. þá afmörkun á valdmörkum hennar og Persónuverndar sem rakin er í upphafi úrskurðar þessa.

2.

Svo að vinna megi með persónuupplýsingar þarf ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. þeirrar greinar er vinnsla persónuupplýsinga heimil sé hún nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi hins skráða vegi þyngra. Í tengslum við varðveislu Fjarskipta hf. á kennitölu kvartanda reynir einkum á hvort kröfum þessa ákvæðis sé fullnægt. Fram hefur komið af hálfu fyrirtækisins að sú varðveisla þjóni þeim tilgangi að geta greitt úr álitæfnum varðandi viðskipti sem á reynir eftir að þeim lýkur, s.s. ef fyrirspurnir eða athugasemdir berast við reikninga. Þá kemur fram af hálfu fyrirtækisins að höfð sé hliðsjón af hinum almenna fjögurra ára fyrningarfresti krafna sem mælt er fyrir um í 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, sem og skyldu til að varðveita bókhaldsgögn í sjö ár samkvæmt 20. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald.

Persónuvernd telur ekki unnt að útiloka að eftir að viðskiptasambandi lýkur megi gera ráð fyrir því um nokkurt skeið að reynt geti á einstaka þætti sambandsins eða einstaka reikninga og annars konar löggæringa sem því tengjast, t.d. ef krafist er endurgreiðslna á reikningum sem fyrrum viðskiptavinur telur hafa verið of háa. Fyrrgreind ákvæði laga nr. 150/2007 og 145/1994 geta þá eftir atvikum haft gildi. Síðarnefndu löggin eiga við þegar um ræðir „[a]llar bækur sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum, ásamt bókhaldsgögnum, svo og bréf, myndrit og skeyti eða samrit þeirra, þar með talin gögn sem varðveitt eru í rafrænu formi, á örfilmu eða annan sambærilegan hátt“, sbr. 1. mgr. 20. gr. laganna. Ekki verður séð að upplýsingar um kennitölu kvartanda falli undir þessa

skilgreiningu eins og hér háttar til. Verður því jafnframt ekki séð að áður nefnd sjö ára varðveisluskylda samkvæmt lögnum eigi hér við. Hins vegar telur Persónuvernd að varðveisla upplýsinganna um skammt árábil geti haft vægi, sbr. til hliðsjónar þann tímaramma sem mælt er fyrir um í áður nefndu ákvæði laga nr. 150/2007.

Þegar lítið er til 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 og þess að fá ár eru liðin frá lokum viðskipta kvartanda við Fjarskipti hf. telur Persónuvernd því umrædda varðveislu á kennitölu hans vera heimila. Ekki verður hins vegar séð að framangreind rök geti átt við um varðveislu lykilorðs kvartanda. Röksemdir Fjarskipta hf. varðandi þá varðveislu gætu aðeins haft vægi að því gefnu að kvartandi væri enn viðskiptamaður fyrirtækisins. Gæti varðveislan þá stuðst við fyrrgreint ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 8. gr., sbr. og 2. tölul. sömu málsgreinar þar sem fram kemur meðal annars að vinna má með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að efna samning sem hinn skráði er aðili að. Til þess er hins vegar að líta að samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 skulu persónuupplýsingar varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hina skráðu lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu. Eins og hér háttar til fullnægir varðveisla Fjarskipta hf. á lykilorði kvartanda ekki kröfum þessa ákvæðis. Er hún því óheimil og skal lykilorðinu eytt.

Úrskurðarorð:

Varðveisla Fjarskipta hf. á kennitölu [A] samrýmist lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Varðveisla lykilorðs hans er hins vegar óheimil og skal því eytt.

Úrskurður nr. 375:

Hinn 17. desember 2014 kvað stjórn Persónuverndar upp svohljóðandi úrskurð í máli nr. 2014/375:

I.

Málavextir og bréfaskipti

Með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 14. febrúar 2014, var Persónuvernd framsend kvörtun [A] frá 4. desember 2013 af tilefni innbrots í tölvukerfi Vodafone, sem rekið er af Fjarskiptum hf., og birtingar á gögnum þaðan á Netinu, þ. á m. upplýsinga um [A] (hér eftir nefndur „kvartandi“). Var Persónuvernd framsend kvörtunin í framhaldi af samskiptum stofnananna tveggja um valdmörk þeirra í tengslum við framangreint öryggisatvik. Varð niðurstaðan úr þeim samskiptum að Póst- og fjarskiptastofnun fjallaði um öryggi umræddra gagna en að Persónuvernd tæki til umfjöllunar lögmæti varðveislu Fjarskipta hf. á þeim persónuupplýsingum sem þau hafa að geyma.

Í kvörtuninni kemur fram að kennitala og netfang kvartanda hafi verið á meðal þeirra upplýsinga sem komist var yfir í fyrrnefndu innbroti og birtar voru í kjölfarið. Þá kemur fram að rúmum tveimur árum áður hafði kvartandi sagt upp viðskiptum við Fjarskipti hf., en með vísan til þess segir í kvörtuninni að fyrirtækið hafi átt að vera búíð að eyða umræddum upplýsingum úr sínu kerfi.

Með bréfi, dags. 21. febrúar 2014, veitti Persónuvernd Fjarskiptum hf. færi á að tjá sig um umrædda kvörtun. Með bréfum, dags. sama dag, veitti Persónuvernd fyrirtækinu einnig færi á að tjá sig um fleiri kvartanir af tilefni fyrrgreinds öryggisatviks. [X] svöruðu fyrir hönd fyrirtækisins með bréfum, dags. 7. mars s.á. Í kjölfar þess var úrskurðað í sjö kvörtunarmálanna (nr. 1509, 1510 og 1607/2013 og 373 og 376–378/2014) en ekki í máli kvartanda. Í þeim málum, sem úrskurðað var í, var komist að þeirri niðurstöðu að varðveisla sms-skilaboða, sem send höfðu verið af vefsíðu Vodafone og voru á meðal þeirra upplýsinga sem birtar voru í kjölfar framangreinds innbrots, hefði verið óheimil, enda hefði kröfum til samþykkis fyrir varðveislunni ekki verið fullnægt. Þá reyndi í sumum málanna á hvort varðveita hefði mátt upplýsingar eins og þær sem hér um ræðir. Taldi Persónuvernd það heimilt þar sem um væri að ræða

viðskiptamannaupplýsingar sem nauðsynlegar væru til að veita viðskiptavinum umsamda þjónustu. Af hálfu kvartanda hefur hins vegar, eins og fyrr er lýst, komið fram að hann hafi ekki lengur verið viðskiptavinur Fjarskipta hf. þegar umrætt öryggisatvik átti sér stað.

Í ljósi framangreinds taldi Persónuvernd þörf á að óska sérstaklega skýringa frá Fjarskiptum hf. varðandi varðveislu kennitölu og netfangs kvartanda eftir að hann hafði sagt upp viðskiptum við fyrirtækið. Var það gert með bréfi, dags. 30. maí 2014, ítrekuðu með bréfi, dags. 30. júní s.á. Svar barst frá Fjarskiptum hf. með bréfi, dags. 11. ágúst s.á., en þar segir meðal annars:

„Vodafone eyðir ekki gögnum um nafn, kennitölu og netfang um leið og viðskiptamenn slíta viðskiptum við félagið. Nauðsynlegt er fyrir félagið að geta haft grunnviðskiptamannaupplýsingar um fyrrverandi viðskiptamenn í ákveðinn tíma eftir að viðskiptum lýkur. Þær upplýsingar sem um ræðir eru aðgengilegar í þjóðskrá nema upplýsingar um netfang viðskiptavinar. Vodafone telur nauðsynlegt að hafa umræddar upplýsingar á skrá hjá sér ef upp koma fyrirspurnir eða athugasemdir við reikninga eða annað sem snertir viðskiptin í a.m.k. fjögur ár sem er almennur fyrningartími kröfuréttinda, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Allir reikningar viðskiptavina eru útbúnir með því að keyra saman upplýsingar um þjónustur skráðar á nafn, kennitölu og heimilisfang og síðan fjarskiptanotkun. Grundvöllurinn fyrir viðskiptasambandi aðila er samningurinn og undirritun sem liggur þar til grundvallar. Undirritun getur eins og að framan greinir verið rafræn eða hefðbundin.

Þá er þessi varðveislutími einnig rökstuddur með vísan til 20. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald þar sem kveðið er á um að allar bækur, bókhaldsgögn og fylgiskjöl, svo og bréf, myndrit og skeyti eða samrit þeirra, þ.m.t. gögn sem varðveitt eru í tölvutæku formi, á örfilmu eða annan sambærilegan hátt, skuli varðveita í a.m.k. sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Nauðsynlegt er fyrir félagið að geta haft samband við fyrrverandi viðskiptamenn ef eitthvað kemur upp á eftir að viðskiptum er lokið í tengslum við reikningsgerð eða síðar tilkomnar kröfur sem rekja má til viðkomandi viðskiptamanns.

Með vísan til framangreinds telur Vodafone að varðveislutími umræddra grunnviðskiptamannaupplýsinga hafi samrýmst ákvæðum 5. tölul. 1. mgr. 7. gr. og 26. gr. laga nr. 77/2000.“

Með bréfi, dags. 9. september 2014, ítrekuðu með bréfum, dags. 21. október og 3. nóvember s.á., var kvartanda veitt færi á að tjá sig um framangreind svör Fjarskipta hf. Tekið var fram í síðara ítrekunarbréfinu að ef engin svör bærust yrði kvörtunin tekin til afgreiðslu á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Ekki hafa borist svör.

II.

Forsendur og niðurstæða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við það ákvæði í greinargerð með því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Varðveisla Fjarskipta hf. á þeim gögnum, sem mál þetta lýtur að, felur því í sér vinnslu persónuupplýsinga um kvartanda sem fellur undir valdsvið Persónuverndar. Ekki verður hins vegar fjallað hér um öryggi upplýsinganna heldur fellur það í hlut Póst- og fjarskiptastofnunar, sbr. þá afmörkun á valdmörkum hennar og Persónuverndar sem rakin er í

upphafi úrskurðar þessa.

2.

Svo að vinna megi með persónuupplýsingar þarf ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. þeirrar greinar er vinnsla persónuupplýsinga heimil sé hún nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi hins skráða vegi þyngra. Í tengslum við varðveislu Fjarškipta hf. á kennitölu og netfangi kvartanda reynir einkum á hvort kröfum þessa ákvæðis sé fullnægt. Fram hefur komið af hálfu fyrirtækisins að sú varðveisla þjóni þeim tilgangi að geta greitt úr álitafnum varðandi viðskipti sem á reynir eftir að þeim lýkur, s.s. ef fyrirspurnir eða athugasemdir berast við reikninga. Þá kemur fram af hálfu fyrirtækisins að höfð sé hliðsjón af hinum almenna fjögurra ára fyrningarfresti krafna sem mælt er fyrir um í 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, sem og skyldu til að varðveita bókhaldsgögn í sjö ár samkvæmt 20. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald.

Persónuvernd telur ekki unnt að útiloka að eftir að viðskiptasambandi lýkur megi gera ráð fyrir því um nokkurt skeið að reynt geti á einstaka þætti sambandsins eða einstaka reikninga og annars konar löggæringa sem því tengjast, t.d. ef krafist er endurgreiðslna á reikningum sem fyrrum viðskiptavinur telur hafa verið of háa. Fyrrgreind ákvæði laga nr. 150/2007 og 145/1994 geta þá eftir atvikum haft gildi. Síðarnefndu lögin eiga við þegar um ræðir „[a]llar bækur sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum, ásamt bókhaldsgögnum, svo og bréf, myndrit og skeyti eða samrit þeirra, þar með talin gögn sem varðveitt eru í rafrænu formi, á örfilmu eða annan sambærilegan hátt“, sbr. 1. mgr. 20. gr. laganna. Ekki verður séð að upplýsingar um kennitölu og netfang kvartanda falli undir þessa skilgreiningu eins og hér háttar til. Verður því jafnframt ekki séð að áðurnefnd sjö ára varðveisluskylda samkvæmt lögnum eigi hér við. Hins vegar telur Persónuvernd að varðveisla upplýsinganna um skammt árábil geti haft vægi, sbr. til hliðsjónar þann tímaramma sem mælt er fyrir um í áðurnefndu ákvæði laga nr. 150/2007. Þá er til þess að líta að varðveisla netfangs um tiltekið skeið getur þjónað þeim tilgangi að því sé [ekki] endurúthlutað áður en hæfilegur tími er liðinn frá lokum nota þess hjá fyrrum viðskiptamanni, en slíkt kynni að geta verið áhættuþáttur í tengslum við persónuupplýsingar sem kunna að koma fyrir í tölvuþóstsamskiptum.

Þegar litið er til 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 og þess að fá ár eru liðin frá lokum viðskipta kvartanda við Fjarškipti hf., sem og áðurnefnds notagildis sem upplýsingar um fyrrum netfang hans geta þjónað, telur Persónuvernd því umrædda varðveislu upplýsinga um hann vera heimila.

Úrskurðarorð:

Varðveisla Fjarškipta hf. á kennitölu og netfangi [A] samrýmist lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

3.2.43. Listi yfir meðmælendur framboða til sveitarstjórnarkosninga – mál nr. 2014/898

Persónuvernd veitti þann 17. desember 2014 álit um að miðlun persónuupplýsinga um meðmælendur einstakra framboða til sveitarstjórnarkosninga hafi ekki verið í samræmi við lög nr. 77/2000 og að slíkar yfirlýsingar, um stuðning við tiltekinn framboðslista til kosninga til sveitarstjórna, feli í sér upplýsingar um stjórnámálaskoðanir og innihaldi viðkvæmar persónuupplýsingar. Þá hefur Persónuvernd einnig úrskurðað um að birting fyrrnefndra upplýsinga á netinu hafi verið óheimil.

Álitið er svohljóðandi:

I.
Grundvöllur máls
Málavextir og bréfaskipti
1.
Tildrög máls

Í júní 2014 voru fluttar fréttir af því í fjölmiðlum að yfirkjörstjórn Kópavogs hefði afhent [B] lista yfir meðmælendur fyrir þau framboð sem buðu fram til sveitarstjórnarkosninga í Kópavogi, sem fram fóru í maí 2014, sbr. frétt af www.mbl.is sem birtist þann 6. maí 2014. Í kjölfarið voru fyrrnefndir meðmælendalistar birtar á fésbókarsíðu [B].

Af þessu tilefni ákvað stofnunin að hefja frumkvæðisathugun á lögmæti umræddrar miðlunar yfirkjörstjórnar Kópavogs á persónuupplýsingum um meðmælendur einstakra framboða.

2.

Bréfaskipti

Með bréfi, dags. 10. júní 2014, var yfirkjörstjórn Kópavogs tilkynnt um málið til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Óskaði stofnunin eftir upplýsingum um það, á grundvelli hvaða heimildar í 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, eða eftir atvikum öðrum lögum, yfirkjörstjórn hefði talið sér heimilt að miðla listum yfir nöfn og kennitölur einstaklinga, sem styðja tiltekið framboð í sveitarfélaginu, til þriðja aðila sem og hvernig hún teldi miðlun kennitalna hafa samrýmst 10. gr. sömu laga.

Svarbréf yfirkjörstjórnar Kópavogs, dags. 27. júní 2014, barst Persónuvernd þann 4. júlí s.á. Í bréfinu segir að við afgreiðslu á beiðni [B] um afhendingu á umræddum meðmælendalistum hafi verið litið til leiðbeininga innanríkisráðuneytisins á vefsíðunni kosning.is, en þar segir: „Ekki verður talið að meðmælendur eigi rétt á nafnleynd. Kjörstjórn er því skylt samkvæmt upplýsingalögum að afhenda listana, verði farið fram á það.“ Þá bendir yfirkjörstjórn á að rétt sé að túlka undantekningar frá rétti almennings til aðgangs að gögnum þröngt. Þá telur yfirkjörstjórn að með lögum nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna, sé tekin afstaða til þess hvaða athafnir skulu vera bundnar trúnaði og í hvaða tilvikum einstaklingar eru að lýsa yfir stjórnmalaskoðunum sínum, sbr. 19. gr. laganna, en þar segir að kosning til sveitarstjórnar skuli vera leynileg. Skráningu á meðmælendalista við framboð telur yfirkjörstjórn hins vegar ekki fela í sér yfirlýsingu um stjórnmalaskoðun.

Þá er vísað til áskilnaðar 22. gr. laga nr. 5/1998 um að yfirlýsing um stuðning kjósenda sveitarfélags skuli fylgja framboðslista og bent á að tilgangur skráningar á meðmælendalista sé að veita framboðum brautargengi, sem einnig feli í sér þátttöku í lýðræðissamfélagi. Meðmælendalistar hafi því ekki að geyma stjórnmalaskoðanir einstaklinga. Þannig hafi ekki verið um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar og því hafi verið litið svo á að 9. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 ætti ekki við. Enn fremur segir í bréfi yfirkjörstjórnar að í lögum nr. 5/1998 komi ekki fram að meðmælendalisti sé trúnaðargagn. Þar sé hins vegar kveðið á um að meðmælendur skuli tilgreina nafn, kennitölu og heimili. Tilgreining kennitölu sé nauðsynleg til þess að tryggja örugga persónugreiningu. Þá segir að meðmælendum sé ekki heitið trúnaði og að með undirritun sinni veiti þeir samþykki fyrir því að yfirkjörstjórn verði afhentur listinn. Yfirkjörstjórn sé enn fremur skylt að halda gerðabók sem sé opinbert gagn.

Í niðurlagi bréfs yfirkjörstjórnarinnar segir að afhending listanna samrýmst markmiðum upplýsingalaga samkvæmt 1. gr. þeirra þar sem fram kemur að löggin eigi að tryggja gegnsæi í stjórnsýslu og við meðferð opinberra hagsmuna, m.a. til að styrkja möguleika almennings til þátttöku í lýðræðissamfélagi, sbr. 1. tölul. ákvæðisins, og aðhald fjölmiðla og almennings að stjórnvöldum, sbr. 3. tölul. Að lokum segir í bréfi yfirkjörstjórnar að hún telji sér hafa verið skylt að afhenda [B] umræddar upplýsingar á grundvelli ákvæða upplýsingalaga.

Með bréfi, dags. 1. október 2014, var yfirkjörstjórn Kópavogs tjáð að Persónuvernd liti svo á að í svarbréfi yfirkjörstjórnarinnar, dags. 27. júní s.á., hefði ekki komið fram hvernig sú miðlun persónuupplýsinga, sem athugun stofnunarinnar beindist að, samrýmdist lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sem stofnunin hefði eftirlit með. Óskaði Persónuvernd því á ný eftir því að yfirkjörstjórnin tilgreindi á grundvelli hvaða tölulíðar 1. mgr. 8. gr., og eftir atvikum, 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, umrædd miðlun hefði byggst.

Svarbréf bæjarlögmanns Kópavogs, f.h. yfirkjörstjórnar Kópavogs, dags. 9. október 2014, barst þann 14. s.m. Þar segir að í upphaflegu erindi Persónuverndar hafi stofnunin óskað eftir því að upplýst yrði um á grundvelli hvaða heimildar í 1. mgr. 8. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, eða eftir atvikum öðrum lögum, umrædd miðlun hefði verið heimil. Af þeim sökum ítrekaði yfirkjörstjórn fyrri svör sín með vísan til upplýsingalaga nr. 140/2012. Loks ítrekaði bæjarlögmaður það álit yfirkjörstjórnar að með undirritun á meðmælendalista við framboð væru einstaklingar ekki að lýsa yfir stjórnmalaskoðun og því hefðu meðmælendalistarnir ekki að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar.

Með bréfi, dags. 28. október 2014, óskaði Persónuvernd skýringa frá innanríkisráðuneytinu vegna upplýsinga á kosningavef innanríkisráðuneytisins, www.kosning.is. Þar eru settar fram algengar spurningar og svör sem finna má undir flipunum „leiðbeiningar“ og „framboð“. Ein spurninganna snýr að því hvort umboðsmenn framboðslista eigi rétt á að fá ljósrit af meðmælendalistum annarra framboðslista. Á heimasíðu ráðuneytisins er eftirfarandi svar við fyrrnefndri spurningu:

„Ekki verður talið að meðmælendur eigi rétt á nafnleynd. Kjörstjórn er því skylt samkvæmt upplýsingalögum að afhenda listana, verði farið fram á það.“

Óskaði stofnunin eftir því að ráðuneytið upplýsti um hvort það túlkaði ákvæði upplýsingalaga nr. 140/2012 á þann hátt að heimilt væri að afhenda *öðrum en umboðsmönnum framboðslista* meðmælendalista og ef svo væri, á grundvelli hvaða lagaheimildar slík túlkun byggðist. Þá óskaði stofnunin eftir upplýsingum um það hvort ráðuneytið teldi að upplýsingar sem fram koma á meðmælendalistum fælu í sér upplýsingar um stjórnmalaskoðanir viðkomandi einstaklinga eða ekki.

Í svarbréfi innanríkisráðuneytisins, dags. 7. nóvember 2014, segir að ráðuneytið hafi svarað fyrirspurn umboðsmanns tiltekins framboðs í Kópavogi, í aðdraganda kosninganna, á þá leið að því efni sem finna má á vefnum kosning.is sé einungis ætlað að vera til almennrar leiðbeiningar um framkvæmd kosninga. Það eigi meðal annars við um efni varðandi framlagningu framboðslista og lista yfir meðmælendur skv. 6. kafla laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Í birtingu þessa efnis felist því á engan hátt afstaða ráðuneytisins til einstakra álitamála sem upp kynnu að koma við framkvæmd kosninganna, enda væri það hlutverk yfirkjörstjórna að skera þar úr. Slíkar úrlausnir yfirkjörstjórna kynnu síðan eftir atvikum að koma til endurskoðunar hjá þar til bærum stjórnvöldum. Þá segir jafnframt í bréfi ráðuneytisins að ekki liggi fyrir formleg túlkun ráðuneytisins á því hvort ákvæði upplýsingalaga heimili afhendingu meðmælendalista til annarra en umboðsmanna framboðslista né heldur hvort þær upplýsingar sem fram koma á meðmælendalistum, um stuðning við tiltekið framboð til kosninga, feli í sér upplýsingar um stjórnmalaskoðanir viðkomandi eða ekki. Loks kemur fram að ráðuneytið telji umrædda fullyrðingu, sem finna megi á vefsvæðinu kosning.is, óheppilega og hyggst ráðuneytið endurskoða efni vefsíðunnar að þessu leyti fyrir næstu kosningar með hliðsjón af niðurstöðu Persónuverndar í þessum málum.

II.

Forsendur og niðurstaða

2.1.

Gildissvið laga nr. 77/2000

Þau lög, sem Persónuvernd framfylgir og starfar eftir, þ.e. lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í

athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Með vísan til framangreinds er ljóst að miðlun persónuupplýsinga um meðmælendur sem stýðja tiltekin framboð til kosninga til sveitarstjórnar fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000.

2.2.

Lögmæti vinnslu

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að eiga sér stoð í lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þar er greint á milli almennra persónuupplýsinga og viðkvæmra. Talsvert strangari kröfur eru gerðar til lögmætis vinnslu persónuupplýsinga sem teljast viðkvæmar í skilningi laga nr. 77/2000 en til vinnslu annarra persónuupplýsinga. Svo að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil þarf hún að uppfylla eitthvert skilyrði 1. mgr. 8. gr., sem og eitthvert skilyrði 1. mgr. 9. gr. laganna. Skilgreiningu á því hvaða persónuupplýsingar teljast viðkvæmar er að finna í 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt a-lið 8. tölul. 2. gr. laganna teljast upplýsingar um stjórnsmálaskoðanir einstaklinga viðkvæmar persónuupplýsingar.

Þá segir í athugasemdum við 2. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000 að oft geti aðrar upplýsingar en þær, sem taldar eru upp í ákvæðinu, talist viðkvæmar fyrir hlutaðeigandi. Í framkvæmd þurfi að taka tillit til slíks, jafnvel þótt ekki sé um að ræða upplýsingar sem teljast viðkvæmar samkvæmt upptalningu umrædds ákvæðis.

Að auki verður öll vinnsla persónuupplýsinga að fullnægja grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um gæði gagna og vinnslu. Þar er mælt fyrir um að persónuupplýsingar skuli unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær skuli fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær skuli vera nægilegar og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); að þær skuli vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, en persónuupplýsingar, sem séu óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skuli afmá eða leiðrétta (4. tölul.); og að þær skuli varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hina skráðu lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

2.3.

Afmörkun úrlausnarefnis

Frumkvæðisathugun þessi lýtur að miðlun meðmælendalista frá yfirkjörstjórn Kópavogs til þriðja aðila, sem innihalda persónuupplýsingar um meðmælendur og skriflega yfirlýsingu þeirra um stuðning við tiltekinn framboðslista. Svo ekki valdi misskilningi um valdheimildir Persónuverndar er rétt að taka fram að valdsvið Persónuverndar tekur ekki til *skyldu* stjórnvalda til að afhenda almenningi gögn eða veita aðgang að upplýsingum á grundvelli ákvæða upplýsingalaga nr. 140/2012. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál er á hinn bóginn bær úrskurðaraðili um ágreining um slíkan aðgang almennings að upplýsingum. Eftirfarandi ákvörðun fjallar um hvort miðlun yfirkjörstjórnar Kópavogs, á fyrrnefndum upplýsingum, hafi samrýmst ákvæðum laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

2.4.

Niðurstaða

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 er vinnsla heimil byggist hún á samþykki hins skráða. Samkvæmt 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. er vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga auk þess heimil taki hún einungis til upplýsinga sem hinn skráði hefur sjálfur gert opinberar. Af orðalagi stuðningsyfirlýsinga kjósenda má ráða að undirritun þeirra felur aðeins í sér stuðning við tiltekinn framboðslista í sveitarfélagi og að einstaklingar hafi ekki mátt vænta opinberrar birtingar þeirra upplýsinga þótt þeim sé skilað til stjórnvalda. Því er það mat Persónuverndar að samþykki kvartanda nái einungis til stuðnings við tiltekinn framboðslista en

ekki opinberrar birtingar.

Í 1. mgr. 22. gr. laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna, segir að framboðslista skuli fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann. Framboðslista skuli einnig fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Þá segir að tilgreina skuli nafn meðmælanda, kennitölu hans og heimili. Loks segir að hver kjósandi megi einvörðungu mæla með einum lista við hverjar kosningar. Í 5. mgr. sömu greinar segir að kjósandi, sem hefur mælt með framboðslista, geti ekki afturkallað stuðningsyfirlýsingu sína eftir að framboð hefur verið afhent yfirkjörstjórn.

Yfirkjörstjórn Kópavogs hefur bent á að hún telji sér hafa verið heimilt, og skylt, að afhenda þriðja aðila upplýsingar um stuðningsyfirlýsingar einstaklinga með tilteknum framboðslistum, á grundvelli upplýsingalaga nr. 140/2012. Yfirkjörstjórn rökstuddi heimild sína ekki með vísan til tiltekins eða tiltekinna ákvæða laganna að öðru leyti en með vísan til almenns markmiðsákvæðis 1. gr. laganna auk þess sem 9. gr. laganna, um takmarkanir á rétti almennings til aðgangs að upplýsingum vegna einkahagsmuna, ætti ekki við. Af gögnum málsins, og með hliðsjón af gögnum í máli nr. 2014/911, sem varðar birtingu [B] á umræddum upplýsingum, má ráða að umrædd miðlun hafi grundvallast á ákvæði 5. gr. upplýsingalaga um rétt almennings til aðgangs að gögnum. Miðast eftirfarandi úrlausn við það.

Í 1. gr. upplýsingalaga nr. 140/2014 segir að markmið laganna sé að tryggja gegnsæi í stjórnsýslu og við meðferð opinberra hagsmuna, m.a. í þeim tilgangi að styrkja:

1. upplýsingarétt og tjáningarfrelsi,
2. möguleika almennings til þátttöku í lýðræðissamfélagi,
3. aðhald fjölmiðla og almennings að stjórnvöldum,
4. möguleika fjölmiðla til að miðla upplýsingum um opinber málefni,
5. traust almennings á stjórnsýslunni.

Í 5. gr. upplýsingalaga segir að skylt sé að veita almenningi aðgang að fyrirbyggjandi gögnum sem varða tiltekið mál, sé þess óskað, með þeim takmörkunum sem greinir í 6.-10. gr. laganna. Í 9. gr. laganna er kveðið á um takmarkanir á upplýsingarétti vegna einkahagsmuna. Þar segir að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- og fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt og eðlilegt er að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á. Í athugasemdum við 9. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 140/2012 segir að ákvæðið feli í sér nokkurs konar vísireglu um það hvenær rétt sé að halda leyndum upplýsingum um einkahagsmuni. Stjórnvaldi er með öðrum orðum ætlað að vega og meta umbedin gögn með tilliti til þess hvort upplýsingar sem þau hafa að geyma séu þess eðlis að rétt sé að undanþiggja þær aðgangi almennings. Við það mat verður að taka mið af því hvort upplýsingarnar séu samkvæmt almennum sjónarmiðum svo viðkvæmar að þær eigi ekki erindi við allan þorra manna. Þá segir enn fremur í athugasemdum við ákvæðið að engum vafa sé undirorpið að viðkvæmar persónuupplýsingar samkvæmt lögum um persónuvernd séu allar undanþegnar aðgangi almennings samkvæmt 9. gr.

Þá verður ekki annað ráðið af lögum nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna og lögskýringargögnum við þau, sem og eldri lögum um sama efni, en að markmið með stuðningsyfirlýsingum kjósenda við tiltekinn framboðslista sé einungis að veita honum lágmarksstuðning. Hafi vilji löggjafans staðið til þess að markmið fyrrnefndra stuðningsyfirlýsinga væri jafnframt að hafa almennt og opinbert eftirlit með kosningum hefðu lögin þurft að kveða skýrt á um slíkt. Þá ber að túlka allan vafa um skýringu settra laga borgurunum í hag á þann hátt að viðkvæmar persónuupplýsingar um þá verði ekki gerðar opinberar nema á grundvelli skýrrar heimildar.

Eins og hér háttar til telur stofnunin tilefni til að líta til sambærilegra ákvæða í rétti nágrannaríkja og hafa þau til hliðsjónar. Er þá m.a. lítið til þess að um er að ræða lönd sem, rétt eins og Ísland,

eru bundin af tilskipun 95/46/EB, um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga, en sú tilskipun hefur m.a. það að markmiði að samrýma persónuverndarlöggjöf Evrópuríkja.

Í norskri löggjöf segir í 2. mgr. 13. reglugerðar FOR-2003-01-02-5, um kosningar til Stórþingsins, fylkisþinga og sveitarstjórna, að þagnarskylda gildi um meðmælendur sem styðja einstök framboð til kosninga samkvæmt grein §6-3(2) í norskum kosningalögum. Slíkar upplýsingar skuli ekki afhenda öðrum, sbr. grein §15-4(1) sömu laga, sbr. einnig 1. tölul. §13. greinar norskra stjórnarsýslulaga.

Efnislega sambærilegt ákvæði er að finna í 30. gr. reglugerðar 2008-12-19-1480, um kosningar til Samþingsins.

Í danskri löggjöf eru settar sérreglur um varðveislutíma upplýsinga um meðmæli kjósenda með tilteknum framboðum til kosninga til þjóðþingsins. Í 12. og 13. gr. danskra laga um kosningar til þjóðþingsins nr. 128 frá 26. júní 2013 er m.a. fjallað um yfirlýsingu tiltekkins fjölda kjósenda sem nauðsynlegt er að fylgi nýjum framboðum til þjóðþingskosninga. Í 9. mgr. 12. gr. laganna kemur fram að efnahags- og innanríkisráðuneytið skuli einungis varðveita meðmæli kjósenda í 18 mánuði en að þeim tíma loknum skuli þeim eytt, sbr. einnig ákvæði 6. mgr. 1. gr. breytingalaga nr. 312 frá 29. mars 2014, en breytingalögin færðu söfnun meðmæla kjósenda yfir í rafrænt form. Í umsögn danska upplýsingaöryggisráðsins um fyrrnefnd breytingalög, dags. 9. mars 2014, kemur fram að meðmæli einstaklinga með framboðum sem hyggjast bjóða fram til þingkosninga séu stjórnmalaskoðanir og að varhugavert sé að skrá þær þar sem slík skráning gæti haft áhrif á vilja kjósenda til þess að gefa meðmæli. Óskaði Persónuvernd staðfestingar á edli þeirra upplýsinga sem hér um ræðir frá dönsku persónuverndarstofnuninni (d. Datatilsynet). Í tölvupósti frá 11. desember 2014 kemur fram að upplýsingar um stuðningsyfirlýsingar einstaklinga við framboð teljist stjórnmalaskoðanir.

Í ljósi framangreinds er það mat stjórnar Persónuverndar að yfirlýsing um stuðning við tiltekinn framboðslista til kosninga til sveitarstjórna feli í sér upplýsingar um stjórnmalaskoðanir og innihaldi viðkvæmar persónuupplýsingar. Í því sambandi hefur sérstaklega verið höfð hliðsjón af edli þeirra upplýsinga sem hér um ræðir, því að eingöngu er heimilt að styðja einn, tiltekinn framboðslista og norrænni lagaframkvæmd.

Fyrir liggur að persónuupplýsingum um hundruð einstaklinga ásamt yfirlýsingum um stuðning þeirra við tiltekna framboðslista til kosninga til sveitarstjórnar í Kópavogi var miðlað frá yfirkjörstjórn Kópavogs til þriðja aðila. Svo að heimilt sé að vinna með, þ.m.t. miðla, viðkvæmum persónuupplýsingum er nauðsynlegt að einhverju skilyrða 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 sé fullnægt. Þar á meðal getur komið til skoðunar 3. tölul. 8. gr. og 2. og 6. tölul. 9. gr. laganna en þar segir að vinnsla sé heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila, sérstök heimild standi til vinnslunnar samkvæmt öðrum lögum eða hinn skráði sjálfur hafi gert upplýsingarnar opinberar. Eins og hér háttar til reynir á hvort í 5. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 felist lagaskylda og sérstök lagaheimild í skilningi fyrrgreindra ákvæða. Einnig ber hins vegar að líta til þess að samkvæmt 9. gr. upplýsingalaga er stjórnvaldi óheimilt án samþykkis viðkomandi að miðla gögnum um viðkvæmar persónuupplýsingar einstaklinga sem sanngjarn er og edlilegt að fari leynt. Sem fyrr segir er hér um slíkar upplýsingar að ræða.

Með vísan til framangreinds er það mat Persónuverndar að ákvæði 9. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 eigi við um upplýsingar um stuðning einstaklinga við tiltekinn framboðslista, til kosninga til sveitarstjórnar. Af þeim sökum telst 5. gr. upplýsingalaga ekki fela í sér heimild til miðlunar sbr. 3. tölul. 1. mgr. 8. og 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Þá eiga aðrar heimildir samkvæmt þeim ákvæðum ekki heldur við. Var umrædd miðlun þar af leiðandi óheimil.

Álitsorð:

Miðlun yfirkjörstjórnar Kópavogs á persónuupplýsingum um meðmælendur einstakra framboða til sveitarstjórnarkosninga í Kópavogi var ekki í samræmi við lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

3.2.44. Listi yfir meðmælendur framboða til sveitarstjórnarkosninga – mál nr. 2014/ 911

Á fundi stjórnar Persónuverndar þann 17. desember 2014 var kveðinn upp svohljóðandi úrskurður í máli nr. 2014/911:

I.

Grundvöllur máls

Málavextir og bréfaskipti

1.

Tildrög máls

Þann 10. júní 2014 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] (hér eftir nefndur kvartandi), yfir birtingu [B] á upplýsingum um hann á Netinu. Í kvörtuninni segir m.a.:

„[B] fór fram á það við yfirkjörstjórn í Kópavogi að fá afhentan meðmælendalista allra framboða til sveitarstjórnarkosninga í Kópavogi nú í maí 2014. Yfirkjörstjórn afhenti [B] alla listana sem hann hefur nú birt opinberlega á Facebook síðu sinni [...]. Ég tel að opinber birting á því hvaða framboð ég styð og mæli með sé ekki heimil skv. lögum nr. 77/2000 en nafn mitt kemur fram á einum af þessum framboðslistum.“

2.

Bréfaskipti

Með bréfi, dags. 10. júní sl., var [B] tilkynnt um kvörtunina og boðið að koma á framfæri skýringum vegna hennar til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnáráðslulaga nr. 37/1993. Var svarfrestur veittur til 25. júní 2014.

[B] svaraði með bréfi, dags. 24. júní 2014. Segir þar að þann 14. maí 2014 hafi [B] borið fram þá kröfu við yfirkjörstjórn Kópavogs að fá afhentar skriflegar yfirlýsingar meðmælenda allra framboða til sveitarstjórnarkosninga í Kópavogi sem fram fóru í maí 2014. Sú krafa hafi verið byggð á 5. gr., sbr. 1. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012. Þann 30. maí s.á. hefði yfirkjörstjórn Kópavogs samþykkt að verða við beiðninni og í framhaldinu hefðu gögnin verið afhent [B]. Í bréfi [B] er vísað til þess að bæði löggjafinn og dómvaldið hafi viðurkennt verulegt svigrúm til umfjöllunar um menn og málefni. Sú upplýsingamiðlun sem um ræðir njóti verndar 73. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 um tjáningarfrelsi og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Samkvæmt þeim ákvæðum megi ekki skerða rétt til tjáningarfrelsis nema nauðsyn beri til en það hugtak hafi Mannréttindadómstóll Evrópu túlkað sem „knýjandi þjóðfélagslega nauðsyn.“ Enn fremur eigi að skýra undanþágur frá tjáningarfrelsinu þröngt.

Þá segir að umræddir listar hafi verið birtir óbreyttir og óunnir af hálfu [B]. Um birtinguna sagði nánar að um birtingu opinberra upplýsinga hafi verið að ræða og að þær hafi verið aðgengilegar hverjum sem væri á grundvelli upplýsingalaga. Því til stuðnings er vísað til þess að á vef innanríkisráðuneytisins, undir liðnum „Algengar spurningar“ sé spurningu um hvort umboðsmenn framboðslista eigi rétt á að fá ljósrit af meðmælendalistum annarra framboðslista, svarað svo: „Ekki verður talið að meðmælendur eigi rétt á nafnleynd. Kjörstjórn er því skylt samkvæmt upplýsingalögum að afhenda listana, verði farið fram á það.“

Þá er því mótmælt að um hafi verið að ræða vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga, sem þurfi að uppfylla kröfur 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, enda ættu þá undanþáguákvæði 9. gr. upplýsingalaga einnig við um hana. Stjórnsmálaskoðanir geti ekki sjálfkrafa talist viðkvæmar persónuupplýsingar en t.d. séu stjórnsmálaskoðanir frambjóðenda og kjörinna fulltrúa opinberar. Þá segir að þar sem almenningur þurfi að geta treyst því að farið sé að ákvæðum laga nr. 5/1998

um kosningar til sveitarstjórna, þar sem m.a. er gerð sú krafa að meðmælendur mæli aðeins með einum lista, sbr. 1. mgr. 22. gr., geti yfirlýsing um stuðning ekki talist einkamál meðmælanda. Enn fremur sé réttur almennings til aðgangs og dreifingar á meðmælendalistum nauðsynlegur til þess að mat yfirkjörstjórnar á meðmælendalistunum á grundvelli 22. og 27. gr. síðastnefndra laga geti sætt aðhaldi og til að tryggja að meðmælendur sjálfir fái notið réttar síns samkvæmt 30. gr. sömu laga.

Loks segir í bréfi [B], um birtingu á kennitölum meðmælanda, að kennitala verði samkvæmt lögum að fylgja nöfnum á stuðningsmannalistum framboða og því sé hún hluti af því opinbera gagni sem menn útbúi sjálfviljugir með því að gerast meðmælendur. Með þeirri öruggu persónugreiningu sem fáið með því að birta kennitölur sé unnt, án nokkurs vafa, að kenna þá sem ritað hafa nafn sitt á meðmælendalista fyrir kosningar. Auk þess kemur fram af hálfu [B] að meðmælendur veiti samþykki sitt fyrir birtingunni við undirritun slíkra stuðningsyfirlýsinga sem m.a. sé ætlað að tryggja almannahagsmuni við framkvæmd kosninga. Hinar opinberu upplýsingar hefðu verið birtar í þágu almannahagsmuna og til að kjósendur gætu gætt lögmætra hagsmuna sinna, sbr. ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 og 73. gr. stjórnarskrárinnar.

Þann 30. júní 2014 barst Persónuvernd viðbót við fyrra svarbréf [B]. Þar segir [B] að dæmi séu um að frambjóðendur tiltekins framboðs í sveitarstjórnarkosningum hafi verið meðmælendur annars framboðs, sbr. meðmælendalista [X] og [Z]. Ekki fáið skýrara dæmi um að skráning á meðmælendalista feli ekki fyrirvaralaust í sér yfirlýsingu um stjórnmalaskoðun.

Með bréfi, dags. 1. júlí 2014, var kvartanda boðið að koma á framfæri athugasemdum sínum við framkomnar skýringar [B] til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993. Var svarfrestur veittur til 15. júlí s.á. Engar athugasemdir bárust.

Með tölvubrési þann 8. desember 2014 óskaði Persónuvernd eftir upplýsingum um hvort umræddir meðmælendalista væru enn aðgengilegir á Netinu. Þann sama dag staðfesti [B], með tölvubrési, að listarnir væru enn óbreyttir og aðgengilegir á tiltekinni vefsíðu, [...] Sendi [B] stofnuninni tengla á fyrrnefndar vefsíður þar sem sést að skönnuð eintök af meðmælendalistunum eru birt undir fyrrsögninni „Kjósendur í Kópavogi sem mæltu með framboði [stjórnmalaflokks] í sveitarstjórnarkosningunum 2014“. Á listunum birtast nöfn, kennitölur og heimilisföng meðmælanda.

II.

Forsendur og niðurstaða

2.1.

Gildissvið laga nr. 77/2000

Þau lög, sem Persónuvernd framfylgir og starfar eftir, þ.e. lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Með vísan til framangreinds er ljóst að birting persónuupplýsinga um meðmælendur sem styðja tiltekin framboð til kosninga til sveitarstjórnar fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000.

2.2.

Lögmæti vinnslu

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að eiga sér stoð í lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þar er greint á milli almennra persónuupplýsinga og viðkvæmra.

Talsvert strangari kröfur eru gerðar til lögmætis vinnslu persónuupplýsinga sem teljast viðkvæmar í skilningi laga nr. 77/2000 en til vinnslu annarra persónuupplýsinga. Svo að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil þarf hún að uppfylla eitthvert skilyrði 1. mgr. 8. gr., sem og eitthvert skilyrði 1. mgr. 9. gr. laganna. Skilgreiningu á því hvaða persónuupplýsingar teljast viðkvæmar er að finna í 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt a-lið 8. tölul. 2. gr. laganna teljast upplýsingar um stjórnmalaskoðanir einstaklinga viðkvæmar persónuupplýsingar. Til að kanna hvort skilyrði fyrir vinnslu slíkra upplýsinga eru uppfyllt koma helst til skoðunar 1. og 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 1., 2. og 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna.

Þá segir í athugasemdum við 2. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000 að oft geti aðrar upplýsingar en þær, sem taldar eru upp í ákvæðinu, talist viðkvæmar fyrir hlutaðeigandi. Í framkvæmd þurfi að taka tillit til slíks, jafnvel þótt ekki sé um að ræða upplýsingar sem teljast viðkvæmar samkvæmt upptalningu umrædds ákvæðis.

Að auki verður öll vinnsla persónuupplýsinga að fullnægja grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um gæði gagna og vinnslu. Þar er mælt fyrir um að persónuupplýsingar skuli unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær skuli fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær skuli vera nægilegar og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); að þær skuli vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, en persónuupplýsingar, sem séu óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skuli afmá eða leiðrétta (4. tölul.); og að þær skuli varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hina skráðu lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

2.3.

Afmörkun úrlausnarefnis

Mál þetta lýtur að birtingu meðmælendalista á vefsíðu [B], sem innihalda persónuupplýsingar um meðmælendur og skriflega yfirlýsingu þeirra um stuðning við tiltekinn framboðslista til sveitarstjórnarkosninga í Kópavogi vorið 2013. Rétt er að taka fram að valdsvið Persónuverndar tekur ekki til álitamála um *skyldu* stjórnvalda til að afhenda almenningi gögn eða veita aðgang að upplýsingum á grundvelli ákvæða upplýsingalaga nr. 140/2012. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál er á hinn bóginn bær úrskurðaraðili um ágreining um slíkan aðgang almennings að upplýsingum. Eftirfarandi ákvörðun fjallar um það hvort birting fyrrnefndra upplýsinga hafi samrýmst ákvæðum laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

2.4.

Niðurstaða

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 er vinnsla heimil byggist hún á samþykki hins skráða. Samkvæmt 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. er vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga auk þess heimil taki hún einungis til upplýsinga sem hinn skráði hefur sjálfur gert opinberar. Af orðalagi stuðningsyfirlýsinga kjósenda má ráða að undirritun þeirra felur aðeins í sér stuðning við tiltekinn framboðslista í sveitarfélagi og að einstaklingar hafi ekki mátt vænta opinberrar birtingar þeirra upplýsinga þótt þeim sé skilað til stjórnvalda. Því er það mat Persónuverndar að samþykki kvartanda nái einungis til stuðnings við tiltekinn framboðslista en ekki opinberrar birtingar.

Í 1. mgr. 22. gr. laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna, segir að framboðslista skuli fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann. Framboðslista skuli einnig fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Þá segir að tilgreina skuli nafn meðmælanda, kennitölu hans og heimili. Loks segir að hver kjósandi megi einvörðungu mæla með einum lista við hverjar kosningar. Í 5. mgr. sömu greinar segir að kjósandi, sem hefur mælt með framboðslista, geti ekki

afturkallað stuðningsyfirlýsingu sína eftir að framboð hefur verið afhent yfirkjörstjórn.

Af hálfu [B] hefur komið fram að umræddar upplýsingar um stuðning einstaklinga við tiltekinn framboðslista séu opinberar upplýsingar og að heimild hafi staðið til birtingar þeirra á grundvelli upplýsingalaga nr. 140/2012. Þá byggði [B] umrædda ósk um aðgang að upplýsingum á ákvæðum 1. og 5. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 um rétt almennings til aðgangs að gögnum.

Í 1. gr. upplýsingalaga nr. 140/2014 segir að markmið laganna sé að tryggja gegnsæi í stjórnsýslu og við meðferð opinberra hagsmuna, m.a. í þeim tilgangi að styrkja:

1. upplýsingarétt og tjáningarfrelsi,
2. möguleika almennings til þátttöku í lýðræðissamfélagi,
3. aðhald fjölmiðla og almennings að stjórnvöldum,
4. möguleika fjölmiðla til að miðla upplýsingum um opinber málefni,
5. traust almennings á stjórnsýslunni.

Í 5. gr. upplýsingalaga segir að skylt sé að veita almenningi aðgang að fyrirbyggjandi gögnum sem varða tiltekið mál, sé þess óskað, með þeim takmörkunum sem greinir í 6.-10. gr. laganna. Í 9. gr. laganna er kveðið á um takmarkanir á upplýsingarétti vegna einkahagsmuna. Þar segir að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- og fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarn og eðlilegt er að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á. Í athugasemdum við 9. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 140/2012 segir að ákvæðið feli í sér nokkurs konar vísireglu um það hvenær rétt sé að halda leyndum upplýsingum um einkahagsmuni. Stjórnvaldi er með öðrum orðum ætlað að vega og meta umbeðin gögn með tilliti til þess hvort upplýsingar sem þau hafa að geyma séu þess eðlis að rétt sé að undanþiggja þær aðgangi almennings. Við það mat verður að taka mið af því hvort upplýsingarnar séu samkvæmt almennum sjónarmiðum svo viðkvæmar að þær eigi ekki erindi við allan þorra manna. Þá segir enn fremur í athugasemdum við ákvæðið að engum vafa sé undirorpið að viðkvæmar persónuupplýsingar samkvæmt lögum um persónuvernd séu allar undanþegnar aðgangi almennings samkvæmt 9. gr.

Þá verður ekki annað ráðið af lögum nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna og lögskýringargögnum við þau, sem og eldri lögum um sama efni, en að markmið með stuðningsyfirlýsingum kjósenda við tiltekinn framboðslista sé einungis að veita honum lágmarksstuðning. Hafi vilji löggjafans staðið til þess að markmið fyrrnefndra stuðningsyfirlýsinga væri jafnframt að hafa almennt og opinbert eftirlit með kosningum hefðu lögin þurft að kveða skýrt á um slíkt. Þá ber að túlka allan vafa um skýringu settra laga borgurum í hag á þann hátt að viðkvæmar persónuupplýsingar um þá verði ekki gerðar opinberar nema á grundvelli skýrrar heimildar.

Eins og hér háttar til telur stofnunin tilefni til að líta til sambærilegra ákvæða í rétti nágrannaríkja og hafa þau til hliðsjónar. Er þá m.a. litið til þess að um er að ræða lönd sem, rétt eins og Ísland, eru bundin af tilskipun 95/46/EB, um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga, en sú tilskipun hefur m.a. það að markmiði að samrýma persónuverndarlöggjöf Evrópuríkja.

Í norskrri löggjöf segir í 2. mgr. 13. reglugerðar FOR-2003-01-02-5, um kosningar til Stórþingsins, fylkisþinga og sveitarstjórna, að þagnarskylda gildi um meðmælendur sem styðja einstök framboð til kosninga samkvæmt grein §6-3(2) í norskum kosningalögum. Slíkar upplýsingar skuli ekki afhenda öðrum samkvæmt grein §15-4(1) sömu laga, sbr. einnig 1. tölul. §13. greinar norskra stjórnsýslulaga.

Efnislega sambærilegt ákvæði er að finna í 30. gr. reglugerðar 2008-12-19-1480, um kosningar til Samþingsins.

Í danskri löggjöf eru settar sérreglur um varðveislutíma upplýsinga um meðmæli kjósenda með

tilteknum framboðum til kosninga til þjóðþingsins. Í 12. og 13. gr. danskra laga um kosningar til þjóðþingsins nr. 128 frá 26. júní 2013 er m.a. fjallað um yfirlýsingu tiltekins fjölda kjósenda sem nauðsynlegt er að fylgi nýjum framboðum til þjóðþingskosninga. Í 9. mgr. 12. gr. laganna kemur fram að efnahags- og innanríkisráðuneytið skuli einungis varðveita meðmæli kjósenda í 18 mánuði en að þeim tíma loknum skuli þeim eytt, sbr. einnig ákvæði 6. mgr. 1. gr. breytingalaga nr. 312 frá 29. mars 2014, en breytingalögin færðu söfnun meðmæla kjósenda yfir í rafrænt form. Í umsögn danska upplýsingaöryggisráðsins um fyrrnefnd breytingalög, dags. 9. mars 2014, kemur fram að meðmæli einstaklinga með framboðum sem hyggjast bjóða fram til þingkosninga séu stjórnmalaskoðanir og að varhugavert sé að skrá þær þar sem slík skráning gæti haft áhrif á vilja kjósenda til þess að gefa meðmæli. Óskaði Persónuvernd staðfestingar á eðli þeirra upplýsinga sem hér um ræðir frá dönsku persónuverndarstofnuninni (d. Datatilsynet). Í tölvupósti frá 11. desember 2014 kemur fram að upplýsingar um stuðningsyfirlýsingar einstaklinga við framboð teljist stjórnmalaskoðanir.

Í ljósi framangreinds er það mat stjórnar Persónuverndar að yfirlýsing um stuðning við tiltekinn framboðslista til kosninga til sveitarstjórna feli í sér upplýsingar um stjórnmalaskoðanir og innihaldi viðkvæmar persónuupplýsingar. Í því sambandi hefur sérstaklega verið tekið mið af eðli þeirra upplýsinga sem hér um ræðir, því að meðmælenda er eingöngu heimilt að styðja einn, tiltekinn framboðslista og norrænni lagaframkvæmd.

Fyrir liggur að persónuupplýsingum um hundruð einstaklinga ásamt yfirlýsingum um stuðning þeirra við tiltekna framboðslista til kosninga til sveitarstjórnar í Kópavogi voru birtar á fésbókarsíðu [B]. Svo að heimilt sé að vinna með, þ.m.t. birta, viðkvæmar persónuupplýsingar er nauðsynlegt að einhverju skilyrða 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 sé fullnægt. Þar getur helst komið til álita 3. tölul. 8. gr. og 2. og 6. tölul. 9. gr. laganna. Samkvæmt því er vinnsla heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila, sérstök heimild standi til vinnslunnar samkvæmt öðrum lögum eða hinn skráði hafi sjálfur gert upplýsingarnar opinberar. Eins og hér háttar til reynir á hvort í 1. og 5. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 felist heimild til birtingar í skilningi fyrrgreindra ákvæða. Einnig ber hins vegar að líta til þess að samkvæmt 9. gr. upplýsingalaga er stjórnvaldi óheimilt, án samþykkis viðkomandi, að miðla gögnum um viðkvæmar persónuupplýsingar einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að fari leynt. Sem fyrr segir er hér um slíkar upplýsingar að ræða.

Ljóst er að yfirkjörstjórn Kópavogs veitti [B] aðgang að gögnum stjórnvalds á grundvelli upplýsingalaga nr. 140/2012. Verður því ályktað að [B] hafi verið í góðri trú um að birting umræddra upplýsinga, sem kvörtun þessi beinist að, hafi verið í samræmi við lög á þeirri stundu sem þær voru birtar. Persónuvernd hefur hins vegar komist að því í álitu sínu, dags. 17. desember 2014, að yfirkjörstjórn hafi ekki verið heimilt að afhenda gögnin þar sem um viðkvæmar persónuupplýsingar var að ræða sbr. 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Með vísan til framangreinds er það mat Persónuverndar að ákvæði 9. gr. upplýsingalaga eigi við um upplýsingar um stuðning einstaklinga við tiltekinn framboðslista þar sem um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða. Um það er nánar fjallað í álitu Persónuverndar, dags. 17. desember 2014, í máli nr. 2014/898. Eins og þar kemur fram telur Persónuvernd því að 5. gr. upplýsingalaga feli ekki í sér heimild til birtingar þeirra, sbr. 1. mgr. 8. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000.

2.5

Ákvörðun um fyrirmæli til ábyrgðaraðila

Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga nr. 77/2000, getur Persónuvernd mælt fyrir um stöðvun vinnslu, að persónuupplýsingar verði afmáðar eða skráar eytt, í heild eða hluta, bannað frekari notkun notkunar upplýsinga eða lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar. Með vísan til þess ákvæðis og í samræmi við það sem að framan er rakið leggur Persónuvernd fyrir [B] að eyða öllum upplýsingum um meðmælendur, og stuðning þeirra við

tiltekin framboðslista til sveitarstjórnarkosninga í Kópavogi 2014, af Netinu. Skal Persónuvernd upplýst um hvernig það hafi verið gert eigi síðar en 31. janúar 2014.

Úrskurðarorð:

Birting [B] á upplýsingum um stuðning einstaklinga við tiltekna framboðslista til sveitarstjórnarkosninga í Kópavogi var ekki í samræmi við lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Ber [B] að eyða upplýsingum um stuðning einstaklinga við framboðslista af Netinu

3.2.45. Ljósmyndir á vefsíðu verði fjarlægðar

Á fundi stjórnar Persónuverndar þann 17. desember 2014 var kveðinn upp svohljóðandi úrskurður í máli nr. 2014/1078:

I.

*Grundvöllur máls
Málavextir og bréfaskipti*

1.

Tildrög máls

Þann 30. júlí 2014 barst Persónuvernd kvörtun frá [A] (hér eftir [...] kvartandi), vegna birtingar á ljósmyndum af [A] á vefsíðunni [X] en ábyrgðarmaður síðunnar er [B]. Í kvörtuninni segir að á tilteknu tímabili hafi [A] reynt fyrir sér sem fyrirsæta og því haft samband við áhugaljósmyndara, [B], sem óskað hafði eftir því að mynda stúlkur sem hefðu áhuga á fyrirsætustörfum. [B] tók myndir af [kvartanda] og birti síðan á netinu án [...] leyfis [kvartanda] og hefði ekki fjarlægt þær þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir. Einnig kemur fram í kvörtuninni að þetta sé fyrsta niðurstaða sem komi upp þegar nafni [kvartanda] sé slegið upp í leitarvél Google og telur [A] þá birtingu skaða ímynd sína.

2.

Bréfaskipti

Með bréfi, dags. 12. ágúst 2014, var [B] boðið að koma á framfæri skýringum vegna kvörtunarinnar til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Var frestur veittur til 2. september 2014.

Ekkert svar barst og var erindið ítrekað með bréfi, dags. 29. september 2014, þar sem frestur til að svara var framlengdur til 16. október 2014. Ekkert svar barst og var erindið ítrekað á ný, með bréfi, dags. 24. nóvember 2014, þar sem frestur var veittur til 4. desember 2014. Í því bréfikom fram að bærust engin svör fyrir þann tíma yrði málið tekið til úrskurðar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Þá var hann enn fremur upplýstur um heimild Persónuverndar til beitingar dagsekta, verði ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar, sbr. 41. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Engin svör bárust.

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000

Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar,

hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Af framangreindu er ljóst að birting mynda á vefsíðunni [X] fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000.

2.

Lögmæti vinnslu

Samkvæmt lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga verður vinnsla, þ.á m. birting persónuupplýsinga, ávallt að falla undir einhverja af heimildum 8. gr. laganna. Þannig getur vinnsla persónuupplýsinga t.a.m. verið heimil byggist hún á samþykki hins skráða, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr., vegna þess að vinnsla sé nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að, sbr. 2. tölul. sömu greinar, eða til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna sinna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda ber samkvæmt lögum vegi þyngra, sbr. 7. tölul. sömu greinar.

Að auki verður öll vinnsla persónuupplýsinga að fullnægja grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um gæði gagna og vinnslu. Þar er mælt fyrir um að persónuupplýsingar skuli unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær skuli fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær skuli vera nægilegar og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); að þær skuli vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, en persónuupplýsingar, sem séu óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skuli afmá eða leiðrétta (4. tölul.); og að þær skuli varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hina skráðu lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

3.

Niðurstaða

Af málsatvikum, eins og þau hafa verið sett fram af hálfu kvartanda, verður ráðið að hún hafi ekki samþykkt umrædda birtingu ljósmynda af sér á vefsíðunni [X], sbr. 1. tölul. 8. gr. laga nr. 77/2000. Þá verður ekki séð að aðrar heimildir í 8. gr. eigi við. Einnig hafi [A] ítrekað beðið ábyrgðaraðila síðunnar um að fjarlægja umræddar ljósmyndir af [kvartanda] [af] vefsíðunni. Hann hafi hins vegar ekki orðið við þeirri beiðni. Engar skýringar hafa borist frá ábyrgðaraðila hvað þetta varðar.

Af þeirri ástæðu telur Persónuvernd að ekki sé til staðar fullnægjandi heimild fyrir vinnslu [B] á persónuupplýsingum um kvartanda samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000.

Þá segir í 1. mgr. 26. gr. laga nr. 77/2000 að þegar ekki sé lengur málefnaleg ástæða til að varðveita persónuupplýsingar skuli ábyrgðaraðili eyða þeim. Einnig segir í 3. mgr. sömu greinar að Persónuvernd geti mælt fyrir um eyðingu upplýsinga sem hvorki séu rangar og villandi. Þar sem engin svör hafa borist frá ábyrgðaraðila um afstöðu hans til eyðingar upplýsinganna leggur Persónuvernd fyrir hann að eyða öllum upplýsingum um kvartanda, þ.m.t. myndefni, af vefsíðunni [X] fyrir 1. janúar 2015.

Úrskurðarorð:

Birting mynda af [A] á vefsíðunni [X] er ekki í samræmi við lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Lagt er fyrir [B], ábyrgðaraðila vefsíðunnar [X], að eyða öllum persónuupplýsingum um kvartanda af síðunni fyrir 1. janúar 2015.

3.2.46. Viðbótarumsögn um frumvarp til laga um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði – mál nr. 2013/1421

Stjórn Persónuverndar veitti viðbótarumsögn um frumvarp til laga um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Laut umsögnin að ákvæði um heimild ráðherra til að mæla fyrir um miðlæga

gagnagrunna með heilsufarsupplýsingum hjá landlækni. Bent var á að skýrar lagaheimildir þurfi til að koma slíkum gagnagrunnum á fót. Þá sagði að stórlega sé dregið í efa að ákvæðið fullnægi kröfum til slíkrar lagaheimildar. Það þarfnist því endurskoðunar við.

Persónuvernd vísar til tölvubréfs velferðarnefndar Alþingis frá 29. janúar 2014 varðandi frumvarp til laga um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði (þskj. 190, 159. mál á 143. löggjafarþingi). Með bréfi, dags. 12. desember 2013, veitti Persónuvernd umsögn um það frumvarp, sem og frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 110/2000 um lífsýnasöfn (þskj. 191, 160. mál á 143. löggjafarþingi). Í framangreindu tölvubréfi er óskað viðbótarumsagnar, þ.e. um 36. gr. frumvarpsins. Þá segir:

„Í 36. gr. frumvarps til laga um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði eru lagðar til breytingar á öðrum lögum. Í 4. tölul. eru lagðar til breytingar á lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007. Er í b-lið lagt til að á eftir 2. mgr. 8. gr. laganna, en í ákvæðinu eru tilgreindar með tæmandi hætti þær skrár sem landlæknir heldur með persónugreinanlegum upplýsingum sjúklinga án samþykkis þeirra, komi nýtt ákvæði sem veitir ráðherra reglugerðarheimild til að fela landlækni að halda skrár á landsvísu um meðferð einstakra sjúkdóma eða aðra þætti er snúa að heilsufari og heilbrigðisþjónustu, og verða upplýsingarnar persónugreinanlegar og færðar í skrárnar án samþykkis viðkomandi.“

Tekið er fram í umsögn Persónuverndar frá 12. desember 2013 að frekari athugasemda megi vænta síðar frá stofnuninni. Taldi stofnunin þann fyrirvara brýnan í ljósi starfsaðstæðna hennar á liðnu ári sem gerðu það að verkum að vinna varð allar umsagnir um lagafrumvörp á mjög skömmum tíma óháð því hversu viðamikil þau voru.

Tillaga frumvarpsins að nýrri 3. mgr. 36. gr. laga nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu hljóðar svo:

„Til viðbótar skrár skv. 2. mgr. getur ráðherra með reglugerð falið landlækni að skipuleggja og halda tiltekna skrár á landsvísu um meðferð einstakra sjúkdóma eða aðra þætti er snúa að heilsufari og heilbrigðisþjónustu og færa í þær upplýsingar um nöfn sjúklinga, kennitölur og önnur tiltekin persónuauðkenni, án samþykkis sjúklinga, í þeim tilgangi að tryggja gæði og hagkvæmni þjónustunnar og stuðla að heilbrigði landsmanna.“

Í tengslum við framangreint ákvæði minnir Persónuvernd á dóm Hæstaréttar í máli nr. 151/2003 (gagnagrunnsdóm), en þar segir meðal annars:

„[Upplýsingar sem færðar eru í sjúkraskrá] geta varðað einhver brýnustu einkamálefni þess, sem í hlut á, án tillits til þess hvort þær geti talist honum til hnjóðs. Ótvírætt er að ákvæði 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar tekur til slíkra upplýsinga og veitir sérhverjum manni friðhelgi um einkalíf sitt að þessu leyti. Til að tryggja þá friðhelgi verður löggjafinn meðal annars að gæta að því að lög leiði ekki af sér raunhæfa hættu á að upplýsingar sem þessar um einkahagi tiltekins manns komist í hendur annarra, sem eiga ekki réttmætt tilkall til aðgangs að þeim, hvort sem um er að ræða aðra einstaklinga eða handhafa ríkisvalds.“

Með 7. gr. laga nr. 139/1998 er gefinn kostur á því að einkaaðili, sem hvorki er sjúkrastofnun né sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmaður, geti fengið upplýsingar úr sjúkraskrár án þess að sá, sem upplýsingarnar eru um, hafi berum orðum lýst sig samþykkjan því. Þótt þetta eitt út af fyrir sig þurfi ekki að vera andstætt 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar verður löggjafinn að gættu því, sem að framan greinir, að stuðla að því við setningu reglu sem þessarar að upplýsingarnar verði ekki raktar til ákveðinna manna.“

Framangreindur dómur varðar gerð miðlægs gagnagrunns með sjúkraskrárupplýsingum sem ráðgert var að færa upplýsingar í án samþykkis viðkomandi einstaklinga. Í 1. gr. laga nr. 139/1998 um þennan gagnagrunn kom fram að hann ætti að þjóna vísindalegum tilgangi. Umrætt

frumvarpsákvæði skilgreinir hins vegar ekki að neinu leyti þann tilgang sem gagnagrunnar samkvæmt því myndu þjóna. Í athugasemdum við ákvæðið kemur þó fram að meðal annars geti hér verið um svonefnda meðferðargrunna að ræða sem nýttir séu til að halda utan um kostnaðarsama meðferð eða meðferð sjaldgæfra sjúkdóma. Slíkir gagnagrunnar hjá stjórnvöldum verða ekki að öllu leyti lagðir að jöfnu við þann gagnagrunn sem framangreindur dómur lýtur að. Við lagasetningu um þá ber engu að síður að líta til þeirra grunnsjónarmiða um skýrleika lagaheimilda til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga sem byggt er á í dómnum. Þá er til þess að líta að með öllu er ófyrirsjáanlegt hvaða gagnagrunnar kynnu að verða haldnir á grundvelli ákvæðisins.

Það frumvarpsákvæði, sem hér er til umfjöllunar, myndi fela í sér heimild framkvæmdarvaldsins til að koma á fót þeim heilbrigðisskrám hjá landlækni sem það kys án samþykkis hinna skráðu. Persónuvernd dregur stórlega í efa að svo viðtækt og óheft framsal löggjafans á valdi sínu til framkvæmdarvaldsins fái staðist ákvæði 71. gr. stjórnarskrár. Þegar veitt er lagaheimild til að koma á fót miðlægum gagnagrunnum án samþykkis viðkomandi einstaklinga verður löggjöfin að mæla fyrir um meginreglur þar sem fram koma takmörk og umfang þeirrar einkalífsskerðingar sem talin er nauðsynleg. Í því felst meðal annars að löggjöf afmarki (a) hvaða miðlegu heilsufarsskrár stjórnvöldum sé heimilt að halda án samþykkis hinna skráðu, (b) hvaða upplýsingar þar megi skrá, (c) í hvaða tilgangi og (d) hvernig öryggis upplýsinganna verði gætt.

Með vísan til framangreinds telur Persónuvernd umrætt frumvarpsákvæði þurfa endurskoðunar við. Leggur stofnunin áherslu á að við slíka endurskoðun verði tekið tillit til framangreindra sjónarmiða.

3.2.47. Umsögn um frumvarp til laga um opinber skjalasöfn – mál nr. 2014/163

Stjórn Persónuverndar veitti umsögn um frumvarp til laga um opinber skjalasöfn. Í umsögninni er meðal annars lögð til viðbót við ákvæði um reglur sem Þjóðskjalasafnið setur um förgun skjala. Nánar tiltekið er lögð til sú viðbót að reglurnar hafi það að markmiði að upplýsingum um fjárhags- og einkamálefni einstaklinga, sem sanngjarnt er og edlilegt að leynt fari og ekki eru til þess fallnar að hafa stjórnsýslulega þýðingu, sé eytt úr skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila.

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 23. janúar 2014 um umsögn um frumvarp til laga um opinber skjalasöfn sem kæmu í stað laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands (þskj. 403, 246. mál á 143. löggjafarþingi). Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1.

Förgun skjala

Í 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. segir að Þjóðskjalasafnið setji reglur um varðveislu og förgun skjala sem staðfestar skuli af ráðherra. Þá segir í 20. gr. að afhendingarskyldum aðilum sé óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali í skjalasöfnum nema á grundvelli samþykktar þjóðskjalavarðar, reglna sem Þjóðskjalasafnið setur eða sérstaks lagaákvæðis. Skuli safnið setja sérstakar reglur um förgun skjala fyrir afhendingarskylda aðila eftir því sem við verði komið.

Framangreind ákvæði kæmu í stað 7. gr. gildandi laga nr. 66/1985, þess efnis að afhendingarskyldum aðilum sé óheimilt að ónýta skjöl nema samkvæmt heimild Þjóðskjalasafns eða sérstökum reglum sem settar verði. Ekki fremur en þar hafa ákvæði frumvarpsins að geyma nokkra leiðbeiningu um hvaða sjónarmið skuli ráða því hvenær farga má skjölum eður ei. Í athugasemdum við 7. gr. í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að skipt geti máli hvort sömu upplýsingar eru til annars staðar, en að öðru leyti hefur greinargerðin ekki að geyma umfjöllun um umrætt atriði. Í almennum athugasemdum með því frumvarpi, sem varð að lögum

nr. 66/1985, er hins vegar að finna umfjöllun um forsendur sem byggja má í þessu sambandi. Nánar tiltekið segir:

„Skjalasöfn gegna aðallega tvenns konar hlutverki í Þjóðfélaginu. Að minnsta kosti annað þeirra hefur beinlínis hagnýtt gildi. Það er að halda til haga þeim embættisgögnum, sem um langan aldur varða stjórnslu hlutaðeigandi lands eða geta haft gildi fyrir dómstóla landsins í hvers kyns ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma. Annað gildi skjalasafna felst í því, að skjöl eru hinar ákjósanlegustu sagnfræðilegar heimildir [...].“

Það er þó ljóst, að ekki er unnt að halda til haga öllum skjölum, sem falla til í stjórnkerfi hins opinbera, enda er upplýsingagildi skjala mismikið og mörgu má að skaðlausu eyða. Í nálægum löndum er víða að því stefnt að 60% og jafnvel meira sé eytt af skjölum, sem myndast í skjalasöfnum opinberra stofnana og embætta. En eigi er sama, hvernig að grisjun skjalasafna er staðið. Leitast verður við að meta skjölin með hliðsjón af heimildargildi þeirra og velja úr þau, sem bitastæð eru, og varðveita þau til frambúðar.“

Umfjöllun um umrætt atriði er einnig að finna í fylgiskjali I með umræddu lagafrumvarpi, þ.e. álit svonefndrar skjalavörslunefndar frá september 1981. Í II. kafla þess álits er að finna drög hennar að lagafrumvarpi sem að efni og uppbyggingu er mjög áþekkt lögum nr. 66/1985. Þá er í III. kafla álitsins að finna drög að reglugerð um skjalavörslu opinberra stofnana, Þjóðskjalasafn og héraðsskjalasöfn. Í 2. mgr. 7. gr. reglugerðardraganna er fjallað um þau sjónarmið sem hafa beri í huga við eyðingu skjala með samþykki Þjóðskjalasafnsins eða samkvæmt reglugerð þar að lútandi. Í ákvæðinu segir:

„Við eyðingu skjala skal hafa tvö sjónarmið í huga: a) Stefnt skal að því að eyða skjölum ef þau geyma einungis upplýsingar sem eru varðveittar í öðrum skjölum, í sömu stofnun eða annari. Þjóðskjalasafn sker úr um hvaða skjöl af þeim sem geyma sömu upplýsingar skuli varðveita. b) Af skjölum sem geyma svo einstaklingsbundnar og lítilvægar upplýsingar að ekki virðist líklegt að þær verði notaðar við fræðilegar rannsóknir skal einungis varðveita sýnishorn, valin eftir reglum sem Þjóðskjalasafn setur í samráði við viðkomandi stofnanir.“

Auk þessa ber að líta til 71. gr. stjórnarskrárinnar þar sem mælt er fyrir um grundvallarregluna um friðhelgi einkalífs. Í henni felst meðal annars að hjá stjórnvöldum eiga ekki að óþörfu að verða til gagnasöfn með upplýsingum um einkahagi fólks. Frá því að gildandi lög nr. 66/1985 tóku gildi hefur gagnasöfnun stjórnvalda stórlega aukist. Samfara tölvuvæðingu hafa orðið til gagnagrunnar með margvíslegum upplýsingum um einstaklinga. Þá má gera ráð fyrir að skráning upplýsinga hafi aukist óháð slíkum gagnagrunnum þar sem almennt séu skráðar viðameiri upplýsingar en áður tíðkaðist, enda skráning öll einfaldari en við gildistöku fyrrgreindra laga. Ætla má að í ljósi þessa geti komið til þess að á skjalasöfnum verði til mjög viðamikil söfn upplýsinga um tiltekna einstaklinga sem auðveldlega megi samkeyra til að útbúa heildstæða og ítarlega mynd af persónuleika og lífi manna. Í starfi opinberra skjalasafna hlýtur ávallt að felast varðveisla gagna sem að einhverju leyti hafa að geyma nærgöngular upplýsingar, m.a. þar sem slíkt geti talist nauðsynlegt ef upp kemur ágreiningur um hvort stjórnvöld hafi gætt nægilega að réttindum manna. Til þess er hins vegar einnig að líta að í ljósi fyrrgreinds stjórnarskrárákvæðis ber þar að gæta hófs þannig að varðveislun verði ekki umfram það sem málefnalegt getur talist í ljósi hlutverks slíkra safna, þ.e. einkum að varðveita embættisgögn og halda til haga skjölum sem hafa sagnfræðilegt gildi eins og fyrr er lýst. Í því felst meðal annars að stjórnvöldum verði ekki gert skylt að halda utan um upplýsingar um einkamálefni einstaklinga sem engin þörf er á að varðveittar séu til langframa.

Þegar litið er til alls framangreinds leggur Persónuvernd til að við 2. mgr. 20. gr. frumvarpsins verði bætt eftirfarandi orðum:

„Skulu þær reglur meðal annars hafa það að markmiði að upplýsingum um fjárhags- og

einkamálefni einstaklinga, sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari og ekki eru til þess fallnar að hafa stjórnsýslulega þýðingu, sé eytt úr skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila.“

2.

Leyfi Persónuverndar fyrir aðgangi

Í 2. mgr. 21. gr. og 22. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um bann við afhendingu tiltekinna gagna með upplýsingum um einstaklinga nema ákveðinn tími sé liðinn frá tilurð þeirra, en tilgangurinn með því er að koma í veg fyrir óréttmætar skerðingar á friðhelgi einkalífs. Þá hefur 2. mgr. 26. gr. að geyma undantekningu frá rétti til að fá aðgang að gögnum um sig sjálfan þegar gögnin hafa jafnframt að geyma upplýsingar um einkamálefni annarra, enda vegi þeir hagsmunir, sem mæla með því að upplýsingunum sé haldið leyndum, þyngra en hagsmunir þess sem fer fram á aðgang að skjölum. Í 27. gr. er hins vegar mælt fyrir um heimild skjalasafns til að veita undanþágu frá þessum bannreglum ef hægt er að verða við umsókn án þess að skerða þá hagsmuni sem framangreindum ákvæðum er ætlað að vernda. Þá segir í 28. gr.:

„Áður en veittur er aðgangur að skjali skv. 27. gr. skal afla samþykks Persónuverndar ef skjalið hefur verið afhent af afhendingarskyldum aðila öðrum en þeim sem falla undir 2. tölul. 1. mgr. 11. gr. og hefur að geyma persónugreinanlegar upplýsingar og

1. vinnsla með upplýsingarnar hefur fallið undir lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga eða

2. upplýsingarnar eru úr skrá sem hefur verið haldin af opinberum aðila.

Afla ber samþykks dómstólaráðs ef skjalið hefur verið afhent Þjóðskjalasafni af afhendingarskyldum aðila skv. 2. tölul. 1. mgr. 11. gr. og skjalið hefur að geyma persónugreinanlegar upplýsingar og vinnsla með upplýsingarnar hefur fallið undir lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.“

Þegar litið er til hlutverks Persónuverndar telur stofnunin eðlilegt að henni sé falið það hlutverk að veita leyfi til aðgangs að upplýsingum þegar veita á undanþágu frá fyrrnefndu banni við afhendingu gagna. Í framangreindu ákvæði er hins vegar gert ráð fyrir að dómstólaráð hafi umræddar leyfisveitingar með höndum þegar um ræðir gögn samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins, þ.e. frá dómstólunum. Í frumvarpinu eru ekki færð rök fyrir því ákvæði. Ætla má að þar sé höfð í huga sérstaða dómstóla og sjónarmið sem gilda um upplýsingar sem koma fram í dómum og gögnum dómsmála og því sé dómstólaráði falið umrætt hlutverk þegar gögn frá þeim eru annars vegar. Það að veita slíkt leyfi eins og hér um ræðir felur hins vegar ekki í sér meðferð dómsvalds og telst til stjórnvaldsákvörðunar í skilningi stjórnsýsluréttarins. Þegar litið er til þess telur Persónuvernd nærtækast að það sé alfarið á hennar hendi að veita umrædd leyfi fremur en að því hlutverki sé skipt milli tveggja aðila, en í því sambandi ber að líta til þess að síðarnefnda fyrirkomulagið getur stuðlað að ósamræmi í framkvæmd.

Umrætt ákvæði gerir ráð fyrir leyfisskyldu Persónuverndar þegar gögn hafa að geyma persónugreinanlegar upplýsingar og vinnsla með þær hefur fallið undir lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í 2. mgr. 3. gr. og 5. gr. laganna er að finna tilteknar takmarkanir á efnislegu gildisviði þeirra. Samkvæmt fyrrnefnda ákvæðinu gilda löggin meðal annars ekki um meðferð einstaklings á persónuupplýsingum sem eingöngu varða einkahagi hans eða eru einvörðungu ætlaðar til persónulegra nota. Þessi undanþága á því aðeins við að upplýsingum sé aldrei ætlað að koma fyrir augu nokkurs annars en þess sem þau skráir og getur hún því ekki átt við um gögn sem send eru á skjalasafn. Aðrar undanþágur samkvæmt umræddum ákvæðum fella viðkomandi vinnslu persónuupplýsinga ekki alfarið undan reglum laga nr. 77/2000 og fellur hún því undir gildisvið laganna þó svo með takmörkuðum hætti sé. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laganna gilda löggin ekki þegar um ræðir handvirka vinnslu upplýsinga (þ.e. vinnslu sem ekki er rafræn) sem hvorki eru né eiga að verða hluti af skrá. Með skrá í skilningi laganna er átt við sérhvert skipulagsbundið safn persónuupplýsinga þar sem finna má upplýsingar um einstaka menn, sbr. 3. tölul. 2. gr. laganna, en eins og fram kemur í athugasemdum við ákvæðið í

greinargerð með því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, á það við hvort sem upplýsingar eru miðlæggar eða dreifðar. Ljóst er að gögn á opinberum skjalasöfnum eru skráð með skipulegum hætti og má ætla að sú skráning geri gögn leitarbær þannig að þar megi finna upplýsingar um einstaka menn.

Í ljósi alls framangreinds leggur Persónuvernd til að 1. og 2. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 28. gr. frumvarpsins falli brott. Þá skal tekið fram að telja má æskilegt að leyfis skylda sé ekki umfram það sem nauðsynlegt er til að einkalífshagsmuna sé gætt. Í 6. mgr. 29. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra geti sett reglur um skilyrði fyrir notkun ákveðinna tegunda af þeim skjölum sem hér um ræðir, en setning slíkra reglna felur það í sér samkvæmt ákvæðinu að ekki þurfi að leita samþykkis Persónuverndar eða dómstólaráðs fyrir aðgangi að viðkomandi skjölum. Eins og fyrr er rakið leggur Persónuvernd til að veiting umræddra leyfa sé alfarið á hendi stofnunarinnar og leggur því til að heiti dómstólaráðs verði felld brott úr umræddu ákvæði. Þá bendir stofnunin á að eitt helsta tilefni skyldu til öflunar leyfis fyrir vinnslu persónuupplýsinga hlýtur ávallt að vera að viðkomandi leyfisveitandi ákveði skilmála sem hlýtt skuli við vinnsluna. Setning umræddra reglna er í raun sambærileg við setningu slíkra skilmála og má telja eðlilegt, m.a. til að samræmi verði á milli skilmála í leyfum annars vegar og skilyrðum í reglum hins vegar, að Persónuvernd setji reglurnar. Er slík reglusetning og á meðal helstu hlutverka Persónuverndar, sbr. 4. mgr. 9. gr., 3. mgr. 11. gr., 4. mgr. 13. gr., 6. mgr. 19. gr., 3. mgr. 26. gr., 2. mgr. 29. gr., 2. mgr. 30. gr. og 5. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000. Með vísan til þess leggur stofnunin til að upphaf 6. mgr. 29. gr. frumvarpsins hljóði svo: „Persónuvernd getur sett reglur [...]“

Auk framangreinds skal bent á að mikilvægt má telja að í lögum um opinber skjalasöfn sé afmarkað í þágu hvaða tilgangs veita megi undanþágur frá banni við afhendingu gagna á grundvelli einkalífsvörndarsjónarmiða. Má einkum telja að vísindarannsóknir og réttindagæsla geti fallið þar undir. Er því lögð til svohljóðandi viðbót við 1. mgr. 26. gr. frumvarpsins: „sem nauðsynlegur er í þágu vísindarannsóknar, réttindagæslu eða af öðrum sambærilegum ástæðum“.

3.

Aðgangur að skjali á rafrænu formi

Í 41. gr. frumvarpsins segir að þegar upplýsingar séu varðveittar á rafrænu formi geti aðili valið á milli þess að fá þær á því formi eða útprentaðar á pappír þegar því verði við komið. Eins og fyrr hefur verið fjallað um geta gögn á opinberum skjalasöfnum haft að geyma nærgöngular upplýsingar um einstaklinga. Þegar veittur er rafrænn aðgangur getur þurft að beita sérstökum ráðstöfunum sem tryggja öryggi slíkra upplýsinga, þ. á m. að ekki sé unnt að taka af þeim afrit með óréttmætum hætti. Hið sama gildir raunar þegar veittur er aðgangur að slíkum upplýsingum á pappírformi. Leggur Persónuvernd því til eftirfarandi viðbót við 41. gr.: „Beita skal ráðstöfunum við veitingu aðgangsins sem tryggja nægilegt öryggi miðað við eðli gagnanna.“

4.

Tillaga frumvarpsins að viðbót við lög nr. 77/2000

Í 1. tölul. 47. gr. frumvarpsins er lagt til að bætt verði við lög nr. 77/2000 svohljóðandi ákvæði sem yrði þá í 15. gr. a í lögunum:

„Heimilt er að afhenda opinberu skjalasafni upplýsingar, sem falla undir lög þessi, til varðveislu í samræmi við ákvæði laga um opinber skjalasöfn.“

Eins og fram kemur í athugasemdum við framangreint ákvæði er sambærilegt ákvæði að finna í dönsku persónuupplýsingalögunum (d. lov om behandling af personoplysninger nr. 429 af 31. maj 2000), þ.e. 14. gr. Frumvarpið hefur hins vegar ekki að geyma rökstuðning fyrir því hvers vegna taka ætti sambærilegt ákvæði upp í íslensk lög. Telur Persónuvernd það ekki æskilegt að fylgja því fordæmi sem hér um ræðir og er vafasamt að það samrýmist e-lið 1. mgr. 6. gr. persónuverndartilskipunarinnar nr. 95/46/EB sem felur í sér að í ákveðnum tilvikum skuli

persónuupplýsingum eytt eða þær gerðar ópersónugreinanlegar. Verður ekki fullyrt að afhending persónuupplýsinga á opinbert skjalasafn geti talist jafngilda því. Leggur Persónuvernd því til að umrætt ákvæði frumvarpsins verði fellt brott.

Að öðru leyti gerði Persónuvernd ekki athugasemdir við frumvarpið, en tekið var fram að til þeirra kann að koma síðar.

3.2.48. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á meðal annars lögum um siglingavernd, loftferðalögum og lögreglulögum (ákvæði um bakgrunnsathuganir) – mál nr. 2014/261

Stjórn Persónuverndar veitti þann 18. mars 2014 umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um siglingavernd, lögum um loftferðir, vopnalögum og lögreglulögum, með síðari breytingum. Í umsögninni er eindregið lagst gegn því að ákvæði frumvarpsins um heimildir til öflunar persónuupplýsinga í þágu bakgrunnsathugana lögreglu samkvæmt lögum um siglingavernd og loftferðalögum verði samþykkt óbreytt. Einnig er lagt til breytt orðalag, sem falli að meðalhófssjónarmiðum, á tillögu frumvarpsins að nýjum staflíð í lögreglulögum, þ.e. ákvæði um það hlutverk ríkislögreglustjóra að annast bakgrunnsathuganir og útgáfu öryggisvottorða.

Persónuvernd vísar til tölvubrúefs umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 7. febrúar 2014 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/2004 um siglingavernd, lögum nr. 60/1998 um loftferðir, vopnalögum nr. 16/1998 og lögreglulögum nr. 90/1996 (þskj. 295, 221. mál á 143. löggjafarþingi). Þau ákvæði frumvarpsins, sem helst varða starfssvið stofnunarinnar, eru 5., 11. og 16. gr. Í 5. gr. er lögð til ný 8. gr. a í lögum um siglingavernd þar sem kveðið verði á um athuganir á bakgrunni þeirra sem veittur er aðgangur að viðkvæmum upplýsingum um siglingavernd. Í 11. gr. eru lagðar til viðbætur við 70. gr. c í lögum um loftferðir þar sem mælt verði fyrir um sams konar athuganir á þeim sem veittur er aðgangur að haftasvæði flugverndar og viðkvæmum upplýsingum um flugvernd eða heimilað að sækja námskeið í flugverndarþjálfun. Þá eru í 16. gr. lagðar til viðbætur við 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga þar sem meðal annars verði kveðið á um það hlutverk ríkislögreglustjóra að annast bakgrunnsathuganir og útgáfu öryggisvottana í samræmi við ákvæði laga og reglugerða, heimildir lögreglu til upplýsingaöflunar vegna þessa hlutverks og heimild ráðherra til setningar reglugerðar með nánari ákvæðum í því sambandi.

Rætt var um frumvarpið á fundi stjórnar Persónuverndar í dag og ákveðið að gera eftirfarandi athugasemdir við framangreind ákvæði:

1.

Tillögur frumvarpsins að breytingum á lögum um siglingavernd og loftferðalögum

Í tillögum 5. og 11. gr. frumvarpsins að annars vegar nýrri 8. gr. a í lögum um siglingavernd og hins vegar viðbótum við 70. gr. c í lögum um loftferðir er gert ráð fyrir mjög víðtækum heimildum lögreglu til upplýsingaöflunar úr skráum vegna bakgrunnsathugana. Nánar tiltekið segir í ákvæðunum, sem eru samhljóða hvað þessar heimildir varðar, að lögreglu skuli vera heimilt að „afla upplýsinga um viðkomandi einstakling, svo sem úr skráum lögreglu, þ.m.t. málaskrá, sakaskrá, Þjóðskrá, vanskilaskrá, frá tollyfirvöldum, dómstólum og sýslumönnum og úr upplýsingakerfi Alþjóðalögreglunnar eða annarra erlendra yfirvalda sem og úr öðrum opinberum skráum, að fengnu skriflegu samþykki hans.“ Þá segir að slík athugun skuli fara fram með reglulegu millibili og eigi sjaldnar en á fimm ára fresti“, sbr. 2. mgr. tillögu 5. gr. frumvarpsins og 2. mgr. tillögu í a-lið 11. gr.

Einnig er í 5. gr. frumvarpsins lagt til ákvæði um fíkniefnapróf sem heimilt skuli vera að taka við bakgrunnsathuganir samkvæmt lögum um siglingavernd. Nánar tiltekið segir að þegar sérstök ástæða sé til sé lögreglu heimilt að óska eftir því að einstaklingur gangist undir slíkt próf, þ.m.t. blóð- og þvagrannsókn, telji hún niðurstöðu þess geta haft áhrif á niðurstöðu

bakgrunnsathugunar, sbr. 5. mgr. umræddrar frumvarpstíllögu.

Í 1. mgr. 70. gr. c í loftferðalögum er þegar að finna ákvæði um heimildir til upplýsingaöflunar vegna athugana á bakgrunni einstaklinga, en þar er nú mælt fyrir um að við framkvæmd slíkra athugana megi lögregla afla „upplýsinga um viðkomandi, svo sem úr skráum lögreglu, sakaskrá eða öðrum opinberum skráum, að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi einstaklings.“ Þá er í 2. mgr. 70. gr. c mælt fyrir um sams konar heimild til töku fíkniefnaprófs og að framan er lýst, að því þó undanskildu að ekki er gerður fyrirvari um að sérstök ástæða þurfi að vera fyrir slíku prófi. Í b-lið 11. gr. frumvarpsins er lagt til þess háttar fyrirvara sé bætt við ákvæðið.

Einnig er í 7. mgr. 4. gr. laga um siglingavernd að finna ákvæði um athuganir á bakgrunni einstaklinga, þ.e. þess efnis að Samgöngustofu sé heimilt, að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi einstaklings, að leita til ríkislögreglustjóra „um athugun á viðkomandi í skráum lögreglu og öflun upplýsinga um sakaferil til þess að grundvalla mat um hæfi þess að vinna með trúnaðarupplýsingar um öryggismál í starfi í þágu siglingaverndar.“

Umrædd frumvarpsákvæði, að undanskildum þó b-lið 11. gr., fela í sér að heimildir lögreglu til upplýsingaöflunar vegna bakgrunnsathugana eru auknar umtalsvert frá því sem nú er. Í III. kafla almennra athugasemda í frumvarpsgreinargerð eru tillögur að hinum auknu heimildum í loftferðalögum rökstuddar með því að alþjóðlegar reglur um flugvernd, m.a. þær sem Ísland hefur undirgengist samkvæmt EES-samningnum, geri kröfu um slíkar athuganir. Þær kröfur, sem hér er vísað til, er að finna í reglugerð 2010/185/ESB um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd. Samkvæmt þeirri reglugerð er bakgrunnsathugunum ætlað að (a) staðfesta hver viðkomandi sé á grundvelli skjalfestra heimilda, (b) kanna sakaferil viðkomandi á öllum búsetustöðum síðastliðin fimm ár og (c) kanna vinnu- og námsferil viðkomandi, auk hléa sem á ferlinum hafa orðið, á sama tímabili, sbr. greinar 11.1.3 og 11.1.4. Eins og sjá má er því gengið mun lengra í umræddum frumvarpsákvæðum en Evrópulöggjöfin, sem vísað er til í frumvarpinu, gerir ráð fyrir. Samkvæmt því verður ekki séð að svo víðtækar heimildir til upplýsingaöflunar og hér um ræðir séu nauðsynlegar til innleiðingar á henni.

Eins og fyrr greinir gera umrædd frumvarpsákvæði ráð fyrir að upplýsingaöflun á grundvelli þeirra byggist á samþykki viðkomandi einstaklinga. Af því tilefni skal minnt á að svo að um sé að ræða samþykki einstaklings þarf hann að hafa gefið yfirlýsingu þar að lútandi af fúsum og frjálsum vilja. Hins vegar er ljóst að neitun um svokallað samþykki samkvæmt umræddum frumvarpsákvæðum gæti til dæmis haft í för með sér starfsmissi. Það má sjá af 7. mgr. 5. gr. frumvarpsins, þess efnis að í kjölfar synjunar um öryggisvottun vegna niðurstöðu bakgrunnsathugunar verði viðkomandi einstaklingi meðal annars óheimilt að fá aðgang að upplýsingum um siglingavernd. Þá segir í 4. mgr. 70. gr. c í loftferðalögum (sem yrði að 8. mgr. yrði frumvarpið samþykkt) að meðal annars sé óheimilt að veita þeim heimild til aðgangs að haftasvæði flugverndar eða upplýsingum um flugvernd sem ekki fær slíka vottun sem að framan greinir. Er ljóst að mikill fjöldi manna á starf sitt undir því að fullnægja skilyrðum framangreindra ákvæða eins og vikið verður að nánar hér síðar. Af því leiðir jafnframt að draga má í efa að yfirlýsingar samkvæmt umræddu ákvæði gætu í raun talist til raunverulegs samþykkis.

Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu við 11. gr. þess er vísað til úrskurðar Persónuverndar, dags. 4. mars 2013, í máli nr. 2012/969, en þar var komist að þeirri niðurstöðu að Embætti ríkislögreglustjóra hefði gengið lengra við bakgrunnsathuganir samkvæmt loftferðalögum en heimilt væri, þ.e. með öflun upplýsinga um hvort viðkomandi hefði verið stefnt eða biði málsmeðferðar í einkamáli; hvort viðkomandi væri á skrá Creditinfo Lánstrausts hf. yfir fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga; og um hjúskaparstöðu viðkomandi og maka eða sambýling. Með vísan til þessarar niðurstöðu segir í umræddum frumvarpsathugasemdum.

„Lagt er til að aukið verði við gildandi heimildir hvað þetta varðar þar sem Persónuvernd hefur úrskurðað um að ríkislögreglustjóra hafi ekki verið heimilt að afla upplýsinga um tiltekin atriði sem í flugvernd eru talin afar mikilvæg til grundvallar mati um hæfi einstaklings til að vinna með trúnaðarupplýsingar um öryggismál í starfi í þágu flugverndar eða hafa aðgang að viðkvæmum svæðum í flugverndarlegum skilningi, sjá nánar úrskurð Persónuverndar í máli nr. 2012/969. Má þar nefna upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga; hvort einstaklingi sem sætir athugun hafi verið stefnt eða hann bíði málsmeðferðar í einkamáli; og um hjúskaparstöðu viðkomandi og maka eða sambýling. Það er mat ríkislögreglustjóra að ekki sé unnt að framkvæma viðunandi bakgrunnsathuganir á þeim einstaklingum sem hér um ræðir, vegna starfa í þágu flugverndar, nema unnt sé að ganga úr skugga um framangreindar upplýsingar. Því er lagt til að kveðið verði ótvírætt á um þetta í lögnum. Með því að heimila lögreglu ótvíræðan aðgang að upplýsingum úr Þjóðskrá og vanskilaskrá og frá dómstólum eru tekin af öll tvímæli um það að ríkislögreglustjóra sé heimilt að óska upplýsinga um hvort einstaklingi hafi verið stefnt eða bíði málsmeðferðar í opinberu máli eða einkamáli og um hjúskaparstöðu viðkomandi og maka eða sambýling og jafnframt um stöðu fjárhagslegra málefna einstaklings.“

Hvorki er í framangreindum texta né annars staðar í frumvarpinu að finna efnislegan rökstuðning fyrir því hvers vegna álitid sé nauðsynlegt að afla svo víðtækra upplýsinga um einstaklinga og hér um ræðir heldur segir eingöngu að það sé „mat“ ríkislögreglustjóra að þeirra sé þörf. Ljóst er að eftirlit samkvæmt ákvæðunum myndi beinast að miklum fjölda manna eins og fyrir hefur verið vikið að. Í því sambandi má vísa til athugasemda við 7. mgr. 4. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum um siglingavernd, en þar kemur fram að meðal annars geti þurft að kanna bakgrunn verndarfulltrúa hafna, skipa og fyrirtækja; starfsmanna opinberra stofnana sem koma að siglingavernd; starfsmanna hafna og fyrirtækja sem hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum; og starfsmanna þjónustufyrirtækja sem aðgang hafa að svæðum sem falla undir skipa- og hafnavernd. Þá eru þeir fjölmargir sem starfa sinna vegna þurfa að geta farið inn á haftasvæði flugverndar og sæta því bakgrunnsathugun samkvæmt 70. gr. c í loftferðalögum, s.s. flugmenn og flugliðar og margvíslegir starfsmenn á flugvöllum. Í umræddum tillögum felst því að fjölmennar starfsstéttir þurfi að sæta mjög nærgöngulu eftirliti lögreglu langt umfram það sem almennt hefur verið talið málefnalegt eða samrýmast meðalhófsþjórnarmíðum.

Af 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu leiðir að gera verður strangar kröfur til löggjafar sem skerðir rétt manna til friðhelgi einkalífs. Segir í 2. mgr. stjórnarskrárákvæðisins að til slíks þurfi sérstaka lagaheimild sem grundvallist á brýnni nauðsyn vegna réttinda annarra. Þá segir í 2. mgr. fyrrnefnds ákvæðis mannréttindasáttmálans að ekki skuli gengið á réttinn til friðhelgi einkalífs nema samkvæmt því sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, almannaheilla eða efnalegrar farsældar þjóðarinnar, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra. Í ljósi framangreinds verður að gera þá kröfu til löggjafans, þegar hann skerðir einkalífsréttindi manna, að hann rökstyðji hvers vegna það sé gert. Í ljósi þess að slíkan rökstuðning skortir og umfangs þeirrar mannréttindaskerðingar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, leggst Persónuvernd eindregið gegn því að umræddar heimildir til upplýsingaöflunar verði samþykktar óbreyttar.

2.

Tillögur frumvarpsins að breytingum á lögreglulögum

Í 16. gr. frumvarpsins er meðal annars lagt til að við 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga bætist staflíður þar sem mælt verði fyrir um það hlutverk ríkislögreglustjóra að annast bakgrunnsathuganir og útgáfu öryggisvottana í samræmi við ákvæði laga og reglugerða, heimildir lögreglu til upplýsingaöflunar vegna þessa hlutverks og heimild ráðherra til setningar reglugerðar með nánari ákvæðum í því sambandi.

Fram kemur að upplýsingaöflun skuli byggjast á samþykki, en eins og fjallað er um í 1. kafla hér að framan má draga í efa að slík yfirlýsing og hér um ræðir geti í raun talist til raunverulegs samþykkis. Engu að síður má telja brýnt að fyrir liggi skrifleg yfirlýsing frá einstaklingi um að hann heimili slíka upplýsingaöflun og hér um ræðir, en slíkt eykur gagnsæi vinnslunnar gagnvart honum og gefur færi skriflegri fræðslu um það hvaða upplýsinga verði aflað og hvernig staðið sé að vinnslu að öðru leyti. Í samræmi við framangreint leggur Persónuvernd til að í stað orðsins „samþykki“ í umræddu frumvarpsákvæði verði notast við orðið „beiðni“.

Einnig hefur ákvæðið að geyma sams konar upptalningu á hvaða upplýsinga yrði aflað og fram kemur í fyrrnefndum ákvæðum í tillögum 5. og 11. gr. frumvarpsins. Nánar tiltekið segir að kveða skuli á um heimild lögreglu til upplýsingaöflunar um einstaklinga í lögum, en í framhaldi af því kemur upptalningin sem röð af dæmum um þær skrár sem lög kunni að heimila aðgang að. Í því sambandi skal bent á að þó svo að umrædd upptalning sé samkvæmt þessu ekki orðuð sem heimild til aðgangs að skrár má telja líklegt að litið verði til hennar við setningu ákvæða um bakgrunnsathuganir í öðrum lögum. Það getur leitt til þess að óhád þörfum hverju sinni hafi lög ávallt að geyma sams konar upptalningu á því hvaða upplýsinga megi afla. Löggjafinn meti það því ekki sjálfstætt í einstökum tilvikum hvaða upplýsingar um einstaklinga séu nauðsynlegar, en af því leiði jafnframt að í mörgum tilvikum séu í löggjöf færð ákvæði um meiri upplýsingaöflun vegna bakgrunnsathugana en þörf er á. Áður hefur verið vikið að skilyrðum 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu fyrir skerðingum á réttinum til friðhelgi einkalífs, en þau skilyrði fela meðal annars í sér að við setningu laga, sem hafa slíkar skerðingar í för með sér, ber að gæta meðalhófs. Eins og hér hefur verið rökstutt vinnur umrædd upptalning gegn því markmiði.

Meðal annars þess sem fram kemur í umræddu ákvæði er að í reglugerð, sem ráðherra setji um bakgrunnsathuganir, verði mælt fyrir um „heimild til upplýsingaöflunar“ og „umfang athugunar“. Framangreint orðalag má skilja á þann veg að átt sé við hvaða upplýsinga megi afla og er það þá jafnframt í andstöðu við það sem fyrr greinir, og tiltekið er framar í ákvæðinu, að kveðið skuli á um heimildir þar að lútandi í lögum. Leggur því Persónuvernd til að umrædd orð falli brott.

Að auki kemur fram í ákvæðinu að í framangreindri reglugerð geti verið mælt fyrir um fíkniefnapróf. Í ljósi þeirrar skerðingar á friðhelgi einkalífs, sem slík próf hafa í för með sér, ætti löggjafinn að meta það sjálfstætt hverju sinni hvort þeirra sé þörf við bakgrunnsathuganir á einstökum sviðum. Það að tiltaka fíkniefnapróf sérstaklega í umræddri reglugerðarheimild er ekki til þess fallið að stuðla að slíku sjálfstæðu mati. Má raunar telja líklegt að það ýti fremur undir setningu sérlagaákvæða um fíkniefnapróf við framkvæmd bakgrunnsathugana óhád þörf hverju sinni, enda verði ákvæði um slíkar athuganir í lögreglulögum höfð að fyrirmynd. Í stað þess að tilgreina fíkniefnapróf sérstaklega mætti gefa til kynna í orðalagi ákvæðisins að efni umræddrar reglugerðar geti markast af ákvæðum í sérlögum, s.s. með því að skipta út orðunum „o.fl.“ í niðurlagi þess fyrir orðin „og önnur þau atriði sem lög kunna að tilgreina“. Að því marki sem sem sérlög veittu heimildir þar að lútandi í einstökum tilvikum mætti þá útfæra þær nánar, eða eftir atvikum önnur atriði sem afstaða væri tekin til í sérlögum, í reglugerðinni.

Með vísan til framangreinds leggur Persónuvernd til að umrætt frumvarpsákvæði, þ.e. tillaga að nýjum h-lið í 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga, orðist svo:

„að annast framkvæmd bakgrunnsathugana og útgáfu öryggisvottana á grundvelli þeirra í samræmi við ákvæði laga og reglugerða; kveðið skal á um heimild lögreglu til upplýsingaöflunar um einstakling í lögum og skal fengin skrifleg beiðni hans fyrir bakgrunnsathugun; ríkislögreglustjóra er heimilt að fela lögreglustjórum framkvæmd bakgrunnsathugana og útgáfu öryggisvottana auk skráningar þeirra í málaskrá lögreglu; ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd bakgrunnsathugana, svo sem um ábyrgð og eftirlit, efnislega skoðun, mat á öryggishæfi og afbrotafæri, málsmeðferð, tímafresti, útgáfu öryggisvottunar, gildistíma, veitingu

aðgangsheimilda, tíðni bakgrunnsathugana, afturköllun öryggisvottunar og önnur þau atriði sem lög kunna að tilgreina.“

3.

Vardandi kynningu frumvarpsins

Fremst í frumvarpsgreinargerð segir að drög að frumvarpinu hafi verið kynnt á heimasíðu innanríkisráðuneytisins. Þetta er áréttað í IV. kafla almennra athugasemda í greinargerðinni þar sem einnig er rakið að umsagnir hafi borist frá ýmsum aðilum. Persónuvernd er ekki þar á meðal, en í því sambandi skal tekið fram að þau ákvæði, sem hér hafa verið til umfjöllunar, voru ekki í þeim frumvarpsdrögum sem kynnt voru (sbr. fréttir á heimasíðu ráðuneytisins hinn 28. janúar og 10. september 2013), eftir því sem eftirgrennslan Persónuverndar hefur leitt í ljós. Gafst því ekki sérstakt tilefni til athugasemda við þessi drög. Að öðru skal tekið fram að í ljósi þess hlutverks Persónuverndar að veita umsagnir við setningu laga og annarra reglna sem þýðingu hafa fyrir persónuvernd, sbr. 6. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000, má telja eðlilegt að afstöðu hennar sé óskað með formlegum hætti þegar setning slíkra laga eða reglna er fyrirhuguð fremur en að drög að þeim séu kynnt á heimasíðum ráðuneyta án þess að stofnuninni sé gert kunnugt um það.

4.

Samantekt

Eftir að hafa farið yfir umrætt lagafrumvarp er samantekin niðurstaða Persónuverndar sú:

1. Að leggjast eindregið gegn því að ákvæði 5. og 11. gr. frumvarpsins um heimildir til öflunar persónuupplýsinga í þágu bakgrunnsathugana lögreglu samkvæmt lögum um siglingavernd og loftferðalögum verði samþykkt óbreytt, sbr. 1. kafla umsagnar þessarar.
2. Að leggja til breytt orðalag, sem falli að meðalhófssjónarmiðum, á tillögu 16. gr. frumvarpsins að nýjum staflið í 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga, þ.e. ákvæði um það hlutverk ríkislögreglustjóra að annast bakgrunnsathuganir og útgáfu öryggisvottorða, sbr. 2. kafla umsagnar þessarar.

Eins og á stendur gerir Persónuvernd ekki frekari athugasemdir við frumvarpið, en tekið skal fram að til þeirra kann að koma síðar.

3.2.49. Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögreglulögum – mál nr. 2014/106

Persónuvernd veitti umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögreglulögum. Í umsögninni eru gerðar athugasemdir við ákvæði um öflun upplýsinga úr málaskrá lögreglu um þá sem gegna þar störfum eða sækja um starf, sem og þá sem sækja um skólavist í Lögregluskólanum. Í umsögninni er lögð áhersla á að gætt sé meðalhófs í þessum efnum.

Persónuvernd vísar til tölvubrúfs allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 17. janúar 2014 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996 (þskj. 459, 251. mál á 143. löggjafarþingi). Rætt var um frumvarpið á fundi stjórnar Persónuverndar í dag og ákveðið að gera eftirfarandi athugasemdir:

1.

Í tillögu 7. gr. frumvarpsins að 4. mgr. 28. gr. lögreglulaga er fjallað um öflun málaskráupplýsinga, þ.e. vegna ráðningar lögreglumanna og reglubundins mats á því trausti sem bera megi til þeirra. Í ljósi eðlis lögreglustarfsins og ýmissa valdheimilda sem því fylgja telur Persónuvernd öflun umræddra upplýsinga geta komið til álita við aðstæður sem lýst er í ákvæðinu. Hins vegar leggur stofnunin áherslu á að gætt sé meðalhófs, m.a. í tengslum við það hvaða upplýsinga sé aflað og hversu langt aftur í tímann, sem og að umsækjendum og starfsmönnum sé greint frá því fyrirfram að þeim verði flett upp. Þá er mikilvægt að mönnum sé veitt færi á að koma að skýringum við skráningu færslna í málaskrá. Mæla mætti nánar fyrir um það í reglugerð og leggur því Persónuvernd til að eftirfarandi málslið verði bætt aftast við tillögu

7. gr. frumvarpsins að 4. mgr. 28. gr.: „Um öflun málaskráupplýsinga, þ. á m. umfang upplýsingaöflunarinnar, fræðslu til umsækjenda og starfsmanna í aðdraganda uppflettingar og andmælarétt þeirra, skal nánar mælt fyrir í reglugerð.“

Einnig er fjallað um öflun málaskráupplýsinga í tillögu c-liðar 10. gr. frumvarpsins að nýjum málslið sem bætt yrði við 5. mgr. 38. gr. lögreglulaga. Með hinum nýja málslið yrði veitt heimild til öflunar upplýsinga úr málaskrá um þá sem sækja um skólavist í Lögregluskólanum. Í ljósi þeirra sjónarmiða sem rakin hafa verið varðandi lögreglumenn eru ekki gerðar athugasemdir við það. Hins vegar telur Persónuvernd að gæta þurfi meðalhófs og andmælaréttar þegar umræddir námsumsækjendur eiga í hlut með sama hætti og þegar um ræðir lögreglumenn og umsækjendur um störf þeirra. Persónuvernd leggur því til að við umrædda tillögu að nýjum málslið 5. mgr. 38. gr. sé bætt sömu viðbót og stofnunin leggur til varðandi tillögu að 4. mgr. 28. gr.

2.

Í 8. gr. frumvarpsins er lögð til ný 28. gr. a. Verði það ákvæði lögfest verður heimilt að afla upplýsinga úr málaskrá lögreglu um alla þá sem gegna þar störfum eða sækja um starf. Í þessu sambandi vekur Persónuvernd athygli á því að störf hjá lögreglu geta verið af ýmsum toga og sum þess eðlis að ekki sé þörf á slíkri upplýsingaöflun sem hér um ræðir, s.s. þegar um ræðir störf í mötuneyti, við ræstingar eða ýmsa stöðþjónustu. Ákvæðið tekur hins vegar ekki tillit til þessa og leggur Persónuvernd til að það falli brott eða verði að öðrum kosti breytt verulega þannig að það taki aðeins til þeirra tilteknu starfsmanna sem sérstök þörf verður talin á að upplýsinga sé aflað um úr málaskrá þó svo að þeir fari ekki með lögregluvald. Við brottfall ákvæðisins væri ekki lengur fjallað um öflun upplýsinga úr sakaskrá vegna umræddra starfa, en vakin er athygli á að um slíka upplýsingaöflun giltu þá sömu sjónarmið og alla jafna, þ.e. að vinnuveitandi getur farið fram á það við umsækjanda eða starfsmann að hann leggi fram sakavottorð sitt ef slíkt telst nauðsynlegt á grundvelli almenns hagsmunamats.

Að öðru leyti gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins. Hins vegar minnir stofnunin á mikilvægi þess að stjórnsýsluframkvæmd á grundvelli þess samrýmist meðalhófskröfum.

3.2.50. Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 96/2002, um útlendinga – mál nr. 2014/108

Persónuvernd veitti umsögn um frumvarp til laga um breytingar á útlendingalögum. Í umsögninni er lagt til að löggjafinn taki af skarið um hvort úrskurðir nýrrar kærunefndar, sem fjallaði um kærur á ákvörðunum Útlendingastofnunar, skuli birtir og, ef svo er, með hvaða hætti þannig að friðhelgi einkalífs njóti verndar. Einnig er lagt til að við frumvarpið verði bætt ákvæðum sem dragi upp skýra mynd af því hvernig unnið verði með upplýsingar í íslenskum hluta samevrópsks upplýsingakerfis fyrir vegabréfsáritanir. Þá er gerð sú athugasemd að rökstuðning vanti fyrir ákvæði um skráningu lífkenna þeirra sem fá rétt til ótímabundinnar dvalar hér á landi.

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 17. janúar 2014 um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2002 um útlendinga (þskj. 457, 249. mál á 143. löggjafarþingi). Þau ákvæði frumvarpsins, sem helst varða starfssvið Persónuverndar, eru:

a- og b-liðir 1. gr. þar sem lagt er til að bætt verði við lögum tveimur ákvæðum, 3. gr. a og 3. gr. b, um nýja stjórnsýslunefnd, þ.e. kærunefnd útlendingamála sem úrskurði um kærur á ákvörðunum Útlendingastofnunar.

3. gr. þar sem lagt er til að á eftir 7. mgr. 6. gr. laganna komi ný málsgrein, þess efnis að innanríkisráðherra setji reglur um íslenskan hluta upplýsingakerfis um vegabréfsáritanir, þ. á m. persónuvernd við skráningu og meðferð upplýsinga. Nánar tiltekið er átt við rafrænt gagnasafn

sem starfrækt verði hér á landi og tengt sameiginlegu upplýsingakerfi á Schengen-svæðinu.

liður 15. gr. þar sem lögð er til ný 39. gr. b í lögnum þar sem meðal annars komi fram að ráðherra sé í reglugerð heimilt að kveða á um að aflað skuli andlitsmyndar og fingrafara einstaklings sem á rétt til ótímabundinnar dvalar hér á landi, sem og að framangreind lífkenni skuli varðveitt í skírteini um slíkan rétt, sbr. 3. mgr.

Rætt var um frumvarpið á fundi stjórnar Persónuverndar í dag og ákveðið að gera eftirfarandi athugasemdir:

1.

Um a- og b-liði 1. gr. frumvarpsins

Almennt eru úrskurðir æðri stjórnvalda birtir opinberlega. Við slíka birtingu verður að gæta að 9. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012, sbr. áður 5. gr. laga nr. 50/1996 um sama efni, en þar er mælt fyrir um að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari nema sá samþykki sem í hlut á. Sú venja hefur skapast að fella brott persónuauðkenni við birtingu stjórnvaldsúrskurða, en að auki getur eftir atvikum þurft að fella brott ýmsar frekari upplýsingar ef koma á í veg fyrir að einstaklingur, sem fjallað er um í úrskurði, sé persónugreinanlegur. Leiði slík persónugreining til þess að almenningur fái aðgang að slíkum upplýsingum, sem 9. gr. upplýsingalaga tilgreinir, er slík úrfelling nauðsynleg til að fara að kröfum ákvæðisins. Ekki er tekin afstaða til þess í frumvarpinu hvort birta eigi úrskurði umræddrar kæruneftndar. Í ljósi þess að slíkir úrskurðir hafa oft að geyma upplýsingar um viðkvæm einkamálefni vill Persónuvernd koma þeirri ábendingu á framfæri að löggjafinn taki af skarið um það hvort þeir skuli birtir og, ef svo er, með hvaða hætti.

2.

Um 3. gr. frumvarpsins

Um það upplýsingakerfi, sem fjallað er um í 2. tölul. hér að framan, er nú að finna ákvæði í reglugerð nr. 1160/2010 um vegabréfsáritanir, setti með stöð í 3. og 7. mgr. 6. gr. og 58. gr. laga nr. 96/2002 um útlendinga. Með reglugerðinni eru ákvæði úr ESB-reglugerð nr. 810/2009 um bandalagsreglur um vegabréfsáritanir, þ. á m. ákvæði um upplýsingakerfi í þágu vegabréfsáritana, innleidd í íslenskan rétt. Fram kemur í 32. lið formálsorða ESB-reglugerðarinnar að hún teljist til réttargerðar sem falli undir samning ESB, Noregs og Íslands frá 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í Schengen-samstarfinu. Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. og 8. gr. samningsins hvílir þjóðrættarleg skylda á íslenska ríkinu til þess að innleiða slíkar gerðir.

Vakin er athygli á að helstu ákvæðin Evrópuréttar um umrætt upplýsingakerfi er nú að finna í ESB-reglugerð nr. 767/2008, en hún fellur einnig undir framangreindan samning ESB, Noregs og Íslands, sbr. 30. lið formálsorða reglugerðarinnar. Hún hefur að geyma margvíslegar reglur sem eiga meðal annars að tryggja að gætt sé meðalhófs við vinnslu persónuupplýsinga í upplýsingakerfinu, þ. á m. fingrafara, sbr. c-lið 1. mgr. 5. gr., og að unnið sé að öðru leyti í samræmi við grunnreglur persónuupplýsingaréttarins. Í 3. gr. frumvarpsins birtist sú nálgun að efnisleg ákvæði um upplýsingakerfið verði einungis í stjórnvaldsreglum. Í ljósi þess meðal annars að skráning í umrætt upplýsingakerfi getur verið íþyngjandi, einkum þar sem hún getur orðið til þess að viðkomandi einstaklingum verði meinuð landvist, má aftur á móti telja æskilegt að í settum lögum verði mælt fyrir um helstu grunnreglur um upplýsingakerfið, s.s. um hvaða upplýsingar verði skráðar, aðgang að kerfinu, heimilan tilgang með vinnslu upplýsinga í því og réttindi hins skráða. Telur Persónuvernd frumvarpið þurfa frekari skoðunar við að þessu leyti.

Með vísan til framangreinds er lagt til að við frumvarpið verði bætt ákvæðum sem dragi upp skýra mynd af því hvernig unnið verði með upplýsingar í umræddu upplýsingakerfi.

3.

Um 1-lið 15. gr. frumvarpsins

Eins og fyrr greinir er í 3. mgr. tillögu 1-liðar 15. gr. frumvarpsins að nýrri 39. gr. b í lögum nr. 96/2002 lögð til heimild til handa ráðherra til að kveða á um öflun andlitsmyndar og fingrafara tiltekinna einstaklinga. Samkvæmt athugasemdum við ákvæðið í greinargerð með frumvarpinu er því ætlað að innleiða 19. og 20. gr. tilskipunar 2004/38/EB. Þar er hins vegar ekkert minnst á fingraför eða önnur lífkenni. Þá hefur frumvarpsgreinargerðin ekki að geyma röksemdir fyrir því hvers vegna skrá eigi slíkar upplýsingar eða hver tilgangur þess sé. Við setningu löggjafar um að vinna skuli með persónuupplýsingar verður að gera þá kröfu, m.a. í ljósi 71. gr. stjórnarskrárinnar, að skýr rökstuðningur um nauðsyn slíkra upplýsinga liggi fyrir en að öðrum kosti verði umrætt ákvæði 1-liðar 15. gr. frumvarpsins fellt brott.

4. Erlent samstarf

4.1. Samstarf norrænna persónuverndarstofnana

Sameiginlegur norrænn fundur lögfræðinga, tæknisérfræðinga og forstjóra Persónuverndarstofnanna, var haldinn í Stokkhólmi 19. og 20. maí 2014. Fundinn sóttu Hjördís Stefánsdóttir, settur forstjóri, og Alma Tryggvadóttir, lögfræðingur. Fundurinn hófst á sameiginlegri málstofu þar sem hver stofnun greindi frá helstu málum og áherslum í starfi sínu á árinu. Þá var m.a. rætt um áframhaldandi norrænt samstarf um úttektir, málefni og löggjöf í tengslum við rafræna vöktun, persónuvernd í skólum, málefni tengt tölvuskýjum, tækniáferðum við vinnslu persónuupplýsinga í velferðarkerfinu, lífkenni o.fl."

Undirbúningsfundur vegna sameiginlegs norræns úttektarverkefnis var haldinn í Osló 10. desember. Fundinn sóttur Þorsteinn Arnalds og Þórður Sveinsson. Rætt var um val á aðilum sem gera á úttektir hjá, afmörkun úttekta og verkáætlun.

4.2. Samstarf evrópskra persónuverndarstofnana

26. fundur starfsmanna evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn í Skopje, dagana 9.-10. október 2014. Fundurinn var ekki sóttur.

Vorfundur forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn 18. – 20. maí 2014 í Manchester í Englandi. Fundurinn var ekki sóttur.

Phaedra hópurinn (vinnuhópur evrópskra persónuverndarstofnana) hélt ráðstefnuna „Enforcing Privacy“, í Kraká í Póllandi 12. desember 2014. Viðfangsefni fundarins var að leita leiða til að bæta og auka samstarf og upplýsingagjöf milli evrópskra persónuverndarstofnana. Forstjóri sótti fundinn.

Á vegum Evrópska persónuverndarfulltrúans (e. European Data Protection Supervisor (EDPS)) voru haldnir fundir nefndar sem hefur eftirlit með meðferð persónuupplýsinga í Schengen-upplýsingakerfinu. Í nefndinni eru fulltrúar frá persónuverndarstofnunum viðkomandi ríkja og samhæfa þeir eftirlit sitt á umræddum fundum. Á árinu 2014 voru fundirnir tveir, haldnir í Brussel 8. maí og 28. október. Þórður Sveinsson sótti fundina af hálfu Persónuverndar.

Einnig eru á vegum EDPS haldnir fundir nefndar til samræmingar á eftirliti með VIS-gagnagrunninum (e. VIS Supervision Coordination Group). VIS stendur fyrir „Visa Information System“, en þar er um að ræða tölvukerfi með margvíslegum upplýsingum um þá sem sækja um vegabréfsáritun í einhverju aðildarríkja Schengen, þ. á m. fingraför viðkomandi og ljósmyndir. Í nefndinni eru fulltrúar frá persónuverndarstofnunum viðkomandi ríkja. Haldnir voru tveir fundir á árinu 2013, þ.e. 7. maí og 29. október. Þórður Sveinsson sótti fundina af hálfu Persónuverndar.

Að auki eru á vegum EDPS haldnir fundir nefndar sem hefur eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga í Eurodac-fingrafarakerfinu. Í það kerfi eru skráðar upplýsingar um fingraför hælisleitenda, þeirra sem dvelja ólöglega í aðildarríki eða koma ólöglega yfir landamæri og er ekki vísað frá. Gagnagrunnurinn er notaður til að auðkenna viðkomandi einstaklinga í tengslum við framkvæmd Dyflinnarsamningsins sem fjallar um ákvörðun þess hvaða aðildarríki fari með hælisúmsóknir. Framangreind nefnd vegna eftirlits með þessum gagnagrunni hélt tvo fundi á árinu 2013, þ.e. 7. maí og 29. október. Þórður Sveinsson sótti fundina af hálfu Persónuvernar.

4.3. Alþjóðlegt samstarf

36. alþjóðaráðstefna forstjóra persónuverndarstofnana var haldin 14. október 2014 í Mánitáníu. Ráðstefnan var ekki sótt.

4.4. Starf vinnuhóps samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/E

Hér er um að ræða ráðgefandi vinnuhóp sem starfar samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga, en íslensk löggjöf verður að samrýmast þessari tilskipun.

Vinnuhópurinn, sem heldur fundi sína í Brussel, er skipaður fulltrúum eftirlitsfirvalda í aðildarríkjum ESB, sem og áheyrnarfulltrúum frá öðrum þeim löndum sem fara að reglum tilskipunarinnar, þ. á m. Íslandi.

Á árinu 2014 voru haldnir 5 fundir: 94. fundur var 26.-27. febrúar; 95. fundur var 9.-10. apríl; 96. fundur var 3.-4. júní; 97. fundur var 16.-17. september; og 98. fundur var 25.-26. nóvember. Af hálfu Persónuverndar sótti Teitur Skúlason, lögfræðingur fundi nr. 94., 95. og 96. Aðrir fundir voru ekki sóttir.

Vinnuhópurinn tekur mál upp að frumkvæði formanns, eftirlitsfirvalda í aðildarríkjum Evrópusambandsins eða framkvæmdastjórnar þess. Á fundunum eru samþykkt, með einföldum meirihluta atkvæða, álit og tilmæli um þau efni sem þar eru rædd. Þau eru send framkvæmdastjórninni, sem tekur síðan bindandi ákvarðanir, m.a. um til hvaða landa utan EES-svæðisins senda megi persónuupplýsingar, og ráðgjafarnefnd hennar um málefni tengd vinnslu persónuupplýsinga. Ákvæði um þá nefnd eru í 31. gr. tilskipunar 95/46/EB. Hún er skipuð fulltrúum aðildarríkja ESB.

Helstu skjöl, sem vinnuhópurinn samþykkti á árinu 2014, eru eftirtalin:

- Álit nr. 01/2014 um nauðsyn við vinnslu persónuupplýsinga í löggæslu. (skjal nr. WP 211).
- Álit nr. 02/2014 um skilyrði fyrir bindandi fyrirtækjareglur (BCR) (skjal nr. WP 212).
- Álit nr. 03/2014 um tilkynningar vegna öryggisbrests á persónulegum upplýsingum (skjal nr. WP 213).
- Vinnuskjal nr. 01/2014 um drög að ad hoc samningsskilmálum fyrir undirvinnsluaðila utan Evrópusambandsins sjálfstjórnarmæravörslu (skjal nr. WP 214).
- Álit nr. 04/2014 um rafræna vöktun í landvarnar- og almannaoöryggistilgangi (skjal nr. WP 215).
- Álit nr. 05/2014 um dulritun á Internetinu (skjal nr. WP 216).
- Álit nr. 06/2014 um lögmeða hagsmuni skv. 7. gr. Evróputilskipunar 95/46/EC (skjal nr. WP 217).
- Álit nr. 7/2014 um vernd persónuupplýsinga í Quebec (skjal nr. WP 219).
- Álit nr. 8/2014 um nýlega þróun í Internet of things (skjal nr. WP 223).
- Álit nr. 9/2014 um notkun á tilskipun 2002/58/EC um fingrafaraskanna (skjal nr. WP 224).
- Leiðbeiningar um innleiðingu á breytingum vegna Google-dómsins (skjal nr. WP 225).

5. Ýmislegt fréttæmt

5.1. Evrópudómstóllinn staðfestir rétt manna „til að gleymast“

Spánverjinn Mario Costeja González höfðaði mál fyrir Evrópudómstólnum gegn Google þar sem hann fór fram á að upplýsingar sem tengdust fjárnámi er gert hafði verið hjá honum yrðu fjarlægðar. Hinn 13. maí 2014 felldi Evrópudómstóllinn dóm þar sem fallist var á kröfu manns um að niðurstöðu á leitarsíðu Google skyldi eytt. Dómurinn hefur ekki í för með sér að sjálfu efninu, sem laut að manningnum, skyldi eyða heldur aðeins leitarniðurstöðunni sjálfri. Í dómnum kemur fram að það hvort upplýsingum skuli eytt fari annars vegar eftir mati á hagsmunum af því að leitarniðurstaðan sé aðgengileg og hins vegar eftir mati á hagsmunum viðkomandi einstaklings af að svo sé ekki. Varð niðurstaðan sú að hagsmunir einstaklingsins vægju þyngra eins og hér háttaði til. Þessi niðurstaða byggist á ákvæðum í evrópsku persónuverndartilskipuninunni nr. 95/46/EB og er lítið til þess að Google hefur starfsstöðvar innan ESB, í þessu tilviki á Spáni, og ber samkvæmt því að virða ákvæði laga í einstökum aðildarríkjum sem sett eru á grundvelli tilskipunarinnar.

Umfjöllun um dóminn má sjá á heimasíðu Evrópudómstólsins, á slóðinni: <http://curia.europa.eu/jcms/upload/docs/application/pdf/2014-05/cp140070en.pdf>

Þá hefur breska persónuverndarstofnunin tekið saman samantekt um dóminn, á slóðinni: <http://blogs.imediapconnection.com/blog/2014/05/14/understanding-google%E2%80%99s-%E2%80%99Cright-to-be-forgotten%E2%80%99D-judgement-in-europe-%E2%80%93-for-americans/>

5.2. Leiðbeiningar um notkun tölvuskýja hjá hinu opinbera

Norrænn vinnuhópur um tölvuský hefur unnið að gerð leiðbeininga á vegum upplýsingatekninefndar Norrænu ráðherranefndarinnar um notkun tölvuskýja hjá hinu opinbera.

Hinn 19. desember 2013 var vinnuskjalið „Leiðbeiningar um notkun tölvuskýja hjá hinu opinbera“ birt á vefsíðu Norrænu ráðherranefndarinnar, www.norden.org. Frá árinu 2012 hefur Norrænn vinnuhópur um tölvuský, nánar tiltekið lagahópur hópsins, unnið að gerð þessara leiðbeininga á vegum upplýsingatekninefndar Norrænu ráðherranefndarinnar. Lögfræðingur hjá Persónuvernd er fulltrúi Íslands í áðurnefndum lagahópi.

Markmið þessara leiðbeininga er að veita almenna yfirsýn yfir helstu lagalegu atriði sem huga þarf að í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga þegar opinberir aðilar á Norðurlöndunum fyrirhuga að nýta sér þjónustu tölvuskýja. Er þar einkum fjallað um skyldur ábyrgðaraðila, þ.á m. gerð áhættumats og val á öryggisráðstöfunum, sem og gerð vinnslusamnings við tölvuskýjaveitanda.

„Leiðbeiningar um notkun tölvuskýja hjá hinu opinbera“ má finna á eftirfarandi slóð: <http://www.norden.org/is/utgafa/utgefid-efni/2013-933>.

5.3. Hvernig komið er í veg fyrir að Facebook deili upplýsingum um sögu netvafurs í auglýsingaskyni - leiðbeiningar.

Leiðbeiningar Persónuverndar um það hvernig notendur Facebook geta komið í veg fyrir að fyrirtæki deili upplýsingum um sögu netvafurs þeirra, þ.e. upplýsingum um netvafur innan samfélagsmiðilsins og utan hans, með þriðju aðilum. Leiðbeiningarnar ná bæði til tölva, snjallsíma og spjaldtölva. Leiðbeiningar má nálgast á vefsíðu Persónuverndar, á slóðinni: <http://personuvernd.eplica.is/media/leidbeiningar-personuverndar/Facebook-leidbeiningar--->

5.4. Myndbirtingar úr eftirlitsmyndavélum

Það sem af er ári hefur Persónuvernd nokkrum sinnum orðið þess vör að myndir úr eftirlitsmyndavélum hafi verið birtar opinberlega, t.d. í fjölmiðlum. Í mörgum tilvikum er tilgangurinn sá að reyna að hafa uppi á sökudólgum þegar grunur leikur á um að refsivert athæfi hafi átt sér stað á vöktuðu svæði. Af þessu tilefni áréttaði Persónuvernd, þann 1. ágúst 2014 á vefsíðu sinni, þær reglur sem gilda um slíka birtingu.

Tilkynning Persónuverndar var eftirfarandi:

Í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er fjallað um hvenær miðla má efni sem safnast við rafræna vöktun og hefur að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar, s.s. um meinta refsiverða háttsemi, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. laganna. Nánar tiltekið segir í 2. mgr. 9. gr. að söfnun slíkra upplýsinga sé heimil að eftirfarandi skilyrðum fullnægðum:

1. að vöktunin sé nauðsynleg og fari fram í öryggis- og eignavörsluskyni;
2. að það efni sem til verður við vöktunina verði ekki afhent öðrum eða unnið frekar nema með samþykki þess sem upptaka er af eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar; heimilt sé þó að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknad en þá skuli þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu; og
3. að því efni sem safnast við vöktunina verði eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita það, nema sérstök heimild Persónuverndar standi til frekari varðveislu.

Persónuvernd áréttar að samkvæmt framangreindu á ekki að afhenda öðrum en lögreglu myndefni úr eftirlitsmyndavél sem sýnir meinta, refsiverða háttsemi, en hún metur hvort ástæða sé til að birta upptökuna í þágu rannsóknar máls. Þá skal vakin athygli á bókun um fund Persónuverndar og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hinn 18. janúar 2011 þar sem fjallað var um birtingu vöktunarefnis, en í bókuninni stendur meðal annars:

„Formaður stjórnar [Persónuverndar] reifaði málið og ræddi hvort þörf væri fyrir sérstakan vettvang innan lögreglu til að taka við myndefni úr eftirlitsmyndavélum.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri, taldi svo ekki vera. Hann kvað nú þegar vera tekið við slíku efni með skilvirkum hætti. Við öllu væri greiðlega tekið og menn gætu snúið sér til næstu lögreglustöðvar. Hann fór yfir feril þjófnaðarmála og annarra brota hjá lögreglu. Í miklum meirihluta tilvika væri það svo að annað hvort sá lögreglumaður sem væri með málið eða aðrir lögreglumenn þekktu þann sem er á upptökunni. Því tæki afgreiðsla slíkra mála yfirléitt skamman tíma. Þá hefði lögregla birt upptök úr öryggismyndavélum þar sem ekki hefði tekist að finna grunaða einstaklinga. Hins vegar væri slíkt ekki gert nema í alvarlegum málum og almannahagsmunir krefðust þess. Þá hafi lögreglan einnig í einu tilviki nýtt sér nýstofnaða fésbókarsíðu til að finna grunaða. Þess hafi þá verið gætt að taka efni út af síðunni um leið og hinn eftirlýsti var fundinn. Stefán benti einnig á að í sumum tilvikum hafi myndbirting eiganda verslunar tafið fyrir lausn máls, þar sem viðkomandi afbrotamenn hafi farið í felur eftir að upptakan hafi verið birt. Stefán kvaðst líta svo á að innan verslunargeirans þyrfti, í meira mæli en nú er, að mega miðla þjófamyndum. Hann benti á þá leið að heimila öryggisfyrirtækjum miðlun sín á milli og kvaðst myndu benda hlutaðeigandi á leiðir til að lögleiða slíka framkvæmd. Niðurstaðan var sú að samstaða væri um hvernig haga bæri málum.“

5.5. Innleiðing staðla hjá Evrópuráðinu vegna dróna

Persónuvernd vill vekja athygli á yfirlýsingu Evrópuráðsins frá 8. apríl sl. um innleiðingu staðla vegna svokallaðra dróna ("remotely piloted aircraft systems" – RPAS). Staðlarnir eiga að ná til

ýmissa sviða sem notkun dróna geta átt við, t.d. upplýsingaöryggi og persónuvernd. Markmið staðlanna er að gera evrópskum iðnaði mögulegt að sækja fram á þessum markaði en tryggja á sama tíma að allra öryggissjónarmiða sé gætt. Yfirlýsing Evrópuráðsins er aðgengileg á slóðinni: http://ec.europa.eu/transport/modes/air/news/drones_en.htm.

5.6. Notkun dróna og persónuvernd

Drónar (flygildi) hafa verið áberandi í umræðunni um persónuvernd í Evrópu síðastliðnar vikur og mánuði. Drónar eru ómannaðar flugvélar eða þyrlur sem stýrt er af einstaklingi. Í auknum mæli hefur þessi tækni staðið einstaklingum til boða sem nota þá t.d. til myndatöku á stöðum sem myndavélar ná yfirleitt ekki til. Að gefnu tilefni minnir Persónuvernd á að við vinnslu myndefnis sem tekið er með aðstoð dróna er mikilvægt, sem endranær, að huga að sjónarmiðum tengdum persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Eðli málsins samkvæmt geta drónar tekið myndir eða myndbönd á stöðum sem ljósmyndari gæti ekki haft aðgang að og þarf því að gæta friðhelgi einkalífs þeirra einstaklinga sem gætu komið fyrir á myndefninu.

Þegar myndefni er tekið upp með dróna á almannafæri ber að gæta ýmissa atriða. Æskilegt væri að afla samþykkis þeirra einstaklinga sem koma fyrir á myndefninu og á það sérstaklega við ef andlit einstaklinganna eða aðrar persónugreinanlegar upplýsingar koma fyrir á myndefninu. Þá er mikilvægt að taka tillit til þess umhverfis sem myndefnið er tekið upp í. Ef taka á myndir af almannafæri þar sem einstaklingar telja sig eiga að njóta friðhelgi einkalífs ber að taka tillit til þess. Ef birta á myndefnið, t.d. á Internetinu, gilda um það sérstök sjónarmið sem mikilvægt er að kynna sér. Þá ber að gæta öryggi upplýsinganna, t.d. hvort myndefnið sé læst á einhvern hátt eða geymt á öruggum stað.

Í frétt á heimasíðu Evrópuráðsins kemur fram að til stendur að setja reglur um notkun dróna, þar sem gerðar verða strangar kröfur um öryggi og ábyrgð við notkun dróna á almannafæri. Evrópuráðið hefur hafið greiningu á þeim álitamálum sem snúa að notkun dróna og mun tillaga til lagasetningar vera borin undir aðildarríki og Evrópuráðið en stefnt er að því að niðurstöður þessarar vinnu liggi fyrir árið 2016.

Þá vill Persónuvernd benda á að í einhverjum tilfellum getur myndataka fallið undir reglur nr. 837/2006 um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem verða til við rafæna vöktun. Rafræn vöktun telst vera vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum sem fram fer með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði. Ef myndataka fer fram með dróna og er viðvarandi eða endurtekin reglulega getur hún fallið undir reglur nr. 837/2006. Þá ber að tilkynna myndatökuna til Persónuverndar nema ef hún fer fram í öryggis- eða eignavörslutilgangi. Í frétt á heimasíðu Flugmálastjórnar Íslands kemur fram að Samgöngustofu berast í auknum mæli fyrirspurnir um starfrækslu ómannaðra loftfara. Af því tilefni vinni stofnunin nú að ritun sértækra reglna um ómönnuð loftför. Þá segir að um ómönnuð loftför gildi almennt sömu reglur og um mönnuð loftför, þ.m.t. lög nr. 60/1998, um loftferðir, og reglugerð nr. 770/2010, um flugreglur. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu Flugmálastjórnar Íslands: <http://ww2.caa.is>.

6. Lög og reglur

6.1. Lög nr. 77/2000

Hér að neðan eru lög nr. 77/2000 birt eins og þau voru í árslok 2014:

I. kafli.

Markmið, skilgreiningar og gildissvið.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins. Sérstök stofnun, Persónuvernd, annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna sem settar verða samkvæmt þeim, sbr. nánar ákvæði 36. gr.

2. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða og hugtaka í lögum þessum er sem hér segir:

1. Persónuupplýsingar: Sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi.
2. Vinnsla: Sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn.
3. Skrá: Sérhvert skipulagsbundið safn persónuupplýsinga þar sem finna má upplýsingar um einstaka menn.
4. Ábyrgðaraðili: Sá aðili sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna.
5. Vinnsluadili: Sá sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila.
6. [Rafræn vöktun: Vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði, og fer fram á almannafæri eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði. Hugtakið tekur til:
 - a. vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga, og
 - b. sjónvarpsvöktunar sem fer fram með notkun sjónvarpsmyndavéla, vefmyndavéla eða annars samsvarandi búnaðar, án þess að fram fari söfnun myndefnis eða aðrar aðgerðir sem jafngilda vinnslu persónuupplýsinga.]¹⁾
7. Samþykki: Sérstök, ótvíræð yfirlýsing sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykktur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv.
8. Viðkvæmar persónuupplýsingar:
 - a. Upplýsingar um uppruna, litarhátt, kynþátt, stjórnámálaskoðanir, svo og trúar- eða aðrar lífsskoðanir.
 - b. Upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað.
 - c. Upplýsingar um heilsuhagi, þar á meðal um erfðaeiginleika, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun.
 - d. Upplýsingar um kynlíf manna og kynhegðan.
 - e. Upplýsingar um stéttarfélagasáðild.
9. Sértek ákvörðun: Ákvörðun sem afmarkar rétt og/ eða skyldur eins eða fleiri tilgreindra einstaklinga.

¹⁾L. 46/2003, 1. gr.

3. gr.

Efnislegt gildissvið.

Lögin gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga. Lögin gilda einnig um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá.

Ákvæði 16., 18.–21., 24., 26., 31. og 32. gr. laganna gilda ekki um vinnslu persónuupplýsinga sem varða almannaöryggi, landvarnir, öryggi ríkisins og starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu. Lögin gilda ekki um meðferð einstaklings á persónuupplýsingum sem eingöngu varða einkahagi hans eða eru einvörðungu ætlaðar til persónulegra nota.

4. gr.

Rafræn vöktun.

Rafræn vöktun er ávallt háð því skilyrði að hún fari fram í málefnalegum tilgangi. Rafræn vöktun svæðis þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði er jafnframt háð því skilyrði að hennar sé sérstök þörf vegna eðlis þeirrar starfsemi sem þar fer fram.

Vinnsla persónuupplýsinga sem á sér stað í tengslum við rafræna vöktun skal uppfylla ákvæði laga þessara. Um sjónvarpsvöktun fer, auk ákvæðis 1. mgr., samkvæmt ákvæðum 7., 24., 40. og 41. gr. laganna, svo og eftir því sem við á ákvæðum 31., 32. og 38. gr. laganna.]¹⁾

¹⁾L. 46/2003, 2. gr.

5. gr.

Tengsl við tjáningarfrelsi.

Að því marki sem það er nauðsynlegt til að samræma sjónarmið um rétt til einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar má víkja frá ákvæðum laganna í þágu fjölmiðlunar, lista eða bókmennta. Þegar persónuupplýsingar eru einvörðungu unnar í þágu fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi gilda aðeins ákvæði 4. gr., 1. og 4. tölul. 7. gr., 11.–13. gr. og 24., 28., 42. og 43. gr. laganna.

6. gr.

Landfræðilegt gildissvið.

[Lögin gilda um vinnslu persónuupplýsinga á vegum ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu hér á landi, enda fari vinnsla persónuupplýsinganna fram á Evrópska efnahagssvæðinu, [í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu]¹⁾ eða í landi eða á stöðum sem Persónuvernd auglýsir í Stjórnartíðindum.²⁾

[Lögin gilda einnig um vinnslu persónuupplýsinga þótt ábyrgðaraðili hafi hvorki staðfestu í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu né í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi.]¹⁾

Lögin gilda einnig um vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust lögaðila, sbr. 45. gr. laganna, enda þótt ábyrgðaraðili hafi ekki staðfestu hér á landi, ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi.

Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda ekki ef umræddur tækjabúnaður er einungis notaður til að flytja persónuupplýsingar um Ísland.

Þegar svo hagar til sem greinir í 2. og 3. mgr. skal ábyrgðaraðili tilnefna fulltrúa sinn sem hefur staðfestu hér á landi og gilda þá ákvæði laganna varðandi ábyrgðaraðila um þann fulltrúa eftir því sem við á.]³⁾

¹⁾L. 72/2003, 5. gr. ²⁾*Augl. 228/2010, sbr. augl. 108/2012, augl. 419/2013 og augl. 1316/2013.* ³⁾L. 90/2001,

1. gr.

II. kafli.

Almennar reglur um vinnslu persónuupplýsinga.

7. gr.

[Meginreglur um gæði gagna og vinnslu.]¹⁾

Við meðferð persónuupplýsinga skal allra eftirfarandi þátta gætt:

1. að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga;
2. að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi, en frekari vinnsla í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi telst ekki ósamrýmanleg að því tilskildu að viðeigandi öryggis sé gætt;
3. að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar;
4. að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, persónuupplýsingar sem eru óáreiðanlegar

eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skal afmá eða leiðrétta;

5. að þær séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða aðila lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu.

[Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga uppfylli ávallt ákvæði 1. mgr.]¹⁾
¹⁾L. 90/2001, 2. gr

8. gr.

[*Almennar reglur um heimildir fyrir vinnslu persónuupplýsinga.*]¹⁾

Vinnsla persónuupplýsinga er því aðeins heimil að einhverjir eftirfarandi þátta séu fyrir hendi:

1. [hinn skráði hafi ótvírætt samþykkt vinnsluna eða veitt samþykki skv. 7. tölul. 2. gr.]¹⁾
2. vinnslan sé nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður;
3. vinnslan sé nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila;
4. vinnslan sé nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða;
5. vinnslan sé nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna;
6. vinnslan sé nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili, eða þriðji maður sem upplýsingum er miðlað til, fer með;
7. vinnslan sé nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda ber samkvæmt lögum vegi þyngra.

...²⁾

[Persónuvernd getur heimilað vinnslu persónuupplýsinga í öðrum tilvikum en greinir í 1. og 2. mgr. ef sýnt þykir að brýnir almannahagsmunir eða hagsmunir einstaklinga, þar með taldir hagsmunir hins skráða, krefjist þess. Skal þá ótvírætt að þörfin fyrir vinnsluna vegi þyngra en tillitið til þess að hún fari ekki fram. Getur Persónuvernd bundið slík leyfi þeim skilyrðum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmuni hins skráða.]¹⁾

¹⁾L. 90/2001, 3. gr. ²⁾L. 46/2003, 3. gr.

9. gr.

[*Sérstök skilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.*]¹⁾

[Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er óheimil nema uppfyllt sé eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. og enn fremur eitthvert af eftirfarandi skilyrðum:]¹⁾

1. hinn skráði samþykki vinnsluna;
2. sérstök heimild standi til vinnslunnar samkvæmt öðrum lögum;
3. ábyrgðaraðila beri skylda til vinnslunnar samkvæmt samningi aðila vinnumarkaðarins;
4. vinnslan sé nauðsynleg til að verja verulega hagsmuni hins skráða eða annars aðila sem ekki er sjálfur fær um að gefa samþykki sitt skv. 1. tölul.;
5. vinnslan sé framkvæmd af samtökum sem hafa stéttarfélagsleg markmið eða af öðrum samtökum sem ekki starfa í hagnaðarskyni, svo sem menningar-, líknar-, félagsmála- eða hugsjónasamtökum, enda sé vinnslan liður í lögmætri starfsemi samtakanna og taki aðeins til félagsmanna þeirra eða einstaklinga sem samkvæmt markmiðum samtakanna eru, eða hafa verið, í reglubundnum tengslum við þau; slíkum persónuupplýsingum má þó ekki miðla áfram án samþykkis hins skráða;
6. vinnslan taki einungis til upplýsinga sem hinn skráði hefur sjálfur gert opinberar;
7. vinnslan sé nauðsynleg til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja;
8. vinnslan sé nauðsynleg vegna lækni meðferðar eða vegna venjubundinnar stjórnsýslu á sviði heilbrigðisþjónustu, enda sé hún framkvæmd af starfsmanni heilbrigðisþjónustunnar sem bundinn er þagnarskyldu;
9. vinnslan sé nauðsynleg vegna tölfræði- eða vísindarannsóknna, enda sé persónuvernd tryggt með tilteknum ráðstöfunum eftir því sem við á.

[Þrátt fyrir að skilyrði 1. mgr. séu ekki uppfyllt er heimilt, í tengslum við framkvæmd rafrænnar vöktunar,

að safna efni sem verður til við vöktunina, svo sem hljóð- og myndefni, með viðkvæmum persónuupplýsingum ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. að vöktunin sé nauðsynleg og fari fram í öryggis- og eignavörsluskyni;
2. að það efni sem til verður við vöktunina verði ekki afhent öðrum eða unnið frekar nema með samþykki þess sem upptaka er af eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar; heimilt er þó að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknad en þá skal þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu;
3. að því efni sem safnast við vöktunina verði eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita það, nema sérstök heimild Persónuverndar skv. 3. mgr. standi til frekari varðveislu.]²⁾ Persónuvernd getur heimilað vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í öðrum tilvikum en greinir í [1. og 2. mgr.]²⁾ telji hún brýna almannahagsmunum mæla með því. Persónuvernd bindur slíka heimild þeim skilyrðum sem hún telur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmunum hinna skráðu.

Persónuvernd setur, að fenginni umsögn vísindasiðanefndar, reglur³⁾ um hvernig velja má og nálgast fólk til þátttöku í vísindarannsóknnum og hvaða fræðslu skuli veita því áður en samþykkis þess er óskað.⁴⁾ Persónuvernd leysir úr ágreiningi um hvort persónuupplýsingar skuli teljast viðkvæmar eða ekki.

¹⁾L. 90/2001, 4. gr. ²⁾L. 81/2002, 1. gr. ³⁾Rgl. 170/2001, sbr. rgl. 853/2010. ⁴⁾Málgreinin fellur brott 1. jan. 2015 skv. l. 44/2014, 36. gr.

10. gr.

Notkun kennitölu.

Notkun kennitölu er heimil eigi hún sér málefnalegan tilgang og sé nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu. Persónuvernd getur bannað eða fyrirskipað notkun kennitölu.

11. gr.

[Áhættumat, öryggi og gæði persónuupplýsinga.

Ábyrgðaraðili skal gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi.

Beita skal ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að áhættumat og öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga séu í samræmi við lög, reglur¹⁾ og fyrirmæli Persónuverndar um hvernig tryggja skuli öryggi upplýsinga, þ.m.t. þá staðla sem hún ákveður að skuli fylgt.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að áhættumat sé endurskoðað reglulega og öryggisráðstafanir endurbættar að því marki sem þörf krefur til að uppfylla ákvæði þessarar greinar.

Ábyrgðaraðili skal skrá með hvaða hætti hann mótar öryggisstefnu, gerir áhættumat og ákveður öryggisráðstafanir. Skal Persónuvernd hafa aðgang að upplýsingum um framangreind atriði hvenær sem hún óskar.]²⁾

¹⁾Rgl. 299/2001, sbr. 551/2013. ²⁾L. 90/2001, 5. gr.

12. gr.

Innra eftirlit.

[Ábyrgðaraðili skal viðhafa innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við gildandi lög og reglur og þær öryggisráðstafanir sem ákveðnar hafa verið. Innra eftirlit skal viðhaft með reglubundnum hætti. Tíðni eftirlitsins og umfang þess skal ákveðið með hliðsjón af áhættunni sem er samfara vinnslunni, eðli þeirra gagna sem unnið er með, þeirri tækni sem notuð er til að tryggja öryggi upplýsinganna og kostnaði af framkvæmd eftirlitsins. Það skal þó eigi fara fram sjaldnar en árlega.

Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að gerð sé skýrsla um hverja aðgerð sem er liður í innra eftirliti. Í slíkri skýrslu skal lýsa niðurstöðu hvers þáttar eftirlitsins. Skýrslur um innra eftirlit skal varðveita tryggilega.

Persónuvernd hefur rétt til að aðgangs að þeim hvenær sem er.

Persónuvernd getur sett frekari fyrirmæli¹⁾ um framkvæmd innra eftirlits og veitt undanþágu frá því að slíkt innra eftirlit skuli viðhaft eða takmarkað til hvaða þátta í vinnslunni það skuli taka.]²⁾

¹⁾Rgl. 299/2001, sbr. 551/2013. ²⁾L. 90/2001, 6. gr.

13. gr.

[Trúnaðarskylda vinnsluaðila við meðferð persónuupplýsinga.

Ábyrgðaraðili er heimilt að semja við tiltekinn aðila um að annast, í heild eða að hluta, þá vinnslu persónuupplýsinga sem hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum laga þessara. Slíkt er þó háð því skilyrði að ábyrgðaraðili hafi áður sannreynt að umræddur vinnsluaðili geti framkvæmt viðeigandi öryggisráðstafanir og viðhaft innra eftirlit skv. 12. gr. laga þessara.

Samningur skv. 1. mgr. skal vera skriflegur og a.m.k. í tveimur eintökum. Þar skal m.a. koma fram að vinnsluaðila sé einungis heimilt að starfa í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila og að ákvæði laga þessara um skyldur ábyrgðaraðila gildi einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðili annast. Ábyrgðaraðili og vinnsluaðili skulu hvor varðveita sitt eintak af samningnum.

Hverjum þeim er starfar í umboði ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila, að vinnsluaðila sjálfum meðtöldum, og hefur aðgang að persónuupplýsingum, er aðeins heimilt að vinna með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila nema lög mæli fyrir á annan veg.

Hafi vinnsluaðili staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en ábyrgðaraðili, sbr. 1. mgr. 6. gr., skal jafnframt mælt svo fyrir í samningi að lög og reglur þess ríkis þar sem vinnsluaðili hefur staðfestu gildi um öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga. Getur Persónuvernd t.d. í auglýsingu¹⁾ í Stjórnartíðindum áskilið að slíkur samningur innihaldi stöðluð ákvæði sem séu í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins. Sama á við þegar ábyrgðaraðili hefur staðfestu í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en vinnsluaðili ekki fari vinnslan fram í landi eða á stöðum sem upp eru taldir í auglýsingu sem Persónuvernd gefur út.]²⁾

[Ákvæði 4. mgr. gilda einnig þegar vinnsluaðili á staðfestu í öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu en ábyrgðaraðili, sbr. 1. mgr. 6. gr., og þegar ábyrgðaraðili hefur staðfestu í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu en vinnsluaðili ekki.]³⁾

¹⁾Augl. 228/2010. ²⁾L. 90/2001, 7. gr. ³⁾L. 72/2003, 6. gr.

14. gr.

Frestur til að fullnægja skyldum.

Ábyrgðaraðili skal afgreiða erindi samkvæmt ákvæðum 16., 18., 22., 25., 26., 27. og 28. gr. svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan eins mánaðar frá móttöku þess.

Ef sérstakar ástæður valda því að ómögulegt er fyrir ábyrgðaraðila að afgreiða erindi innan eins mánaðar er honum heimilt að gera það síðar. Þegar svo hagar til skal ábyrgðaraðili innan mánaðarfrestsins gefa hlutaðeigandi skriflegar skýringar á ástæðum tafarinnar og hvenær svars sé að vænta.

15. gr.

Greiðsla kostnaðar.

Verða skal við erindi samkvæmt ákvæðum 16., 18., 22., 25., 26., 27. og 28. gr. án þess að taka fyrir það sérstakt gjald. Þó má, ef um er að ræða mikinn kostnað, svo sem vegna ljósritunar skjala, taka greiðslu fyrir samkvæmt gjaldskrá sem ákveðin er af [ráðherra]¹⁾ með reglugerð.

¹⁾L. 162/2010, 164. gr.

[15. gr. a. Heimilt er að afhenda opinberu skjalasafni upplýsingar, sem falla undir lög þessi, til varðveislu í samræmi við ákvæði laga um opinber skjalasöfn.]¹⁾

¹⁾L. 77/2014, 50. gr.

III. kafli.

Upplýsingaréttur og upplýsingaskylda. Fræðslu- og viðvörunarskylda. Réttur til rökstuðnings.

16. gr.

Réttur til almennrar vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga.

Ábyrgðaraðila er skylt að veita hverjum sem þess óskar almenna vitneskju um þá vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á hans vegum.

Þeim sem þess óskar skal enn fremur, að því er varðar tiltekna tegund vinnslu, veitt vitneskja um eftirtalin atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.;
2. hver ber daglega ábyrgð á því að fullnægt sé skyldum ábyrgðaraðila samkvæmt lögum þessum;
3. tilgang vinnslunnar;
4. skilgreiningu og aðra lýsingu á þeim tegundum persónuupplýsinga sem unnið er með;
5. hvaðan upplýsingar koma;
6. viðtakendur upplýsinga, þar á meðal um hvort ætlunin sé að flytja upplýsingar úr landi og þá til hverra.

Kröfu skv. 1. mgr. skal beint til ábyrgðaraðila, eða fulltrúa hans skv. 6. gr., og má krefjast skriflegar greinargerðar um þau atriði sem óskað er vitneskju um.

17. gr.

Opinber skrá um veittar heimildir og móttæknar tilkynningar.

Persónuvernd skal halda skrá yfir alla vinnslu sem henni er tilkynnt um í samræmi við 31. gr. og þá vinnslu sem hún heimilar skv. 33. gr. Þar skulu að lágmarki koma fram þau atriði sem talin eru í 2. mgr. 16. gr. Skráin skal vera aðgengileg almenningi með þeirri aðferð sem Persónuvernd ákveður.

18. gr.

Upplýsingaréttur hins skráða.

Hinn skráði á rétt á að fá frá ábyrgðaraðila vitneskju um:

1. hvaða upplýsingar um hann er eða hefur verið unnið með;
2. tilgang vinnslunnar;
3. hver fær, hefur fengið eða mun fá upplýsingar um hann;
4. hvaðan upplýsingarnar koma;
5. hvaða öryggisráðstafanir eru viðhafðar við vinnslu, enda skerði það ekki öryggi vinnslunnar.

Kröfu um vitneskju skv. 1. mgr. skal beina til ábyrgðaraðila eða fulltrúa hans skv. 6. gr. Veita skal vitneskju skriflega sé þess óskað.

19. gr.

Takmarkanir á upplýsingarétti hins skráða.

Réttur hins skráða til að fá vitneskju skv. 18. gr. nær ekki til upplýsinga sem einvörðungu eru notaðar til tölfræðivinnslu eða vísindarannsókna, enda geti vinnsla þeirra ekki haft bein áhrif á hagsmuni hans.

Ákvæði 18. gr. eiga ekki við ef réttur hins skráða samkvæmt því ákvæði þykir eiga að vikja að nokkru eða öllu fyrir hagsmunum annarra eða hans eigin. Skal þá m.a. tekið tillit til heilsu hins skráða og hagsmuna venslamanna hans. Þó má samkvæmt beiðni veita umboðsmanni hins skráða vitneskjuna, enda mæli engar sérstakar ástæður gegn því.

Réttur hins skráða til að fá vitneskju samkvæmt ákvæðum 18. gr. nær ekki til upplýsinga sem eru undanþegnar aðgangi samkvæmt upplýsinga- eða stjórnsýslulögum. Þegar um er að ræða gögn í vörslu annarra ábyrgðaraðila en stjórnvalda ná ákvæði 18. gr. ekki til vitneskju um efni vinnuskjala eða annarra sambærilegra gagna sem unnin eru af ábyrgðaraðila sjálfum eða aðilum á hans vegum, t.d. sérstökum ráðgjöfum eða sérfræðingum.

Þótt gögn séu undanþegin upplýsingarétti hins skráða skv. 3. mgr. getur hann óskað greinargerðar um efnislegt innihald þeirra, útdráttar eða annars konar samantektar nema hann geti kynnt sér staðreyndir málsins með öðrum hætti.

Dragi veiting vitneskju um tilteknar upplýsingar úr möguleikum á að leiða til lykta mál sem er til meðferðar má fresta veitingu upplýsinganna þar til lokið er undirbúningi málsmeðferðar. Persónuvernd getur sett skilmála um beitingu upplýsingaréttar hins skráða í reglum sem ráðherra staðfestir.

20. gr.

[Fræðsluskylda þegar persónuupplýsinga er aflað hjá binum skráða.

Þegar ábyrgðaraðili aflar persónuupplýsinga hjá hinum skráða sjálfum skal hann upplýsa hinn skráða um eftirtalin atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.,
2. tilgang vinnslunnar,
3. aðrar upplýsingar, að því marki sem þær eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna, svo sem upplýsingar um:
 - a. viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinganna,
 - b. hvort honum sé skylt eða valfrjálst að veita umbeðnar upplýsingar og hvaða afleiðingar það kunni að hafa veiti hann þær ekki,
 - c. ákvæði laganna um upplýsingarétt hins skráða, svo og rétt hins skráða til leiðréttingar og eyðingar rangra eða villandi persónuupplýsinga um hann.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki hafi hinn skráði þegar fengið vitneskju um þau atriði sem fram koma í 1.–3. tölul. 1. mgr.]¹⁾

¹⁾L. 81/2002, 2. gr.

21. gr.

[Skylda til að láta hinn skráða vita um vinnslu persónuupplýsinga þegar þeirra er aflað hjá öðrum en honum sjálfum.

Þegar ábyrgðaraðili aflar persónuupplýsinga frá öðrum en hinum skráða skal hann samtímis láta hinn skráða vita af því og greina honum frá þeim atriðum sem talin eru í 3. mgr. Sé ætlun ábyrgðaraðila hins vegar að miðla upplýsingunum innan hæfilegra tímamarka frá öflun þeirra má hann þó fresta því þar til hann miðlar upplýsingunum í fyrsta sinn.

Þrátt fyrir 2. másl. 1. mgr. skal ábyrgðaraðili sem annast miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust láta hinn skráða vita 14 dögum áður en slíkum upplýsingum er miðlað í fyrsta sinn.

Í tilkynningu til hins skráða skal veita upplýsingar um:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.,
2. tilgang vinnslunnar,
3. aðrar upplýsingar, að því marki sem þær eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna, svo sem upplýsingar um:
 - a. tegundir eða flokka þeirra upplýsinga sem unnið er með,
 - b. hvaðan upplýsingarnar koma,
 - c. viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinganna,
 - d. ákvæði laganna um upplýsingarétt hins skráða, svo og rétt hins skráða til leiðréttingar og eyðingar rangra eða villandi persónuupplýsinga um hann.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef:

1. óframkvæmanlegt er að láta hinn skráða vita eða það leggur þyngrri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast,
2. ætla má að hinum skráða sé þegar kunnugt um vinnsluna,

3. lagaheimild stendur til skráningar eða miðlunar upplýsinganna eða
 4. hagsmunir hins skráða af því að fá vitneskju um upplýsingarnar þykja eiga að víkja fyrir veigamiklum almannahagsmunum eða einkahagsmunum, þ.m.t. hagsmunum hans sjálfs.¹⁾
- ¹⁾L. 81/2002, 3. gr.

22. gr.

Rökstuðningur sértækra ákvarðana sem byggjast á sjálfvirkri upplýsingavinnslu.

Ef fyrir liggur sértæk ákvörðun sem að öllu leyti er byggð á rafrænni vinnslu persónuupplýsinga getur sá sem ákvörðunin beinist að krafist rökstuðnings fyrir niðurstöðunni. Í rökstuðningi skal ábyrgðaraðili gera grein fyrir þeim reglum sem hin rafræna vinnsla byggist á og liggja ákvörðuninni til grundvallar.

23. gr.

Viðvaranir um notkun persónusniða.

Þegar persónusnið sem skilgreinir tiltekið hátterni, smekk, hæfileika eða þarfir er lagt til grundvallar:

1. við sértæka ákvörðun skv. 9. tölul. 2. gr. eða
2. við að nálgast hinn skráða, velja úrtak, markhóp o.s.frv., getur Persónuvernd, þegar henni berst tilkynning um slíka vinnslu, ákveðið að ábyrgðaraðili geri hinum skráða viðvart og greini frá því hver sé ábyrgðaraðili vinnslunnar, hvaða upplýsingar hann noti og hvaðan þær komi.

Við ákvörðun skv. 1. mgr. skal Persónuvernd m.a. líta til þess hvort viðvörðun er að hennar mati óframkvæmanleg eða leggi þyngri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast.

24. gr.

Viðvaranir um rafræna vöktun.

Þegar rafræn vöktun fer fram á vinnustað eða á almannafæri skal með merki eða á annan áberandi hátt gera glögglega viðvart um þá vöktun og hver sé ábyrgðaraðili.

IV. kafli.

Leiðrétting, eyðing, lokun o.fl.

25. gr.

Leiðrétting og eyðing rangra og villandi persónuupplýsinga.

Ef skráðar hafa verið persónuupplýsingar sem eru rangar, villandi eða ófullkomnar, eða persónuupplýsingar hafa verið skráðar án tilskilinnar heimildar, skal ábyrgðaraðili sjá til þess að upplýsingarnar verði leiðréttar, þeim eytt eða við þær aukið ef umræddur annmarki getur haft áhrif á hagsmuni hins skráða. Hafi slíkum upplýsingum verið miðlað eða þær notaðar ber ábyrgðaraðila, eftir því sem honum er frekast unnt, að hindra að það hafi áhrif á hagsmuni hins skráða.

Ef eyðing eða breyting þeirra upplýsinga sem um ræðir í 1. mgr. er óheimil samkvæmt ákvæðum annarra laga getur Persónuvernd bannað notkun upplýsinganna.

26. gr.

Eyðing og bann við notkun persónuupplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi.

Þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita persónuupplýsingar skal ábyrgðaraðili eyða þeim. Málefnaleg ástæða til varðveislu upplýsinga getur m.a. byggst á fyrirmælum í lögum eða á því að ábyrgðaraðili vinni enn með upplýsingarnar í samræmi við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra.

Ef ákvæði annarra laga standa því ekki í vegi getur skráður aðili engu síður krafist þess að upplýsingum um hann skv. 1. mgr. sé eytt eða notkun þeirra bönnuð ef slíkt telst réttlæt看legt út frá heildstæðu hagsmunamati. Við slíkt hagsmunamat skal taka tillit til hagsmuna annarra, almennra persónuverndarhagsmuna, almannahagsmuna og þeirra aðgerða sem þörf er á til að verða við kröfunni.

Persónuvernd getur, bæði í einstökum tilvikum eða með setningu almennra reglna, bannað notkun slíkra

upplýsinga eða mælt fyrir um eyðingu þeirra.

27. gr.

Réttur til að fá ákvörðun sem byggist á handvirkri vinnslu upplýsinga.

Ef fyrir liggur sértæk ákvörðun í skilningi 9. tölul. 2. gr., sem að öllu leyti hefur byggst á sjálfvirkri vinnslu persónuupplýsinga, getur sá sem ákvörðun beinist að, eða mál varðar beinlínis með öðrum hætti, krafist þess að fá ákvörðunina handunna, enda sé um að ræða ákvörðun sem varðar persónulega hagi eða eiginleika hans og hefur verulega þýðingu fyrir hann.

Réttur skv. 1. mgr. er ekki til staðar ef beitt er viðhlítandi ráðstöfunum til að gæta persónuverndarhagsmuna viðkomandi og um er að ræða ákvörðun sem byggist á fyrirmælum laga eða tengist gerð eða efndum sammings.

28. gr.

[[Um andmælarétt hins skráða og um bannskrá [Þjóðskrár Íslands].¹⁾]]²⁾

Hinum skráða er heimilt að andmæla vinnslu upplýsinga um sjálfan sig ef hann hefur til þess lögmætar og knýjandi ástæður vegna sérstakra aðstæðna sinna nema kveðið sé á um annað í öðrum lögum. Eigi andmælin rétt á sér er ábyrgðaraðila óheimil frekari vinnsla umræddra upplýsinga.

[[Þjóðskrá Íslands]¹⁾ skal halda skrá yfir þá sem andmæla því að nöfn þeirra séu notuð í markaðssetningarstarfsemi. [Ráðherra]³⁾ setur, í samráði við Persónuvernd, nánari reglur⁴⁾ um gerð og notkun slíkrar skrár og hvaða upplýsingar skuli koma þar fram.]²⁾ Ábyrgðaraðilar sem starfa í beinni markaðssókn og þeir sem nota skrá með nöfnum, heimilisföngum, netföngum, símanúmerum og þess háttar eða miðla þeim til þriðja aðila í tengslum við slíka starfsemi skulu, áður en slík skrá er notuð í slíkum tilgangi, bera hana saman við skrá [Þjóðskrár Íslands]¹⁾ til að koma í veg fyrir að markpóstur verði sendur eða hringt verði til einstaklinga sem hafa andmælt slíku. Persónuvernd getur heimilað undanþágu frá þessari skyldu í sérstökum tilvikum.

Öll notkun bannskrár skv. 2. mgr. er óheimil í öðrum tilgangi en þar er lýst.

Skylt er að nafn ábyrgðaraðila komi fram á áberandi stað á útsendum markpósti og hvert þeir sem andmæla því að fá slíkan markpóst og marksímtöl geti snúið sér. Viðtakandi markpósts á rétt á að fá vitneskju um hvaðan þær upplýsingar koma sem liggja úthringingu eða útsendingu til grundvallar. Þetta gildir ekki um markaðssetningu ábyrgðaraðila á eigin vöru og þjónustu sem notar eigin viðskiptamannaskrár, enda beri útsent efni með sér hvaðan það kemur. [Ef markpóstur er sendur með rafrænum hætti er skylt að fram komi á ótvíræðan hátt um leið og hann er mótttekinn að um slíkan póst sé að ræða.]⁵⁾

Ábyrgðaraðila er heimilt að afhenda féлага-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrár til nota í tengslum við markaðssetningarstarfsemi. Þetta á þó aðeins við ef:

1. ekki telst vera um afhendingu viðkvæmra persónuupplýsinga að ræða,
2. hinum skráðu hefur, áður en afhending fer fram, verið gefinn kostur á að andmæla því, hverjum fyrir sitt leyti, að upplýsingar um viðkomandi birtist á hinni afhentu skrá,
3. slíkt fer ekki gegn reglum eða samþykktum viðkomandi félags,
4. ábyrgðaraðili kannar hvort einhver hinna skráðu hefur komið andmælum á framferi við [Þjóðskrár Íslands],¹⁾ sbr. 2. mgr., og eyðir upplýsingum um viðkomandi áður en hann lætur skrána af hendi.

Ákvæði 5. mgr. gildir ekki ef afhending féлага-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrár til nota við dreifingu markpósts byggist á samþykki hins skráða, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr.

Ákvæði 1.–5. mgr. gilda, eftir því sem við á, einnig um markaðs-, neyslu- og skoðanakannanir. Persónuvernd er heimilt að undanþiggja vísindarannsóknir og hliðstæðar rannsóknir slíkum takmörkunum, enda þyki ljóst að slíkt geti skert til muna áreiðanleika niðurstöðu rannsóknarinnar.]⁶⁾

¹⁾L. 77/2010, 5. gr. ²⁾L. 50/2006, 23. gr. ³⁾L. 162/2010, 164. gr. ⁴⁾Rgl. 36/2005. ⁵⁾L. 30/2002, 23. gr. ⁶⁾L. 90/2001, 8. gr.

V. kafli. Flutningur persónuupplýsinga úr landi.

29. gr.

Flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd.

Heimill er flutningur persónuupplýsinga til annars ríkis ef lög þess veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd.

Ríki sem framfylgir tilskipun Evrópusambandsins 95/46/ESB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga telst fullnægja skilyrðum 1. mgr. [Sama á við um lönd eða staði sem Persónuvernd auglýsir¹⁾ í Stjórnartíðindum að virtum ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins.]²⁾

Við mat á því hvort ríki sem ekki framfylgir tilskipun 95/46/ESB fullnægi skilyrðum 1. mgr. skal m.a. líta til reglna viðkomandi ríkis um meðferð persónuupplýsinga, reglna um góða viðskiptahætti og þeirra öryggisráðstafana sem viðhafðar eru hjá viðtakanda. Þá skal taka mið af því hvort viðkomandi ríki hafi fullgilt samning Evrópuráðsins nr. 108 frá 28. janúar 1981, um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga.

¹⁾Rgl. 1100/2008, sbr. rgl. 424/2010. Augl. 228/2010, sbr. augl. 108/2012, augl. 419/2013 og augl. 1316/2013.

²⁾L. 90/2001, 9. gr.

30. gr.

Flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd.

Óheimill er flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd nema:

1. hinn skráði hafi samþykkt flutninginn, eða
2. slíkt sé nauðsynlegt til efnda á þjóðréttarskuldbindingum eða vegna aðildar Íslands að alþjóðastofnun, eða
3. heimild standi til slíks flutnings í öðrum lögum, eða
4. afhendingin sé nauðsynleg til að gera eða efna samning milli hins skráða og ábyrgðaraðila, eða
5. flutningurinn sé nauðsynlegur til að gera eða efna samning í þágu hins skráða, eða
6. afhendingin sé nauðsynleg til að verja verulega hagsmuni hins skráða,
7. ef miðlun er nauðsynleg eða fyrirskipuð samkvæmt lögum vegna þess að brýnir almannahagsmunir krefjast þess eða til að unnt sé að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur, eða
8. um sé að ræða upplýsingar sem almennur aðgangur er að].¹

Persónuvernd getur heimilað flutning upplýsinga til ríkis er greinir í 1. mgr. telji hún sérstök rök mæla með því, jafnvel þótt skilyrðum ákvæðisins sé ekki fullnægt. Í slíku tilviki skal m.a. taka tillit til eðlis upplýsinganna, fyrirhugaðs tilgangs vinnslunnar og hve lengi hún varir. [Persónuvernd getur heimilað miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa þótt þau hafi ekki verið talin veita friðhelgi borgaranna nægilega einkalífsvernd. Slíkt er háð því að ábyrgðaraðili hafi, að mati stofnunarinnar, veitt nægilegar tryggingar fyrir slíku. Getur stofnunin t.d. áskilið að ábyrgðaraðili hafi gert við viðtökuaðila skriflegan samning sem hafi að geyma tiltekin stöðluð samningsákvæði í samræmi við ákvörðun sem Persónuvernd hefur auglýst í Stjórnartíðindum, að teknu tilliti til ákvarðana framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga þessara. Að öðru leyti getur Persónuvernd sett nánari fyrirmæli²⁾ um flutning persónuupplýsinga úr landi.]¹⁾

¹⁾L. 90/2001, 10. gr. ²⁾Rgl. 712/2008, sbr. rgl. 927/2009 og rgl. 423/2010. Rgl. 1100/2008, sbr. rgl. 424/2010.

VI. kafli. Tilkynningarskylda, leyfisskylda o.fl.

31. gr.

Tilkynningarskylda.

Sérhver ábyrgðaraðili sem beitir rafrænni tækni við vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr., skal á þar til gerðu formi tilkynna Persónuvernd um vinnsluna tímanlega áður en hún hefst. Tilkynna skal allar breytingar sem verða frá því sem greinir í upphaflegri tilkynningu. Tilkynningarskyldan á ekki við ef einungis er unnið með upplýsingar sem gerðar hafa verið og eru aðgengilegar almenningi.

Persónuvernd getur ákveðið¹⁾ að vissar tegundir vinnslu almennra upplýsinga skuli vera undanþegnar tilkynningarskyldu eða að um þær gildi einfaldari tilkynningarskylda. Persónuvernd getur jafnframt ákveðið¹⁾ að vissar tegundir vinnslu skuli vera leyfisskyldar. Um vinnslu sem undanþegin er tilkynningarskyldu getur Persónuvernd sett fyriræli, þar á meðal um þau atriði sem talin eru í 2. mgr. 35. gr. Persónuvernd getur einnig mælt fyrir um ráðstafanir til að draga úr óhagræði sem slík vinnsla persónuupplýsinga kann að hafa í för með sér fyrir hinn skráða

¹⁾Rgl. 712/2008, sbr. rgl. 927/2009 og rgl. 423/2010.

32. gr.

Efni tilkynninga.

Í tilkynningu til Persónuverndar skv. 31. gr. skal tilgreina eftirfarandi atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans, sbr. 6. gr.;
2. hver ber daglega ábyrgð á að uppfylla skyldur ábyrgðaraðila;
3. tilgang vinnslunnar;
4. skilgreiningu og aðra lýsingu á þeim tegundum upplýsinga sem notaðar verða við vinnslu;
5. hvert upplýsingarnar eru sóttar;
6. þá heimild sem stendur til söfnunar upplýsinganna;
7. hverjum upplýsingarnar verða afhentar;
8. hvort ráðgert sé að flytja persónuupplýsingarnar úr landi;
9. hvort ráðgert sé að birta upplýsingarnar á netinu;
10. hvaða öryggisráðstafanir verða viðhafðar í vinnslunni;
11. hvort og hvenær persónuupplýsingum eða persónuauðkennum verði eytt;
- [12. hvernig uppfyllt séu fyriræli 20. og 21. gr.]¹⁾

Persónuvernd getur sett nánari fyriræli²⁾ um form og efni tilkynninga og um framkvæmd tilkynningarskyldunnar að öðru leyti.

Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að Persónuvernd hafi á hverjum tíma undir höndum réttar upplýsingar um vinnsluna. Þegar liðin eru þrjú ár frá því að tilkynning var send Persónuvernd skal senda henni nýja tilkynningu með uppfærðum upplýsingum nema henni hafi áður verið tilkynnt um breytta vinnslu. Persónuvernd getur mælt fyrir um ráðstafanir til að tryggja gæði og áreiðanleika tilkynninga og ákveðið mismunandi tilkynningarfræst eftir tegund og eðli vinnslu.³⁾

¹⁾L. 81/2002, 4. gr. ²⁾Rgl. 712/2008, sbr. rgl. 927/2009 og rgl. 423/2010. ³⁾Rgl. 1100/2008, sbr. rgl. 424/2010.

33. gr.

Leyfisskyld vinnsla.

Sé um að ræða vinnslu almennra eða viðkvæmra persónuupplýsinga sem getur falið í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila getur Persónuvernd ákveðið¹⁾ að vinnslan megi ekki hefjast fyrr en hún hefur verið athuguð af stofnuninni og samþykkt með útgáfu sérstakrar heimildar. Persónuvernd getur ákveðið²⁾ að slík leyfisskylda falli brott þegar settar hafa verið almennar reglur og öryggisstaðlar sem fylgja skuli við slíka vinnslu.

¹⁾Rgl. 712/2008, sbr. rgl. 927/2009, rgl. 423/2010 og rgl. 548/2013. ²⁾Rgl. 170/2001, sbr. rgl. 157/2003 og rgl. 853/2010. Rgl. 1100/2008, sbr. rgl. 424/2010.

34. gr.

Forsendur leyfisveitingar o.fl.

Ábyrgðaraðila má aðeins veita leyfi skv. 33. gr., eða einstakar aðrar heimildir samkvæmt lögum þessum, ef líklegt er að hann geti fullnægt skyldum sínum samkvæmt lögnum eða fyrirmælum Persónuverndar. Við afgreiðslu mála er tengjast vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga skal Persónuvernd, innan þeirra marka sem greinir í II. kafla laganna, meta hvort vinnslan geti valdið hinum skráða slíku óhagræði að ekki verði úr því bætt með forsvaranlegum hætti með skilyrðum sem sett eru skv. 35. gr. Ef slíkt óhagræði getur orðið skal Persónuvernd meta hvort hagsmunir sem mæla með vinnslunni vegi þyngra en hagsmunir hins skráða.

35. gr.

Skilmálar Persónuverndar um vinnslu persónuupplýsinga.

Þegar ábyrgðaraðila er veitt leyfi skv. 33. gr. skal Persónuvernd binda það skilyrðum, svo sem um dulkóðun persónuauðkenna og öðrum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni, til að draga úr eða koma í veg fyrir hugsanlegt óhagræði hins skráða af vinnslunni. Sama gildir eftir því sem við á þegar Persónuvernd berst tilkynning um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga sem fellur undir 1. mgr. 9. gr.

Við mat á því hvaða skilyrði skal setja fyrir vinnslu skal Persónuvernd m.a. athuga:

1. hvort tryggt sé að hinn skráði geti nýtt réttindi sín samkvæmt lögnum, þar á meðal til að hætta þátttöku í verkefni, og eftir atvikum fá eytt skráðum persónuupplýsingum, til að fá fræðslu um réttindi sín og beitingu þeirra;
2. hvort persónuupplýsingar verði nægjanlega öruggar, áreiðanlegar og uppfærðar í samræmi við tilgang vinnslunnar skv. 7. gr.;
3. hvort með persónuupplýsingarnar verði farið af þeirri varúð sem reglur um þagnarskyldu og tilgangur vinnslunnar krefst;
4. hvort skipulagt hafi verið hvernig hinum skráða verði veittar upplýsingar og leiðbeiningar, innan þeirra marka sem sanngjarnt er að ætlast til miðað við umfang vinnslunnar og aðrar öryggisráðstafanir sem viðhafðar eru;
5. hvort stofnað hafi verið til öryggisráðstafana sem séu eðlilegar miðað við tilgang vinnslunnar.

Persónuvernd getur ákveðið að ábyrgðaraðili og vinnsluaðili, svo og starfsmenn á vegum þeirra, skuli undirrita yfirlýsingu um að þeir lofi að gæta þagnarskyldu um viðkvæmar persónuupplýsingar sem þeir fá vitneskju um við vinnslu þeirra. Ábyrgðaraðili eða fulltrúi hans skal votta rétta undirskrift starfsmanns og dagsetningu slíkrar yfirlýsingar og koma til Persónuverndar innan tilskilins frests. Brot á slíkri þagnarskyldu varðar refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Persónuvernd getur afgreitt erindi er lýtur að vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga með skilyrði um að sérstakur tilsjónarmaður verði skipaður til að hafa eftirlit fyrir hönd Persónuverndar með því að vinnsla sé í samræmi við lög og að ábyrgðaraðili greiði allan kostnað sem af því hlýst.

[35. gr. a. Um leyfi fyrir vísindarannsóknnum á heilbrigðisviði fer samkvæmt lögum um vísindarannsóknir á heilbrigðisviði.]¹⁾

¹⁾L. 44/2014, 36. gr. Greinin tekur gildi 1. jan. 2015 skv. 35. gr. s.l.

VII. kafli.
Eftirlit og viðurlög.

36. gr.

Skipulag Persónuverndar og stjórnysla.

Persónuvernd er sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn og heyrir stjórnarfarslega undir [ráðherra].¹⁾

Persónuvernd er sjálfstæð í störfum sínum og verður ákvörðunum hennar samkvæmt lögum þessum ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn Persónuverndar og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn. Formann

og varaformann stjórnarinnar skipar ráðherra án tilnefningar og skulu þeir vera lögfræðingar og fullnægja hæfisskilyrðum héraðsdómara. Hæstiréttur tilnefnir einn stjórnarmann og Skýrslutæknifélag Íslands annan og skal hann vera sérfróður á sviði tölvu- og tæknimála. Varamenn skulu fullnægja sömu skilyrðum og aðalmenn.

Ráðherra ákveður laun stjórnarmanna.

Þegar stjórnarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formanns.

Ráðherra skipar forstjóra Persónuverndar til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. Forstjóri situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

Forstjóri Persónuverndar annast daglega stjórn og ræður annað starfsfólk Persónuverndar.

Forstjóri ber ábyrgð á fjárreiðum og starfsmannahaldi Persónuverndar. Stjórn Persónuverndar ákveður að öðru leyti skiptingu starfa á milli stjórnar og starfsmanna hennar.²⁾

¹⁾L. 126/2011, 308. gr. ²⁾Rgl. 231/2012.

37. gr.

Verkefni Persónuverndar.

Persónuvernd annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim.

Persónuvernd úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um vinnslu persónuupplýsinga [á Íslandi, hvort sem íslensk lög eða lög annars ríkis gilda um vinnsluna].¹⁾

Persónuvernd getur fjallað um einstök mál að eigin frumkvæði eða samkvæmt erindi þess sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar um hann í samræmi við lög þessi og reglur sem settar eru samkvæmt þeim eða einstökum fyrirmælum.

Verkefni Persónuverndar eru m.a. eftirfarandi:

1. að afgreiða leyfisumsóknir, taka við tilkynningum og mæla, eftir því sem þurfa þykir, fyrir um ráðstafanir að því er varðar tækni, öryggi og skipulag vinnslunnar þannig að hún verði í samræmi við ákvæði laganna,²⁾
2. að hafa eftirlit með því að farið sé að lögum og öðrum reglum um vinnslu persónuupplýsinga og að bætt sé úr annmörkum og mistökum,
3. að fylgjast með almennri þróun á sviði persónuupplýsingaverndar á innlendum og erlendum vettvangi og hafa yfirsýn yfir og kynna helstu álitæfni sem tengjast vinnslu persónuupplýsinga,
4. að skilgreina og afmarka hvar persónuvernd er hætta búin og veita ráð um leiðir til lausnar,
5. að leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar, eða þróa kerfi fyrir slíka vinnslu, um persónuvernd, þar á meðal með því að aðstoða við gerð starfs- og siðareglna fyrir einstaka hópa og starfsstéttir,³⁾
6. að tjá sig, samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði, um álitæfni varðandi meðferð persónuupplýsinga og veita umsagnir við setningu laga og annarra reglna sem þýðingu hafa fyrir persónuvernd,
7. að birta árlega skýrslu um starfsemi sína.

Persónuvernd getur ákveðið að ábyrgðaraðili skuli greiða þann kostnað sem hlýst af eftirliti með því að hann fullnægi skilyrðum laga þessara og reglna sem settar eru samkvæmt þeim eða einstökum fyrirmælum. Persónuvernd getur einnig ákveðið að ábyrgðaraðili greiði kostnað við úttekt á starfsemi við undirbúningu útgáfu vinnsluleyfis og annarrar afgreiðslu.

[Persónuvernd setur reglur⁴⁾ um rafræna vöktun og vinnslu efnis sem verður til við vöktunina, svo sem hljóð- og myndefnis, þar á meðal um öryggi, varðveislu og notkun þess. Þá getur hún gefið fyrirmæli um rétt þess sem myndaður hefur verið til að skoða myndir sem teknar hafa verið af honum. Persónuvernd

setur jafnframt reglur og gefur fyrirmæli um eyðingu efnis sem til verður við framkvæmd rafrænnar vöktunar, ákveður varðveisluaðferð og varðveislutíma og heimilar afhendingu þess í öðrum tilvikum en þeim sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 9. gr.]⁵⁾

¹⁾L. 90/2001, 11. gr. ²⁾Rgl. 340/2003. ³⁾Augl. 1001/2001. ⁴⁾Rgl. 837/2006, sbr. rgl. 394/2008 og rgl. 475/2011.
⁵⁾L. 81/2002, 5. gr.

38. gr.

Aðgangur Persónuverndar að upplýsingum o.fl.

Persónuvernd getur krafð ábyrgðaraðila, vinnsluadila og þá sem starfa á þeirra vegum um allar þær upplýsingar og skriflegar skýringar sem henni eru nauðsynlegar til þess að rækja hlutverk sitt, þar á meðal þær upplýsingar sem hún þarf til að geta metið hvort tiltekin starfsemi eða vinnsla falli undir ákvæði laganna. Einnig getur Persónuvernd kvatt ábyrgðaraðila, vinnsluadila og þá sem starfa á þeirra vegum á sinn fund til að veita munnlegar upplýsingar og skýringar varðandi ákveðna vinnslu persónuupplýsinga.

Persónuvernd hefur í eftirlitsstörfum sínum án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram eða gögn eru varðveitt, þar á meðal stöðum þar sem varðveittar eru skrár, myndir, sbr. 4. gr., persónuupplýsingar sem lúta rafrænni vinnslu, og tæki til slíkrar vinnslu. Persónuvernd getur framkvæmt hverja þá prófun eða eftirlitsaðgerð sem hún telur nauðsynlega og krafist nauðsynlegrar aðstoðar starfsfólks á slíkum vettvangi til að framkvæma prófun eða eftirlit. Persónuvernd getur óskað liðveislu lögreglu ef einhver leitast við að hindra hana í eftirlitsstörfum sínum.

Réttur Persónuverndar til að krefjast upplýsinga eða aðgangs að starfsstöðvum og tækjabúnaði verður ekki takmarkaður með vísun til reglna um þagnarskyldu.

39. gr.

Undanþágur frá þagnarskyldu.

Ákvæði um þagnarskyldu standa því ekki í vegi að Persónuvernd veiti persónuverndarstofnunum erlendis upplýsingar þegar slíkt er nauðsynlegt til að hún eða hin erlenda persónuverndarstofnun geti ákveðið eða framkvæmt aðgerðir til að tryggja persónuvernd.

40. gr.

Stöðvun vinnslu o.fl.

Persónuvernd getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, þar á meðal söfnunar, skráningar eða miðlunar, mælt fyrir um að persónuupplýsingar verði afmáðar eða skráðar eytt, í heild eða að hluta, bannað frekari notkun upplýsinga eða lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar. Við mat á því hvort og þá hvaða úrræðum skuli beitt skal Persónuvernd m.a. taka tillit til þeirra atriða sem greinir í 2. mgr. 35. gr.

Komi í ljós að fram fer vinnsla persónuupplýsinga sem brýtur í bága við ákvæði laga þessara eða reglur settar samkvæmt þeim er Persónuvernd heimilt að fela lögreglustjóra að stöðva til bráðabirgða starfsemi viðkomandi og innsigla starfsstöð hans þegar í stað.

Sinni aðili ekki fyrirmælum Persónuverndar skv. 1. mgr. getur hún afturkallað leyfi sem hún hefur veitt samkvæmt ákvæðum laga þessara þar til úr hefur verið bætt að hennar mati.

41. gr.

Dagsektir.

Ef ekki er farið að fyrirmælum Persónuverndar skv. 10., 25., 26. eða 40. gr. getur hún ákveðið að leggja dagsektir á þann sem fyrirmælin beinast að þar til úr hefur verið bætt að mati Persónuverndar. Sektir geta numið allt að 100.000 kr. fyrir hvern dag sem líður eða byrjar að líða án þess að fyrirmælum Persónuverndar sé fylgt.

Ef ákvörðun Persónuverndar um dagsektir er skotið til dómstóla byrja dagsektir ekki að falla á fyrr en dómur er endanlegur. Dagsektir renna í ríkissjóð og má án undangengins dóms gera aðför til fullnustu þeirra

42. gr.

Refsingar.

Brot á ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sama refsing liggur við ef ekki er farið að fyrirmælum Persónuverndar.

Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

43. gr.

Bætur.

Hafi ábyrgðaraðili eða vinnsluaðili unnið með persónuupplýsingar í andstöðu við ákvæði laga þessara, reglna eða fyrirmæla Persónuverndar skal ábyrgðaraðili bæta hinum skráða það fjárhagslega tjón sem hann hefur orðið fyrir af þeim völdum. Ábyrgðaraðila verður þó ekki gert að bæta tjón sem hann sannar að hvorki verður rakið til mistaka né vanrækslu af hans hálfu eða vinnsluaðila.

VIII. kafli.

Lagatengsl, gildistaka o.fl.

44. gr.

Tengsl við ákvæði annarra laga.

Lögin gilda um vinnslu og meðferð persónuupplýsinga sem fram fer samkvæmt öðrum lögum nema þau lög tilgreini annað sérstaklega.

Lög þessi takmarka ekki þann rétt til aðgangs að gögnum sem mælt er fyrir um í upplýsingalögum og stjórnsýslulögum.

45. gr.

Reglugerðir um einstaka flokka starfsemi.

Með reglugerð má mæla fyrir um meðferð persónuupplýsinga í tiltekinni starfsemi og hjá einstökum starfsstéttum.

Í reglugerð¹⁾ skal mælt fyrir um heimild til söfnunar og skráningar upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust fyrirtækja, svo og annarra lögaðila, í því skyni að miðla til annarra upplýsingum um það efni. Heimild til slíkrar starfsemi skal bundin leyfi Persónuverndar og um hana gilda eftirfarandi ákvæði laganna: 11. gr. um öryggi og gæði upplýsinga, 12. gr. um innra eftirlit, 13. gr. um meðferð vinnsluaðila á upplýsingum, 18. gr. um upplýsingarétt hins skráða, 21. gr. um viðvörðunarskyldu þegar upplýsingum er safnað frá öðrum en hinum skráða, 25. gr. um leiðréttingu og eyðingu rangra og villandi upplýsinga, 26. gr. um eyðingu og bann við notkun upplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi, 33. gr. um leyfis skylda vinnslu, 34. gr. um forsendur leyfisveitingar, 35. gr. um skilmála, 38. gr. um aðgang Persónuverndar að upplýsingum o.fl., 40. gr. um stöðvun vinnslu o.fl., 41. gr. um dagsektir, 42. gr. um refsingar og 43. gr. um bætur.

Að fenginni umsögn Persónuverndar skal ráðherra í reglugerð²⁾ mæla nánar fyrir um eftirlit Persónuverndar með rafrænni vinnslu persónuupplýsinga hjá lögreglu. Þar skal m.a. mælt fyrir um skyldu lögreglu til að tilkynna Persónuvernd um rafrænt unnar skrár sem hún heldur og efni slíkra tilkynninga. Þá skal mælt fyrir um í hvaða tilvikum og með hvaða hætti hinn skráði á rétt til aðgangs að persónuupplýsingum sem skráðar hafa verið um hann hjá lögreglu, svo og heimild lögreglu til miðlunar upplýsinga í öðrum tilvikum. Loks skal mælt fyrir um öryggi persónuupplýsinga og innra eftirlit lögreglu með því að vinnslu persónuupplýsinga sé hagað í samræmi við lög, svo og um tímalengd á varðveislu skráðra upplýsinga.

Þá skal í reglugerð kveða nánar á um starfsemi þeirra sem nota nafnalista, vinna nafnárítanir, þar á meðal við markaðssetningarstarfsemi, og við gerð markaðs- og skoðanakannana.

¹⁾Rg. 246/2001. ²⁾Rg. 322/2001, sbr. 926/2004, 362/2008 og 1137/2008.

46. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar er lög þessi hafa verið birt skal ráðherra skipa stjórn og auglýsa embætti forstjóra Persónuverndar laust til umsóknar. Eftir að forstjóri hefur verið skipaður ræður hann eftir þörfum annað starfsfólk til að annast undirbúning að gildistöku laganna og sinna stjórnslu skv. 2. mgr.

Þrátt fyrir 1. mgr. 46. gr. skal Persónuvernd þegar er stjórn hennar hefur verið skipuð taka að sér eftirlit með því að meðferð persónuupplýsinga í Schengen-upplýsingakerfinu á Íslandi sé í samræmi við lög nr. 16/2000, um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi.

Sérhver ábyrgðaraðili sem beitir rafrænni tækni við vinnslu persónuupplýsinga við gildistöku laganna skal á þar til gerðu eyðublaði tilkynna Persónuvernd um vinnsluna í samræmi við ákvæði 31. og 32. gr. innan sex mánaða frá gildistöku þeirra.

Leyfi sem tölvunefnd hefur gefið út skulu halda gildi, enda fari þau ekki í bága við lög þessi.

6.2. Breyting á reglum um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga.

Þann 23. desember 2014 var reglum nr. 712/2008 breytt, með reglum nr. 1174/2014, á þann veg að 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. og 3. mgr. 4. gr. falla brott. Eftir þá breytingu eru reglurnar, um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga, svohljóðandi:

I.
KAFLI
Almenn ákvæði.
1.gr.
Gildissvið.

Reglur þessar gilda um leyfisskyldu vegna vinnslu persónuupplýsinga, um tilkynningarskyldu vegna rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga og um undanþágur frá þeirri skyldu.

Reglur þessar taka ekki til vinnslu persónuupplýsinga sem varða almannaoöryggi, landvarnir, öryggi ríkisins og starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000. Um tilkynningarskyldu lögreglu fer samkvæmt reglugerð nr. 322/2001 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu.

Reglurnar gilda ekki um meðferð einstaklings á persónuupplýsingum sem eingöngu varða einkahagi hans eða eru einvörðungu ætlaðar til persónulegra nota, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000.

Reglurnar gilda ekki um vinnslu persónuupplýsinga sem fer einvörðungu fram í þágu fréttamennsku.

2.gr.
Skilgreiningar.

Í reglum þessum er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Persónuupplýsingar*, sbr. 1. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000: Sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lífandi.

2. *Viðkvæmar persónuupplýsingar*, sbr. 8. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000:

a. Upplýsingar um uppruna, litahátt, kynþátt, stjórnsmálaskoðanir, svo og trúar- eða aðrar lífsskoðanir.

- b. Upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað.
 - c. Upplýsingar um heilsuhagi, þar á meðal um erfðaeiginleika, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun.
 - d. Upplýsingar um kynlíf manna og kynhegðan.
 - e. Upplýsingar um stéttarfélagasáðild.
3. *Almennar persónuupplýsingar*: Persónuupplýsingar sem ekki teljast viðkvæmar í skilningi 2. tl.
 4. *Dulkóðun*: Umbreyting orða eða talna í leynilegan kóða sem dylur merkingu þeirra.
 5. *Miðlæg skrá*: Skrá með upplýsingum um alla einstaklinga hér á landi sem uppfylla ákveðin viðmið, óháð búsetu.
 6. *Rafræn vöktun*: Vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með fólki með fjarstýrðum eða sjálfvirkum rafrænum búnaði og leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga.
 7. *Upplýst samþykki*: Sérstök, ótvíræð yfirlýsing sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv.
 8. *Vinnsla*: Sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn. Til vinnslu teljast m.a. söfnun, skráning, kerfisbinding, geymsla, aðlögun eða breyting, heimt, leit, notkun, miðlun með framsendingu, dreifing eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltækar, samantenging eða samkeyrsla, aðgangstakmörkun, afmáun eða eyðilegging.
 9. *Ábyrgðaraðili*, sbr. 4. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000: Aðili sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna.
 10. *Vinnsluaðili*, sbr. 5. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000: Aðili sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila.

3.gr.

Ábyrgð ábyrgðaraðila.

Sé vinnsla persónuupplýsinga háð leyfi frá Persónuvernd, skv. ákvæðum laga eða reglna þessara, ber ábyrgðaraðili vinnslu ábyrgð á því að sækja um slíkt leyfi og haga vinnslunni ávallt í samræmi við útgefið leyfi. Sé vinnsla tilkynningarskyld, skv. ákvæðum laga eða reglna þessara, ber ábyrgðaraðili vinnslu ábyrgð á því að Persónuvernd berist tilkynning um hana og að vinnslu sé ávallt hagað í samræmi við innsenda tilkynningu.

Eftirlit Persónuverndar haggar í engu ábyrgð ábyrgðaraðila á vinnslu persónuupplýsinga. Þótt Persónuvernd geri ekki athugasemdir við innsenda tilkynningu hefur það ekki þýðingu fyrir mat á lögmæti vinnslunnar.

II. KAFLI

Leyfisskyld vinnsla persónuupplýsinga.

4.gr.

Leyfisskyld vinnsla persónuupplýsinga.

Eftirfarandi vinnsla persónuupplýsinga er háð skriflegri heimild Persónuverndar:

1. Samkeyrsla skráar sem hefur að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar við aðra skrá, hvort sem sú hefur að geyma almennar eða viðkvæmar persónuupplýsingar. Slík samkeyrsla er þó ekki leyfisskyld:
 - a. ef einvörðungu er samkeyrt við upplýsingar úr þjóðskrá um nafn, kennitölu, fyrirtækjanúmer, heimilisfang, aðsetur og póstnúmer, eða
 - b. ef samkeyrðar eru skrár sama ábyrgðaraðila, þó að undanskildum miðlægum skráum sem innihalda viðkvæmar persónuupplýsingar.

2. Vinnsla persónuupplýsinga sem tengist framkvæmd vísindarannsóknar þar sem unnið er með erfðæfni manns nema aðeins sé unnið með hluta af erfðæfni þannig að það verði ekki rakið til tiltekins manns.

3. Vinnsla upplýsinga um refsiverðan verknad manns og sakaferil, upplýsingar um lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun, kynlíf og kynhegðan, nema vinnslan sé nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila.

4. Söfnun persónuupplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga í þeim tilgangi að miðla þeim til annarra.

5. Vinnsla upplýsinga um félagsleg vandamál manna eða önnur einkalífsatriði, s.s. hjónaskilnaði, samvistarlit, ættleiðingar og fóstursamninga, nema vinnslan sé nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila.

6. Vinnsla persónuupplýsinga sem felur í sér að nafn manns er fært á skrá eftir fyrirfram ákveðnum viðmiðum og upplýsingunum miðlað til þriðja aðila í því skyni að neita manninum um tiltekna fyrirgreiðslu eða þjónustu.

[...]⁵⁾

[7. Miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga, sem varðveittar eru hjá stjórnvöldum, í þágu rannsókna. Hið sama á við ef miðlun felur í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila. Persónuvernd getur ákveðið að leyfisskylda stjórnvalds falli brott þegar settar hafa verið almennar reglur og öryggisstaðlar sem fylgja skal við slíka miðlun.]⁴⁾

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er vinnsla persónuupplýsinga ekki háð heimild Persónuverndar byggi hún á upplýstu samþykki eða fyrirmælum laga. [Þá þarf ekki leyfi til vinnslu persónuupplýsinga um látna menn í tengslum við framkvæmd vísindarannsókna þar sem unnið er með erfðæfni þeirra (DNA), enda sé:

- Ekki um að ræða upplýsingar sem falla undir 2. tölul. 2. gr. reglna þessara.
- Vinnslu hagað í samræmi við reglur nr. 1100/2008.
- Ljóst að hinn skráði hafi hvergi með sannanlegum hætti andmælt vinnslu persónuupplýsinga um sig í þágu vísindarannsókna.]¹⁾

[...]⁵⁾

¹⁾ Reglur nr. 423/2010, 1. gr.

²⁾ Reglur nr. 927/2009, 1. gr.

³⁾ Reglur nr. 423/2010, 2. gr.

⁴⁾ Reglur nr. 548/2013, 1. gr.

⁵⁾ Reglur nr. 1174/2014, 1. gr.

III. KAFLI

Tilkynningarskyld vinnsla persónuupplýsinga.

5.gr.

Tilkynningarskyld vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga.

Rafræn vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er tilkynningarskyld nema hún sé leyfisskyld samkvæmt ákvæði 4. gr. Þó er stjórnmalaflokkum, trúfélögum, stéttarfélögum og öðrum sambærilegum aðilum sem starfa ekki í hagnaðarskyni ekki skylt að tilkynna vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga um félagsmenn sína, enda teljist vinnslan eðlilegur þáttur í lögmætri starfsemi þessara aðila.

6.gr.

Tilkynningarskyld vinnsla almennra persónuupplýsinga.

Rafræn vinnsla almennra persónuupplýsinga er tilkynningarskyld. Vinnsla er þó ekki tilkynningarskyld ef hún:

1. Er háð leyfi Persónuverndar samkvæmt ákvæði 4. gr.

2. Er nauðsynlegur, eðlilegur og venjubundinn þáttur í starfsemi viðkomandi aðila og taki einungis til þeirra er tengjast starfi hans eða verksviði, svo sem viðskiptamanna, starfsmanna eða félagsmanna.

3. Er ábyrgðaraðila nauðsynleg til efnda á lagaskyldum.

4. Er ábyrgðaraðila nauðsynleg til efnda á skyldum hans samkvæmt samningi við hinn skráða eða samkvæmt samningi aðila vinnumarkaðarins.

5. Lýtur að upplýsingum sem gerðar hafa verið og eru almenningi aðgengilegar, enda sé ekki um að ræða vinnslu sem felst í því að tengja upplýsingar saman og nota almennt aðgengilegar upplýsingar með öðrum persónuupplýsingum sem ekki hafa verið gerðar aðgengilegar.

Skylt er að tilkynna vinnslu persónuupplýsinga um hegðun og mat á árangri einstaklinga, s.s. frammistöðumat starfsmanna, vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram í þeim tilgangi að fella einstaklinga inn í persónusnið eða kerfisbundna hljóðritun símtala.

7.gr.

Vinnsla sem fram fer með rafrænni vöktun.

Ábyrgðaraðila að vinnslu sem fram fer með rafrænni vöktun ber að senda Persónuvernd tilkynningu um hana. Það á þó ekki við sé vöktunin nauðsynleg, fari einungis fram í öryggis- og eignavörsluskyni, þeir sem eru vaktaðir, s.s. nemendur eða starfsmenn, hafi fengið fræðslu um vöktunina í samræmi við 20. gr. laga nr. 77/2000 og aðrir hafi fengið viðvaranir í samræmi við 24. gr. sömu laga. Að öðru leyti fer um úrvinnslu efnis, s.s. hljóð- eða myndefnis, sem til verður við rafræna vöktun samkvæmt 4., 5. og 6. gr. reglna þessara.

[Ekki er skylt að senda Persónuvernd tilkynningu um sjálfvirka og óhjákvæmilega vöktun sem fram fer á netþjónum á vinnustöðum og í skólum.]⁴⁾

4) Reglur nr. 927/2009, 2. gr.

8.gr.

Hvenær má hefja vinnslu.

Ábyrgðaraðili skal senda Persónuvernd tilkynningu um vinnslu tímanlega áður en hún hefst. Honum er heimilt að hefja vinnslu um leið og tilkynning hefur verið send en skal stöðva hana berist honum tilmæli frá Persónuvernd þar að lútandi.

Heimilt er að hefja leyfisskylda vinnslu þegar skriflegt leyfi Persónuverndar er komið til ábyrgðaraðila.

9.gr.

Form og efni tilkynninga.

Tilkynningu til Persónuverndar skal koma á framfæri á þar til gerðu eyðublaði sem er að finna á heimasíðu Persónuverndar, eða á prentuðu eyðublaði sem liggur frammi á skrifstofu Persónuverndar.

Í samræmi við 32. gr. laga nr. 77/2000 skal í tilkynningu tilgreina eftirfarandi atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og, eftir atvikum, fulltrúa hans sem hefur staðfestu hér á landi skv. 5. mgr. 6. gr. laga nr. 77/2000;

2. hver ber daglega ábyrgð á að uppfylla skyldur ábyrgðaraðila;

3. tilgang vinnslunnar;

4. skilgreiningu og aðra lýsingu á þeim tegundum upplýsinga sem notaðar verða við vinnslu;

5. hvert upplýsingarnar eru sóttar;

6. þá heimild sem stendur til söfnunar upplýsinganna;

7. hverjum upplýsingarnar verða afhentar;

8. hvort ráðgert sé að flytja persónuupplýsingarnar úr landi;

9. hvort ráðgert sé að birta upplýsingarnar á netinu;

10. hvaða öryggisráðstafanir verða viðhafðar í vinnslunni;
11. hvort og hvenær persónuupplýsingum eða persónuauðkennum verði eytt;
12. hvernig uppfyllt séu fyrirmæli 20. og 21. gr. laga nr. 77/2000 um fræðsluskyldu.

Þar skal og koma fram hvort um sé að ræða nýja tilkynningu eða tilkynningu um breytingu á vinnslu. Sé um að ræða tilkynningu um breytingu skal tilgreina númer eldri tilkynningar. Í tilkynningu skal og tilgreina kennitölu tilkynnanda. Verði vinnsla falin vinnsluaðila, í heild eða að hluta til, skal og tilgreina kennitölu hans og skyldur hans samkvæmt samningi hans og ábyrgðaraðila.

10. gr.

Breytingar á tilkynntri vinnslu.

Verði breytingar á tilkynntri vinnslu, s.s. ef unnið er með aðra tegund upplýsinga, upplýsingarnar afhentar öðrum eða gerðar tiltækar á annan hátt en tilgreint var í hinni upphaflegu tilkynningu, eða þær notaðar á annan hátt, t.d. með samtengingu, eða í öðrum tilgangi en þeim upphaflega, skal senda Persónuvernd nýja tilkynningu þannig að stofnunin hafi á hverjum tíma réttar upplýsingar um vinnsluna.

IV. KAFLI

Um flutning persónuupplýsinga úr landi.

11. gr.

Leyfisskyldur flutningur persónuupplýsinga úr landi.

Flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem telst veita fullnægjandi vernd samkvæmt lögum nr. 77/2000, er ekki tilkynningarskyldur.

Flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem ekki telst veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd er háður skriflegri heimild Persónuverndar, enda hafi ábyrgðaraðili veitt nægilegar tryggingar fyrir vernd upplýsinganna. Þetta gildir ekki ef undanþáguákvæði í lögum nr. 77/2000 heimila slíkan flutning. Að öðru leyti fer um flutninginn eftir V. kafla þeirra laga.

V. KAFLI

Önnur ákvæði.

12. gr.

Eftirlit.

Persónuvernd fer með eftirlit með framkvæmd reglna þessara. Um heimildir Persónuverndar fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

13. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 30. gr., 3. mgr. 31. gr., 2. mgr. 32. gr. og 33. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, öðlast þegar gildi.

Persónuvernd, 19. apríl 2010.

**Breytt með reglum nr. 927/2009.*

**Breytt með reglum nr. 423/2010.*

**Breytt með reglum nr. 548/2013.*

**Breytt með reglum nr. 1174/2014.*

6.3. Breyting á reglum um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem til verða við rafræna vöktun.

Þann 17. september 2014 var gerð breyting á reglum nr. 837/2006, með reglum 869/2014, og eftir þá breytingu eru reglurnar svohljóðandi:

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Markmið reglna þessara er að stuðla að því að jafnvægi ríki milli einkalífsréttar annars vegar og hins vegar hagsmuna ábyrgðaraðila af því að tryggja öryggi og hafa edlilegt eftirlit með starfsmönnum og öðrum sem sæta rafrænni vöktun, m.a. með því hvernig sá hug- og vélbúnaður sem hann leggur til sé nýttur í þágu viðkomandi starfsemi.

[Reglur þessar gilda um rafræna vöktun á vinnustöðum, í skólum og á öðrum svæðum þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði. Reglurnar gilda óháð því hvers konar tæknibúnaður er notaður, s.s. hvort notaðir eru netþjónar, búnaður til að fylgjast með símanotkun, eftirlitsmyndavélar, vefmyndavélar, ökuritar, rafrænn staðsetningarbúnaður o.s.frv. Þær gilda þó ekki um búnað til að fylgjast með mætingum, s.s. stimpilkortavélar.]¹⁾

¹⁾ Reglur nr. 394/2008, 1. gr.

2. gr.

Merking hugtaka.

Merking hugtaka í reglum þessum er sem hér segir:

1. *Rafræn vöktun:* Vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum sem fram fer með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði. Hugtakið tekur til:

vöktunar sem felur í sér vinnslu persónuupplýsinga, eða leiðir, á að leiða eða getur leitt til slíkrar vinnslu, og

vöktunar sem hvorki felur í sér söfnun myndefnis né annarra persónuupplýsinga.

2. *Ábyrgðaraðili:* Sá aðili sem ákveður tilgang rafrænnar vöktunar, þann búnað sem notaður er, aðferð við vöktunina og ráðstöfun upplýsinga sem til verða.

3. *Einkatölvupóstur:* Tölvupóstur sem sendur er eða móttækinn með vél- eða hugbúnaði ábyrgðaraðila, s.s. vinnuveitanda, og lýtur að einkalífi viðkomandi, en varðar hvorki hagsmuni ábyrgðaraðila né þá starfsemi sem hann rekur. Til viðmiðunar um það hvort um slíkan póst er að ræða má m.a. líta til þess hvort hann sé:

auðkenndur sem einkamál í efnislínu eða er að öðru leyti þannig að augljóst sé að um einkatölvupóst er að ræða

vistaður í sérstakri möppu á vinnusvæði í tölvupóstkerfi sem er auðkennd sem einkamál eða ef af öðru má ráða að hún hafi þannig efni að geyma.

4. *Netnotkun:* Notkun einstaklings á hug- og vélbúnaði sem ábyrgðaraðili lætur honum í té, t.d. til að vafra um netið, til að taka við og senda tölvupóst eða til snarspjalls (msn).

5. *Athvarðaskráning:* Aðgerð til að tryggja rekjanleika upplýsinga og vinnsluaðgerða í tölvukerfum (þ.e. með log-skrám).

6. *Símvöktun:* Viðvarandi eða reglubundin söfnun upplýsinga um símanotkun einstaklings, s.s. með skráningu upplýsinga um valin númer eða hljóðritun símtala.

[7. *Ökuriti:* Rafrænn búnaður í farartæki sem vinnur eða gerir unnt að vinna persónuupplýsingar um ökumenn, þ. á m. um ferðir þeirra og/eða aksturslag.]¹⁾

8. *Rafrænn staðsetningarbúnaður:* Rafrænn búnaður sem vinnur eða gerir unnt að vinna persónuupplýsingar um staðsetningu og ferðir einstaklinga, s.s. örmerkjabúnaður (RFID).

¹⁾ Reglur nr. 394/2008, 2. gr.

3. gr.

Vöktun með leynd.

Vöktun með leynd er óheimil nema hún styðjist við lagaheimild eða úrskurð dómara.

4. gr.

Tilgangur.

Rafræn vöktun verður að fara fram í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi, s.s. í þágu öryggis eða eignavörslu.

5. gr.

Meðalhöf.

Við alla rafræna vöktun skal þess gætt að ganga ekki lengra en brýna nauðsyn ber til miðað við þann tilgang sem að er stefnt. Skal gæta þess að virða einkalífshættu þeirra sem sæta vöktun og forðast alla óþarfa íhlutun í einkalíf þeirra. Við ákvörðun um hvort viðhafa skuli rafræna vöktun skal því ávallt gengið úr skugga um hvort markmiðinu með slíkri vöktun sé unnt að ná með öðrum og vægari raunhæfum úrræðum.

6. gr.

Sérákvæði um vöktun með vinnuskilum.

Vöktun til að mæla vinnu og afköst starfsmanna er háð því að hennar sé sérstök þörf s.s. vegna þess:

að ekki sé unnt að koma við verkstjórn með öðrum hætti; eða

að án vöktunarinnar sé ekki unnt að tryggja öryggi á viðkomandi svæði, s.s. í ljósi laga og sjónarmiða um hollustuhætti og mengunarvarnir; eða

að hún sé nauðsynleg vegna ákvæða kjarasamnings eða annars konar samkomulags um launakjör, s.s. þegar laun eru byggð á afkastatengdu, tímamældu launakerfi.

7. gr.

Varðveisla, miðlun, eyðing og önnur meðferð persónuupplýsinga.

Óheimilt er að varðveita persónuupplýsingar sem til verða við rafæna vöktun nema það sé nauðsynlegt í ljósi tilgangs vöktunarinnar.

Persónuupplýsingum sem safnast við rafræna vöktun skal eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita þær. Málefnaleg ástæða til varðveislu upplýsinga getur m.a. byggst á fyrirmælum í lögum eða því að ábyrgðaraðili vinni enn með þær í samræmi við upphaflegan tilgang með öflun þeirra. Upplýsingar sem verða til við rafræna vöktun má þó ekki varðveita lengur en í 90 daga nema lög heimili. Þetta á ekki við um persónuupplýsingar sem verða til við atburðaskráningu eða eru geymdar á öryggisafritum. Sama á við um upplýsingar [sem nauðsynlegar eru til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja]¹⁾.

Persónuupplýsingar sem til verða við rafræna vöktun má aðeins nota í þágu tilgangs með söfnun þeirra og aðeins að því marki sem þess gerist þörf í þágu tilgangsins. Þær má ekki vinna með eða afhenda öðrum nema með samþykki hins skráða eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar. Þó er heimilt að afhenda lögreglu upplýsingar um slys eða meintan refsiverðan verknað.

¹⁾ Reglur nr. 869/2014, 1. gr.

8. gr.

[Sérákvæði um vöktun með ferðum manna.

Notkun ökurita eða rafræns staðsetningarbúnaðar í þeim tilgangi að fylgjast með ferðum einstaklinga er háð því skilyrði að hennar sé sérstök þörf til að ná lögmætum og málefnalegum tilgangi.¹⁾

¹⁾ Reglur nr. 394/2008, 3. gr.

9. gr.

Sérákvæði um tölvupóst og netnotkun.

Óheimilt er að skoða einkatölvupóst nema brýna nauðsyn beri til s.s. vegna tölvuveiru eða sambærilegs tæknilegs atviks. [Tilvikabundin skoðun vinnuveitanda á tölvupósti starfsmanns er óheimil nema uppfyllt séu ákvæði 7., 8., og eftir atvikum, 9. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, s.s. ef grunur er uppi um brot starfsmanns gegn trúnaðar- eða vinnuskyldum.]¹⁾

Heimilt er að skoða upplýsingar um netvafur, tengingar og gagnamagn starfsmanns eða nemanda liggi fyrir rökstuddur grunur um að hann hafi brotið gegn gildandi lögum og reglum eða fyrirmælum vinnuveitanda eða skólayfirvalda. Sé tilefni skoðunar grunur um refsiverðan verknað skal óska atbeina lögreglu.

Þegar tölvupósts- eða netnotkun er skoðuð skal þess gætt að gera starfsmanni eða nemanda fyrst grein fyrir því og veita honum færi á að vera viðstaddur slíka skoðun. Þetta á þó ekki við sé þess enginn kostur s.s. vegna alvarlegra veikinda starfsmanns. Geti starfsmaður ekki verið viðstaddur skoðunina sjálfur skal veita honum færi á að tilnefna annan mann í sinn stað.

Við starfslok skal starfsmanni gefinn kostur á að eyða eða taka afrit af þeim tölvupósti sem ekki tengist starfsemi vinnuveitandans. Tölvupósti nemenda skal eytt við námslok en áður skal veita hæfilegan frest til töku afrita. [Við starfslok skal starfsmanni leiðbeint um að virkja sjálfvirka svörun úr sínu pósthólfi um að hann hafi látið af störfum. Eigi síðar en að tveimur vikum liðnum skal loka pósthólfinu. Vinnuveitanda er óheimilt að senda áfram á annan starfsmann þann póst sem berst í pósthólf fyrrverandi starfsmanns eftir starfslok, nema um annað hafi verið samið.]²⁾ Óheimilt er að skoða upplýsingar um netnotkun starfsmanns eða nemanda eftir starfs- eða námslok, nema að uppfylltum sömu skilyrðum og greinir í 1.-3. mgr. eða annað leiði af lögum.

¹⁾ Reglur nr. 475/2011, 1. mgr. 1. gr., ²⁾ Reglur nr. 475/2011, 2. mgr. 1. gr.

10. gr.

Fræðslu- og upplýsingaskylda.

Ábyrgðaraðili að rafrænni vöktun skal setja reglur og/eða veita fræðslu til þeirra sem henni sæta, sbr. þó að ekki er átt við tilkynningu í samræmi við 48. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti. Áður en slíkum reglum er beitt skal kynna þær með sannanlegum hætti, s.s. við gerð ráðningarsamnings.

Reglur eða fræðsla samkvæmt 1. mgr. skulu taka til tilgangs vöktunarinnar, hverjir hafi eða kunni að fá aðgang að upplýsingum sem safnast og hversu lengi þær verði varðveittar. Ef kjarasamningur eða samkomulag, sem telja verður bindandi milli aðila, felur í sér ríkari rétt en leiðir af slíkum reglum þá vika þær síðarnefndu.

Að öðru leyti en greinir í 2. mgr. skal, eftir því sem við á, tilgreina eftirfarandi:

Hvaða búnaður er notaður, t.d. stafrænar myndavélar, ökusíritar eða hljóðupptökutæki.

Rétt til að andmæla vöktuninni og hverjar geti verið afleiðingar þess.

Rétt viðkomandi til að fá að vita hvaða upplýsingar verða til um hann og um rétt hans til að fá upplýsingar leiðréttar eða þeim eytt.

Að hvaða marki netnotkun sé heimil, s.s. hvort bannað sé að sækja á netið ólöglegt og/eða kynlífstengt efni og/eða senda slíkt með tölvupósti.

Hvernig farið sé með einkatölvupóst og annan tölvupóst.

Hvort símvöktun fari fram og hvort takmarkanir, og þá hvaða, séu á heimild til einkanota á tilgreindum símtækjum.

Afleiðingar þess ef brotið er gegn fyrirmælum, s.s. um notkun síma eða internets.

Önnur atriði, að því marki sem þörf krefur með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni, svo að starfsmenn geti gætt hagsmuna sinna.

Ákvæði 1.-3. mgr. gilda ekki ef ótvírætt má ætla að sá sem vöktuninni sætir hafi þegar vitneskju um þau atriði sem þar eru talin.

11. gr.

Tilkynningarskylda.

Ábyrgðaraðila að rafrænni vöktun ber að senda Persónuvernd tilkynningu um hana í samræmi við gildandi reglur um tilkynningar skylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga. Þar skulu koma fram upplýsingar um tilhögun vöktunarinnar, þá fræðslu sem veitt hefur verið um hana og að öðru leyti þau atriði sem tilgreind eru í 32. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

12. gr.

Réttur til að skoða gögn sem til verða við rafræna vöktun.

Sá sem sætt hefur rafrænni vöktun á rétt á að skoða gögn, s.s. fá að hlusta á hljóðupptökur, sem til verða um hann við vöktunina, í samræmi við 18. gr. laga nr. 77/2000, enda standi ákvæði 2. mgr. 19. gr. laganna því ekki í vegi. Beiðni um slíkt má hvort heldur sem er setja fram munnlega eða skriflega.

Ábyrgðaraðili, eða eftir atvikum vinnsluadili, skal svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan eins mánaðar frá móttöku erindis verða við beiðni samkvæmt 1. mgr. Komi upp ágreiningur má vísa honum til úrlausnar Persónuverndar. Getur Persónuvernd þá lagt fyrir ábyrgðaraðila að varðveita gögn þar til niðurstaða hennar liggur fyrir.

13. gr.

Stöðvun rafrænnar vöktunar.

Persónuvernd getur mælt fyrir um stöðvun rafrænnar vöktunar sem brýtur í bága við ákvæði reglna þessara og um eyðingu þess efnis sem til hefur orðið.

14. gr.

Heimild.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 5. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 5. gr. laga nr. 81/2002, taka þegar gildi.

Samhliða gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 888/2004 um rafræna vöktun.

Persónuvernd, 19. mars 2008

*Breytt með reglum nr. 394/2008.

* Breytt með reglum nr. 475/2011.

* Breytt með reglum nr. 869/2014.